

Lagafrumvörp felld.

1. Kartöflukjallari og markaðsskáli.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um kartöflukjallara og markaðsskála (þmfrv., A. 56).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til l. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta mál hefir fyrr komið fram hér í þinginu. Á þinginu 1929 bárum við sömu flm. fram þáttill., þar sem skorað var á ríkisstj. að rannsaka möguleikana til þess að koma upp markaðsskála og kartöflukjallara í Reykjavík. Stj. brást vel við og fól Búnaðarfélagi Ísl. að athuga málið. Búnaðarfélagið kaus svo nefnd í málið, og var ég einn meðal þeirra, sem áttu sæti í henni. Var svo tekið að undirbúa málið, en sökum annríkis og sérstakra ástæðna var ekki hægt að ganga frá undirbúningi þess og dróst það þangað til á síðasta þingi, að við flm. tókum við, þar sem Búnaðarfélagið hafði hætt, og sömdum frv. um þetta, en það náði þá ekki fram að ganga. Það er mikil nauðsyn, að Íslendingar rækti og framleiði sem mest af sínum nauðsynjum sjálfir. Það er að vísu fjöldi matjurta, sem við getum ekki ræktað hér vegna veðráttunnar, og verðum því að kaupa þær frá útlöndum. En það hefir þó sýnt sig, að kartöflur er hægt að rækta hér að staðaldri, og geta menn átt vísa samilega uppskeru, hvernig sem árar. Það ætti ekki að vera neinum erfiðleikum bundið fyrir hvern bónda viðast hvar á landinu að rækta til sinna

eigin þarfa af kartöflum. Eftir skýrslum er það ljóst, að ennþá skortir $\frac{1}{3}$ hluta af þessari vörutegund til þess að Íslendingar framleiði nóg til eigin þarfa, $\frac{2}{3}$ hlutar eru ræktaðir í landinu. Árin 1927—28 hafa verið fluttar inn matjurtir fyrir 400—500 þús. kr. Það munar ekki lítið um það fyrir oss Íslendinga að þurfa að láta þetta fé renna út úr landinu, þar sem við hefðum hæglega getað framleitt mikið af þessari vöru sjálfir.

Það, sem aðallega stendur í vegi fyrir ræktun þessara vara, er líklega hvað mest sölufyrirkomulagið. Bændur eru í hreinustu vandræðum með að koma vörunni í verð. Á haustin, þegar mest berst að af allskonar garðávöxtum, fyllast undir eins hin litlu geymsluhús, sem til eru, og menn verða alveg í vandræðum með að losna við vörur sínar. Væri það afar nauðsynlegt, ef hægt væri að koma upp góðu geymsluhúsi hér í Reykjavík, og það er enginn vafi á því, að ef slíkt yrði gert, myndi það ýta mjög undir menn með framleiðsluna, og það ekki sízt þegar hægt væri að koma með vörurnar í markaðshöllina til sölu. Við flm. þessa frv. höfum annað frv., sem mun koma fram síðar og gerir það mögulegt að koma með vörurnar á haustin og geyma þær að vetrinum í geymsluhúsi þessu, þannig að þeir geti fengið peninga út á þær þegar á haustin, er þeim er komið í geymslu. Ég vil benda á það, ef dragast skyldi, að þessi kartöflukjallari yrði byggður, að kjallarinn undir þjóðleikhúsinu er lítið notaður, og hann myndi vafalaust vera ágætur til þess að geyma í honum kartöflurnar. Í sambandi við hinn fyrirhugaða kartöflukjallara vil ég láta byggja

söluskála, eins og víða eru erlendis. Koma bændurnir þangað með vörur sínar og selja á opinberum markaði. Þetta hefir ekki tíðkapt hér að ráði, og aðalástæðan til þess er veðráttufarið. En eins og þetta fyrirkomulag hefir gefið vel erlendis og haft mikla þýðingu bæði fyrir kaupendur og seljendur, svo má og telja víst, að það muni eiga erindi hingað til lands. En þá er nauðsynlegt, að þeir, sem selja vilja framleiðsluvörur sínar með þessum hætti, geti haft þak yfir höfuðið þegar illa viðrar. Lítilsháttar tilraunir hafa þegar verið gerðar um slíka sölu og gefið allvel, auk þess sem Akurnesingar hafa lengi selt kartöflur sínar á hafnarbakkanum. Þessi söluaðferð hefir þann kost, að seljendur hafa losnað við vöru sína með litlum tilkostnaði og kaupendur fengið ódýrari vöru en ella. Ef til væri markaðsskáli, myndi fljótlega komast fast skipulag á slíka sölu.

Við flm. ætlum því með þessu frv. að slá tvær flugur í einu höggi: tryggja geymslu á innlendum vörum og greiða fyrir viðskiptum milli sjávar og sveita.

Legg ég til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 159).

Frsm. (Pétur Ottesen): Það er hvortveggja, að í grg. þessa frv. eru teknar fram ástæðurnar fyrir því, að það er borið fram, og að hv. þm. Mýr. reifaði málið svo við 1. umr., að ekki er þörf um að bæta.

Aðalástæðan fyrir því, að frv. er borið fram, er sú, að með þessu er gerð tilraun til þess að tryggja það, að þeim markaði, sem til er í landinu fyrir rótarávexti, og þ. á m. kartöflur, verði sem bezt fullnægt með innlendra framleiðslu. Það, sem hingað til hefir staðið í vegi fyrir því, að þetta mætti verða, er það, að hér hefir enginn hentugur staður verið til þess að geyma þessar vörur. Afleiðingin af þessu hefir orðið sú, að það hafa verið fluttar

inn kartöflur frá útlöndum fyrir fleiri hundruð þús. kr. árlega.

Ef hér væri til staður, þar sem hægt væri að geyma þessar afurðir á öruggan hátt, og sem gerði það, að hægt væri að flytja þær hingað á þeim tíma, þegar það er hægst, þ. e. á haustin rétt eftir uppskeruna, þá væri hægt að nota þennan markað miklu betur en nú er. Og þá væru fengin skilyrði til þess að stiga það spor að fullnægja þörfinni með innlendum kartöflum. — Það er raunar víðar á landinu, sem nokkuð svipað stendur á eins og hér, án þess að í frv. séu gerðar ráðstafanir því viðvikjandi. En það er ekki að efa, að ef hér verður byrjað, þá verður haldið áfram á þessari braut, og afleiðingin yrði sú, að við gætum sparað þær 400—500 þús. kr., sem árlega fara til útlanda fyrir þessar vörur. Málið hefir því mikla fjárhagslega þýðingu.

Það þarf ekki að fara að rekja hér það fyrirkomulag, sem við flm. höfum hugsað okkur og n. hefir orðið okkur flm. sammála um, því það hefir áður verið gert. En ég vil þó benda á, að meiningin er, að rikissjóður leggi fram það fé, sem nauðsynlegt er til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Jóh. Kristjánsson húsa-meistari hefir gert áætlun um, hvað kosta myndi kjallari, sem tæki 10 þús. tunnur af kartöflum, og markaðsskáli, sem byggður væri ofan á kjallarann. Jóhann gerir ráð fyrir, að slík bygging kosti um 50 þús. kr. En þar sem það hefir þótt við brenna hér á landi, að áætlanir verkfræðinga þættu ekki sem ábyggilegastar, en n. þótti rétt að fara ekki fram úr þessari fjárhæð, þá leggur hún til, að þessi hlið málsins verði gaumgæfilega rannsökuð áður en til framkvæmda komi og ekki ráðizt í stærri byggingu en það, að kostnaðurinn við hana færi ekki fram úr 50 þús. kr.

Þá má segja, að þótt hér sé gert ráð fyrir að koma upp öruggri geymslu, þá var okkur samt ljóst, að það er nauðsynlegt, til þess að tryggja þetta fyrirtæki, að koma í veg fyrir alla áhættu. Þá væri nauðsynlegt, að skilyrði væru fyrir hendi til þess að vátryggja þær kartöflur, sem þarna á að geyma. Við höfum því fengið mann, sem kunnugur er allskonar tryggingarstarfsemi, til þess að

gera uppkast að frv. um það. Koma till. hans væntanlega innan skamms.

Um markaðsskálann er það að segja, að það er algengt erlendis, að framleiðendur eigi þess kost að selja sjálfir afurðir sínar á hentugum stað í borgum og bæjum beint til neytendanna. Þetta þykir hvarvetna hagkvæmt fyrirkomulag. Með þessu vinnst tvennt. Framleiðendur fá það verð, sem eðlilegt er á hverjum tíma fyrir afurðirnar, og neytendurnir fá vöruna með raunverulegu framleiðsluverði án álagningar milliliða. Slíkt fyrirkomulag á hér engu síður við en erlendis. Með því móti mundu framleiðendur, ekki einungis þeir, sem húa hér á næstu grösum, heldur og þeir, sem fjarlægari eru, koma með og senda afurðir sínar til sölu á markaði. Sú litla tilraun, sem hér hefir gerð verið með þannig lagaða sölu, hefir gefið ágætlega og sýnt til fullnustu, að þetta er hagkvæmt bæði fyrir seljanda og neytanda.

Þó að gert sé ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til að koma þessu í framkvæmd, þá er það meining okkar flm. og n., að þegar þetta er komið í framkvæmd, verði fyrirtækið selt framleiðendunum eða félagsskap þeirra á þann hátt, að ríkissjóður fái greitt það fé, sem lagt hefir verið fram til þessa fyrirtækis.

Okkur þótti ástæða til þess að tryggja það, að menn utan þess félagsskapar gætu einnig átt aðgang að markaðsskálannum. Höfum við því sett inn í 5. gr. frv. ákvæði um það, að þeir, sem utan félagskaparins standa, en nota vilja markaðsskálann, þurfi ekki að sæta afarkostum um leigu fyrir not sín af honum. Ég held, að það sé nokkurn veginn vel frá þessu gengið, en vitanlega tókum við öllum þeim bendingum, sem til bóta mættu horfa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni. Breyt., sem n. leggur til, eru til þess að tryggja það, að ekki þurfi að verja meiri fjárhæð til þessa fyrirtækis en þar er tiltekið, og að kjallarin verði byggður á lóð, sem ríkissjóður á og hagkvæm sé til þessara hluta.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi haft aðstöðu til þess að fylgjast með

þessu máli sem einn í stj. Búnaðarfélag. Ísl. Og það er enginn vafi á því, að hér er um að ræða merkilegt mál, þar sem það hnígur að því að bæta aðstöðu framleiðenda og að draga úr innflutningi.

Ég vil leyfa mér að gera nokkrar aths., af því að ég geri ráð fyrir, að málið gangi fram. Ég held, að það verði erfitt að lifa eftir reglum þeim, sem settar eru í frv. Þar eru nefnilega sett tvö hámark. Húsið má ekki kosta meira en 50 þús. kr., og það er gott og blessað. En svo er hér annað hámark. Kjallarin á að vera svo stór, að hann rúmi 10 þús. tn. En okkur er nú öllum kunnugt um það, að áætlanir húsameistaranna standast ekki æfinlega að því er kostnaðinn snertir. Ef báðar þessar takmarkanir eiga að halda sér, þá getur þarna orðið árekstur, sem erfitt gæti orðið að eiga við. Ég býst við, að það gæti komið til athugunar, hvort það ætti að vera alveg fastákveðið eins og stendur í 1. gr. frv., að húsið rúmi 10 þús. tn.

Stj. hefir mikið vald til að ráðstafa þessari byggingu á eftir. En það væri gott að fá sem nánasta grg. frá n. um það, hvernig hún ætlast til, að þetta verði gert, hvort húsið eigi að renta sig, eða hvort það eigi fyrst og fremst að verða til stuðnings fyrir framleiðendur.

Loks vil ég benda á eitt, sem aðallega kom mér til að standa upp. Ég vildi skjóta því til hv. frsm. og flm., hvort ekki mætti gera ráð fyrir þeim möguleika, að fá heimild til að leigja hús í bili með einhverjum útbúnaði í sambandi við það. Ég álit, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að slæmt væri, ef það strandaði á því, að of einstrengislega væri frá því gengið. Það er ekkert því til fyrirstöðu að leigja kjallara til þess að koma þessu af stað.

Frsm. (Pétur Ottesen): Í tilefni af ræðu hæstv. forsrh. vil ég segja nokkur orð út af því, sem hann sagði um það, að það gæti rekizt á, annarsvegar það, að gert er ráð fyrir, að kjallarin rúmi 10 þús. tn. af kartöflum, en hinsvegar það, að kostnaður fari ekki fram úr 50 þús. kr. Við nánari athugun um kostnaðinn gæti svo farið, að skakkaði einhverju. En það varð að samkomulagi og

við flm. gengum inn á að einskorða upphæðina við 50 þús. kr. En ef nánari athugun leiddi í ljós, að þetta gæti ekki staðizt, þannig að ekki væri hægt að byggja svo stóran kjallara fyrir þessa upphæð, þá yrði kjallarinn að vera minni en gert var ráð fyrir. Ég held, að það þyrfti ekki að verða árekstur út af þessu.

Um það atriði, hvort eigi að reka fyrirtækið þannig, að það renti sig og svari afborgunum á löngum tíma, þá er meiningin vitanlega sú, að þessu fyrirtæki sé komið á fót og rekið ríkissjóði að skaðlausu. En greiðslunni verður jafnað niður á langan tíma. (Forsrh.: 30—40 ár?). Það fyndist mér vera vel viðeigandi í þessu tilfelli. Um það, hvort ekki sé nægilegt í bili, að úr þessu verði bætt með því að leigja kjallara, þá er við því að segja, að það er náttúrliga aðalatriðið, að þetta komist í framkvæmd sem allra fyrst, en ef þannig er ástatt fyrir ríkissjóði, að ekki er hægt að leggja þetta fé fram, þá fyndist mér, að komið gæti til mála að leigja kjallara eða einhvern annan öruggan geymslustað, og þá helzt að í sambandi við hann væri aðstaða til að selja á opnum markaði. En þess yrði vel að gæta, að leigja ekki annan kjallara en þann, sem öruggt væri um, að kartöflurnar væru vel geymdar í. Það gæti orðið til mikils hnekkis og skaða, ef þær væru geymdar þar, sem frost og aðrar skemmdir næðu þeim. Það gæti orðið til að hefta framkvæmdir á þessu um ófyrirsjáanlegan tíma.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í ræðu hæstv. forsrh., sem ég þarf að svara. Að öðru leyti vil ég þakka honum fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Ég vænti þess, að þær kringumstæður verði fyrir hendi, ef frv. verður samþ., að hægt verði að hrinda þessu máli í framkvæmd, því það er enginn vafi á því, að þetta getur orðið til mikilla hagsmuna fyrir landið í heild.

ATKVGR.

Brtt. 159,a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 159,b samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frsv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 187, 199).

Forseti (JörB): Þá er 1. mál tekið út af dagskrá.

Frsm. (Pétur Ottesen): Mér þykir það undarleg aðferð hjá hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá án þess að tala um það við n. einu orði. Og þar sem málinu þarf að hraða, vil ég eindregið óska þess, að það verði tekið fyrir.

Forseti (JörB): Það var eftir ósk hæstv. forsrh., að ég tók málið út af dagskrá.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er rétt hjá hæstv. forseta, að ég óskaði eftir, að þetta mál væri tekið út af dagskrá, af því að mér var kunnugt um, að það var ágreiningur um till. á þskj. 199, frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég hafði heyrt, að stj. væri eitthvað óánægð með orðalagið á 2. brtt. á þskj. 199, og við flm. hennar höfðum komið okkur saman um að taka þessa till. aftur. (MG: Það er bezt að taka till. aftur, svo hægt sé að taka málið til umr.). Ég ætla að gera það, svo framarlega sem ég fæ að ræða málið. (Forsrh.: Það er allt annað mál. Mér er þá sama, þó málið sé tekið á dagskrá, fyrst till. er tekin aftur).

Forseti (JörB): Þá er málið tekið fyrir.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það kom hér fram við 2. umr. þessa máls, að það gæti orðið árekstur út af því, að það er ákveðið í frv., hvað kartöflukjallarinn skuli vera stór, en hinsvegar jafnframt ákveðið, að kostnaðurinn megi ekki fara fram úr 50 þús. kr. Því var sem sé slegið föstu í n., að ekki skyldi varið stærri fjárhæð en þetta til þessara framkvæmda. Þess vegna flytjum við brtt. um, að kjallarinn rúmi „allt að“ því, sem tiltekið er í frv., og ætla ég, að þá sé girt fyrir árekstur í þessu efni.

Þá lýsi ég yfir því, að ég tek aftur 2. brtt. á þskj. 199.

ATKVGR.

Brtt. 199,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 199,2—3 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 6. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 208).

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 350).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Það hefir auðsjáanlega vakað fyrir flm. þessa frv., að hugsa þurfi fyrir meiri ræktun jarðepla og annars garðmatar hér á landi en nú er, og eins hitt, að góð geymsla yfir veturinn gæti ýtt undir slíka ræktun.

Landbn., sem hafði málið til meðferðar, féllst á þá hugsun, að jarðepli ætti að rækta meira á landi hér en gert er og að rækta beri eins mikið af slíkum ávöxtum og landsmenn hefðu þörf fyrir. N. var líka sammála flm. um það, að góð geymsla myndi greiða fyrir ræktun og sölu hér í höfuðstaðnum. Hinsvegar leit n. svo á, að ekki væri ástæða til þess að búast við því, að taka þyrfti til þeirrar heimildar um fjárframlög, sem frv. fer fram á. Taldi n. vist, að hægt myndi að útvega húsnæði í þessu skyni á annan hátt en að byggja, en gerir hinsvegar ráð fyrir, að þessi bygging muni fljótlega koma og þessi viðskipti lenda í höndum samvinnufél. eða samlaga, sem sæju um þetta sjálf og legðu fram fé til þessara þarfa. N. þótti þó rétt að halda þessari

heimild fyrir stj. til að verja 50 þús. kr. til þessarar byggingar, ef svo færi, að á henni skyldi þurfa að halda.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um einstök atriði frv. Það hefir gengið í gegnum Nd. við góðar undirtektir, og n. er sammála Nd. um afgreiðslu málsins að öðru leyti en því, að hún býst varla við, að til þessara fjárframlaga þurfi að taka. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Baldvinsson: Það er langt síðan því var fyrst hreyft, að nauðsynlegt væri að auka ræktun jarðepla og annara mannefdisjurta hér á landi, og að bezta ráðið til þess mundi að greiða fyrir sölu þessara afurða á þeim stöðum, þar sem þær eru mest notaðar, og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík. Væri því nauðsynlegt, að eitthvað yrði gert í þá átt að gera framleiðendum þessarar vöru hægara fyrir um söluna eftir uppskerutímann, og að jafnframt yrði þeim séð fyrir geymslu á afurðunum á þeim stöðum, sem auðvelt er að selja þær á. Hér er farið fram á að byggja í þessu skyni, og má vel vera, að það sé nauðsynlegt, en ég vildi þó leyfa mér að benda hv. d. á það — til stj. þýðir ekki að tala, því að hún er engin til, og enginn veit, hvenær hún kemur —, að hér er í bænum bygging, sem sennilega væri hægt að nota í þessu skyni, og á ég þar við leikhúskjallarann. Verður hann ekki fyrst um sinn notaður til annars þarfara en að geyma í honum jarðepli, ef hann þá er hæfur til þess, sem ég tel líklegt, og losaðist stj. með þessu móti við að byggja þetta hús og verja til þess 50 þús. kr. Leikhúsbýggingunni virðist miða hægt áfram og er víst, að hún verður ekki tilbúin á næstu árum, en meðan svo stendur, virðist þessi staður tilvalinn í þessu skyni. — Ég vildi og hinsvegar leyfa mér að benda framsóknarmönnum á það, að hér er farið fram á að byggja hús í Reykjavík undir afurðir sveitanna, í stað þess sem hin síðari ár hefir fjárstrauminn verið einbeitt í sveitirnar, svo að maður er hálfhissa á því, að ekki skuli vera um það talað að byggja slíkt afurðahús t. d. í Vestur-Húnavatnssýslu eða Vestur-Skaftafellsýslu. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé

á móti slíkri byggingu í sjálfu sér, en ég vildi benda á, að þetta er ekki í samræmi við aðrar samþykktir um fjárveitingar hér á þinginu. —

Ég hefi þessi orð ekki fleiri. Fyrir mér vakti það aðeins að beina því til n., hvort henni sýndist ekki ráð að bæta inn í frv. heimild fyrir stj. til að taka á leigu leikhúskjallarann í þessu skyni, eða þá einhverja aðra opinbera byggingu, sem kynni að mega nota.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, JónP, MT, PH, PM, BSn, HSteins.

nei: JónasJ, EÁrna, GL, IP, GÓ.

JakM greiddi ekki atkv.

2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísar til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 208, 397).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 397. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Ég hefi komið fram með brtt. eins og ég talaði um við 2. umr., og er hún í samræmi við það, sem fram kom hjá n. Í brtt. er falin heimild fyrir stj. til þess að taka húsnæði á leigu og að fresta því að byggja hús fyrir kartöflur og grænmeti þangað til 1934. Það sýnist sem sé, að þjóðleikhússkjallarinn sé hæfilegur fyrir kartöflugeymslu. Það er ekki líklegt, að þessi bygging verði reist á næstu árum og tekin til þeirra afnota, sem ætlað er, og það er jafnvel óvist, að nokkur tíma verði fullbyggt þjóðleikhús á þessum stað. Og þó svo tækist til, að ríkisstj. kæmist ekki að samkomulagi við nefndina, sem hefir yfirstjórn þjóðleikhússins, þá er henni enn heimilt samkv. brtt. að taka annað hús á leigu í því skyni, sem um getur í frv. Mér þykir ekki þurfa að koma fram með frekari ástæður fyrir brtt. Þess má hinsvegar geta, að samkv. frv. er ríkisstj. heimilt að verja 50 þús. kr. til að reisa þessa byggingu, og eftir hljóðinu í hv.

þm. að dæma, er full þörf á að fresta þeim framkvæmdum, sem ekki eru allveg bráðnauðsynlegar. Og nú er það sýnt, að það er hægt að ná tilganginum, sem felst í þessu frv., án þess að byggja hús í bráðina. — Ég ætla svo ekki að ræða frekar um þetta, nema ef þörf gerist.

Jakob Möller: Það er undarleg hegðun hjá hv. 2. landsk. að hamla á móti því, að stofnað sé til atvinnubóta í Rvík með því að byggja hús undir kartöflur og grænmeti. Ég skil ekki, hvernig á því getur staðið, að hann skuli vera að amast við því, að þetta verk verði framkvæmt, þar sem hann hefir verið að hera fram fjárfrekar till. um að veita atvinnu bæði hér og annarsstaðar.

Mér finnst vera fullkomið ósamræmi í till. hv. þm. Um þá till. að nota þjóðleikhússkjallarann fyrir kartöflugeymslu er eiginlega ekkert að segja. Ef það er gert til þess að litilsvirða bygginguna, þá er það varla umtalsvert. Það er meiri barnskapur en svo, að hægt sé að segja nokkuð um það. En hinsvegar getur vel verið um það að ræða, að ríkisstj. fái kjallarann til afnota. En það þarf auðvitað enga lagasetningu um það.

Fr. um kartöflukjallara er aðeins heimild til ríkisstj. um að byggja hús til þessara afnota. En ef hún kys ekki að byggja, þá getur hún eins tekið þá leið, að útvega hús með öðru móti. Og það gæti auðvitað vel komið til mála að nota kjallarann, ef hann er álitinn hæfur til svo virðulegs verks. En eins og hann er núna er ekki hægt að nota hann, og verður því að ganga betur frá honum, ef á að nota hann.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Það er svo ástatt, að hv. frsm. landbn. er ekki viðstaddur, svo ég held, að ég verði að segja nokkur orð um þetta mál. Ég álit brtt. hv. 2. landsk. sízt til bóta. Eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, er hér aðeins um heimild að ræða. Hv. frsm. landbn. hefir látið þess getið, að hann liti svo á, að ríkisstj. sé heimilt að leigja hús í þessu skyni, ef hún á þann hátt getur náð tilgangi þeim, sem í frv. felst.

En mér finnst ekki vert að draga úr

því, að framleiðslan blómgist og viðskiptin verði sem greiðust. En það er einmitt markmið frv. að greiða fyrir viðskiptunum. Það er ekki laust við, að það sé þjóðarsmán að verja miklu fé til þess að kaupa vöru, sem við getum ræktað sjálfir, eins og segja má um grænmeti. Mér liggur við að segja, að það sé sleifarlag hjá mönnum hér í Rvík að hafa ekki komið sér upp samvinnufélagsskap til þess að annast sölu á þessum vörum. En þar sem það hefir átt erfitt uppdráttar, þá er ekki nema réttmætt, að ríkið hlaupi undir bagga til þess að koma þessu upp, en svo efast ég ekki um, að innan skamms rísi hér upp samvinnufélagsskapur. Við þurfum á þessum tímum að notast sem mest við innlenda framleiðslu. Ég mæli því á móti þessari brtt., en vona, að ríkisstj. nái tilgangi frv., því að þá er töluvert gott verk unnið.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. lýsti því réttilega í ræðu sinni, að það er um litilfjörlegar atvinnubætur að ræða í frv., þó ráðizt væri í að byggja hús, og af þeirri ástæðu ekkert keppikefli að samþ. frv. Í öðru lagi er hér aðeins um heimild að ræða, svo það getur dregizt að það komi að notum, eftir því að dæma, hvernig stj. lýsir fjárhag ríkissjóðs og hve erfitt sé með fé. Það er því ekki að búast við því, að þetta verði miklar atvinnubætur. En það er gott að hafa viðtækari heimild í frv., svo hægt sé að þreifa sig áfram með það, hvernig bezt er að haga þessari geymslu. Það væri ágætt að taka þjóðleikhússkjallarann til þessara afnota, þar sem hagar nú líka svo vel til, að markaðsskálinn, sem í frv. er talað um, gæti verið ofan á kjallaranum. Ég get ekki skilið, að það sé verið að litilsvirða leikhússbygginguna, þó kartöflur væru geymdar í kjallaranum. Og ég skil ekki, að listamennirnir séu svo finir, að þeir geti ekki verið í húsi, sem kartöflur hafa verið geymdar í. Og ég trúi því tæplega, að þeir neiti að taka við peningum fyrir aðgöngumiða, sem karlarnir á Akranesi hafa fengið fyrir kartöflur sínar. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. tekur þetta svo óstinnt upp, þar sem ekki er um óvirðulegri matvæli að ræða en kartöflur.

Ég heyri sagt, að það vaki fyrir ýms-um að geyma þarna Spánarvín, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. þyki það ekki virðulegra að geyma þar „dogbrand“ og annað slíkt.

Hv. 3. landsk. kom fram með mótmæli gegn brtt., sem ég álit, að séu á mis- skilningi byggð. Ég er ekki að draga úr því, að framleiðslan blómgist. (JónJ: Það er nú samt gert). Nei, það er rangt hjá hv. þm. Í frv. er aðeins heimild til þess að byggja, og ef stj. hefir ekki fé, þá gerir hún ekkert. En í minni till. er heimild fyrir stj. til þess að leigja hús. (JónJ: En ef það fæst ekki með samilegum kjörum?). Þá getur fleira komið til greina, þó mér hafi ekki dottið í hug nema þjóðleikhússkjallarinn. — Ég tel þetta til bóta fyrir frv. og tel líklegt, að það verði að gagni þeim mönnum, sem að framleiðslunni vinna.

Jakob Möller: Það, sem hv. 2. landsk. var að beina til mín, var á misskilningi byggt. Ég var ekki að halda því fram, að það væri óvirðulegt, þó kjallarinn væri leigður undir kartöflur. Ég var að gera mér það upp, að ástæðan hjá hv. 2. landsk. til að bera fram till. væri sú, að óvirða kjallarann. Mér fannst till. kjána- leg, og ég varð því að leita að kjánalegri ástæðu fyrir henni, og fann hana. Till. er þannig, að það liggur beinast við að finna upp einhverja kjánalega ástæðu fyrir henni.

En ríkisstj. þarf ekki að vera að leigja hús í þessu skyni. Því gætu ekki þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, sjálfir leigt hús, ef ríkisstj. vill ekki ráðast í þessa framkvæmd? Tilgangur frv. er sá, að ríkisstj. láti byggja hús í þessu skyni. Auðvitað verða kartöflueigendur að leigja húsið, þó ríkið byggi.

Hv. þm. er að amast við því, að þetta verk verði framkvæmt, og þó á hér ekki að byggja nema fyrir 50 þús. kr. En hv. þm. hefir verið að bera fram till., sem fóru fram á þetta 200—300 þús. kr. fram- lag úr ríkissjóði. Þetta, sem hér er um að ræða, er $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{6}$ af því. En það geti allt- af orðið dálitil bót að þessari framkvæmd fyrir atvinnulausa menn í bænum. Mér finnst, að þetta sé þveröfugt við aðra framkomu þessa hv. þm. í atvinnuleysis-

Kartöflukjallari og markaðsskáli. — Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

málunum. Um það, að hafa markaðsskála ofan á leikhúskjallaranum, er það að segja, að það getur ekki orðið fyrst um sinn, eða ekki á meðan er verið að byggja hæðina.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. fann, að hann var að verða dálítið spaugilegur, þar sem hann varð svo móðgaður fyrir hönd þjóðleikhússins, að hann taldi það litilsvirðingu við bygginguna, ef geymdar væru kartöflur í kjallaranum, og fór því að gera mér upp ástæðu til þess að koma fram með brtt.

Þá sagði hv. þm., að þó að það fælist engin heimild í frv. fyrir stj. til þess að leigja húsnæði í þessu skyni, þá gætu eigendurnir sjálfir leigt. Mér finnst leiða af því, að þeir gætu þá líka sjálfir byggt. Þetta frv. ætti þá að vera alveg óþarft og hin frjálsa samkeppni að taka þetta allt í sínar hendur. En nú er verið að reyna að „organisera“ söluna, vegna þess hvað seljendurnir eru dreifðir, og því er ríkisstj. falið að koma upp byggingu í þessu skyni, og til þess að flýta fyrir því, að þetta komist í framkvæmd, vil ég gefa ríkisstj. viðtækari heimild en felst í frv.

ATKVGR.

Brtt. 397 felld með 6 : 5 atkv.

Fr. felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, JakM, JónJ, JónP, MT.

nei: EÁrna, GL, HSteins, IP, JBald, JónasJ, GÓ.

Einn þm. (PH) fjarstaddur.

2. Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 3. fundi í Ed., 17. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um forkaupsrétt kaupstaða og kaupsúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Ed., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. hefir verið samþ. 5 eða 6 sinnum hér í Ed. Ég get því vísað til þeirra umr., sem fram hafa farið um málið undanfarin 5 eða 6 þing. Ég legg því til, að ekki verði hafðar langar umr. um það, en því vísað til allshn. til að athuga, hvort ekki hafi slæðzt inn í það prentvillur, og vona ég, að það verði samþ. hér í deildinni, svo að það verði eitt af því fáa, sem nær fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PH, BSn, EÁrna, HSteins, IP, JakM, JBald, JónJ, GÓ.
nei: PM, GL, JónP.

Fr. vísað til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 15, n. 192).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er enginn nýr gestur hér í hv. d. Það hefir þó nokkrum sinnum áður legið fyrir þinginu og verið samþ. áður hér í hv. d. Nú er það borið fram óbreytt eins og það var á síðasta þingi, og hefir allshn. fengið það til meðferðar, en hefir ekki getað orðið samnála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. leggur til, að það verði felld. Ég sé ekki ástæðu til þess að færa nein rök fyrir máli mínu í þetta sinn, þar sem málið er flestum hv. dm. svo kunnugt. Ég vil aðeins leggja til, fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Pétur Magnússon: Eins og nál. á þskj. 192 ber með sér, hefir allshn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþ. frv. eins og það liggur fyrir, en ég legg til, að frv. verði felld, eins og ég gerði á síðasta þingi. Ég gerði þá nokkra grein fyrir því, hvernig á því stendur, að ég get ekki léð frv. fylgi mitt. Ég get ekki verið að endurtaka hér öll þau rök, er ég færði þá móti frv., en skal

þó með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég er andvígur því, að frv. þetta verði samþ.

Í fyrsta lagi er ég frv. mótfallinn vegna þess, að ég tel það óþarft. Í 63. gr. stjskr. eru ákvæði, sem heimila hinu opinbera að taka eignarnámi þær eignir, sem það þarf á að halda. Þessi ákvæði hafa alltaf verið skilin frjálsglega. Ég veit ekki til þess, að hinu opinbera hafi nokkurn tíma verið neitað um að beita þessum ákvæðum, þótt ekki hafi virzt sterk rök fyrir nauðsyn þess, að eignarnám væri framkvæmt. Af þessum ástæðum er frv. því óþarft, en ekki er rétt að setja lög nema því aðeins, að þörf reki til.

Önnur ástæða, sem mér finnst að mæli móti frv., er sú, að forkaupsréttarákvæði hafa reynzt illa í islenskri löggjöf. Lögin um forkaupsrétt leiguliða hafa t. d. verið misnotuð í rikum mæli. Reglan hefir áreiðanlega verið sú, að jarðirnar hafa verið boðnar hærra verði en þær raunverulega hafa átt að seljast. Sama máli gegnir um forkaupsrétt bæjarfél. á erfðafestulöndum. Það er því mjög vafasamt, að bæjarfélögin myndu hagnast á þessu frv.

Þá vil ég benda á það, að með frv. þessu er ekki náð þeim tilgangi, sem vakað hefir fyrir fylgismönnum frv., nefnli. að tryggja sveitar- og bæjarfélögum eignarhald á þeim eignum, sem þau þurfa á að halda. Frv. gerir þetta ekki kleift nema því aðeins, að sala fari fram á eignunum. Það er vitanlegt, að margar eignir eru ekki seldar svo áratugum skiptir, og eru ákvæði frv. því gagnslaus gagnvart þeim.

Þá benti ég einnig á það á síðasta þingi, að ekki væri óhugsanlegt, að ákvæði frv. yrðu misnotuð, þannig, að bæjar- eða sveitarstjórnir gætu beitt þeim til þess að útiloka menn, af pólitískum eða persónulegum ástæðum, frá því að stunda atvinnu sína, einkum í kaupstöðum.

Ennfremur gæti stafað af þessu óreiða á ýmsan hátt. Eignir gætu þá gengið kaupum og sölum án þess að kaupandi vissi nokkuð um kvaðir þær, sem á þeim hvíldu, fyrr en kaupin væru gerð. Það þyrfti a. m. k. að vera ákvæði í frv., sem gerði að skyldu að þinglýsa kvaðir þær, sem á eignunum hvíla, svo að kaupandi

vissi jafnan, að hverju hann gengi, er hann gerði kaup sín. Hitt gæti valdið miklum óþægindum og truflunum, ef kvaðirnar kæmu fyrst í ljós eftir að kaupin væru komin í kring.

Ég álit, að þetta séu höfuðrökin, er mæli á móti því, að þessi löggjöf sé heppileg. Hv. þdm. verða svo að meta, hvort þeir kostir, sem kunna að vera við frv., vega upp á móti göllum þess, sem ég nú hefi bent á og sem ég tel ótvíræða.

Jón Baldvinsson: Mér finnst ekki nema eðlilegt, að þeim hv. dm., sem setið hafa ár eftir ár undir umr. um þetta mál, sé nú farið að leiðast að hlusta á umr. um það.

Það, sem hv. minni hl. allshn. bar nú fram á móti frv., var það sama og hann færði fram gegn því á síðasta þingi. Í fyrsta lagi sagði hv. þm., að í 63. gr. stjskr. væru ákvæði, er gerðu þetta frv. óþarft. En þar ber að aðgæta, að eignarnám verða ekki tekin, nema því aðeins, að Alþingi heimili það með sérstökum lögum, og getur það auðvitað ekki orðið á öðrum tíma en þingtímanum, og eru þetta því mjög þröng ákvæði. Það er vitanlegt, að oft getur staðið svo á, að kaupin þurfi að fara fram á öðrum tíma. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir koma saman a. m. k. tvisvar í mánuði, og nefndir þeirra oftast, og hafa þess vegna miklu betri aðstöðu til þess að fylgjast með í þessum efnum.

Ég vil benda á eina sterka stoð, er hnígur undir þessa skoðun, nefnilega þá, að stóreign á Akureyri var seld án vitundar bæjarstjórnarinnar, sem hafði viljað tryggja bænum þessa eign, en ekki vissi, þegar eignin var til sölu. Frv. myndi tryggja það, að slíkt þyrfti ekki að koma fyrir í framtíðinni. Ennfremur myndu ákvæði frv. gera það að verkum, að minna yrði spekulerað með lóðir og aðrar eignir heldur en nú er gert.

Þá gæti þessi löggjöf einnig orðið til þess að draga mjög mikið úr dýrtíðinni í Reykjavík. Ætti bærinn allar þær lóðir, sem hann er byggður á, þá myndi það ekki lengur koma fyrir, að ferm. væri seldur á 500 kr., eins og átt hefir sér stað hér í bænum.

Þá talaði hv. 4. landsk. um, að lögin

Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

myndu verða misnotuð. Það er svo farið um flestöll lög, að hægt er að misnota þau. Er ég hræddur um, að sú stétt, sem hv. 4. landsk. heyrir til, bæri lítið úr býtum, ef engir gerðust brotlegir við lögin. Alþingi skirrist yfirleitt ekki við að setja nýjar reglur og nýja löggjöf, þótt það viti, að lögin kunni að vera misnotuð, því að við því er auðvitað ekkert hægt að gera. Þetta er því ekki gild ástæða móti frv.

Ég vil svo að endingu þakka hv. meiri hl. n. fyrir góða afgreiðslu þessa máls.

Pétur Magnússon: Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði um sölu á eign Höepfnerverslunar á Akureyri, verð ég að segja það, að það er ákaflega ótrúlegt, að hv. þm. sé svo ókunnugur því máli, að hann haldi, að Akureyrarbær hefði fengið þá eign fyrir það verð, sem hún var seld fyrir. Og ég trúi ekki, að hv. þm. haldi það. Hann er þá lítið kunnugur þessu máli. (JBald: Hefði verðið orðið herra, ef hún hefði verið boðin bænum?). Já, miklu herra. Og þannig mun þetta alltaf verða. Menn vilja græða á því, ef sá, sem forkaupsrétt hefir, gengur inn í kaup. Það hefir oft reynzt ómögulegt að fá menn ofan af því, að bjóða ekki þeim, sem forkaupsrétt hafa, eignir fyrir herra verð en þeir geta annars fengið fyrir þær, jafnvel þó þeim sé bent á, að þetta geti orðið alvarlegt fyrir þá, ef það komist upp.

Þá vil ég benda hv. þm. á það, að það er mikill misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að það séu engin mótmæli gegn lagasetningu, að hætta sé á misnotkun hennar. Það eru einmitt ákaflega sterk mótmæli, ef hætta á misnotkun er þannig, að ekki er hægt að koma í veg fyrir hana af ríkisvaldinu.

Og hér er einmitt ákaflega sterk hvöt eða freisting fyrir menn til misnotkunar, og það er ekki mögulegt að koma í veg fyrir hana. Því þó einhver bjóði forkaupsréttarhafa eign við herra verði en hann getur selt hana öðrum, þá er ekki hægt að sanna það. Sá, sem býður, sér um að láta ekki hinn hafa nein sönnunargögn í hendur. Þetta er því principielt alveg rangt hjá hv. þm., að setja lög, sem maður sér fram á, að verða misnotuð, svo framarlega sem ríkisvaldið sér sér

ekki fært að koma í veg fyrir þá misnotkun.

Jón Baldvinsson: Það eru vitanlega engin lög til, sem ekki eru brotin, og það eru engin lög sett til þess, að þau verði misnotuð. En hitt hræðir hvorki mig né aðra frá því að samþ. þetta frv., þó möguleikar séu til að brjóta lögin. Það er yfirleitt svo með öll lög. Og þetta veit þessi hv. þm. öllum mönnum betur í þessari hv. d., því væri það ekki gert, þá yrði sennilega rýr atvinna hjá hans stétt, sem, eins og vitanlegt er, byggist á því, að lög séu brotin.

Viðvíkjandi sölu á Akureyrareignunum, þá held ég, að það sé fullyrðing út í loftið, að Akureyrarbær hefði alls ekki getað fengið þær fyrir sama verð og þær hefðu verið seldar fyrir á sama tíma. Þeir, sem fást við kaup og sölu, eru þó vanir að segja, að krónurnar séu jafngóðar, hvaðan sem þær koma, og býst ég við, að það hefði ekki síður gilt í þessu tilfelli en öðrum. Þetta er svo hjákátlega vitlaust hjá hv. þm., að það opinbera hljóti að verða að kaupa dýrara en einstaklingar. En þrátt fyrir það, þó að bæjar- og sveitarfélög yrðu að borga meira en aðrir, er þeim það nauðsynlegt að eignast löndin, sem liggja að höfnum, til tryggingar atvinnurekstri íbúanna. M. a. hefir þetta haft stóra þýðingu fyrir Ísafjarðarkaupstað, að hann hefir tryggt sér mikið af eignum í kaupstaðnum og fyrir utan hann, sem bæði er hægt að nota til atvinnurekstrar og til atvinnubóta. En það er nú ekki alstaðar gert eins mikið og á Ísafirði að því að kaupa eignir. En hér er vegur til umbóta, því þetta frv. á að veita bæjarstjórnunum rétt til að ganga inn í kaup, þegar þær eignir eru seldar, sem bæjunum er nauðsynlegt að fá.

Pétur Magnússon: Ég vil itreka það, að ef svo stendur á, að bæjarstjórn í raun og veru þarf að ná eign, þá á hún kost á því samkv. 63. gr. stjkskr. að fá eignina tekna eignarnámi. Og það er varasamt að vera að ýta undir þessar stofnanir að vera að spekulera með eignir, og mun ekki verða til gæfu fyrir bæjar- né hreppsfélögin.

Jakob Möller: Ég held, að slík lög sem þessi muni verka þveröfugt við þann til-

gang, sem þeim er ætlað að hafa. Í stað þess, að það vakir fyrir hv. flm. að halda niðri verði lóða og mannvirkja, verður þetta til að skrúfa það upp.

Ég vil nú biðja hv. flm. og aðra, sem þessu frv. ætla að fylgja, að athuga nokkur dæmi um kaup hins opinbera á svona eignum. Reyslan hefir sýnt, að þær eru allar keyptar fyrir toppverð. Reynslan er þessi, að þegar einhver ætlar að selja því opinbera fasteign, setur hann verðið eins hátt og mögulegt er — setur verðið það allra hæsta, sem hugsanlegt er að fá. Hann fær málamyndatilboð í eignina, og segist svo hafa þetta boð í hana. Og við höfum dæmi þessa hér í þinginu, ekki mörg dæmi að visu, en nógu mörg til þess að vita, að þau kaup, sem gerð hafa verið á eignum fyrir hönd ríkissjóðs hér í Reykjavík, hafa öll hniðið að því að skrúfa upp verðið og hækka eignirnar í gangverði manna á milli, en ekki að því að lækka þær. Þetta veit hv. 2. landsk. Hann þekkir þetta vel. Ef menn vilja, skal ég rifja þetta upp og taka t. d. tilboðið um lóð undir símastöð við Hafnarstræti, söluna á lóðinni undir nýju símastöðina við Thorvaldsensstræti, og jafnvel síðustu kaupin: á eigninni við Austurstræti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. visað til 3. umr. með 8 : 4 atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti (GÓ): Hv. 4. landsk. hefir afhent mér svo hljóðandi skriflegar brtt. við frv.:

- „1. Á eftir orðunum „svo og öðrum fasteignum“ í 1. mgr. 1. gr. komi: innan lögsagnarumdæmisins.
2. Á eftir orðunum „svo og öðrum fasteignum“ 2. mgr. 1. gr. komi: innan hreppsins.
3. Aftan við 2. gr. bætist: Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar“.

Til þess að brtt. þessar megi koma til umr. og atkvgr., þarf að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl brtt. (verða þskj. 256) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Ég hafði ekki ætlað mér að flytja brtt. við þetta frv., því eins og ég skýrði frá í nál. og við 2. umr., þá er ég mótfallinn frv. í heild. En þar sem frv. var samþ. hér við 2. umr. og mér þykja jafnvel líkur á, að það verði að lögum á þessu þingi, þá þótti mér ráðlegra að bera fram þessar brtt. við frv., áður en það yrði samþ. til hv. Nd.

Tvær af brtt. þessum eru ekki annað en skýringar. Fyrri liður 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er bæjarstj. í kaupstað að gera samþykkt um það að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstj. telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt á“.

Það mætti leggja þann skilning í þetta orðalag, að bæjarstj. væri heimilt að gera samþykkt um að áskilja bænum forkaupsrétt á fasteignum utan lögsagnarumdæmisins. Vitanlega er þetta ekki tilgangur frv. og hefir ekki vakað fyrir hv. flm., heldur er þetta aðeins klaufalegt orðalag, enda næði það ekki nokkurri átt, að t. d. Hafnarfjarðarkaupstaður gæti tryggt sér forkaupsrétt á fasteignum í Reykjavík. Sama máli gegnir um síðari lið 1. gr., um hreppsfélögin, og ber ég því fram samskonar brtt. við þann lið.

Aftur á móti er þriðja brtt. efnisbreyting. Álit ég hana sjálfsagða, því að annars gæti farið svo, að hvorki seljandi né kaupandi vissu um kvaðir þær, sem á eigninni hvíldu, fyrr en kaup væru um garð gengin. Er það ákaflega harðneskjulegt gagnvart kaupanda, sem hefir eignast eignina í góðri trú og án þess að vita um kvöðina, sem á henni hvíldi. Ég vona því, að hv. dm. fallist á þessar brtt. En þó að þær nái fram að ganga, þá greiði ég samt atkv. á móti frv. í heild eftir sem áður.

Jón Baldvinsson: Tvær fyrstu brtt. eru aðeins skýring á orðalagi frv. Ég get þó ekki skilið annað en að hin rétta mein-

Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

ing felist í frvgr., en ekkert hefi ég á móti því, að þetta sé tekið enn skýrar fram, svo að það geti ekki orðið neinum vafa undirorpið.

Um þriðju brtt. er nokkuð öðru máli að gegna. Hún hefir nokkurn kostnað í för með sér, en þó ekki mikinn að visu, og gerir í rauninni lítið til né frá. Mér þykir hv. flm. gera þó nokkuð lítið úr því, að menn fylgist með sölu fasteigna. Ég geri aftur á móti ráð fyrir því, að það sé ávallt vitað meðal kaupstaðar- eða þorpsbúa og kunnugt af auglýsingum og umtali, og sé því ekki þörf á þinglýsingu. Brtt. er þá þýðingarlítill, eins og ég tók fram áður, og legg ég ekkert sérstakt kapp á að fella hana.

ATKVGR.

Brtt. 256,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 256,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 256,3 samþ. með 9 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 : 4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 257).

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 347).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leýfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 8 : 15 atkv.

Á 36. fundi í Nd., 22. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 257, n. 347).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Meiri hl. allshn. var sammála um að afgreiða málið til d., en n. er klofin í afstöðu sinni til frv., þrír eru andstæðir því, en 2 líklega með því.

Þetta mál hefir legið fyrir öllum þingum síðan árið 1927, og alltaf verið samþ. í hv. Ed., og er því þaulrætt. Það eru því

óþarfar langar umr. um það nú. Það er til þess að gera bæjar- og sveitarfélögum léttara fyrir að ná eignar- og umráðarétti og leigurétti á hafnarmannvirkjum, lóðum, er að sjó liggja, lóðum og löndum og öðrum fasteignum, sem hreppstjórn þykir þörf á fyrir almenning að hafa eignarráð yfir.

Ég skal svo ekki orðlengja um það frekar að þessu sinni.

Jón Ólafsson: Ég er einn þeirra, sem skrifuðu undir nál. með fyrirvara, eða sá eini, og kemur það til af því, sem ég hefi oft látið í ljós í þessari hv. d. áður, að ég tel það mikinn бага fyrir þá, sem eiga að njóta forkaupsréttar, að setja um það slík lög. Ég álit, að sveitar- og bæjarfélög eigi greiðari aðgang að því en þá leið, sem hér er farin, að eignast þau mannvirki, sem hér er um að ræða, sem sé með því að taka þau eignarnámi. Það er miklu greiðari aðgangur fyrir þau til að ná því takmarki. Hinsvegar er það ljóst, að það gefur undir fótinn, þegar ákveða á forkaupsréttinn 5 árum fyrirfram handa bæjar- eða sveitarfélaginu. Það er þess vegna alveg gefið, þegar í einni gr. frv., 3. gr., er talað um, að forkaupsréttarverðlagið skuli miðast við boð, sem liggi fyrir í eignina, að margir spekulantar mundu ráðast í að gera boð í eignina, til þess eins að hafa hærra verð upp úr henni síðar.

Það hefir komið fram svipað álit hjá jafnaðarmönnum um svipuð mál á bæjarstjórnarfundum hér í bæ, þegar hefir átt að taka eignir, að þegar ætti að taka þær með forkaupsrétti, væri heppilegra að gera það strax, án þess að gefa það í skyn áður á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. En að ég hefi ekki viljað gefa út sérstakt álit um þetta mál, er af því, að ég geri ráð fyrir, að það sé ákveðið, að það gangi fram. Menn munu orðnir mjög leiðir á því að staglast á þessu ómerkilega máli, sem hefir komið hér fyrir 4 eða 5 undanfarin þing, eða meira, eftir því, sem hv. þm. Seyðf. segir. En ég vil láta þessa getið hér, vegna þess, að ég er sannfærður um það, að fyrir þessi l. verða bæjar- og sveitarfélög að kaupa eignir dýrara verði en þau geta nú eignast þær fyrir með hinni aðferðinni,

Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

eignarnámi, sem þau hafa rétt til að eignast þær með. Því þá er verðið ekki miðað við neitt hærra boð í eignina, eins og tiltekið er í þessu frv., heldur ákveðið, að svo skuli það vera. Og með þessum ákvæðum frv. er innan handar fyrir spekulanta að gera boð í eignina, vegna þess, að það þarf að vera ákveðið 5 árum fyrirfram, hvort það skuli gert á sínum tíma að taka eignina á þennan hátt. Þeir, sem vilja fyrirbyggja það, sem kallað er brask og spekulation, ættu því ekki að fylgja þessu frv., og þess vegna er ég á móti því, að ég vil ekki gefa slík tækifæri, sem hér eru lögð upp í hendur manna til að hafa meira upp úr eignum sínum en eðlilegt er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta ómerkilega mál. Þetta er aðalatriðið, og það meginatriði, sem taka verður til greina undir þessum kringumstæðum. Því þó það sé nú orðið áhugamál jafnaðarmanna að koma þessu máli fram, er það upphaflega flutt af skilningsleysi og þekkingarleysi.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég skal ekki verða langorður. Hv. 1. þm. Rang. hélt, að þetta frv. yrði til að auka brask eða spekulation. Það er engin ástæða til að ætla, að þetta auki brask frekar en forkaupsréttarlögin á jörðum, sem gilt hafa langan tíma. Og ef ákvæðin um forkaupsrétt að jörðum hafa ekki orðið valdandi neins brasks með jarðir í sveit, þá er ekki nokkur minnsta ástæða til að ætla, að þetta frv. auki fremur brask í kaupstöðum.

Það getur vel verið, að eignin verði dýrari með þessu móti en með eignarnámi. En eignarnám er alls ekki útilokað með þessu. Og það er engin ástæða til að ætla, að eignarnámsheimild verði ekki notuð þrátt fyrir þetta og þar, sem svo stendur á. Hún verður auðvitað notuð eftir sem áður þar, sem skilyrði eru fyrir hendi til þess.

Jón Ólafsson: Það getur vel verið, að þetta mætti ganga fyrir sig á þennan hátt, að í einstöku tilfellum yrði notuð eignarnámsl. En þeir, sem þekkja eins vel og ég braskið og agitationirnar, sem koma í slík mál, gera lítið úr, að sú leið yrði far-

in, og að þessi mannvirki yrðu tek-in eignarnámi, úr því þessi leið er til fyrir spekulantana. (MG: Hvað mikið hækkaði bakariðslóðin við það?). Já, við skulum tala um það; hvað mikið hækkaði hún? Og hvað mikið hækkaði Gufunesið? Af hverju komst það í hátt verð, nema af því, að það var agiterað upp sem framtíðarland fyrir bæinn? Og menn trúðu því. Það stendur nú í 300 þús. kr., en var keypt fyrir 150 þús. Bærinn hefir alltaf haft tap á því, og ef það væri bókfært rétt, þá væri það nú helmingi dýrara en það var keypt.

Þá er ein hætta enn, og hún er mikil, að bæjar- og sveitarfélög glæpist á að taka eignir, sem gefa vexti, ef þær eru í normal verði, en er þó ekki þörf fyrir á hverjum tíma sem er, enda er ekki alltaf hægt að segja um það, hvenær verður þörf fyrir þær. En þarna er opnari leið en ella fyrir menn að taka eignir án þess nauðsyn krefji eða án þess að það sé beint þörf fyrir að taka þær. Sérstaklega vil ég minna á, að eins og þetta er útbúið í þessu frv., ef það verður að lögum, hvað það er grunnhyggislegt og hve mikil vitleysa það er að gefa mönnum aðgang að slíkum spekulationum, sem felast í sjálfu frv. Því þó það geti komið fyrir, að hin leiðin verði farin, að taka eignarnámi, þá er ekki gott að gera það, nema færa rök fyrir því, að lögleg nauðsyn sé fyrir hendi til þess, og þá er líklegt, að menn verði gætnari í því að fara þá leið heldur en þegar agitationir og spekulationir koma inn í málið. Því þó beztu menn sjái, hvað verið er að gera, þá yrði að fara þá leið, sem fjöldinn, sem róið er bezt undir, vildi að farin væri. Og þetta mun sýna sig á sínum tíma.

Eins og ég sagði áðan, er búið að ala þá hugsun hér í hv. d. og á Alp., að með þessu frv. sé verið að tryggja bæjarfélögum lóðir og lönd og leiguréttindi, sem þau geti haft gott af, en það hefir enginn gert grein fyrir, hvernig með þetta verður farið, þegar til framkvæmda kemur.

Sveinn Ólafsson: Ég verð að taka undir með hv. 1. þm. Rang. um það, að ef frv. verður samþ., verður það ekki allskostar hættulaust fyrir þau bæjarfélög, sem nota vilja þessi lög.

Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Ég verð að segja það, að mig furðar á, að þetta frv. skuli nú enn af nýju vera komið hér fram, eftir að hafa verið kveðið niður 4 sinnum á þingi, en jafnharðan gengið aftur. Svo magnaðir draugar eru þó fágætir.

Annars verð ég að taka það fram, og vil vekja eftirtekt á því, að ég get ekki hetur séð en að sum ákvæði frv. riði beint í bág við gildandi lög um forkaupsrétt á jörðum og öðrum landeignum. Frv. stangast beinlínis við gildandi lög um forkaupsrétt á jörðum, án þess þó að nefna þau eða fella þau úr gildi. Um jarðir er það svo, að fyrsta forkaupsrétt eiga nánustu ættingjar landeiganda, en að þeim frágengnum ábúandi eða notandi, og sveitarfélagið, ef nothafi afsalar sér réttinum. Þessi forkaupsréttur gildir að sjálfsgöðu jafnt, þótt um jarðarhluta sé að ræða. Eftir forkaupsréttarlögunum er landeiganda heimilt að selja barni eða kjörbarni og systkinum eða foreldri, án þess að nokkur annar geti haft í móti sölunni. Forkaupsrétturinn er því fyrst hjá nánustu ættingjum, þá nothafa, en þar næst og loks bæjar- eða sveitarfélagi. En með ákvæðum þessa frv. eru þessi eldri ákvæði niður brotin. Ákvæði þessa frv. geta ekki staðizt að óbreyttum þeim lögum um forkaupsrétt á lóðum og löndum, sem ég hefi nefnt. Þar að auki er þetta frv. alveg óþarft, því að lögnámsheimild eftir 63. gr. stjórnarskrárinnar er vissasta leiðin til að tryggja bæjarfélagi þann rétt, sem frv. ætlar því. Og ég man ekki til, að í nauðsyn sveitarfélags eða bæjar hafi nokkurntíma verið neitað um slíka heimild af Alþingi. Ég álit með öllu óforsvaranlegt að samþ. þetta frv. eins og það liggur hér fyrir og tel slíka lagasetningu ósamboðna Alþingi.

Eins og að undanfögnu mun ég greiða atkv. á móti frv., því að í sjálflu sér er þetta hégómamál og jafnvel eins líklegt til að verða bæjarfélögum að tjóni sem gagni. Eftir ákvæðum frv. mundu allar gáttir opnar verða fyrir braskara, þegar bæjarstjórn einhver vildi áskilja sér forkaupsrétt, og verðið geta margfaldast með samtökum seljanda og fasteignaprangara. Þá mundi lögnámsleiðin reynast miklu öruggari, því þar mundu

dómkvaddir menn meta lönd og mannvirki og þar yrði síður komið við hrekkjum og fjáðrætti.

Ég skal svo ljúka máli minnu og ekki tefja tímann lengur.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þetta frv. mundi riða í bága við 1. um forkaupsrétt á jörðum, verð ég að segja, að ég álit, að það eigi sér ekki nokkurn stað. Þetta frv. nær aðeins til þess, að tryggja bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, forkaupsrétt á hafnarmannvirkjum o. s. frv. innan lögsagnarumdæmisins eða hreppsins, en í hinum 1. er aðallega átt við jarðir. En þegar kauptún er sérstakt hreppsfélag, eru ekki jarðir innan þess. (MG: Þess eru þó dæmi). Þá er kauptúnið ekki sérstakt hreppsfélag, þó það séu ekki nema 1 eða 2 jarðir. Annars get ég ekki skilið þá hugsun, að meira brask eigi sér stað, þó einhver hafi forkaupsrétt. Ég hefði hugsað, að meira brask ætti sér stað þar, sem engin höft eru, allt er laust og frjálst og enginn þarf að vila fyrir sér að bjóða. En hærinn getur heimitað sannanir, tryggt sér að fá eignirnar fyrir sama verð og hægt er að skaffa sannanir fyrir, að aðrir hafi boðið.

Pétur Ottesen: Mér þykja það undarlegar lagaskýringar hjá hv. þm. Barð., að það sé ekki rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að ákvæðin um forkaupsrétt kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl. í þessu frv. stangist við 1. um forkaupsrétt á jörðum. Það stangast svo við þau 1. á svo mörgum stöðum, að það nær ekki nokkurri átt, að Alþ. samþ. þetta frv., að hinum lögunum óbreyttum. Ég get aðeins bent á næsta kauptún hér við Reykjavík, Akranes. Innan kauptúnsins eru nokkrar jarðir, sem metnar eru til dýrleika á sama hátt og jarðir almennt í sveitahreppum. (BJ: Þá er kauptúnið ekki sérstakt hreppsfélag). Jú, sannarlega er það sérstakur hreppur. Þingið getur þess vegna ekki látið slíka löggjöf frá sér fara, og verð ég að segja það, að það er ógeðslegur stimpill, sem sá lögfræðingur er að setja á sig, sem er að mæla með, að slíkt verði gert.

Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Jón Ólafsson: Já, það, sem hv. þm. Barð. verður að skilja, er, að með því að hafa ákvæðið fyrir 5 ára tímabilið er gefinn svo langur frestur, að ákvæðið hlýtur að verða til þess, að menn fara að renna augum til eigna, sem álitid er, að eigi að renna til kaupstaðanna. Það er með þessu verið að gefa mönnum meira svigrúm til brasks en þegar ákvörðun um þetta kemur með stuttum fyrirvara, eins og er þegar á að taka eignarnámi. (BJ: Það er ekkert 5 ára ákvæði í frv.). Jú, það er gefinn þar 5 ára frestur. Og hver maður, sem bara hefir heilbrigða hugsun, þó hann sé ekki kaupsýslumaður, hlýtur að sjá það, að fyrir þetta ákvæði hefir sá, sem á eignina, gefið tækifæri til

að útvega nógu hátt tilboð í hana, því það stendur í 3. gr., að það skuli ráða endanlegu verði eignarinnar, ef það liggi fyrir ákveðið tilboð í hana. Ef þessi leið gefur ekki tilefni til brasks, þá veit ég ekki hvað það er, sem gefur það.

ATKVGR.

1. gr. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvBH, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, HG, HV, JónasÞ, StgrS.

nei: SvÓ, EA, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, JörB.

BKr greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (TrÞ, Gf, HStef, LH, ÓTh) fjarstaddir.

Lagafrumvarp afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Varnir gegn kynsjúkdómum.

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var útbýtt: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum (þmfrv., A. 92).

Á 13. fundi í Ed., 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, af sömu flm. og nú bera það fram. Það komst þá til 2. umr. og til n., en lengra komst það ekki vegna þingrofsins, eins og svo mörg önnur mál.

Samkv. l. nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum, er heimilað, að vissum sjúklingum sé veitt ókeypis læknishjálp, lyf og umbúðir, en reynslan hefir sýnt, að það er ekki nægilegt til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu kynsjúkdómanna. Því er það nauðsynlegt, að auk þess, að veitt sé ókeypis læknishjálp í heimahúsum, sé sjúklingum þeim, sem þess þurfa, tryggð vist í sjúkrahúsum. Það hefir sýnt sig í útlöndum, að veikinni verður ekki útrýmt með öðru móti. Heimilisástandur sjúklinga eru oft svo slæmar, að ekki er hægt að koma lækningu við af þeim sökum. Þar við bætist, að sumir sjúklingar eru svo kærulausir með sjúkdómna, að mikil smitunarhætta getur stafað af þeim, ef þeir eru á heimilunum.

Þessi breyt., sem hér er farið fram á, myndi ekki hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, þar sem ákveðið er, hvað sjúklingafjöldinn megi vera mestur. Yrði kostnaður því mjög

litill móts við gagn það, sem af þessu myndi leiða. Auk þess má gera ráð fyrir, að nokkrir sjúklingar myndu bera kostnaðinn sjálfir.

Eins og sést á grg. frv., hefir útbreiðsla kynsjúkdóma farið mjög í vöxt hér á síðustu árum. Tala lekandasjúklinga hefir nærri tvöfaldast á 5 síðustu árum. Er hér um mjög alvarlegt og iskyggilegt mál að ræða. Þar sem sjúkdómar þessir eru komnir í algleyming, eru þeir með réttu taldir meðal hins stærsta bóls hverrar þjóðar. Það er því komið svo, að þingið getur ekki látið mál þetta afskiptalaust lengur.

Það má ganga að því visu, að með sama áframhaldi yrðu sjúkdómar þessir orðnir landlæg plága að 10–20 árum liðnum, og myndi þá kostnaður við að reyna að hefta útbreiðslu þeirra vera orðinn margfalt meiri en nú. Ég vona því, að hv. dm. skilji, hvílíkt alvöru- og nauðsynjamál þetta er, og hraði því svo afgreiðslu þess, að það geti orðið að l. á þessu þingi.

Að lokum vil ég leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með öllum (14) atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 341).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Arnason): N. hefir nokkuð athugað þetta mál. Hefir hún fengið

um það skriflega umsögn hins setta landlæknis og fengið Hannes lækni Guðmundsson, sem er sérfræðingur í þessum sjúkdómum, til viðtals.

N. er sannfærð um, að hér er um mikla nauðsynjamál að ræða og að óhjákvæmilegt muni að gera frekari ráðstafanir í þessum efnum en núgildandi löggjöf ákveður. En n. var það ljóst, að ef gera ætti verulegar umbætur á þessu sviði, þá myndi það hafa allmikil aukin útgjöld í för með sér. Það var sú hlið málsins, sem n. treysti sér ekki til að gera till. um, nefnil. hvernig ódýrast verði að útvega þeim sjúklingum spítalavist, sem á henni þurfa að halda. Þess vegna leggur n. til, að d. afgreiði málið nú til hæstv. stj. með rökstuddri dagskrá, og að stj. rannsaki það, í samráði við hina hæfustu menn, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið, og leggi þær niðurstöður síðan fyrir næsta þing. Með þessu telur n., að málið komist á beztan grundvöll, bæði hvað aðbúnaði sjúklinga og kostnaði viðvíkur.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins leggja til, að rökst. dagskráin á þskj. 341 verði samþ.

Halldór Steinsson: Ég er ekki ánægður með gerðir hv. n. í þessu máli, þar sem hún leggur nú til, að því verði vísað til hæstv. stj., eftir að það hefir legið fyrir tveimur þingum, vetrarþinginu og þessu þingi. Það er því léleg ástæða, sem hv. frsm. ber fram, að málið sé ekki nægilega rannsakað. Ef svo er, þá liggur það í áhugaleysi hv. þdm. sjálfra fyrir málinu, og ekki í öðru.

Hv. frsm. sagði, að frv. hefði mikinn aukakostnað í för með sér. Þetta er ekki rétt. Eini aukakostnaðurinn samkv. frv. er sá, að ríkið kosti ekki færri en 10 sjúkrarúm fyrir þessa sjúklinga, og sá kostnaður getur aldrei orðið mikill. Það er því engin ástæða til þess að fresta afgreiðslu þessa máls. Hinsvegar er það knýjandi nauðsyn að gera nú þegar auknar ráðstafanir í þessum efnum, því að sjúkdómar þessir breiðast mjög ört út. Mér finnst það því fullkomið ábyrgðarleysi hjá hv. d., ef hún vill draga málið til næsta þings. Vil ég svo leggja til, að rökst. dagskráin verði felld, en frv. samþ.

Alþt. 1931. C. (44. lögjafarþing).

Frsm. (Einar Árnason): Mér finnst kenna óþarflega mikils ákafa hjá hv. þm. Snæf. út af þessu máli.

Flest nauðsynjamál þurfa nokkurn tíma til þess að ná fram að ganga, og verður að teljast betra, að svo sé, ef málin fá með því betri afgreiðslu, heldur en þau séu samþ. í skyndi og undirbúningur sé ónógur.

Hv. þm. Snæf. sagði, að málið væri vel undirbúið, þar sem það hefði legið fyrir tveimur þingum, vetrarþinginu og þessu þingi. Ég get nú ekki séð, að það sé neinn sérstakur undirbúningur, þó að málið kæmist í n. í vetur, þegar svo mörgu öðru var að sinna. Og þó að það komi nú fram hér, þá er það vitanlegt, að ekki er hægt að koma öllu í verk á þessu þingi.

Ég vil líka benda hv. þm. á það, að hinn setti landlæknir hefir í bréfi sínu bæði bent á mikinn aukinn kostnað af ákvæðum frv. og á aðrar leiðir heldur en þar eru farnar. Það getur verið, að hv. þm. Snæf. vilji ekki fallast á skoðanir landlæknis á þessum málum, en n. þótti rétt að taka tillit til þess, sem hann segir.

Ég get ekki séð, að málið væri að neinu leyti hólpnara þótt rökst. dagskráin væri felld, þar sem það er öllum augljóst, að frv. gengur ekki fram á þessu þingi. Það þýðir ekki að segja, að þetta sé gott mál og gagnlegt; mörg slík mál önnur verða að bíða. Hinu mun óhætt að treysta, að er þetta mál kemur frá hæstv. stj. og verður lagt fyrir næsta þing, þá muni það fá nægan byr til þess að komast í gegnum þingið.

Pétur Magnússon: Þó að ég vildi ekki kljúfa allshn. í þessu máli, þá get ég samt tekið undir það með hv. þm. Snæf., að ég er ekki fullkomlega ánægður með afgreiðslu málsins. Ég hefði heldur kosið, að málið hefði náð fram að ganga á þessu þingi.

Eina frambærilega ástæðan til þess að vísa málinu til hæstv. stj. er sú, að það getur orkað tvímælis, hvort nægilegt hús- rúm sé hér í sjúkrahúsum fyrir þau tíu sjúkrarúm, sem frv. gerir ráð fyrir. Landlæknir taldi tórmærki á þessu, og er það því nokkur afsökun fyrir n., þó hún fresti málinu að þessu sinni. Ég verð samt að segja það, að mér þykir undarlegt, með

þeim spítalafjölda, sem við eigum nú, ef ekki er hægt að veita þessa umræddu sjúkrað. En þar sem nú er langt liðið á þingtímann, þá taldi ég vist, að málið myndi ekki fá afgreiðslu á þessu þingi, og áleit því betra að visa því til hæstv. stj., með það fyrir augum, að málið næði þá frekar afgreiðslu á komandi þingi. Eins og nú er komið málum, getur hv. þm. Snæf. enga von haft um það, að frv. verði samþ. á þessu þingi. Finnst mér því, að hann ætti eins og ég að setta sig við þessa afgreiðslu málsins.

Halldór Steinsson: Ég þarf ekki að svara þessum hv. þm. miklu. — Hv. frsm. sagði, að það væri enginn sérstakur undirbúningur, þótt frv. hefði legið fyrir þingnefnd. Ég veit ekki betur en að mörg mál fái undirbúning sinn eingöngu í n. Og þar sem mál þetta hefir legið fyrir tveimur þingum, þá get ég ekki séð, að það þurfi að vera miður undirbúið en flest önnur mál. Nei, þetta er ekki ástæðan til þess, að n. leggur á móti málinu, heldur stafar það af því, að hún hefir ekki nægan skilning á því, sem í húfi er. Hv. frsm. er alltaf að stagast á kostnaði við þetta mál, sem er svo hverfandi litill, að það er nærri því hlægilegt að heyra um hann talað, og allt eftir þessu.

Bæði hv. frsm. og hv. 4. landsk. sögðu, að ekki þýddi að afgreiða þetta frv. út úr d., því að það kæmist aldrei gegnum þingið. Þetta er ekki veigamikil afsökun. Séu hv. þm. sannfærðir um, að hér sé um gott og gagnlegt mál að ræða, því þá ekki að fylgja því eins langt og hægt er? Þetta er því engin ástæða til þess að svæfa málið, með því að kasta því í „drekkingarhylinn til hæstv. stj.“, eins og einn hv. þm. komst svo heppilega að orði í Nd. fyrir skömmu.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. þm. Snæf. vildi halda því fram, að ekki myndi leiða mikinn kostnað af þessu frv. Ég get samt sem áður ekki séð annað en að kostnaðurinn af þessu frv. muni verða allmikill. Það er vandséð, hvort hægt verður að leggja til rúm í landsspítalanum fyrir marga sjúklinga, og yrði þá að reyna að útvega annað húsrúm fyrir þá. Þá væri og ekki úr vegi að athuga, hvort ekki

mætti að skaðlausu útvega ódýrari sjúkrað vist handa sjúklingum þessum. Ennfremur gæti það komið til mála, að Rvíkurbær tæki á sig eitthvað af kostnaðinum. Þetta eru allt atriði, sem þarf að athuga.

Hv. þm. Snæf. vill aðeins berja höfðinu við steininn. Þó að hann sjái, að það þýði ekkert að gera ráð fyrir því, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, þá vill hann samt halda því til streitu. Hann um það. En er hv. þm. lýsir því yfir, að ástæðan til þess, að rökst. dagskráin er fram komin, sé sú, að n. hafi engan skilning eða áhuga á málinu, þá vil ég telja það ósamlegar getsakir í n. garð. Það er tekið fram í nál., sem m. a. er undirskrift af öðrum flm. þessa frv., að við teljum mál þetta mikilsvert og álitum, að það muni koma að góðu haldi í baráttunni gegn hinum hættulegu sjúkdómum, sem hér er um að ræða. Ég lýsti því líka yfir áðan, að ég teldi málið mikið nauðsynjamál. Er það því ekki annað en rökþrot hjá hv. þm. Snæf., að koma með slíkar staðhæfingar.

Halldór Steinsson: Ég verð satt að segja að líta svo á, sem n. hafi ekki verið vinveitt málinu og ekki haft á því nægan skilning. Annars hefði hún ekki lagt til, að því væri visað til stj., enda ekki fært nein frambærileg rök fyrir nauðsyn þess. Hv. frsm. sagði að visu, að málið væri óundirbúið, en hann hefir ekki getað sýnt fram á, hvaða undirbúning vanti. Ég get ekki séð, hvers vegna hv. þm. telja hættulegt, að málið fái afgreiðslu í þessari hv. d., þar sem þeir eru sannfærðir um, að það komist ekki í gegnum þingið. Ég get því ekki fengið annað út úr þessu en það, að n. sé ekkert sérstaklega hlýtt til málsins.

Frsm. (Einar Árnason): Það skilja allir nema hv. þm. Snæf., að það er sitt hvað, að láta málið deyja út á þinginu, eða að visa því til hæstv. stj., með það fyrir augum, að hún rannsaki það og leggi fram frv. fyrir komandi þing, sem þá nái fram að ganga.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 341, frá allshn., samþ. með 8 : 3 atkv.

Lagafrumvarp tekið aftur.

Raforkuvirki.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um raforkuvirki (þmfrv., A.
46).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið
til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Með því
að mér hefir komið saman við hv. þm.
Dal. um að flytja nýtt og fyllra frv. um
þetta sama efni, þá leyfi ég mér að aftur-
kalla þetta frv.

Forseti (JörB): Þá er þetta frv. aftur-
kallað og ekki til meðferðar lengur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (stjfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Sigurður Kristinsson): Þetta frv. var lagt fyrir þessa hv. d. á síðasta þingi og var þá samþ. við 2. umr. Er það nú lagt fyrir hv. deild að nýju án nokkurrar teljandi breytinga. Vil ég aðeins vísa til aths. þeirra, er fylgdu frv. á síðasta þingi, og leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn. að lokinni þessari umr.

Jón Ólafsson: Ég geri ráð fyrir, að frv. þetta gangi til hv. samgmn. eins og á síðasta þingi, en ég álit, að full þörf sé nú, eins og þá, að minna á ýms ákvæði 2. og 3. gr. frv. um niðurjöfnun kostnaðar við fyrirhleðslur og aðrar varnir gegn skemmdum á jörðum. Er ég vel kunnugur þar eystra, og fæ ég ekki betur séð en að kostnaðurinn geti orðið meiri en svo, að margir bændur geti risið undir honum. Það er auðséð á ákvæðum 3. gr. frv., að bændum er ætlað að taka þátt í kostnaði við varnir á jörðum sínum. Er ég þess fullviss, að þótt þeir þurfi ekki að bera nema 1/8 hluta kostnaðar, þá verði hann samt meiri en svo, að þeir fái borið hann. Mér finnst, að til framkvæmda ríkissjóðs um verndun hins fagra héraðs

frá eyðileggingu af náttúrunnar völdum ætti það einnig að vera hlutverk ríkissjóðs að sjá um, að bændurnir, sem eiga að njóta verndunarinnar, fari ekki á vonarvöl af þeim ástæðum, að þeim sé ætluð of há greiðsla. Vora ég, að hv. n. taki þetta til greina, en að öðrum kosti mun ég bera fram brtt. um þetta efni á sínum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

2. Vegur frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Á 1. fundi í Nd., 15. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Sigurður Kristinsson): Þetta frv. var lagt fyrir Nd. á síðasta þingi og mun hafa komið í gegnum 2. umr. Er það nú lagt fyrir þingið að nýju án nokkurrar verulegra breytinga. Ég sé, að villa hefir slæðzt í fyrirsögn frv. Stendur þar ranglega „Mosfellssveit“, og ætti að laga það, er frv. verður prentað að nýju.

Ég leyfi mér að visa til þeirra aths., er fylgdu frv. á síðasta þingi, og legg svo til, að málinu verði vísað til hv. samgmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

3. Brúargerðir.

Á 1. fundi í Ed., 15. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um brúargerðir (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Sigurður Kristinsson): Þetta frv. var lagt hér fyrir í deildinni á síðasta þingi. Var búið að afgreiða það frá d. og það sent til Nd. Í raun og veru mætti líta svo á, að ekki þyrfti að visa því til nefndar, þar sem það er svo kunnugt flestum hv. þdm. En þar sem nokkrir nýir menn eru nú í d., tel ég það þó réttara, og geri ég það því að till. minni, að málinu sé vísað til samgmn., að lokinni þessari umr.

Jón Jónsson: Ég vildi mælast til, að málinu verði ekki vísað til nefndar. Það var í vetur afgr. með shlj. atkv. þessarar d. Það er því aðeins til að tefja fyrir málinu að senda það í nefnd.

Jón Þorláksson: Ég kynni betur við, að einhverjir úr nefnd læsu þetta frv. saman við það frv., sem lá hér fyrir á síðasta þingi, til þess að aðgæta, hvort ekki hafa orðið einhverjar breyt. óviljandi. Því tel ég rétt að visa frv. til n., þó ekki sé nema til slíkrar athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 22. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 54).

Frsm. (Halldór Steinsson): Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi, og náði þá samþ. þessarar hv. d. Samgmn. hefir haft frv. til athugunar og leggur eindregið til, að frv. verði samþ., með þeim breyt. þó, að inn í frv. verði bætt 3 ám: Staðará í Staðarsveit, Vatnsholtssá í Staðarsveit og Laxá í Neshreppi utan Ennis. Um 2 hinar fyrri ár er það að segja, að þótt þær geti ekki talizt farartálmi að sumarlagi fyrir riðandi menn, eru þær illfærar bifreiðum, sérstaklega Vatnsholtssá. Hefir iðulega komið fyrir, að bifreiðar hafi setið þar fastar, eða þá orðið að snúa aftur. Er þetta mjög bagalegt, þar eð bilfærir vegir liggja langar leiðir að og frá þessum ám, og þótt þessir vegir séu ekki enn teknir í tölu þjóðvega, hefir það þó lengi legið fyrir, og má búast við, að það verði gert á næstunni. Er og ekki laust við, að það sé hálfeinkennilegt, að miklu fé skuli varið til vegagerðar beggja megin við þessar ár, en þær þó látnar óbrúaðar, svo að vegirnir verða ónothæfir að meira eða minna leyti. Þriðja áin, Laxá, er á milli tveggja fjölmennra kauptúna, Sands og Ólafsvíkur, og er hinn verstí þröskuldur á svo fjölförnum vegi, einkum að vetrarlagi. Hefir oft komið fyrir, að menn hafa ekki getað komizt ferða sinna milli kauptúnanna vegna þessarar ár, og kemur slíkt sér oft mjög illa, t. d. þegar vitja þarf lækni, en þess þurfa Sandarar æði-oft, því að á Sandi búa nú um 600 manns, og eiga þeir til Ólafsvíkur að sækja um læknishjálp.

Jón Jónsson: Það er merkilegt mál, sem hér liggur fyrir. Þó að við eigum ekki miklum manni að má fjárhagslega, Íslendingar, erum við þó komnir það áleiðis um brúargerðir, að búið er að tæma brúarl. frá 1919, og aðkallandi þörf fyrir setningu nýrra l. í þessu efni. Er þetta að sjálfsögðu gleðiefni, en hinsvegar þarf að ýmsu að hyggja um setningu hinna nýju brúarl., og þá ekki sízt að stilla svo til, að ekki verði teknar fleiri brýr upp í l. en hæfilegt má þykja og gjaldgeta þjóðarinnar leyfir. Er mér kunnugt um það frá þinginu í vetur, að vegamála-

stjóri taldi nauðsynlegt, að frv. væri samþ. óbreytt eins og það var borið fram af stj. Taldi hann, svo sem skiljanlegt er, erfitt að setja takmörk um það, hvar nema skyldi staðar, ef farið væri að breyta l. á annað borð. Í fskj vegamálastjóra við frv. í vetur gerir hann grein fyrir 70 brúm á sýsluvegum, sem nauðsynlegt sé, að komi hið fyrsta, og taldi hann, að erfitt mundi verða að ákveða, hverjar af þeim skyldi taka út úr og setja í brúarl., ef að því ráði væri hnigið á annað borð. Má og alltaf búast við togstreitu um slíka hluti, eins og þm. munu kannast við. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort þessar brtt. hv. samgm. eru gerðar í samráði við vegamálastjóra; má vel vera, að svo sé, og hann hafi þá breytt um skoðun í þessu efni frá því í vetur, en ósennilegt þykir mér það þó, ekki sízt fyrir þá sök, að í yfirliti vegamálastjóra um nauðsynlegustu brýr á sýsluvegum, því sem ég áður nefndi, er ekki minnst á eina af þeim brúm, sem n. gerir till. um, að teknar verði upp í brúarl. (H-Steins: Það hlýtur að vera af gleýmsku). Það má vel vera, að svo sé, þó að ekki sé það trúlegt. En hvað sem nú um það má segja, álit ég það mjög vafasamt, hvort rétt sé að taka þessar brýr upp í brúarl., af því að ég er hræddur um, að með því séu l. sett í hættu. Það má gera ráð fyrir því, að fleiri brtt. komi á eftir, ef þessar verða samþ. Man ég það frá þinginu í vetur, að margir þm. lágu í samgm. þá um að taka nýjar brýr upp í l., en okkur samgmnm., sem þá vorum, og ekki sízt vegamálastjóra og atvrmh., þótti þjóð og þingi settur það víður verkhringur með l. eins og þau voru, að ekki mætti þar við auka. Vænti ég þess, að hv. d. taki þetta til athugunar. — Þá þætti mér og gott, ef hv. n. vildi upplýsa það, hvort hér er um stórfjót að ræða, því að undir þessum lið brúarl., 2. gr. A. III., sem n. leggur til, að þessar brýr verði felldar inn í, er aðeins gert ráð fyrir svo stórum brúm, að þær séu ofviða einstökum héraðum.

Jónas Jónsson: Ég er riðinn við þessa brtt. með hv. þm. Snæf. og vildi því segja nokkur orð. Það, sem fyrir okkur vakti, var það, að þessi vegur, sem hér er um

að ræða, svokölluð Snæfellingabraut, hlýtur mjög bráðlega að verða tekinn í þjóðvegatölu. — vegurinn hefir öll skilyrði til þess; hann liggur eftir sléttlendi í áframhaldi af einu aðalvegakerfi landsins og endar við tvö kauptún —, og væri þá mjög óheppilegt, ef brýrnar vantaði, þegar fara á að vinna að þessu. Að visu er hér ekki um stórar að ræða, en þó svo stórar, að óhjákvæmilegt er að brúa þær. — Hvort það muni spilla fyrir þessu frv., ef brtt. ná fram að ganga, skal ég ekkert um segja, en hér er einnig um svo stórt frv. að ræða, að mjög er vafasamt, að það gangi í gegn á þessu þingi, sem búast má við, að verði mjög stutt. Hinsvegar eru umræddar brýr meðal þeirra, sem nauðsynlegast og sjálfsagðast er að gera.

Frsm. (Halldór Steinsson): Ég þarf ekki miklu að svara. Hv. 3. landsk. þm. hélt því fram, að ekki mætti breyta frv., af því að vegamálastjóri segði, að það ætti að ganga fram óbreytt. Ég get vel skilið það, að vegamálastjóri vilji þetta svo; hverjum þykir sinn fugl fagur, segir máltækið. Hinsvegar finnst mér vegamálastjóri geti ekki búizt við, að þm. breyti ekki þeim frv., sem fyrir þinginu liggja. Og þó að vegamálastjóri að sjálf-sögðu sé manna kunnugastur vegamálum landsins, er hann þó ekki kunnugri innanhéraðsmönnum á þeim og þeim staðnum. Held ég og, að ég megi segja, að vegamálastjóri hafi aldrei komið á þær slóðir, sem hér er um að ræða. A. m. k. bendir það til þess, að hann hefir gleymt einni á þarna úr yfirliti sínu um þær ár á sýsluvegum, sem þarf að brúa.

Hv. 3. landsk. þm. var að spyrjast fyrir um það, hvort hér væri um stórar ár að ræða, þar sem við hefðum gert till. um, að þær yrðu teknar upp í 2. gr. A. III. Að visu eru þetta ekki stórar ár, en engu að síður varð ekki hjá því komizt að setja þessar brýr á þennan lið, af því að sá vegur, sem hér gegnir, hefir ekki enn verið tekinn í tölu þjóðvega, en eins og hv. 3. landsk. tók fram, má búast við, að það verði gert á næstunni.

Jón Baldvinsson: Andmæli hv. 3. landsk. virðast af því runnin, að hann

Brúargerðir.

liti svo á. að þetta frv. sé svo heilagt, að ekki megi við því hrófla hið allra minnsta. Frv. virtist vera eitthvert „tabú“ í augum þessa hv. þm., sem þm. leyfðist ekki að snerta með litlafingrinum, hvað þá meira. Auðvitað bar hv. þm. „yfirvöldin“ fyrir þessu, sem í þessu tilfelli eru vegamálastjóri, og hefir mér þó jafnan skilizt svo, sem hann ætti að vera leiðbeinandi þingsins í þessum málum, en ekki að ráða þar einn öllu. Þingið á að sjálfsögðu að hafa ráðin í þessum efnum, og það eru engar röksemdir, þó að hægt sé að segja, að vegamálastjóri vilji hafa þetta svo og svo. Ég tel því rétt, að farið sé að till. n. og þessum brúargerðum bætt inn í frv., og ég fæ ekki sök, að neinn skaði væri skeður, þó að það yrði til þess, að 10—12 ár yrði bætt inn í frv. í Nd. Þetta hefði þá orðið til þess að opna augu þm. fyrir þeim farartálmum á leiðum landsins, sem þörf er á að ráða bót á.

Jón Þorláksson: Ég get ekki fallizt á þær ástæður hv. 3. landsk. á móti brtt. n., að samþykkt þeirra kynni að leiða til þess, að fleiri brúm yrði bætt inn í brúarl. Þó að hv. þm. segði það ekki beint, lá það í þessu, að það væru skemmdir á frv., ef fleiri brúm á óbrúaðar ár yrði bætt inn í frv. Ég lít hinsvegar svo á, að brúargerðum hér á landi sé það langt komið, að eðlilegast sé að taka allar þær brýr upp í brúarl., sem brúa þarf fyrir opinbert fé. Vegamálastjóri hefir ekki treyst sér til að fara svo langt, og meira að segja skilið eftir 3—4 brýr á þjóðvegum. Þetta er óeðlilegt. Að bæta þeim brúm inn í brúarl., sem þarf að brúa, er ekki skemmdir á frv., heldur þýðir það, að brúarl. endast lengur, og geta ef til vill orðið þau síðustu, sem setja þarf. Ég álit því réttast að samþykkja þessar brtt. n. og halda svo áfram að bæta þeim brúm við, sem enginn ágreiningur er um, að þurfi að koma.

Jón Jónsson: Það er gleðilegt að heyra, hvað menn virðast hér vera orðnir stórhuga, þar sem þeir telja það eðlilegast, að sem flestum brúm verði bætt inn í brúarl. Það er vitanlegt, að þörf er á að brúa margar ár enn hér á landi, og það sem fyrst, og er því ekki nema gott eitt

við þessu að segja, en hér kemur það því miður til greina, eins og í öllum öðrum efnum, hvað geta ríkissjóðs er takmörkuð. (JBald: Það er ómögulegt!). Það gleður mig, að hv. 2. landsk. skuli vera svo hjartsýnn á fjárhag ríkisins, þó að mér hafi nú heyrzt öðru gegna hjá honum stundum, en því miður er ég hræddur um það, að fjárhagurinn sé takmarkaður, og að við verðum því að stilla í hóf um þessar framkvæmdir sem aðrar og sjá um það, að brýrnar komi hlutfallslega niður á hin ýmsu héruð. Og ég býst við því, að það mundi koma í ljós við nánari rannsókn í þessu efni, að fleiri brýr þarf að gera en þarna á Snæfellsnesi, þar sem mun vera um smábrýr að ræða, sem ekki kosta nein ósköp. Sé ég enga ástæðu til að ívilna þessu héraði fremur en öðrum, og vil benda á það, að ríkissjóður leggur fram ríflegan hl. af kostnaðinum við brúargerðir á sýsluvegum, 2. að ég ætla. — Hv. þm. Snæf. var að tala um það, að umræddur vegur yrði tekinn í tölu þjóðvega alveg á næstunni. Það hafa nú komið fram svipaðar till. um marga fleiri vegi, t. d. veginn frá Hvítárbrú til Akraness, og þar er 1 eða fleiri ár, sem þarf að brúa. Og svona mun viðar vera. Það getur að visu verið álítmál, hvort rétt sé að taka þessar brýr upp í frv. eða ekki, en ég held, að ef það verður gert, hljóti óhjákvæmilega af því að leiða, að samþ. verði margar fleiri brýr, og ég er hræddur um, að slíkt mundi verða til að þenja brúarl. meira út en gott má þykja.

Að þetta frv. sé svo heilagt, að ekki megi við því hrófla, eins og hv. 2. landsk. gaf mér að skoðun, er náttúrlega eins og hver önnur firra, en ég hélt því fram, og held því fram enn, að vegamálastjóri eigi að vera ráðunautur þingsins um slíkar framkvæmdir, á meðan við höfum hann á annað borð. Og þess vegna hélt ég, að n. hefði spurzt fyrir um álit hans, áður en hún ákvað að leggja þetta til málanna. Að vegamálastjóri hafi vanrækt störf sín, eins og hv. þm. Snæf. var að gefa í skyn, þykir mér fremur ósennilegt, og þó að hann hafi aldrei komið á þessar slóðir, sem hér er um að ræða, ætla ég, að honum hafi verið innan handar að kynna sér, t. d. við athugun á uppdrátt-

Brúargerðir.

um herforingjaráðsins, að þarna er á, sem heitir Laxá, eða hvað það nú er.

Frsm. (Halldór Steinsson): Hv. 3. landsk. taldi öll vandkvæði á að samþ. brtt. n. og bar fyrir sig vangetu ríkisins. En ég vil benda hv. þm. á það, að það er alls ekki ætlazt til þess, að allar þessar brýr verði byggðar á næstu 2—3 árum. Þó að þeim sé nú raðað í kerfi. Eins er t. d. um sima- og vegakerfið. Það er ekki ætlazt til þess, að allir þeir símar og vegir, sem þar eru taldir, séu lagðir strax. Þó að þeim sé raðað í kerfi. Það tekur auðvitað nokkur ár að byggja allar brýrnar, sem taldar eru í brúalögunum, en það er rétt að taka allar þær brýr í lögin, sem á að byggja og þarf að byggja í nánustu framtíð. Það eru því engin rök á móti brtt. n., að tala um vangetu ríkissjóðs.

Þá vil ég og mótmæla því, að ég hafi sagt, að vegamálastjóri hafi vanrækt starf sitt. Ég sagði aðeins, að innanheraðsmenn gætu vitað eins vel og hann eða betur um óbrúaðar ár, sem þyrfti að brúa í þeirra héraði. Annað hefi ég ekki sagt, enda er mér kunnugt um, að vegamálastjóri er mjög samvískusamur embættismaður.

Páll Hermannsson: Ég veit, að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir þeim af hv. þdm., sem sæti áttu í þessari hv. d. á síðasta þingi, að þá varð það að samkomulagi milli hv. dm. að hjálpa áfram því frv., sem hér liggur fyrir, án þess að gera á því breyt. Mér kemur það því á óvart að heyra, hve margir hv. dm. vilja nú bæta við frv. þetta.

Á síðasta þingi átti samgmn. ýtarlega samræðu við vegamálastjóra um þessi efni, og var þá samkomulag um að telja það heppileg vinnubrögð, að vegamálastjóri og stjórnarráðið undirbyggju slíka löggjöf sem þessa. Skyldi athuga allar aðstæður sem best og föng væru á, áður en slík frv. væru samín.

Það er vitanlegt, að til er fjöldi óbrúaðra vatnsfalla á landinu, sem einhvern tíma þyrfti að brúa, þótt ekki séu þau nefnd hér. En ef farið er að bæta við ám í brúarl., þá er hætt við, að ýmsir komi á eftir með nýjar brtt. í viðbótaráttina, enda þótt öll héruð eigi ekki jafngóða

talsmenn á þingi og Snæfellsnessýsla virðist eiga. Ég hallast þess vegna að því að halda við þá ákvörðun, sem d. hefir tekið fyrir svo stuttu síðan; en ef byrjað er á því að taka nýjar brýr inn í l., þá álit ég sjálfsagt að taka vel í fleiri till., sem fram kynnu að koma og ganga í sömu átt. En á þessu stigi málsins álit ég heppilegast að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, án þess að gera á því nokkrar breytingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 54 samþ. með 8 : 5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi í Ed., 24. júlí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., 25. júlí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Halldór Steinsson): Það lítur ekki vænlega út um það, að þetta frv. geti komið áfram hér til umr. í d. Á síðasta fundi var útbýtt sæg af brtt., og á þessum fundi hefir till. enn verið útbýtt, og er óvíst, hvort séð er fyrir endann á þessum till. enn sem komið er. N. hefir ekki haft tækifæri til að kynna sér allar þessar till., svo sem eðlilegt er, og vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá að þessu sinni, og tæki það ekki á dagskrá aftur fyrr en n. hefir lokið störfum sínum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 94, 107, 108, 110, 111, 121, 155, 226).

Frsm. (Halldór Steinsson): Samgmn. flutti brtt. við frv., þar sem hún leggur til, að niður verði felldar þessar 8 brýr af frv. til l. um brúargerðir:

Brú á Miðdalsgil á Vesturlandsvegi.

— Glerá í Dalasýslu,

— Geiradalsá í Barðastr.sýslu,

Brúargerðir.

Brú á Prestbakkaá í Strandasýslu.

- Norðurá í Borgarf., hjá Fornahv.,
- Nesá á Vaðlaheiði,
- Fossá í Kjós,
- Jökulsá í Jökuldal.

Samkv. upplýsingum vegamálastjóra eru sumar af þessum 8 brúm taldar fullgerðar, en sumar eru í smíðum, og þar því ekki að taka þær upp í þetta frv. Auk brtt. n. liggja fyrir brtt. á 6 þskj. frá dm., er fara fram á það að taka upp í frv. 28 brýr víðsvegar um landið, ýmist á sýsluvegum eða þjóðvegum. N. hefir leitað umsagnar vegamálastjóra um þessar 28 brýr. og þó að hún geti ekki að öllu falli til. hans, er þó rétt að greina frá þeim í aðalatriðum, svo að hv. d. fái sömu gögn í hendur og n. hafði sér til aðstoðar. Vegamálastjóri heldur því fram, að það sé sameiginlegt þessum 28 brúm, að brúarstæði séu lítt eða ekki rannsökuð. 17 af þessum brúm eru á þjóðvegum, en 11 á sýsluvegum. Flestar eru brýrnar smáar og kosta frá 6000—12000 kr. Telur vegamálastjóri brýr á Hofsa og Heinabergssá munu verða dýrar, þá siðarnefndu allt að 30 þús. kr. Þá getur hann ekki fallið á það, að ríkinu beri að kosta brú á Búðará í Reyðarfirði, þar eð það brúarstæði er ekki á þjóðvegi, heldur hreppavegi.

Við III. kafla í 2. gr. hefir vegamálastjóri það að athuga, að þar eru ekki teknar upp aðrar brýr en á stórvötn og eigi þær því ekki heima þar. Alveg órannsökuð kvað hann brúarstæðin á Laxá, Norðfjarðará, Fnjóská og Smjörhálsa. Brúarstæði á Vatnsdalsá hefir verið rannsakað.

Brú á Staðará er talið að muni kosta um 12 þús. kr., brú á Jökulsá hjá Hjarðarhaga 15 þús. kr. og brýr á Múlaá og Geitá um 30 þús. kr. samtals. Ennfremur er í smíðum brú á Svartá, og mun sýslusjóður leggja þar til $\frac{1}{3}$ kostnaðar, sem er áætlaður 23 þús. kr. Leggur vegamálastjóri til, að þessi brú verði ekki tekin upp í frv.

Þó að vegamálastjóri leggi nú á móti því, að brýr þessar verði teknar upp í frv., þá leit n. svo á, að það hefði ekki að öllu leyti við næg rök að styðjast, en nm. hafa að öðru leyti óbundin atkv. um brtt.

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

Magnús Torfason: Ég bjóst við því, að hv. frsm. mundi minnst á brtt. mína á þskj. 121, um það, að gerð yrði brú á Kálfá í Gnúpverjahreppi, og það því fremur, sem umsögn um þessa brú er í bréfi vegamálastjóra. Brúin er á sýsluvegi, sem liggur upp í Þjórsárdal og er einhver fjölfarnasti ferðamannavegur hér sunnanlands. Mun kostnaður við brúargerðina áætlaður 7000 kr. Vil ég geta þess, að langt er síðan sú áætlun var gerð. Það mun hafa verið ekki síðar en árið 1919 eða 1920. Ennfremur vil ég geta þess, að fyrir 1920 var lagður vegur að brúarstæðinu, og er hann ónotaður enn í dag, en áin er farin á vaði. Veit ég, að vegamálastjóri lítur svo á, að þarna beri að gera brú og sé það ein af þeim brúm, sem sízt megi dragast, að byggð verði, og ríkissjóði beri að kosta, þar sem þetta er svo fjölfarin ferðamannaleið, bæði útlendum og innlendum mönnum. Vona ég því, að brtt. fái góðan byr hér í deild.

Þó að ég sé ekki flm. skrifl. brtt., sem kom frá hv. 5. landsk., vil ég geta þess, að brú sú, sem þar fjallar um, er á afrétti í Biskupstungum. Liggur hún á Kjalvegi, sem áður var aðalvegur milli Suður- og Norðurlands og hefir verið allfjölfarinn á síðari tímum. Mun það flestum kunnugt, hvernig þarna hagar til. Eru ferjur í ánni, og hefir oft orðið að бага, hvernig með var farið. Hefir það eigi ósjaldan komið fyrir, að báðar ferjur hafa verið öðrumegin, svo að ekki hefir verið hægt að komast yfir nema því aðeins, að vatnamenn hafi fengizt til að sundriða ána, til þess að sækja ferjuna. Mun menn reka minni til, að sæluhús var gert á þessari leið, vegna mikillar umferðar. Var það Ferðamannafélagið, sem þetta gerði. Eins munu hv. þm. minnst þess, að blaðadeilur risu út af umferð þessari. Er þarna aðalafréttur Biskupstungnamanna, og varð af umferðinni styggð á fé þeirra, svo að það hrökklaðist á fjöll upp eða niður í byggð, og tóku margir af hinn mesta skaða. Hefir afrétturinn legið undir miklum afföllum og aföllum af umferð þessari, og er það sanngjarnt, að brúin komi þar á móti. Væri slíkt hagræði mikið fyrir Biskupstungnamenn við rekstur fjár á afrétt og af. Þarf ég að svo stöddu ekki að eyða fleiri orðum að þessum tillögum.

Brúargerðir.

Ingvar Pálmason: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 110 við brúarlagafry., og eru þær nokkuð margar árnar, sem þar er hætt við. Fyrst er brtt. við 2. gr. I. c. Þar hættast inn brýr á ekki færri en 11 ár, allar á þjóðvegum; eru öll þessi brúarstæði í þrem syðstu hreppum Suður-Múlasýslu. Ég viðurkenni, að það sé rétt hjá vegamálastjóra, að brúarstæði á þessum ám séu lítt rannsökuð, en eitthvað hafa þau þó verið athuguð. En sé hér um nokkra sök að ræða, þá liggur hún hjá vegamálastjóra sjálfum. Ég álit það ekki hlutverk sýslu- eða sveitarstjórna að rannsaka brúarstæði á þjóðvegum, en þessi vegur, sem hér um ræðir, hefir verið þjóðvegur um mjög langt skeið. Eru margar af ám þessum alltorfarar, og allar eru þær óbrúaðar. Veit ég ekki til þess, að á þessum þjóðvegarkafli sé nema ein brú, og var hún gerð fyrir 15 eða 16 árum, og var þá talin á því full nauðsyn. Er engin ástæða til þess að lýsa hverri á um sig, en hitt er víst, að engin sanngirni mælir með því, að á jafnlöngum þjóðvegarkafli, sem er upp yfir 100 km., skuli einungis vera 1 brú. Hygg ég, að á síðustu 15 árum muni tæplega hafa verið kastað steini úr götu á þessum þjóðvegi. Man ég til þess, að Breiðdalsheiði var rudd og vörðuð öðru hverju fyrir svo sem 20 árum, en fyrir 2 árum fór ég þar um aftur og þóttist sjá, að þar myndi ekki hafa verið varðað mjög lengi. Tel ég það óverjandi, ef brúarlög eru endurskoðuð án þess að tekin sé ein einasta brú á þessum þjóðvegi. Veit ég ekki, hver finnur sanngirni í því, að alllangur vegarkafli eins og þessi sé látinn bíða, þangað til búið er að brúa flestallar sprænur annarsstaðar á landinu. Hitt játa ég, að þörfin á þessum brúm er misjafnlega aðkallandi, eftir því, hverjar eru, en til þess kemur í framkvæmdinni að ákveða, hverjar fyrir skuli ganga.

Ég vil minnst nokkrum orðum á brúna yfir Búðará á Fagradalsbraut. Fannst mér mega ráða það af ræðu hv. frsm., að vegamálastjóri væri á móti þessari brú, af því að brúarstæðið sé á hreppavegi. Allir vita, að þjóðvegur liggur út á Eskifjörð og er jafnframt notaður sem akvegur. Þessi brú er nú á veginum til Eskifjarðar, að vísu í Búðareyr-

arkauptúni. Sé ég ekki annað en að farartálminn sé samur og jafn vegfarendum. Þótt sú afsökun sé höfð, að hreppnum beri að kosta þessa brú, sem nú er orðin ófær.

Þriðji liður brtt. minnar fjallar um ár, sem ekki eru á þjóðvegum. Tvær fyrri árnar, sem þar getur. Múlaá og Geitdalsá hjá Þingmúla, eru í Skriðdal og mynda hina illræmdu Grimsá, sem að vísu hefir verið brúuð niðri á Völlum. Ekki var það þó gert fyrr en 20 menn höfðu látið lífið í henni, svo að sagnir séu af. En þó að brú sé á Grimsá niðri í Vallahreppi, kemur það ekki að notum fyrir Skriðdælinga, því að áin skiptir Skriðdal í tvennt, og er þar mikill farartálmí, eins og þeir, sem til þekkja, munu geta borið vitni um, auk þess sem áin oft er hættuleg lífi þeirra, sem yfir hana þurfa að fara. Verður því ekki hjá því komizt annaðhvort að brúa Grimsá líka í Skriðdal, eða þá að brúa þessar tvær ár, sem hana mynda, eins og ég hefi leyft mér að leggja til, enda telur vegamálastjóri, að heppilegra sé að fara þá leið. Hefir þegar verið gerð lausleg áætlun um, hvað þessar brýr myndu kosta, eins og vegamálastjóri réttilega tekur fram. Hygg ég, að viðkomandi héruðum þætti allnærri sér höggið, ef þeim væri synjað um þessar brýr, þar sem verið er að setja ný brúarlög á annað borð, því að ef þessar brýr eru ekki teknar upp í brúarlögin nú, er ekki útlit fyrir annað en þær verði að bíða, þangað til brúarlögin eru tæmd á ný.

Þriðja brúin, sem farið er fram á undir þessum lið till. minnar, er Norðfjarðará hjá Skuggahlið. Þessi á er á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, og er það rétt hjá vegamálastjóra, að ekki hefir enn verið gerð nein kostnaðaráætlun um hana, en ég geri ráð fyrir, að hann verði aldrei mikill, enda ætti það ekki að geta komið að sök, þó að engin kostnaðaráætlun sé til, því að ég geri ekki ráð fyrir, að fé verði veitt til að byggja brúna fyrr en áætlunin hefir verið gerð. Er og víst, að engin sanngirni mælir með því, að þessi brú verði ekki tekin upp í brúarlögin, því að svo verður að líta á, að þær brýr, sem ekki eru teknar upp í brúarlögin nú, komi ekki til greina fyrr en brúarl. eru tæmd, eins og ég áður sagði.

Fleiri orð sé ekki ástæðu til að hafa um þessar brtt. mínar, en ég vænti þess, að hv. d. taki þeim vel.

Einar Árnason: Þegar þetta frv. kom til 2. umr., leit ég svo á, að rétt mundi að halda frv. óbreyttu eins og það var samið af vegamálastjóra og flutt af stj. Ég gerði ráð fyrir því, að ef farið væri að bæta nýjum fyrirhuguðum brúm inn í frv., mundi það verða til þess, að fram kæmi fjöldi slíkra till., því að allir þm. munu hafa meira eða minna af óbrúuðum ám á samvizkunni. Ég greiddi því atkv. á móti till. samgmn., sem hnigu að því að bæta nokkrum brúm inn í frv. Till. n. voru nú engu að síður samþ., og úr því að svo fór, þóttist ég skilja, að opnuð væri leið til að bæta enn nokkrum brúm inn í frv., og hefi ég því ekki séð ástæðu til að hliðra mér hjá að flytja brtt. við frv. nú. Flyt ég þó aðeins eina brtt. við frv., á þskj. 155, þar sem ég fer fram á, að tekin verði upp í brúarlögin vantanleg brú á Smjörhalsá í Öxarfirði. Vil ég taka það fram, að ég flyt þessa till. samkv. tilmælum hv. þm. N.-Þ. Á þessari á er að visu gömul timburbrú. en hún er komin að falli, og er því nauðsynlegt að byggja þarna nýja brú. Áin er hinn verstí farartálmi; liggja að henni háir hakkar beggja vegna frá og er hún því oft ill yfirferðar. Hinsvegar er þarna mikil umferð, t. d. þarf að reka afréttarfé yfir ána haust og vor. Eftir því, sem kunnugir segja mér, er gott um brúarstæði á þessari á og brúin mun ekki þurfa að vera nema 6 m. löng, svo að hún ætti ekki að þurfa að verða neitt sérstaklega dýr, þegar að því kemur að byggja hana. Að því leyti virðist ekki mikið í ráðizt, þó að þessari brú verði bætt inn í frv., úr því að á annað borð var farið að auka brúm inn í frv. — Hefi ég svo ekki meira um þetta að segja, en vænti þess, að þessi brú verði látin sæta sömu örlögum sem brýrnar, er teknar voru inn í frv. við 2. umr., og að þessi brtt. mín nái fram að ganga.

Páll Hermannsson: Ég hafði svipaða skoðun á þessu máli og fram kom hjá þeim hv. þm., er síðast talaði. Ég hafði búið við því, eftir því sem d. tók í þetta

mál á síðasta þingi, að frv. mundi ganga fram nú í svipuðu formi og það var flutt í af stj., en við 2. umr. virtist mér verða hér vart nokkuð ólíkrar stefnu, því að þá virtust flestir dm. sammála um það, að réttast væri að bæta sem flestum brúm inn í frv., sem fyrirsjáanlegt væri, að þyrfti að byggja. Með hliðsjón af þeirri skoðun d. á málinu hefi ég leyft mér að flytja brtt. við frv., þar sem ég fer fram á, að tekin verði upp í frv. nokkur óbrúuð vatnsföll í minnu kjördæmi. Get ég jafnframt lýst yfir því, að þessi upptalning er ekki tæmandi, og að enn eru ekki fáar ár óbrúaðar á þessum slóðum, þó að ég hafi hinsvegar ekki ráðizt í að gera till. um, að fleiri yrðu teknar upp í brúarlögin að þessu sinni.

Þessar brtt. mínar eru prentaðar á þskj. 108. Eru þær mjög einfaldar, svo að ég þarf ekki mörg orð um þær að hafa. Þær 5 brýr, sem taldar eru upp undir fyrra lið till., eru allar á þjóðveginum, sem liggur úr Fljótsdalshéraði norður um Vopnafjörð og norður í Þingeyjarsýslu. Geri ég ekki ráð fyrir, að þær muni kosta mikið fé, því að hér er ekki um stórbrýr að ræða, heldur eru þetta allt fremur litlar brýr, og ein þeirra er a. m. k. smábrú, eins og kallað er. 3 þessar brýr eru í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu, og þar sem nú her senn að því, að þjóðveginum á þessum stað verði hrundið áfram með meiri krafti en verið hefir, þó að áheyrn þingsins fyrir því máli hafi reyndar ekki fengizt enn, en þessar brýr koma hinsvegar allar til með að vera á þessum vegi, getur enginn vafi á því leikið, að það kemur í hlut ríkisins að byggja þessar brýr fyrr eða seinna, eins og aðrar brýr á þjóðvegum. Sú eina brú, sem getur undir síðara tölulið till. minnar, er hinsvegar ekki á þjóðvegi, heldur á sýsluvegi. Þar er um að ræða Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga, en sú á er ein af stórvötnum landsins og mjög ill yfirferðar. Rennur hún eftir endilöngum Jökuldal, og þó að tvær brýr séu nú þegar á ánni, hrekkur það ekki nærri til, því að vegalengdin á milli þessara brúa er um 60—70 km. Gerir og vegamálastjóri ráð fyrir því, að þarna muni koma brú áður en á löngu liður, þó að hann hinsvegar

hafi ekki séð sér fært að gera till. um, að brúin yrði tekin upp í brúarlögin að þessu sinni. Svo er ráð fyrir gert, að þessi brú verði 22 m. á lengd og muni kosta um 25 þús. kr. Brúarstæði er þarna ágætt, því að áin fellur víðast í þröngum gljúfrum, enda er hún ófær meiri hl. ársins að kalla má, því að ferja tollir ekki á ánni og hún má heita óreið með öllu. Ég vænti því þess, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessar till. minar, engu síður en þær aðrar till., sem hér liggja fyrir, og sé ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu.

Jón Jónsson: Ég get haft sama formála sem þeir tveir hv. þm., sem síðast hafa talað. Ég hafði gert mér vonir um, að frv. mundi ganga fram nú óbreytt frá því, sem það var í fyrra, en hv. d. tók upp aðra stefnu í málinu við 2. umr. en hér var ríkjandi í fyrra, og afleiðingin hefir orðið að spá minni, því að hér liggur nú fyrir sandur af brtt. við frv. Hefi ég þó farið hægt í sakirnar, því að ég flyt ekki nema 3 brtt. við frv., og raunar ekki nema tvær, því að sú þriðja er ekki nema leiðrétting.

Þessar brtt. minar eru á þskj. 111, í þrem staflíðum. Fyrsti staflíður er ekki annað en leiðrétting, eins og ég áður sagði, og þessleiðis, að í stað orðanna: „Kolgríma á Mýrum“ komi: Kolgríma í Suðursveit. Mér vitanlega er ekki nein á á Mýrum með þessu nafni, enda er átt við Kolgrímu í Suðursveit, og þykist ég vita, að enginn hafi því á móti þessari sjálfsögðu leiðréttingu.

Undir öðrum staflíð brtt. minnar fer ég fram á það, að tekin verði upp í frv. brú á Heinabergsvötnum í Austur-Skaftafellssýslu. Eins og allir vita, er mjög erfitt um allar samgöngur í Skaftafellssýslum og vegalengdir allar þar mjög gapalegar. Nú er gert ráð fyrir, að sett verði bílferja á Hornafjarðarós, svo að bilar geti gengið þaðan alla leið vestur í Suðursveit, og mun það meðfram vegna þessara fyrirætlana, að vegamálastjóri hefir tekið brúna á Kolgrímu upp í frv., en brúin á Kolgrímu kemur ekki að fullum notum nema jafnframt verði sett brú á Heinabergsvötn, því að vatnið liggur austar en Kolgríma, og þarf því fyrst að

fara yfir það, þegar farið er frá Hornafirði vestur í Suðursveit. Bar þetta og á góma í samgmn. í vetur, og tjáði vegamálastjóri sig þá hlynntan hugmyndinni, en bar því við, að hann hefði fylgt þeirri reglu að taka enga brú upp í frv., sem kostnaðaráætlun lægi ekki fyrir um. En nú hefir brúarstæði þarna verið rannsakað lauslega, eins og vegamálastjóri getur um í erindi sínu til þingsins nú, og er áætlað, að brúin muni kosta um 30 þús. kr., að því er vegamálastjóri segir. Vænti ég þess fastlega, að hv. d. geti fallist á að samþ. þessa till., því að það er hvortveggja, að Heinabergsvötn liggja á þjóðvegi, enda er brú á vötnunum nauðsynleg til þess að brúin á Kolgrímu geti komið að fullum notum, eins og ég áður sagði.

Þriðji staflíður till. minnar gengur út á það, að brú á Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal verði tekin upp í frv. Þessi á er ekki á þjóðvegi, heldur á sýsluvegi, og kemur því undir A. III. Er ein brú á ánni fyrir, utan til í dalnum, þar sem þjóðvegurinn liggur um ána, hér um bil 25 km. frá dalbotninum, en áin er oftast ófær allt fram í sláttarbyrjun, nema þá á ferju, en ferjustæði við hana ekki gott. Er áin því hinn verstí þröskuldur Fnjóskdælingum, og Bárðdælingum reyndar líka, því að þeir sækja mest verzlun til Akureyrar og verða þannig yfir ána að sækja, en það er þeim mjög úr vegi að þurfa að krækja út á brúna. Auk þess er jafnan mikið langferðamanna á þessum slóðum á sumrin, sem það mundi koma vel, ef Fnjóská væri brúuð í framanverðum dalnum, eins og till. mín gengur út á. Þessi brú mundi verða alldýr og því erfitt fyrir héraðið að standa straum af henni að sama leyti og er um aðrar sýsluvegabryr. Hefir að visu ekki verið gerð formleg áætlun um það, hvað brúin myndi kosta, en eftir því, sem góðir og glöggir menn hafa áætlað, mun kostnaðurinn verða eitthvað um 20—30 þús. kr., enda telja þeir, að brúin verði að vera um það bil jafnlöng þeirri brú, sem fyrir er á ánni. Mælir öll sanngirni með því, að þessi brú verði einnig tekin upp í brúarlögin, enda vænti ég þess, að svo verði, en meiri áherzlu mundi ég þó leggja á það, að brúin á Heinabergsvötnum yrði samþ. En auðvitað helzt báðar tvær.

Guðmundur Ólafsson: Ég hefi sömu sögu að segja sem þeir aðrir hv. þdm., er talað hafa. Ég hafði í huga í vetur að flytja þá þessar sömu brtt., sem ég nú flyt við frv., en þá var hv. d. annan veg stemmd í málinu en nú, og lét hv. samgmn. mig fullkomlega skilja það, að ekki væri til neins að vera að koma með brtt. við frv., því að því væri ætlað að ganga fram óbreyttu, ef unnt reyndist. Ég sá mér því ekki fært að bera fram neinar brtt. við frv. í vetur, því að ég vildi ekki eiga neina sök á því, að ekkert yrði úr setningu brúarlaganna. En nú hefir hv. d. tekið aðra stefnu í þessu máli. Við 2. umr. frv. var 4 brúm bætt inn í brúarlögin samkv. till. hv. samgmn., og tóku þá margir þm. til máls og lofuðu þessa fyrirhyggju, jafnframt sem þeir hvöttu til þess, að sem flestar brýr, sem byggja þyrfti á næstunni, væru teknar upp í frv. Hefi ég sem margir aðrir orðið við þessari hvatningu og ber fram tvær brtt. á þskj. 107, þar sem ég fer fram á það, að fyrirhuguðum brúm á Svartá hjá Bólstaðarhlíðarhólum og Vatnsdalsá í fram-anverðum Vatnsdal verði bætt inn í frv.

Báðar eru þessar ár á sýsluvegum, og að því er Svartá snertir hefir nú um mörg ár verið leitast við að fá vegamálastjóra til að láta brúa hana, en aldrei hafzt fram. Eru mörg ár síðan áætlun var gerð um það, hvað þessi brú mundi kosta, en nú hefir verið gerð ný áætlun, sem er allt að þriðjungi hærri en sú gamla, þar sem gengið var út frá, að brúin mundi kosta 16 þús. kr. Munar það ekki litlu fyrir sýsluna, ef sá verður endirinn, að hún verður að standa straum af þriðjungi kostnaðarins við brúargerðina, eins og er um brýr á sýsluvegum, og má segja, að bríðmælgj vegamálastj. um að byggja brúna hafi þá orðið sýslunni nokkuð dýr, en ég vona, að síðari áætlunin sé vitlaus og sú fyrri rétt, jafnframt sem ég vænti þess fastlega, að þessi brú verði samþ. Það er komið að því að byggja þessa brú, ef ekki er þegar byrjað á því, og því verður ekki í móti mælt, að öll sanngirni mælir með því, að hún verði tekin upp í brúarl., a. m. k. á hún þar ekki síður heima en sumar þær brýr, sem fyrir eru í frv., því að hv. samgmn. mun hafa komizt að því við frekari

rannsókn á þessu máli, að einar 8 brýr, sem frv. telur upp, séu ýmist byggðar nú þegar eða verið að byggja þær. Virðist þetta ekki henda til þess, að vegamálastjóri hafi beint vandað til frv. Og Svartárbrúin er ekki síður nauðsynleg en margar þær brýr, sem vegamálastjóri hefir tekið upp á arma sína, því að sumar þeirra eru jafnvel í óbyggðum. — Þá er Áshreppingum ekki lítil nauðsyn á að fá brú á Vatnsdalsá á þeim stað. sem getur í till. minni. Umferð er mikil um ána og auk þess verður að reka yfir hana af-réttarfé á hverju hausti, en áin er þá oft vatnsmikil, svo að illt er að koma fé yfir hana, en hjá því verður ekki komizt, af því að réttirnar eru hinummegin árinna. — Tel ég, að enginn vafi geti leikið á því, að þessar till. minar báðar nái fram að ganga, eftir því sem dm. féllu orð við 2. umr. þessa máls, og ekki ætti það að geta spillt fyrir þessum brúm, þó að þær séu ekki á þjóðvegum, því að þær brýr, sem felldar voru inn í frv. við 2. umr., voru það ekki heldur, og sizt þar um meiri vatnsföll að ræða, og fengu þær þó atkv. mikils meiri hl. deildarinnar.

Viðvíkjandi Vatnsdalsárbrúnni er það að segja, að á þeirri á er engin brú sem stendur, en aftur er brú á annari á, sem ýmist er kölluð Vatnsdalsá eða Hnausakvísl, en hún er fyrir norðan dalinn, þannig að dalbúar hafa ekki gagn af henni.

Viðvíkjandi Svartárbrúnni er aftur það að segja, að þegar sett verður önnur brú á Blöndu, þá verður þessi brú á þjóðvegi, því að þá þurfa menn ekki að taka á sig þann krók, sem þeir verða nú að taka, að fara til Blönduóss.

Frsm. (Halldór Steinsson): Ég þarf ekki að svara ræðum hv. flm. brtt., að öðru leyti en því, að hv. 2. þm. Árn. virtist finna mér það til foráttu, að ég minntist ekki á Kálfá, þótt vegamálastjóri hefði mælt með því, að hún yrði brúuð, en þá er því til að svara, að ég gerði það með vilja að minnast ekki á hana frekar en ýmsar aðrar ár, er frv. fjallar um. Um álit vegamálastjóra er það að segja, að hann tekur þar ekki annað fram en bygg-ingarkostnaðinn, en álitur, að brúin eigi ekki heima í vegalögunum. Ég hélt, að

hv. 2. þm. Árn. væri engin huggun í að heyra þetta álit vegamálastjóra, enda tók ég það fram, að n. væri ekki á sama máli.

Magnús Torfason: Ég var ekki að núa hv. frsm. því um nasir, að hann hefði ekki minnst á Kálfárbrúna, en ég bjóst satt að segja við því, að hann, þar sem einn nefndarmaður átti í hlut, minntist frekar á hana en þær brýr. sem utan-nefndarmenn bera fram.

Hvað álini vegamálastjóra viðvikur, þá er það að segja, að hann er því meðmæltur, að þarna eigi að koma brú og að vegur yrði gerður að brúarstæðinu. Nú er ákveðið að færa veginn, og við það fengist miklu betri vetrarvegur, en það er nauðsynlegt fyrir þá menn, sem hafa mjólk að flytja til rjómaúanna, að geta notað veginn og brúna jafnt vetur sem sumar.

ATKVGR.

Brtt. 226,1—4 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 108,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 108,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 110,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 110,2 samþ. með 9 : 1 atkv.

— 110,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 111,a samþ. án atkvgr.

— 111,b—c samþ. með 10 shlj. atkv.

— 107 samþ. með 12 shlj. atkv.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 249) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 249 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 121 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 155 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 250).

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

4. Jöfnunarsjóður.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um jöfnunarsjóð ríkisins (þmfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Reynsla hinna síðustu ára hefir sýnt á-takanlega, hve brýn þörf er slíkrar laga-setningar sem hér er farið fram á. Þrjú síðustu árin hafa gefið meira en 15 millj. kr. umfram það, sem áætlað hefir verið í fjárlögum. Af þessu mikla fé er nú enginn eyrir eftir, en kreppa og vandræði framundan. Þetta er önnur hlið málsins. Hin hliðin er sú, að stj. hefir ráðstafað þessu fé án þess að spyrja Alþingi leyfis. Alþingi hefir á þennan hátt verið svipt ákvörðunarrétti sínum um fjármál landsins, fjárveitingarvaldinu. Ef halda skal því áfram að áætla tekjur ríkissjóðs svo „varlega“, að margar millj. verði umfram áætlun, er Alþingi viljandi að af-sala sér miklum hluta fjárveitingavaldsins í hendur stjórnarinnar.

Ég hefi hér tekið upp, hve miklar umframtekjur hafi orðið hin síðustu þrjú ár:

1928:

Áætlaðar tekjur kr. 10450000
en urðu — 14400000

1929:

Áætlaðar tekjur kr. 10880000
en urðu — 16320000

1930:

Um það ár hefi ég ekki ákveðnar tölur, en samkv. yfirlýsingu ráðh. voru tekjurnar áætl. kr. 12000000 en urðu — 17000000 eða því sem næst.

Umframtekjur hafa því orðið:

1928 kr. 3950000
1929 — 5440000
1930 — 5000000

Samtals kr. 14390000

Mér skildist á hæstv. fjmrh., að tekjur hina sex fyrstu mánuði þ. á. hefðu reynzt svipaðar og tekjur hinna sömu sex mánaða á fyrra. Lítur því út fyrir, að jafnvel þetta ár gefi riflegar umframtekjur.

Ég skal ekki neita því, að þrjú síðustu árin hafi verið góðæri, en mismunurinn á áætluðum og raunverulegum tekjum er svo mikill, að hann getur ekki legið í því einu.

Niðurstaðan af þessu er þá þessi: Umframtekjurnar eru allar eyddar og enginn eyrir til, til að mæta þrengingum krepputímanna. Ef þetta frv. hefði orðið að lögum 1928 og miðað hefði verið við 12 millj. tekjur í stað $9\frac{1}{2}$ millj., eins og nú er gert samkv. hinni nýju bókfærslu ríkissjóðs, þá væru nú til $2\frac{1}{2}$ millj. til að mæta komandi atvinnuleysi. Nú er ætlað til samkv. frv., að á móti framlagi jöfnunarsjóðs komi a. m. k. tvöfalt framlag sveitar- og bæjarfélaga, og því væri hægt að láta framkvæma opinbera vinnu nú fyrir 4—5 millj. kr., ef frv. hefði orðið að lögum 1928. Þessa er líka full þörf, því að útlit er fyrir meira atvinnuleysi framundan nú en nokkru sinni hefir þekkzt áður. Ríkissjóður er nú orðinn stærsti atvinnurekandi hér á landi. Hann má ekki haga sér eins og lélegur svindilbraskari, eyða öllu í góðærunum og kippa svo alveg að sér hendinni og reka þúsundir úr vinnu þegar harðnar í ári. Honum ber skylda til að haga framkvæmdum sínum svo, að þær leiði til festingar og jafnvægis í atvinnulífi þjóðarinnar.

Samkv. fjárlagafrv. eru tekjurnar áætlaðar 10500000 kr. Þetta frv. myndi hækka gjaldahlðina um 150 þús. kr. Nú er rekstrarhagnaður áætlaður 830000 kr. Að visu er greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti ekki nema 130 þús. En af því fé, sem stj. myndi áskotnast fram yfir áætlun, rynnu 25% í jöfnunarsjóð.

Magnús Jónsson: Ég býst við, að flestir geti fallizt á þá hugmynd, sem á bak við þetta frv. liggur. Í henni felst almennur sannleikur, sem jafnt á við ríkisbú og önnur fyrirtæki: að nota tekjur góðæraanna til að fleyta sér yfir erfiðari árin. Þessi hugmynd liggur til grundvallar fyrir frv., og hún er fyllilega réttmæt. Og

það er heldur ekki nema eðlilegt, að þessi hugsun taki á sig ákveðna mynd í frv.-formi eftir reynslu undanfarinna ára. Hún sýnir, eins og hv. flm. benti á, að síðustu þrjú árin hafa umframtekjur numið næstum 15 millj. og að nú er enginn eyrir eftir til að mæta kreppunni. En sú reynsla færir ekki rök fyrir því, að þetta frv. sé óhjákvæmilegt. Hún sýnir, að undanfarin ár hefir ekki verið hirt um að safna í kornhlöður. Hún sýnir, að fjárveitingavald Alþingis hefir verið virt að vettugi. Til þess að koma í veg fyrir, að slíkt fyrirhyggjuleysi og gerræði endurtaki sig, þarf Alþingi ekki endilega að samþykkja þetta frv. Nei, til þess þarf það ekki annað en að segja skýrt og skortinort, að það vilji sjálft ráða yfir ríkissjóðnum, en ekki láta stj. haldað uppi að taka sér þetta vald í hendur.

Allir vita, að ríkissjóður er nú tæmdur að fé. Þetta hefir þó ekki orðið sökum neinna óvæntra atvika, til dæmis vegna þess að lögboðin gjöld hafi orðið hærri en búizt var við. Þetta stafar beinlínis af því, að vilji Alþingis hefir verið virtur að vettugi. Framkvæmdavaldið hefir veitt margfalt meira fé til ýmsra hluta en Alþingi ætlaðist til, og auk þess ráðstafað fé á allt annan hátt en gert hefir verið ráð fyrir í fjárlögum. En sérstaklega liggur þó fjársóunin í umframveitingunum.

Þótt ég og efalaust flestir hv. þdm. muni geta fallizt á hugsun þá, sem liggur á bak við frv., sé ég þó ekki ástæðu til að fylgja því. Mér finnst liggja miklu nær fyrir Alþingi að finna ráð til að binda framkvæmdarvaldið fastar við ákvæði fjárl., úr því að reynslan hefir sýnt, að þörf er á því. Þetta mætti gera með einföldum ákvæðum í fjárl. sjálfum. Þyrfti ekki annað en að taka það fram, að allir þeir gjaldaliðir, sem ekki eru áætlunarupphæðir, væru hámarksupphæð. Með því móti safnaðist ósjálfrátt í jöfnunarsjóð, og jafnvel meira en frv. gerir ráð fyrir.

Mér finnst jafnvel, að frv. gefi stj. dálitið undir fótinn um eyðslu umframtekna. Samkv. því á að greiða $\frac{1}{3}$ mest af mestu umframtekjum. En auðvitað ætti að binda alla upphæðina. Stj. á ekki að hafa neitt fjárveitingarvald. Ef miklar

tekjur safnast eitt ár, eiga þær allar að vera til ráðstöfunar á næsta Alþingi. Þá ætti ekki að vera hætta á, að rikissjóðurinn yrði þurrausinn í góðærum, enda væri rikissjóðurinn vel stæður nú, ef Alþingi hefði fengið að ráða.

Það mun rétt vera, að tekjur fyrra helmings þessa árs séu jafnháar og fyrra helming ársins í fyrra, eða um 4 millj. kr. Einn stærsti tekjustofninn, tekjuskatturinn, er ekki farinn að innheimtast ennþá, en útlit er fyrir, að hann verði ekki verulega lægri en í fyrra.

Það, sem maður veit um tekjur þessa árs, er það, að allt útlit er fyrir, að þær verði mjög sæmilegar, og því verður að gera ráðstafanir til þess, að ekki fari eins og undanfarin ár. Það, sem okkur hv. flm. greinir á um, er, hvaða leið skuli farin. Þeir vilja leggja féð í varasjóð, en ég vil, að Alþingi haldi fast í það vald, sem því hefir verið veitt, og sem það hefir sýnt, að það kann að fara með, þótt samþykktir þess hafi ekki nægt eyðslutilhneigingu framsóknarstjórnarinnar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki fjölyrða mikið frekar um þetta mál, en ég vil þó aðeins benda á það, að eftir skilningi hv. 4. þm. Reykv. er engin trygging fyrir því, að fé það, sem lagt verður í varasjóð, verði notað til framkvæmda og til atvinnuaukningar. En það er aðalatriðið, sem vakir fyrir okkur flm., að atvinnan verði jöfnuð frá ári til árs, en ekki hitt, að fé verði lagt í sjóðu til þess eins að létta sköttum af gæðingum þeirra stjórna, sem með völdin fara í landinu.

Magnús Jónsson: Það er alveg rétt, sem hv. flm. segir, að þótt sú leið yrði farin, sem ég hallast að, þá yrði ekki þar með húið að ráðstafa fénu, en Alþ. er nú einu sinni húið að fá þetta mikla vald í hendur, og það á að úthluta fénu eftir því, sem það álitur best henta. Hv. flm. talaði um það, að það gæti komið til mála, að farið yrði inn á þá braut að létta sköttum af gæðingum stjórnanna, og það getur meir en verið. Það getur verið gott og nauðsynlegt að lækka skattana í erfiðu árunum, og ég er nú ekki ennþá kominn á þá skoðun, sem kemur fram í einu

frv., sem fram hefir verið borið nú á þessu Alþ., að atvinnuvegunum sé það hollt að hækka skattana þegar harðnar í ári.

En hvaða trygging er fyrir því, að fé þetta verði greitt í jöfnunarsjóð. Á síðastl. ári reiknast mér svo til, að 2¼ millj. króna hefði átt að renna í sjóðinn, og reikna ég þá með 17 millj. tekjum. Nú vil ég spyrja: Hvaða líkur eru á því, að þessar 2½ millj. hefðu runnið í jöfnunarsjóðinn? Ég sé litlar líkur til þess, að svo hefði mátt verða, því að hvar í ósköpunum átti að taka peninga til að greiða þessa upphæð?

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vildi leggja þessu frv. nokkurt liðsyrði áður en það færi til nefndar. Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Reykv., að sú hugsun, sem felst í þessu frv., er algerlega réttmæt, og því þarf að binda þetta alveg með sérstökum ákvæðum, og það á þingið að gera. Þess eru líka dæmi, að slíkt hið sama hefir verið gert annarsstaðar, en sérstaklega höfum við Íslendingar ástæðu til að gera það, því að þótt fjárhagstímabil okkar sé venjulegt almanaksár, er fjárhagsperiodan mörg ár.

Jöfnuðurinn hjá okkur er ekki frá ári til árs, heldur margra ára, og það þarf að koma í veg fyrir miklar sveiflur. Þegar vel árar, er yfirleitt góður hugur í þingmönnum og þá er ekkert sparað, en allt á að gera, en svo þegar harðærin koma, þá hangir sultardropinn úr hverju nefi og þá þykist hver mestur, sem mestan naglaskap sýnir.

Jöfnunarsjóðurinn ætti að geta komið í veg fyrir þetta, þannig að framkvæmdir færu ekki eftir því einu, hvort vel áraði eða illa. Það er oft talað um það, að ríkið eigi ekki að hlaupa í kapp við atvinnuvegina í góðæri og að á erfiðu árunum eigi það að veita sem mesta vinnu. Þetta myndi færast í betra horf með jöfnunarsjóði, enda gætum við haft það eins og ýmsar aðrar þjóðir, þar sem ekki er talið skylt að framkvæma allt það á sama ári, sem samþ. hefir verið í fjárlögum, heldur fresta því til næsta árs, ef þörf þykir.

Ég hygg, að frv. þetta muni skapa nokkurn jöfnuð milli ára og vænti þess

fastlega, að nefnd sú, er um málið fjallar, athugi það vel og greiðlega, svo að lög-gjöf um það mætti komast á sem fyrst. Á þetta atriði eitt legg ég áherzlu, að jöfnunarsjóður jafni framkvæmdir ríkisins milli ára. En öðrum ákvæðum frv. má breyta á ýmsan veg.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvaða trygging væri fyrir því, að sjóðurinn fengi sitt. Ég verð að svara honum því, að ég veit ekki betur en að stj. hafi greitt öll lögboðin gjöld, enda hefir hún miklu frekar verið á-sökuð til þessa fyrir það að inna af hendi greiðslur fram yfir það, sem lögboðið hefir verið. Ég hefi því enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði það einnig hér.

Ég þakka hv. þm. V.-Ísf., og raunar hv. 4. þm. Reykv. líka, fyrir góðar undirtektir við þetta mál, þótt þeir kæmust að töluvert ólíkri niðurstöðu eins og títt er um mæta dómara.

Hv. þm. V.-Ísf. minntist á þá leið, að stj. gæti frestað framkvæmdum til erfíðu árunna, þótt fé væri veitt til þeirra áður í fjárl., en ég hygg, að slíkt yrði með öllu óframkvæmanlegt hér, því að þau héruð, sem hlut eiga að máli, ganga hart eftir sínu og sú stj., sem að völdum situr, vill halda vinfengi kjósenda. Þess vegna álit ég hitt heppilegra, að ákveða vissa hundraðstölu, sem renna skuli í þennan sjóð. En ég sé ekki annað en að hitt hlyti að vera gott, að ríkisstjórnir gerðu áætlanir til margra ára um framkvæmdir, þannig að þegar atvinnuleysi ríkti, væri hægt að snúa sér að þeim framkvæmdum, sem þegar væri búið að áætla.

Það er svo mikið ógert í landi hér, að auðvelt virðist hverri stjórn að láta gera áætlanir 6 ár fram í tímann, og slíkar ráðstafanir myndu harla þarfar, ef barðn-aði í ári.

Magnús Jónsson: Ég vildi aðeins gefa stutta skýringu á því, hvers vegna ég lét í ljós efa um, að jöfnunarsjóður fengi sitt, því að hv. þm. Seyðf. sagðist ekki vita til þess, að stj. hefði ekki greitt lögboðin gjöld. Ég vil benda honum á það, að þessi greiðsla er annars eðlis en gjöld

þau, sem ákveðin eru; hún kemur ekki til athugunar fyrr en búið er að gera upp ársreikninginn, og ef stj. virðir vilja Alþ. svo að vettugi sem fyrrv. stj. gerði, þá er enginn efi á því, að hún kæmist í þrot með greiðsluna.

Þetta ár hefði stj. t. d. átt að greiða 2¼ millj. kr., — en hvaðan hefði hún átt að taka féð til að greiða í sjóðinn?

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það er nokkuð til í því, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, ef gert er ráð fyrir því, að stj. hafi alls enga hugmynd um fjárhag ríkisins fyrr en reikningar eru gerðir. En ég býst ekki við, að slíkt komi til mála; í það minnsta vildi ég óska þess, að Ísland þyrfti aldrei að búa við slíka valdhafa. Hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram, að þessi greiðsla væri einstök í sinni röð, þar eð hún yrði fyrst greidd er uppgerð hefði farið fram, en ég vil benda honum á það, að tala samskonar gjalda myndi nema legio, ef öll væru talin, en sem staðið hefir verið fyllilega í skilum með.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 30., 31. og 32. fundi í Nd., 15., 17. og 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 22, 344).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta er eitt af þeim málum, sem tekin voru úr höndum fjhn. án þess að henni gæfist tími til þess að afgreiða það til fulls. Þegar málið var tekið úr höndum n., hafði hún nærri lokið afgreiðslu þess og ber nú fram tillögur sínar um afgreiðslu málsins á þskj. 344.

Eins og menn munu sjá, vill n. breyta frv. allmikið, bæði að efni til og formi. Þó er ýmislegt sameiginlegt með brtt. n. og frv. Það, sem á milli ber, er aðallega það, að í frv. er gert ráð fyrir, að ákveðinn hluti af tekjum ríkissjóðs, þegar þær eru yfir visst mark, sé lagður til hliðar, en n. leggur til, að það skuli allt lagt í sjóð, er afgangs er af tekjum ríkissjóðs,

þegar greidd hafa verið lögbundin og óhjákvæmileg gjöld. N. gat ekki fallið á að ákveða framlagið í sjóðinn eins og gert er í frv., því engin vissa er fyrir því, að lágmarkstekjur þær, sem þar eru tilteknaðar, hrökkvi fyrir raunverulegum, óhjákvæmilegum gjöldum.

Þá ber á milli um tilgang jöfnunarsjóðsins. Eftir frv. er tilgangur sjóðsins aðallega sá, að stuðla að atvinnubótum, og séu þær framkvæmdar eftir ráðstöfunum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Umráð sjóðsins eru þannig algerlega tekin úr höndum Alþingis. N. vill, að sjóðurinn sé að öllu leyti háður ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar, og verkefni hans sé ákveðið nokkru viðtækar en í frv. En þótt jöfnunarsjóði verði ekki varið eingöngu og beint til atvinnubóta, verður honum vitanlega varið til hagsbóta fyrir þjóðina, þar sem aðalverkefni hans er að jafna fjárframlög til ólögbundinna framkvæmda frá ári til árs, og þá meðal annars og einkum til verklegra framkvæmda, svo að atvinnan í landinu raskist sem minnst vegna misjafna framkvæmda ríkissjóðsins. Að þessu leyti má segja, að tilgangur sjóðsins sé sá hinn sami samkv. frv. og till. n.

Samkv. II.—IV. brtt. n. er ætlað til þess, að verkefni jöfnunarsjóðsins séu þrjú:

Fyrsta verkefnið er að greiða tekjuhalla, sem orðið hefir á rekstri ríkissjóðsins. Annað verkefnið er að jafna ólögbundnar framkvæmdir ríkisins, ef tekjur þess hrökkva ekki til að halda uppi verklegum framkvæmdum, sem nema meðaltali síðustu 5 ára. Í þriðja lagi er verkefni sjóðsins það, ef svo riflega safnast fé í hann, að ætla má, að þess þurfi ekki alls til þeirra verkefna, sem áður er getið, að afborga af skuldum ríkisins eftir því, sem ráðh. metur fært. Það, sem fyrir n. vakti með þessu síðastnefnda ákvæði, var það, að það yrði til þess að auka lánsþraust ríkisins, ef það drægi inn skuldbréf sín fram yfir áskilnað samninga. Ég vona, að menn skilji af því, sem hér er sagt, að hugsun sú, er fyrir n. vakir, er lík því, sem var í upphafi óskrifuð lög viðlagasjóðsins gamla. Hann var tryggingar- og varasjóður til framkvæmdar

þeirra verkefna, sem næst lágu ríkissjóði. Hér er gerð tilraun til þess að binda með lögum samskonar sjóð. Þó slær n. varnagla við því að lána fé sjóðsins eins og á síðari árum var orðin venja um fé viðlagasjóðs. Það gekk að síðustu svo langt úr hófi, að það voru veittar lánsheimildir úr viðlagasjóði, þó að ekkert handbært fé væri í honum.

Það er vafamál, hvort þetta frv. nær fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi tímans vegna. En n. vildi setja fram þá hugsun, sem fyrir henni vakti, svo þinginu gæfist kostur á að sjá till. hennar, og ef það næði ekki afgreiðslu á þessu þingi, að það væri þá betur undirbúið til næsta þings.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér finnst þetta nokkuð einkennileg afgreiðsla á máli. Ég þekki eiginlega enga hliðstæða afgreiðslu. Hér er flutt brtt. við frv., sem er hvorki meira né minna en nýtt og alóskýlt frv. Efni okkar frv. var það, að þegar tekjur ríkissjóðs færu fram úr meðaltekjum, þá skyldi viss hundraðshluti ganga á jöfnunarsjóð til þess að jafna atvinnuna í landinu. Því ríkissjóður er nú orðinn langstærsti atvinnurekandinn í landinu, svo það kemur æðihart niður, ef hann bregzt.

Frá þessu hverfur n. algerlega, og er þó ekki hægt að fá gleggri sönnun fyrir nauðsyn þessara laga en fjárlögin, sem nú er verið að afgreiða frá þinginu. En það hefir ekki verið mikill ágreiningur milli íhaldsins og Framsóknarinnar um þetta mál. Um brtt. við 1. gr. er það að segja, að hún er bara „snakk“. Það er verið að tala um „nauðsynleg og óhjákvæmileg útgjöld“. En hvaða eyðsla sem er verður það, þegar búið er að fá samþykki þingmeirihlutans fyrir henni. Með þessu væri girt fyrir það, að nokkur eyrir kæmi nokkru sinni í þennan sjóð. Og ef svo slysalega tækist til, þá á ekki að verja honum til að jafna atvinnuna, heldur borga rekstrarhalla. Og ef þá yrði eitt-hvað eftir, þá á að borga skuldir. Eins og það þurfi að setja heimild um þetta! Þetta er í annað skipti, sem þessi flokkur fer fram á það, að þingið hábindi sjálft sig. Þarf nokkra heimild til þess að borga ósamningsbundna skuld? Ég vil

vona, að þessi till. verði ekki samþ. En ég vildi vona, að frv. yrði afgr. eitthvað svip- að því, sem við lögðum það fram. Ég veit ekki nema þetta sé herbragð hjá n., af því að hún veit, að frv. er vinsælt. Hún getur þá afsakað sig með því, að það hafi ekki verið drepíð. En ef n. ætlar sér það, þá má minna hana á játningu hv. frsm. n., að þetta sé nýtt frv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það kom engum á óvart, þó að hv. flm. væri ekki ánægður með afgreiðslu n. á þessu máli. Það kom hér fram, að þetta frv. jafnaðarmanna er herbragð til þess að binda fé rikissjóðs til ákveðinna verka og draga það undan yfirráðum þingsins. Það má kannske segja, að brtt. n. sé nýtt frv., en þó er nokkuð sameiginlegt. Annars er það ekkert einsdæmi, að frv. sé gerbreytt. Fyrir því nær það ekki nokkurri átt, sem hv. þm. Seyðf. vildi halda fram, að brtt. n. kæmu ekki inn á sama svið og upp- runalega frv. Einn tilgangur þess eftir brtt. n. yrði sá, að jafna atvinnuna, með því að halda uppi jöfnum framkvæmd- um hins opinbera. Það er kannske eðli- legt, að hv. þm. skilji ekki þetta, en hann getur ekki kennt n. um skilningsleysi sitt. Þessi gremja hv. þm. gegn till. n. er af því, að hann finnur, að gagnvart þeim stendur frv. jafnaðarmanna höllum fæti. Honum er illa við það verkefni sjóðsins að jafna tekjuhalla. Þetta kemur ekki á óvart þeim, sem þekkja kæruleysi jafnaðarmanna um afkomu rikissjóðs. Þeir gera jafnt till. til útgjalda, hvort sem nokkrar tekjuvonir eru til að mæta þeim eða ekki. Hv. þm. sagði, að þingið væri að hábinda sjálft sig með því að ráðstafa þessu þannig. Það væri réttuátt að snúa þessu upp á frv. Með frv. hefði þingið afsalað sér umráðum þess fjár, sem í sjóðinn rennur, í annara hendur og þar með hábundið sjálft sig. Eins og menn munu skilja, er með till. n. gert ráð fyrir að draga út af reikningum rikissjóðs þær tekjur, sem verða framyfir lögbundin og óhjákvæmileg útgjöld. og leggja þær í sérstakan sjóð, er hafi það þrennskonar verkefni, sem ég hefi getið um áður. Sjóðurinn á að haldast undir yfirráðum rikisvaldsins. — Eftir frv. er verkefnið aðeins eitt. og rikisvaldið á að afsala sér

umráðunum að mestu leyti í hendur verkalyðsfélaganna. Því er gremja hv. þm., að ekki er bitið á krókinn.

Ég hefi enga löngun til þess að halda uppi illdeilum um till. n. Hefi ég aldrei búizt við öðru en að jafnaðarmenn tækju þeim illa.

Ólafur Thors: Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr. En hv. þm. Seyðf. fór háðulegum orðum um viðleitni fjhn. að koma viti inn í þetta frv. Hv. þm. man kannske, hvaðan hann hefir þessa hugmynd, sem hér liggur til grundvallar. Sá, sem fyrstur hreyfði þessu, var Jón Sigurðsson, þáv. 2. þm. Skagf. — nefnil. að taka af tekjum góðu árána til hallæris- árána. Að svo miklu leyti, sem þetta frv. getur talizt einkaeign, er það eign sjálf- stæðismanna. Annars er það eign fjhn. frá 1929. En jafnaðarmenn hafa reynt að krækja í þessa hugmynd í sitt frv. og klæða í sín fót.

Í 3. gr. er skýrt frá, hvernig tekna skuli afla í sjóðinn. Þegar tekjur ríkisins eru orðnar yfir 9½ millj., eiga 15% af næstu 2 millj. að renna í hann, en 35% af því, sem þar verður yfir. Ég skal geta þess, að samkv. grg. frv. er þetta miðað við nýju fjárlögin. Ef tekjur rikissjóðs yrðu 15 millj., myndi renna milli heillar og hálftrar millj. í þennan sjóð. Hér er farið fram á, að þegar ríkisbúskapurinn er rekinn með halla, þá sé lagt í þennan sjóð af tekjuafganginum. Og þegar nokkur hundruð þús. kr. af slíkum tekjum eða tekjuhalla eru komnar í þennan sjóð, þá koma flókin fyrirmæli um, hvernig verja skuli því, sem ekkert er, hverjir landsmenn skuli njóta þess. Það er stjórn Alþýðusambandsins og Búnaðarfélagsins, sem því eiga að ráða. Ég get ekki séð, að í þessu frv. sé svo um hnútana búíð, að það sé í viðunandi formi. Og af því að allir í n. voru sammála um þetta, kom okkur saman um að reyna að bæta úr þessu með nýju formi á þessari ágætu hugmynd Jóns á Reynistað. Ég fullyrði ekkert um, að það sé ákjósanlegasta formið, og er reiðubúinn til þess að gera breytingar. Ég get tekið undir það með hv. þm. Seyðf., að 1. gr. er nokkuð óljóst orðuð. En hinsvegar veit hv. þm. Seyðf., að það er stundum ekki hægt að komast

hjá ólögbundnum útgjöldum. Annars get ég vel sagt, hvað fyrir mér vakir með því að flytja þessa till. Það er að tryggja þinginu fjárveitingarvaldið, en á það hefir mikið skort undanfarið kjörtímabil.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Seyðf., að þetta frv. gengur skemmra í því að mæla fyrir um það, að umframtekjur skuli jafnan vera handbærar til atvinnubóta í misærum. En ég vil benda á, að afleiðing af framkvæmd 4. gr. yrði sú, að ríkissjóður hefði miklu betri aðstöðu til þess að hlaupa undir bagga með atvinnurekstri landsmanna og atvinnuþörf almennings, ef umframtekjum verður varið til þess ýmist að borga tekjuhalla eða greiða skuldir ríkissjóðs. Fjárhagur ríkisins verður með meiri blóma en áður hefir verið, þar sem jafnvel í góðari hefir einnig verið stofnað til skulda.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal vera stuttur, en verð þó að vikja nokkrum orðum að hv. þm. G.-K. auk hv. frsm.

Hv. þm. kvað svo að orði, að það, sem veki fyrir sér með því að flytja þessa brtt., væri að koma í veg fyrir, að fjárveitingavaldið væri tekið úr höndum Alþingis. Ég verð að bera brögð á, að hv. þm. meini þetta. Því að hann hlýtur að sjá það, að sú stjórn, sem fer með völdin á hverjum tíma, getur jafnt þótt brtt. verði samþ. ráðstafað fénu, ef hún hefir á bak við sig í þinginu nægilega öruggan flokk til þess síðan að leggja samþykki sitt á landsreikninginn. Ég hygg það sé líka mála sannast, að það sé annað, sem veldur þessu góða samkomulagi í fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Ég hygg, að það sé einn liður í samningunum, sem gerðir hafa verið milli Framsóknarflokksins og Íhaldsflokksins um það yf. leitt, að ekki skuli ná framgangi nein sú lagasetning, sem gæti orðið almenningi til hagsbóta, en gengi að einhverju leyti út yfir skattgreiðendur, sem þó að sjálf-sögðu eiga mest fram að leggja til framkvæmda í landinu, og þá mest, þegar erfiðast er í ári. Þetta er samskonar samkomulag og verðtollinn. Þetta er samskonar samkomulag og yfirleitt er með þessum flokkum. Mér er ekki kunnugt, að n. hafi klofnað í einu einasta

máli. Ágreiningur varð aðeins um tóbaks-einkasöluna hér í hv. d., og kannske helzt til málamynda. Hv. þm. hlýtur að sjá, að ákvæði brtt. binda stj. í engu frekar en nú er með lögum og stjórnarskrá.

Hv. þm. vildi telja, að frv. eins og við lögðum það fram hefði verið alveg afleitt, og gæti jafnvel valdið lögbrotum. Tók hann það til dæmis, að ef tekjur á næsta ári yrðu 15 millj., þá ætti að leggja í sjóðinn á aðra millj., jafnvel þó að það yrði tekjuhalli. Og hv. þm. spurði með miklum spekingssvip: Hvaðan ætti að taka þessa rösku milljón? — Því er ekki erfitt að svara. Ef tekjur á næsta ári verða 15 millj., þá hefir ríkisstj. fengið samkv. fjárlagafrv. hvorki meira né minna en 3,2 millj. umfram tekjur, sem ætlaðar eru í fjárl. Því að öll gjöld, ekki einungis rekstrargjöld, heldur öll, sem felast á sjóðreikningum á fjárlfrv., nema nú 11,8 millj. króna. Af þessum 3,2 millj. kr. ætti að leggja samkv. frv. á 12. hundrað þús. kr. í jöfnunarsjóð. Að þetta sé fjarstæða, hygg ég enginn geti fallizt á með hv. þm. G.-K., og tæplega hann sjálfur, ef hann athugar málið.

Hvernig hefir tekjuhalli myndast á síðastl. ári? Fyrir það, að ríkisstj. hefir tekið hessaleyfi — sem við hv. þm. G.-K. höfum vitt hana fyrir — til að verja fé í heimildarleysi. En einmitt með því að binda hluta af umframtekjunum með lögum samkv. frv. jafnaðarmanna er stj. skylt að hjarga þessu fé. Hingað til hafa stjórnir hugsað meira um það að greiða hin lögboðnu gjöld upp áður en tekið væri til við ólögboðnar greiðslur. Og ég hygg, að sama mundi verða upp á teningnum á næstu árum hjá hverri stjórn sem fer með völdin.

Ég skal ekki deila við hv. þm. G.-K., hver átti hugmyndina; læt mér það í léttu rúmi liggja. Annars minnst ég ekki, að Jón Sigurðsson páv. 2. þm. Skagf. hafi komið með þessa hugmynd, en sé svo, þá er þeim mun verr gert af hv. þm. G.-K. að niðast á hugmynd flokksbróður síns.

Ég skal benda hv. þm. G.-K., og þá um leið frsm., á eitt atriði í þessum tillögum þeirra, sem er svo gersamlega vanhugsuð, að það er tæplega berandi undir atkvæði. Í 3. brtt., væntanl. 3. gr. frv., er tekið svo til orða, að þá má undir vissum kringum-

stæðum í fjárlögum ákveða að greiða úr jöfnunarsjóði það, er á vantar. Þetta er alveg nýtt fyrirbrigði, að setja inn í sérstök lög ákvæði um það, að undir vissum kringumstæðum megi taka í fjárlög vissar greiðslur. (Rödd af þingbekkjum: Hér er um að ræða að taka úr sjálfstæðum og sérstökum sjóði). Nei, hér er um að ræða útgjöld á fjárlögum, verklegar framkvæmdir á fjárlögum. (Rödd af þingbekkjum: En peningarnir eru úr sjóðnum). Þetta kann að vera rétt hjá hv. þm. En þetta er ákaflega torskilið. Er helzt að sjá á greininni, að til þess sé ætlað, að verklegar framkvæmdir, sem teknar eru í fjárlög, séu heimilaðar með þessu ákvæði.

Hv. frsm. tók svo til orða, að ef frv. jafnaðarmanna yrði samþ., þá hefði þingið afsalað sér fjárveitingavaldinu að nokkru leyti, þar sem sett eru ákvæði, hvernig fénu skuli varið. Þetta er mis-skilningur hjá hv. þm. Hér er um það sama að ræða og um jarðræktarlögin, en eftir þeim eru veittar mörg hundruð þús. kr. árlega — að ég ætla 600 þús. kr. — til jarðræktarframkvæmda, án þess að tekið sé fram í lögnum, til hvaða verka sérstaklega sé veitt. Hér er heldur á engan hátt gengið á rétt þingsins til að ráðstafa fénu, þótt frv. okkar sé samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð að þessu sinni, en mun greiða atkv. gegn þessum brtt. öllum.

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. sagði, að brtt. fjhn. væru fyrir það einskis verðar, að þótt þær yrðu samþ., þá gæti ríkisstj. alveg ráðstafað fénu að vild sinni eftir sem áður. Ég játa, að ríkisstj. getur gert þetta með því að brjóta lögin. En ef stj. vill brjóta lögin, þá getur hún alveg jafnt farið illa með fjármuni ríkissjóðs, þótt frv. jafnaðarmanna í þessu efni næði lögfestu. Það er yfirleitt ekki gaman að eiga við það, ef maður þarf að gera fyrir því, að ríkisstj. virði alltaf að vettugi þau lög, sem Alþingi setur.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þeim ummælum hv. þm., að hér sé um að ræða þrjá liði í samkomulagi milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Þetta eru nú ekki frumleg visindi hjá honum, því að hv. 3. þm. Reykv. kom og hvíslaði

þessu að honum, enda er hugur þess hv. þm. svo að segja naglfastur í þessari firru.

Hv. þm. Seyðf. vildi véfengja, að nokkuð væri athugavert við frv. eins og það liggur fyrir hvað snertir tekjuöflun sjóðnum til handa, þegar ríkisbúskapurinn er rekinn með tekjuhalla. Fjárl., eins og þau komu frá hv. Ed., eru komin upp undir 12 millj. og fara sjálfsagt yfir. Ef ríkissjóður hefir 12 millj. króna tekjur, þá mundi þessum sjóði ætlað að fá þar af á 6. hundruð þús. kr. M. ö. o., þegar ríkisbúskapurinn er rekinn þannig, að alveg standast á tekjur og gjöld, mundi vegna fyriræla um sjóðinn verða 600 þús. kr. tekjuhalli, ef sjóðurinn ætti að fá sitt.

Hv. þm. talaði mikið um þá hugmynd, sem honum fannst hjákátleg mjög, að mæla svo fyrir, að það mætti með fjárlögum verja fé úr sjóðnum. En ég held það hafi runnið upp ljós fyrir hv. þm., meðan hann var að tala, svo að hann hvarf frá sinni hugsanavillu. Það er auðvitað ekki hægt með fjárl. að ákveða að taka fé úr vissum sjóðum til verklegra framkvæmda, ef l. þess sjóðs mæla fyrir um annan tilgang sjóðsins og heimila ekki slíka notkun. Þess vegna er þetta ákvæði tekið upp.

Að öðru leyti lét hv. þm. Seyðf. því höfuðatriði málsins ómótmælt, að afleiðingin af 4. gr. þessa frv. er sú, að ríkissjóður hefir alltaf miklu betri aðstöðu til að taka að sér verklegar framkvæmdir í hallæri til atvinnubóta. Þetta er aðalatriði málsins, við hliðina á hinu, sem hann heldur ekki mótmælti, að með þessum hætti er ríkisstj. gert miklu örðugra en nú að eyða hverjum eyri, sem inn kemur.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil benda hv. þm. á, út af skrafi hans um tekjuhalla, að sjálfsögðu er miðað við 12 millj. kr. tekjur í fjárl. Af samþ. þessa frv. leiðir því það, að það yrði að taka upp í fjárl. tilsvarendi útgjaldaupphæð á sama hátt og tillagið til Búnaðarbankans, og yfirleitt tillög til slíkra framkvæmda, sem lögbundnar eru. Auðvitað er þetta ekki komið inn í fjárlagafrv. ennþá, af því að l. eru ekki komin á. Hinsvegar þegar tekjur fara fram úr áætlun, þá kemur sjóðaukningin af sjálfu

sér. Ég undra mig á því, að hv. þm. skuli ekki skilja þetta. Frv. okkar gerir ráð fyrir, að fé renni í sjóðinn þegar tekjur eru komnar í vissu hámark. En brtt. ganga í þá átt, að þegar tekjur fara fram úr lögbundnum gjöldum, þá fyrst fái sjóðurinn eitthvað. Á þessu er mikill munur, sem hv. þm. hlýtur að skilja.

Um ákvæði 3. brtt., sem hann drap á, skal ég ekki deila við hv. þm. Ég tek trúanlega skýringu hans. Annars er ákvæðið næsta einkennilegt og óvanalegt.

Um samninga íhalds og Framsóknar er óþarft að tala. Það sýnir sig í hverju einasta máli. (EA: Er það í tóbakseinkasöluinni?). Ég tók það líka fram áðan. Það er eina málið, svona rétt til að brýna brandana og menn týni ekki niður að skilmast. Annars er bezta samkomulag hjá íhöldunum báðum, sveita og kaupstaða. Ég veit, að hv. þm. fellur illa, að þetta staðfestist hvað eftir annað. En þeir verða við það að una, úr því að þeir geta unað við samninga á annað borð. Ég verð að taka mér í munn orð hv. 3. þm. Reykv., sem sagði í dag: Ég sé ekki, til hvers það er fyrir svokallaðan Sjálfstæðisflokk að stilla upp sérstökum frambjóðendum, þegar eina niðurstaðan er, að þingmenn þess flokks hjálpa framsóknarmönnum að koma fram sínum málum. — Það er ekki ólaglegt fyrir stjórnarandstæðinga-flokk að byrja á þessum grundvelli.

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. hefir í síðustu ræðu sinni gert alveg nýja grein fyrir þeirri hugmynd, sem hefði legið til grundvallar hjá jafnaðarmönnum með frv. eins og það kom fram. En það er enginn vafi, að jafnaðarmenn ætluðust upphaflega til þess, að jöfnunarsjóður ríkisins fengi tekjur sínar á þann hátt, að til hans félli nokkur hluti af tekjum ríkissjóðs, þegar tekjur fara fram úr áætlun, þegar greidd hefðu verið meðaltalsútgjöld ríkisins. En nú er hv. þm. farinn að skýra frv. svo, að þegar tekjur ríkissjóðs eru komnar upp í 75% af því, sem ríkissjóður þarf til venjulegra og eðlilegra útgjalda, þá falli verulegur hluti, 15% og upp í 35%, í þennan jöfnunarsjóð. Það er fullvíst, að þetta er alls ekki upprunalegur tilgangur hv. jafnaðarmanna.

Út frá þessu imyndaða sambandi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna tók hv. þm. Seyðf. upp gamla og mislukkaða fyndni eftir hv. 3. þm. Reykv. Ég get með miklu meiri rétti sagt: Mig undrar, hvers vegna jafnaðarmenn eru að berjast fyrir að fjölga sínum þingmönnum, úr því að það er ekki til annars en fjölga þeim mönnum, sem lástast vera á móti ríkisstj., en í hjarta sínu eru alltaf með henni þegar liggur á, og hafa verið, frá því að framsóknarstj. tók við völdum.

En út af því, sem þm. sagði um það, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn væru einhuga við öll mál hér á þingi, skal ég ekki segja annað en það, að þegar ég lit á dagskrána fyrir þennan dag hér í hv. d., þá eru þar a. m. k. tvö mál, sem enginn vafi er á, að eru liðir í þeim skrifuðu samningum, sem jafnaðarmenn hafa gert við framsóknarmenn. Það er nefnilega afgreiðsla frv. um verkamannabústaði og afgr. frv. um einkasölu ríkisins á tóbaki. Enda hygg ég, að hv. 3. þm. Reykv. sé búinn að gera mjög ýtarlega samninga við fyrrv. dómsmrh. Þeir hafa líka sífellt verið á einmælum hált þingið, ýmist í deildinni eða í herbergjum utan við d. Enda er svo komið, að þessi hv. þm., sem þó er ekki talinn hafa mjög sterka blygðunartilfinningu, finnur til þess, að þessi hegðun sé ekki vel viðfelldin eða samrýmanleg við þær ræður, sem hann heldur hér í hv. d. um samninga við Framsókn. Að svo sé, má sjá á því, að hann hefir tekið upp þann hátt, að láta birta í Alþýðublaðinu, að það sé ég, sem alltaf sé á einmæli við fyrrv. dómsmrh., enda þótt það hafi aldrei komið fyrir. Er þetta gert til að leiða athygli frá launmálum hans við Jónas Jónsson, og líka í því skyni að litilsvirða mig.

Héðinn Valdimarsson: Ég þarf ekki að svara mörgu. En viðvíkjandi samningunum, sem íhaldsmenn hafa gert við framsóknarmenn, skal ég taka það fram, sem öllum má ljóst vera, að þeir eru aðallega við Jón Jónsson í Stóradal og þm. V.-Ísf. Að þeirra tilstilli er það, að nál. um kjördæmaskipunina og Sogsmálið er ekki komið enn í dag.

ATKVGR.

Brtt. 344,I (ný 1. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.

— 344,II (ný 2. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.

— 344,III (ný 3. gr.) samþ. með 14 : 5 atkv.

— 344,IV (ný 4. gr.) samþ. með 15 : 3 atkv.

— 344,V (ný 5. gr.) samþ. með 15 : 3 atkv.

6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 344,VI (ný fyrirsögn) samþ. með 13 : 3 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónasÞ, MG, ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, ÞorlJ, BSt, EA, GÍ, HStef, JörB.

nei: VJ, HG¹), HV.

MJ, SvBH, ÁÁ, BKr, HJ, IngB, JAJ, greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (LH, TrÞ, BJ, BSt, JJós) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 3 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til 1. um jöfnunarsjóð.

Á 35. fundi í Nd., 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 389).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 389).

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 : 2 atkv.

Jón Baldvinsson: Ég stóð að þessu frv. upprunalega, þó að ég væri ekki beinlínis flm. Á leið sinni gegnum Nd. hefir frv. tekið miklum stakkaskiptum. Eftir þeim undirtektum, sem það fékk

hjá þingflokkinum í byrjun, skildist mönnum það, að þeir væru fúsir á að samþ. það að mestu leyti eins og það var. En nú hafa verið gerðar svo gagn-gerðar breyt. á frv., að segja má, að það hafi verið þurrkað út, sá upprunalegi tilgangur þess eyðilagður, svo að nú er ekkert eftir nema nafnið, sem þó er breytt. Menn skyldu hafa ætlað, að sér-staklega andstöðuflokkur stj. hefði gjarnan viljað samþ. þetta frv., sem hafði í för með sér takmarkanir á eyðslu stj., en það hefir sýnt sig hér sem í öðru, að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru sammála um öll aðalmál þingsins.

Þetta frv. er kallað „frv. um jöfnunarsjóð“, en það er nú orðið rangnefni. Þessi sjóður ætti að heita sáttmálasjóður Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Það stóð upprunalega í frv., að þegar tekjur ríkissjóðs færu fram úr áætlun, skyldi leggja ákveðinn hluta þeirra í þennan sjóð, en nú á að leggja í hann þær tekjur, sem eru umfram óhjákvæmileg og lögbundin útgjöld, og ætla ég, að hann muni seint myndast, ef á að fara eftir því ákvæði óbreyttu. Tilgangurinn var að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkisins og atvinnu við þær frá ári til árs. Nú er honum ekki ætlað annað en að greiða tekjuhalla á fjárl., sem er aðalhlutverk sjóðsins eftir 3. gr. frv. Fari svo, að sjóðnum safnist fé, þá á hann ekki að vinna sama starf og svipaðir sjóðir annarsstaðar, þar sem fyrirmyndin er tekin, nefnilega í Svíþjóð, heldur á hann að greiða aukaafborganir af skuldum ríkissjóðs. Fjmrh. er skylt að nota hann til þess.

Mér skildist á hv. 1. landsk. við umr. um verðtollinn, að þá hefði hann gert einhverja kröfu til Framsóknarflokksins, að hann samþ. einhverjar takmarkanir á fjáreyðslu stj., annaðhvort í fjárlögum eða þá í almennum lögum, og skildist mér hann eiga þar helst við jöfnunarsjóð ríkisins. En nú, þegar þetta plagg kemur frá Framsóknarflokkinum og Sjálfstæðisflokkinum, þá er ekkert orðið úr þessari hugmynd. Það er ekkert nema orðagjálfur eftir af frv. þessu, sem átti að jafna framkvæmdir ríkisins

1) Með svofelldri grg.: Þar sem frv. er nú orðið allt annað en það var, er það upphaflega var flutt af okkur jafnaðarmönnum, og þar sem nafnið segir að engu til um efni þess, segi ég nei.

frá ári til árs, eftir því hvernig áraði fyrir rikissjóði, og eftir því hvernig á staði fyrir atvinnuvegunum. Það átti einnig að verða hlutverk hans að veita fé til verklegra framkvæmda hjá sveitar- og bæjarfélögum, þegar harðnaði í ári. Það er líka þurrkað út, og það, sem eftir er, er ekkert nema kák, sama heimild eftir sem áður fyrir stj. að eyða tekjum rikissjóðs eftir því sem henni sýnist. Það sýnir sig nú, að þrátt fyrir öll stóru orðin hjá sjálfstæðismönnum um eyðslu Framsóknarflokksstj., þá hafa þeir ekki viljað koma á hana því hafti í þeim efnunum, sem jöfnunarsjóðurinn hefði orðið í þeirri mynd, sem hann átti að hafa upprunalega.

Það má vel vera, að frv. hefði verið fellt í Nd., ef sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn hefðu staðið saman um það, en það sýnir sig, að brtt. fjhn. um það, hvernig frv. skyldi orðað, voru samþ. orði til orðs af báðum flokkum gegn atkv. jafnaðarmanna, svo að nú er það orðið að öðru frv. Tilgangur frv. þurrkaður út og nafninu stolið. svo að nú er frv. tómmt „humbug“. Ég mun því ekki ljá mitt atkv. til þess að það nái fram að ganga.

Jón Þorláksson: Ég vil ekki láta andmæli hv. 2. landsk. gegn þessu frv. vera það eina, sem um það heyrir hér við 1. umr. Ég álit, að frv. eins og það nú er feli að talsverðu leyti í sér þær grundvallarreglur, sem þarf að fylgja til þess að fjármálastjórnin verði heilbrigð hér í okkar landi, þar sem afkoma atvinnuveganna og rikissjóðs er svo mismunandi frá ári til árs. Ég álit, að frv. hafi tekið stórkostlegum umbótum frá því, sem það var fyrst þegar það kom fram, þó að það geti að visu verið nokkurt álitamál um ýmis atriði, hvort ekki mættu ennþá betur fara.

Fr. ætlar jöfnunarsjóði þrjú verkefni, sem mér finnst öll eðlileg verkefni fyrir slíkan sjóð, svo að ekkert megi undan ganga. Fyrsta að greiða tekjuhalla, ef hann verður vegna þess að tekjur bregðist eða lögbundin og óhjákvæmileg útgjöld verði meiri en tekjur. Þá greiðir jöfnunarsjóður tekjuhallann, svo fram- arlega sem sjóður rikissjóðs nægir ekki til að standast hann.

Í öðru lagi á sjóðurinn að jafna verk- legar framkvæmdir rikissjóðs þannig, að á erfiðu árunum, þegar ekki þykir fært að veita fé samkv. venju til verklegra framkvæmda, þá geti þessar framkvæmdir orðið fyrir hjálp jöfnunarsjóðs eins og meðaltal síðustu 5 ára. Þó svo, að til þess að þessar greiðslur geti farið fram, þá þarf fjárlagaákvæði.

Þriðja verkefnið er að borga aukreitir af rikisskuldum. Ég er sannfærður um, að lagaákvæði slíkt sem þetta er eitt af því bezta, sem við getum gert til þess að styrkja okkar lánstraust og efla rikissjóð fjárhagslega. Það hefir verið gert einu sinni á góðæristímabili að greiða aukreitir afborganir af rikisskuldum. Það var 1924—1925. Það fór ekki fram- hjá mér og ég veit, að margir urðu varir við það, hvílik gerbreyting varð á láns- trausti okkar utanlands vegna þessara aukaafborgana okkar. Lánstraust okkar var mjög bágborið um áramótin 1923—1924, en eftir tvö ár skipti í tvö horn um þetta, og það voru þessar aukaafborg- anir af rikisskuldunum, sem höfðu valdið því framar öllu öðru.

Ég er þess vegna í aðalatriðunum á- nægður með frv. eins og það er og er sannfærður um, að það verður okkur til hagnaðar, ef það verður að lögum og komandi stj. framfylgja því eins og það er.

Umr. frestað.

Fr. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Fasteignaskattur.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var úthýtt:

Fr. til 1. um fasteignaskatt (þmfrv., A. 23).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Um þetta frv. er það að segja, að það hefir fengið svipaða afgreiðslu á síðasta þingi

Fasteignaskattur. — Tekjuskattur og eignarskattur.

og hitt, sem ég skýrði frá næst á undan (frv. um tekjuskatt og eignarskatt). Þótt frv. þetta sé gamalkunnugt, vil ég samt skýra það með nokkrum orðum, sökum þess að nú eiga ýmsir nýir menn sæti hér í þessari hv. d.

Eins og kunnugt er, hefir verðhækkun lands verið mjög mikil síðustu 20—24 árin, og þer margt til þess. Sumpart hefir gildi peninganna minnkað og sumpart hafa svo miklar opinberar framkvæmdir verið gerðar, bæði í sveitum og kaupstöðum, svo sem vegir, götur, hafnir o. fl. o. fl., að lóðir og jarðir hafa hækkað stórkostlega í verði vegna þessara framkvæmda og fólksfjölgunarinnar. Það liggur því í augum uppi, að hið opinbera hefir beinan rétt til þess að taka mikinn hlut þessarar miklu hækkunar. Hér er gert ráð fyrir, að fasteignir séu flokkaðar í fjóra flokka til skatts. Í lægsta landflokki séu jarðir, engjar, ræktunarland, heitiland o. þ. h. Þar er fólksfjölgunin minnst og þar er minnst verðhækkun komin fram fyrir opinberar framkvæmdir. Þar er gert ráð fyrir 0,5% skatti. Hinsvegar er í kaupstöðum og kaupsíðum, þar sem byggð er nokkuð mikil og lóðir hafa stigið af þeim sökum, gert ráð fyrir 1% skatti í ríkissjóð af þeim lóðum, sem notaðar eru undir byggingar. Þar, sem svo stendur á, að gróðavænlegt er að kaupa byggingarlóðir til þess að geta selt með hagnaði síðar, er gert ráð fyrir 1,5%. Þessi skattur mundi verka á tvennan hátt. afla ríkissjóði nokkurra tekna og halda niðri verði á fasteignum. En lágt verð á fasteignum er tvímælalaust beztu stuðningur atvinnuveganna. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að fasteignaskattur á húsum verði ekki nema 2,5%. Ennfremur er lagt til í frv., að sveitar- og bæjarstjórnir sé heimilt að hækka skattinn til sinna þarfa um allt að 100%, enda falli niður fasteignagjöld þau, sem greidd hafa verið í sveitar- eða bæjar-sjóð. En nú er fasteignagjald í sveitum og kaupstöðum ákaflega mismunandi um land allt. Fasteignagjald í sveitum mun yfirleitt vera, auk fasteignaskatts í ríkissjóð, sem er 1,5% af húsum og 3% af landi, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er lögtekið, 6% jafnt af jörðum og húsum. Þar er því jarðaskatturinn upp í

9% og húsaskattur 7,5%. Jarðaskatturinn í sveitum er í mínu frv. 1,6%, þ. e. a. s. hækkaður úr 0,9%. Aftur á móti af húsum í sveitum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er nú tekið, lækkar hann úr 7,5% og niður í 5%, eða um 33⅓%.

Líti maður á Reykjavík, þá er húsaskattur í bæjar-sjóð 8%, og samanlagður húsaskattur í bæjar-sjóð og ríkissjóð 9,5%. Samkvæmt mínu frv. yrði húsaskatturinn 5% til ríkis og bæjar, og auk þess 3% hreinsunargjald, eða 8% samanlagt. Lækkun frá 9,5% niður í 8% er rösk 16% lækkun. Hinsvegar tvöfaldast skatturinn af byggingarlóðum og þrefaldast af óbyggðum lóðum, sem von er um verðhækkun á. Ennfremur er það nýmæli í frv., að fasteignir sveitar- og bæjar-sjóða eru undanþegnar fasteignaskatti til ríkissjóðs og umbætur síðustu 10 ára eru ekki skattskyldar. Verkamannabústaðir og byggingar, sem eru opinber eign, eru skattfrjálsar samkv. frv. Að lokum, að eigendur fasteigna greiði jafnan skattinn, nema aðeins þegar leiga er undir 4%, þá greiði leigjendur.

Um fjárhagshliðina er það að segja, að ætla má, að ef fasteignamat verður líkt og áætlað er í grg., verði skatttekjur ríkissjóðs 600 þús. kr. umfram það, sem nú er, og tekjuauki sveita og bæja 800—900 þús. kr. á ári.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

6. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt: Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er eitt af þeim skattafrv., sem lágu

Tekjuskattur og eignarskattur. — Opinber vinna.

fyrir síðasta Alp., en ekki varð afgr. vegna þingrofsins. Ég hygg það ekki ofmælt, að skattamálin veki nú um þessar mundir meiri áhuga meðal almennings en dæmi eru til, enda er það eðlilegt sökum þessa vandræðatíma.

Eftir því sem fram kom á síðasta þingi, var fullkomið samkomulag milli Framsóknar og Íhalds um skattamálin. Fjmrh. bar fram frv. meiri hl. skattamálanefndar, þeirra hv. 1. þm. N.-M. og hv. 2. þm. Skagf., og nefndin, sem um það fjallaði, féllst á það. Það frv. er ekki komið fram ennþá, en ég sé, að hæstv. fjmrh. hefir lagt fram frv. í Ed. um framlengingu á verðtollinum og tekið þann tekjuauka upp í fjárhagsáætlunina, svo að vænta má, að það frv. nái fram að ganga.

Drátt fyrir þetta þykir mér rétt að leggja fram frv. þetta og rekja efni þess fyrir hv. d. í aðaldráttunum, þótt ýmsir hv. dm. muni kunnugir því. Meginefni frv. gengur út á að lækka og fella niður skattinn á lágtekjumönnum, en hækka hann aftur á móti á hátekjumönnum. Ef frv. þetta nær fram að ganga, reiknast okkur flm. svo til, að um 9000 lágtekjumenn verði leystir undan skattskyldu, en hinsvegar gerum við ráð fyrir, að skatturinn af hátekjum, og þó einkum stóreignum, hækki svo, að tekjur ríkisins af skattinum í heild sinni hækki um 70—75%.

Þær aðrar breyt., sem frv. þetta hefir í för með sér, eru: að skattstíginn verður hinn sami, hvort sem um félög eða einstaklinga er að ræða. Þó er sú undantekning gerð um samvinnufélög, að þau skulu ekki greiða skatt af tillagi til varasjóða sinna. Þá er aldur barna hækkaður úr 14 til 16 ára aldurs, sem draga má frá fyrir, af því að það mun ekki vera hægt að ætlast til, að börn innan þess aldurs geti séð fyrir sér sjálf, heldur verði foreldrarir að ala önn fyrir þeim til þess tíma. Ennfremur fer frv. fram á það, að heimilt sé bæjar- og sveitarstjórnnum, meðan Alþingi hefir ekki sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðunum kostnaði þeim, sem af fátækraframfærslu leiðir, að hækka tekjuskattinn um allt að 50% í undæmum sínum, og skal þessi viðbótar-skattur renna í bæjar- að sveitarsjóð.

Eins og mönnum er kunnugt, eru sveitarþyngsli víða allmikil, og er þetta ákvæði því sett til að gera sveitar- og bæjarstjórnnum auðveldara að risa undir þeim útgjöldum, sem leiðir af fátækraframfærslunni. Niðurstaðan af þessu frv. myndi verða sú, að tekjuskattsgjaldend-um myndi fækka um 36%, en skattupphæðin hækka um 70—75%, því að eignarskatturinn myndi tvöfaldast.

Samkvæmt skýrslum tveggja síðustu ára hafa skattskyldar eignir og tekjur framteljenda farið stórum vaxandi, þannig að gera má ráð fyrir, að tekjuaukinn muni nema liðlega einni millj. kr., og fari ekki niður úr því, þótt reiknað sé með löku meðalári, og væri þá hægt að lækka hina gegndarlausu nauðsynjavörutolla um þá upphæð.

Ef sveitarfélögin notuðu þá heimild, sem ég drap á áðan, mætti áætla tekjur þeirra um land allt samkv. henni 1100—1150 þús. kr. á ári, og væri þá hægt að lækka útsvörin um þá upphæð, að öðru óbreyttu.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en get gert það að till. minni, að frv. gangi til fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

7. Opinber vinna.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um opinbera vinnu (þmfrv.. A. 29).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi, en það fór líkt um það og meiri hl. þeirra mála, sem þá lágu fyrir og ýmist voru felld eða drepin með þingrofinu. Frv. þetta var felld við

1. umr., svo að það virðist sem mikill hluti Nd., eins og hún var þá skipuð, væri nokkurnveginn viss um, að þetta væri mál, sem ekki mætti ræða í þinginu. Og hvað er það þá, sem er í þessu frv.? Það er ekkert annað en það, að verkamönnum, sem eru í vinnu hjá ríkissjóði, séu greidd sömu laun sem atvinnurekendur greiða þeim eftir kaup-taxta verklýðsfélaganna, og að vinnutíminn sé ekki lengri en 9 kl.stundir á sólarhring og venjulegur tími til kaffidrykkju og matar. Mig undrar það mikillega, að einir 7 þm. á síðasta þingi hafa greitt atkv. með því, að frv. næði fram að ganga. Það er eins og verkafólkið hafi engin réttindi, þegar ríkissjóður er annarsvegjar, og hið eina, sem ríkissjóður eigi að gera í þessum málum, sé að halda niðri kaupgjaldi verkafólksins. Með öðrum orðum, að vegavinna, brúargerðir og aðrar opinberar framkvæmdir séu notaðar til þess að hjálpa atvinnurekendum, sem vilja greiða kaupgjald undir taxa verklýðsfélaganna. Ríkisvaldið verði verkfæri í höndum stóratvinnurekendanna í baráttu þeirra við verkalýðinn. Þessi opinbera vinna, s. s. vega- og brúargerðir, hefir afarmikla þýðingu fyrir verkafólkið úti um land, þar sem mikill hluti manna í smákaup-túnunum verður að treysta á hana um sumartímann, en tiltölulega litla þýðingu fyrir reykvískan verkalýð. Sú opinber vinna, sem unnin er undir handarjaðri samtaka verkalýðsins í Reykjavík, verður heldur ekki unnin undir taxa. Félögin eru nægilega sterk til að verja meðlimi sína hér, og barátta gegn þessu frv. er því einungis til þess, að verkalýðurinn í kaups-túnunum úti um land sæti lókustum kjörum hjá hinu opinbera. Er það harla einkennileg „byggðaaást!“ þingmanna utan af landi að vilja fyrst og fremst niðast á íbúum síns eigin kjördæmis.

Ég ætla ekki að tala mikið um þetta mál, nema ef til andsvara skyldi koma. Ég vænti, að frv. nái í þetta sinn að ganga til 2. umr. og síðan út úr d. Ég hefi ekki á móti því, að málinu sé vísað til n., ef einhverjir æskja þess, en hins vil ég óska, að atkvgr. fari fram að viðhöfðu nafnakalli.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins benda á, að ákvæði frv. eru svo viðtæk, að þau ná út yfir meiri hluta allrar vorvinnu bænda í sveitum, þar sem mikið af henni er styrkt af opinberu fé. Ef bændur t. d. taka verkafólk til þess að vinna að jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, sem ríkið styrkir, þá eiga ákvæði þessa frv. einnig að ná til þess. Ég vil vekja eftirtekt á því, að hér er með þessu frv. verið að ná til starfsmanna í sveitum, en jafnaðarmenn hafa haldið því fram, að þeir ætluðu sér ekki að gera neinar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í kaupstöðum landsins, svo að þær næðu til verkafólks í sveitum. Og ef á að fara að ganga inn á skyldur á þessu sviði, hver er þá ástæðan til þess, að ekki er gengið inn á hið sama á öðrum sviðum vinnunnar, t. d. með slátt? Hvers vegna er undið að þessari starfsemi, ef ekki á að láta hana ná yfir alla verkafólksstarfsemi í sveitum? Ég vil leyfa mér að spyrja hv. flm., hvort þeir ætlist ekki til, að þetta nái líka til sláttar og annarar heyvinnu. (HG: Er hún styrkt af ríkissjóði?). Nei, að vísu ekki. Styrkur sá, sem veittur er úr ríkissjóði, er veittur af brýnni nauðsyn, til þess að koma ræktunarmálum sveitanna í betra horf, en ef þetta gildir sama og kauphækkun, þá finnst mér það vera svipað og taka með annari hendinni það, sem gefið var með hinn, og það því frekar, sem þessi ákvæði eiga að færast yfir á aðra vinnu í sveitum.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Við skulum segja, að svo væri, að 1. gr. frv. gengi of langt, en það er þá alls ekki óalgengt, að frv. verði fyrir breyt., svo auðvelt er fyrir hv. þm. V.-Húnv. að gera brtt. við frv. og undanskilja bændurna frá því, að þeim verði nokkur skilyrði sett. Það er þó fjarri því, að ég sé þar á sama máli og hv. þm., og ég segi fyrir mitt leyti, að ég myndi greiða atkv. á móti till., en hinsvegar mundi ég greiða atkv. með frv., þótt þetta yrði fellt burtu. Ríkið á að láta starfsmönnum sínum liða eins vel og unnt er, a. m. k. heldur betur en einstakir atvinnurekendur; og þegar styrkur er veittur úr ríkissjóði, á að setja skilyrði fyrir því, að þeir, sem styrkinn fá, noti

hann ekki til þess að halda niðri kaupverkakafólksins, bókstaflega steli peningum úr sjálfs sín vasa, sem þeir ættu að greiða verkafólkinu. Viðvikjandi vinnutímanum hefir ekki verið hreyft neinum mótmælum, svo að ég hygg, að hv. þm. séu ekki á móti honum eða að öðru leyti á móti frv. Annars er það fjarri því, að við jafnaðrmenn æskjum ekki eftir því, að skipulag sé á vinnu í sveitum eins og í kaupstöðum og samtök um þau mál. Hinsvegar hefir kaupgjaldið í sveitum hingað til ekki verið svo lágt í samanburði við kaupgjald í kaupstöðum, að við sæjum ástæðu til þess að skipta okkur af því, meðan næg er þörfin fyrir mikið skipulagsstarf við sjóinn. Ég vænti þá, að hv. þm. geti með góðri samvizku greitt atkv. með þessu frv., þótt hann réðist á móti því í vetur sem leið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir að ýmsu leyti vænt um, að hv. 1. flm. telur það ekki neina nauðsyn að láta þessi ákvæði felast í frv., sem hér er til umr., og sennilega verður þeim ákvæðum breytt, ef frv. nær fram að ganga, en að öðru leyti get ég gjarnan látið í ljós þá skoðun, að það er dálítið ein-kennilegt, ef á að taka upp þá reglu að láta hina vinnandi stétt í landinu eingöngu ákveða, hvaða kaup henni er goldið.

Hv. flm. hefir komið fram með þá kenningu, að atvinnurekendur eigi ekki að ráða kaupgjaldinu, en hann fer út í sömu öfgarnar, þegar hann segir, að verkafólkið eigi algerlega að ráða því. Þetta verður að temprast, en ég sé ekki, að þetta frv. geri neinar ráðstafanir til þess, að slíkt jafnvægi geti haldizt, sem nauðsynlega þarf að vera, því að eins og það er órétt, að vinnuveitandinn sé einráður um, hve há laun hann greiðir, eins er það órétt, að verkafólkið ráði því alveg án tillits til annars, sem þar þarf að koma til greina.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Hv. þm. hefir ekki lesið vel frv., eins og oft kemur fyrir. Í 3. gr. þess er gert ráð fyrir, að kaupgjaldið miðist við kauptaxta þess verkalýðsfélags, sem næst er, en hinsvegar vil ég geta þess í mótsögn við það,

sem hv. þm. sagði, að ég held því fram, að verkafólkið eigi að ráða sínu kaupverki, og enginn annar, á sama hátt og bændurnir ráða verði á afurðum sínum. Hinu ráða svo vinnu- og vörukaupendur, hvort þeir vilja láta vinna verkið eða kaupa vöruna.

ATKVGR.

Fr. vísad til 2. umr. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, StgrS, SvBH, TrÞ, VJ, ÞorIJ, ÁÁ, BJ, BSt, BKr, EA, GÍ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JónasÞ, MG, JörB, nei: PO, HJ, LH.

Fimm þm. (ÓTh, SvÓ, BÁ, HStef, JÓl) fjarstaddir.

Fr. vísad til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 363, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

8. Ríkisútgáfa skólabóka.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um ríkisútgáfu skólabóka (þmfrv, A. 31).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. var flutt á þinginu í vetur af fulltrúum Alþýðflokksins eins og nú. Það var rætt hér við eina umr., en n. hafði ekki skilað álit, þegar þingið var rofið.

Ástæðan til þess að frv. þetta er fram komið er sú, að það eru sifellt að verða háværarí umkvartanir um það, einkum frá foreldrum og kennurum, að ólag sé á útgáfu skólabóka og þeim sé í ýmsu áfátt, bæði að efni og frágangi; þær séu t. d. illa prentaðar, ósamræmi í stafsetningu, pappírinn slæmur, band ósmekklegt og endingarlaust o. fl., o. fl. svo að ekki sé minnst sérstaklega á innihaldið. Margar bækur eru til um sama efni, algerlega að óþörfu, en aftur skortir fjölda nauðsynlegra bóka, og er það t. d. ekki

með öllu vansalaust, að engin kortabók með íslenzkum nöfnum skuli vera til, sem hægt sé að nota í íslenzkum skólum.

Í þessu efni er af engum neins að krefjast, því að þó að eitthvað sé að, er ekki að neinum að ganga. Það kemur líka hart niður á fátæklingum, hversu þessar bækur eru dýrar. Úr mörgum þessum göllum mætti ef til vill bæta með því að fela einu forlagi bókaútgáfuna, og ég hygg, að með því móti væri séð fyrir því, að bækur þyrfti ekki að skorta og að meira samræmis væri gætt í bóka-gerðinni. En hinsvegar myndu bækurnar ekki lækka í verði fyrir slíka ráðstöfun, því að öll einkafyrirtæki myndu að sjálf-sögðu fyrst og fremst reyna að græða sem mest á útgáfunni. Hygg ég, að ekki geti orðið ágreiningur um, að ríkisforlagi einu væri bezt treystandi til að gæta alls þess, sem krefjast ber af slíkri starfsemi: Góðra bóka, vandaðs frágangs, nægra birgða, hæfilegrar fjölbreytni, en ekki óþarflegrar, og sanngjarns verðs. Ég hefi lesið yfir umr., sem fór hér fram í vetur, og ég hefi eiginlega engu við það að bæta, sem hv. þáv. flm. sagði um þetta mál. Og þær mótbáru, sem fram komu þá, virðast mér svo léttvægar, að ég sé ekki ástæðu til að minnast á þær nema nýtt tilefni gefist til.

Ég skal aðeins geta þess, að við höfum gert litilsháttar breyt. á frv. frá því, sem það var, og er aðalbreytingin við 1. gr. Í frv. eins og það var lagt fyrir þingið í fyrra var gert ráð fyrir því, að ríkið gæfi út allar löggiltar skólabækur. Ég hygg, að þetta ákvæði sé óframkvæmanlegt, því að menn verða að viðurkenna eignarrétt höfundanna, sem hafa samið bækur, eða þeirra manna, sem útgáfuréttinn hafa fengið löglega í hendur, og að ríkisútgáfan geti ekki gefið bækur út, jafnvel þótt þær séu löggiltar, nema samningar takist við eigendurna um útgáfuna. Þótt við flm. berum ekki nema takmarkaða virðingu fyrir eignarréttinum, þá hyggjum við líka, að það væri í skakkan stað borið niður að ráðast á bláfátæka barnakennara, sem aðallega semja skólabækurnar, til þess að þröngva þeirra kosti með því að hafa að engu eignarrétt þeirra yfir handritum þeirra og bókum. Ég óska þess, að þetta mál fái að ganga til 2. umr., og ég tel

ekki ástæðu til þess að mæla á móti, að því sé vísað til nefndar, og þá til menntmn., sízt ef hún vildi vera svo frjálslýnd að leyfa okkur flm. að tala við sig um málið áður en hún afgreiðir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

9. Læknishéraðasjóðir.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um læknishéraðasjóði (þm-frv., A. 32).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi fyrir tilmæli mín, en náði þá ekki fram að ganga. Hugsunin, sem liggur á bak við það, er sú, að fé það, sem áætlað er til launa embættismanna úti um landið, sé veitt héruðunum, sem þjónustu þeirra eiga að þiggja, en ekki embættismönnum persónulega. Þegar hérað er læknislaust, er því ekki við eigandi, að ríkissjóði sparist fé við það, heldur ber læknishéraðinu að fá launin eftir sem áður. En rétt þykir að binda féð á þann hátt, að það komi hér-aðinu til nota í þeirri sömu grein, sem það upphaflega var ætlað til, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Yfirleitt hefir þetta frv. fengið góðar undirtektir. Landlæknir hefir mælt mjög eindregið með því við þingið í fyrra, og um það hefir verið skrifað lofsamlega í Læknablaðið. Mér er einnig kunnugt um, að það hefir vakið talsverða athygli úti um landið og orðið vinsælt, einkum í þeim héruðum, sem verið hafa læknislaus eða óttast að verða það. Og nú, er til-svarandi ákvæði hafa verið sett í það um yfirsetukonurnar, mun því verða

Læknishéraðasjóðir. — Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

veitt enn almennari athygli. Alþingi eitt hefir brugðizt illa við frv. Á síðasta þingi var málinu vísað til nefndar, en svo einkennileg varð raunin á, að meiri hl. n. lagði til án alls rökstuðnings, að það yrði fellt, en Alþýðuflokksmaðurinn í n. mælti einn með því að það yrði samþ. Ég mælist til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hefi ekkert á móti því, að það fari til allshn., þar sem það var síðast, en vonast eftir, að hv. n. veiti því skjóta afgreiðslu og þannig, að okkur Alþýðufll. mönnum, sem engan fulltrúa eigum í nefndinni, gefist kostur á að tala við hana um málið.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

10. Rekstrarlánafélög fyrir báta- útveg og smáiðju.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju (þmfrv., A. 34).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi og var húið að afgr. það frá sjútn. þegar þingið var rofið, en nefndin var ekki sammála um, hvernig það skyldi afgr. Meiri hl. n. lagði til, að frv. yrði samþ., en minni hl. var aftur á móti klofinn. Vildi annar hluti hans vísa málinu frá með dagskrá, en hinn, þ. e. a. s. fulltrúi jafnaðarmanna, samþykkja það með töluverðum breyt.

Sá hlutinn, sem vildi vísa málinu frá með rökst. dagskrá, sagði, að undanfarnin ár hefðu lánsstofnanirnar verið svo eflidar, að þær myndu geta fullnægt landsmönnum um nokkur ár, og því taldi hann enga þörf á lánsstofnun fyrir

smábátaútveginn út af fyrir sig. Við í meiri hl. n. álitum þetta ekki rétt, sérstaklega þegar þess var gætt, að þegar hér voru samþ. lög um búnaðarbankann, þá var það mjög á haugi, hvort ekki myndi rétt að lána til smábátaútvegs og smáiðju, sem samfara væri sveitabúskapnum, en það var fellt með þeirri forsendu, að stj. ætlaði sér að gera sérstakar ráðstafanir viðvikjandi smábátaútveginum. Við flm. höfum þó ekki orðið varir við neina sérstaka breyt. frá því, sem þá var, nema ef telja skyldi að Íslandsbanka var breytt í Útvegsbanka, en um hann er nú það að segja, að hann mun hafa nóg á sinni könnu, þótt sérstök lánsstofnun sæi um þarfir smábátaútvegsins. Útvegsbankinn hefir orðið að taka við gömlum skuldbindingum Íslandsbanka og fullnægja þeim eftir því, sem lög standa til, og m. a. af því getur hann ekki bætt úr rekstrarfjárbörfinni, og eru því enn óuppfyllt þau loforð, sem hæstv. forsh. gaf á þinginu 1929.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, því að það hefir verið rætt töluvert undanfarið, en vil aðeins fullyrða, að smábátaútvegurinn á kröfu á því, að þingið sjái honum fyrir rekstrarfé, miðað við það, sem gert hefir verið fyrir aðrar atvinnugreirir í landinu. Að endingu vil ég sérstaklega benda á það, að hér er aðeins farið fram á að ábyrgjast lán frá ári til árs, en ekki til lengdar, svo að þar munar æðimiklu.

Ég vil mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr., og af því að sjútn. hefir áður haft um málið að fjalla, mun rétt að láta það ganga þá leið.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútn. með 16 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var útbýtt nál. frá minni hl. sjútn., á þskj. 327, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

11. Flugmálasjóður Íslands.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun Flugmálasjóðs Íslands (þmfrv., A. 36).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Frv. þetta er flutt í því augnamiði að létta svolítið á sjávarútveginum, eða réttara sagt sildarútveginum. Hann er nú svo nauðulega staddur, að full nauðsyn virðist vera á því, að honum sé gert nokkru hægara fyrir; en þetta er aðeins lítið skref í áttina.

Á síðasta vetri báru fulltrúar Norðlendinga á Fiskipínginu fram þá till. fyrir hönd norðlenzkra útgerðarmanna og sjómanna, að gjald það, sem hér um ræðir, væri með öllu niður fellt. Fiskipíngið vildi þó ekki gera það að sinni till., og er því þessi millileið farin, að lækka gjaldið um helming og fluginu verði haldið áfram þrátt fyrir þessa ívilnun. Ég veit, að hv. dm. geta orðið sammála um að veita þessum nauðulega stadda útveg þessa litlu ívilnun. Óska ég, að máli þessu verði að lokinni umr. vísað í fjhn. (ÓTh: Sjútvn.; þar hefir það verið áður). Ég get þá fallizt á það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., og til sjútvn. með 14 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

12. Tekju- og eignarskattur til atvinnubóta.

Á 4. fundi í Nd., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta (þmfrv., A. 43).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Þetta frv. er borið fram vegna þess óvenjulega ástands, sem nú ríkir í landinu. Heimskreppan hefir þegar gert allmikið vart við sig í atvinnulífi þjóðarinnar, svo að mjög hefir dregið úr framkvæmdum, bæði hins opinbera og einstaklinga.

Nú vinna færri menn en áður í þágu ríkisins við húsagerð, vegagerð og aðrar slíkar framkvæmdir. En einkanlega er munurinn mikill, ef miðað er við síðastl. ár, enda höfðu menn þá með höndum allan undirbúning alþingishátíðarinnar og vegagerð þá, sem af henni leiddi.

Að sama skapi hefir dregið úr framkvæmdum einstaklinga. Ennfremur húa atvinnuvegir vorir við svo þröngan markað og svo slæmar horfur, að það hefir kippt úr öllum framkvæmdum.

Af öllu þessu leiðir, að atvinnuleysi er meira nú en áður. Til samanburðar má geta þess, að atvinnuleysisskýrslur frá síðastl. ári, sem gerðar voru 1. febr., sýna, að þá voru skráðir 68 atvinnulausir menn í landinu, en 1. febr. á yfirstandandi ári voru þeir 1026. Hefir þá tala atvinnulausra manna 15-faldast á þessu eina ári.

Þessi stórkostlegi vöxtur hefir ekki numið staðar, heldur fer hann hraðvaxandi, og má því til glöggvunar nefna, að við skrásetningu 1. ág. í fyrra létu þeir menn skrá sig sem atvinnulausa. Nú hefir engin slík athugun verið gerð. En um miðjan júlí síðastl. létu verkamannafélagið Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur fara fram slíka skráningu, og komust að þeirri niðurstöðu, að 268 menn væru nú atvinnulausir í Rvík einni saman og þar af margir fjölskyldumenn. Ef miðað er við atvinnuleysisskráningu fyrra árs, má gera ráð fyrir, að í landinu sé tala atvinnulausra tvöföld tala þeirra manna, sem atvinnulausir eru hér í Reykjavík, eða á 6. hundrað. Ennfremur má búast við því, að margir komi ekki til skráningar, sökum þess, að þeir menn, sem hafa nokkra atvinnu, láta ekki skrá sig, og aðrir líta svo á, að skrásetningin hafi enga verulega þýðingu og muni ekki leiða til neinna atvinnubóta.

Það mun einsdæmi, að svona margir menn gangi atvinnulausir um hábjarg-ræðistimann, enda má gera ráð fyrir því, að þegar haustar að, verði þeir enn fleiri, og margir muni þá búa við verulegan skort eða jafnvel fulla neyð. Það virðist því fullkomin ástæða til að ráða bót á þessu óefni, með því að gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegar mættu þykja.

Það er alkunn reynsla, að hvert það fyrirtæki, sem stjórnað er með forsjá og hyggindum, leggur kapp á að afla sér varasjóða og tryggingarfjár. En á bak við atvinnuvegi landsmanna standa engir slíkir sjóðir, og þess vegna er það, að þegar á hjátar, kemst allt í uppnám og horfir til fullra vandræða, og þeir sjóðir, sem ýms atvinnufyrirtæki afla sér, ganga fljótt til þurrðar. Skortir mikið til, að þau orki því að bera atvinnuvegina yfir örðugleika kreppuáranna.

Ég hefi áður, við opinberar umr. um landsmál, minnst á þá nauðsyn, að stofnaður yrði varasjóður atvinnuveganna. Þessi sjóður ætti að fá tekjur sínar í góðærum sem atvinnu- og gróðaskatt. Og hlutverk hans yrði hið sama og fleygi-hjóls í aflvél, sem ber hreyfiarma hennar yfir dauða punkta.

Meðan engin slík trygging er fyrir hendi, virðist það vera sanngirnismál, að þeir, sem hlotið hafa afgangseyri í góðærunum, láti eitthvað af hendi rakna við þá menn, sem hafa ekkert borið úr býtum nema nauðpurftir sínar, og eiga í vændum skort og jafnvel hungursneyð, þegar vetrar að. Allur þorri hinna stritandi manna til sjávar og til sveita ber úr býtum aðeins nauðpurftir sínar, en er engu síður fullgildur og mikilsverður aðili í atvinnulífi landsins en hinir, sem við betri kjör eiga að búa.

Ég þykist vita, að þau svör muni koma við þessu frv., að það sé mjög iskygglegt að íþyngja atvinnuvegum vorum á þessum tímum, en þá er því til að svara, að í Reykjavík einni eru um 60 millj. kr. í skattskyldum eignum einstakra manna og félaga samkv. framtali þessa árs. Þessar eignir hafa smámsaman myndast við það, að sá afgangseyrir, sem orðið hefir á rekstri atvinnuveganna, hefir safnast í eigu tiltölulega fámennra stétta í landinu, annaðhvort sem beinn arður af at-

vinnurekstrinum, ellegar sem verzlunararður í hinum almennu viðskiptum. Það virðist því vera ekki einungis þjóðfélagsleg nauðsyn, heldur og sanngirnismál, að þeir menn, sem þannig hafa borið stærri hlut frá borði í starfi þjóðarinnar, láti nokkuð af hendi rakna til þess að afstýra fyrirsjáanlegri neyð.

Ég geri einnig ráð fyrir, að fram kunni að koma raddir um það, að frv. þetta gangi of skammt. En okkur flm. þótti rétt að fara gætilega af stað, þar sem um nýja stefnu er að ræða í frv. En hinsvegar erum við fúsir til samvinnu um mál þetta og vonum, að frv. nái fram að ganga, þótt það kunni að taka einhverjum breytingum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í einstakar gr. frv., en vil þó aðeins geta þess, að í 5. gr. er gert ráð fyrir hærri persónufrádrætti heldur en ákveðið er samkv. gildandi lögum, og er það gert vegna þess, að margir lita svo á, og það með fullum rétti, að frádrátturinn sé of lágur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta, en get látið mér nægja að visa að öðru leyti til þeirrar grg., sem því fylgir.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Í grg. þessa frv er lögð sérstök áherzla á það, hversu bágð ástand sé nú ríkjandi hjá atvinnuvegum vorum, og segir þar m. a.: „Hin alnenna viðskipta- og fjárhagskreppa, sem nú gengur yfir í öllum löndum, hefir komið niður á atvinnuvegum vorum og þjóðframkvæmdum og kippt mjög úr eðlilegum framkvæmdum. Húsasmiði er nú stórum minni en á undanförunum árum, vegagerðir sömuleiðis. Fiskafli hefir að visu verið mikill að vöxtum, en sala fiskjarins treg, það sem af er árinu. Loks eru mjög slæmar horfur um afkomu sildarútgerðar, enda útgerðin stórum minni en undanfarið, þar sem sildarbræðslustöðvarnar í landinu starfa sumrar lítið og sumar alls ekki. Auk þess þrengja erlendir keppinautar um veiðina kosti íslenzkrar útgerðar meira og meira með hverju ári sem liður“.

Seinna í grg. er svo komið fram með ráðið til að vinna bug á kreppunni, og það er að stofna varasjóð atvinnuveganna,

með því að leggja á atv.fyrirtækin skatt, sem miðaður er við ágóða, sem þau kunna að hafa haft á árinu 1930, þegar nú er orðið vitanlegt, að heildin af þessum atvinnufyrirtækjum er þegar búin að tapa þeim ágóða, sem um gat verið að ræða, og raunar miklu meiru. Það er ákaflega undarleg hugsanavilla, sem kemur fram hjá hv. flm. í þessari mótsögn á milli forsendanna og þeirra ályktana, sem af þeim eru dregnar. Ég get ekki stillt mig um að segja, að mér finnst það kaldhæðni örlaganna, að einn höfuðstuðningsmaður hæstv. stj., fyrrv. aðalritstjóri Framsóknarflokksins, hann skuli hefja sinn gang með því að flytja frv., sem hann telur sjálfur — eins og hann tók til orða — til þess að bjarga miklum meiri hl. þjóðarinnar frá hor, frv., sem fer fram á að aflað sé ríkissjóði til handa nýrra tekna, sem nema árlega að hans áætlun 360 þús. króna. Þetta er kaldhæðni örlaganna, segi ég, vegna þess að þessi hv. flm. hefir gerzt forsvarsmaður fyrir alla fjárbruðlun fyrrv. stj. Eins og honum er kunnugt um, þá hafa ríkistekjurnar árin 1928, 1929 og 1930 hækkað frá áætlun fjárveitingavaldsins í landinu, sem var 33 millj., upp í um 47—48 millj. Og á sama tíma hefir ríkisstj. aukið þær skuldir, sem ríkissjóður sjálfur á að standa straum af, um 12 millj. Alls hefir stj. haft á milli handa umfram það, sem ætlað var til eyðslu á útgjaldaliðum fjárl. í þessi 3 ár, 27 millj. króna. Alls hefir eyðslan numið á þessum árum 60 millj. króna. Og nú kemur sjálfur höfuðmálsvari þeirrar stjórnar, sem hefir þannig haldið á ríkisfé, og ber fram frv. um að íþyngja þeim atvinnurekstri landsmanna, sem hann sjálfur í grg. talar um, að sé í voða — íþyngja honum um 360 þús. kr. útgjöld á ári, sem hann játar, að sé neyðarúrræði, en telur hinsvegar nauðsynlegt til þess að bjarga hvorki meira né minna en meiri hl. þjóðarinnar úr voða.

Hefir þessi hv. flm. gert sér grein fyrir því, að ef ríkisstj. á þessum 3 árum hefði eitt 1/10 hluta minna en hún hefir eytt, þá hefði hún getað safnað ríkissjóði til handa það miklum sjóði, að 6% vextir af þeirri fúlgu — ekki 8—9%, eins og við borgum af erlendum lánum okkar — hefðu numið árlega 360 þús. kr., eins og

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

hann ætlast til að taka af landsmönnum með þessu frv.

Hefir hann gert sér grein fyrir því, að ef hæstv. ríkisstj. hefði eytt 3 aukum minna af hverjum 5 krónum, sem hún hefir eytt, þá hefði hún getað átt í sjóði 360 þús. kr., sem hefðu þá nægt til að inna af hendi hagsbætur þær, sem þessi hv. flm. í einfeldni sinni telur, að bjarga muni þjóðinni úr voða.

Ég veit, að ekkert af þessu hefir hv. flm. eða samflm. hans athugað. Ég veit, að þetta frv. ber eingöngu að skoða sem iðrun syndarans, játningu óhófsmannsins um það, að illa sé komið fjárhag ríkissjóðs, viðurkenningu þess, að hann vilji nú reyna að safna í kornhlöður, úr því að vanrækt var að gera það á góðu árunum. En það er ekki viturlega gert, að láta góðu árin liða hjá í eyðslu og athugaleysi, og vera svo í því öngþveiti og undanhaldi að þurfa að grípa til þess, sem hv. flm. sjálfur telur neyðarúrræði, að íþyngja þeim atvinnurekstri, sem hann telur í voða.

Ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. móti þessu frv. sem alveg gagnslausu til að bæta úr því ástandi, sem er í atvinnulífi manna. Ég greiði atkv. á móti því í fyrsta lagi af því, að ekkert hefir komið fram um það, að ríkissjóður geti ekki á þessu ári haft nægilegar tekjur til þess að halda uppi venjulegum og eðlilegum atvinnurekstri í landinu. Ég get upplýst það, sem hæstv. fjmrh. hefði átt að upplýsa við 1. umr. fjárl., að ríkistekjur hafa á fyrri hluta ársins í ár numið nokkurnvegin alveg því sama og í fyrra, og voru tekjur þá að ég hyggt hámarkstekjur, sem nokkurn tíma hafa verið ríkissjóði til handa hér á landi. Það mun ennfremur hafa verið athugað, hvert útlit er fyrir tekjur ríkissjóði til handa af tekjuskatti í ár. Eftir þeim fregnum, sem ég hefi heyrt, eru horfur á, að hann verði nokkurnveginn sá sami og seinasta ár. En Rvík hefir verið aðalgjaldstofninn að því er tekjuskatt snertir.

Það eru því líkur til þess, að tekjur ríkisins í ár verði það miklar, að ef stj. vill leggja niður þann vana að eyða ríkisfé í óhófi, þá séu fyrir hendi möguleikar án nýrra skattálagna til að inna af hendi venjulegar verklegar framkvæmdir í

landinu. Ég segi þess vegna: Ég er á móti þessu frv. Fyrst af því, að það er ekki upplýst, að það þurfi að afla ríkissjóði nýrra tekna, til þess að hægt sé að inna af hendi ekki eingöngu venjulegar verklegar framkvæmdir, heldur í jafnríkulegum mæli eins og á undanförnum árum.

Ég er á móti frv. í öðru lagi af því, að ég álit, að sú leið, sem farin er þar til skattaúka, sé óheppileg. alveg eins og hv. flm. sjálfur játar í grg.

Loks er ég á móti þessu frv. af því, að ég fyrir mitt leyti -- ég tala ekki fyrir hönd míns flokks -- er alls ekki ráðinn í því, hvort ég vil samþykkja nokkurn tekjuauka til handa núv. stj. og þingmeirihluta. Það fer að sjálfsgöðu nokkuð eftir því í mínum huga, hvernig stjórnarflokkurinn tekur í það mál, sem nú var barizt um við kosningarnar, hið alkunna mannréttindamál, kosningarréttinn í þessu landi.

Að lokum vil ég benda á það, að hv. flm. þessa frv. verða að gera sér ljóst, að hágar horfur ríkissjóðs -- ég játa, að horfurnar eru hágar fram undan -- eru það fyrst og fremst af því, að hudda skattborgaranna er tóm. Menn mega ekki halda, að það sé allsherjar þjóðráð til að bæta úr vandræðaástandi að leggja á nýja og nýja skatta. En fyrst og fremst eiga stuðningsmenn hæstv. stj. að kenna henni að fara betur með ríkisfé en nú hefir verið gert.

Héðinn Valdimarsson: Þetta frv. frá hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. ber gleðilegan vott um nýjan skilning hjá þessum hv. þm. og Framsóknarflokknunum yfirleitt á atvinnumálum þjóðarinnar.

Fyrir kosningarnar í vor höfum við jafnaðarmenn á öllum fundum bæði lýst því, hvernig ástandið væri að verða í landinu meðal verkalýðsins í sjóporpum og bæjum, og eins hinu, að það mætti búast við miklum örðugleikum næsta vetur. Þetta stafar ekki eingöngu af heimskreppunni, heldur af ráðstöfunum, sem stjórn Framsóknarflokksins hefir gert á undanförnum árum, sérstaklega síðasta ári, með því að eyða öllum peningum, sem í ríkissjóð hafa komið um-

fram áætlun, í stað þess að geyma féð til verri tíma.

Hér er verið að tala um það, að atvinnuvegirnir eigi að hafa varasjóð. En það er ekki talað um, að ríkissjóður eigi að hafa varasjóð. Það er gengið út frá, að ríkið eigi að eyða öllum sjóðnum, svo að þegar illa árar eigi að hverfa að atvinnuvegunum, sem enga varasjóði hafa. Ég hygg það hefði verið viturlegra af Framsóknarflokknunum -- og raunar Íhaldsflokknunum líka -- að ganga inn á frv. jafnaðarmanna á undanförnum þingum um jöfnunarsjóð ríkisins, sem yrði varasjóður ekki fyrir ríkisreksturinn eingöngu, heldur fyrir atvinnuvegina, þannig að ríkið kæmi með sína atvinnu þegar lítið er um atvinnu hjá einstaklingum. Það væri hyggilegra en að eyða öllu þegar bezt lætur í ári.

Þetta frv. ber vott um það, að þegar þessir hv. þm. koma inn á þing, eftir að hafa þagað við aðfinnslum jafnaðarmanna á fundum eða borið á móti þeim, þá krepptir ástandið svo að þeim, að þeir neyðast sjálfir til að koma með frv. um atvinnubætur. Ég skal lýsa yfir því fyrir hönd jafnaðarmanna, að við munum með ánægju taka í höndina á Jónasi Þorbergssyni og Ólafi Thors um það að gera atvinnubætur í landinu. En með þessu frv. er tekið slíkum vettlingatökum á málinu, að ég álit, að það komi ekki að gagni. Það þarf að fara allt aðra leið og róttækari, ef nokkurt verulegt gagn á að verða að. Nú verður borið fram frv. til atvinnubóta af hálfu jafnaðarmanna næstu daga, og sýnir sig þá, hvaða tökum við óskum að tekið verði á þessu máli. Það eru ýmis atriði í þessu frv., sem eru óhæf, t. d. að hæstv. stj. eigi að setja reglur um það, hvernig eigi að nota þetta fé, jafnvel þó að það sé að fengnum till. bæjar- eða sveitarstjórna. Við vitum, að þessi hæstv. framsóknarstjórn fer ekki eftir tillögum, jafnvel þótt hún sé skyld af fara eftir þeim. Þannig hefir einræðið sýnt sig á undanförnum árum. Eins er nauðsynlegt að taka fram um þau verk, sem vinna á. Við höfum ekkert traust á ríkisstj., hvorki í einu né neinu, sízt á því, hvernig hún muni láta vinna verk til atvinnubóta.

Á fundunum fyrir norðan. þar sem ég

var með sumum hv. þm., sem hér sitja, var því svarað þegar við jafnaðarmenn vorum með aðfinnslur út af aðgerðum stj., að það gerði ekkert til, þó að atvinnuleysi væri við sjóinn. Í þann streng var tekið á Hvammstanga og sagt, að ekki væri annað en að senda fólkið upp í sveit, og man ég ekki betur en Framsóknar-frambjóðandinn tæki undir það. En hann hefir ekki enn komið með frv. um að senda fólkið upp í sveit. Ætli mörgum kothóndanum mundi ekki þykja þröngt í húi, ef allir atvinnuleysingar væru sendir á sveitabæina? (HJ: Hefir þm. efnt loforð sitt að senda bóndanum vinnukraft?). Ég get sent honum tugi og hundruð manna, ef hann óskar, sem hann hefir ekki gert. (HJ: Óskaði hann ekki eftir því?). Hann hefir ekki endurtekið þá ósk. (HJ: Þarf að gera það oft?). Hann vildi ekki þá þegar ganga að þeim skilyrðum, sem ég setti um að taka fjölskyldumenn, og auk þess er mér kunnugt um, að hann á nógu erfitt með sjálfan sig og sína ómegð, þótt ekki hætist á. Á að skoða þessar framtökur svo, að hv. þm. V.-Húnv. neiti, að atvinnuleysi sé í landinu, eða að hægt sé að leysa vandamálið með því að senda menn í sveit? Þá eru tvær skoðanir komnar fram í flokknum. Önnur frá hv. þm. Dal., að gera þurfi alvarlegar ráðstafanir vegna atvinnuskorts, en hin frá hv. þm. V.-Húnv., að ekki þurfi annað en senda mennina í sveit. (HJ: Ég var ekki að efast um atvinnuleysið; ég spurði, hvort þm. hefði efnt orð sín).

Annars verð ég að segja það, að bæjaíhaldið á ekki síður sök á þessu en sveitaíhaldið, vegna þess að íhaldsflokkurinn hefir fúslega gengið inn á það að áætla tekjuupphæðir fjárl. miklu lægri en átti að vera. Það kann að vera svo, að tekjur ríkissjóðs hafi verið ennþá meiri en menn hafa húizt við, vegna þess hvernig fjárl. voru sköpuð.

Ég hefi komið með áskorun til núv. hæstv. fjmrh. og forsrh. um það að koma með skýrslu um það, hvernig afkoma ríkissjóðs hafi orðið síðustu 6 mánuði. Hún fékkst ekki. Væri svo, að tekjur ríkissjóðs séu töluvert meiri en ætla mætti eftir fjárl., þá er minni þörf fyrir aukafjárveitingu en áður. En samt álit ég þess alltaf þörf, og sérstaklega nauðsyn fyrir

þetta þing að binda hendur stj. um það, hvaða framkvæmdir hún tekur. Það verður að gera eitthvað, en ég hygg, að fáir menn vilji láta hæstv. stj. hafa einveldi í þeim málum.

Ég mun ekki skipta mér af, hvað verður um þetta frv. Við 1. umr. mun ég ekki greiða atkv. á móti því. Það kann og að vera, að þegar hv. flm. sjá frv. frá okkur, vilji þeir taka höndum saman við okkur, eins og í Tímanum stendur skrifað, og vil ég því ekki að svo stöddu leggja stein í götu frv.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Það hefði nú ekki komið neinum flm. á óvart, þótt þetta frv. mætti nokkrum andmælum frá hálfu hv. þm. G.-K og hótfyndni frá hálfu hv. jafnaðarmanna. Mér virtist hv. þm. G.-K. ræða mál þetta nokkuð út frá annari hlið en við ætlumst til, flutningsmennirnir. Mér virðist hann setja það í samband við ráðstafanir ríkisstj. og stjórnarfarið á undanförunum árum. Það er, eins og allir sjá, alveg ófrjótt í sjálfu sér að vera að ræða um það í sambandi við þessar ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, hvernig fé hefir verið ráðstafað á undanförunum árum; því að það fé, sem húið er að ráðstafa, verður ekki notað til að greiða úr þeim vandræðum, sem nú eru.

Viðvíkjandi rökunum fyrir því, að hér sé verið á ósanngjarnan hátt að ganga á hlut atvinnufyrirtækja í landinu, vil ég taka það fram, að þetta frv. er horið fram í því trausti á þegnskap Íslendinga, að þegar neyðin klappar á dyr hjá verulegum hluta þjóðarinnar, þeim, sem sízt hefir aðstöðu til að mæta áföllum, þá telji þeir menn sér skylt að hjálpa, sem eiga miklar eignir og geta nokkuð af mörkum látið. Hér er ekki verið að ráðast á einstaka atvinnuvegi, eins og mér skildist vaka fyrir hv. þm. G.-K. Hann talaði með viðkvæmni, eins og öllu væri stefnt á Kveldúlfssfélagið. En því fer fjarri. Ákvæði þessa frv. eiga að ná til allra, sem eitthvað geta af mörkum látið, innan þeirra takmarka, sem sett eru í frv. sjálfu, hvort sem þeir eru atvinnurekendur eða ekki.

Ég veit ekki til þess, að það hafi komið fram umkvörtun af hálfu jafnaðarmanna

Tekju- og eignarskattur til atvinnubóta.

undanfarin ár yfir því, að vinna væri of mikil í landinu. Þeir vissu frá ári til árs, hve miklu var varið til verklegra framkvæmda. Þeir vissu, að talsverðu af því fé, sem góðærið lagði í hendur stj., var varið til þess stærsta átaks, sem gert hefir verið til viðreisnar landbúnaði og atvinnuvegum landsins yfirleitt. En þeir gerðu engar umkvartanir. Það er nú fyrst eftir á, sem þessir hv. fulltrúar beggja flokkanna gerast svo vitrir. Þeir sögðu það ekki fyrr en heimskreppan kom, að nauðsynlegt hefði verið að fara varlega í framkvæmdir, sem þegar voru um garð gengnar. Þessi eftir-á-vizka þeirra hv. þm. er ekki alveg ný í veraldarsögunni og ekki heldur sérlega markverð.

Þá skal ég vikja að því atriði í ræðu hv. þm. G.-K., að hann kvaðst ekki mundi fylgja neinu frv. um tekjuauka fyrir rikissjóð. (ÓTh: Ég sagðist vera óráðinn í því). Virtist hann setja þetta mál í samband við annað mál því harla óskýlt — kjördæmaskipunarmálið. Ég veit ekki, hvort margir eru færir um að fylgja hv. þm. G.-K. í þeim hugsanaferli. Ég get það ekki. Ég get ekki sett þetta stóra mál, sem þarf að leysa nú þegar, í samband við eitthvert stærsta ágreiningsmálið, sem verður ekki leyst nema á nokkrum árum.

Þó að hv. 3. þm. Reykv. þættist þess albúinn að taka í hönd okkar í þessu máli, þá talaði hann með hæfilegri litilsvirðingu um þetta spor, sem við vildum stíga í þessa átt. Vildi hann, að við stigjum það eitthvað öðruvisi, t. d. á þá leið, sem gert muni ráð fyrir í frv. um jöfnunarsjóð ríkisins, sem jafnaðarmenn kvað ætla að bera fram. En afsakanlegt mun það talið, að við höfum ekki sniðið okkar ákvæði eftir ákvæðum frv., sem enn er óframkomið, jafnvel hversu gott, sem það kann að reynast. En þótt hugmyndin um slíkan sjóð sé góð, þá finnst mér hugmyndin um jöfnunarsjóð ríkisins ekki leysa málið til fulls. Því að þó að varasjóður sé bak við rikissjóð, þá er það ekki nema að hálfu leyti varasjóður bak við atvinnuvegi landsins. Og þegar kreppa er, þarf að lita til beggja handa, forðast að ganga of nærri atvinnuvegunum, en sjá þó lífi þjóðarinnar farborða á skynsamlegan hátt.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi ekki fela ríkisstj. málið og vantreysti henni á allan hátt til að framkvæma það réttilega. En ég get ekki skilið, hvernig hv. þm. ætlast til, að rikisstj. afsali sér íhlutunarrétti um þetta mál. Við getum ekki farið að skipa stj. að leggja braut á þessum stað og byggja brú á hinum staðnum. En auðvitað mun stj. láta framkvæma verkin í samráði við sína verkfræðinga, eins og vegamálastjóra, vitamálastjóra, lands-símastjóra o. s. frv. Hinsvegar er alveg rétt, að stj. ráðfæri sig við aðilja, sem vísir eru til að gefa henni holl og heil ráð um það, hverjir þurfi sérstaklega að njóta þessara atvinnubóta.

Jón Ólafsson: Þó að ég hafi hlustað á framsöguræðu hv. flm. og hans rök fyrir þessu máli, þá hefi ég ekki getað komizt að neinni heildarniðurstöðu í málinu, svo að honum sé það ljóst, hvað hann er að fara með. Með þessu frv. virðist eiga að draga úr höndum sveitar- og bæjarfélaga þá ábyrgð, sem þau hafa haft um það, að halda sínum íbúum við lýði, þegar eitt-hvað kreppir að. Ég er hræddur um, að þegar menn eru komnir inn á þá braut, að rikissjóður er farinn að skattleggja í þessu augnamiði, þá muni bæjar- og sveitarfélög hlífast við að skipta sér af þessum málum. Þegar hv. flm. talaði um skráning atvinnulausra manna 1930 sem rök, þegar ekki fékkst maður til að vinna nauðsynleg verk, þá sýnir það aðeins, að í skjóli opinberra ráðstafana hlífa menn sér við að vinna þessi og þessi verk, og svo í vetur réðust hópar manna að bæjarstj. og kröfðust vinnu fyrir sig og aðra. Það þekktist, að nokkrir af þeim mannskap voru komnir utan af landi, menn, sem höfðu eytt sínu kaupi, en heimtuðu svo vinnu og létu skrásetja sig. Hér á landi þykir það ekki neitt undur, þó að nokkrir séu atvinnulausir á þeim tíma, sem ekki er hægt að láta vinna nærri öll verk. En þetta hefir vanið fólk á að hugsa dálítið um hinn dauða tíma, og hugsa fyrir því, hvað við tæki. En það má búast við því, að menn fari að hætta að hugsa um slíkt, þegar verið er með þetta brölt hér og víðar og hróp um, að ríkið eigi að sjá fyrir mönnum, strax og þeir verða atvinnulausir. Þá er svo komið, að

sá slær, sem hlifa ætti í þessu. Þetta er einn vandræðahugsunarhátturinn, að láta hið opinbera ala önn fyrir sér. En það er við því að búast, að þeir menn, sem hafa verið á jötunni, séu því fylgjandi. En það væri slæmt, ef slíkur hugsunargangur kæmist inn á hvert heimili á landinu.

Það er margt í ræðu hv. frsm., sem þyrfti að svara. Það vantar ekki á slíku vandræðatímum, að skottulæknar og hómópatar komi með allskonar ráð, þegar búið er að koma einum atvinnuveginum í rústir, nefnil. sildarútveginum. Þá grípa menn til allskonar ráða, en það hjálpar ekki, þegar atvinnuvegirnir eru komnir í rústir. Þegar þessir menn eru búnir að eyðileggja sildarútveginn, þá koma þeir og hrópa á atvinnubætur. Og það er ekki nóg, að svona sé komið sildarútveginum, heldur eru einnig aðrar greinar atvinnuveganna á sömu braut, sökum óforsjálni þeirra manna, sem um það hafa átt að fjalla síðastl. ár. Þar sem hv. frsm. talaði um eignir, þá ætti hann að athuga, að þetta eru óarðberandi eignir, og þrátt fyrir það þó nafnverð þeirra sé margfaldað með 2. Það eru æðimargir, sem hafa ekki getað staðið straum af þessum óarðberandi eignum og hafa því orðið að láta þær af hendi. Ég er því hræddur um, að þetta fari dálítið utan hjá markinu. En hitt gæti vel komið til mála, að ríkisstj. hjálpaði sveitar- og bæjarfélögum til þess að komast út úr þeim kröggum, sem þau væru í í það og það skiptið.

Ég legg til, að málinu verði vísað til fjhn., því að ég álit, að vel megi athuga þetta mál og gera sér grein fyrir því, hvernig á að ráða fram úr vandræðum þeim, sem kunna að verða næsta vetur. En ég álit hinsvegar, að ekki sé útlit fyrir neyð í Reykjavík og nágrenni hennar næsta vetur og því sé engin þörf á miklu fjasi í þessu máli.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. var að tæpa á því, að sjálfstæðismenn væru samábyrgir í fjáreyðslu ríkisstj. Hann ætti heldur að leita að samábyrgðarmönnum meðal sinna eigin flokksmanna, því að sannarlega eru það jafnaðarmenn, sem hafa verið stuðningsmenn stj.

Andsvör hv. flm. gefa ekki tilefni til mikilla aths. Hv. flm. fannst of mikið rætt um fjáreyðslu ríkisstj. og sagði, að það væri ófrjótt mál. En það er sannarlega ekki ófrjótt mál að tala um fjáreyðslu ríkisstj., ef vera mætti, að hún sæi að sér. Því að ef tekjum ríkissjóðs væri vel varið, þá mætti hafa verklegar framkvæmdir án þess að skattleggja. Og ef umr. um eyðslu ríkisstj. mættu kenna henni að ganga á rétttri braut, þá væru þær sannarlega ekki ófrjóar. Hv. flm. segist ætlast til þess, að Íslendingar séu svo vel siðaðir, að þeir betur stæðu miðli þeim verr stæðu. Ég veit, að Íslendingar eru þess hugar, að þeir, sem afla meira, vilja miðla þeim, sem minna hafa. En það er nú hvorttveggja, að ekkert bendir á, að ríkissjóður geti haldið áfram verklegum framkvæmdum, og að frv. þetta er kák og ekkert annað. Auk þess er sá galli á frv., að það er ekki tryggt, að þeir, sem eru aflögufærir, greiði skattinn.

Hv. þm. talar eins og það væri Kveldúlfur, sem ætti að borga allan þennan skatt. En ég get frætt hv. þm. á því, að Kveldúlfur tapaði síðastl. ár 100—200 þús. kr. og eignarskattur sá, sem myndi lenda á honum, yrði því ekki meiri en sá, sem hann getur fengið samkv. skattalöggjöfinni. En ég vil segja þessum þm. það í eitt skipti fyrir öll, að ég lit ekki á mig sem málsvara Kveldúlfs á þingi, og það er alveg óþarft fyrir hann að vera með þesskonar dylgjur. En ef það vakir fyrir honum að láta þann gjalda, sem gjaldþolið hefir, þá væri miklu eðlilegra, að eignarskatturinn væri hærri, en tekjuskatturinn lægri. (**Jónas Þ.**: Ég mun styðja brtt. frá hv. þm.). Ég hefi sagt hv. flm., að ég mun ekki greiða atkv. með þessu frv. og ber ekki fram neina brtt.

Hv. flm. sagði, að okkur stjórnarandstæðingum væri ekki ljóst, að stj. hefði notað góðærið til viðreisnar atvinnuvegunum. En af þessum 26 millj., sem stj. hefir eytt, hafa í hæsta lagi farið 6 millj. til verklegra framkvæmda. Hv. flm. verður að gera sér ljóst, að þegar nýtt skattfrv. er borið fram, á hinu fyrsta kreppuári, þá er ekki nema eðlilegt, að menn rifji upp, hvernig farið hefir verið með fé ríkissjóðs. Hv. flm. minntist á, að ég vildi ekki samþ. tekjuaukal. nema útséð

væri um úrslit kjördæmaskipunarmálsins. Hv. þm. má þó skiljast, að stjórnarandstæðingar hafa aðstöðu til að synja stj. um aðstoð og fella hvaða mál, sem þeim sýnist, þ. á. m. tekjuaukann. Og það er ekkert óeðlilegt, eftir því sem á undan er komið, að þeir noti aðstöðu sína til að fella mál stj.

Magnús Jónsson: Í sambandi við þetta frv., sem fer fram á nýjan tekjuskatt til atvinnubóta, sem nemur 360 þús. kr., skal ég geta þess, að síðan hafa komið fram till. fjvn., þar sem lagt er til, að teknar verði upp verklegar framkvæmdir fyrir upphæð, sem nemur 200 þús. kr. meira en hér er farið fram á að afla. Ef hv. flm. hafa búizt við því, að fjárlögin yrðu svo steingeld, að ekkert fé yrði veitt til verklegra framkvæmda, þá ættu þeir nú í raun og veru að geta tekið frv. aftur. Það væri heppilegast fyrir þá sjálfa, að þessi lítið hugsaða smíð þeirra færi ekki lengra. Hv. fyrri flm. (JónasÞ) sýndi skilning sinn á málinu með því að tala um, að umr. um fjáreyðslu stj. væru óþarfar. Það hefði verið betra fyrir hann að standa upp og segja, að hann hefði ekkert vit á málinu. Það er vitanlegt, að sú kreppa, sem nú stendur yfir, stafar að mestu leyti að fjármálastjórn undanfarandi ára. Þótt ekki hefðu setið neitt vitrari menn í stjórn en þeir, sem verið hafa, en aðeins menn, sem ekki fóru út fyrir lög Alþingis, þá væru nú digrir fjársjóðir, sem hægt væri að nota til verklegra framkvæmda. Já, þá væri meira að segja atvinna landsins í blóma mitt á kreppuárunum. Það er því sannarlega ekki ástæðulaust að tala um fjárstjórn undanfarandi ára. Hv. þm. sagði, að það hefði ekki verið kvartað yfir framkvæmdunum á meðan þær stóðu yfir. Veit þá ekki hv. þm., að aðfinningar stjórnarandstæðinga hafa bókstaflega snúizt um eyðslu stj.? Meira að segja töldu þeir sjálfsagt, að kosningarnar snerust beinlínis um þessar framkvæmdir stj. En stj. þóknaðist að láta þær snúast um annað, sennilega af því að fjáreyðslan var litt verjandi. En mótstaðan hefir nú farið vaxandi, alveg eins og fjáreyðslan hefir farið vaxandi. Hv. þm. nefndi fjármálastjórn undanfarinna ára hið mikla átak

til viðreisnar atvinnuvegunum. Hv. þm. G.-K. sýndi fram á, að mikið af fénu fór til annars. Og nú er svo ástatt, að landbúnaðurinn, sem styðja átti, stendur eftir lamaður. Nei, ég held, að hv. flm. geri flokki sinum og stjórn engan greiða með því að segja, að hún hafi lyft atvinnuvegunum upp á við og gert þá sterka, þegar þeir verða að jata um leið í grg. frv., að atvinnuvegirnir séu gersamlega lamaðir. Sannleikurinn um hæstv. stj. er sá, að hún er eins og hinir „nýriku“, sem er svo prýðilega lýst í „Tímanum“. Hún hefir aflað fjárlins líkt og kjótkássubarón, varið því eins og kjótkássu-barón, og stendur svo eftir eins og allslaus kjótkássu-barón. Og síðan kemur ávöxturinn af þessu háttalagi: Hið vanhugaða frv. hv. flm. Og loks segir hv. 1. flm. eftir allt saman, að allt tal um fjármálastjórn undanfarinna ára komi þessu máli ekkert við!

Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hæstv. atvmrh. skuli alls ekki sýna sig hér í hv. d., þegar þetta mál er til umr. Og hæstv. fjmrh., sem ætti að vera málið skyldast, hefir rétt rekið hér inn nefið við og við, en ekki sagt eitt einasta orð. Það væri þó sjálfsagðast og eðlilegast, að hæstv. stj. hefði forgöngu við þessa umr. málsins. Hljóta þessar umr. því að verða marklausar að nokkru leyti, því ekki mætti minna vera en að hæstv. stj. skýrði frá því, hvort hún vilji nokkuð framkvæma í þessa átt eða óski yfirleitt eftir svona löggjöf.

Ég ætla þá að vikja nokkrum orðum að frv. sjálfu og sýna fram á, hve hörmullega lítið hv. flm. vita um það, sem þeir eru að fara með.

Þetta mál er ekkert óþekkt fyrirbrigði í heiminum; síður en svo. Í mörg undanfarin ár hefir atvinnuleysið verið sá höfuðóvinur í flestum löndum, sem valdið hefir mönnum mestum erfiðleikum og áhyggjum. Stjórnmalaflokkarnir hafa gert allt til þess að reyna að kveða þennan óvætt niður. Fjöldi nefnda hefir komið saman víðsvegar, aragrúi bóka og blaðagreina skrifaður um þetta af hinum færustu og lærdustu mönnum o. s. frv. Allt hefir verið gert til þess að reyna að komast út úr ógöngunum. Í fyrstu héldu menn, að það væri auðvelt mál. Ef t. d.

1000 menn gengju atvinnulausir, þá þyrfti ekki annað en að leggja á skatta og veita þessum mönnum svo atvinnu á kostnað hins opinbera. En svo þegar það var gert, þá stóðu oftast 2000 atvinnulausir eftir, og þannig hélt atvinnuleysið áfram að aukast. Það var eins og óvættirnir gömju, sem getið er um í fornum sögum. Væri eitt höfuð sniðið af þeim, þá voru samstundis komin tvö eða þrjú í staðinn.

Við síðustu kosningar í Englandi sigraði verkamannaflokkurinn, af því að menn héldu, að hann myndi geta bætt úr atvinnuleysinu. Flokkurinn myndaði stj. og valdi í hana mestu dugnaðarvíkinga, sem ekkert spöruðu til þess að herjast gegn atvinnuleysinu. En þrátt fyrir allar aðgerðir þeirra óx atvinnuleysið hröðum skrefum.

Nú er atvinnuleysið að hefjast hér hjá okkur. Og hvað er gert? Við ætlum að byrja á því stigi, sem aðrar þjóðir eru búnar að prófa margsinnis og jafnan hefir verið gagnslaut. Það er skottulækning, eins og hv. 1. þm. Rang orðaði það heppilega, að atla sér að leysa málið með því að leggja nýja skatta á þrautpinda atvinnuvegi landsmanna. Því hvað veldur atvinnuleysinu? Ekkert annað en það, að atvinnuvegirnir eru af ýmsum ástæðum orðnir svo lamaðir, að þeir geta ekki gefið öllum landsins börnum atvinnu. En hvaða vit er þá í því að leggja nýja skatta á atvinnuvegina til þess að bæta úr atvinnuleysinu? Það myndi aðeins leiða til þess, að tvö eða þrjú höfuð yxu fram á ófreskjunni í stað þess, sem sniðið var af. Ég furða mig á því, að hv. flm. skyldu ekki vakna af fávízkusvefni sínum, er þeir voru að skrifa grg. fyrir þessu frv. Þar er ástandið útmálað á hinn ömurlegasta hátt, og samt er lagt til, að lagðir séu á nýir skattar til þess að bæta úr neyðinni!

Hv. 1. flm. sagði í ræðu sinni, að eignir landsmanna næmu tugum milljóna, svo að ekki munaði neitt um það, þó að 360 þúsund kr. væru teknar í rikissjóð með sköttum. Þetta er hinn mesti misskilningur. Þrátt fyrir þessar eignir verða atvinnuvegirnir að starfa með millj. af útlendu fé. Það er sama, hvað hv. þm. nefnir háar upphæðir. Reynslan sýnir áþreif-

anlega, að atvinnuvegirnir geta samt ekki veitt öllum landsmönnum atvinnu.

Hinar smærri villur í frv. hverfa allar í skuggann af þessari reginfirru um skattálagninguna. Ég ætla því lítið að minnast á þær. Svo er t. d. um varasjóði þá, sem hv. flm. tala um. Þeir eiga að taka tekjur sínar í góðærum, en samt ætla hv. flm. að byrja að safna í þá í miðri kreppunni og harðærinu. Hv. flm. segja í grg., að hvert fyrirtæki eigi að kappkosta að eignast varasjóð til þess að mæta áföllum á krepputímum. Þetta segja hv. flm. til þess að reyna að telja mönnum trú um, að það sé einhver speki, sem þeir eru að fara með. Auðvitað er hverju fyrirtæki gott og nauðsynlegt að eignast varasjóð. En líkingin, sem hv. flm. draga af þessu, er alröng og þessu alveg óviðkomandi. Fyrst og fremst safna öll fyrirtæki í góðærunum, en þeir vilja byrja að safna í varasjóði á þeim tímum, sem ætti að taka úr þeim. Hvert heilbrigt fyrirtæki leggur sjálfst í sinn varasjóð, en hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur um almennan tekjuskatt á landsmenn. Þá verð ég að segja það, að mér þykir jöfnunarsjóðshugmyndin miklu betri, því hún felur þó í sér varasjóðshugmynd, enda þó ég geti ekki fylgt því frv., þar sem ég þekki aðra aðferð, sem ég tel miklu betri í alla staði, en hún er sú, sem hv. 3. þm. Reykv. benti á áðan í ræðu sinni: Það verður að binda hendur ríkisstj. Það er ráðið. — Ég og hv. þm. Borgf. munum leggja prófstein á hv. þm. í þessum efnum, og sá prófsteinn er brtt., sem við, sem erum minni hl. fjvn., berum fram við fjárlögin: Að taka stórfé frá á góðu árunum og leggja það til hliðar og geyma til hörðu áranna. — Þetta álitum við, að eigi að gera. Þetta ráð hefði dugað ágætlega á undanförunum árum. Það dugði ágætlega meðan íhaldsstj. sat að völdum. Þá var hægt að lækka skattana og auka framkvæmdirnar á vöndu árunum, enda þótt lítilsháttar tekjuhalli yrði á fjárl. Hið sama hefði mátt gera nú, hefði ekki setið að völdum stj., sem hagaði sér eins og kjótkássu-barón.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið að sinni. Ég hefi það fyrir reglu að hleypa frv. til n. og 2. umr., er þau koma fram í fyrsta sinn, en ef slíkt frv. sem þetta

kæmi fram þing eftir þing, þá myndi ég ekki kynoka mér við að leggja til, að það væri felld frá 2. umr.

Steingrímur Steinþórsson: Þeir þm. úr Sjálfstæðisflokknum hafa nú talað í þessu máli, en allir á ólíkan hátt. Einn þeirra, hv. 1. þm. Rang., hefir talað um málið með rökum og skilningi að mestu leyti, og væri mér ánægja að ræða við hann um málið. Hinir tveir, hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., hafa rætt um það með fullkomnu skilningsleysi á öllum sviðum.

Ég skal fyrst snúa mér að því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði í sinni löngu ræðu. Allur fyrri hluti hennar, um fjármála-stjórn undanfarinna ára, var nákvæmlega það sama og ég heyrði alla frambjóðendur og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins halda á þeim fundum, sem ég var á fyrir kosningarnar í sumar. Var því ekki að undra, þótt ræða þessi rynni liðugt upp úr hv. þm. Um fjármálin er alls ekki timi né tækifæri til þess að tala nú, en það mun verða gert síðar. En ég skal aðeins benda hv. þm. á það, að þjóðin hefir sjálf gefið svar í þessum efnum. Þrátt fyrir allt umtal stjórnarandstæðinga um fjármálaó-stjórn undanfarandi ára óx Framsóknar-flokknum mikið fylgi úti um landið í síðustu kosningum. Þjóðin skildi það fullvel, að það er fyrst á seinasta kjörtímabili að fjármagninu hefir verið beint út til allra atvinnuvega landsins, en ekki svo að segja einskorðað við einstaka atvinnuvegi, eins og áður var. Annars verða síðar ástaður til þess að ræða um þessi mál.

Síðari hluti ræðu hv. 4. þm. Reykv. var að mestu leyti ýmsar bollaleggingar um ástandið úti í heimi. Ég verð að segja það, að ég varð hissa á mótsögnunum hjá hv. þm., svo átakanlega stönguðust fyrri og síðari hlutinn í ræðu hans. Í öðru orðinu talar hann um heimskreppuna, sem teygir arma sína um heim allan, og einnig til okkar hér á Íslandi, og í hinu orðinu segir hann, að atvinnulíf landsins myndi nú standa í blóma, ef ekki hefði verið ill fjármála-stjórn á undanförunum árum. Hvernig getur verið blómlegt atvinnulíf, þegar kreppa er, og hvernig getur hestv. ríkisstj. átt sök á heimskreppunni? Þetta

er svo mikil meinloka, að mig furðar á því, að hv. þm. skuli láta slíkt frá sér fara. Þá segir þessi hv. þm., að atvinnuleysið sé hinn hættulegasti óvættur í öllum löndum, en þó heldur hann því fram, að atvinnuleysið hér sé illri fjármálastj. að kenna! Þessar rökvallur hv. þm. eru svo stórar og augljósar, að ég er viss um, að hvert fermingarbarn norður í Skagafirði hefði komið auga á þær.

Ég skal þá vikja örfáum orðum að ræðu hv. 1. þm. Rang. Hann talaði aftur á móti af nokkrum skilningi um málið, og er ég honum að sumu leyti sammála. Hv. þm. fann það að frv., að engin heildarhugsun væri í því. Áleit hann, að bæjarfélögin ættu að geta séð fyrir sínum verkamönnum án aðstoðar ríkisins. En reynslan hefir sýnt úti um allan heim, að ríkisvaldið hefir orðið að koma til skjalanna í þessum efnum. Bæjarfélögunum hefir orðið ofraun að leysa þessi mál nema með aðstoð ríkisins, og svo mun verða hér hjá okkur eins og annarstaðar.

Hv. 1. þm. Rang. sagðist ekkert setja út á það, þó að þetta frv. kæmi fram. Sýnir hann með því, að hann skilur nauðsyn þess að gera nú sérstakar ráðstafanir til þess að afstýra hættunni. Við flm. þessa frv. erum fúsir til þess að ganga inn á brtt. við frv. til samkomulags. T. d. gætum við gengið inn á það, sem hv. þm. G.-K. sagði, að hækka eignarskattinn, en lækka tekjuskattinn að sama skapi.

Ég er sammála hv. 1. þm. Rang. um það, að allar atvinnubætur séu tveggjað vopn, því að þær geta oft á tíðum orðið til þess að draga úr ábyrgðartilfinningu þeirra, sem í hættu eru staddir fyrir atvinnuleysi, svo að þeir verði síður vakandi um að fá sér vinnu og hjargast af án aðstoðar ríkisvaldsins. Og það er ekki ljúft fyrir mig eða aðra fulltrúa sveitanna að bera fram slíkt frv., meðan bændurnir verða að reka búskap sinn með tapi frá ári til árs. En ég vonast til þess, að þeir lifi af kreppuna án þess að ríkisvaldið þurfi að hlaupa undir bagga með þeim. En það verður örðugra fyrir fólkið við sjávarsíðuna að komast af í kreppunni, og verður því að stemma á að ósi og gera þegar ráðstafanir til þess að fleyta því yfir verstu örðugleikana. Og ég sé engin önnur ráð heppilegri en þau,

að þeir, sem mestar eignir eiga og hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu, leggi fram fé til þess, sem gera þarf. Það eru stóreignir hér í einstakra manna höndum, og þá fyrst og fremst í Reykjavík. Auðurinn hefir smátt og smátt dregið í einstakra, fárra manna hendur, og þeir geta vel lagt fram fé til þessara hluta, ef þeir vilja. Hitt er ekki nema eðlilegt, að fulltrúar þess flokks, sem berst fyrir hagsmunum þessara manna, sem bezta hafa aðstöðuna í þjóðfélaginu, séu á móti þeim ráðstöfunum, sem hér er farið fram á, að verði gerðar.

Hv. 4. þm. Reykv. fannst það einkennilegt, að við skyldum vilja byrja að safna í varasjóð í harðærinu. Þetta er einn miskilningurinn enn hjá hv. þm. Við flm. tölum alls ekki um að safna í varasjóð nú, heldur teljum við þvert á móti nauðsynlegt að gera nú þegar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr því mikla atvinnuleysi, sem blasir við framundan.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að frv. þetta væri kák eitt og einskis virði, og að jafnaðarmenn myndu leggja fram frv. til þess að bæta úr neyðinni, sem gengi miklu lengra. Þetta sýnir glöggð, að Framsóknarflokkurinn er milliflokkur í þjóðfélaginu, sem hvorki gengur of langt til vinstri, í áttina til jafnaðarmanna, né í áttina til íhaldsmannanna, sem hugsa aðeins um það að skara eld að köku þeirra manna, sem bezta aðstöðuna hafa í þjóðfélaginu. Þetta kom greinilega í ljós hjá hv. þm. G.-K. Hann taldi frv. þetta svo litilfjörlegt, að hann yrði móti því, að það fengi að ganga til n. Ég verð að segja það, að mér þykir það óviðeigandi, að þessi hv. þm., sem er einn af stærstu atvinnurekendum landsins, skuli ekki hafa meiri ábyrgðartilfinningu en svo, að hann setur sig á móti því, að það sé athugað, hvaða ráð eigi að hafa til þess að bæta úr neyðinni, þegar ástandið er jafnhörmulegt og hv. 4. þm. Reykv. lýsti því í sinni ræðu. En þetta frv. er borið fram í því trausti, að það séu ekki allir hér í hv. d., sem hugsa eins og þessi hv. þm.

Við flm. erum fúsir til þess að leita samvinnu við báða andstöðuflokkana til þess að finna aðrar heppilegri leiðir en þá, sem bent er á í þessu frv. og stefna að sama marki.

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

Jón Auðunn Jónsson: ¹⁾.... að það verði annað en Reykjavík og 2 eða 3 aðrir kaupstaðir, sem njóta góðs af þessum atvinnubótum frv. Ég býst við, að smærri kaupsbýur og sjávarþorpin fái að vera hjálparlaus, þó þau þurfi alveg eins og sízt minni hjálpar við en stærri kaupstaðirnir.

Ég man það, að það var mikið talað um þörf fyrir atvinnubætur í Hafnarfirði hér á árunum, á sama tíma sem Hafnarfjörður hafði yfir að ráða margföldum atvinnutækjum í hlutfalli við íbúatölu á móts við öll sjávarþorpin á Vestfjörðum.

Ég er sammála hv. 4. þm. Reykv. um það, að framkvæmd laganna eigi að vera þar, sem kunnugleikinn er mestur, en það er hjá sveitar- eða bæjarstjórnnum. Hitt, að það sé hlaupið undir bagga með bæjar- og sveitarstjórnnum til að auka og bæta atvinnuskilyrði, tel ég alveg sjálf-sagt. Ég hygg, að bezta leiðin til þess sé að styrkja atvinnuvegina, bæði til sjávar og sveita.

Eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um, hefir það orðið ofan á, að fjn. þessarar hv. d. leggur til, að aukið sé við fjárveitingar til verklegra framkvæmda um $\frac{1}{2}$ millj. kr. Ég er samþykkur því, en vil, að framkvæmdum sé hagað þannig, að nálega ekkert sé keypt til þeirra af útlendu efni. Atvinnubót, sem er mest vinna, er það, sem kemur að beztu gagni og gefur fólkinu tekjur.

Hv. 1. þm. Skagf. segir, að Sjálfstæðisflokkurinn sé kyrrstöðuflokkur. Það er ekki í fyrsta skipti nú, sem þetta hefir heyrzt, en það hafa fáir orðið til að trúa því. Andstæðingarnir halda þessu að vísu stöðugt fram, en því trúir enginn, sem hefir nokkra minnstu þekkingu á atvinnulífi þjóðarinnar. Þeir, sem hafa þekkingu á atvinnuvegum þjóðarinnar, vita það, að í þessum stærsta þingflokki landsins eru langflestir stærstu atvinnurekendur og mestu framkvæmdamenn (StgrS: Þingflokki?) landsins. Stærsta landsmálaflokkurinn er víst réttara að segja, þó hitt mætti til sanns vegar færa, þar sem hann ætti að vera stærsti þingflokkur um leið. — En þó þessir menn, fram-

1) Vantar upphaf ræðunnar. — J. A. J.

kvæmdamennirnir, séu duglegir, má vel svo fara, að þeir verði að draga saman seglin og jafnvel, að margir muni falla í þeirri baráttu, sem kreppan skapar. En sú barátta verður þeim miklum mun léttari, ef valdhafarnir ausa ekki út fé ríkisins í gáleysi.

Það er ekki ófrjótt mál og ekki ástæðulaust að benda á það, sem liðið er, í þessu sambandi, því ég hygg, að í því efni sem öðrum muni sú þekking duga bezt, sem við fáum af reynslu liðinna tíma. Við ættum að læra af óforsjálni og gapahætti í fjárstjórn ríkisstjórnarinnar undanfarin ár að haga okkur öðruvísi framvegis.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Það hafa nú risið hér upp 4 hv. þm. til andmæla, úr þeim flokki, sem að sjálfsögðu álíta, að ákvæði þessa frv. muni fyrst og fremst bitna á þeim.

Ég atla þá fyrst að heina örfáum orðum til hv. þm. N.-Ísf. Hann taldi, að grg. færi fjarri efni frv. Í grg. er að visu gengið nokkru lengra í skýringum á málinu en í frv. sjálfu, en það hefir nú stundum borið við áður í grg. mála. Í grg. er verið að leitast við að gera grein fyrir þeirri almennu nauðsyn, að stofna varasjóði til tryggingar atvinnuvegum landsins. Og ég get bent á, að ef slíkur sjóður væri til, þá gerði hann það ónauðsynlegt að gera slíkar örþrifaráðstafanir sem felast í frv. þessu.

Enda þótt þetta sé aðeins miðað við núv. ástand og ætlað til framkvæmda í haust, er það þó svo, að það er rétt spor í þá átt, sem bent er á í grg. frv. Og nauðsynin er nú sú sama, og engu minni, þó áður hafi verið gerðar ráðstafanir í þessa átt.

Hv. meðflm. minn hefir svarað ræðu hv. 1. þm. Rang. Ég þarf því ekki að fara langt út í ræðu hans. En ég vil minnst á eitt atriði, sem var ákaflega táknandi um hugsunarhátt stóratvinnurekenda í þessum málum. Það kom sem sé ljóst fram í ræðu hv. 1. þm. Rang., að þegar verkalýðinn ber upp á sker af því, að hann hefir borið minna frá borði atvinnurekenda en honum bar, og leitar svo til landsins um hjálp, hafa þessir hv. menn þá eina leið að vísa þeim á að

fara á sveitina. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri mjög varhugavert að taka af sveitunum skylduna til að sjá sínu fólki farborða og koma henni yfir á rikissjóðinn. Þetta er að visu rétt. En með þeim ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir, er ætlað til, að því fé, sem innheimtist samkv. frv., verði varið til að framkvæma þau störf í þjóðfélaginu, sem þarf að framkvæma, og sem síðar koma þjóðfélaginu sjálfu að liði. Það er ætlað til, að fyrir þetta fé verði unnin nauðsynleg störf, sem jafnframt hjálpi atvinnulausum mönnum til að komast yfir örðugleikana. En þegar um almennan sveitarstyrk er að ræða, er hann veittur sem fátækrastryrkur án þess nokkuð komi í aðra hönd. Mönnum er það hollara að vinna fyrir því fé, sem þeir fá, og reynslan sýnir, að fyrir það fé, sem varið er til styrktar sem framfærslufé, fæst ekki annað en það, að draga fram lífið, og verður það styrkþegunum sjálfum oft harmabrauð og þjóðinni allri óhaldkvæmara.

Hv. 1. þm. Rang. fór mjög litilsvirðandi orðum um frv. þetta. En ég get þó sagt honum og hv. 4. þm. Reykv. það, að þó við flm. þessa frv. höfum ekki látið mikið yfir því, þá er það þó spor í rétta átt. Ég mundi vilja fylgja hverju því frv., sem væri til bóta í þessu efni. En þetta er þó viðleitni, sem nú þegar tekur fram forsögu þeirrar stj., sem þessi hv. þm. bar fullt traust til fyrrum. Því ég veit ekki til, að þegar íhaldsstjórnin var við völd, þá hafi hún komið með nein úræði til að bæta úr atvinnuleysinu. Svo ef þetta frv. er ekki annað en skottulækning, þá hafa íhaldsmenn ekki einu sinni náð svo langt í viðleitninni að geta kallast skottulækna. (MJ: Þeir hafa ekki komið með neina skottulækning, svo þið eigið þá fyrirmynd, ef það er fyrirmynd, að gera það).

Ég er í raun og sannleika þakklátur hv. þm. K-K fyrir þau orð, sem hann lét falla í svarræðu sinni til mín um þetta frv. Hann benti á það, að það væri nær að taka meira af eignum, en minna af tekjum manna. Þetta var okkur flm. líka ljóst. En ég vil benda hv. þm. á það, að í frv. er gert ráð fyrir tiltölulega hærri skatti af eignum en tekjum. (ÓTh: Og

ég hefi nú lesið frv.). Það er nú líka hyggilegt að lesa þau frv., sem eru til umr. Ég er fús til að hækka skattinn af eignunum og lækka hann af tekjunum, og mundi styðja brtt., sem kæmi fram í þá átt.

Hv. þm. benti á, að ég hefði verið að heina að sér nokkrum bendingum um það, að hann kæmi fram sem fulltrúi Kveldúlfs hér í hv. d. Hann kvað nú Kveldúlf hafa tapað á síðasta ári og að hann myndi heldur ekki koma til að greiða tekjuskatt fyrir þetta ár. Hann væri því ekki að vinna fyrir Kveldúlf með því að benda á að leggja meira á eignirnar. En ég vildi nú mega benda hv. þm. á það, að enda þótt félög geti ekki fallið undir frv., þá hafa þó tekjur suðra manna, sem fyrir þau vinna, verið sæmilega miklar. Eftir því, sem hann segir, hefir Kveldúlfur tapað á síðastl. ári, en forstjórinn hefir þó getað byggt sér skrautlega „villu“ í hænum. Hann mundi því sennilega falla undir ákvæði þessa frv. og verða að leggja eitthvað af mörkum til atvinnubóta fyrir sjómenn og verkamenn þessa hæjar, sem lifa við atvinnuskort.

Ég ætla að leiða hjá mér þær hótanir, sem komu fram í ræðu hv. þm. G.-K. um, að þingmeirihl. myndi taka það ráð upp að stöðva öll mál fyrir stj. á þessu þingi. Lýsti hann að visu engum heimildum síns flokks fyrir þessari yfirlýsing. En þetta bendir á, að hv. þm. sé enn ekki skriðinn úr flatsænginni með jafnaðarmönnum, þar sem hann kunni svo vel við sig síðastl. vor og frægt er orðið.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á það, að brtt. fjvn., sem hún nú er búin að skila til þd., færu fram á að hækka um rúma hálfa millj. króna framlög til verklegra framkvæmda, og vildi láta okkur flm. þessa frv. taka það aftur. Ég get nú ekki séð, að þó fjvn. hafi gert þessar till., þá sé þess vegna ástæða til fyrir okkur flm. þessa frv. að taka það aftur, né að það sé þess vegna óþarft að gera þær ráðstafanir, sem þetta frv. fer fram á. Ég vil benda á það, að þó hv. fjvn. hafi horið fram sínar till., þá er öldungis óvíst um, að þær nái fram að ganga. Og þó þær verði samþ., þá yrði því fé, sem veitt væri samkv. þeim, varið til verklegra framkvæmda á

næsta ári, og kæmi því ekki að neinum notum á þessu ári. En þeir, sem lesa þetta frv., sjá, að það er ætlað til, að það komi til framkvæmda strax og eigi sér ekki lengri aldur en til ársloka 1931. Till. hv. fjvn. um ráðstafanir næsta ár geta því ekki orðið settar í samband við tilgang þessa frv. um atvinnubætur á þessu ári.

Hv. 4. þm. Reykv. fór tililsvirðandi orðum um vitsmuni mína. Ég skal nú ekki vera að deila við hann um það, hvor okkar sé gáfaðri, en ef dæma skal eftir þessum röksemdum hv. þm., skilst mér, að það gæti a. m. k. orðið álitamál.

Hv. þm. minntist á fjáreyðslu stj. á síðasta kjörtímabili. Það er nú ekki í fyrsta sinn, sem hann talar um það. En ef stj. hefði ekki varið miklu fé til alhliða viðreisnar landbúnaðinum og til að undirbyggja nýtt landnáam, þá er hætt við, að landbúnaðurinn stæði enn hallara fæti á þessum krepputímum. Það geta vist flestir orðið sammála um, að það lýsi ekki neinni víðsýni hjá hv. 4. þm. Reykv., heldur miklu fremur stjórnmálaglópsku, ef hann telur ekki þessar tilraunir vera neins virði, þótt ekki séu öll vandræði landbúnaðarins þar með leyst. Það fé, sem hefir verið varið til að byggja hús, leggja vegi, rækta jörðina, til kaupa á stórvirkari vinnutækjum, til alþýðumenntunar og til alhliða framfara, er eins og það fé, sem hefir verið lagt í sjóð og á að skila vöxtum. Þegar vér leggjum fé í að bæta landið til þess að gera lífskilyrðin betri, þá er það fé lagt á vöxtu framtíðarinnar. Og því fé, sem lagt er í gróandi sjóð jarðarinnar, mun hún skila aftur með vöxtum og vaxtavöxtum.

Haraldur Guðmundsson: Mig furðar mjög á því, hve hæstv. stj. virðist hafa litinn áhuga á þessu máli, að hæstv. forsrh., sem á að taka við þessum heimildarlögum, skuli ekki láta neitt til sín heyra. Mér væri þó forvitni á að vita, hvort ríkisstj. ætlar að nota þessa heimild, ef frv. verður samþ. (MJ: Þetta er bráðabirgðastjórn). Það væri alveg gagnslaust að vera að samþ. þetta frv., ef svo færi, að hæstv. stj. vildi svo ekki nota þá heimild, sem hér er farið fram á í þessu frv. Mér fyndist því viðeigandi, að hæstv. fjmrh. segði til um, hvort heimild-

arinnar verður neytt ef hún verður gefin. Annars verð ég að segja það fyrst um þetta frv., að nafnið á því er næsta ein-kennilegt. Það er fullkomið öfugmæli að tala þar um atvinnubætur. Það hittist nú svo á, að frv. kemur fram einmitt daginn eftir, að útbýtt hefir verið hér brtt. við fjárlagafrv. frá fjvn. þessarar hv. d., tillögum, sem sýna, að stj. og flokkur hennar ætlar að knýja fram at-vinnuspjöll, en ekki atvinnubætur. Og um þetta virðast bæði sveita- og kaup-staðaihaldið alveg sammála.

Eftir till. hv. fjvn. á að verja til verk-legra framkvæmda á næsta ári um $\frac{1}{2}$ millj. kr. Og í þessu frv. er gert ráð fyrir, að varið verði til atvinnubóta því fé, sem inn kemur samkv. því, sem gert er ráð fyrir, að verði 360 þús. krónur, eða alls til verkl. framkvæmda og at-vinnubóta um 850 þús. kr. Svo leyfa hv. flm. sér að kalla þetta atvinnubætur. Þegar við tölum um atvinnubætur, sem svo eru kallaðar, þá verðum við að líta á það, hversu mikilli vinnu ríkisstj. hefir hald-ið uppi á undanfórnum árum; atvinnu-bætur eru það, ef atvinnan er aukin, at-vinnuspjöll, ef hún er minnkuð. Eftir að hafa flett upp í hinni skrautlegu og dýru bók, sem nefnd hefir verið „Verkin tala“ og sem hér liggur fyrir framan mig, þá er það fljótséð, að hér er síður en svo um atvinnubætur að „tala“. Þar segir svo: Árið 1930 var varið til vegalagninga 2 millj. 125 þúsund krónum, ennfremur til símalagninga 900 þús. krónum, og loks til vitabygginga 182 þús. krónum. Loks enn-fremur til bryggjugerða og þess háttar 88 þús. króna. Samtals verður þetta þá til nýbygginga 3 millj. og 300 þús. krón-ur, og er þá ótalið allt hið mikla fé, sem varið hefir verið til skólabygginga og ýmsra annara opinberra bygginga, bæði í Reykjavík og víðsvegar úti um allt land. Það má því telja fullvíst, að það, sem lagt hefir verið fram til verklegra framkvæmda á árinu 1930, hafi ekki verið undir $4\frac{1}{2}$ —5 millj. króna. Árið 1930 var gott atvinnuár, svo hér var ekki um nein-ar atvinnubætur að ræða. En það er allt útlit fyrir, að árið 1932, eins og árið 1931, verði mjög rýrt í tilliti til atvinnu manna. Og það er viðurkennt, að það þurfi að bæta úr ástandinu. Og hvernig á svo að

bæta úr þessu? Í stað $4\frac{1}{2}$ —5 millj., sem notaðar voru til verklegra framkvæmda á síðastl. ári, á nú samkv. fjárlagafrv. og þessu frv. að verja 860 þús. kr. í sama skyni. Og þetta kalla svo hv. flm. at-vinnubætur! Ég er alveg undrandi yfir, að flokkur hæstv. stj. skuli leyfa sér að bera fram slíkt frv. sem þetta, og kalla það svo atvinnubætur. Að lækka fjár-veitingar til opinberrar vinnu um fast að $\frac{4}{5}$ hlutum heitir á þeirra máli atvinnu-bætur. (Forsrh.: Við höfum alltaf verið skammaðir fyrir að hafa unnið of mik-ið). Ætlar þá hæstv. ráðh. að draga úr vinnunni nú, til að bæta úr atvinnuleys-inu? Það er auðvitað betra en ekkert að fá þessar 360 þús. til framkvæmdar opin-berri vinnu. En að kalla það atvinnubæt-ur, miðað við þær framkvæmdir, sem ríkisstj. hefir haft með höndum undan-farin ár, það nær vitanlega ekki nokk-urri minnstu átt. Þvert á móti. Ríkisstj. er sá atvinnurekandinn, sem mest eykur á kreppuna, sá atvinnurekandinn, sem mest dregur saman seglin, mest eykur á vandræðin og atvinnuleysið, ef fjárl. verða samþ. eins og frv. er nú. Ég þekki engan annan atvinnurekanda, sem hefir dregið svo saman atvinnurekstur sinn, án þess að gjaldþrot hafi neytt hann til þess, að hann hafi sagt upp $\frac{1}{2}$ hlutum þeirra manna, er hjá honum hafa unnið. En eftir því, sem fyrir liggur, má ætla, að hæstv. ríkisstj. segi nú upp $\frac{1}{2}$ hlutum af sínum verkamönnum. Og svo leyfir hún sér að kalla það atvinnubætur.

Hæstv. stj. mun hafa lýst því yfir, að tekjur ríkissjóðs hafi orðið nær því hin-ar sömu og árið 1930 fyrstu 5 mán. þessa árs. Eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði, óska ég að fá nánari skýrslu um þetta frá hæstv. fjmrh. Og ég óska að fá sérstak-lega upplýst, hversu mikið ríkið átti í sjóði við síðustu áramót. Eftir þá lýs-ing, sem hv. 1. flm. þessa frv. gaf hér áðan á því ástandi, sem sennilega yrði hér í haust, er það furðulegt, að hann skuli kinnroðalaust geta borið fram frv. um að bæta úr því ástandi með — segi og skrifa — 360 þús. krónum. — Hann hlýtur þó sjálfur að sjá og viðurkenna, en slíkt er sem dropi í hafið.

Til viðbótar þeim upplýsingum, sem ég bað um áðan, vil ég biðja hæstv. fjmrh.

að gefa mér upplýsingar um, hvað ríkið átti í sjóði 1. jan. þ. á. og hvað mikið það átti í sjóði 1. júní síðastl. Það er í raun og veru ómögulegt að tala í alvöru um fjármál og skattamál, þegar ekki er hægt að fá að vita, hvernig hagur ríkissjóðs er. Ég vildi gjarnan fá að vita, hvort bráðabirgðayfirlitið, sem hæstv. þáv. fjmrh. gaf í vetur, hefir reynzt rétt. Ef trúa má því, sem skrifað stendur í „Verk-in tala“, þá hefir á vegamálunum einum saman skakkað 600 þús. krónum, sem sá liður er talinn hærri í þeirri ágætu bók en í bráðabirgðayfirlitinu. Og það kann að vera, að það séu einhverjar fleiri álíka smávægilegar skekkjur í því.

Ég vil svo biðja hæstv. fjmrh. að gefa mér hinar umbeðnu upplýsingar áður fjárl. koma til afgreiðslu.

Hv. 1. flm. gat þess, að fullt útlit væri fyrir, að meiri hluti þjóðarinnar yrði að búa við neyð næsta vetur, ef eigi yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir. Og úrræðin, sem þessi hv. þm. kemur með til að forða fólki frá þessari neyð, eru -- 360 þús. kr. til atvinnubóta um leið og verklegar framkvæmdir ríkisins eru skornar niður að fjórum fimmtu hlutum. Þetta er alveg furðulegt fyrirbrigði. Ég veit ekki, hvað veldur því, að hv. þm. gengur svona skammt, úr því að honum er svo ljóst ástandið sem hann segir. Sennilega er það af því, að hann telur, að ekki sé hægt að fá meira fé. Hann gat þess í ræðu sinni, að á krepputímum yrði að nota getu hinna efnaðri borgara til að hjálpa hinum, sem ættu í vök að verjast. En samkv. frv. er þó ekki gengið nær getu hinna efnaðri borgara á þessum krepputímum en svo, að maður, sem hefir 20—28 þús. kr. árstekjur, á að greiða af þeim til atvinnubóta 400 kr. í eitt skipti fyrir öll. Meira telja sjálfsagt hv. flm., að sé ómögulegt að láta mann með þessum tekjum blæða í þessu skyni, jafnvel þótt neyðin standi við þröskuldinn hjá meiri hluta þjóðarinnar, samkv. þeirra eigin orðum. Það þarf talsverð brjóstheilindi til að bera slíkt kinnroðalaust fram.

Hv. flm. sagði, að gjaldgetan væri ekki mikil. Það er ekki rétt. Skattskyldar eignir hér í Rvík eru nærfellt 60 millj. kr. En í því sambandi skiptir það og miklu máli, hve lengi þessi fjárstofn hefir verið að

myndast og hve kostnaðarsamt hefir verið að afla hans. Nú er það staðfest af opinberum skýrslum, að skattskyldar eignir hér í Rvík hafa aukizt frá 1926 úr 37 millj. upp í 59 millj., eða m. ö. o. um 22 millj., séu framtalsskýrslur réttar. Þessar eignir hafa auðvitað einkum myndast þar, sem féð var fyrir áður, og bendir það til þess, að eignir manna hafa gefið góðan og fljóttekinn arð á undanförunum árum, svo að eftir því að dæma virðist ekki gengið mjög nærri mönnum. Þótt af þeim, sem hafa 28 þús. í árstekjur, séu teknar 400 kr. í eitt skipti fyrir öll. A. m. k. væri hægt að búast við róttækari till. af þeim, sem þykjast sjá, hve alvarlegt ástand er framundan.

Vitanlega þarf margvislegar ráðstafanir til þess að gera 80—90% af þjóðinni auðveldara að þola afleiðingar kreppunnar. Fyrst og fremst þarf að sjá um, að sem fæstir svokallaðir sjálfstæðir smátvinnurekendur flosni upp vegna hennar. Að því getur stjórn og þing stuðlað með breyttri löggjöf, enda liggja nú fyrir þinginu frv. um það efni. En þrátt fyrir það hlýtur mikill hluti verkafélagsins að vera á flæðiskeri staddur. Honum verður að hjálpa með því að drýgja kaupgetu hans og stuðla að því að draga úr dýrtíðinni, í hvaða mynd sem hún birtist. En það úrræði, þótt framkvæmt yrði, kemur þeim þó ekki að haldi, sem enga peninga og enga kaupgetu hafa. Þeim verður að hjálpa með atvinnu eða atvinnuleysisstyrkjum. Bæði ríkið og héraðssjóðir verða að veita þessa hjálp, og ríkið verður að hjálpa þeim héraðssjóðum, sem ekki geta staðið straum af atvinnubótunum sjálfir. með lánum eða ábyrgð. Fari svo, að atvinnubótavinna borgi sig ekki fullkomlega, verður ríkissjóður að borga mismuninn. Og auk alls þessa verður ríkissjóður að halda uppi meiri vinnu en undanfarin ár. Annað væri hrein og bein atvinnuspjöll.

Hin hlið málsins er sú, hvernig mæta eigi þeim skuldbindingum, sem af þessu leiðir. Hv. 1. flm. þessa frv. er sjálfur í fjvn. og veit, hversu örlát stj. og fjvn. eru á fé í þessu skyni. Frv. hans til að bæta út ástandinu er því næstum því grátskoplegt, þótt tilgangurinn sé án efa góður. Ég vona, að viljinn sé eins góður og grg. frv.

bendir til, en ekki jafnlitilfjörlegur og frv. sjálft bendir til.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Seyðf. spurði, hvort stj. myndi nota sér þá heimild, sem felst í frv. Ég geri ráð fyrir, að þeirri spurningu verði betra að svara við síðari umr. málsins. En ég get þegar sagt, að frá mínum bæjardýrum séð er sú hugmynd, sem fram kemur í frv., að nota eigi getu hinna efnaðri einstaklinga á krepputímum til að létta undir með þjóðarheildinni, góð og réttmæt, og myndi ég því hafa mikla tilhneigingu til að nota mér þessa heimild.

Annars er rangt af hv. þm. Seyðf. að einblína á þetta eina frv., eins og það sé hið eina, sem fram er komið til að mæta afleiðingum kreppunnar. Það er fjöldi margt annað, sem gert verður, t. d. til að styðja framleiðsluna. Þannig mun verða reynt að forða bændum frá afleiðingum grasbrestsins í sumar, sjómenn studdir til þess að koma út ísvörðum fiski og ýmislegt fleira. Hér þarf mörg átök, og er ekki nægilegt að heimta, að ríkissjóður leggi fram 5 millj. króna til að láta vinna fyrir. Það er full ástæða að minnast á það hér, að barátta jafnaðarmanna hér á landi hefir til þessa verið allt of einhliða kauphækkunarbarátta á flestum stöðum, en of lítið verið gert til að búa í hagin fyrir fólkið að öðru leyti, þótt það hafi verið gert sumstaðar, eins og á Ísafirði. (HV: Hvar hefir verið einhliða kauphækkunarbarátta?). T. d. í Reykjavík. Hv. 3. þm. Reykv. hefir séð þetta sjálfur, er hann ætlaði að stofna kaupfélag hér í bænum, sem að visu fórst fyrir, og má um það kenna bæði honum, mér og öðrum. En mig furðar á því, að jafnaðarmenn skuli ekki hafa tekið þessu frv. betur en raun hefir á orðið. Þeir eru fullir úlfúðar, þegar þeim býðst útrétt hönd, sem vill hjálpa þeim til að bæta úr ástandinu. Slikt er í meira lagi ein-kennileg og óhagsýn pólitik, og gefur jafnvel ástæðu til að efast um, hvort hugur fylgir máli hjá þessum hv. þm.

Hv. þm. Seyðf. lét svo um mælt, að ekki hefði verið þörf á opinberri vinnu til atvinnubóta árið 1930. Mig minnir, að kvæði þó nokkuð við annan tón í Alþýðubl., sem hv. þm. var þá ritstjóri að. Aldr-

ei hafa verið háværarir raddir um atvinnubætur en einmitt seinni hluta ársins 1930. Fundahöld og áskoranir um atvinnubætur voru daglegir viðburðir. Hv. þm. sagði ennfremur, að $\frac{4}{5}$ þeirra manna, sem undanfarið hefðu unnið í opinberri vinnu, hefðu verið reknir burt. En því er til að svara, að það, sem af er þessu ári, hafa verið „normal“ framkvæmdir af hálfu hins opinbera. Í fjárl. fyrir 1930 voru áætlaðar litlar opinberar framkvæmdir eins og þau voru lögð fyrir þingið. (HG: En þau fjárlög, sem voru afgreidd?). Það er nú ekki búið að afgreiða ennþá fjárlögin fyrir 1932. Fjvn. hefir þegar komið með allverulegar hækkunartill. Annars álit ég, að ríkið verði að ýmsu leyti að haga sér eins og hagsýnn einstaklingur myndi gera: að nota góðærin til framkvæmda, en kippa fremur að sér hendinni, þegar harðnar í ári.

Hv. þm. Seyðf. var að heimta skýrslur um hag ríkissjóðs. Því var lýst yfir við 1. umr. fjárl., að þær skýrslur myndu koma, er fjárl. yrðu lögð fram til 2. umr., og svo mun verða gert.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hv. 2. flm. þessa frv. sagði, að hv. 1. þm. Rang. hefði talað af miklu viti um þetta mál. Sjálfur vitnaði hann þó ekki til annara ummæla hans en að hann hefði sagt, að í frv. væri engin heilsteypt hugsun. Þetta hefir hv. 2. flm. sjálf sagt séð, að er rétt. Hv. 1. flm. vitnaði líka í hv. 1. þm. Rang. um tvennt; sagði, að hann hefði bent verkafólki á sveitina og farið lítilsvirðandi orðum um frv. og talið það kák eitt. Mega andstæðingar frv. vel við una, að þetta sé talið skynsamlegt, en svo verður að teljast, að hv. flm. áliti. úr því að þeir tilfæra ekki annað.

Hv. 2. flm., sem kvað vera skólastjóri við bændaskóla. kvaðst gjarnan vilja flytja frv. til að styðja verkamenn í kreppunni. Því að svo væri guði fyrir að þakka, að bændur kæmust af án aðstoðar hins opinbera. Það er furðulegt, að bændaskólastjóri skuli fara með aðra eins reginfirru. Bændurnir hafa ekki komizt gegnum góðærin undanfarið án ríkissjóðsstyrks, sem ég er engan veginn að telja eftir, og þá má nærri geta, hvort

þeir komast af án styrks í hallærinu. Svo dapurlega sem nú horfir fyrir sjávarútvegnum, þá er þó enn svartari blika í lofti yfir landbúnaðinum: hækkandi kaupgjald og hriðlækkandi afurðir. Það er því undravert gáleysi af bændaskólastjóra að segja, að einmitt nú sé óhætt, að ríkissjóður sleppi hendi af bændum. Þeim, sem ekki vegur orð sín betur en svo, ferst ekki að bregða öðrum um ábyrgðarleysi, þótt þeir leggist á móti þessu vitlausa kákfrv.

Það útgerðarfélag, sem ég er við riðinn, hefir í sumar lagt út í áhættusaman atvinnurekstur, sem fyrirsjáanlegt er, að getur engan gróða gefið, heldur vist tap. Og þetta félag geldur verkafólki sínu við þennan atvinnurekstur mun hærri upphæð í sumar en „atvinnubótafrv.“ þessara hv. þm. gefur af sér. Það var ekkert annað en ábyrgðartilfinning mín fyrir afkomu verkalýðsins, sem olli því, að Kveldúlfur gerir út togara sína og starfrækir sildarverksmiðju sína í sumar með vissu tapi framundan. Og að því athuguðu lýsi ég yfir því, að ég vil ekki sæta ávítum manns eins og hv. 1. þm. Skagf. fyrir ábyrgðarleysi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 296).

Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 5 atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Fjhn. hefir klofnað í þessu máli. Minni hl. leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga, a. m. k. ekki á þeim grundvelli, sem það er á nú, en meiri hl. leggur til, að það verði samþ. með allmiklum breyt. Þó hefir einn nefndarmanna úr meiri hl., hv. 1. þm. N.-M., fyrirvara um einstök atriði málsins.

Það er engin þörf á að tala langt mál um frv. og brtt. meiri hl. Get ég að mestu vísað til nál. á þskj. 296 viðvikjandi þeim breyt., sem meiri hl. hefir gert á frv.

Meiri hl. n. var það ljóst, að einhverjar

ráðstafanir þyrfti að gera nú þegar til þess að draga úr því atvinnuleysi meðal landsmanna á komandi vetri, sem sjáanlegt er, að verða muni í allríkum mæli víðsvegar um landið. Þetta mun og álit annara þingflokka, því að till. um fjárfraðlög í þessu skyni hafa komið frá þm. úr öllum flokkum. Tveir hv. þm. úr Sjálfstæðisflokknum báru fram till. við 2. umr. fjárl. um hálfa millj. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum og kaupsíðum á komandi vetri. Þá hafa hv. jafnaðarmenn komið fram með mikið frv., þar sem gert er ráð fyrir geysimiklum framlögum til þess að ráða bót á atvinnuleysinu. Það er þannig víst, að sú skoðun er ríkjandi innan allra þingflokka, að einhverra ráðstafana sé þörf í þessu skyni.

Við framsóknarmenn í þessari hv. d. gátum ekki gengið inn á till. hinna tveggja sjálfstæðismanna, hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., þar sem tekjuhalli hefði orðið á fjárl., hefði hún verið samþ., nema nýr tekjustofn kæmi á móti.

Breyt. þær, sem meiri hl. n. hefir gert á frv., felast aðallega í tvennu: Í fyrra lagi er gert ráð fyrir hærri tekjum en áður, og í síðara lagi eru sett nánari ákvæði um ráðstöfun fjárlagsins. Meiri hl. leggur til, að álag á eignarskatt verði hækkað úr 100% upp í 150% og að lágmark hinna skattfrjálsu eigna lækki úr 30 þús. kr. niður í 20 þús. kr. Meiri hl. ætlar, að þessi breyt. muni gefa um 100 þús. kr. auknar tekjur frá því, sem nú er ákveðið í frv. Þá er einnig lagt til, að áfengistollurinn sé hækkaður um 50%, og sé þeirri aukningu varið samkv. ákvæðum þessa frv. Tollur þessi hefir á undanförunum 5 árum numið um 580 þús. kr. til jafnaðar. 50% álag myndi því nema um 290 þús. kr. að öllu óbreyttu, en þar sem ætla má, að allmikið dragi úr notkun vína, bæði vegna hækkunar tollsins og vegna kreppunnar, þá hefir meiri hl. n. ekki áætlað þessa tekjuaukningu hærri en 180 þús. kr. á ári, eða 100 þús. á þeim tíma, sem frv. nær yfir. Er þetta eflaust mjög varlega áætlað, því verði tekjuaukning þessi ekki meiri, þá dregur mjög mikið úr áfengisnautn miðað við undanfarin ár. Væri það auðvitað mjög gott út af fyrir sig, að þetta ákvæði yrði til þess að minnka áfengisnautnina í landinu. Á-

fengistollurinn er einmitt bezt fallinn til hækkunar, þar sem hann hvilir ekki eingöngu á óþörfum varningi, heldur einnig á skaðlegri vöru: hinum áfengu drykkjum. Með þessari viðbót gerir meiri hl. ráð fyrir, að á þennan hátt muni fást um 560 þús. kr., sem hægt sé að verja til atvinnubóta.

Þá leggur meiri hl. til, að gegn framlagi ríkissjóðs komi tvöfalt framlag frá sveitar- og bæjarfélögum, sem þörf hafa fyrir atvinnubætur. Þetta ákvæði verð ég að telja réttlátt og sjálfsagt. Skyldan til þess að sporna við atvinnuleysi hvilir fyrst og fremst á héruðunum sjálfum. Þegar því ríkið veitir þeim styrk í þessu skyni, vegna hins óvenjulega ástands, þá er ekki nema sjálfsagt, að þau leggi fram a. m. k. tvöfalt framlag á móti. Leggi nú héruðin fram tvöfalt tillag á móti ríkinu, þá verður það rúmlega 1,6 millj. kr., sem hægt verður að verja til atvinnubóta.

Ég býst við því, að ýmsir muni halda því fram, og ef til vill með réttu, að ýms bæjarfélög séu svo stödd, að þau séu ekki fær um að leggja þær upphæðir fram til atvinnubóta innan sins umdæmis, sem brtt. við frv. gera ráð fyrir. Þetta má vera rétt að einhverju leyti, en á hitt má þó benda, að fáir sveitar- eða bæjarfélögin þessi framlög frá ríkinu. Þá myndi vera auðvelt fyrir þau að fá lán til þess að standast sinn hluta kostnaðarins við það að reyna að bægja á burt þeirri ógæfu, sem atvinnuleysið er.

Þá leggur meiri hl. n. til, að skipuð verði sérstök þriggja manna atvinnunefnd, til þess að vera ríkisstj. til aðstoðar við framkvæmd þessara mála. Það getur auðvitað orkað tvímælis, hvernig n. skuli skipuð, en meiri hl. hefir lagt til, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn manninn, hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög annan og ríkisstj. hinn þriðja. Það er þó komið svo að orði í þessari till., að bæjarstj. Reykjavíkur skuli skipa einn manninn, og er það vegna þess, eins og tekið er fram í till., að geri ekki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélag kröfu til þess að hafa mann í n., þá skuli fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur eiga þar sæti. Eins og gefur að skilja, getur verið erfitt fyrir héruðin viðsvegar um landið að hafa fulltrúa í nefndinni, en þau

hafa rétt til þess, eins og ég tók fram áður.

Við sáum ekki ástæðu til þess að setja tæmandi fyrirmæli í frv. um það, hvernig fénu skuli varið, því að við gerum ráð fyrir, að í reglugerð, saminni af atvinnuleysisáttunum, verði sett nánari skilyrði um þá hluti.

Við gerum ráð fyrir, að lög þessi gildi til 1. maí 1932, með það fyrir augum, að komandi þing geti framlengt þau, ef það álitur þörf á að ráða frekari bót á atvinnuleysinu. Það er því engin þörf á að láta lögin ná lengra fram í tímann, enda mun á komandi þingi vera hægara að gera sér grein fyrir því, hvernig ástandið er og hvernig það muni verða.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum að sinni, og get að öðru leyti vísað til grg. þeirrar, sem fylgir nál. meiri hl.

Magnús Guðmundsson: Það mál, sem hér liggur fyrir til umr., var afgr. í fjhn. á þeim eina fundi í n., sem ég gat ekki komið á. Veit ég ekki vel, hvað gerzt hefir á þeim fundi, en ég bjóst við, að hv. þm. G.-K. myndi gera hér grein fyrir afstöðu sinni til málsins, en hann er ekki í bænum í dag.

Ég skal taka það fram, að ég get hvorki fylgt frv. né brtt. hv. meiri hl. n. Það mun viðurkenn, að atvinnuvegir okkar séu nú aðþrengdir á öllum sviðum. Virðist það því ærið hart aðgöngu að leggja nú á þá nýja skatta, svo háa sem hér er gert ráð fyrir, skatta, sem heimtir verða inn eftir á af tekjum liðins árs. Og það er ekki nóg, að atvinnuvegirnar þurfi að borga þessar 560 þús. kr., sem er framlag ríkisins, heldur verða sveitar- og bæjarfélögin að bæta við tvöfaldri upphæð frá sér. Þeim upphæðum verða þau að ná inn með auknum útsvörum, því að þýðingarlítið er að vísa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélögum á lán, því þau munu tæplega fáanleg hjá lánsstofnunum landsins.

Nú má vel vera, að nauðsynlegt sé að leggja fram fé í þessu skyni, en ég hefi enga trú á því, að ríkissjóður geti ekki lagt fram þetta fé án þess að þurfi að leggja nýja skatta á atvinnuvegi landsmanna. Á slíkum krepputímum sem þessum ætti það að vera skylda löggjafar-

valdsins að leggja ekki hærri skatta á þjóðina en brýn þörf er á. Á slíkum tímum ætti sízt að seilast dýpra ofan í vasa skattgreiðendanna en minnst er þörf á.

Það liggja fyrir tiltölulega litlar skýrslur um fjárhag ríkissjóðs á þessu yfirstandandi ári, en nokkrar eru þær þó. Má þar fyrst og fremst nefna yfirlýsingu hæstv. stj. um það, að fyrri hluti yfirstandandi árs hafi verið eins tekjuhár og fyrri hluti ársins 1930, en það er mesta tekjuár, sem yfir ríkissjóðinn hefir komið, eins og kunnugt er. Nú dettur mér auðvitað ekki í hug að halda því fram, að seinni hluti þessa árs muni verða nærri því jafntekjuhár og seinni hluti ársins í fyrra. En á það ber að líta, að árið 1930 voru tekjur ríkissjóðs um 17 millj. kr., svo að þótt gert sé ráð fyrir, að tekjurnar muni verða 2 millj. kr. minni á þessu ári, þá eru samt eftir 15 millj. kr. tekjur. Nú eru gjöldin samkv. fjárlagafrv. áætluð tæpar 13 millj. kr., og verða þá eftir 2 millj. kr. umfram áætlun þingsins. Nú er það vitanlegt, að stj. verður að hafa nokkurt fé umfram áætlun fjárl. til þess að standast ýms gjöld samkv. þál., fjáráukal. o. s. frv. En svo framarlega sem varkárni og sparsemi er gætt í meðferð fjár ríkissjóðs, þá ætti að nægja 1—1½ millj. kr. í þessu skyni, og er þá eftir a. m. k. ½ millj. kr., sem verja mætti til atvinnubóta, og er það ekki ósvipað því, sem lagt er til í till. hv. meiri hl. n.

Þá er líka annað, sem til álita kemur í þessu sambandi, en það er sjóður ríkisins. Hann virðist hafa verið 4700 þús. kr. í árslok 1930. Verð ég að segja það, að mér finnst ekkert við það að athuga, þó að tekið væri eitthvað af honum í því harðæri, sem nú virðist fyrir dyrum. Hann myndi samt sem áður vera nógu stór til þess að standast greiðslur ríkissjóðs á fyrri helming ársins 1932, en það er ætlunarverk hans. Þó að ríkissjóður yrði að leggja af mörkum allt að ½ millj. kr., þá er ekki hægt annað en álita, að hann hlyti að standast það. En ef það kæmi í ljós, að þetta yrði erfitt fyrir ríkissjóðinn, þá er ekki svo langt til næsta þings, og þá væri hægt að bæta honum þetta með nýjum skatti. En ég vona, að það mundi ekki þurfa, svo framarlega sem stj. viðhefir ekki sama gegndarlausu

fjárausturinn og á undanförnum árum, og þó sérstaklega á árinu 1930. Og ég verð að benda á það, og undirstrika það, að hv. stjórnarflokksmenn verða að virða okkur það til vorkunnar, sem höfum litla trú á stj., þó við séum ragir við að ausa fé í hendur þeirrar stj., sem okkur sýnist ekki hafa farið sparlegar með það en þessi stj. hefir gert. Það fyrsta, sem hv. stjórnarsinnar verða því að gera, áður við göngum með til samþykktar þessa máls, er að sýna fram á, að þessa skatts þurfi við. Á meðan ekki er sýnt fram á það, geta þeir ekki vænt, að við viljum leggja á nýja skatta til að hjálpa hæstv. stj. til að halda áfram á sömu braut og áður, sem við álitum bæði óréttmæta og skaðlega. Ég skal segja það fyrir mitt leyti, að ég vil gjarnan heyra ástæður af hendi hv. stjórnarsinna fyrir því, að farið er fram á þennan nýja skatt. Um upplýsingar frá hæstv. stj. er ekki að ræða; hún sýnir sig ekki við umr. um þetta frv., og verður maður því að snúa sér til hv. stjórnarflokksmanna.

Ég skal að fyrra bragði ekki vísa frá þeirri hugmynd að leggja á nýjan skatt, ef mér er sýnt fram á það með rökum, að það sé óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð, ef hann eigi að standast slík útgjöld sem þessi.

Ég skal svo ekki í bili ræða þetta mál meira, en þykir ekki ólíklegt, að ég muni koma fram með brtt. við 3. umr. Mér sýnist þetta frv. nokkuð mikið bundið við höfuðstaðinn eins og það nú liggur fyrir og með þeim brtt., sem hv. n. gerir.

Einar Arnórsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á að leggja aukinn eignar- og tekjuskatt á gjaldendur, og einnig á samkv. brtt. n. að hækka áfengistollinn um 50%.

Þegar lítið er á þetta mál, sýnist mér afskaplega lítið unnið við það fyrir þá kaupstaði og þau kaupún, sem kæmu nú til með að fá þennan skatt til atvinnubóta. Ef miðað er við Reykjavík, þá sé ég, að þessi skattur muni koma þar nokkuð þungt niður. Íbúar Reykjavíkur, sem skattskyldir verða eftir frv., borga sennilega 300—350 þús. krónur af þeim 560 þús. kr., sem áætlað er, að skatturinn nemi, ef frv. verður að lögum. Nú er það

auðsær hlutur, að þessir menn, sem þurfa að borga þetta gjald, ef það innheimtist, eru því ófærari til að greiða útsvör sín til bæjarins á næsta ári, og að þessi tekjuauki gengur þannig út yfir getu manna til að greiða skatta til bæjarins.

Nú á að verja þessum skatti til atvinnubóta á þeim stöðum, sem þess þarf með. Jafnframt er það gert að skilyrði, að viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag leggi fram $\frac{2}{3}$ parts á móti þessum skatti. Þá horfir þetta þannig við í Reykjavík, að fyrst er tekinn skattur af Reykvíkingum til atvinnubóta hjá þeim, og öðrum að einhverju leyti. En aðnjótandi þess hluta skattsins, sem koma á til þeirra, geta þeir ekki orðið, nema þeir leggi $\frac{2}{3}$ á sig sjálfa á móti til viðbótar.

Ég sé nú ekki, hvað er unnið við þetta, t. d. fyrir Reykjavík. Mér skilst, að bæjarstj. gæti eins vel beint ákveðið það, að upphæð, sem svaraði þeim skatti, sem lagður yrði á skattþegna þessa bæjar samkv. þessu frv., skyldi lögð á þá til viðbótar við útsvörin og varið til atvinnubóta. Mér finnst ríkissjóður vera hér alveg óþarfur milliliður. Það er í raun og veru ekki annað en krókaleið, sem hér er verið að fara. Það er ekki verið að leggja neitt til atvinnubóta úr ríkissjóði. Það er farin sú leið, að ríkið lætur leggja auka-skatt á skattþegnana, aðallega í Reykjavík, og lætur borga hann til sín, og greiðir hann svo út aftur til atvinnubóta hingað og þangað. Það er alger misskilningur, að ríkið leggi nokkuð fram til atvinnubóta með þessu. Það er í hæsta lagi hægt að segja, að það annist innheimtu á þessu fé, innheimtu, sem bæjar- og sveitarfélög gætu alveg eins vel annazt. Eins væri þeim trúandi til að leggja útsvör á skattþegna sína og verja því til þeirra hluta, sem frv. þetta ætlast til.

Það er ætlast til í till. hv. fjhn., að sveitarfélögin eigi að leggja fram $\frac{2}{3}$ móti því, sem ríkissjóður leggur fram. Ef nú ætti að verja segjum 250 þús. kr. til atvinnubóta hér, er ekki hægt að greiða Reykjavík það fé út, nema hún leggi fram $\frac{1}{2}$ millj. á móti. Hvernig ætti nú að fara að? Það stendur ekkert um það í frv. eða brtt. n., hvernig eigi að fara að, ef sveitar- eða bæjarfélag væri svo illa statt,

að það gæti ekki lagt fram $\frac{2}{3}$ hluta á móti. Það er þó hugsanlegur möguleiki, að eitthvert sveitarfélag yrði svo illa statt, að það gæti ekki lagt þetta fram. Þá væri ekki hægt að nota ákvæði þessa frv. ef það yrði að lögum. Þá yrði að fara einhverja aðra leið og veita þeim hreppum, sem svo væri ástatt fyrir, einhvern annan styrk.

Nú er það auðsætt, eins og líka víða felst í till. meiri hluta n., að hún ætlast ekki til og dettur það ekki í hug, að þetta verði nærri því fullnægjandi. Og þegar hún ætlast til, að bæjar- og sveitarfélögin leggi fram $\frac{2}{3}$, en ríkissjóður $\frac{1}{3}$, þá þýðir það í raun og veru ekki annað en það, að sveitar- og bæjarfélögin leggi allt til. Ríkissjóður leggur ekki neitt til — bara leggur á gjöldin og innheimtir þau, í stað þess að gefa bæjar- og sveitarstjórnunum leyfi til að leggja á viðbótarútsvör sem skattinum nemur. Það gæti verið ástæða til að setja fyrirmæli um að heimila bæjar- og sveitarstjórnunum að setja einhver ákvæði til að gera ýmsar ráðstafanir í þessu skyni, úr því að hv. d. vill ekki, að ríkissjóður leggi fram neitt fé beinlínis, eins og við þm. Reykv. fórum fram á við 2. umr. fjárl.

Ef svo færi, að frv. gengi gegnum 2. umr., geri ég ráð fyrir, að ég og fleiri muni koma með brtt., því ýmislegt í því mætti betur fara.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að byrja á því að heina fyrirsögn til allshn., að ég ætla, um það, hvað líði frv. okkar jafnaðarmanna um ráðstafanir gegn atvinnukreppu. (Rödd af þingbekkjum: fjárhagsnefndar). Já, fjhn.; það mun vera rétt; það var sama n., sem fékk það til meðferðar og þetta frv., en hv. frsm. lét ekki að neinu getið, hvort hv. n. ætlaði að stinga því máli undir stól, eða hvort von muni vera á því bráðum frá nefndinni, en það hlýtur auðvitað að ráða miklu um afstöðu okkar jafnaðarmanna til þessa frv. Um þetta frv. get ég annars sagt það strax, að ég tel, að sú viðleitni og sú viðurkenning, sem í því felst, sé réttmæt og að þar séu viðurkenndar réttar þær leiðir, sem jafnaðarmenn hafa bent á, að fara ætti í þessum málum Megingalli frv. er að minu

viti sá, að þær ráðstafanir, sem það ætlast til, að gerðar séu til að bæta úr atvinnuleysinu, eru gersamlega ófullnægjandi — gersamlega ófullnægjandi. Þær eru svo ófullnægjandi, að ég vil ekki kalla það kátbroslegt, en grátbroslegt getur maður kallað það, að þeir sömu menn, sem hér hafa lýst, og það réttilega, þeim horfum, sem framundan eru, sem hinum verstu á þessari öld, skuli hera fram frv., sem ekki gengur lengra í að bæta úr hinni yfirvofandi kreppu en þetta frv. gerir, samtímis því, að dregið er úr framkvæmdum hins opinbera að $\frac{3}{4}$ hlutum. Þó að þetta frv. verði að l. og þó að gert sé ráð fyrir, að hver eyrir af þessum peningum komi fram, þá eru ekki nokkrar líkur fyrir, að það bæti upp nema rösklega helming þess, sem þarf til, að verklegar framkvæmdir hins opinbera verði til jafns við það, sem þær hafa verið seinasta ár.

Ef við athugum saman þetta frv. og fjárl. eins og þau voru afgr. héðan úr hv. d., þá er það bersýnilegt, að ráðstafanir hv. Alþ. verða ekki til að bæta úr atvinnukreppunni. Því þó þetta frv. verði að l., þá verður þó dregið úr atvinnu hjá hinu opinbera og með því aukið á atvinnuleysi í landinu. Þetta er megin-galli frv.

Eftir till. hv. n. er gert ráð fyrir því, að álag á tekjuskatt sé tekið eins og það er í frv., en álag á eignarskatt sé hækkað um 50%, upp í 150%, og til viðbótar tekið 50% álag á áfengistollinn. Þá mun ekki langt frá — og sú tekjuáætlun virðist svo varleg, að það megi vænta, að hún standist —, að þetta nemi 560 þús. króna. En ef svo er gengið frá frv. eins og hv. meiri hl. n. leggur til, þá er útlit fyrir, að jafnvel þessi upphæð muni aldrei koma til útbýtingar. Það er sem sé skilyrði, að tvöfalt framlag komi á móti. En nú er það vitað, að hjá allmörgum bæjar- og sveitarfélögum er þannig ástatt, að það er ógerningur fyrir þau að leggja fram á þessum tíma tvöfalt framlag ríkissjóðs, eða liðlega 1100 þús. krónur. Flest eða öll bæjar- og sveitarfélög hafa nú gengið frá fjárhagsáætlunum sínum fyrir þetta ár. Og jafnvel þó tekið væri til aukaniðurjöfnunar, þá eru engar líkur til, að sú aukaniðurjöfnun

innheimtist fyrr en á næsta ári, um leið og útsvörin fyrir það ár koma inn.

Það er því bersýnilegt, að eigi þetta að koma að verulegu gagni, eða aðeins að því gagni, sem frv. ætlast til, þá verður jafnframt að gera ráðstafanir til að tryggja bæjar- og sveitarfélögunum það, eða sjá svo um, að þau geti lagt fram fé á móti. Og það verður ekki gert á annan hátt en þann, að ríkissjóður láni þeim fé, eða á annan hátt geri þeim það kleift að fá fé, t. d. að láni, með því að ganga í ábyrgð fyrir þau.

Ég er sammála hv. 2. þm. Skagf. um það, að eftir að verðtollurinn hefir verið samþ., er full ástæða til að krefjast þess, að ríkissjóður geti lagt fram jafna upphæð á móti, og þá þyrfti ekki framlag héraðanna að nema nema $\frac{1}{3}$, eða sömu upphæð og úr ríkissjóði, sem sé um 560 þús. kr.

Í frv. jafnaðarmanna um ráðstafanir gegn kreppunni var einmitt bent á þetta, og mig furðar á, að hv. meiri hl. n. skuli ekki hafa athugað þetta. Í því frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram $\frac{1}{3}$ hluta sem atvinnubótastyrk. Og þar er enn fremur gert ráð fyrir, að þau mannvirki, sem venjulega njóta styrks úr ríkissjóði, hafi þennan styrk áfram, auk atvinnubótastyrksins. Með þessu móti er útvegað nokkurt fé til atvinnubótanna.

Til þess að menn geri sér nokkra hugmynd um, hversu mikla fjárhæð hér er um að ræða, sem hv. flm. þessa frv. telja sjálfsagt, að atvinnuleysinu verði útrýmt með á yfirvofandi krepputímum, þá vil ég nú sýna, hve miklu þetta nemur á hvern mann. Ef ætla má, að atvinnuleysið komi aðallega niður á kaupstöðum og kauptúnum, þá er íbúatalan þar nú um 50 þús. manns. Styrkur sá, sem verður framlag ríkissjóðs, nemur þá um 11 kr. á hvern íbúa þessara staða. (BJ: Þeir eru ekki allir atvinnulausir). Nei, ég sagði íbúa; ég hélt, að hv. þm. Barð. mundi skilja islenzkt mál. — Á móti þessu mundi koma sem framlag héraða tvöföld upphæð, eða 22 kr. á hvern íbúa. Allt framlagið nemur þá fyrir þennan helming þjóðarinnar 33 kr. á hvern mann. Bær eins og mitt kjördæmi mundi þá fá úr ríkissjóði um 11000 kr., miðað við, að framlagi ríkissjóðs yrði skipt jafnt nið-

ur á kaupstaði og kauptún eftir mannfjölda. Þetta fengi þá mitt kjördæmi til að bæta úr atvinnuleysinu, og til væri skilið, að það legði fram 22 þús. á móti. Mér er nú ekki vel kunnugt um efnahag bæjarins, en ég gæti hugsað, að honum gæti veitst erfitt á þessum tímum að fá þó ekki væri nema 22000 kr. (MG: Fær hann þær ekki úr útibúinu?). Já, ég tala nú hér sem þm., en ekki sem útibússtjóri.

Um aðra kaupstaði er svipað að segja. Við skulum taka Hafnarfjörð, sem hefir um 4000 íbúa. Hann ætti að fá 44000 kr. af þessum styrk, gegn því að leggja fram 88 þús. kr. á móti. Ég veit ekki, hvort Hafnarfjarðarbær gæti það. Og svo ég viki að einum flm. brtt., hv. 1. þm. Skagf., þá efast ég um, þó Sauðárkrúkur fengi styrk af þessu atvinnubótafé, að það kæmi honum að fullum notum; ég efast um, að hann gæti lagt fram í reiðu fé tvöfalda upphæð á móti. Og svona mætti lengi telja.

Það er auðvitað, að hér í Reykjavík er mest fjármagn, að hún er ríkasta borgin ekki aðeins að krónutali, heldur einnig miðað við fólksfjölda. Á ég þar ekki svo mjög við bæjarsjóð sjálfan; ég býst við, að sumir aðrir kaupstaðir á landinu séu eins vel staðir að því leyti. En þegar miðað er við eignir bæjarbúa á hvern íbúa, er ekki hægt að neita því, að Reykjavík er langbezt stödd af öllum bæjarfélögum á landinu.

Reykjavík mundi fá um 330 þús. kr. af þessum styrk til atvinnubóta, fram til 1. maí næsta ár, og ætti þá að leggja fram 660 þús. kr. á móti. Ég geri nú ráð fyrir, að hægt væri fyrir bæinn að afla þessa fjár, en ég er bara ekki viss um, að bæjarstj. mundi leggja nokkurt kapp á að fá fé til atvinnubóta, eftir þeirri reynslu, sem ég hefi af henni. Ég vil því beina því til hv. fjhn., að hún athugi það til 3. umr., eða sá meiri hl. n., sem hefir fallið á frv. þetta, að setja í það einhver ákvæði um að gera ráðstafanir til að tryggja hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum fé að láni eða ábyrgð ríkissjóðs, svo að þeim megi koma að gagni þessi styrkur, en að hann verði þeim ekki „sýnd veiði, en ekki gefin“, eins og hann myndi verða. ef þau gætu ekki fengið lán.

Ég sé svo ekki ástæðu til fleiri aths.

við frv.; við jafnaðarmenn munum láta það ganga til 3. umr., en fyrir þann tíma geri ég ráð fyrir, að frv. okkar um sérstakar ráðstafanir vegna kreppunnar verði komið aftur til þessarar hv. d., og fer þá um afstöðu okkar til þessa frv. eftir því, hvernig fer um það frv.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 17. ágúst, var frv. tekið til framhalds 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jónas Þorbergsson: Ég hefi sem flm. frv. ástæðu til að vera hv. meiri hl. fjhn. þakklátur fyrir afgreiðsluna á frv. Það hefir tekið allmiklum breyt. í meðferðinni hjá n., og virðist mér, að þær miði til bóta. Meiri hl. n. hefir ekki gert till. um að breyta ákvæðinu um tekjuskattinn, en hún hefir lagt til, að álag eignarskattsins hækki um 50%. N. hefir bætt við 50% álagi á áfengistollinn, sem ætlað er til, að gefi 100 þús. kr. og sé varið í sama augnamiði. Loks hefir n. bætt við nýju ákvæði þess efnis, að fénu verði varið til atvinnubóta gegn tvöföldu framlagi úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði. Eins og bent var á við 1. umr., þá kreppir skórin fyrst að heima fyrir, og það er því ekki nema eðlilegt, að þar hefjist fyrst viðleitnin til þess að bæta úr yfirvofandi neyð. Þetta miðar til þess að ýta undir framkvæmdir hjá bæjar- og sveitarfélögum og er að öðru leyti fyllra ákvæði um tilhögun framkvæmdanna. Hækkunin nemur alls um 200 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir 560 þús. kr. tekjum, sem ásamt tvöföldu framlagi úr bæjar- og sveitar-sjóðum yrði rúmlega 1½ millj. kr.

Við fyrri hluta umr. komu fram nokkur andmæli gegn frv., og vil ég lauslega drepa á þau, án þess að verða orsök í því að umr. verði úr hófi langar.

Hv. 2. þm. Skagf. benti á, að með þessu væru lagðar byrðar á atvinnuvegina, og að þeir væru nú svo aðþrengdir, að þeim væri ekki fært að risa undir þeim. Það er rétt, að atvinnuvegirnir eru aðþrengdir. En með ákvæðum þessa frv. er ekki ætlað til, að þær byrðar hækki að verulegu

leyti. Fyrst og fremst er það að athuga, að þessi tekjuskattur, sem frv. fer fram á, er að upphæð um 200 þús. kr., og er það aðeins litill hluti þess tekjuskatts, sem lagður er á á ári hverju. Eignarskatturinn er aftur á móti hlutfallslega talsvert mikill, miðað við eignarskatt yfirleitt á þessu ári; er hann þó litill hluti af verðmæti eigna í landinu, svo litill hætta virðist því samfara að samþ. þetta. Þessi afgreiðsla málsins er líka í samræmi við rödd, sem komið hefir frá atvinnurekendum um nauðsyn þess að hækka ekki tekjuskatt, heldur eignarskattinn, ef endilega þyrfti að afla fjár á þennan hátt. Röksemdir hv. 2. þm. Skagf. hnigu flestar að því að sýna fram á, að þessar ráðstafanir væru óþarfar, því að líkur væru til, að tekjuafgangur yrði á þessu ári, og gæti stj. varið honum til atvinnubóta.

Mér þykir engin ástæða til þess að vera að rekja ástæður hv. 2. þm. Skagf. nánar. Þær voru flestar byggðar á ágizkunum, gripnum úr lausu lofti.

Mér finnst það mjög varhugaverð leið að byggja fjárveitingar til mjög aðkallandi framkvæmda á von um tekjuafgang, þó að í þessum umr. hafi verið bent á það réttilega, að tekjur þessa árs, það sem af er, eru sízt minni en tekjur rikissjóðs á sama tíma í fyrra. En hætt er við, að heimskreppan slái striki í útreikning hv. 2. þm. Skagf., því að margt virðist benda til þess, að hún muni harðna mjög síðari hluta ársins.

Í sambandi við þessar röksemdir hv. 2. þm. Skagf. vil ég leyfa mér að benda á, að stj. hefir einmitt af hendi þess stjórn-málaflokks, sem hv. þm. fylgir, sætt miklum ákúrum fyrir ráðstafanir á fé, sem ekki er heimiluð greiðsla á í fjárl. Mér virðist því felast nokkur mótsögn í því, er hv. 2. þm. Skagf. vill nú vera að ýta undir stj. að nota tekjuafgang, ef einhver yrði, án sérstakrar fjárlagaheimildar.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það aðalástæðuna gegn þessu frv., að það drægi úr gjaldþoli manna næsta ár. Þetta er auðvitað hverju orði sannara, en það sama má segja um alla skatta. svo þetta ætti þá að vera mótbára gegn sköttum yfirleitt. Þá henti sami hv. þm. á það, að þetta fé væri í raun og veru ekki veitt úr rikis-

sjóði, heldur yrði stj. að innheimta þetta. Ég veit ekki betur en þetta sama megi segja um hvaða fjárveitingar sem er. Mér hefir a. m. k. aldrei dottið í hug, að rikissjóður væri einhver uppspretta fjársjóða, heldur þyrfti hann að fá allt sitt fé frá landsmönnum með lögboðnum gjöldum.

Hv. þm. Seyðf. mælti á móti frv. á þeim grundvelli, að það gengi of skammt. En ég lit svo á, ef ekki er hægt að fá fullkomnar aðgerðir, þá sé þó betra að fá nokkra bót en enga, og því finnst mér þetta í raun og veru engin mótmæli gegn frumvarpinu.

Ég henti á það áðan, að tekjuskattsviðbótin mundi nema 13% miðað við tekjuskatt á árinu 1931. Og þótt tekjuskattur hækki það sem þessu nemur, mundi það ekki rýra eignir landsmanna að miklum mun. Ef vel er að gætt, sést, að þessi skattur mun ekki íþyngja atvinnuvegunum mikið. Eins óg annar tekjuskattur kemur hann fyrst og fremst niður á þeim starfsmönnum, sem hafa föst laun. Það eru þá fyrst og fremst starfsmenn rikisins, og svo starfsmenn annara stofnana og atvinnufyrirtækja, sem búa við lík launakjör, þó að harðni í ári. Það er eðlilegt, að mönnum hrjósi hugur við auknum skattabýrðum, þar sem Alp. verður nú á hverju ári að leita nýrra leiða til þess að hafa inn fé til opinberra framkvæmda. En ég vil benda á í því sambandi, að menn greiða fé á ýmsan hátt, sem þeir gætu ef til vill sparað. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, en við nákvæmar athuganir mun það koma í ljós, að þjóðin greiðir í verzlunarkostnað meira fé en varið er til allra framkvæmda rikissjóðs árlega.

Sífelldar og að miklu leyti réttmætar kvartanir yfir þungum sköttum til rikisþarfa gera það mjög athugasvert, hversu ýms önnur gjöld liggja þungt á þjóðinni allri og hvort ekki mundi frekar hægt að spara á þeim.

Ég þarf ekki að hafa þetta mál mitt öllu lengra. Ég hefi nú bent á, að mikill hluti þessa tekjuskattsviðauka kemur til að hvíla á opinberum starfsmönnum og öðrum, sem hafa föst laun, og að eignarskatturinn er aðeins lítilfjórlegur hluti af eignatekjum landsmanna. Eins og ég

hefi áður bent á í umr. um þetta mál, er hér um að ræða þjóðfélagslega nauðsyn og fullkomna sanngirniskröfu. Þegar þjóðarvanda ber að höndum og nauðsyn ber til að afstýra neyð, er rétt og sjálf-sagt að krefjast nokkurra framlaga frá þeim, sem aðstöðu sinnar vegna hafa getað dregið saman fé til muna og safnað í sjóði nokkru af afgangseyri þjóðarinnar í starfi hennar og framkvæmdum.

Jón Ólafsson: Ég ætla að taka það fram strax, að ég er ekki á móti þessu máli vegna þess kostnaðar, sem það hefir í för með sér, né hvernig sá kostnaður kemur fram á þeim, sem féð eiga að leggja til. Það er sjálf hugsunin, sem í frv. felst, sem ég get ekki fallið á. og það er fyrir mér aðalatriðið. Það hefir verið svo löngum í okkar þjóðfélagi, að við höfum lifað ýmsar sveiflur, sem hafa gefið okkur tilefni til þess að fara út í ýmislegt, sem við hefðum aldrei byrjað á, ef við hefðum haft nægilega skýrt yfirlit yfir atburðina sem heild. Þegar vandræði dýnja yfir, riður allt á því, að þeir, sem fara með stjórnartauma þjóðarinnar á þeim tíma, láti ekki óþarfa tilfinninganæmleik ráða athöfnum sínum, heldur kalda og rólega skynsemi. Ef tilfinningarnar ráða, eru menn ofsalega hjart-sýnir í góðærum, og eyða þá í botnlausri vitleysu, en linna ekki látum að barma sér, undir eins og hólar á einhverjum erfiðleikum. Ég þekki marga menn, sem fara að æðrast löngu áður en komið er í óefni, og eru því manna vísastir til þess að gera skyssur og skaða. Það er svo hvar sem er, að það, sem ekki er gert af þrótti og að yfirlögðu ráði, fer alltaf meira eða minna í handaskolum. — Það, sem einkennir stjórnmalalíf okkar nú, er þetta sjúka lýðdekur hjá öllum stjórnmalaflokkum landsins. Allt snýst um þetta kapphlaup um atkvæðasálir Íslands. Oft hefir kveðið rámmst að þessu, en þó ofbætt mér það alveg við útvarps-umr., sem voru hér á dögnum. Þá kappbuðu þeir hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf. svo ákaft í atkvæðasálir, að ekki mátti á milli sjá, hvor betur hefði. Ég er samt á því, að þarna hafi hæstv. forsrh. orðið hæstþjóðandi í þeim fögru orðatiltækjum, sem venjulegast er að veiða kjós-

endur með, en vandi er að segja, hvor reynist slyngari, þegar til framkvæmdanna kemur. Þetta lýðdekur er orðið svo algengt og hættulegt, að varla er hægt að stiga nokkurt spor frjálst, því að menn og flokkar eru rígbundnir af loforðum, sem keypt hefir verið kjósendahylli fyrir, en ekki er nokkur leið að uppfylla. — Til eru margir menn hér á landi, sem nota sér illt árferði til þess að mála fjandann á vegginn og reyna að berja það inn í almenning, að einhver voði sé á ferðum. Þetta er gert til þess að þeir sömu geti komið fram ýmsum áformum sínum. Þeir þurfa að fá lýðinn til þess að trúá á sig sem foringja, til þess að geta komið í framkvæmd ýmsum pólitískum asnastrikum, þó að þá vitanlega vanti alla þekkingu á þjóðmálum og fjárhag ríkisins. Hér hefir tæplega nokkurt frv. komið fram í sumar án þess að einhver hv. þm. hafi notað tækifærið til þess að barma sér, tala um voðann framundan, að fólk-ið hefði ekkert að éta o. s. frv. Ýmsir hafa orðið til þess að trúá þessu, án þess að gera sér sjálfir grein fyrir ástandinu eins og það er í raun og veru. En ég get þá frætt hv. þdm. um það, að sumarið í sumar er mesta góðærissumar, sem yfir Reykjavík hefir komið lengi. Ég efast um, að nokkurt sumar síðan 1920 hafi verið eins hagstætt í atvinnulegu tilliti eins og einmitt sumarið í sumar. Það væri þá helzt sumarið 1924. Líka má benda á það, að aldrei hefir verið ódýrara að lifa hér en nú, þegar öll vara hriðfelltur í verði. Svo má og benda á það, að væru slík vandræði á ferðinni og alltaf er verið að tala um, þá væri þetta frv. hégómi einn. En eins og ég hefi tekið fram, eru þessi vandræði aðeins ímynd-uð. Þessi kvein minna mig á sjóhrædda menn, sem fara að stynja og andvarpa löngu áður en óveðrið skellur á. — Ég ætla að taka það fram aftur, að þetta ár er með beztu atvinnuárum, sem við höfum átt við að húa um margra ára skeið. Það leiðir af sjálfu sér, þegar maður athugar þá staðreynd, að nú er kominn mjög miklu meiri fiskur á land en nokkru sinni áður, og mestallt sumarið hefir verið bezta tíð og þurrkar, svo þessi landburður hefir orðið enn notadrygri en oft undanfarin ár. Ennfremur má minna á

það, að hér hafa verið greidd vinnulaun í sumar, sem eru 16% hærri en sumrin að undanfögnu, og helmingi hærri fjárhæð í heild en við höfum átt að venjast, — allt vegna hins mikla afla og hinnar hagstæðu tíðar.

Þó að hv. þm. Dal. segði, að þessi skattur kæmi mjög lítið niður á atvinnurekendum, þá er orsökinn sú, að þeir hafa nú orðið hvorki eignir né tekjur til þess að greiða skatt af. En þetta eigna- og tekjuleysi er aftur afleiðing af of háum sköttum og allt of háum vinnulaunum. En þeir, sem fá þessi háu laun, eru að mestu leyti undanþegnir sköttum. Eftir eru þá aðeins starfsmenn ríkisins og annara stofnana, og þar mun ekki vera feitan gölt að flá.

Það mun vera rétt með farið, að aldrei hefir eins margt fólk farið úr Reykjavík upp í sveit til heyskapa eins og í sumar. Það er alltaf sagt, að sveitirnar hafi lítið að bjóða, en þessi fólksstraumur sýnir, að þeir, sem standa fyrir atvinnurekstri þar, neyðast til þess að taka rándýrt verkafólk, sem þeir auðvitað stórtapa á. Þótt það sé vis dauði atvinnuvegunum, verða þeir að taka fólk. Á þessa hlið þjóðlífsins er ekki lítið, og yfirleitt heyrir aldrei á það minnst að gera neinar ráðstafanir til að hjálpa atvinnurekendum, enda þótt ekki sé annað sýnna en enginn atvinnurekandi verði uppistandandi innan skamms. Þeir þm., sem mest hafa gallað um atvinnuleysið, hafa verið að minnast á smölun á atvinnuleysingjum, sem hér fór fram í byrjun þessa mánaðar. Árangurinn varð sá, að fram komu um 100 menn, sem litla atvinnu höfðu haft í 40–50 daga, og þeir munu ekki furða sig á þeirri tölu, sem þekkja, hvaða fólk er hingað komið í skjóli loforða og fagurgala forsprakkanna. Þetta var nú árangurinn af smöluninni, og hann sýndi, að hér eru nú færri menn atvinnulausir en nokkru sinni undanfarið, enda er það í samræmi við það, sem ég sýndi fram á áðan, að þetta sumar er eitthvert hið bezta atvinnusumar, sem yfir okkur hefir komið. Skráningin sýnir það, að ástandið er engan veginn ægilegt og að engin þörf er á að vera að vola löngu fyrir tímann. Og þegar þess er gætt, að því verkafólki, er atvinnu hefir haft í sumar — og það hafa

langflestir haft, sem hafa viljað vinna —, stendur til boða í haust að kaupa kjöt bænda og fisk útgerðarmanna fyrir sáralítið verð, ef það hefir aðeins sýnt nokkra viðleitni til að spara, þá verður volið enn ástæðulausara. En það er að visu kunnugra en frá þurfi að segja, að fátt er meira eitur í beinum þeirra, sem eru á sálnaverðum eftir þessu fólki. En hin gamla og góða kenning um sparnað og fyrirhyggju. Þvert á móti er fólki þreðikað að varpa öllum sínum áhyggjum upp á hið opinbera.

Í því frv., er hér liggur fyrir, er gengið inn á mjög hála braut að því er snertir ríki og bæi. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ef ríkið á að lúra á $\frac{1}{3}$ af þessu væntanlega vandræðafé, þá mun ég ekki verða léttur á að láta tvo þriðju hlutana. Ég geri ráð fyrir, að til verði fólk, sem fæst til þess að sækja sinn skerf af þeim þriðjung, sem klipinn er undan nöglum reykviskra skattborgara og geymdur er uppi í stjórnarráði, og þyki jafnvel „sport“ að leita til svo hárra staða. Hitt er annað mál, hvort bæjar- og sveitarfélög verða jafnginkeypt fyrir því að leggja fram $\frac{2}{3}$ á móti þessum vel fengna ríkisþriðjung.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

13. Undanþága skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps (þmfrv., A. 47).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég þarf engar skýringar að láta fylgja þessu frv., það er svo ákaflega einfalt. Ég vil aðeins

Undanþága skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

visa til grg. og óska, að það verði, að umr. lokinni, látið ganga áfram án n.

Jónas Þorbergsson: Enda þótt þetta frv. sé ekki stórt að vöxtum eða láti mik-ið yfir sér, verð ég þó að lýsa því yfir, að ég er algerlega mótfallinn því. Ég geri ráð fyrir, að á bak við þetta frv. standi ákveðinn skoðunarháttur hv. flm. á landsmálum, fremur en það, að hann telji þau fjárhagslegu atriði, sem hér koma til greina, svo mikilsverð fyrir þessar stofnanir, að ástæða sé til þess að bera fram frv. þeirra vegna.

Það virðist satt að segja nálgast að vera broslagt að starfa að frv. gerð til þess eins að undanþiggja stofnanir, þar sem margir tugir manna njóta útvarpsins, þessu litla afnotagjaldi, 30 kr., sem greitt er fyrir að njóta daglegra veðurfregna, daglegra fréttu, innlendra og útlendra, 3—400 erinda, hljómlaika, upplestra úr bókmennntum, kennslu o. fl.

Í grg. segir, að það sé verið að skattleggja þessar stofnanir til útvarpsins. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum skilningi. Í þessu falli ber að greina milli skatts og afnotagjalds. Þetta afnotagjald er samskonar og greitt er til símans og gengur til þess að bera uppi rekstrar-kostnað útvarpsins. Í grg. segir enn fremur, að það sé að taka úr einum vasanum og leggja í hinn, þar sem opinberar stofnanir séu skattlagðar til útvarpsins. Að visu er rétt, að svo má segja, þegar opinberar stofnanir eru látnar greiða einhver gjöld. En það skiptir þó nokkru fyrir stofnanirnar, hversu gjöldunum er háttað, og ekki er rétt að ívilna einni stofnun á kostnað annarar, heldur ber að mínu áliti að fylgja þeirri reglu, að hver stofnun fái greidda hverja þjónustu, er hún innir af höndum vegna annara stofnana. Og þar sem þetta frv. miðar til þess að svipta útvarpið lögmæltum gjöldum, án þess að til slíks sé nokkur nauðsyn, þá álit ég bæði óréttlátt og ástæðulaust að samþ. nokkur ákvæði í þessa átt.

Að endingu vil ég benda á, að þetta myndi skapa fordæmi, sem er varhuga-vert, því að í frv. er talað um „aðrar menningar- og mannúðarstofnanir“, og ég geri ráð fyrir, að það verði margar

stofnanir, sem ekki yrði skotaskuld úr því að kalla sig þessum nöfnum og losna við greiðslu afnotagjalds í krafti þessara ákvæða.

Meðan ákveðið er í lögum, að gjald skuli greitt fyrir afnot af útvarpi, tel ég að ekki eigi að opna undanþáguleiðina, enda er ekki gott að vita, hvar þá yrði staðar numið.

Þar sem hv. flm. og flokksmenn hans hafa verið svo hugulsamir að leggja mörg frv. fram, svo að þingið verður vafalaust ekki í verkefnahraki, en þetta er hégómamál, þá legg ég til, að það verði ekki lát-ið fara lengra, heldur felld þegar við þessa umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Það er rétt, að þetta er ekki stórmál, og má segja, að umræddar stofnanir verði jafnfátækar, hvort sem þær borga 30 kr. meira eða minna, svo dýr sem rekstur þeirra er að jafnaði. En það er ekki rétt að bera útvarpið saman við símann, því að hann er nauðsynlegt tæki, en útvarpið hinsvegar fyrst og fremst skemmtitæki, a. m. k. fyrir sjúkrahús, elliheimili og aðrar þvilíkar stofnanir. Oft eru útvarps-tækin gefin sjúklingum á sjúkrahúsum eða gamalmönnum á elliheimilum þeim til dægrastyttingar. En það er leiðinlegt fyrir gefendurnar að gefa slík útvarps-tæki og fyrir þiggjendurnar að þiggja þau. ef stofnunum eru með gjöfinni bundnir baggar um ókomin ár. Ég geri ráð fyrir, að útvarpið þyrfti ekki að tapa miklu við þessa undanþágu, því að ver-ið gæti, að fyrir hana fengju fleiri stofn-anir útvarpstæki en ella. En af sölu út-varpstækjanna hefir útvarpið drjúgar tekjur, þó að árgjöld komi ekki til.

Viðvikjandi því, að þetta skapi for-dæmi, þá getur það verið, og gæti ég fall-izt á að takmarka þessa undanþágu meira en gert er í frv., t. d. með því að nefna þá skóla og stofnanir, sem hún væri látin ná til. Þá væri girt fyrir, að hér skapaðist eitthvert fordæmi, sem ekki væri hægt að sjá út yfir.

Bezt væri að hafa yfirleitt ekkert af-notagjald af útvarpinu, og vonandi kemur að því.

Ef þetta frv. er það hégómamál sem hv. þm. Dal. vill vera láta, þá virðist mér

Undanþága skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps. — Tollagabreyting.

ótrúlegt. að það sé um leið svo varhugavert sem hann kallar það.

Jónas Þorbergsson: Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem ég hefi áður sagt.

Þetta getur verið bæði hégómamál og varhugavert, þar sem það er hégómamál fyrir hverja stofnun, t. d. skóla og sjúkrahús, hvort hún greiðir 30 kr. meira eða minna í rekstrarkostnað, en hinsvegar er varhugavert að opna undanþáguleiðina.

Ég hefi ekki sannfærzt að rökum hv. flm. um, að þetta frv. eigi rétt á sér, og held fast við mína fyrri ósk um, að hv. dm. felli frv. nú þegar.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 19 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓL, MG, MJ, PO, SvBH, TrP, VJ, ÞorlJ, BJ, BÅ, BKr, GÍ, HStef, HG, HV, IngB, JJós, JörB.

nei: JónasP, StgrS, SvÓ.

Sex þm. (LH, ÓTh, ÁÁ, BSt, EA, HJ) fjarstaddir.

Fr. v. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 27., 28., 30., 31., 32. og 33. fundi í Nd., 12., 13., 15., 17., 18. og 19. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47. n. 212).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.

14. Tollagabreyting.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Fr. v. til I. um breyt. á I. nr. 41, 27. júní 1921, um breyt. á I. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 50).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. hefir verið flutt á 3 síðustu þingum, en ekki náð afgreiðslu á neinu þeirra.

Hér er farið fram á, að tollar á kaffi, sykri og kaffibæti verði lækkaðir um $\frac{1}{3}$ — $\frac{3}{8}$ hluta. Frv. ber að skoða sem eitt

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

spor í þá átt að afnema þessa tolla og aðra nauðsynjavörutolla að fullu. En hér er ekki gengið lengra, af því að engin von þótt til að fá þá afnumda eins og þing er nú skipað, og jafnframt eru flutt önnur frv. um lækkun og afnám tolla á ýmsum öðrum nauðsynjum.

Ég hefi margsinnis áður sýnt fram á það, að þessir tollar eru svo háir, að engir aðrir tollar komast í samjöfnuð við þá, og mun láta nærri, að tollar þessir nemi til uppjafnaðar um 100% á innkaupsverði, eða h. u. b. helmingi þess, sem almenningur í landinu greiðir fyrir þessar vörur. Þessi feikna tollaálagning á vörur, sem fyrir fjölda manna eru blátt áfram nauðsynjavörur, er alveg óafsak-anleg.

Tekjumissir ríkisins, sem ætla má að verði af frv., eru réttar 225 til 230 þús. kr., ef miðað er við fjárlagafrv. stj. Þessi tollur er áætlaður í frv. stj. 850 þús. kr., en það er eins og fleiri liðir í þeirri áætlun svo „varlegt“, að með því er ætlazt til, að stj. hafi til umráða 200 til 300 þús. kr., sem hún geti ráðstafað að eigin geðþótta og án þess að spyrja þingið ráða, því að það er bersýnilegt, að tollarnir verða miklu hærri en þeir eru áætlaðir í frv. stj.

Ég sé enga ástæðu til þess að frv. sé vísað til fjhn. Það hefir verið þar svo oft og hv. þdm. hafa fulla þekkingu á þessu máli, og mörgum þeirra a. m. k. er það ljóst, hversu þýðingarmikið atriði hér er um að ræða. Ég legg því til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 20 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, StgrS, SvBH, TrP, VJ, BJ, BÅ, BKr, EA, GÍ, HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JónasP, LH, MG, MJ, JörB.

nei: ÓTh, SvÓ, HStef, JÓL.

Fjórir þm. (ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HJ) fjarstaddir.

Fr. v. vísað til fjhn. með 18 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

Rekstrarlán fyrir samvinnufél. sjómanna og bátaútvegsmanna. — Dragnótaveiðar í landh. (frv. HG).

15. Rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og bátaútvegsmanna.

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og bátaútvegsmanna (þmfrv., A. 51).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekid til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það má líta á þetta frv. hér sem einn þátt í þeirri viðleitni að létta fiskimönnum á smábátum kreppuna. Þetta mál er hv. þdm. kunnugt, með því að á síðasta þingi var það flutt nokkurnvegin í þeirri mynd, sem það er nú, sem brtt. minni hl. sjútn. við frv. hv. þm. Vestm. og fleiri um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáðju.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. gangi í ábyrgð fyrir 3 millj. króna láni fyrir Fiskveiðasjóð Íslands, er hann síðan veiti sem rekstrarlán til samvinnufélaga sjómanna og smábátaútvegsmanna, með sömu kjörum og hann fær lánið, að viðbætti lítilli framfærslu. Á þann hátt er hægt að losa þessa menn við skatt til milliliða í fiskverzluninni og tryggja þeim, að þeir njóti söluverðs aflans fullverkaðs. Í sameiningu eiga þeir að verka fiskinn og selja hann og ná þannig betra verði.

Hver og einn af þessum mönnum á þess lítinn kost að afla sér húsa og landsvæðis, þar sem þeir geti verkað sinn afla, en með samvinnufélögum ætti þeim að vera þetta vel kleift.

Ég legg til, að þetta mál fari til þeirrar sömu n. og frv. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáðju, því að þetta mál er svo skylt því. Hæstv. forseti getur vist upplýst, til hvaða n. það fór. (Forseti: Til sjútn.). Þá legg ég til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til sjútn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

16. Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. HG).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (þmfrv., A. 52).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekid til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi í sömu mynd og það er nú. Það var rætt í þrjá daga hér í þessari hv. deild og svo að lokum fellt frá 2. umr. Síðan hafa horizt til Alþingis áskoranir frá fiskimönnum og bátaútvegs mönnum víða um land að lengja þann tíma, sem dragnótaveiðar eru leyfðar. Áður hefir einnig verið lagt fram í þessari hv. deild frv. um breyt. á sömu lögum, sem gekk í svipaða átt, en náði ekki fram að ganga. Ég vil láta mér nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi, og skýrslu frá fiskifræðingnum Árna Friðrikssyni, sem nú fylgir frv.

Ég vil beina því til hv. sjútn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að veita því skjóta afgreiðslu, vegna þess að það hlýtur að vera í nánú sambandi við annað frv., sem hér er einnig á ferð, um útflutning á nýjum fiski. Verði það að lögum, tel ég sjálfsagt að veita þessu frv. einnig afgreiðslu, svo að kolaveiðar verði leyfðar meira en verið hefir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BKr, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasB, LH, StgrS, SvBH, TrB, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÅ, HG.

nei: MG, PO, SvÓ, JörB.

Átta þm. (EA, GÍ, HStef, HJ, HV, MJ, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútn. með 17 shlj. atkv.

Lýðskóli með skylduvinnu nemenda. — Útflutningsgjald. — Útflutningsgjald af síld (frv. HG o. fl.).

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútn. með 18 shlj. atkv.

17. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var úthýtt:

Fr. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til þess að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skóla-réttindum (þmfrv., A. 57).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil óska, að þetta mál gangi til menntmn. Málið er alkunnugt frá liðnum þingum, svo að það er óþarfi að ræða það nú frekar en hefir verið gert.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

18. Útflutningsgjald.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var úthýtt:

Fr. til l. um breyt. á l. nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 48).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég get látið nægja það, sem ég sagði við afgreiðslu síðasta máls (útflutningsgj. af síld). Þetta er bein afleiðing af því frv. Geri ég svo að till. minni, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútn., að lokinni umr.

19. Útflutningsgjald af síld (frv. HG o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var úthýtt:

Fr. til l. um breyt. á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyt. á l. um útflutningsgjald af síld o. fl. (þmfrv., A. 49).

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki hafa mörg orð fyrir þessu litla frv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er útflutningsgjald af síld kr. 1,50 af hverri tunnu, auk innflutningstolls af tunnu og salti, sem samtals verður nálægt 50 aurum, eða samtals um 2 kr. gjald af hverri tunnu. -- Með 8 kr. verði á sildartunnu netto nemur útflutningsgj. og tollur því um 25%, eða 100 kr. af hverjum 400 kr. hlut hjá hásetum á síldveiðum.

Af hverjum 100 kg. af sildarmjöli er útflutningsgjaldið kr. 1,00. Með því verði, sem litur út fyrir, að verði á saltsíld, og með því verði, sem vænta má á afurðum síldarbræðslustöðvarinnar, þá er skattur þessi feiknar há.

Ég sé heldur enga ástæðu til þess að leggja hærra útflutningsgjald á síld en hverja aðra vöru. En útflutningsgjald nú almennt er 15% með þeirri uppbót, sem samþ. var á seinasta þingi. Hér er gert ráð fyrir í þessu frv., að síld og síldarafurðir verði teknar út af þessari sérstöku gjaldskrá, felldar undan þessu sérstaka gjaldi, og aðeins lagt sama útflutningsgjald á þessar vörur og aðrar útflutningsvörur landsmanna.

Tekjumissir ríkissjóðs af þessu myndi nema, ef miðað er við síðasta árs verðlag á síld, um kr. 1,00 af hverri tunnu, og kr. 0,50 af hverjum poka af sildarmjöli, eða

Útflutningsgjald af sild (frv. HG o. fl.). — Síldarbræðsluverksmiðja. — Iðja og iðnaður. —

Útsvör (atriði um gjaldskyldu).

180 þús. kr. af sildinni. Og ef miðað er við næsta ár á undan, myndi tekjumissirinn verða um 120-130 þús. kr. Sama er að segja um síldarmjölið, lækkunin á útflutningsgjaldi af því mundi verða um helmingur.

Þegar þetta sérstaka útflutningsgjald var ákveðið, þá mun það hafa verið vegna þess, að mikill hluti síldveiðanna var í höndum útlendinga, og þetta því gert til þess að ná sér niðri á þeim. Nú er þessi ástæða burtu fallin.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og sjútnv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútnv. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

20. Síldarbræðsluverksmiðja.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (þmfrv., A. 58).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Af því hv. 1. flm. þessa frv. er ekki við, þá skal ég aðeins taka það fram, að þetta frv. lá fyrir síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Grg. sú, er frv. fylgir, er sú sama og fylgdi því áður. Frv. þetta miðar að öllu leyti í sömu átt og frv. um breyt. um stjórn einkasölu á sild, sem sömu flm. flytja í þessari hv. deild.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um frv.; það hefir verið skýrt fyrir þeim hv. þm., sem ekki hafa verið hér áður, og grg. er svo glögg, að óþarfi er að fara fleiri orðum um málið nú.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til sjútnv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til sjútnv. með 16 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. ágúst, var útbýtt nál. frá minni hl. sjútnv., á þskj. 355, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

21. Iðja og iðnaður.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (þmfrv., A. 60)

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Ég vil fyrir hönd hv. flm. frv. óska, að því verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

22. Útsvör (atriði um gjaldskyldu).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 63).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég er ekki viðriðinn þetta frv., en vil þó lýsa yfir því nú þegar, að mér lízt ekki vel á það, og skal rökstyðja það viðhorf mitt með nokkrum orðum.

Ég lít svo á, að hér sé farið inn á stefnu, sem fordæmd hefir verið áður hér í þinginu, með því að seilast til að

leggja útsvör á menn annarsstaðar en þar, sem heimili þeirra er. Það þótti ljóður á þeim lögum, sem giltu um þetta efni til 1926, hvað menn voru eltir með álagningu útsvars utan heimilissveitar, en í því efni þóttu þó lögin fyrir Rvík frá 1924 kasta tólfunum, og því var löggjöfin um útsvör endurskoðuð. Ég vildi skjóta því til þeirrar n., sem um mál þetta fjallar, að athuga það gaumgæfilega, áður en hún leggur það til, að það sé samþ. og þar með haldið aftur inn á þá braut, sem horfið var frá og fordæmd 1926.

Flm. (Einar Arnórsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var borið fram í Nd. á vetrarþinginu síðasta, en mun hafa dagað þar uppi.

Mér virtist hv. 2. þm. Skagf. frekar mæla á móti þessu frv., og í sjálfu sér get ég fallist á það með honum, að bezst væri, að aldrei væri lagt á skattþegn utan heimilis hans, en eins og b.-liður 8. gr. útsvarslaganna er orðaður verður ekki hjá því komizt, að slíkt verði gert. Þar er sagt, að á menn skuli lagt, ef þeir hafi leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi áhúð, og þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta og lóðarafnot, ef þau gefa arð.

Maður, sem hefði t. d. lóðarafnot í Reykjavík, segjum uppskipunarpláss fyrir salt og kol, yrði að sæta því, að á hann væri lagt útsvar hér, en aftur á móti, ef maður, búsettur utan Reykjavíkur, á þar stórhýsi, sem gefur ærnar tekjur á ári hverju, þá þarf hann ekkert útsvar að greiða þar. Hér er algert ósamræmi, sem þarf að leiðrétta.

Eins og hv. 2. þm. Skagf. mun kunnugt, hefir hæstiréttur dæmt aðilja, sem átti heima í Reykjavík, til að greiða útsvar á Ísafirði, sökum þess að hann hafði þar nokkur lóðarafnot. En hinsvegar hefir dómstóllinn komizt að þeirri niðurstöðu um mann, sem ekki átti hér heima, en átti hér húseign, að hann skyldi ekkert útsvar greiða hér.

Það er alkunnugt, að sumir kaupstaðir hér á landi hafa óhemju tekjur sökum álagningar á utanbæjarmenn, og skal ég t. d. nefna þar Siglufjörð.

Að endingu vil ég leggja sérstaka áherzlu á það, að þetta frv. gerir ekkert

annað en að koma betra samræmi á í þessu efni en nú er, og gera lögin þar með fullkomnari.

Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

Magnús Guðmundsson: Það er fjarri mér að ætla að fara að hefja deilu um mál þetta að sinni, en af því að hv. aðalflm. var hér ekki viðstaddur, hóf ég umr. um málið. Um b.-lið 8. gr. er það að segja, að hann er brot á meginreglu útsvarslaganna, brot, sem er að kenna meðferð þingsins á málinu, en mér finnst þó mikill munur á því og þessu frv. Þar er ákveðið, að útsvar megi leggja á þá menn, sem nota sjálfir lóðir eða laxveiði, en hér er ákveðið, að leggja megi útsvar á menn, sem ekki nota húseignir sínar sjálfir.

Það kann vel að vera, að Reykjavík gæti haft töluverðar tekjur af þessu frv., en ég vil benda á það, að bærinn hefir ýmsa skatta af þeim húseignum, sem hér eru, þótt hann leggi ekki bein útsvör á eigendurna.

Ástæðan til þess, að ég er á móti þessu frv. er sú, að þegar lagt er á menn annarsstaðar en þeir eiga heima, þá verða þeir venjulega mjög hart úti, því að þótt svo eigi að heita, að þá skuli lagt á menn einungis eftir tekjum, sem aflað er utan heimilissveitar, þá hefir það nú þótt bera við, að nokkuð væri lagt á þá af handahófi. Þessa ágalla þótti gæta um of fyrir 1926, er hin nýju útsvarslög voru sett, og þess vegna er ég mótfallinn því, að lagt sé aftur út á þá braut, sem þá var fordæmd.

Flm. (Einar Arnórsson): Það eru aðeins örfáar aths., sem ég vildi gera við ræðu hv. 2. þm. Skagf. Það mun rétt vera, eftir því, sem dómstólarnir segja, að maðurinn, sem sjálfur notar veiðirétt sinn, skal greiða útsvar, en í sjálfu sér er enginn mismunur á því, hvort ég nota hann sjálfur eða leigi öðrum hann. Ég er allveg eins fær um að greiða útsvar, ef ég hefi t. d. veiðirétt í Norðurá, hvort sem ég nota hann sjálfur eða leigi hann fyrir einhverja fjárupphæð. Eins er það með húseignina, og eigandi hússins hefir þar enga áhættu aðra en þá, að leigutaki borgi ekki afnotagjaldið. Annars hefir það nú

verið svo, að þeir menn, sem álitíð hafa útsvar sitt of hátt, hafa flutt sig rétt út fyrir héraðstakmörkin, sumpart til mála-mynda, en sumpart máske ekki. Þetta er skattflótti, sem á ekki að þolast og sjálf-sagt er að koma í veg fyrir.

Það er rétt, að bærinn tekur fasteigna-gjöld, en þó er engin ástæða til að leggja á móti þessu frv. fyrir það, því að eig-andinn á þann arð bænum að þakka, sem hann hefir af húsinu og verðmæti þess. Ef maður á hús við aðalgötu, þá er það ekki honum aðallega að þakka, að eignin er sérstaklega verðmæt, heldur bæjarfé-laginu, og virðist því sanngjarnt, að út-svar sé þá á lagt til handa því bæjarfé-lagi, sem eigandi á aðallega að þakka verðmæti eignar sinnar. Ef á að leggja á menn útsvör sökum þess, að þeir hafa lóðarafnot í plássinu, eins og t. d. á Siglu-firði, virðist ekki síður ástæða til að gera það, ef þeir eiga þar húseignir, hvort sem þeir nota þær sjálfir eða selja þær á leigu.

Hv. 2. þm. Skagf. taldi þingið hafa for-dæmt það að leggja útsvar á menn utan heimilissveitar þeirra. Þetta er eigi rétt, eins og bezt má sjá af sjálfri 8. gr. út-svarslaganna, þar sem mjög svo er ein-mitt gengið inn á þá braut að gera utan-sveitarmenn útsvarsskylda. Hitt er rétt, að víða hér á landi var niðzt á utansveit-armönnum með útsvarsálagningu, og þá gátu þeir aðeins skotið málinu til nið-urjöfnunarnefndar og svo til sýslunefnd-ar eða bæjarstjórnar, en nú er þetta breytt. Hver sá, er þykist órétti beittur, getur nú skotið máli sínu til yfirsatta-nefndar og atvinnuáráðherra, og full trygging ætti að vera fyrir því, að hann gæti í það minnsta litið óhlutdrægt á málið og lækkað útsvarið, ef rétt væri að gera það. Tilgangurinn með frv. þessu er sem sagt var sá, að betra samræmi megi komast á löggjöfina um þetta efni en nú er. Hér í Reykjavík er engin hætta á, að utanbæjarmönnum verði íþyngt með út-svörum, því að við höfum nokkurn veg-inn fastar reglur að fara eftir, sem koma í veg fyrir slíkt. Ef maður gefur réttar upplýsingar um hagi sína, þá leggur nið-urjöfnunarnefnd á hann útsvar eftir á-kveðnum mælikvarða, en ef hann þá þyk-ist órétti beittur, getur hann skotið máli

sínu til yfirsattanefndar og síðan at-vmrh. og fengið leiðréttingar.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins að benda á það, að ef þetta frv. yrði sam-þ., gildir það sem lög fyrir allt landið, og ég hefi ekki talað með tilliti til Reykja-víkur einnar, heldur landsins alls, en að Rvík sé einhver sérstök undantekning, það skil ég ekki. Ég sagði það, sem ég sagði, með tilliti til þess, að ef bændur eiga jarðir í tveimur hreppum, þá eiga þeir að greiða útsvar í báðum hreppun-um, og það held ég, að mælist ekki vel fyrir.

Annars vil ég benda hv. flm. á það, að nú er hér á leiðinni annað frv., sem mun lækna skattflóttann héðan úr Reykja-vík, ef hann annars á sér stað, sem ég held ekki, og það frv. gengur áreiðan-lega í gegn, svo að frekari ráðstafana þarf ekki gagnvart Rvík.

Ennfremur vil ég vekja athygli á því, að það er ekki sama, hvort eigandi notar eign sína sjálfur eða leigir hana, eins og mér virtist hv. flm. gefa í skyn. Með því að leigja hana losnar hann sjálfur við útsvar, en í hans stað geldur leigu-taki það. Það gengur í gegnum útsvars-löggjöfina sem rauður þráður, að greini-legur munur er gerður á því, hvort eig-andinn notar eign sína eða leigir hana.

Flm. (Einar Arnórsson): Hvað viðvík-ur því, að þetta frv. muni mælast illa fyrir í sveitum, þá hygg ég naumast, að svo verði. Ég geri ráð fyrir, að bændum þyki vel hlýða að leggja eitthvert útsvar á utansveitarmenn, sem eiga þar jarðir eða aðrar fasteignir í sveit og hafa arð af. Annars er vitanlega eigi hægt að synda fyrir það sker, að einhverjum þyki sinn hlutur verri, því að svo verður jafn-an um öll skattalög, sérstaklega í byrj-un.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að það kæmi nokkurnvegin í sama stað niður fyrir bæinn eða sveitina, hvort maður, sem ætti hús í bæ, byggi í því sjálfur eða leigði það, því að með því að leigja það veitti hann bænum annan mann í sinn stað til að greiða útsvar. Þetta er auðvitað fjarri öllum sanni, því að þegar lagt er á leigu-takann, er ekki verið að leggja á eign ut-

anbæjarmannsins, heldur leigutakann og eignir hans. Eigandann skiptir það engu máli, því að á leigutakann er lagt án tillits til aðstöðu eigandans. Leigutakinn getur tapað á atvinnu, sem hann rekur í húsi utansveitarmanns, en sá hefir þó ærnar leigutekjur af húsinu. Ef til vill stafar tapið af of hárrí leigugreiðslu til utansveitarmannsins. Er þá auðséð, að utansveitarmaðurinn hefir lagt sveitinni, þar sem hús hans er, til lélegan gjalda- anda, eða svo getur það verið.

Viðvikjandi því frv., sem hv. þm. minnstist á, þá geri ég ráð fyrir, að hann hafi átt við Skildinganesfrv., en það eru svo margir fleiri staðir, sem skattflóttamenn geta leitað til, að það bætir harla lítið. Hitt gleður mig að heyra, að hv. þm. taldi vist, að það frv. næði fram að ganga, hvort sem þessi orð hans má skilja svo, að hann hafi tekið sinnaskiptum í málinu frá því á þinginu í vetur.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 14 : 3 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

23. Þingsköp Alþingis.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 3. nív. 1915, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 68).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég vil þakka hv. deild fyrir það, að ég sé bókað, að vísað er til 2. umr. og nefndar frv., sem ég þar hér fram, en gat vegna fjarvistar ekki mælt fyrir.

Þetta frv. er um svipað efni að því leyti, að það snertir iðnaðinn og fer fram á það, að skipuð sé sérstök fastanefnd, er fari með þau mál, er iðnað varða. Mál

þetta er svo einfalt, að ég þarf ekki að hafa langa framsögu. Það er ljóst, að iðnaður er atvinnugrein, sem alltaf er að vaxa, og væri því gott að hafa sérstaka nefnd til þess að fjalla um till. þess efnis. Óska ég svo, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Halldór Stefánsson: Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ástæða er til að gera fleiri breytingar á nefndatilhögun í lögum um þingsköp Alp. en hér er farið fram á. Það væri t. d. ástæða til að ákveða sérstaka n. fyrir sveitarstjórnarmálefni. Það er stór flokkur mála, sem jafnan er látinn fara til allshn. Til allshn. fer jafnan sá fjöldi mála, að þörf er á að létta á henni og setja meginflokka þeirra mála, sem til hennar er vísað, sveitarstjórnarmálin, til sérstakrar nefndar.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

24. Útvarp.

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var útbýtt: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (þmfrv., A. 69).

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, var þetta frv. fyrir þinginu í vetur. Auk þessa frv. hafa nú komið fram á þessu þingi tvær þáttill. um einkasölu á útvarpstækjum. Þessar þáttill. bera vott um, að menn eru ekki vel ánægðir með þá einkasölu, sem hefir starfað hingað til. Þykir sérstök nauðsyn á, að verzlunin geti selt tækin með afborgunum, svo að auðvelt sé að eignast þau. Býst ég varla við, að þessu linni fyrr en

þetta lagast og menn geta fengið útvarpstæki með afborgunum, svo sem aðra muni, því það er algengt, að menn verða að líða kaupendur nokkuð um endurgjald. Hljóðfari eru t. d. oft seld með afborgunum svo árum skiptir. En ef farið er inn á þá braut, verður að festa mikið fé í verzluninni, en þá verður, eins og sakir standa nú, betra að gera annað með peninga ríkissjóðs en að festa þá í þessum rekstri.

Það er engin hætt á því, að okur eigi sér stað, þótt ríkisrekstur á sölu útvarpstækja hverfi. Veldur því hin mikla samkeppni á þessu sviði. Þær tekjur, sem útvarpið hefir af þessari sölu, getur það fengið öðruvís. Útvarpsnotendum myndi þá fjölga, og yrði það útvarpinu til tekna. Ég legg því til, að verzlunin verði gefin frjáls.

Í sambandi við þetta frv. getur naumast orðið ágreiningur um annað en þetta tvennt: eigum við að hafa ríkisverzlun á útvarpstækjum eða á sú verzlun að vera frjáls?

Ég ætla að nefna hér eitt atriði, sem kemur þessu máli við. Þessi tæki eru tilfölulega ný í viðskiptum og getur því verið, að menn skorti dómgreind á, hver tæki séu góð og hver ekki góð. Einkasalan ætti þá að vera vel til þess fallin að hafa vit fyrir mönnum í að velja góðtæki, en ekki vond. Mun einkasalan hafa bundið sig við ákveðin verzlunarhús, er einkasalan áleit, að hefðu fullkomnastar vörur. En nú hefir mér verið sagt, að einkasalan panti fyrir menn þau tæki, sem þeir helzt óska að fá hingað. En ef menn kaupa þannig tæki, sem lítið eru notuð, geta þeir átt það á hættu, að varahlutir til þeirra séu ekki til á staðnum, og kostar þá oft mikla fyrirhöfn og tíma að ná í þá.

Þessar tvær ástæður hefi ég viljað taka til greina í frv., þannig að um leið og einkasalan verði lögð niður megi aðeins selja þau tæki, sem löggilt hafa verið, og þau firmu ein selja þau, er hafa sæmi-legalar birgðir af varahlutum tiltækar. Það ætti því að vera girt fyrir það, að skaði geti orðið af frjálsri verzlun í þessu efni.

Ég vænti þess, að þetta frv. mæti svipuðum móttökum sem önnur frv., og fari til 2. umr. og nefndar og hún athugi,

hvort rétt sé, að ríkissjóður festi peninga í slíkri verzlun sem þessari.

Jónas Þorbergsson: Ég get ekki fallizt á það, að þetta frv. fari umræðulaust til n. Eins og frv. ber með sér, er farið fram á það, að verzlunin, sem stofnuð er skv. lögum, verði lögð niður og gefin frjáls með heim takmörkunum, sem í frv. segir.

Í grg. þessa frv. er vísað til grg. frv., sem borið var fram á þinginu í vetur. Og þegar flett er upp í þeirri grg., vekur það furðu, að hv. flm. skuli koma með slíkt ágreiningsmál sem þetta án þess að koma með nein rök fyrir máli sínu, því í grg. eru staðhæfingar einar, sem við engin rök hafa að styðjast.

Hv. flm. segir í þessari grg., að þetta fyrirkomulag sé að verða ríkissjóði til byrði, og að nú sé hafin barátta gegn þessum ófögnuði, sem þjóðin hafi sjálf lagt á sig. Þetta eru rökin.

Ég get ekki tekið undir nein þessi rök og ég býst við, að fæstir hv. þdm. sætti sig við, að þessi krafa sé ekki betur rökstudd en hér er gert.

Hv. flm. álitur frjálsa verzlun allækandi sáluhjálparráð, en þó gægist í frv. flm. fram vantrúin á það skipulag, því hann vill setja það undir opinbert eftirlit og setja opinber höft.

Þegar viðtækjaverzlunin var stofnuð, var þegar búið að flytja inn í landið allt að 100 tegundir útvarpstækja. Nú er það vitanlegt, að miklar framfarir eru á þessu sviði. Fjölmörg þeirra tækja, sem áður voru flutt inn, eru nú orðin úrelt og erfitt að fá varahluti til þeirra.

Síðan einkasalan kom hefir aðallega verið skipt við 2 verzlunarhús, og þá aðallega flutt inn þau tæki, sem viðurkennd eru um alla Evrópu, en eftir beiðni eru pöntuð tæki, sem menn hafa sérstaka trú á. Það er því ekki vafi á, að með þessari ráðstöfun hafa verið gerðar miklar umbætur í þessari grein. Og það, sem að þessu fyrirkomulagi hefir verið fundið, réttlætir ekki það, af afnema verzlunina, eins og farið er fram á í þessu frv.

Ég skal geta þess, að athugað hefir verið um hugsanlegar leiðir til þess að selja tækin með greiðslufresti, og er ekki óhugsanlegt, að horfið verði að meira

Útvarp.

eða minna leyti að því ráði. Að viðtækjaverzlunin sé ríkissjóði byrði, hefir við engin rök að styðjast og er því til að svara, að ríkissjóður hefir lagt verzluninni til um 65 þús. kr., en hún hefir selt fyrir um 2 millj. kr., svo að ég verð að álíta, að hún hafi legið létt á ríkissjóði. Og hún hefir nú, skv. því sem fyrir er mælt í lögum, skilað nokkrum arði til útvarpsins.

Ég get því ekki séð, að neitt það sé fram komið af hendi flm., sem réttlæti það, að þessu frv. verði sinnt af þessari hv. deild. Mun ég því ekki treysta mér til þess að greiða því atkv. til 2. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Enda þótt aldrei nema hv. þm. Dal. sé útvarpsstjóri, þarf hann ekki að brúka annan eins vind og hann gerir í þessari hv. deild. Það eru nú komin hér fram tvö frv. um útvarpsmál, og í báðum þessum málum stendur þessi hv. þm. upp og leggur til, að þessi frv. verði felld þegar í stað.

Ég held, að það hljóti að vera barnabrek hjá hv. þm. Dal. að leggjast á móti því, að þetta mál fari til 2. umr. og fái að athugast í n. Ég álit ekki, að ég viti, hvað bezt er í hverju máli, en ég geri þá kröfu, að frv. fái að fara til 2. umr. og n. Annars er það einkennilegt, að hv. þm. Dal. kvartaði yfir því, að ráðizt væri á grg. í frv. hans um tekju- og eignarskatt, en nú ræðst hann sjálfur á grg. þessa frv. En mig langar ekki út í teoretiskar deilur við hann um frjálsa samkeppni og ríkisrekstur, en ég álit, að reynslan muni leiða þetta bezt í ljós. Ég er ekki í neinum vafa um það, að hin frjálsa samkeppni mun tryggja bezt gæði tækjanna. Ég tel ríkisrekstur varasamari í þessu tilfelli, af því að þessi vörutegund er svo ný og framfarir í smíði tækjanna stórstigar, og verzlunin setur út nýjar tegundir í umboðssölu, hverja á eftir annari. Í hinni frjálsu samkeppni verða nú kaupmenn að hafa þessar nýju tegundir til sölu, til þess að verða samkeppnisfærir. En þar, sem einkasala er á þessu, verða menn að láta sér lynda að velja úr þeim birgðum, sem einkasalan hefir í það og það skiptið, þó að það séu úreltari tæki. Viðvíkjandi því, að margar tegundir tækja hefðu verið komnar inn, skal ég geta þess,

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

að verzlunin var að færast í það horf, að 2 verzlunarhús næðu yfirráðum með sölu tækjanna. Það var því skynsamlegt af einkasölunni að taka upp viðskipti við þessi 2 verzlunarhús. En það girðir ekki fyrir það, að hingað flytjist fjöldi af allskonar tækjum. En með mínu frv. væri alveg girt fyrir það, og þá mundu menn ekki verzla nema með ný tæki, svo að gæði tækjanna væru betur tryggð með mínu frv.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ekki væri lagt nema 65 þús. í þetta fyrirtæki. Hvernig má það ske? Með því að gera verzlunina mjög óhagstæða, selja ekki nema gegn staðgreiðslu. Ef á að gera verzlunina eins aðgengilega og verzlun einstaklinga, verður ríkissjóður að leggja í hana stórfé. Ástæður mínar standa því óhraktar, enda voru þær sagðar með mestu hófsemd. Ég treysti því, að hv. deild vilji líta á þetta frv. og athuga það í nefnd.

Jónas Þorbergsson: Ég get ekki verið svo litillátur að taka þegjandi við þessum föðurlegu áminningum hv. þm. um það, að mér beri ekki að tala um mál, sem ég ber skyn á. En þar sem ég er nú kunnugur þessu máli, þá verð ég að leyfa mér að taka til máls, þegar bornar eru fram till. byggðar á jafnblitlu viti og þetta frv. og án þess að álíta það nokkra goðgá. Það virðist svo sem hv. flm. standi stuggur af grg., sem fylgdi frv. í vetur, og er það afsakanlegt, þar eð hann mun hafa leitað í henni án þess að finna ástæður, sem réttlættu frv.

Ég álit ekki rétt að fara út í einstök atriði eins og hv. flm. Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á eitt atriði. Hv. flm. segir, að ríkisrekstur með svona lagaða vörutegund sé varasamari, vegna þess að hún sé ný og menn beri lítið skyn á gerð tækjanna, og því sé varhugaverðara að hafa þetta undir skipulagi og eftirliti ríkisins. En ástandið var nú þannig áður en einkasalan tók við sölu tækjanna, að hún var í höndum fúska, sem lítið þekktu til tækjanna, fluttu inn fjölda mismunandi tegunda af lélegum tækjum og tróðu þeim upp á hvern mann. Í hinni frjálsu, skipulagslausu verzlun er engin trygging fyrir því, að varahlutar séu fyrir hendi,

Útvarp. — Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

eða að tækin, sem tekin eru, séu góð. Sérfræðingurinn Gunnl. Briem gerðist ráðunautur útvarpsins um að velja hin beztu tæki. Og mig furðar satt að segja á aðstöðu hv. flm. til sérfræðinnar í landinu, og þykir kynlegt, að hann skuli hafa slíka ótrú á þessari sérfræðigrein. En ég álit þessu betur komið í höndum Gunnlaugs Briems og forstöðumanns verzlunarinnar en í höndum fjölmargra þekkingarsnauðra lausaprángara, sem hirða um það eitt að hafa nokkurn stund-arhagnað af verzlun með þessi tæki.

Flm. (Magnús Jónsson): Hv. þm. kall-
aði ræðu mína föðurlegar áminningar. Hann ætti þá að muna eftir því að heiðra föður sinn og móður. Annars ætla ég að leiðrétta það, að ég er ekki að amast við því, þó hv. þm. tali. En ég álit það ó-
þarfa að leggjast strax á móti smáfrv. Það er allt annað, þegar um einhver stór-
mál er að ræða, sem menn vilja sýna skarpan lit í. Það er góð þingvenja að lofa málum að ganga til 2. umr. og n. Ég ætla að leiðrétta það, sem hv. þm. tók skakkt eftir. Ég sagði, að einkasala væri varasamari vegna stórstigra fram-
fara og breytinga, sem gerðar væru á tækjunum árlega. Ég álit, að frjáls verzlun reisi rammiari skorður við því, að hægt sé að blekkja menn á tækjunum, en ríkisrekstur.

Þar sem hv. þm. minntist á sérfræði, skal ég geta þess, að ég vil láta sérfræð-
ina ráða alveg. Útvarpsráðið á að ráðg-
ast við sérfræðinga, áður en það leggur til, að sérstök tæki verði löggilt. En ann-
ars ætla ég ekki að þreyta lengur á umr. um þetta mál, en láta skeika að sköpuðu, hvort d. samþ. það.

Jónas Þorbergsson: Ég ætla aðeins að minnast á það, sem hv. þm. sagði, að ég hefði misskilið. Mér skildist, að hv. flm. héldi því fram, að ríkisrekstur væri var-
hugaverðari vegna tíðra breytinga á tækjunum. en það er einmitt orsökina til þess, að almenningur fylgist ekki nógu vel með í þessu efni. Ég get alls ekki samþ., að málið væri betur tryggt, ef hans ráðum væri fylgt og enginn sér-
fræðingur látinn fjalla um þetta. Orðið kunnáttumenn, sem í frv. stendur, er

teygjanlegt og bætir ekki aðstöðu hv. þm.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég ætla ekki að halda áfram deilum um þetta mál, en aðeins skýra frá því, að með orðinu kunnáttumenn á ég við sérfræðinga. Ef hv. d. vill, að orðið sérfræðingar verði sett inn í frv., þá samþykki ég það.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 13 : 3 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

25. Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

Á 5. fundi í Nd., 20. júlí, var úthýtt:

Fr. til l. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (þmfrv., A. 70).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þetta er annað frv. af tveimur, sem ræða um bann gegn dragnótaveiði, sem lagt er fyrir Alþingi. Hitt frv., sem kunnugt er, er flutt af hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Ísaf. og var til umr. í gær og fór til n. Það liggja al-
veg sömu rök fyrir því, að ég kem með tilmæli um endurskoðun þessara l. eins og fram komu í gær fyrir áðurnefndu frv. Ég hefi sem sé fengið áskoranir við-
vikjandi því, hvort ekki sé mjög varhuga-
vert að hanna kolaveiðar, svo sem gert er í nágildandi lögum. Og það, sem ýtir undir þetta mál nú, er líka hið sérstak-
lega erfiða ástand, sem nú ríkir og ekki kemur léttar niður á sjávarútvegi eða fiskimönnum en öðrum, heldur þyngra. Hér til kemur og það, að útflutningur á nýjum bátafiski var nær óþekktur, þegar þessi lög voru sett, þótt ekki sé langt um liðið. En nú var hann hafinn í vetur á

nokkrum stöðum, og til stendur, að meiri tilraunir í þá átt verði gerðar í haust. Það er sem sagt vaknaður mikill áhugi fyrir því að koma nýjum fiski beint á útlendan markað, og til þess að geta haft þar frambærilega vöru, er nauðsynlegt, að hún sé meira blönduð kola en hægt er nú, meðan veiðibannið gildir.

Ég veit, að það eru skiptar skoðanir um það, hvað rétt er að gera í þessu, en því verður þó að halda fram, að ekki sé rétt að láta ekki fara fram athugun á slíku máli, ekki síst þegar afkoma fiskimanna er jafnerfið og nú er. Það er ekki hægt að sjá framundan neina bót hvað saltfiskmarkað snertir, og þá er ákaflega eðlilegt, að menn leiti eitthvað þeirra ráða, sem orðið geta til búdrýginda fyrir sjávarútveginn á öðrum sviðum.

Ég skal svo ekki — nema tilefni gefist — segja meira um þetta mál að sinni, en leggja til, að málinu verði vísað til sjútvn., eins og frv. í gær um sama efni.

Jón Auðunn Jónsson: Mér sýnist, að þessi frv. geti ekki komið svo snemma til framkvæmda, að þau verði til að rýmka dragnótaveiði á þessu ári. Því að eins og menn vita, er leyfilegt að fiska innan landhelgi með dragnótum frá 1. sept., og varla er að búast við, að lög nái svo fljótt staðfestingu, að þau hefðu nokkur veruleg áhrif í sumar. Ennfremur eru menn ekki almennt viðbúnir að taka upp þessa veiði, nema þá sambandsþjóð okkar Danir, og svo Færeyingar. Þeir eru þess albúnir hvenær sem er að reka þessa veiði af miklu kappi innan ísl. landhelgi. Ég held þess vegna, að þessi frv. geti beðið til vetrarþingsins næsta ár, því að það getur ekki komið okkur að neinu liði á þessu ári. Þetta vildi ég aðeins benda á n. til leiðbeiningar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 19. og 23. fundi í Nd., 3. og 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 70, n. 151).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það var send áskorun snemma á þessu þingi frá mínu kjördæmi, þar sem fiskimenn skora á Alþingi að veita tilslökun á lögunum frá 1928 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Það er vitanlegt, að skiptar skoðanir voru um það, þegar þessi lög voru sett, hvort rétt væri að banna veiðarnar eins og gert var. Þeir innlendu vísindamenn, sem við höfum á að skipa, hallast að því, að bannið sé ekki eins nauðsynlegt og margir ætla. En hvort sem mikill eða litill fótur er fyrir því, að dragnótin, eins og sumir halda fram, eyðileggi fiskveiðarnar, þá er svo sérstaklega ástatt nú fyrir fiskimönnum víða um land, að það virðist sjálfsagt að gera þeim mögulegri lífsframdráttinn með því að slaka eitthvað á þessum ákvæðum.

Útflutningur á nýjum fiski er að hefjast og er þegar byrjaður að nokkru. En til þess að varan geti orðið útgengileg á hinum útlenda markaði, er nauðsynlegt, að fiskurinn sé ekki mjög einhæfur. Með þeim ráðstöfunum, sem þingið er í þann veginn að gera með frv. um stuðning við útflutning á nýjum fiski, er að því stefnt að styrkja bátaútvegsmenn til þess að koma veiði sinni á markað. Og í sjálfu sér eru í samræmi við þessa starfsemi þau tvö frv., sem á þessu þingi hafa komið fram um rýmkun á heimildinni til dragnótaveiða. Annað er á þskj. 52, frá hv. þm. Seyðf. og Ísaf. Því fylgdi ýtarlegt álit Árna Friðrikssonar, sem er nýtur vísindamaður á þessu sviði. Hitt frv. er á þskj. 70, og flutti ég það.

Álit og till. sjútvn. snerta bæði þessi frv. N. hefir ekki fallið á að slaka svo til á lögunum sem farið er fram á, en telur hinsvegar, að rétt sé að láta hvert byggðarlag hafa nokkurskonar sjálfsákvörðunarrétt í samráði við ríkisstj. um, hvenær veiði skuli leyfð á þeim tíma, sem hún annars er bönnuð. Þetta er í samræmi við 8. gr. laganna um að halda algerðu banni, þar sem þess er óskað. Slík ákvæði mundu geta gert ríkisstj. mögulegt að aðstoða útveginn með dálítið rýmkuðu leyfi. Það hefir verið gert mik-

ið úr útlendri hættu í þessu sambandi, en þar sem aðeins er gert ráð fyrir, að leyfa megi veiðina allt að tveim mánuðum og leyfið gildir aðeins fyrir eitt ár í senn, þá held ég, að ekki sé svo mjög hættulegt, að útlendingar geti notfærir sér þetta.

En það, sem að mestu ræður um afstöðu okkar nm., er það — og hygg ég, að mér sé óhætt að staðhæfa það fyrir n. hönd —, að þrátt fyrir bannið er kolinn veiddur árið um kring, mestmegnis af útlendingum. N. vildi með þessu móti gera nokkra bráðabirgðaráðstöfun til þess að létta undir með afkomu fiskimanna, sem er mjög erfið nú, þar sem fiskverðið er óvenjulaft. Það ber því að líta á till. sem ráðstafanir vegna neyðarástands fiskveiðanna og yfirvofandi enn meira neyðarástands hjá sjómönnum.

Ég skal, til þess að stofna ekki til langra umr., ekki fjölyrða meira um málið. Ég vona, að hv. d. samþ. till. n., sem fara aðeins fram á að heimila stj. að leyfa þessar veiðar, alveg eins og henni er heimilt að gera frekari takmarkanir með núgildandi lögum. Með þessu gæti hún, án þess að mikið bæri á út á við, gert fiskimönnum viðsvegar um land, þar sem þess er óskað, mögulegt að afila sér nokkurra tekna af þessum arðsömu veiðum. En þau héruð, sem ekki vilja rýmkun, geta verið alveg laus við hara, þótt þessi breyt. sé gerð á lögnum.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Það urðu, eins og menn muna, miklar umr. um þetta mál á þingi í fyrra. Einnig hafa á undanfórnum þingum komið till. um það að slaka nokkuð til frá þeim ákvæðum, sem gilda í lögum frá 1928 um bann gegn dragnótaveiði innan landhelgi. Þingið hefir þangað til nú ekki viljað taka málið til meðferðar fram yfir þá meðferð, sem felst í 1. umr., og fellt það frá 2. umr.

Þetta hefir verið svo undanfarið, þangað til núna, er þetta mál komst til sjútnv.,

og hún hefir komið að þeirri niðurstöðu, að gerlegt sé að slaka hér nokkuð til frá gildandi ákvæðum um þetta efni, eins og till. hennar bera með sér. Einkum mundi þessi breyt. verða mjög í hag fyrir Dani, sambandsþjóð okkar, sem alltaf hafa, siðan þessi lög voru sett, legið við lóðarhálsinn og neytt allra bragða til þess að fá því framgengt, að þeir geti leikið lausum hala við dragnótaveiðar í landhelgi yfir sumarmánuðina. En samkv. gildandi lögum hafa þeir ekki getað notað rétt sinn til atvinnurekstrar á Íslandi að þessu leyti eins og þeir hafa hug á og hefðu gert, ef leyfilegt væri.

Það er alkunnugt, að Danir hafa stundað þennan veiðiskap með dragnótum um langt skeið, og heima fyrir hafa þeir gert svo mikið að þessu, að aflaföng eru þar nú miklu rýrari en áður, enda öll líkindi til, að veiðin sé farin að ganga til þurrðar, og er það vottur þess, hvernig fer, þegar farið er að stunda veiðiskap þennan af kappi. Það hefir nú verið svo hér, að þessar veiðar hafa verið stundaðar frekar lítið, en þó nóg til þess að sýna, að ef farið er að stunda þær af kappi, þá gengur slíkur veiðiskapur mjög til þurrðar.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að það var svo hér áður, að á Kollafirði veiddist allmikið af kola í dragnót á haustin, og voru þær veiðar einkum stundaðar af opnum bátum héðan úr Reykjavík, en nú um alllangt skeið hefir ekkert veiðt þar af slíkum fiski. Þetta sama hefir líka komið í ljós annarsstaðar, sérstaklega á Austfjörðum og við Norðurland; þar hefir þessi veiði gengið harla fljótt til þurrðar. Á þeim stöðum báðum hafa innlendir menn ekki stundað þennan veiðiskap mikið, en bæði Færeyingar og Danir hafa verið þar, og það má sjá, hvernig íbúar þeirra héraða, sem þarna eiga hlut að máli, líta á þetta, með því að líta á þær áskoranir, sem hér liggja fyrir frá 11 hreppum úr Norðurland-Suðurland-Þingeyjarsýslum, og er þar heimtað, að veiðar í landhelgi með dragnót séu algerlega bannaðar.

Ég verð nú að segja það, að ég skil ekki, hvernig á því stendur, að stj. verður ekki við þeim kröfum að friða landhelgina þarna, á sama hátt og gert hefir verið hér syðra, þar sem allt svæðið frá

Hafnabergi að Álfanesi hefir verið friðað. Stj. hefir þó ekki gert þetta, heldur hefir hún sent plögginn til sjútn. til umsagnar, og mér er sagt, að nefndin hafi lagt til, að þessar veiðar verði hannaðar þarna.

Ég þykist nú hafa sýnt nægilega vel fram á það, að margt bendir til þess, að hér mundi fara eins og í Danmörku og Noregi, en þar hefir veiðin gengið mjög til þurrðar, eins og ég hefi áður drepð á. Ég hefi hér komið yfir norska blaðið „Fiskeren“, en þar er ritgerð um þetta efni, og bréf frá félagi fiskimanna fyrir Jaðri, sem er skrifað til ráðuneytisins norska og farið fram á, að þessar veiðar séu hannaðar við strendur Noregs, og þar er fullyrt, að þessar ránveiðar hafi stórskemmandi áhrif á veiðiskapinn. Þetta virðist ekki síður vera bending fyrir okkur í þá átt að fara ekki að gera ívilnanir í þessu efni, en halda okkur á þeirri fyrirhyggju- og varfærnisbraut, sem við erum á í þessu efni. Það er ekki nokkur vafi, að það hefir haft geysimikla þýðingu fyrir fiskveiðarnar hér, hvað við höfum verið varkárir og fyrirhyggjusamir í því að vilja friða og vernda sem allra mest þetta stóra tún þjóðarinnar, landhelgina. Það er vitað, að ungviði fiskjarins vex upp innan landhelginnar að mjög miklu leyti, og klak og uppeldi fiskjarins er undir því komið, hve vel hún er vernduð gegn því, að fiskurinn sé dreginn upp með botnvörpum og dragnótum og öðrum þvílíkum skaðsemdartækjum.

Það hefir legið fyrir erindi frá öðrum fiskifræðingi þessa lands, þeim sem starfar nú hjá Fiskifélagi Íslands, Árna Friðrikssyni, og það erindi er nú prentað sem greinargerð við frv. hv. þm. Seyðf., svo að hv. þdm. hafa átt nægan kost á að kynna sér það. Fiskifræðingurinn vill ekki ganga beint á móti því, að þessar veiðar séu leyfðar einhvern tíma af árinu, en það kemur greinilega fram hjá honum, að hann gerir ráð fyrir því, að ef mikil aukning á dragnótaveiði á sér stað, þá muni kolinn og annar botnfiskur ganga mjög til þurrðar, og það jafnvel svo, að gera verði sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir útrýmingu hans, að friða hann um lengri tíma og

klekja út hrognum til þess að halda honum við. Þetta er þá álit fiskifræðingsins um það, hverjar afleiðingarnar verði, ef slakað verður á lögunum um dragnótaveiði.

Það mætti nú segja, að málið horfi nokkuð öðruvisi við, ef arðurinn af þessum veiðiskap lenti eingöngu í höndum landsmanna sjálfra, en það er nú vitað, að sambandsþjóð okkar, Danir, er reiðubúin til að hagnýta sér þann hagnað og þau gæði, sem leiddu af rýmkuð laganna, meðan væri verið að eyðileggja kolann og spilla öðrum veiðum, og því má búast við, að gæðin falli ekki síður Dönum í skaut en landsmönnum sjálfum, en þá er hitt eftir að vita, hvort þeir myndu vilja rétta fram hjálpanði hönd, þegar til kemur að endurnýja stofninn og óumflýjanlegt yrði að fara að leggja í mikinn kostnað þess vegna. Ég býst nú við, að það hlutverk mundi falla í okkar skaut, en ekki þeirra. Í framhaldi af þessu vil ég ennfremur benda á, að það eru uppi með þjóðinni eindregnar óskir um það, að við gerum allt, sem við getum, ekki einungis til að við höldum okkar landhelgi svo sem nú er hún, heldur að við fáum hana færða út frá því, sem nú er.

Eins og kunnugt er, búum við nú við þriggja mílna landhelgi, þótt frændþjóðir okkar Norðmenn og Svíar hafi landhelgi sína fjórar mílur, og því frekari ástæða virðist til, að reynt sé að fá landhelgina rýmkaða. Þeim kröfum verðum við að heina til þeirrar þjóðar, sem við erum samningsbundnir við, nefnilega Englendinga, því við þá sömdu Danir fyrir okkur og þeirra fingraför eru á þeirri landhelgi, sem við nú búum við, því að áður var landhelgi okkar oft stærri, en það hefir verið rakið mjög rækilega fyrir nokkrum árum af hv. 2. þm. Reykv. Um aldamótin voru þessir samningar gerðir, en við getum sýnt fram á og sannað, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að gera ráðstafanir til þess að vernda fiskveiðarnar í framtíðinni, og það verði best gert með því að fá stærra svæði friðað fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, því að þær veiðar eyði ungviðinu engu síður en nytjafiskinum, en afkoma sjávarútvegsins er vitanlega undir því komin í nútíð og framtíð, að eigi dragi úr fiskimergðinni.

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJs).

Ég verð nú að segja, að að öllu þessu athuguðu sé það óhyggilegt og í rauninni hið mesta gáleysi að fara nú að veita einhverjar tilslakanir með dragnótaveiðum, og ég býst við, að það kæmi þeim mönnum undarlega fyrir sjónir, sem við eigum undir högg að sækja með að fá landhelgina rýmkaða frá því, sem nú er, að við færum þannig að. Þeir myndu vitanlega fá þá hugmynd, að rýmkunin væri ekki eins nauðsynleg og við vildum vera láta, og slíkar ráðstafanir myndu verða til þess að torvelda mjög möguleikana fyrir því, að þessu sameiginlega áhugamáli allra landsmanna yrði hrundið eithvað áleiðis.

Um þessar brtt. er það að segja, að með þeim á að heimila héraðsstjórnnum að nota einnig ákvæði 8. gr. til þess að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum líka á þeim tíma, sem þær eru nú algerlega bannaðar. Það er þess vegna alveg horfið frá þeirri stefnu og þeim anda laganna, að á öðrum tíma en þeim, sem þar er tiltekinn, skuli ekki heimilt að stunda dragnótaveiðar í landhelgi, en aftur á móti megji banna þær líka með öllu, ef menn í viðkomandi héruðum vilja svo vera láta. Í sjálfu sér býst ég ekki við, að þetta myndi koma svo mjög að sök víða á landinu, af því að menn myndu ekki vilja gera þær tilslakanir, sem hér er um að ræða; í það minnsta virðast óskir þær, sem hér liggja fyrir þinginu, benda ótvírátt í þá átt, að menn standi vel á verði í þessu efni. En hinsvegar mætti búast við, að skammsýni og von um stundarhagnað yrði þess valdandi, að sumstaðar yrði landhelgin opnuð fyrir dragnótaveiðum. Mundu Danir þá ekki láta standa á sér, því ég geri ráð fyrir, að þessar veiðar myndu helzt vera leyfðar sumarmánuðina júlí og ágúst, en fyrir Dani eru það einmitt hagkvæmustu mánuðirnir, því að þá er auðveldast að sigla yfir höfin, og auk þess bezt að stunda hér veiðiskap, en það er ekki annað en það, sem haldið hefir Dönun frá að stunda hér þennan veiðiskap, að hann hefir verið algerlega bannaður sumarmánuðina.

Mér er sagt, að það standi í Berlingatíðindum, að mjög mikill viðbúnaður sé nú í Danmörku í því augnamiði að stunda þessar veiðar hér við land, og að

þeir ætli undireins að bregða við, ef rýmkað verður á því banni, sem nú er gegn dragnótaveiðum. Þetta er í sjálfu sér mjög eðlilegt, því að Danir hafa mikil tæki til slíks veiðiskapar, en dragnótaveiðar þar heima fyrir hafa minnkað mjög á síðari árum, og því hafa þeir auðvitað fullan hug á að nota sér þessa veiðiaðferð hér, meðan eitthvað er upp úr henni að hafa. Það er líka svo, að mikill áhugi er nú vaknaður í Danmörku viðvíkjandi fiskveiðum yfirleitt bæði við Grænland og Ísland, og því til sönnunar má nefna, að stofnaður hefir verið sérstakur fiskveiðabanki, og Stauning forsrh., sem er aðalhvatamaður þessa, er jafnframt ráðherra í fiskveiðamálum.

Ég held, að þó ef til vill að hér gæti verið um einhvern stundarhagnað að ræða, þá sé sjálfsagt og að öllu leyti öruggast að láta sitja við það, sem nú er í þessu efni, og líta meira á það, sem nauðsynlegast er til verndar og viðhalds annari aðalatvinnugrein landsmanna, heldur en að stofna til veiðiskapar innan landhelginnar, sem jafnframt og ef til vill í enn ríkari mæli myndi falla í skaut annari erlendri þjóð. Ég álit, að það væri réttara að halda í hið strangara ákvæði í þeim efnum, til þess að vernda og varðveita landhelgina, og það því fremur, sem tilslakanir eins og nú er ástatt yrðu til að torvelda þá leið, sem liggur til þess að fá landhelgina færða út frá því, sem nú er. Ég er fyrir mitt leyti af þessum ástæðum og mörgum fleiri, sem ég hefi ekki talið, algerlega á móti því, að dregið sé úr þeim öryggisráðstöfunum, sem felast í lögum um landhelgisgæzlu og verndun þess svæðis, sem liggur innan landhelginnar. Afleiðingin gæti orðið sú, ef þetta fyrsta spor væri stigið, að sú skammsýni, sem felst í slíkum tilraunum, yrði færð út á víðara svið og ekki snúið aftur fyrr en um seinan. — Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Frsm. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Borgf. taldi upp rétt sinn til að halda ræðu í þessu máli og gaf í skyn eithvað í þá áttina, að hann ætlaði sér að nota hann sem vopn til að tefja málið. Nú er það vitanlegt, að bæði hæstv. forseti og allir hv. þm. vita, hve margar ræður

eru leyfilegar, svo að hv. þm. þurfti ekki sérstaklega að taka það fram.

Mér fannst, að hv. þm. legðist nokkuð djúpt til að andmæla þessari rýmkun og dró inn í málið ýmislegt, sem tæplega getur komið því við, svo sem kröfu Íslendinga um rýmkun landhelginnar, og að það yrði álitinn sérstakur veiklunarovottur þessi heimild til að veita undanþágu frá banni gegn dragnótaveiði. Ég veit nú ekki, hvað hv. þm. hefir kynnt sér um undirtektir stórhjóðanna undir rýmkun landhelginnar. En ég hygg, að þær líti ekki fyrst og fremst á okkar hagsmuni, heldur á sína hagsmuni og það, sem þá varðar. Hér er ekki um aðra löggjöf að ræða en þá, sem snertir Íslendinga sjálfa og svo sambandsþjóðina, að svo miklu leyti, sem hún myndi færa sér hana í nyt. Eins og kunnugt er, hafa menn eftir dragnótaveiðilögunum heimild til að fá meira bann fyrir sínum landamærum. Sumir hafa hagnýtt sér þetta, og sumir vilja hagnýta sér það eftir því sem vilji fólksins er þar um slóðir. Ég sé fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að stj. fái leyfi til að lofa fólki að hafa þá firði friðaða, sem það endilega vill hafa svo. En hinsvegar, ef menn loka ekki alveg augunum fyrir hinni slæmu afkomu fiskimannanna, þá er það jafnrökrétt að leyfa þeim að veiða, sem vilja það. Það getur aldrei komið öðrum í koll en þeim sjálfum. Það er ekki annað, sem felst í 8. gr. l., en að takmarka þetta við 1 vertið á hverjum stað og í mesta lagi fyrir 2 mán.

Hv. þm. minntist á mótmæli úr Norður-Dingeyjarsýslu, sem er hið mesta mótmælahérað kolaveiðanna, og á bréf þeirra á Jaðri í Noregi til verzlunarmálaráðuneytisins um að hættulegt væri að leyfa þessa veiði. Ég leit aðeins á blaðið, sem þetta var í, en hafði ekki tíma til að lesa það alveg, því hv. þm. þurfti að nota það. Það má nú segja þar, að þetta snurrevaad er líkt trolli. En það, sem er sameiginlegt við mótmælendurnar í báðum þessum landshlutum, er það, að á hvorugum staðnum veiða þeir sjálfir með þessum veiðarfærum. Hún er því skiljanleg, gremjan út í fiskimennina, sem koma með „snurrevaad“. Það er ekki hægt að komast hjá því að sjá, að mótmælin birtast í dálítið öðru ljósi, þegar þau koma

frá mönnum, sem ekki vilja eða geta hagnýtt sér þetta. Einmitt með það fyrir augum var það skynsamlegt að fara þá leið, sem sjútn. hallaðist að, að láta menn vera sjálfráða í hinum ýmsu héraðum, hvort þeir vildu leyfa veiðina eða ekki. Með því er hægt að gera þá ánægða, sem vilja veiða, og eins hina, sem ekki vilja veiða. Það er sem sé staðreynd, að kröfur um afnám og forboð dragnótanna koma frá þeim, sem ekki hafa aðstöðu til að veiða sjálfir, en verða að horfa á það, að aðrir taki veiðina frá þeim.

Hv. þm. vitnaði í Árna fiskifræðing Friðriksson, en satt að segja er hvorki það, sem hann segir né Bjarni Sæm. þeir einu vísindamenn, sem við eigum í þessari grein, – meðmæli með hanninu. En það er í raun og veru óþarft að fara út í álit fiskifræðinga, þegar hér er aðeins um það að ræða, að stjórnin leyfi þeim að veiða, sem óska þess. Hér er því aðeins verið að líta á óskir hlutaðeigandi manna, en ekki farið fram á afnám bannsins.

En vegna þess, sem hv. þm. Borgf. sagði um, að Árni legði til að friða, þá skal ég benda á það, að hann gerir einmitt ekki ráð fyrir því að friða. Hann bendir á það, að við séum að ala kolann upp fyrir Breta. Hann segir svo um þetta í niðurlagi álitsgerðar sinnar, með leyfi læstv. forseta: „Bretar eru að eyða fyrir okkur skarkolanum. Hér við land fiska þeir allt að því tíu sinnum meira en við. Allir aðrir útlendingar, sem stunda skarkolaveiði við Ísland, fiska jafnaðarlega ekki meira en á borð við okkur eina. Í hvert skipti, sem við Ísl. fiskum einn skarkola, telst svo til, að Bretar fái um tíu eða meira á miðum okkar. Skarkolinn er nú nær því eingöngu tekinn í botnvörpu utan landhelgi. Við friðum hann í landhelginni, þar sem við einir (og svo Danir og Færeyingar) mætum veiða hann. Og hver er uppskeran af þessari friðunarstarfsemi? Hún er sú, að hlutdeild okkar í skarkolaafnanum við Ísland er hverfandi, og því minni, sem verr árar. Því það fellur í skaut toganna, sem eru dýrastir allra skipa og því erfiðast að halda úti, að veiða hann“.

Mér virðist nú tæplega hægt annað en

taka tillit til þess, sem fiskifræðingar okkar segja. En það þarf ekki fiskifræðinga til að sýna fram á, að Bretar taki 10 sinnum meiri skarkola en við hér við land, því að hagskýrslurnar sýna það. Það er allt of langt sótt að tala um, að þetta torveldi sókn okkar um rýmkun landhelginnar. Það er ekki hin minnsta ástæða fyrir hv. þm. Borgf. að halda slíku fram, þó að hægt væri að benda á þessa lítilfjórlegu heimild. En allt tal um aukna landhelgi er spursmál, sem ómögulegt er að sjá, að eigi sér lausn í fyrirsjáanlegri framtíð. Enn hefir ekki komið neitt fram, sem styður það, nema alþjóðlegar niðurstöður á hafrannsókn-um, að æskilegt væri að friða vissa hluta. Hv. þm. Borgf. minntist á stefnu 1. og bar saman við stefnu frv. Stefna 1. er sú að banna veiðina, og stefna frv. fer ekki í bága við það, því það má banna veiðarnar eftir sem áður, þar sem þess er óskað. En það er eitt atriði, sem hv. þm. leiðir hest sinn hjá, og það er, að eins og sakir standa, þá er hlutur fiskimannanna sannarlega ekki of mikill, þó þeim væri heimilaður aðgangur að landhelginni á allra versta tíma ársins. En n. leit á það, að þegar árar illa eins og nú, og um er að ræða að velja milli þess að veita fiskimönnum okkar leyfi til að veiða, og hins, að banna þeim það, að eins til að útiloka Dani, þá bærir fremur að líta á þarfir sinna eigin manna í þessu efni og veita þeim heimildina. Ef hún verður okkur í óhag, þá verður hún ekki notuð. Og færi svo, að yfiringangur útlendinga yrði mikill, þá myndu menn ekki sækja aftur um slíkt. En þetta gæti orðið til hjálpar bátaútveginum, sem hefir aflað veiðarfaranna og hefir aðstöðu til að veiða á bennan hátt. Ég benti á það við 1. umr., að hér væri um bráðabirgða bjargræðisráðstöfun að ræða. Mér finnst það óþarfi að fara út í alþjóðleg mál, svo sem rýmkun landhelginnar. Ég vona, að hv. þdm. sjái það, að við lifum ekki á tómum bönnum. Sérstaklega er þessi bannstefna leið, þegar búið er að sanna, að friðunin er útlendingum í hag, sem veiða kolann utan og innan landhelginnar. Ég get rólegur setið undir skammsýnisásökunum hv. þm. Borgf.

Þá hefir fiskifræðingurinn bent á það,

að koma upp klaki hér. Það hefir verið talsvert unnið að því í Noregi, þó ekki af því að „snurrevaad“ væri búin að eyða kolann. Það er ekki nema eðlilegt um þá þjóð, sem að miklu leyfi lifir á fiskiveiðum, að hún komi upp klaki.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta. Það mun vera frekar að hv. þm. Borgf. hefir tekið ástfóstri við þetta bann en að hann áleti í raun og veru, að þetta litla frv. sé hættulegt.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd. 12. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Á þskj. 151, sem er nál. sjútn. um þetta mál, er lagt til, að frv. verði fellt, en í stað þess gerðar lítilsháttar breyt. á gildandi lögum, þannig að bætt sé við 8. gr. tveim brtt. Í sömu hv. n. var frv. okkar Alþýðuflokksmannanna, en sjútn. lætur ekkert vita um það, hvort hún getur fallið á nokkuð í því, né veitt því aðra afgreiðslu en þá. að leggja það til hliðar um leið og hún gerir þessar brtt. Till. n. eru sáralítill bót frá því, sem nú er, og stórmiklu verri en lagt var til í frv. mínu og brtt. hv. þm. Vestm.

Í frv. mínu var lagt til, að veiðitíminn yrði lengdur. Og í því var enn fremur lagt til, að ríkisstjórnin setti reglugerð um möskvastærð netja og hve smáan fisk mætti veiða. Hvað sem líður veiðitímanum, þá var sjálfsagt að taka þetta upp. Með því mátti koma í veg fyrir, að ungviði væri drepíð. Með því einu, að banna að hagnýta fisk undir vissri stærð, hverfur hvötin að afla þess fiskjar. Mig furðar á því, að hv. n. tók ekki þetta upp, einkum þar sem hún lætur sem sér sé annað um fiskistofninn. En það lítur út fyrir, að hv. n. hafi ekki viljað líta þetta frv. augum.

Þá fólst það einnig í mínu frv., að 8. gr. félli í hurt. En efni hennar er það, að ríkisstj. sé heimilt að takmarka, samkv. till. sveitarstjórna, dragnótaveiðar í landhelgi, fram yfir það, sem lög nú ákveða. En ég segi: Það er broslagt, þegar búið er að setja bann gegn dragnótaveiðum í 9 mánuði, að fara þá enn að bæta við ákvæðum, að ríkisstj. geti alveg bannað

þessa veiði. Hv. n. telur þetta þjóðráð: Að auka vald ríkisstj. til þess að banna á þeim tíma, sem leyft er, og leyfa á þeim tíma, sem bannað er. En ef þessu á að fara fram, þá er engin ástæða til þess að hafa lög. Það er þá miklu nær sanni, að stj. hafi þetta eins og hún vill, en veiti það af náð þeim, sem henni sýnist. En ég verð að vita afgreiðslu sjútn. á öllu þessu máli.

Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Borgf. og fleiri í gær, sem eru mjög andvígir því, að nokkuð sé slakað til á banni gegn dragnótaveiðum. Ýmislegt hjá hv. þm. Borgf. kom mér undarlega fyrir sjónir, og virðist mér sumt af því lítið styðja þann málstað að banna dragnótaveiðar í landhelgi, t. d. það, að almennt álit landsmanna væri, að friða bæri kolann, eins og hann orðaði það, og að 11 hreppar í Þingeyjarsýslu hefðu skorað á stj. að banna dragnótaveiðar. Ég hefi það fyrir satt, að einn af þessum hreppum liggi alls ekki að sjó, a. m. k. þá mjög lítið land. Yfirleitt er það svo, að þeir tala mest um Ólaf konung, sem hvorki hafa heyrt hann eða séð. Það er undarlegt, að þessar áskoranir koma mest frá þeim héruðum, þar sem kolaveiðar koma að litlu gagni, að öðru en því, að hægt er að fá kolann til matar. Ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. S.-M., sem upplýsti á þingi í vetur, að hann væri ekki mjög andvígur því að slaka á ákvæðum laganna í þessu efni. Hann benti á, að í hans héraði hefði verið alsíða að borða kola á sumardaginn fyrsta, og sá siður hefði haldizt fram á hans elliár, en nú væri þetta ekki hægt. Skildist mér, að honum væri mjög mikið áhugamál, að hægt væri að hafa kolann sem hátíðamat. Menn gera sér ekki ljóst, að hér er um að ræða tekjstofn fyrir smábátana, sem skiptir hundruðum þúsunda eða jafnvel millj. kr.

Allur kolaútflutningur okkar núna nemur um 500—800 smál. á ári, en allur koli, sem veiddur er við strendur landsins, er 10 þús. smál., en þar af veiða Bretar 90%, en við Ísl. höfum hæst komizt upp í 8%. Kolinn er dýrasti fiskurinn, sem hér er veiddur, er keyptur á 40—60 au. kg., þegar hann kemur frá bátunum; hann er yfirleitt keyptur 6—10-

földu verði á við það, sem þorskur er keyptur. Með því að hafa veiðitímann svo stuttan eins og nú er, er ekki að vanta, að bátaútvegsmenn fari að leggja út í þann kostnað að afla sér veiðarfæra, sem kosta upp undir 3 þús. kr.

Ég ætla, að hv. þm. Borgf. tæki svo til orða, að það hefði haft mjög mikla þýðingu fyrir fiskveiðar okkar, hvað við hefðum friðað vel landhelgina okkar. Ég veit ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu. Mér er ekki kunnugt um, að landhelgin hafi verið friðuð fyrir öðru en dragnótum og botnvörpum. Mér er ekki kunnugt um, að koli hafi verið friðaður fyrir öðrum veiðibrellum. Hv. þm. vill með þessu orðalagi láta líta út fyrir, að hið sama gildi um botnvörpu og dragnót, sömu ástæðurnar séu fyrir hendi til að banna dragnót og botnvörpu. En þetta er blekking, því þetta eru algerlega óskyld veiðarfæri. Dragnótin vegur um 70—80 pd., og hún er notuð til kola- og ýsuveiða, þar sem enginn gróður er. Hún getur því ekki spillt ungviði þorsksins, sem ekki heldur sig á þessum svæðum. Náttúrlega fækkar kolanum því meir, sem þessum veiðarfærum fjölgar, en ef notað er ákvæði, sem sett er í frv. mitt um möskvastærð dragnóta, ætti það ekki að vera svo mikið. Mér er ekki kunnugt um, að landhelgin hafi verið friðuð fyrir öðrum veiðarfærum en þessum tveimur. Og ég álit sjálfsgætt að banna botnvörpuveiðar í landhelgi.

Eftir skýrslu Árna Friðrikssonar eru afleiðingarnar af friðun kolans þær, að honum bæði fækkar og minnkar. Mér er óskiljanlegt, að hv. þm. skuli blanda því saman eða halda því fram, að ef slakað sé til á banni gegn dragnótaveiðum, þá verði strax að setja bann gegn botnvörpuveiðum. Hér er ekkert samband á milli. Ég sé ekki, þó að hann gegn dragnótum sé víkkað, að það hafi nein áhrif á það, hvort bann gegn botnvörpum sé gert strangara en það er, vegna þess, að það er af öðrum ástæðum, sem dragnótaveiðar eru bannaðar en botnvörpuveiðar. Hv. þm. gat þess líka, að ef annaðhvort frv. yrði samþ., sem fyrir liggur um vikkun dragnótaveiða, þá myndi af því leiða, að Íslendingar yrðu að taka upp friðun á einstökum svæðum og jafnvel klak. Eft-

ir skýrslu Árna Friðrikssonar, sem hv. þm. leggur svo mikið upp úr, fer svo, að við verðum að taka upp friðun á einstökum svæðum og klak. Ég sé heldur ekkert athugavert við það. Mér finnst eðlilegt, að gert sé ráð fyrir, að það þurfi að auka kolastofninn frá því, sem nú er, líkt eins og verið er að auka lax- og silungastofn í ám og vötnum. Ég veit, að það er gert bæði í Danmörku og Þýzka-landi. Kolinn er tekinn á vissu vaxtarstigi og fluttur í annað haglendi, ef svo mætti að orði komast. Mér þykir líklegt, að Íslendingar vilji leggja mikla rækt við að halda þessum fiskstofni við, en ekki banna veiðina og láta útlendinga græða tugi þús. á því að veiða þennan fisk, en fá ekki eyri sjálfir. Það er lítil skynsemi í því. Sumir sjá ofsjónum yfir því, að ef slakað er á dragnótaveiðunum, þá séu það ekki Íslendingar einir, sem njóta góðs af, heldur líka Danir, og það er líka rétt. En ég hefi litla trú á því, að Danir fari að stunda veiðiskap hér í desember, janúar og febrúar. Mér þykir ótrúlegt, að veiði Dana aukist mjög, því eins og við stöndum þeim framfarir í veiðiskap, mun sýna sig, að við stöndum þeim framfarir í þessu. Ég veit, að sumir álíta, að Danir séu einhverjir snillingar að veiða með dragnótum. Þeir eru vanir þessari veiði í sínum farvötnum, þar sem þeir eru kunnugir og þekkja strauma og botn, en þegar þeir koma hingað ókunnugir, þá er öðru máli að gegna. Við Íslendingar erum þessum veiðum kunnugir, og eins og með aðrar fiskveiðar veltur mest á því. Það er lítil skynsemi í því að hafa af sjálfum sér stórtækjur, til þess að koma í veg fyrir, að Danir geti aukið sínar tækjur. Hlutfallið milli veiði Dana og Íslendinga hefir undanfarið verið nokkurn veginn 1 : 3–4. Ég geri ekki ráð fyrir, þó að veiðitíminn sé lengdur, að hluti Dana aukist hlutfallslega á við hluta okkar Íslendinga, því smábátar gætu hér notað þessa aðferð, en sennilega myndu Danir ekki senda hingað nema nokkuð stóra báta. Hv. þm. gat þess líka, að Berlingske Tidende segðu, að mikill viðbúnaður væri í Danmörku með að senda stóran flota til kolaveiða hingað upp. Mér kemur þetta á óvart. Ég sá einhverja grein, þar sem talað var um, að um 60 skip

væru ferðbúin í Danmörku til þess að leggja af stað strax og frv. væri orðið að lögum. Þetta var ótrúlegt, því þó að frv. yrði að lögum, þá byrjaði veiðitíminn ekki fyrr en 1. ág., og þeir hefðu því lítið að gera hingað strax. Þessar sögusagnir eru mjög ýktar, en mér dettur ekki í hug að neita því, að veiði Dana muni aukast frá því, sem nú er, ef tíminn verður lengdur. Að þetta mál er sótt af meira kappi nú en áður, hefir sínar einföldu ástæður. Það má telja víst, að upp verði teknar ferðir til Englands og annara landa með kældan og ísvarinn fisk.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til að taka fram viðvikjandi ræðu hv. þm. Borgf. En ég vildi spyrja hann og fleiri, sem mest tala um ágæti kolafriðunarinnar, hverjir hafa gott af henni. Það eru ekki bátaútvegsmenn, og ekki nema að litlu leyti togaraflotinn hér við land. Þeir, sem mest veiða af kola hér við land, eru Eng- lendingar, þeir, sem mest sækja inn í landhelgi og minnst virða landhelgis- lögin.

Sannleikurinn í þessu efni er í raun og veru sá, að kolafriðunin er í því fólgin, að við friðum innan landhelginnar fyrir okkur sjálfa, til þess að bæði útlendir og innlendir hafi tækifæri til að veiða kol- ann bæði utan og innan landhelginnar. Þetta er friðunin, sem hv. þm. Borgf. og fleiri eru svo hrifnir af.

Sveinn Ólafsson [óyfirl.]: Ég verð að vikja örfáum orðum að hv. þm. Seyðf. Hann átalði það sérstaklega, að n. hefði ekki tekið upp úr frv. hans ákvæðið um möskvastærð dragnóta. Ég skal geta þess, að ég fyrir mitt leyti álit það hafa litla eða enga þýðingu að taka slíkt upp, sök- um þess m. a., að það væri því nær ó- mögulegt að hafa eftirlit með því, að þessu ákvæði væri fylgt, — og hver myndi geta tryggt það, að ekki væri frá þessu vikið? Varðskipin, sem ættu að hafa eftirlit með því, að ekki væri veitt í landhelgi, mundu ekki geta haft eftir- lit með, að þessum fyrirmælum væri fylgt. Auk þess lit ég svo á, að með þessu ákvæði um möskvastærð verði ungvíð- ið bæði drepíð og botngróðrinum spillt.

Ég hefi sjálfur notað dragnót og verið við dragnótaveiðar. Dragnót er ekki, eins og hv. þm. (HG) segir, aðeins notuð þar, sem slétt er og sandbotn; hún er notuð víðar og sópar með sér gróðrinum og ungvíðinu, sem svo ferst innan um stærri fiskinn. Ég álit, að það sé þýðingarlaust að taka upp úr frv. hv. þm. Seyðf. þessi ákvæði. Að öðru leyti þykir mér ekki ástæða til að fara frekar út í ræðu hans. Annars voru ein eða tvær missagnir í ræðu hans, en þær skipta ekki máli, og læt ég því niður falla að gera aths. út af þeim.

Pétur Ottesen: Það hafa 2 þm., hv. þm. Vestm. og hv. þm. Seyðf., gert að umtalsefni ræðu mína í gær út af frv., sem fyrir liggur um bann gegn dragnótaveiðum. Mér þykir ástæða til að minnst nokkuð á ummæli þessara hv. þm., og þar sem þeir færðu báðir nákvæmlega sömu rökin fyrir sinu máli, get ég að mestu leyti svarað þeim báðum í einu.

Þeir tóku báðir fram, að lítið væri að marka þær óskir, sem fram hefðu komið um frekari friðun gegn dragnótaveiðum en lög gera nú ráð fyrir, af því að þessar óskir hefðu komið frá stöðum, þar sem menn stunduðu alls ekki dragnótaveiðar. Þetta er fyrst og fremst alls ekki rétt. Auk þess finast mér, að þeir menn, sem fiskveiðar stunda yfirleitt, þótt ekki stundi þeir dragnótaveiðar, geti haft fullan skilning á því, hvaða áhrif dragnótaveiðarnar hafa á þær fiskveiðar, sem þeir stunda. Þetta álit þeirra er vitanlega sprottið af því, að þeir hafa gert sér það ljóst, og styðjast í því efni við staðreyndir, að veiðar með dragnótum hafi í för með sér mikið tjón fyrir fiskveiðar þeirra, og þess vegna vilja þeir bæggja þessum veiðum frá sér. Ein af þessum áskorunum hefir líka komið úr héraði, þar sem dragnótaveiðar eru algerlega bannaðar, nefnilega hér sunnan með sjó. Hv. þm. Vestm. sagði, að ummæli þau, sem ég tilfærði frá sjómönnum á vissu svæði í Noregi, kæmu til af því, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, stunduðu ekki dragnótaveiðar sjálfir. Þetta er alls ekki rétt. Ég hefi síðan í gær aflað mér upplýsinga í þessu efni, og það hefir komið í ljós, að þarna hafa verið

stundaðar dragnótaveiðar jöfnum höndum af heimamönnum og aðkomumönnum.

Hv. þm. Seyðf. hélt því fram, að dragnótaveiðar væru óskyldar og ósambærilegar við botnvörpuveiðar. Þetta er algerlega röng staðhæfing. Ég skal rekja nokkur dæmi því til sönnunar, að hinar skaðvænlegu afleiðingar af notkun þessara veiðarfæra eru mjög svipaðar. Þau eiga bæði sammerkt í því, að þau drepa jöfnum höndum nytjafiskinn og ungvíðið. Það gera engin önnur veiðarfæri, svo að nokkur brögð séu að. Hv. þm. Seyðf. var að tala um að hafa möskvana stærri, en hv. 1. þm. S.-M. hefir nægilega sýnt fram á það, hvílik hégómaráðstöfun slíkt myndi verða. Því að þótt möskvarnir væru hafðir eitthvað stærri, þá myndi smáfiskurinn merjast í nóttinni og koma dauður og lamaður úr henni, en úr henni slyppi ekki lifandi nema þá eitthvert örliðið brot, svo lítið, að þess gætti í engu. Þá er sem ég sjái, hve miklu yrði hjargað af ungvíðinu, þó eitthvað af því kæmist lifandi upp á þíllar eða á land. Það er einmitt vegna þessara skaðvænlegra áhrifa af þessum veiðarfærum, botnvörpu og dragnót, að gerðar hafa verið sérstakar ráðstafanir, bæði hér á landi og sumstaðar annarsstaðar, til þess að friða ákveðin svæði fyrir þessum veiðiaðferðum, en slíkt er alls ekki gert nú gagnvart öðrum aðferðum eða veiðarfærum.

Hv. þm. Vestm. þótti ég seilast langt, er ég talaði um tilslakanir í þessu efni í sambandi við kröfur okkar um rýmkun landhelginnar. Nei, ég seildist ekki of langt hvað þetta snertir. Það er augljóst mál, að kröfur okkar um rýmkun landhelginnar gætu beðið mikið tjón við það, að við opnuðum landhelgina fyrir dragnótaveiðum, ekki einungis fyrir okkur sjálfum, heldur þá líka jafnframt fyrir Dönum. Ég býst við því, að Englendingum, sem við eigum mest undir högg að sækja með rýmkun landhelginnar, myndi þykja það hjákátlegt, að einmitt á sama tíma og við krefjumst þess, að landhelgin verði færð út, til þess að vernda ungvíðið og fjölgun fiskjarins. — að þá skulum við einmitt á sama tíma slaka á þeirri varnarlöggjöf, sem sett hefir verið gegn þessum ránveiðum

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJs).

innlendra manna sem erlendra þjóða. Það er ekki einungis ástæða til þess að ætla, að þessi ráðstöfun myndi verða til ills fyrir okkur, heldur er það alveg augljóst mál. Með því myndum við slá vopnið úr höndum okkar gagnvart Englendingum, — eina vopnið, sem bitur. Nei, það er áreiðanlega ekki of langt seilt, þegar bent er á þá hættu, sem okkur stafar af þessu.

Hv. þm. Vestm. talaði um það, að við lifðum ekki á bönnum. Ég get nú ekki trúað því, að þessi hv. þm. líti svo á, að t. d. bannið gegn botnvörpuveiðum í landhelgi sé ekki lífsnauðsyn fyrir okkur, eða að bannið gegn því, að útlendingar leggi fisk sinn hér á land, verki hann hér og útbúi á markaðinn, hafi ekki geysimikla þýðingu fyrir okkur. Nei, það má sannarlega segja það hvað sjávarútveginn snertir, að við lifum á bönnum.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að með þeirri friðun, sem nú væri fyrir dragnótaveiðum í landhelgi, værum við að friða kolann fyrir útlendum togurum, því að þeir veiddu mestan hluta þess kola, sem veiddur er hér á Íslandsmiðum. Það er út af fyrir sig eðlilegt, að þeir veiði meira en við, þar sem útlendu skipin eru miklu fleiri en þau íslenzku. Hitt er líka vitanlegt, að íslenzkir togarar leggja ekki mikið kapp á slíkar veiðar, því að þeim þykja þorskveiðarnar borga sig betur. Það er af þessum ástæðum, að útlendingar veiða hér meiri kola heldur en við. Sem stendur eru kolaveiðar með dragnót einmitt leyfðar hér á þeim tíma, þegar beztur markaður er fyrir nýjan fisk, en þrátt fyrir það hafa kolaveiðar hér ekki þótt bera betri árangur en það, að tiltölulega litill vöxtur hefir orðið á þessum veiðum. Ég held, að það stafi ekki af því, að veiðitíminn sé ekki nógu langur, heldur af því, að þær hafa ekki þótt bera svo góðan árangur, að þær hafi farið vaxandi.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að þessi friðun yrði m. a. til þess, að landhelgisbrjótarnir nyttu góðs af henni. Það má auðvitað segja, að öll friðun á landhelginni sé góð fyrir lagabryótana. En á þá að upphefja bannið til þess að koma í veg fyrir, að menn geti hagnast af því að stelast inn í landhelgina? Er það hin rétta leið? Nei, það sér hver heilvita maður, að eina leiðin í þessu efni er sú, að girða fyrir það

með öflugum vörnum, að mönnum geti haldist uppi að veiða ólöglega í landhelgi.

Til áréttingar því, sem ég sagði áðan um skyldleika dragnóta- og botnvörpuveiða, vil ég skirskota til þeirrar grg., sem fylgir frv. hv. þm. Seyðf., s. s. álits Árna Friðrikssonar fiskifræðings. Í þessu áliti segir svo m. a.:

„Því verður þó ekki neitað, að dragnótin getur drepist eitthvað af ungvíði skarkolans og annara flatfiska, en það tjón, sem hún gerir á þann hátt, kemur niður á dragnótaveiðunum sjálfum. Vitanlega getur dragnótin einnig gert tjón á veiðarfærum, t. d. lóð eða netum, og væri því e. t. v. heppilegt að hanna hana. a. m. k. tíma úr árinu. Þar sem heimamenn einhvers héraðs stunda fiskveiðar með slíkum veiðarfærum að staðaldri“.

Kemur þetta ekki alveg heim við álit íbúanna í hinum ellefu hreppum í Þingeyjarsýslu, sem krefjast aukinnar friðunar gegn þessum veiðum? Kemur þetta ekki alveg heim við kvartanir þeirra yfir skemmdum á veiðarfærum, sem þeir afla með? Þegar þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Seyðf. eru að gera lítið úr ummælum þessara manna, þá eru þeir um leið að gera lítið úr ummælum fiskifræðingsins Árna Friðrikssonar.

Þá kemur fiskifræðingurinn að því sama og ég var að tala um í gær, afleiðingunum, sem það myndi hafa í framtíðinni, að þessar tilslakanir yrðu gerðar. Af því að þessir tveir hv. þm. gerðu lítið úr ummælum mínum um þetta efni í gær, þá ætla ég nú að styðja þau með því að skirskota enn betur til grg. fiskifræðingsins. Hann segir um þetta:

„Að visu eyðist kolinn fyrr, ef við leggjum áherzlu á að veiða hann með nýjum aðferðum, en þá erum við það sjálfir, sem eyðum honum, eða eigum a. m. k. mestan þátt í því. Og þegar svo langt er komið, að við erum orðnir sterkastir á vígvellinum, er kominn tími til að takmarka veiðina með skynsamlegri löggjöf og auka stofninn með klaki, eins og Norðmenn gera nú“.

Fiskifræðingurinn segir hér hreint og beint, að afleiðingin af því að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum muni verða sú, að við þurfum síðar að gera sérstakar

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. J.Jós).

ráðstafanir til þess að klekja kolanum út. En hvað það snertir, að við sitjum einir að krásinni, þá hefir sá góði maður bara ekki athugað þetta nógu vel, heldur hefir hann skrifað þetta út frá því sjónarmiði, að landhelgin yrði eingöngu opnuð fyrir íslenskum hagsmunum. Hann segir „— en þá erum við það sjálfir, sem eyðum honum“.— En eins og ég drap á í gær, þá er það önnur þjóð, sem myndi nota sér þetta í ríkum mæli, nefnilega Danir. Hv. þm. Vestm. sagði um Dani, að hann væri ekkert hræddur við þá pilla. Ég veit það að vísu, að hvað þær fiskveiðar snertir, sem þarfnast hugrekks og karlmennsku, fiskveiðar úti í rúmsjó, standast Danir okkur ekki snúning. En þegar um hitt er að ræða, að fiska á grunnsævi og sleikja upp hvern vog og hverja vík, þá gætu Danir staðið okkur töluvert á sporði, a. m. k. fyrst í stað, sökum leikni sinnar í að nota þetta veiðarfæri. Og ég veit, að þeir líta svo á þetta sjálfir. Þeir hafa gert tilraunir til þess að fiska hér að vetrarlagi úti á opnu hafi, en allar þær tilraunir hafa farið út um þúfur og Dönum dettur ekki í hug að reyna þær oftár. Það var t. d. eitt sinn, að slík tilraun var gerð. Hún fórst nú ekki hönduglegar en svo, að þegar lagt var út, var skipstjórinn svo blindfullur og viti sinu fjær af ölaði, að hann ætlaði að stofna öllu í voða, og Færeyingarnir, sem á skipinu voru, urðu að taka af honum ráðin og setja hann undir þiljur, og fór svo um sjóferð þá. — En ef slakað yrði á banninu gegn dragnótaveiðum í landhelgi, þá myndu Danir sjá sér leik á borði. Þeir mundu álita sem svo, að þessar veiðar væru við sitt hæfi.

Þegar á allt þetta er litið, þá virðist vera fullkomin ástæða til þess að athuga, hvort það sé einmitt ekki þýðingarmikið atriði í þessu máli, að Danir skuli geta notað sér þessa rýmkun til jafns við okkur. Því að við megum vera þess fullvissir, að ef svo færi, sem fiskifræðingurinn gerir ráð fyrir, að kolinn eyðilegðist smám saman, þá myndu Danir ekki jafnfúsir að bæta okkur tjónið eins og þeir væru áfjáðir að eyða kolanum, og það því fremur, sem það er vitanlegt, að eftir árið 1943 myndu þeir ekki fá að veiða eina einustu bröndu í íslenskri landhelgi. Nei,

þeir mundu sitja að krásunum meðan þær væru til, og hlaupa svo burtu frá öllu saman.

Þá töluðu þessir hv. þm. um það, að það gerði aðstöðu Dana svo erfiða, hve langt væri að sækja hingað, að þeir myndu ekki telja það borga sig. En ég vil benda á það, að þeir verða hvort eð er að flytja fiskinn til Englands, svo að fjarlægðin út af fyrir sig myndi ekki fæla þá frá því að stunda hér veiðar. En það, sem fælir þá frá þessum veiðum, er það, að þær eru bannaðar blíðustu mánuðina, í júlí og ágúst, einmitt þegar logn er og ládeyða og veðrið hér helzt við hæfi Dana. Þeir væru þá ósköp litlir sjómenn, ef þeir gætu ekki slætt eitthvað í nætur sínar hér inni á flóum og fjörðum þegar veðrið er bezt.

Mér virðist full ástæða til þess að taka þetta til athugunar og finnst það, hvernig sem á er litið, mjög varhugavert að gera nokkrar breytingar til rýmkunar frá því, sem nú er í þessum efnum. Hv. þm. verða að gera sér það ljóst, að slíkar breyt. gætu og orðið okkur mjög hættulegar í sambandi við kröfur okkar um aukna landhelgi, eins og ég hefi áður sýnt fram á.

Ég held, að séu einstaka atriði í ræðu hv. þm. Vestm., sem ég hefi ekki minnst á ennþá, þó að ég sé búinn að ræða nokkuð öll höfuðatriði þessa máls. Ég minntist í gær á það, sem Norðmenn segðu um þetta mál. Ég sé í þessu sambandi ástæðu til þess að tilfæra hér nokkur orð úr blaðinu „Fiskeren“. Í því birtist grein, sem ég hefi látið þýða, þar sem 370 fiskimenn og sjómenn fyrir Jaðrinum kvarta undan dragnótaveiðunum hjá sér, og það er ekki í fyrsta skipti, sem þeir hafa skrifað um þessi efni til hærri staða. Þeir vitna t. d. í umsögn fiskipings Norlands o. fl., þar sem kemur fram það sama og hjá þeim mönnum hér, sem vilja banna alla dragnótaveiði í landhelgi. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta.

„Í þessu sambandi leyfum vér oss að taka það fram, sem hér fer á eftir, til viðbótar þeim athugasemdum, sem vér höfum áður sent hinu háa ráðuneyti: Alstaðar þar, sem dragnótaveiðar hafa verið reknar, hafa þær eyðilagt skilyrðin fyrir endurnýjun fiskstofnsins og eiga þess vegna, að vorri hyggju, mestan þátt í

eyðingu hans hér úti fyrir ströndinni. Oss er það fyllilega ljóst, að á meðal sérfræðinga vorra á þessu sviði er töluverður ágreiningur um þetta mál. Hinsvegar ætti það að liggja í augum uppi, að þegar miðin uppi við ströndina, þar sem fiskurinn hrygnir og ungviðið á að vaxa upp, eru gersamlega uppurin með slíkum veiðarfærum, er það hreinn og beinn veiðipjófnaður, sem hlýtur að hefna sín“.

Nefnilega að hefna sín á þann hátt, að það dragi úr viðkomu fiskjarins, en af því leiðir svo aftur, að það dregur úr mergð þess nytjafiskjar, sem nauðsynlegt er, að sé til staðar til að halda við þessum atvinnuvegi fiskimannanna, fiskveiðunum. — Svo segja þeir enn fremur, Jaðarsbúar:

„Ef ekki verður bannað að nota þetta veiðarfæri, sem nær ungvíðinu og eyðir því smátt og smátt, mun fara svo innan skamms, að fiskstofninn deyr út og vér eigum ekki eftir annað en minningarnar um hann. Og auðvitað kemur þetta fyrst og fremst niður á oss fiskimönnum, en bitnar líka á þjóðfélaginu í heild“.

Það er ekkert undarlegt, þó þeir segi, að það bitni á þjóðfélaginu í heild, þar sem fiskveiðarnar eru einn stórvægilegasti þátturinn í atvinnulífi Norðmanna. Hvað ætli við mætum þá segja, með því hlutfalli, sem er milli fiskveiðanna hjá okkur og annara atvinnuvega? — Svo halda þeir áfram:

„Síðan vér gerðum vorar fyrstu athuga sendir um þessi mál, hafa til allrar hamingju komið fram frá öðrum mönnum einbeittar kröfur, sem sýna, að þetta mál á sér mikið fylgi bæði hér á landi og erlendis. Vér leyfum oss að benda á undirtektir fiskimanna annarstaðar á ströndinni, t. d. umsögn fiskipings Norlands, og vér viljum vísa til stéttarbræðra vorra og frænda á Íslandi, en þar eru allar dragnótaveiðar innan landhelgi bannaðar með lögum, og í nágrannalöndum vorum Danmörku og Svíþjóð er mikið rætt og ritað um þetta mál“. (HG: Allar dragnótaveiðar bannaðar á Íslandi). Þeir hafa náttúrulega ekki lesið lögin, en halda að við séum forsjalli en við erum, en þetta fer nú ekki svo fjarri. Og þeir viðurkenna, að við séum miklu forsjalli en Norðmenn.

En það, sem ég í sambandi við þetta

bréf vil sérstaklega benda á og vekja athygli á, er, að þeir segja, að í Danmörku sé mikið rætt og ritað um þetta mál. Og það er ekkert undarlegt, þó Danir ræði og riti mikið um þetta mál, þegar þess er gætt, að dragnótaveiðarnar í Danmörku stefna til eyðileggingar á öllum þeim fiskitegundum, sem hægt er að veiða í dragnót, og þar á meðal eru sumar helztu fiskitegundir, svo sem koli og ýsa. Það hvetur auðvitað Dani til að nota sér þessi gæði, ef Íslendingar fara að rýmka þetta bann við dragnótaveiði og hleypa þeim inn í landhelgina. Þeir eiga ákaflega mikið af þessum veiðarfærum, sem þeir geta ekki notað nú orðið sökum fiskfæðar heima fyrir, en sem þeir mundu auðvitað verða fegnir að geta notað hér við Ísland, ef þeim væri leyft það. Auk þess er nú þar eins og annarsstaðar mikil kreppa og atvinnuskilyrði öll í lakara lagi. Það er því full ástæða til að athuga það, að þeir eru farnir að ræða um að banna eða takmarka þessar veiðar heima fyrir. — Svo halda þeir áfram:

„Ef ekki er hægt að banna dragnótaveiðar nú þegar með lögum, leyfum vér oss að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutist til um, að dragnótaveiðar verði bannaðar með reglugerð á þeim stöðum, þar sem sérstaklega stendur á í þessu efni og fiskimenn sjálfir fara fram á, að lögleitt verði slíkt bann“.

Þetta sýnir, að þeir eru töluvert kunnir íslenskri löggjöf um þetta, þar sem þeir beinlínis þræða hana í þessu efni. Nú, enn fremur stendur:

„Vér viljum vekja athygli á því, að fiskimönnum fyrir hinni opnu og stormasömu Jaðarströnd er algerlega meinað að taka þátt í öðrum veiðum en smábátaútlagi, þar sem ekki eru til — og ekki er hægt að gera — hafnir, nema fyrir smábáta, sem hægt er að draga á land í vondum veðrum. Um leið og oss er þannig bægt frá þessum veiðum af dragnótaveiðimönnum úr öðrum héruðum, eru oss í raun og veru allar hjargir bannaðar. Þó er það fyrst og fremst aðalatriðið bæði fyrir oss fiskimenn og alla aðra, sem um þetta mál hugsa, að koma í veg fyrir veiðipjófnað, að hlifa fiskistofninum og glæða eðlilega endurnýjun hans. en ekki vinna á móti henni, að vernda og

halda hlífiskildi yfir verðmætum fiski-miðanna, en ekki eyðileggja þau af fávizku og kæruleysi“.

Og þeir leggja að lokum áherzlu á, að það sé hafizt handa sem allra fyrst og lögleitt bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, og svo klykkja þeir út með þessum orðum:

„Burt með dragnætturnar! Látið fiskinn í friði!“ (HG: Alveg!). Nefnilega fyrir dragnótum, en auðvitað ekki að hætta alveg að veiða fisk. — „Á miðunum, þar sem hann hrygnir, og fyrir ströndinni, þar sem ungviðið á að vaxa upp. Þá munu miðin aftur fyllast nytjafiski, til hagnaðar fyrir neytendur og veiðimenn“, segja frændur vorir á Íslandi. Og vér segjum slíkt hið sama“.

Ég vildi, úr því ég minntist á þetta, láta það koma fram, sem felst í ummælum þessara manna, því þetta sýnir, að það eru uppi háværar raddir um það í skandinávsku löndunum, að feta í fótspor okkar Íslendinga í þessu efni og banna dragnótaveiðar í landhelgi.

Þá held ég, að það sé nú ekki mikið fleira, sem ég þarf að taka fram í þessu máli, en ég vildi aðeins, áður en ég sezt niður, benda á það, að mér þótti koma fram undarleg bölsýni hjá hv. þm. Vestm., þegar hann var að tala um það, að hann byggist við, að í náinni framtíð mundi það ekki takast að fá landhelgina rýmkaða. En ég vil nú segja það, að það er svo um hvert mál, sem sótt er, að það er ákaflega mikils virði að geta haft trú á því að geta komið því fram, og því meira virði sem menn geta verið betur samtaka um að koma málinu fram og vinna sigur.

Mér kemur sérstaklega undarlega fyrir nú bölsýni hv. þm. Vestm., þar sem einmitt nú á allra síðustu tímum er kominn nokkur rekspölur á þetta mál, rýmkun landhelginnar. Eins og kunnugt er, var á síðastl. vetri haldinn alþjóðafundur um þetta mál, og þar kom í ljós, að þar eiga margir hagsmuna að gæta og að það eru margar þjóðir, sem standa að því, að landhelgin við Ísland sé rýmkuð, enda eru ýmsar þjóðir, sem hafa rýmri landhelgi en við. Auk þess er það vitað, að Þjóðabandalagið ætlar að taka þetta mál að sér, og það bendir á, að við eigum það

í vændum að fá landhelgina rýmkaða, og að sú skoðun vinni sigur, sem við höfum haldið fram í því máli. Það er nefnilega svo, að vísindin leggja okkur upp í hendurnar ákaflega sterk vopn. Og það eru vopn, sem engin slagorð, fullryðingar eða fordómar hita á. Það eru þau vísindi, sem ein eru sönnunargagn í þessu máli, fiskirannsóknirnar. Fiskirannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið hér við land, sýna, að lifsskilyrðin fyrir ungviðið eru ólík innan við landhelgislinuna, þar sem friður er fyrir hættulegum botndráttarveiðarfærum, eða utan við landhelgina, þar sem sífelld ánauð er á miðunum af togurum og öðrum skipum, sem hafa botnsköfuveiðarfæri.

Hvorttveggja, hin vísindalegu rök og sá almenni áhugi og þær góðu undirtektir, sem við sjáum hjá þeim, sem ræða þetta mál meðal stórpjóðanna, sýnir okkur, að við stöndum einmitt nær því nú en nokkru sinni áður að geta hrundið þessu máli eitthvað áleiðis og jafnvel að fá óskir okkar í því uppfylltar áður en langt um liður.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það fer að verða býsna örðugt að fást við hv. þm. Borgf. (ÓTh: O, það hefir nú verið það fyrr), síðan hann tók það ráð að fá Norðmenn í lið með sér, því eins og menn vita, eru þeir harðsnúnir, sérstaklega gegn Dönum.

En ég vil nú fyrst víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. S.-M. í sambandi við það, sem hann sagði í ræðu sinni. Hann var að tala um, að ástæðan til þess, að sjútvn. hefði ekki viljað taka upp till. mínar, væri sú hætta, sem hún teldi stafa af því, að torvelt væri að fylgja fram þeim ákvæðum frv., sem lúta að möskvastærð dragnóta og lágmarksstærð þess fiskjar, sem hagnýta má úr afla dragnóta. Mig undrar, hvað þessir erfiðleikar hafa vaxið hv. n. í augum. Hinu fyrra ákvæðinu eru engir erfiðleikar á að fylgja fram, vegna þess, að ef ekki er leyft, að notaðar séu nætur nema af ákveðinni lágmarksmöskvastærð, þá flytja menn ekki inn né búa til nætur með smærri möskvum, því þeir geta þá búizt við, að þær séu óseljanlegar. Og þetta eru svo dýr veiðarfæri og svo lítið notað af

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

þeim, að menn eru ekki að eiga neitt á hættu með það. Og þar sem svo lítið er notað af þeim, — yfirleitt nota ekki bátar fleiri en 1 eða 2 nætur í senn —, þá er auðvelt að rannsaka það í hverju einstöku tilfelli, hvort möskvastærð þessara nóta er lögleg. Og þegar menn geta átt von á slíkri rannsókn, vilja þeir auðvitað ekki eiga neitt á hættu með að missa þessi dýru veiðarfæri. Því samkv. lögunum yrðu slík ólögleg veiðarfæri upptæk og andvirðið rynni í ríkissjóð.

Hinu síðara ákvæðinu, um að ekki megi hagnýta fisk, sem er undir ákveðinni lágmarksstærð, er líka auðvelt að framfylgja. Allur sá fiskur, sem veiddist í dragnætur, mundi verða seldur hér í landinu, að undanteknum þeim fiski, sem seldur væri beint í togara úti á hafi. Það væri auðvitað ekki hægt að hafa eftirlit með stærð þess fiskjar, sem þannig væri seldur. En það yrði mjög lítið. Því nú eru horfur á, að talsvert af veiðiskipum muni liggja inni á höfnum og fjörðum til að taka við nýjum fiski af bátum og flytja hann út ísvarinn. Svo það eru horfur á, að mest af þessum fiski færi til landsmanna sjálfra. Nú, og þó fiskurinn færi í önnur skip, sem liggja inni á höfnum, hvort sem það eru útlend skip, sem kaupa þennan fisk, eða hann fer í skip, sem ríkisstj. leigir til að flytja hann út, þá er tiltölulega auðvelt fyrir þá menn, sem til þess væru settir, að fylgjast með stærð þess kola, sem látinn væri í þessi skip. Og ef ekki er auðið fyrir menn að selja fisk nema af vissri stærð, þá fellur burt hvötin fyrir þá að veiða fisk undir þessari lágmarksstærð. Það er nú svo, að menn eru yfirleitt ekki að veiða að gamni sínu, heldur er það hagsmunavonin fyrir flestum, sem ræður því, hvað þeir veiða, og yfirleitt að þeir stunda fiskveiðar.

Hv. þm. Borgf. vildi nú halda því fram, að hér væri verið að gera botnvörpu-skipum hægara fyrir að komast að landhelginni. Þetta er auðvitað fjarstæða, því það er alveg óskýlt, dragnót og botnvarpa, og botnvörpuveiðar koma þessu máli ekkert við. Dragnótaveiði er nú leyfð í landhelgi á vissum tímum og á vissum stöðum, en botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar í landhelgi. Og hér

er ekki farið fram á að gera neina breyt. á því.

Þá heldur hann því fram, hv. þm., að dragnótin spilli veiðiskap með því að eyðileggja gróðurinn í botninum, þar sem hún fer um, og drepa ungviðið; hún eyðileggi þannig aflavon fyrir þeim, sem stunda veiðar með öðrum veiðarfærum á sama svæði. (PO: Árni Friðriksson segir það). Árni Friðriksson segir það gagnstæða. Ég vil nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr álitu fiskifræðingsins; hv. þm. Borgf. hefir sem sé hlaupið yfir veigamestu kaflana, þegar hann hefir verið að lesa upp úr álitinu. Um þetta segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„— — Dragnót er einungis hægt að nota á sand- eða leirbotni, því hún er veikgerð og þolir hvorki grýttan botn né þaragróður. Hún getur því ekkert mein unnið þaragróðrinum, sem reyndar er lítils virði fyrir útgerðina, og það mjög óbeinlínis. Ungviði þorsksins og annara bolfiska“ — og það hlýtur að vera það ungviði, sem hv. þm. Borgf. á við, þegar hann er að tala um, að dragnótin eyðileggi ungviðið fyrir öðrum fiskimönnum — „getur hún ekki grandað svo neinu nemi, af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi er þorskurinn ekki við land nema á meðan hann er á unga aldri. Þegar hann er svo litill (um og undir 20 sm), að hann getur hæglega smogið vanalega dragnót (ca. 5 sm. riðil).

Í öðru lagi hefst hann helst við á þara og grjóti, meðan hann er á grunnsævi, eða einmitt á þeim stöðum, þar sem dragnótaveiðum verður ekki komið við“.

„Það er með öllu ómögulegt“ — með öllu ómögulegt, segir fiskifræðingurinn — „að dragnótin geti eyðilaggt „botninn“ eða lífsskilyrði fiskanna, þar sem hún er notuð, því bæði er það, að hún nær litlu af þeim dýrum, sem að gagni mega koma sem fiskifæða, og svo er hitt, að slíkum dýrum (t. d. skeljum) er engin hættu búin, þótt þau komi inn í skipið, því þau lifa alveg eins fyrir það, þegar þeim er kastað út aftur“.

Mér virðist af þessum orðum, að það sé alveg ótvírætt, að hvað sem hv. þm. kann að álíta um það, að dragnætturnar spilli veiðiskap með öðrum veiðarfær-

um, þá sé álit fiskifræðingsins allt annað. Og ég fyrir mitt leyti legg nú meira upp úr því, sem hann segir um þetta mál en hv. þm. Borgf.

Annars er það ekkert nýtt, að slíkar kenningar séu fram bornar, þegar rætt er um það, að taka upp ný veiðarfæri. Ég drap á það í vetur, og fékk viti fyrir frá hv. þm. Borgf., að í hans kjördæmi, raunar fyrir einum 200—300 árum, gerðu þeir samþykkt um að banna notkun þorskalínu og netja, af því að það væri til að eyðileggja allan veiðiskap fyrir öðrum. Alveg sama viðbáran og hv. þm. ber nú fram. Og þá er alkunnug samþykktin, sem þeir gerðu suður með sjó um árið um bann við þorskanetum, af því þau áttu að spilla fyrir öðrum veiðiskap. (PO: Það er nú annað). Já, það er annað, segir hv. þm., af því að bæði hani og aðrir hafa lært það síðan, í þessi 200—300 ár, að þessi kenning um þorskanetin hefir ekki við nein rök að styðjast. Og eins og menn eru nú búnir að fá rök fyrir því og eru komnir á þá skoðun um þorskanetin, að þau spilli ekki fyrir öðrum veiðiskap, eins munu menn komast á þá skoðun um „snurrevaadina“, að hún spilli ekki fyrir öðrum veiðiskap með öðrum veiðarfærum. En eins og hv. þm. Borgf. sagði, þá gengur þetta náttúrlega út yfir kolann. Ég skal ekki neita því; það gengur út yfir kolann, sem útlendingar nú hirða hvort sem er að $\frac{9}{10}$ hlutum.

Og hv. þm. hélt áfram og sagði: „Vitanlega getur dragnótin gert tjón á öðrum veiðarfærum“, og las upp úr skýrslu fiskifræðingsins: „Vitanlega getur dragnótin gert tjón“ o. s. frv. Þetta er alveg rétt. Vitanlega getur hún gert tjón á öðrum veiðarfærum. En ég verð nú að segja það, að það væri býsna hart að gengið, ef það ætti að banna veiðiskap með dragnót af þessum sökum. Því ef ætti að halda sér að kenningu hv. þm. Borgf., þá væri ástæða til að banna að fiska með línu í Faxaflóa. Því það vita þeir, sem kunnugir eru miðunum við Faxaflóa, að svo mikil þrengsli eru þar, að menn hrúga þar línunum hverri ofan á aðra, og svo lendir allt í lóðaflækjum í öllum þrengslunum, og menn eyðileggja veiðarfærin hver fyrir öðrum, eða hirða þau og

fiskinn og allt saman. (PO: Því er öllu skilað aftur). Ja, mikil er hjartsýni hv. þm. Borgf. í þessu efni. (PO: Ég veit, að svo er það á Akranesi). Ég held, að Akurnesingar hafi nú einmitt fengið versta orð í þessu efni. Nei, ef svo langt á að ganga að banna þau veiðarfæri, sem gætu gert tjón á öðrum veiðarfærum. Þá mun það áreiðanlega ganga út yfir fiskilínur engu síður en önnur veiðarfæri.

Hv. þm. sagði réttiiega, að ástandið væri nú svo með þessa svokölluðu friðun á kolanum, að hún væri til hagnaðar fyrir landhelgisbrjótana. Ég ber ekki á móti þessu. Þess vegna förum við flm. nú fram á að bæta úr þessu með því að slaka til á banninu gegn dragnótaveiði í landhelgi. Þeir landhelgisbrjótar, sem hafa hagnað af þessari friðun á kolanum, eru sérstaklega botnvörpungarnir, og það er ekki farið fram á það í frv. að auka neitt rétt þeirra. Botnvörpungar veiða ekki með dragnótum. (ÓTh: O!). Ekki þeir islenzku, svo ég viti, a. m. k. ekki almennt. Það geiur verið, að einhverjir útlendingar geri það, eða þeir togarar, sem hv. þm. G.-K. hefir með að gera. Mér virðist það alveg fráleitt, að það geti orðið til bóta fyrir trollarana, sem fiska í landhelgi og fá þar flatfisk, að þessi rýmkun verði samþ. Þvert á móti. Þá verða það fleiri, sem fiska fyrir innan, en landhelgisbrjótarnir einir saman, og eru þá líkur til, að kolaflinn innan og utan línunnar verði jafnari en áður, og því minni hvöt fyrir þá að slægjast eftir þessari fisktegund þar, sem hættan við veiðarnar er meiri.

Þá vísaði hv. þm. til ummæla fiskifræðingsins um, að kolinn myndi eyðast fyrr, ef farið væri að veiða hann af kappi með nýjum veiðitækjum. Það segir sig auðvitað sjálft, að því meira sem veitt er, því meira gengur á stofninn, og því meiri líkur eru til, að hann gangi til þurrðar. Nú heldur fiskifræðingurinn því fram, að þrátt fyrir friðunina sé viðbúið, að kolinn muni bæði smækka og minnka hér við land. Nú er veiði Íslendinga innan við 10% af því, sem veitt er af kola hér við land, og þó veiði Íslendinga margfaldaðist, myndi það lítil áhrif hafa á kolann í heild sinni. Þó við ykjum okkar

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JÍós).

kolaveiðar um mörg hundruð %, þó við ykjum þær um 1000%, þá mundi það samt ekki hafa nein veruleg áhrif á kolann, því öll veiðin yrði samt ekki nema tvöföld við það, sem hún nú er.

Ég get verið sammála hv. þm. Borgf. um það, að eins og fiskifræðingurinn benti á, er hin mesta þörf á að koma upp klaki á kola og ef til vill öðrum nytjafiskum. En það er alveg óskýlt því máli, sem hér liggur fyrir. Það er alveg sérstakt mál, og er náttúrlega nauðsynlegt út af fyrir sig, en kemur ekkert þessu máli við. En ég get verið sammála hv. þm. Borgf. um það, að ég býst ekki við, að Danir fari að leggja fram peninga til að starfa hér að klaki.

Þá sagði hv. þm., að ein meginástæða hv. andstæðinga þessa frv. væri sú, að með því væri Dönum og okkur gefinn sameiginlegur réttur til að veiða kolann í landhelgi. En það er einmitt það, sem Danir hafa nú; þeir hafa sama rétt og við til að veiða kolann í landhelgi. Þetta er því engin breyt. frá því, sem nú er. Nú hafa Danir rétt til að veiða kola í landhelgi í 3 mánuði: september, október og nóvember. Ef mitt frv. hefði verið samþ., hefði þessi tími verið lengdur fram á við að sumrinu um einn mánuð, ágústmánuð, og svo til viðbótar um 3 mánuði að vetrinum, desember, janúar og febrúar. Veit ekki hv. þm., sem talaði svo mikið um sumarbliðuna, sem Danir mundu njóta við þessar veiðar hér uppi við Ísland, hvort hún er mest á þessum tíma? (PO: Samkv. þessu frv. er júlí líka tekinn með). Já, samkv. þessu frv., en samkv. mínu frv. var gert ráð fyrir, að aukningin yrði aðallega hæstu vetrarmánuðina. Og ég hélt, að á þeim tíma væri hér ekki sérstaklega mikið sól eða sumarbliða. A. m. k. hélt ég, að Danir hefðu annað að segja af sumarbliðu. Ég held, að það séu nokkuð miklir draumórar hjá hv. þm., að ef leyft verði að veiða með dragnót í landhelgi, þá muni Danir leggja inni á fjörðum, baða sig í sólskininu og veiða kola, en við fara út á úfið hafið og sækja þangað fisk með karlmennsku og harðræði í vetrarhríðum og stormum. Þetta eru náttúrulega ákaflega skemmtilegir hugarórar hjá hv. þm. En hvers vegna ættu Íslendingar endilega að

fara út á úfið hafið, þegar þeir gætu veitt nógan fisk í glaða sólskininu inni á fjörðum? Þó menn séu nú gjarnir til karlmennsku og stórræða í stórhriðum og hafróti, þá gera menn sér samt ekki gaman að því að hlaupa frá vissri tekjulind í sólskininu inni á fjörðum, til þess eins að leggja sig í hættu úti á hafi í vetrarhrökum og skammdegishríðum. Því þegar alls er gætt, þá er það þó fyrst og fremst hagsmunavonin, sem hvetur menn til að leggja líf sitt í hættu úti á reginhafi um íslenskan hávetur.

Hv. þm. las upp langan kafla úr bréfi frá fiskimönnum á Jaðrinum í Noregi til verzlunarmálaráðuneytisins norska, þar sem þeir mælast til, að öll dragnótaveiði sé bönnuð í landhelgi fyrir Jaðrinum, og var þar ýmislegan fróðleik að heyra, eins og við mátti búast, þ. á. m. þann, að Íslendingar hefðu bannað alla dragnótaveiði í landhelgi hjá sér, sem ég heyri nú í fyrsta sinn. Ég hygg nú, að margt af því, sem hv. þm. las upp úr þessu bréfi, hafi við jafngóð rök að styðjast og það, að Íslendingar hafi bannað alla dragnótaveiði í landhelgi.

Annað, sem hv. þm. las upp, var það, að það væri nú mikið rætt um það meðal fiskimanna í Danmörku að banna dragnótaveiðar í Danmörku. Ég held, að þetta hljóti að vera misskilningur. Ég hefi ekki heyrt, að Danir veiddu kola að ráði með öðru en dragnót. Að banna að veiða með dragnót í Danmörku væri því það sama og að banna þar allar kolaveiðar. Og þar sem þær eru drýgsta tekjulind danskra fiskimanna, þá er ákaflega ótrúlegt, að þeim detti í hug að banna þær.

Annars er það að segja um það, er lýtur að Dönum í fyrri ræðu hv. þm., að þeir sjálfir séu að gera ráð fyrir, að tíminn verði lengdur og að við munum auka þessa veiði. Ég geri ráð fyrir, að Danir muni auka sína veiði hér við land. En ég geri ekki ráð fyrir, að það verði Dönum hagstætt að sama skapi og okkur. Við höfum 7000–8000 báta, sem eru rétt við fiskimiðin, og áhafnir líka, sem hafa á sér orð.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að sýna fram á, hvilíkt fjárhagsatriði þetta er Íslendingum. Veit ég það t. d. fyrir vist, að í Garði eru skiptar skoð-

anir um það, hvort rétt sé að banna dragnótaveiði í landhelgi eða ekki, og í Keflavík eru flestir andvígir banni. Skil ég það vel, því að ég hefi fengið upplýsingar um trillubáta, sem fengið hafa í einu kasti kola fyrir 600, 700 og 800 kr., og þessu líkt á sér stað víða. Er full ástæða fyrir því, að bátaeigendur liti svona á málið, því að erfitt er fyrir þá að láta saltfiskveiði bera sig. Eru því margir að reyna fyrir sér um útflutning á nýjum fiski. Er miklu vænlegra að hafa á boðstólum góðan nýjan fisk, sérstaklega kola og ýsu. Læt ég svo útrætt um þetta mál, og mun ég greiða atkv. gegn brtt. n., þótt ég hefði heldur kosið sjálfur, að hún hefði lagt til grundvallar frv. það, sem ég bar hér fram fyrir nokkru, svo að atkvgr. hefði getað farið fram um það, en ekki þetta frv.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 13. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Arnórsson: Mig minnir, að það liggi fyrir tvö frv. til laga um breyt. á lögunum frá 1928 um bann við dragnótaveiðum í landhelgi. Að þessum frv. standa menn, sem vafalaust hafa mikið vit á fiskveiðum, a. m. k. hv. þm. Vestm., og sjálfsagt líka hv. þm. Seyðf. Þessir menn segja, að það sé ekki einungis hættulaust, heldur muni það verða gott og gagnlegt mörgum þeim, sem fiskveiðar stunda, ef bannið verður rýmkað.

Þá kemur fram annar maður, sem ekki hefir síður gott vit á þessu máli, hv. þm. Borgf. Hann hefir með ekki minna kappi en þeir hinir haldið því fram, að það væri ekki einungis ástæðulaust að breyta lögunum frá því, sem þau nú eru, til rýmkunar, heldur hefir hann líka með jafnmiklum dugnaði og honum er lagið og með góðum rökum bent á, að það megi alls ekki gera það.

Þegar nú lærðustu menn d. í þessum efnum hnakkrist svona, þessir stórfiskar á sviði fiskveiðanna, þá er ekki von, að við, sem höfum litið vit á þessu máli, getum gert okkur grein fyrir, hvorir hafi réttara fyrir sér, þar sem aðrir segja hvítt það, sem hinir segja svart,

því að varla verður gert upp á milli þessara manna hvað vitsmuni og mannkosti snertir. En þar sem slíka menn greinir svo á, þá er torvelt okkur hinum að ákveða, hvorum við skulum fylgja.

Ég verð að segja frá minnu brjósti, að ég sé ekki, hvort brýn nauðsyn er á að afgreiða þetta mál nú jákvætt eða neikvætt. Við erum nú í ágústmánuði, og má búast við því, að þótt þetta frv. gengi fram, næði það ekki konungsstaðfestingu fyrr en í september eða október. Veðitíminn fyrir þetta sumar yrði því liðinn. Það má vera, að einhverjir islenzkir fiskimenn, og ef til vill ekki svo fáir, þori að fara út í haustmyrkrið og stormana. En þeir, sem bera vora elskulegu vini Dani fyrir brjósti, vita, að þótt þetta mál gengi í gegn í haust, þá geta þeir sjálfsagt ekki haft neitt gott af því, þeir húa í þessu hjarta, sólhýra og brosandandi landi, og þeir hafa víst enga löngun til þess að hætta sér út í vetrarstormana hér. Svo að þótt beðið væri til næsta þings að opna gáttina fyrir þeim, þá mun það ekki verða þeim að tjóni. Danir munu fyrst á vori komanda geta hagnýtt sér þau gæði. Við getum því látið biða þeirra vegna að samþ. þetta frv. í sumar.

Svo eru það okkar menn. Hv. sjútvñ. vill ekki ganga að frv. eins og hv. þm. Seyðf. hefir borið það fram, né heldur eins og frv. hv. þm. Vestm. var. Nú geri ég ráð fyrir, að þessi frv. hinna hv. þm. verði ekki látin ganga fram í þessari d., því að ég þykist vita, að þrátt fyrir hið mikla traust, sem d. hefir á þessum hv. þm., muni samt hv. sjútvñ. yfirsýggja þá með sínum vísdomi. Ef svo fer, verðum við, sem erum fáfróðir í málinu, neyddir til þess að halla okkur að till. hv. n. En ef þær verða samþ., þá er kominn löggjöf, sem heimilar stj. að gera rýmkanir fyrir eitt ár í senn á þessu veiðibanni.

Ég geri ráð fyrir því, að það mundi taka einhvern tíma fyrir hin einstöku héruð að senda umsóknir til hins háa stjórnarráðs, til þess að fá leyfða veiði með dragnót í einhverri vikinni, og stjórnarráðið mundi taka langan tíma að úrskurða, hvort þessi leyfi yrðu veitt. Afleiðingin af öllu þessu yrði því sú, að til næsta þings skipti það litlu eða engu

máli, hvort frv. eftir till. hv. sjútn. yrði samþ.; það kæmi ekki að verulegu gagni fyrir landsmenn á þessu tímabili.

Ég ætla að skjóta því inn í, að lögin um bann gegn dragnótaveiði yrðu dálítið hjákátleg, ef brtt. hv. sjútn. verða samþ. Í 8. gr. þeirra er ákvæði, sem heimilar stj. að herða á banninu. Nú ætla hv. sjútn. að bæta inn í þessa sömu 8. gr. öðru ákvæði, þar sem stj. er heimilað að rýmka þetta bann. Ég vil ekki segja, að þetta reki sig beinlínis á, en það yrði dálítið skritið í framkvæmdinni. Það er sagt, að margir hreppar í Þingeyjarsýslu vilji, að bannið sé hert. Ég býst ekki við, að hin velviljaða stj. dauðheyrist við bænum sinna kærri Þingeyinga, og því verði bann gegn dragnótaveiði í landhelgi ef til vill sett allt árið norðan við Þingeyjarsýslur. En kjósendur hv. þm. N.-M. eiga land að sjó þar nálægt, og þeir koma e. t. v. og biðja um leyfi. Svo getur maður haldið áfram. Vera kynni, að kjósendur hv. þm. Seyðf. bæðu um leyfi. Aftur á móti yrðu aðrir, kannske líka kjósendur hv. þm. Seyðf., sem vildu ekkert hafa með þetta leyfi. Þá kem ég að kjósendum hv. þm. S.-M. Hann er leiðandi maður þar í sýslu, og því er líklegt, að einhverjir verði sömu skoðunar og hann, að hættulegt sé að drepa ungviðið og eyðileggja gróður í sjávarbotni. Mér er ekki vel ljóst, hvernig stj. ætti að ráða fram úr þessu. Í vikinni x má ekkert veiða, en í vikinni y kynni það að vera fullkomlega heimilt. Ég sé ekki betur en að þetta mundi lenda allt í tómunum glundroða. Þess vegna yrði það ekki neinn stórskaði, þótt hv. d. gæfi okkur tórn til þess að athuga málið til næsta þings.

Ég ætla því að leyfa mér að koma með rökst. dagskrá, svo hljóðandi:

„Með því að mjög orkar tvímælis, hvort rétt sé að rýmka bannið í gildandi lögum um dragnótaveiðar í landhelgi, þá telur d. ekki rétt að afgr. málið að efni til að þessu sinni, og í trausti þess, að stj. rannsaki það til næsta reglulegs þings, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá“.

Frsm. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Ég ætla að lýsa því yfir fyrir mitt leyti, og ég imynda mér, að það sama geti flm. að frv. á þskj. 52 sagt fyrir sitt leyti, að

þetta mál hefir ekki verið borið hér fram fyrir hv. d. til þess að sér væri gert að leik að draga umr. úr hófi fram eða draga dár að þessu máli. Það er alls ekki af léttúð fram komið frá þeim, sem óska eftir, að eitthvað sé leyft meira af dragnótaveiði en nú er. Það eru allt aðrar og alvarlegri ástæður fiskimanna, sem liggja þar á bak við.

Hv. 2. þm. Reykv. sagðist ekki sjá, að það bæri neina nauðsyn til þess að samþ. þetta nú, þar sem það kæmi engum að gagni frekar en það væri dregið til næsta þings. Það er misjafnlega ástatt á ýmsum stöðum og ég býst við, að þeir, sem standa að frv. á þskj. 52, frá hv. þm. Seyðf. og Ísaf., og hafa farið fram á, að veiðin væri leyfð frá 1. jan.—1. marz, hafi haft þá hugsun á bak við, að þetta ákvæði gæti orðið fiskimönnum að gagni, með öðrum orðum, að komið gæti til mála, að rýmkunin yrði notuð vetrarmánuðina janúar og febrúar. En sé málinu skotið fram af sér á þessu þingi, þá er þar með útilokað, að neinn geti haft gagn af því næsta janúar- og febrúarmán. Það ynnist með því að samþ. dagskrá hv. 2. þm. Reykv. En á hinn bóginn ynnist það engan veginn, að kröfurnar um að fá þennan veiðirétt rýmkaðan myndu fyrir það þagna.

Ég man ekki til þess, að ég hafi gefið mig út í þessari hv. d. sem sérfræðing í fiskveiðum, en ég hefi í þessu máli bent á, hvað sérfræðingarnir hafa haldið fram, og þá einkum þeir sérfræðingar, sem hafa gert kolaveiðina sérstaklega að rannsóknarefni, t. d. Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson. En hitt er ekkert nýtt nú, það hefir verið síðan talað var fyrst um bann gegn dragnótaveiði, að ýmsar skoðanir séu uppi, bæði hér og í öðrum löndum; það hefir upplestur hv. þm. Borgf. leitt í ljós. En þótt menn greini á um það, þá er það svo, að sérfræðingarnir bæði hér og í Noregi hallast að því, að ekki sé eins skaðlegt og sumir vilja vera láta, að veitt sé með dragnót.

Hv. þm. fannst það hjákátlegt, að sjútn. skyldi hallast að þeirri leið að gefa stj. heimild til þess að fara eftir vilja landsmanna sjálfra. Ef eitthvað er hjákátlegt í þessu máli, þá er það þegar því er hnoðað inn í þessi lög í byrjun, að

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJs).

fram yfir þetta bann 9 mánuði ársins geti einstök héruð fengið aukabann lagt á. Það stendur í lögunum nú, að þetta aukalega bann eigi að byggja á vilja þeirra, sem þar búa, og yfirlýsingu stjórnar Fiskifélags Íslands. Það er því ekkert hjákátlegt við það, þótt sjútnv. vilji láta héraðsbúa, sem hafa annan vilja en þann að herða á banninu, njóta sama réttar fyrir landamærum síns héraðs, heldur er aðeins farið inn á þá braut, að héruðin hafi nokkurn sjálfsákvörðunar-rétt um, hvort þessi veiði er leyfð eða bönnuð fyrir þeirra eigin landi.

Ég ætla, að ekki verði mikill tími til þess að fara út í hina löngu ræðu, sem hv. þm. Borgf. hélt, enda er þess ekki þörf. Þótt hann hafi talað um frv. eins og hér lægju fyrir óskir um að nema lögin um bann gegn dragnótaveiði alveg úr gildi, þá er það vitanlegt, að hér er aðeins um að ræða heimild til lítilsháttar rýmkunar.

Hv. þm. Borgf. hefir flutt þetta mál af miklu kappi, eins og hv. síðasti ræðumaður komst að orði, — ég vil segja ofurkappi — og reynt að gera úlfalda úr þessari mýflugu. Hann hefir jafnvel gengið svo langt að afsanna það í öðru orðinu, sem hann var að sanna í hinu. Hann las upp grein úr norsku blaði, sem átti að vera mikilvægt sönnunargagn í þessu máli. Hann var nýbúinn að segja, að við Jaðarinn í Noregi, þar sem mótmælin komu frá, væri dragnótaveiði stunduð bæði af Jaðarsbúum og aðkomumönnum, en síðan las hann upp þetta skjal, sem sýnir beint fram á, að dragnótaveiðin er á þessum stað eingöngu stunduð af aðkomumönnum. Þá verður andúð Jaðarsmanna skiljanleg, því að þeir taka það fram, að þeir geti aðeins fiskað á smábátum, sem eru svo litlir, að það verður að draga þá á land í hverju óveðri. Og það, að aðkomumenn koma og stunda veiðina við bæjardyrnar hjá þeim, er undiraldan fyrir mótmælum þeirra, eins og líka ekki er óhugsandi, að eigi sér stað í Þingeyjarsýslu, að þeir, sent mótmæla, stunda ekki veiðina sjálfir, en horfa á útlendinga stunda hana. Það er skiljanlegt, þótt mönnum á slíkum stöðum sárni, að aðrir taki veiðina frá þeim, ef þeir hafa ekki efni eða á-

stæður til þess að taka þátt í henni sjálfir.

Hinsvegar er t. d. svo í Vestmannaeyjum, þaðan sem áskoranir hafa komið um rýmkun, að þar eru 20 bátar með nýtzku veiðarfærum. Þeir taka sjálfir þátt í veiðinni, og dönsku bátarnir, sem komu um árið, hafa ekki staðið þeim fyrir þrifum, og við erum ekki svo hræddir við þessa keppinauta, að við þorum ekki fyrir okkar leyti að taka þátt í veiðinni, þótt nokkur rýmkun verði á gerð.

Hv. þm. Borgf. minntist á það, sem ég sagði, að fiskimenn okkar lifðu ekki á eintómum bönnum og takmörkunum, og vildi benda á það, að takmörkun landhelgisveiðanna hjálpaði á óbeinan hátt afkomu fiskimannanna. Ég skal ekki neita því. En til munu ákvæði í isl. lög-gjöf, sem reynslan hefir leitt í ljós, að ekki hafa orðið til stórra búbóta fyrir íslenzka atvinnurekendur. Það þarf ekki annað en að kynna sér lögin frá 1922 og ástandið á sumum stöðum, þar sem átti að setja undir lekann, til þess að fá nægilega greinilega bendingu um, að þessum bönnum verður að beita með fullri varúð og skynsemi.

Mér er svo yfir höfuð alveg sama, hvað hv. þm. Borgf. les margar blaðagreinar, danskar eða norskar. Staðreyndirnar tala betur en allar blaðagreinar, og þær sýna, að afkoma íslenzkra fiskimanna er ákaflega slæm sem stendur, og þar sem þess er kostur að reka dragnótaveiði sér til hagsmuna, þar sem menn hafa veiðarfæri og báta og manndóm til þess að bera sig eftir björginni, er ekki skynsamlegt að bægja frá lítilsháttar meiri rýmkun en nú er. Þara til þess að nokkrir danskir bátar fái ekki titt úr sjó.

Ég get vel tekið undir, að það væri ekki ánægjulegt að afhenda Dönum alla landhelgina til ótakmarkaðra afnota, en á hinn bóginn vil ég ekki, að meira sé gert úr hættunni en rétt er, en það virðist mér hv. þm. Borgf. hafa fulla tilhneigingu til.

Það vita allir, að verið á saltfiski nú er því miður svo lágt, að ekki er hugsanlegt annað en að tap verði á öllum framleiðslustöðum, þar sem saltfiskur er framleiddur. Og hvernig afkoma þeirra verður, sem eiga hana alveg undir þessu,

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

Því þarf ég ekki að lýsa. Það veit hv. þm. Borgf. vel. Og það var með tilliti til þess. að sjútvn. ræðst í að vilja heimila stj. að veita nokkra ívilnun á dragnótum.

Þó að stj. notaði þessa heimild út í ýrtruðu æsar, mundi bannið þó haldast óskert í 7 mánuði. Það gæti í hæsta lagi orðið leyfð veiði á sumum stöðum í 5 mánuði. Og þegar það er svo, að þessi rýmkun á að vera tímabundin og fyrir eitt ár í senn. er óábyggilegt fyrir útlend-an flota að treysta því, að þetta leyfi verði veitt á hverju ári.

Það er talað um það í fullri alvöru á Alþingi að veita stórfé úr ríkissjóði eða með heinum skattálögum á landsfólkið, jafnvel svo milljónum skiptir, til þess að bæta afkomu manna út af yfirvofandi og aðsteðjandi atvinnuleysi. Því miður er ekki útlit fyrir annað en að það reki að því, að einhverra slíkra aðgerða þurfi við. En þegar menn búast við, að þurfi að láta svo hundruðum þúsunda eða milljónum skiptir beint úr ríkissjóði, eða gegnum þungar nýjar álögur á landsmenn, til þess að létta undir með afkomu manna, þá virðist mér næsta broslegt, að frv. um dálítið meira aukinn rétt manna til þess að bera sig eftir þeirri veiði, sem hægt er að umsetja allra fisktegunda bezt í peninga. skuli gert að deiluefni á Alþingi, eins og gert hefir verið. Og það, sem er kjarninn í allri ádeilu hv. þm. Borgf., er þetta: Eigum við að vinna það til að geta haldið nokkrum dönskum bátum frá okkur, að geta a. m. k. með laga-staf eða í orði lokað veiðinni algerlega fyrir þeim. — að útiloka alveg okkar menn, sem hafa tæki til þess að stunda þennan veiðiskap? Með tilliti til þess ástands, sem ég þekki sjálfur, að er í vændum, svara ég þessari spurningu neitandi. Ég vil ekki vinna það fyrir að útiloka langtum fleiri af mínum eigin landsmönnum, til þess að standa í vegi — a. m. k. í myndun sjálfs sin — fyrir Dönun. Það er samt ekki rétt að draga dár að dönskum fiskveiðum. Við höfum meira að segja þegið af þeim nýtsamar hendingar í þeim efnum, sem eru haf-rannsóknir Dana hér við land. Veit ég ekki annað en að allir hafi verið ánægðir með þá starfsemi Dana.

Það getur vel farið svo, að þröngsýni

og ofstæki í þessum efnum verði til þess að hindra aðgerðir í að hjarga þessu okkur til handa, af ákafa í það að gera Dönun brellur. Ég fyrir mitt leyti hefi lýst yfir því, að ég álit þessa hættu frá Dönun aðeins vera ímyndun þeirra, sem hugsa eins og hv. þm. Borgf.

Annars mætti virðast eins og hv. þm. Borgf. ætti annað takmark með kenningu sinni, en það er að varðveita handa togurum, og þá einkum enskum, þær fiskitegundir, sem hér ræðir um. Það er náttúrlega fallega gert af honum að vera að hugsa um Englendinga. En það er ákaflega litill búhnykkur að vilja vinna það til, að fáeinir danskir bátar geti ekki veitt hér, að útiloka bátaútveginn íslenzka frá því að hagnýta sér þessar dýru fisktegundir. Englendingar eru nú þeir, sem mest fiska kola hér við land. Ég býst við, að 1/10 af því, sem hér er veitt, sé veitt af Íslendingum; hitt að langmestu leyti af Englendingum, en lítið af Dönun og Færeyingum. — Sé ég svo ekki ástæðu til að ellast frekar við einstök ummæli, en vil ógjarnan láta varðveita þetta til hagsmuna fyrir Breta, en til skaða fyrir íslenzkan útveg.

Sveinn Ólafsson [óyfirl.]: Hv. frsm. hefir vel og rösklega svarað aðfinnslum, sem fram hafa komið, svo að ég gæti þess vegna fallið frá orðinu. En hv. 2. þm. Reykv. skemmti fyrir skemmstu, en mér finnst honum oft hafa tekizt betur. Ég held, að hann hafi ekki um leið og hann hóf að skemmta, veitt því nægilega eftirtekt, að hér er um ráðstafanir að ræða, sem gerðar eru í mikilli nauðsyn allra, sem við sjó búa. Þetta eru ráðstafanir, sem ekki þurfa að verða langvarandi, og sem hægt er að falla frá og breyta. ef reynslan sýnir, að við mikinn ágang verður að etja af færeyskum og dönskum keppinautum. Ég vil því vona, að till. hv. 2. þm. Reykv. verði ekki samþ., og ég vona, að menn hafi áráði til þess að gera þessa tilraun til þess að hjarga við ástæðum ýmissa þeirra, er við sjó búa, og að oss tækist á þann hátt að stýra framhjá þeim vandræðum, sem blasa við, ef þær ástæður haldast um afurðasöluna, sem nú hefir verið um hrið.

Hv. sessunautur minn, 2. þm. Reykv., á-

leit það andkannalegt, ef leyfður væri eða heimilaður í sömu gr. laga réttur til þess að rýmka eða þrengja þessi ákvæði. eins og n. hafði lagt til að gert yrði við 8. gr. laga frá 1928 um dragnótaveiðar. En ég get ekki séð, að hér sé neitt andkannalegt. Hér er aðeins verið að leggja það á vald héraðsstjórna, hvernig þessu skuli haga á hverjum stað. Það getur á einhverjum stað verið þannig háttað, að nauðsyn sé á takmörkunum, t. d. í Þingeyjarsýslum, en á öðrum stöðum, t. d. í Vestmannaeyjum, staðið svo á, að jafn nauðsynlegt sé að fá þessi ákvæði rýmkuð, ef ástæður eru eins og þær eru nú. Ég sé ekkert andkannalegt í því, að þetta sé gert. Hér hafa verið frá fornu fari mjög breytileg ákvæði um fiskveiðiaðferðir. Þetta er hliðstætt þeim eldri ákvæðum.

Ég finn ekki ástæður til að fara út í almennar umr. um þetta mál. Hér er um velferðarmál að ræða, sem skiptir miklu, að réttum tókum sé tekið. Ef þessu yrði frestað til vetrarþingsins, eins og hv. sessunautur minn vill, þá fengi margur, sem við sjó býr, ekki tækifæri til þess að húa sig undir með dragnótaveiðar og yrði of seinn á næsta sumri. Þó að rýmkuð fengist. Það er lokaráð að skjóta þessu ákvæði á frest. En sýni það sig, að það leiði til skaða af hálfu útlendinga, þá er hægur nær að breyta til. Það er hygginnna manna háttur að láta reynsluna kenna sér nokkuð; án hennar getum vér ekki tryggt neitt í þessu efni. En allt mun þetta sjást betur þegar reynsla er fengin um nokkur ár.

Pétur Ottesen: Ég á ekki eftir að gera hér nema stutta aths. En þar sem ég á við þrjá andstæðinga, vænti ég, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þó að hún verði í lengra lagi.

Hv. þm. Vestm. sagði hér í d., að ég vildi vinna það til að útiloka Íslendinga til þess að geta haldið dönskum bátum frá. Þetta er rangt. Hann veit, að það er heimild til fyrir bæði Íslendinga og Dani að veiða hér um nokkurra mánaða tíma, nema þar, sem bann er sett gegn því samkv. 8. gr. laganna. Og þegar hv. þm. sakar mig um öfgar og ofstopa í mínum ræðum um þetta mál, þá verð ég að segja,

að þetta eru öfgar og fjarstæður hjá honum. Íslendingar eiga þess kost eins og nú er að veiða í september, október og nóvember, þegar markaðurinn er beztur og tryggastur í Englandi. Við skulum nú athuga, hvað af því leiðdi, að þessi tími yrði lengdur, svo að ágúst og jafnvel júlí kæmi með. Þá myndu Danir hópast inn á miðin með okkur. Ætli hlutur Íslendinga yrði þá meiri en nú, er Danir láta hér kyrrt, sakir þess hve tíminn, sem veiða má, er stuttur og þeim óhentugur? Þá er það og reynslan, að þeir fiskar, sem helzt koma í dragnætur, eru flatfiskar og ýsa, og gengur fiskistofninn skjótlega til þurrðar þar, sem þær eru notaðar. En ég vil tryggja Íslendingum þessar nytjar einum, með því að gera það lítið aðgengilegt fyrir Dani að sækja okkur heim. Það er kjarninn í minni andstöðu í þessu máli. Auk þess horfir málið þannig við fyrir mér, að hvaða tilslakanir, sem gerðar yrðu, myndu gera oss erfiðar fyrir um að fá landhelgina rýmkaða. Það nær því engri átt, sem hv. þm. Vestm. sagði um það, að ég vildi með þessari friðun ala upp kolann handa Bretum. En mín skoðun er sú, að við getum ekki á neinn annan hátt betur tryggt hagsmunum Íslendinga en með stórrí landhelgi og góðri gæzlu. Allar fiskirannsóknir, sem gerðar hafa verið, leiða þetta í ljós. Ég segi því, að það er sterkt vopn í okkar höndum, að Englendingar geti lítið svo á, að það sé líka þeirra hagur og allra annara, sem sækja hingað á miðin, að landhelgin sé sem bezt friðuð. Það, sem hingað til hefir staðið í vegi fyrir því, að við fáum þessari kröfu framgengt, er, að við höfum ekki enn fært vísindalegar sannanir á, að þetta séu sameiginlegir hagsmunir allra þjóða, er hér stunda fiskveiðar. En það líður óðum að því, að við getum fært fyrir þessu skýrar og ótvíðar sannanir.

Þessar till., sem hér liggja fyrir og fara fram á rýmkuð ákvæðum um friðun landhelginnar, leiða til þess, að Danir, sem nú eru útilokaðir, þyrpast inn á miðin og yrðu þess valdandi, að fiskurinn gengi til þurrðar, eins og nú er komið á daginn heima hjá þeim. Og loks bæru Íslendingar ekki meira úr býtum en þeir gera nú samkv. gildandi lögum. Af þessu

stafar sú hættu, að innan skamms myndi þurfa að gera nýjar ráðstafanir, nýja friðun og nýtt klak. Þetta hefi ég nú raunar bent á áður í þessum umr., en það verður aldrei nógsamlega brýnt fyrir þeim mönnum, sem fyrir ímyndaða stundarhagsmunum hafa nú misst sjónar á þeirri miklu þýðingu, sem það hefir fyrir framtíðarfiskveiðar hér við land, að vernda landhelgina betur.

Hv. þm. Vestm. virtist taka óstinnt upp fyrir mér dæmið um fiskveiðar Dana hér á hafinu. Það var úr dönsku blaði. (JJós: Jeg var ekkert að rengja það). Nei, ekki beint að rengja það, en þm. virtist vera móðgaður af þessu fyrir Dana hönd. Þá var hv. þm. Vestm. að tala um, hvað Danir hefðu lagt af mörkum hér við fiskirannsóknir. En ég vil segja hv. þm. Vestm. það, ef hann skyldi ekki vita það, að við höfum einnig lagt talsvert af mörkum til þessara rannsókna hér við land. Við höfum búið varðskipin þannig út, að þau geti tekið þátt í þessu starfi, og við höfum hér fræðimenn, sem vinna að þessu, þá Bjarna Samundsson og Árna Friðriksson. Við höfum lagt okkar skerf í þessu efni á borð við Dani. Þeir njóta góðs af okkar starfi og við af þeirra, og þurfum vér því alls ekki á nokkurn hátt að krjúpa að fótum þeirra í þessum efnum.

Hv. þm. Vestm. var að tala um, að það gæti farið svo, að þröngsýnin og ofstækid yrði þess valdandi, að landhelgin yrði ekki rýmkuð. En þetta er svo rangt orðað sem verða má. Það byggðist ekki á neinu öðru en viðsýni hjá þinginu, sem í öndverðu setti svo ströng ákvæði um botnvörpu- og dragnótaveiðar í landhelgi, en aftur á móti óskaplegan skort á viðsýni og fyrirbyggju, ef þessi verndarlög yrðu nú skert. Það er sagt, að þegar hið opinbera geri ýmsar ráðstafanir til hjargar ástandinu í landinu, þá séu einnig slegin ýms vindhögg. En stærsta vindhöggið, sem við gætum slegið, væri að haga löggjöfinni þannig, að Danir mættu sleikja upp hverja vik og hvern vog með dragnótum og drepa þar allt kvikt; það væri sama og farið væri hér eldi um frjósöm gróðurlönd. Þessi og engin önnur yrði nú afleiðingin, ef horfið yrði að því ráði, sem þv. Vestm. vill og sem 1. þm. S.-M.

sagði, að hann hefði talað svo rösklega og rökvislega fyrir.

Út af því, sem ég minntist á aðstöðu og álit þeirra Jaðarsbúa í Noregi á dragnótaveiðum, þá hefir því hvað eftir annað verið slegið fram, að það væri eins ástätt um þá eins og Norður-Þingeyinga, að þeir séu á móti þessu af því að þeir stundi engar slíkar veiðar sjálfir. Ég minntist á það í gær, að þó svo væri, þá gæti þetta álit þeirra verið fullkomlega rökstutt fyrir því. En að því er snertir Jaðarsbúa er það að segja, að þótt þeir hafi engar hafnir og verði að setja báta sína upp í hvert skipti, þá eru þeir ekki útilokaðir frá að stunda dragnótaveiði. Það er hægt á grunnsævinu á opnum vélbátum, en þeir eru venjulega ekki stærri en það, að hægt sé að setja á land. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að í Bolungavík væru bátar allt að 7 smál. settir í land að staðaldri. Eins er þetta á Jaðri. Ég ætla, að Bolvikingar gætu fullkomlega stundað dragnótaveiði á þessum bátum, eins og þeir Jaðarsbúar gera.

Hv. þm. Vestm. var að tala um bönnin aftur og minntist á eitthvað í lögum um fiskiveiðar frá 1922, sem bannaði útlendingum að leggja afla hér á land, sem e. t. v. væri hættulegt fyrir okkur. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við, þegar hann er að tala um hættu í því sambandi. Ég veit ekki betur en að þau lög séu sett til að fyrirbyggja hættu. Þau eru sett til verndar fiskiveiðum landsmanna, sem vitanlega eru annað aðalfjoregg hinnar eignalegu afkomu þjóðarinnar. Veit ég ekkert í þeim lögum annað en það, sem óhjákvæmilegt er að gera til verndar fiskiveiðum okkar og aðstöðu til sölu aflans.

Hv. þm. Vestm. fór að vitna í sérfræðinga um það, að dragnótaveiði væri ekki skaðleg viðkomu fisksins. Ég benti á það, sem Árni Friðriksson sagði í sinni ritgerð, þar sem hann sagði, að ef við veiðum kolann með nýjum aðferðum, nefnilega dragnótum, þá verðum við að takmarka veiðina með skynsamlegri löggjöf og koma á klaki.

Ég sé það nú, að hæstv. forseti er farinn að gefa mér bendingu um, að aths. sé orðin nokkuð löng. En ég á hér töluvert mikið eftir, sem sé nokkuð til frekari rökstuðnings því, að Danir mundu hafa fullan hug á að notfæra sér þessa

heimild. En ég verð vist að neita mér um það, því að nú gerist hæstv. forseti órólegur. (Forseti: Þm. má þá hafa 5 mínútur enn). Nú, jæja, ég er hæstv. forseta þakklátur fyrir það.

Danir höfðu eitthvað heyrt um það í fyrra, að till. komu fram á þinginu um rýmkun nokkra frá því, sem nú er um dragnótaveiði. Það var heldur en ekki uppi fótur og fit í Danmörku, þegar fregnin um þetta flaug, samtímis því sem þeir ræddu um þessa miklu sildarútgerð sína hér við land. Þeir sögðu, að í ráði væri að senda strax 15—16 stórar mótorskútur, hverja 70—80 smál., til dragnótaveiða á ísl. fiskimiðum, og skyldi fiskurinn síðan fluttur ísvarinn til Englands.

Þannig tóku þeir þessari fregn, og þetta munu þeir áreiðanlega framkvæma, ef rýmkun verður gerð. Þeir töluðu enn fremur um aðrar ráðstafanir í sambandi við þessa fyrirhuguðu dragnótaveiði og í sambandi við sildveiðar við Ísland. Kváðu Danir, að á síðustu árum hefðu borizt kvartanir um það frá dönskum fiskimönnum við strendur Íslands, að ísl. löggæzla léti stundum til sín taka á þann hátt, að dönskum fiskimönnum væri mishöðid, þegar væri verið að verja landhelgina. Þeir vita það, Danir, að þeir hafa jafnan rétt við atvinnurekendur hér, og þykjast fremur heimakomnir heldur en aðrar þjóðir, sem hingað sækja, og þeir segja enn fremur:

„Fyrir nokkrum árum bárust svipaðar kvartanir frá norskum fiskimönnum og leiddu til mikillar gremju milli þeirra og íslenzku yfirvaldanna. Þá sendi norska stjórnin varðskipið „Michael Sars“ til Íslands með norska fiskiveiðaflothanum, og eftir það heyrðust aldrei kvartanir frá Norðmönnum um yfirgang íslenzku varðskipanna. Norska varðskipið leiðbeinir fiskimönnum og hefir umsjón með þeim á þann hátt, að Íslendingar mega vel við una og hafa enga ástæðu til kvartana. Við Danir ættum að beita sömu aðferðinni, ekki sízt þar sem við hvort sem er höldum úti dýru varðskipi við strendur Íslands“.

Danska varðskipið á þá eftir þessu að vinna tvöfalt hlutverk, að verja landhelgina fyrir Íslendinga og að vernda Dani fyrir því, að þeim sé varin ísl. land-

Alpt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

helgi. Það kemur ákaflega skýrt fram, að þeir hugsa sér þannig lagaða framkvæmd á þessu hér í sumar, því að enn fremur stendur í þessu danska blaði:

„Hinn stóri danski fiskveiðafloiti, sem fer eftir nokkra mánuði til Íslands“, — en það er dragnótafloatin og sildveiðafloatin, — „verður að hafa sér til aðstoðar varðskip“, — það er nefnilega „Fylla“, — „líkt og á sér stað um norska fiskveiðafloatan. Líklega hefir danska varðskipið, sem fer í vor til Íslands, fengið fyrirskipanir um það að vera við því búid að vernda hagsmuni danskra fiskimanna“. Þetta er gott sýnishorn af hugsunarhætti Dana og því, hverju þeir búa yfir um hagnýting landhelginnar íslenzku.

Einar Arnórsson: Ég ætla fyrst að svara hv. 1. þm. S.-M., sem talaði á móti dagskránni, sem ég ber fram, enda þótt ég gæti ekki tekið þessa ræðu hans algerlega alvarlega. Því að mér virtist í rauninni, að sú fyrri ræða, sem hann hélt hér í gær, væri svo gagnert rothögg bæði á frv. og líka á till. sjútnv., að ég hefi þar engu við að bæta. Hv. þm. áleit, að það mundi verða fiskimönnum að miklu ógagni, ef dagskráin yrði samþ. En ég held ekki, að þetta sé rétt hjá hv. 1. þm. S.-M. Eins og ég hefi áður vikið að, þá mundi heimild sú, sem í till. hv. sjútnv. felst, eigi verða að miklu liði þar til næsta þing gæti afgr. málið með einhverjum hætti.

Aldrei hefi ég sagt, að það væri hjákátlegt að taka tillit til vilja manna á einstökum stöðum, en hitt sagði ég, að það yrði nokkuð hjákátlegt í framkvæmdinni að leyfa á einum stað það, sem bannað er í næsta nágrenni. Býst ég ekki við, að slíkt fyrirkomulag yrði svo auðveldlega framkvæmt. Ég ímynda mér, að menn yrðu nokkuð ósammála um það í nærliggjandi sveitarfélögum. Það gæti t. d. verið, að þeir á Vatnsleysuströndinni vildu alls ekki hafa neitt með slíka rýmkun að gera, en menn suður í Garði vildu fá leyfi til dragnótaveiða hjá sér.

Annars nefndi hv. þm. Vestm. líka fiskveiðasamþykktirnar gömlu, og einnig hv. 1. þm. S.-M. En ég býst nú við, að þeir menn, sem kunnugir eru við Faxa-

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

flóa, hafi ekki sérstaklega hugljúfar endurminningar frá þessu fiskveiðasamþykktatímabili, því að ég man svo langt, að þessar samþykktir voru eilíf uppspretta brota, leynt og ljóst, og eilíf uppspretta til haturs manna á milli.

Svo var hv. þm. Vestm. að gefa í skyn, og ég drægi dár að dönskum fiskimönnum. (JJós: Nei, það átti við þm. Borgf.). Jæja. Að visu fór ég þeim orðum um þá, að þeim þætti sennilega ekki fýsilegt að koma hingað í skammdegismyrkri og vetrarstormum, svo að dagskráin skipti ekki máli þeirra vegna. En ég verð að segja það við hv. þm. Vestm., úr því að hann er að bera blak af dönskum fiskimönnum, að það sé hann, sem sé að gera lítið úr þeim. Því að hann hefir margstaðhæft, að það sé ekki minnsta hættu, þótt þeir fengju meiri möguleika til fiskveiða hér en þeir hafa nú. Danir eru um 3 millj. að tölu og 30–50 sinnum ríkari en við. Ég ætla, að það væri ekki með öllu hættulaust að hleypa þeim stórlöxum inn í íslenska landhelgi. Það kalla ég að gera lítið úr dönskum sjómönnum og danskri útgerð, að álíta, að engin hættu stafi okkur frá henni að þessu leyti.

Út af því, sem hv. þm. talaði um fiskirannsóknir Dana hér við land, þá ætla ég ekki að gera lítið úr þeim. En mér dettur þó ekki í hug að fara að bráðna upp af þakklæti fyrir þessar rannsóknir. Þeir hafa sem sé haft jafnan rétt við okkur til veiða, og svo verður meðan sambandslögin standa.

Úr því að landhelgisvörn Dana bar á góma, þá get ég gjarnan sagt, að mér finnst hún síðustu árin meiri í orði en á borði. Það gæti jafnvel verið ástæða til að athuga það, hvort eigi væri réttast að biðjast undan þátttöku þeirra í gæzlu fiskveiða hér við land, ef þeir gera engar bætur á henni frá því, sem nú hefir verið um stund. Þeir hafa fiskveiðaréttinn hér jafnt sem við, og meðan svo er, þá virðist ekki til of mikils mælt, að þeir ræktu betur gæzluskýldu sína en verið hefir.

Það er nú svo, að alltaf þegar harðnar í ári eða kreppu ber að höndum, þá leita menn ýmissa ráða og óráða til að komast fram úr vandræðunum. Það var t. d. hérna um árið, að Hafnirfíringar beindu tilmælum til stj. um undanþágu frá fisk-

veiðalöggjöfinni. Þá var sagt, að þessi kaupstaður mundi biða mikið tjón, nema undanþágan fengist. Þessi nauðsyn var blásin mjög upp. Undanþágan var ekki veitt, og allt fór vel. Kaupstaðurinn bjargaðist vel út úr vandræðunum þá. Svo að jafnvel þótt einhverjir einstakir þm. komi með svona málaleitanir, þá finnst mér ekki ástæða til að hrapa að framkvæmdum að ekki fullathuguðu máli.

Forseti (JörB): Mér hefir horizt svo-felld áskorun:

„Undirritaðir þingdeildarmenn krefjast þess hér með, að forseti leiti atkvæða um, að umr. um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 55, 7. maí 1928, verði tafarlaust slitið og málið látið ganga til atkvgr.

Alþingi, 13. ágúst 1931.

Jónas Þorbergsson. Bernharð Stefánsson. Vilm. Jónsson, Steingrímur Steinþórsson. Ing. Bjarnarson. Sveinbjörn Högnason“.

Ég mun bera þetta undir atkv. En einn þm. hefir kvatt sér hljóðs, og tel ég rétt, þótt þessi krafa verði samþ., að hann fái að taka til máls. (JJós: Ég get þá fallið frá orðinu).

ATKVGR.

Samþ. með 12 : 6 atkv. að slita umr.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Reykv. felld með 15 : 7 atkv.

Brtt. 151,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 18 : 2 atkv.

— 151,2 (ný 2. gr., verður 1. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 15 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Á 30. og 31. fundi í Nd., 15. og 17. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 293, 323).

Pétur Ottesen: Ég á eina brtt. við þetta frv. eins og það var samþ. við 2. umr. hér í hv. d. Atkvgr. sú, er þá fór fram um málið, benti til þess, að það myndi vera

ætlun deildarinnar að afgr. málið til Ed. Það kom fram við afgreiðslu málsins við 2. umr., að allmikil stefnubreyting hefir átt sér stað á máli þessu hér í deildinni frá því, sem var á síðasta þingi. Þrátt fyrir það, þó nokkur breyt. hafi orðið á skipun hv. d. vegna kosninganna, þá leyndi það sér ekki, að líka hefir orðið breyt. á afstöðu ýmsra þeirra hv. þm. til málsins, sem hér hafa átt sæti áður.

Áður en ég tala um frv. almennt. vil ég minnst á brtt. mínar með nokkrum orðum.

Þessar brtt. við frvgr. eru í tveimur stafl. Fyrri liðurinn fer fram á það, að skotið sé inn í frvgr. því ákvæði, að ekki sé heimilt að stunda dragnótaveiðar á stærri bátum en 35 smálesta. Ástæðan fyrir því, að ég ber þessa brtt. fram, í fyrsta lagi sú, að allmiklar líkur eru til þess, að útgerðarmenn noti yfirleitt stærri skip til fiskiveiða inni á fjörðum og vikum upp við landsteina, og í öðru lagi vakir það fyrir mér, að með því að leyfa ekki stærri fiskiskipum að stunda þessar veiðar, þá myndi nokkuð dregið úr þeirri aukningu á notkun dragnótanna, sem frv. gerir ráð fyrir, en ég tel mjög hættulega fyrir fiskiveiðar landsmanna.

Síðari liður brtt. fjallar um það, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að að því leyti sem vikið sé frá höfuðákvæðum núgildandi laga um dragnótaveiðar, hvort sem það er heldur til að þrengja eða rýmka, þá skuli það í öllum tilfellum gilda fyrir eitt lögsagnarumdæmi í senn. Mér virðist, að ef ákvæði þessa frv. kæmu til framkvæmda, þá væri miklu heppi-legra að rigbinda ekki veiðileyfin við lögsagnarumdæmi, heldur að slíkar samþykktir geti tekið til minna svæðis. Ég vil í því sambandi benda á Gullbringusýslu sem dæmi. Ef þeir, sem búa á Garðskaga sunnanverðum, vildu banna dragnótaveiðar hjá sér, eins og þeir hafa gert, en hinir, sem búa á innanverðum skaganum, vildu aftur á móti opna allt upp á gátt, og það yrðu þeir, sem fengju ósk sinni framgengt, þá finnst mér það afar-ósannngjarnt gagnvart hinum, sem voru á þveröfugu máli og vildu enga rýmkun. Mér virðist því fara bezt á því, að þeir, sem hlut eiga að máli, geti fengið sínum

vilja framgengt hver á sínu svæði. Ég vil einnig benda á Suður-Múlasýslu í þessu sambandi. Mér finnst það afaróðlilegt, að ef óskir koma um rýmkun frá íbúum við einhvern af hinum mörgu fjörðum sýslunnar, þá skuli veiðileyfið gilda fyrir alla firði sýslunnar. Það gæti verið mjög ranglátt, en svo myndi það verða samkv. ákvæðum frv. eins og þau eru nú. Auk þess vil ég í þriðja lagi benda á, að innan eins lögsagnarumdæmis eru oft tvö sýslufélög. Mér finnst það ekki réttlátt, að ef óskir um rýmkun í þessum efnum koma fram frá öðru sýslufélaginu, en hitt óskar ekki rýmkunar eða er henni mótfallið, þá skuli landhelgin einnig vera opnuð hjá því, þótt íbúar þess séu á móti slíkri breytingu. Mér finnst, að úr því að farið er inn á þá braut að breyta ákvæðum gildandi laga um bann gegn dragnótaveiðum, þá sé ekki heppilegt að miða það við lögsagnarumdæmin eingöngu, heldur megi gera slíkar breyt., þó um minna svæði sé að ræða. Með breyt. þessari er komið í veg fyrir það, að það sé verið að þenja rýmkunina út framfar því, sem óskir standa til, og gæti það því máské dregið nokkuð úr þeirri skaðsemi, sem af þessari tilslökun hlýzt, og girða jafnframt fyrir það, að svo miklir árekstrar hljótist af þessu milli manna eins og verða myndi samkv. ákvæðum frv. eins og þau eru nú. Þó er auðvitað ómögulegt að koma í veg fyrir, að einhverjir árekstrar verði, þar sem skoðanir manna eru skiptar á þessum málum, en að því mun ég koma nánar síðar.

Við 2. umr. þessa máls gerði ég töluverða tilraun til þess að benda á þá hættu, sem ég álit, að geti stafað af því, ef lögunum um bann gegn dragnótaveiðum verður breytt frá því, sem þau eru nú, á þann veg, að dregið sé úr þeirri vernd, sem þau veita. Rýmkun á lögum þessum myndi leiða af sér mikla aukningu dragnótaveiða hér við land, ekki eingöngu af hálfu þeirra manna, er þetta land byggja, heldur líka af hálfu þeirrar þjóðar, sem hefir hér jafnrétti til atvinnurekstrar á við okkur, nefnil. Dana, og þeirra manna, er hingað sigla í skjóli þeirra réttinda, Færeyinga. Ég benti á, að þessi örtröð á miðum Íslands myndi leiða til þess, að sá fiskistofn, sem mest verður fyrir barð-

inu á dragnótinni, myndi bráðlega ganga svo mikið til þurrðar, að við yrðum áður en langt um liði að koma á nýjum friðunarlögum og þyrftum jafnvel að ganga enn lengra, gera ráðstafanir til þess að koma hér á fót klaki.

Tilgangur sá, sem liggur að baki þessu frv., og þær ástæður, sem færðar eru fram í till. þeim og áskorunum, sem legið hafa fyrr og síðar fyrir þinginu, eru einkum þær, að með þessum breyt. yrði útgerðarmönnum landsins opnuð leið til frekari fisköflunar en þeir eiga kost á nú. Ég benti á, að það væri alveg óvíst, hvort þessum tilgangi yrði náð með frv., því að Danir myndu nota þá aðstöðu, sem þeir hafa hér til fiskveiða í landhelgi, svo freklega, að þó veiðitíminn fyrir Íslendinga yrði lengdur nokkuð, þá myndi örtröð Dana í landhelgismiðum gera miklu meira en vega upp á móti því, sem Íslendingar öfluðu meira fyrir lengdan veiðitíma. Held ég því, að það sé á fullum rökum byggt hjá mér, að ákvæði þessa frv. myndu ekki verða til mikils ávinnings fyrir okkur, ef þau yrðu að lögum, en gætu á hinn bóginn orðið og mundu verða okkur til hins mesta tjóns og óhagræðis. [Fundarhlé.]

Ég lauk máli minu áðan, þegar fundi var frestað, þar sem ég var að minnst á það, sem ég hefi áður sagt um hættuna af því, að tilslökun yrði frá því, sem nú er um varnir gegn of mikilli dragnótaveiði í landhelgi, og var kominn þar að, að benda á, að af aukningu dragnótaveiðanna frá því, sem nú er, mundi leiða, að fiskstofninn gengi fljótlega úr sér og mundi því brátt verða að gera sérstakar ráðstafanir því viðvíkjandi. Önnur aðalafleiðingin af þessu, sem ég benti á, að mundi koma í ljós, var sú, að með þessu yrði okkur Íslendingum stórum erfiðara að fá viðurkenningu þeirrar þjóðar, sem við þurfum að fá viðurkenning hjá um nauðsynina fyrir rýmkun landhelginnar, nefnilega Englendinga. Það er ekki minnst vafamál, að ef við færum að sýna það í verkinu, að hér fylgdi ekki hugur máli í þeirri ósk að fá landhelgina friðaða, til þess að vernda á þann hátt fiskistofninn til tryggingar og öryggis fiskiveiðunum í framtíðinni, þá mundi bæði það og hvert annað spor, sem við

stígjum í þá átt, verða til að gera okkur stórum torveldara að fá þessu áhugamáli okkar framgengt.

Því til sönnunar, að aukning dragnótaveiðanna mundi leiða til upprætingar á þeim fisktegundum, sem aðallega yrðu veiddar á þennan hátt, vil ég benda á það, sem gerzt hefir í þessu efni hjá þeirri þjóð, sem lengst hefir stundað dragnótaveiði hjá sér, nefnilega Dönum. Nú er svo komið hjá þeim, að það er ekki aðeins, eins og ég benti á við 2. umr., að hjá þeim séu uppi háværar raddir um það að koma á auknum friði gegn dragnótaveiðinni, heldur er nú þegar búið að taka í lög ákvæði, sem ganga mjög í sömu átt og þau ákvæði, sem nú gilda hér í þessu efni.

Þetta sýnir það, að nú er það runnið upp fyrir Dönum, að nauðsyn er á slíkum ráðstöfunum til verndunar fiskistofninum, því að þessi nýja löggjöf þeirra um þessi efni hefir öðlazzt gildi snemma á þessu ári, nefnil. á árinu 1931. Þannig er það, að eftir heimild, sem ég hefi hér fyrir framan mig, sem er dönsk löggjöf um þetta, þá eru t. d. að taka sérstök ákvæði um fiskiveiðar í Limafirði, og þar er það svo, að eingöngu er heimilt samkvæmt þessum lögum, sem staðfest eru á yfirstandandi ári, að nota dragnót þarna í Limafirði á tímabilinu frá 15. sept. til 14. apríl; á öðrum tíma er það algerlega bannað, þ. e. a. s. að því leyti sem snertir ýsu og flatfisk. En það kemur enn fremur fram, að á þessum sömu miðum er dragnótaveiði einnig bönnuð til þorskveiða. Því hefir verið haldið hér fram, að það kæmi ekki til mála, að þorski eða uppfæðingu þorsks gæti stafað nokkur hætta af notkun dragnóta. En það kemur nú berlega í ljós af þessari löggjöf, að í Danmörku er dragnót einnig notuð til þorskveiða, en slíkar veiðar eru algerlega bannaðar í Limafirði frá 1. nóv. til 28. febr.

Það er þá þannig þarna, að sá tími, sem nota má dragnót til þorskveiða, er ennþá styttri en sá tími, sem nota má dragnót til lúðu- og kolaveiða á þessum sömu miðum. Og þá kemur nú fram ný hlið á þessu máli. Því hefir nefnilega alltaf verið haldið fram hér, að það kæmi ekki til mála, að þorski eða uppfæðingu

þorsks stafaði nokkur minnsta hætta af dragnótaveiðum. En þessi danska löggjöf, sem byggist á margra áratuga reynslu, sýnir einmitt það, að dragnótaveiðin er álitin einmitt hættulegri fyrir þorskinn heldur en nokkurtíma fyrir lúðu og kola. Það sést berlega á því, að notkun dragnóta er takmörkuð meira til þorskveiða heldur en til lúðu- og kolaveiða. Sú reynsla, sem þessi löggjöf er byggð á, er sannarlega þess verð, að tekin sé til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Þetta eru þá þau ákvæði, sem gilda sérstaklega fyrir Limafjörð. En svo er þar að auki öllum héraðsstjórnunum í Danmörku gefin heimild til að koma á samþykktum hjá sér til að takmarka í sínu umdæmi notkun veiðarfæra við fiskiveiðar, og er þar á meðal vitanlega átt við dragnót, og að ég ætla einmitt með sérstöku tilliti til dragnótar. Og ég sé í dönsku blaði, sem ég hefi hér fyrir framan mig, „Berlingatíðindum“, að ekki hefir verið látið sitja við löginn tóm, heldur hafa ýmsar héraðsstjórnir undir eins notað tækifærið og komið á þessum takmörkunum hjá sér í skjóli þessara nýju laga. Það er þess vegna allt, sem bendir til þess, að sú skaðlega og mikla notkun þessara veiðarfæra er nú komin þarna í ljós, og það greinilega. Og svo framarlega sem við viljum notfæra okkur reynslu annara þjóða í þessu efni, þá ætti hún fullkomlega að vara okkur við því að fara að slaka til frá þeirri forsjálni og fyrirbyggju, sem komið hefir fram í þeirri löggjöf, sem hér gildir yfirleitt um verndun landhelginnar. Það sýnir, að fyrir löggjafanum hér á landi hefir það staðið ljóst og islenskri alþjóð ennþá ljósara, hve mikil nauðsyn er á þessari friðun, þar sem við Íslendingar höfum orðið til þess að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið í hann. En aðrar þjóðir, eins og Danir, hafa hinsvegar látið skeika að sköpuðu, þar til allt var komið í óefni.

Þetta ætti að vera greinileg bending til okkar, hvernig fara mundi, ef við nú opnuðum allt upp á gátt, bæði fyrir okkur og svo fyrir Dönum og Færeyingum. — Ásókn Dana í það að komast inn í landhelgina hér hjá okkur er vitanlega þeim

mun meiri, þar sem svona er komið hjá þeim heima fyrir. Því reynslan í þessu efni er alstaðar sú sama. Svona er þetta í Noregi. Ég hefi áður gert grein fyrir því hér í deildinni, hvernig fiskimenn við Noregsstrendur lita á þetta mál. Þeir hafa sent stjórnarvöldunum þar í landi harðar áskoranir, þar sem þeir hafa fram till. sínar um, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að sett verði í lög heimild til að takmarka og banna dragnótaveiðar við strendur Noregs.

Alveg er sama máli að gegna í þessu efni hjá Svíum. Þar eru þessar sömu afleiðingar af dragnótaveiðum að koma greinilega í ljós, og ég veit ekki annað en að þar séu nú einnig komin ákvæði um bann gegn slíkum veiðum. Það er því alveg sama, hvert við leitum. Reynslan sýnir alstaðar það sama, að miklar dragnótaveiðar í landhelgi á fjörðum og flóum hafa leitt til stórkostlegrar fækkunar á þeim fiskitegundum, sem er annars hægt að veiða í dragnót, og eftir því sem fram kemur og ráða má af hinni dönsku löggjöf um þetta efni, er það meginhluti nýtfiskis vorra. Og því hættulegri er þessi veiði, eins og aðrar botnvörpuveiðar, að þær taka jöfnum höndum uppþæðinginn og viðkomuna. Hér er því um að ræða þá ógurlegustu rányrkju, sem ekkert fær staðigt, nema henni sé haldið innan mjög þröngra takmarka.

En þó að Danir, Norðmenn og Svíar hafi gengið að dragnótaveiðunum með litilli hlífð innan sinnar landhelgi, þá er þó sá munurinn hjá þeim og okkur, að þessar þjóðir sitja þó einar að hagnaðinum af þessu, á meðan verið er að uppræta fiskinn, en því er ekki að heilsa hér hjá okkur, því eins og oft hefir verið bent á, biðja Danir með óþreyju eftir því að geta siglt með Færeyinga í eftirdragi inn í landhelgina til dragnótaveiða þar, og er ekki að efa, að þeir mundu taka bróðurpartinn af þeim hagnaði, sem af þessum veiðum væri hægt að fá, á meðan verið væri að uppræta þessar fisktegundir, en við mundum sitja eftir með alla skömmuna og allt það tjón, sem óhjákvæmilega mundi leiða af slíkri rányrkju og algerðri upprætingu á þessum dýrmæta fiski. Það mundi alveg vafalaust bitna allt á okkur. Því

það yrði auðvitað hlutverk þessarar þjóðar að inna af hendi allt það starf, sem óumflýjanlega yrði að vinna, fyrst og fremst með nýjum friðunarlögum, og þar að auki yrðum við að inna af hendi þær ráðstafanir, sem áreiðanlega yrði að gripa til til þess að koma þessu máli í það horf, að vænta mætti í framtíðinni einhvers gagns eða árangurs af þessum fiskveiðum.

Þá vildi ég í sambandi við þetta mál minnst á sögulegan athurð um náskýlt efni nú frá árinu sem leið, og þætti mér gott, að einhver úr bráðabirgðalandsstj. væri viðstaddur og heyrði á mál mitt. Mér sýnist hylla undir hæstv. forsrh. þar úti á svölunum. Vildi ég því mælast til þess, að hæstv. forseti gerði honum aðvart um, að til hans væri talað, því ég vildi spyrjast fyrir um ofboð litinn sögulegan athurð viðvikjandi dragnótaveiði Færeyinga. Þessi athurður gerðist nú fyrir skömmu fyrir Austur- eða Norðurlandi, að ég held.

Eins og kunnugt er, hafa Færeyingar stundað hér við land nokkra dragnótaveiði, og Danir sömuleiðis, sem hefir þó ekki verið að mun vegna núgildandi laga-ákvæða og því ekki stafað af því veruleg hætta. Svo skeði það, að ég ætla síðasta sumar, að tekin voru tvö dragnót-fiskiskip fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, ólöglegar að því leyti, að þeir voru þar með þá dragnót, sem kölluð er skovlvaad, en er kölluð lúrunót á islenzku. Þessi dragnót er að því leyti frábrugðin venjulegri dragnót, að í sambandi við hana eru hlerar eins og á algengri botnvörpu. Þess vegna voru þessi skip tekin og dæmd. Annað af lögregludómaranum í Seyðisfjarðarkaupstað í 12500 kr. sekt, en hitt af dómaranum í Þingeyjarsýslu í jafnháa sekt. Dómurinn um þessi skip og þessar veiðar þeirra var byggður á þeirri löggjöf, sem nú gildir hér um botnvörpuveiðar í landhelgi, og auk fjársektarinnar var afli upptækur. Á síðasta þingi var svo flutt að tilhlutun stj. frv., þar sem farið var fram á: í fyrsta lagi, að þessar lúrunótaveiðar væru algerlega barnaðar í landhelgi, en það var nú algerður óþarfi að taka það fram, því dómarar, sem dæmt höfðu í þessum tveimur málum, sem ég hefi áður minnst

á, höfðu litið svo á, að það væri algerlega óheimilt að nota slíka botnvörpu, eins og það líka er. Á því byggðist dómurinn og sú sekt, sem þessi skip fengu. En það var nú fleira í þessu frv. stjórnarinnar, nefnilega það, að það ætti að lækka sektir fyrir brot gegn slíkum veiðum. Og auk þess var svo einkennilega ákveðið í þessu frv., að þessi ákvæði áttu að verka aftur fyrir sig, svo að þótt þau yrðu ekki lögfest fyrr en 1931, þá áttu ákvæði frv. að gilda fyrir þann verknað, sem framinn væri á árinu 1930. Þannig áttu þá áður nefndir menn, sem þarna voru fundnir sekir og dæmdir, að koma undir þessi miklu linari refsíákvæði. Nú vildi ég grennslast eftir því hjá hæstv. stj., hvornig þessi mál mundu standa, hvort dómnum hafi verið fullnægt eða hvort þessir menn hafa áfrýjað, og þá hvort hæstiréttur hefir fellt úrskurð og hver hann hefir þá verið, — yfirleitt hvornig þessu máli er komið nú.

Ég verð að segja það, að mér finnst koma fram í þessu fullmikil hugulsemi gagnvart þeim útlendingum, sem nú hafa leyfi til að stunda hér dragnótaveiði, nefnilega Dönum og Færeyingum í skjóli þeirra, þegar gripið er einmitt þetta tækifæri, þegar þeir verða brotlegir fyrir þessar veiðar, og lækkuð stórlega sektarákvæði núgildandi laga, en hinsvegar hefir ekki þótt ástæða að gera slíkar ráðstafanir gagnvart þeim innlendu mönnum, þó þeir hefðu fallið í freistni í þessu efni. Og mér virðist, að það komi fram, að jafnframt því, sem nú á að opna allt upp á gátt fyrir Dönum, þá sé þetta viðbót við þá hagnaðarvon, sem þeir hljóta að sjá sér í því að komast inn í landhelgina hér. Þetta er viðbót til að freista þeirra ennþá meira, og stj. hefir gefið þeim mjög undir fótinn með því að gefa þeim svona ótvírætt í skyn, að það mundi e. t. v. verða slakað til við þá um sektir og annað þessháttar, ef einhver þeirra skyldi nú verða fullnærgöngull við landsins lög, og að í því efni yrði e. t. v. gengið svo langt, að sú nýja löggjöf, sem sett yrði í þessu skyni, yrði látin verka þannig aftur fyrir sig, að þau eldri brot, sem þeir hefðu framið, yrðu fyrirgefin og þar slakað til á sektarákvæðunum og þannig tekið vægt á öllu og mildilega.

Í sambandi við það, sem ég talaði aðan fyrir brtt. mínum, kom ég dálítið inn á það, hvernig þessi lög myndu verða í framkvæmd. Var töluvert rækilega bent á það af hv. 2. þm. Reykv., að þessi lög yrðu ekki svo auðveld í framkvæmd, þegar til ætti að taka, og er ég honum mjög samdóma um það. Það er enginn efi á því, að innan lögsagnarumdæmanna verða skiptar skoðanir í þessu efni. Það eru engin ákvæði um það í frv., hve mikinn meiri hluta þurfi í héruðunum til þess, að stjórnin taki slíkar óskir til greina. Í frv. eru engin önnur ákvæði en stj. eigi að leita álots viðkomandi hrepps- n. og Fiskifélags Íslands. Það er enginn vafi á því, að þetta ákvæði í frv. mun valda harðvítugri skiptingu um það, hvort eigi að rýmka til frá því, sem nú er, eða opna landhelgina um 2 mán., eða hvort eigi að loka fyrir veiðar á þeim tíma, sem þær nú eru leyfðar. Það er enginn vafi á því, að hreppapólitíkin mun koma fram í algleymingi, þegar taka á ákvörðun um það, hvort þetta spor skuli stigið. Sumir munu heimta það, en aðrir snúast í gegn. Stjórnin er hér milli tveggja elda, og það er heldur enginn vafi á því, að þessir eldar munu brenna glatt og loga þeirra bera við himin. Hér er því verið að setja stj. í gapastokk, og það rækilega í gapastokkinn. Ég hefi nú fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að þessi stj. sé sett í gapastokk, því hún hefir fullkomlega til þess unnið á ýmsan hátt. En ég sný máli mínu til stuðningsmanna stj., sem líta öðruvísi á það en ég, á hvern hátt eigi að refsa stj., og bendi þeim aðeins á þetta. Þetta sýnir, að þegar athuguð er framkvæmdahlíðin á því, þá kemur í ljós, að frv. er ekkert annað en þverbrestir frá upphafi til enda. Hér er verið að stefna út á braut, sem er hættuleg fyrir fiskveiðarnar, hættuleg fyrir kröfur okkar um rýmkun landhelginnar, og hrein og bein ófæra, þegar til framkvæmdanna kemur.

Þó að ég hafi talað töluvert um rýmkun landhelginnar í sambandi við þetta mál, þá hafði ég fullkomna ástæðu til þess, þar sem við 2. umr. komu fram raddir, sem létu í ljós efa og örvæntingu um það, að þar væri til mikils að vinna fyrir okkur, á þann hátt að það

myndi litinn árangur bera. Ég ætla samt ekki að minnst á það í þessari ræðu, en það getur vel verið, að ég tali um það í næstu ræðu, og taki um leið þá skýrslu, sem fyrir liggur frá Sveini Björnssyni sendiherra og er frá fundi þeim, sem hann mætti á í Haag 1930. Það er ýmislegt í þessari skýrslu, sem er þess vert, að það sé tekið til athugunar og haft til hliðsjónar við framhald umr. um þetta mál. Auk þess kemur það fram í þessari skýrslu, að það var enganveginn svo í garðinn búið með þessa sendiför og vera hefði átt, en hún sýnir, að málið er komið á dagskrá og engin hætta á, að ekki verði haldið áfram að ræða um það og smátt og smátt muni leggjast upp í höndurnar á okkur ýms gögn, og að við munum smátt og smátt þokast að því marki, sem við keppum að, að fá landhelgina rýmkaða út frá því, sem nú er, ef við ekki sjálfir spillum fyrir okkur með ógátilegum aðförum og fyrirhyggjuleysi. Í sambandi við þetta má benda á, hversu mikilsvert atriði það væri fyrir okkur að fá landhelgina færða út, að firðir og flóar myndu þá verða friðaðir. Það má t. d. benda á eitt lítið dæmi, eins og það, hve mikla þýðingu það myndi hafa fyrir okkur að fá Faxaflóa alfriðaðan fyrir botnvörpuveiðum. Það er viðurkennt, að Sviðið hér í innanverðum flóanum og Garðsjórinn eru einhver fiskiauðugustu og aflasælustu fiskimið, sem til eru á flóum og fjörðum, sannkölluð gullnáma. Það er vitanlegt, að þrátt fyrir mikinn afla á botnvörpu- og linuveiðaskip og stóra vélbáta, þá er sú útgerðin svo dýr, að það gengur illa að láta hana bera sig með því verðlagi, sem hægt er að fá fyrir aflann. Hinsvegar er það kunnugt, að á bátamiðin í Faxaflóa er hægt að sækja á opnum bátum, sem geta hagnýtt ódýr veiðarfæri, svo að sú útgerð er ákaflega ódýr. Þetta sýnir sig á þann hátt, að með því að fá firðina friðaða er hægt að afla fiskjar á ódýrari hátt, svo að nokkur ávinningur væri að þrátt fyrir lágt verðlag. En þessu er ekki til að dreifa með landhelgina. Hún fæst ekki rýmkuð, því þessi mið liggja utan línunnar og eru uppurin af botnvörpuveiðum. Sama er að segja um önnur bátamið á flóum og

Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

fjörðum við strendur landsins. Þetta nægir sem sýnishorn til þess að sýna, hversu mikla þýðingu það getur haft, ef landhelgin yrði rýmkuð. Þó að við fengjum hana ekki rýmkaða nema úr 3 sjóm. upp í 4 sjóm. — og er það hin minnsta krafa, sem við getum komið með —, þá myndi það þó vinnast, að aðalbátamiðin yrðu innan landhelginnar. Þetta er þá líka fullkomin aðvörun og bending til okkar um það að gera engar þær breyt. á landhelgislöggjöfinni, sem verði til þess að vernda ránsveiðar innan landhelginnar, og gera ekkert í því efni, sem sýni, að það fylgi ekki hugur máli hjá Íslendingum í kröfum þeirra um stækkun á landhelgissvæðinu og nauðsynina fyrir því. En ef nú væri farið að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum, ekki eingöngu Íslendinga, heldur og Dana og Færeyinga, sem myndu sigla í halarófu inn á miðin, þá hefði það þau áhrif, að leiðin til þess að fá landhelgina rýmkaða yrði torveldari en ella. Ég get því ekki nóg samlega bent á þá hættu, sem af því gæti stafað fyrir þetta mikla áhugamál Íslendinga, að fá landhelgina rýmkaða, að við nú förum að hopta frá þeirri löggjöf, sem sett hefir verið til verndar landhelginni.

ATKVGR.

Brtt. 323,1 felld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JónasP, PO, TrP, ÞorlJ, BKr, EA, HStef, IngB, JörB.

nei: JÓl, LH, MG, MJ, SvBH, SvÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HG, HV, JJós,

Þrir þm. (ÓTh, StgrS, HJ) fjarstaddir. Brtt. 323,2 samþ. með 14 : 9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, JónasP, LH, MG, MJ, SvBH, SvÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ.

nei: BKr, EA, HStef, IngB, JAJ, PO, ÞorlJ, JörB.

Fjórir þm. (HJ, ÓTh, StgrS, TrP) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 362).

Á 34. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 1 atkv.

Jón Baldvinsson: Það er eins með þetta mál og mörg önnur, að meiri hl. þings þykir sjálfsagt mikilsvert, að það fái að ganga í gegn á þessu þingi. En það er tæpast tími til þess að láta það fara í n. nema það yrði afgr. þaðan aftur í dag. En það er mjög hætt við, að það eigi erfitt uppdráttar, ef það verður látið fara í nefnd.

Jakob Möller: Það kemur ekki til mála annað en láta þetta mál fara til n. Eins og kunnugt er, hafði Nd. það til meðferðar bæði á vetrarþinginu og nú, þegar hún er öðruvísi skipuð. En það, sem er eftirtektarvert, er, að þá var það fellt við 3. umr. með miklum atkvæðamun, og kemur nú í allt annari mynd en þeirri, sem Nd. hafði til meðferðar í vetur.

Forseti (GÓ): Það er allt öðru máli að gegna með þetta frv. en það á undan (frv. um breyt. á l. um laun embættismanna). Ég álit það tæplega forsvaranlegt að láta það ekki ganga til n. Ég sting því upp á því, að því verði vísað til sjútnv.

ATKVGR.

Frv. vísað til sjútnv. með 11 : 1 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 414, 418).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 418. — Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 4 : 3 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

26. Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfél. Íslands).

Á 6. fundi í Nd., 21. júlí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlög-
um, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 76).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tek-
ið til l. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta að sinni. Frv. er gamall kunningi frá fyrri þing-
um. Fyrst var það borið fram 1930, og
urðu þá töluverðar umr. um það, sem
ég veit, að þeir muna, sem sátu hér á Al-
þingi. Á síðasta þingi kom það aftur
fram, en náði ekki að verða útrætt.

Aðaltilgangur þessa frv. er að koma
allri yfirstjórn ísl. búnaðarmála í hend-
ur bændanna í landinu. Eins og kunn-
ugt er, var samþ. með síðustu breyt. á
jarðræktarlögunum í sambandi við
verkfærasjóðinn, að enginn skuli hljóta
styrk fyrir jarðabætur nema hann sé í
einhverju búnaðarfél. Árangurinn er sá,
að allir bændur eru nú í búnaðarfél.

Á síðasta búnaðarþingi var gerð sú
skipun, að bændur í búnaðarfélögum,
m. ö. o. allir bændur landsins, skuli
kjósa fulltrúa til hinna ýmsu búnaðar-
sambanda, og búnaðarsamböndin full-
trúa til búnaðarþings, þannig að saman
komi á búnaðarþinginu fulltrúar fyrir
alla bændastéttina. Nú finnst manni
eðlilegt, þegar svo er komið, að búnað-
arþingið ráði algerlega skipun í stj.
Búnaðarfél. Ísl., en svo er ekki.

Eins og kunnugt er, eru þau ákvæði í
jarðræktarlögunum, að stj. Búnaðarfél.
Ísl. skuli skipuð þannig, að atvmrh.
skipi tvo menn eftir útnefningu landbn.
Alþ., en Búnaðarfél. sjálft skipi einn.
Breytingin, sem farið er fram á, er, að
búnaðarþingið skipi tvo menn. En til
þess að ríkisstj. hafi nægilegt eftirlit
með Búnaðarfél., skal hún skipa annan
endurskoðanda fél., sem sé um leið trú-
naðarmaður ríkisstj. Getur hún gegnum
hann fengið vitneskju um það, hvernig
Búnaðarfél. ver þvi fé, sem það hefir
með höndum. Og ef henni líkar það illa,

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

getur hún á ýmsan hátt, bæði sjálf og
gegnum þingið, takmarkað það fé, sem
Búnaðarfél. fær til umráða.

Mér var falið á síðasta búnaðarþingi
að héra þessa brtt. fram. Vænti ég þess,
að hv. þdm. taki brtt. með skilningi og
samúð, og óska, að málinu verði að umr.
lokinni vísað til landbn.

Pétur Ottesen: Ég vil út af þeim um-
mælum hv. þm. Mýr., að með þessu frv.
sé verið að koma yfirstj. búnaðarmál-
anna í hendur bændanna í landinu,
benda á það, að eins og þetta er nú, þá
er yfirstj. Búnaðarfél. í höndum bænd-
anna, af því að það eru landbn. Alþingis.
skipaðar bændum og vitanlega kosnum
af bændum landsins, alveg eins og full-
trúar þeir, sem mæta á búnaðarþingum,
sem gera till. um það til landsstj., hvaða
menn skuli skipaðir í stjórn Búnaðarfél.
Ísl. af hálfu Alþ. Að öðru leyti er skip-
un stj. Búnaðarfél. í höndum búnaðar-
þings, eins og kunnugt er. Það er því í
þessu efni ekki að ræða um neina breyt.,
því að skipun þessara mála er nú í
höndum bændanna.

Til stuðnings því, að rétt og eðlilegt
sé, að þessu sé nú þannig skipað, má
benda á það, að Búnaðarfél. hefir nál.
allt starfsfé sitt frá Alþingi, og auk þess
fer nálega allt það fé, sem veitt er úr
ríkissjóði til jarðræktar og annara bún-
aðarframkvæmda í landinu, í gegnum
hendur Búnaðarfél., og er að miklu leyti
háð vilja þess um úthlutun. Mér virðist
þess vegna, að þau ákvæði, sem sett voru
1923 af Alþingi og samþ. þá af búnaðar-
þinginu með góðum og frjálsum vilja
þess, séu eðlileg og heppileg, fyrst og
fremst frá hálfu Alþ., og auk þess er í
þessu fyrirkomulagi fólgin trygging fyr-
ir Búnaðarfél. Ísl. fyrir góðri samvinnu
við Alþ. Ég verð því að segja, að það var
algerlega misráðið, þegar búnaðarþingið
í fyrra breytti lögum sínum í það
form, sem hv. þm. Mýr. vill nú sam-
ræma við jarðræktarlögin, að búnaðar-
þingið taki í sínar hendur þá íhlutun,
sem Alþ. hefir um skipun stj. Búnaðar-
fél. Ég tel, að algerlega hafi verið mis-
ráðið og óheppilegt að gera þetta án
þess að héra sig saman við landbn. Alþ.
eða leita samninga við þær; en það var

ekki gert, heldur gengið alveg framhjá þessum aðilja.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að sú fjárupphæð, sem Búnaðarfél. fær til umráða á þessu ári úr ríkissjóði, ýmist sem beinan styrk eða til ráðstöfunar samkv. sérstökum lögum, mun nema um 1 millj. kr. Í öðru lagi má benda á, að á hinum síðari árum hefir Alp. lagt svo og svo mikið af sínu lög-gjafarvaldi í hendur Búnaðarfél. Fyrst og fremst er Búnaðarfél. í nálega hverri grein jarðræktarlaganna áskilinn réttur bæði til tillagna og ráða um ýms framkvæmdaratriði þar. Auk þess er því fenginn mikill og ríkur ákvörðunar- og tillöguréttur um, hvernig Búnaðarbanki Íslands hagar lánveitingum sínum. Ég get talið upp hóp af lögum, auk frv., sem eru fyrir þessu þingi og legið hafa fyrir undanförnum þingum, þar sem einmitt er gert ráð fyrir því, að Alp. feli Búnaðarfél. ýmsar og margvíslegar framkvæmdir, sem annars þyrfti að setja nánari ákvæði um í lögum. Af þessu sýnist það vera augljóst, að þetta núv. fyrirkomulag sé heppilegt, og eðlilegt sé, að Alp. hafi nokkra íhlutun um, hvernig Búnaðarfél. er stjórnað.

Ég held því, að bæði fyrir Alp., Búnaðarfél. sjálft og þá menn, sem eiga að njóta góðs af þessu starfi, sé bezt, að það fyrirkomulag, sem nú er og ríkt hefir um nokkurt skeið, haldist áfram. Það gæti vel farið svo, ef slíkar breyt. væru gerðar, að meira eða minna leyti móti vilja Alp., þótt e. t. v. fengist meiri hl. fyrir því í eitt skipti, þá gæti svo farið, að eigi yrði jafngott samkomulag um fjárveitingar til Búnaðarfél. og verið hefir og nú er og að fram kæmu raddir um að setja þá heldur upp sérstaka deild við stjórnarráðið, sem hefði með höndum búnaðarmálin, eins og komið hafa fram till. um að setja upp sérstaka deild, er færi með fiskveiðamálin, í stað Fiskifél. Ísl., sem nú fer með slík mál. En ég tel óheppilegt, að að því ráði yrði horfið eða nokkuð það gert, sem ýtt gæti undir þetta.

Ég skal ekki fara út í neinar kappræður um þetta mál nú, en vildi benda á þessi atriði og vænta þess, að menn taki þau til athugunar, og þá hefi ég sérstak-

lega fyrir augum hagsmunum Búnaðarfél. Ísl. og þeirra, sem góðs njóta af starfi þess.

Hv. þm. Mýr. benti á það sem trygg-ingarráðstöfun fyrir Alp. um, hvernig farið væri með féð, að það fengi rétt til að hafa annan endurskoðanda Búnaðarfél. Á þennan hátt fengi Alþingi að vita, hvernig fénu hefði verið varið. Auðvitað fær Alþingi að vita það eftir á, en til þess þarf það engan endurskoðanda. Slíkar stofnanir mundu æfinlega leggja fram reikninga sína fyrir Alþingi, eins og þær gera nú. En það sjá allir, hver geysimunur er á þessu tvennu, að fá vitneskju um ráðstöfun fjárins eftir á, eða hafa meiri hl. í stj. fél., sem ræður í hvert skipti, hvernig fénu er varið.

Ég hefi ekkert á móti því, að þetta mál gangi til nefndar. Ég álit sjálfsagt að taka það til athugunar, en vænti þess, einmitt vegna Búnaðarfél., að menn hrapi ekki að slíkum breyt.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. þm. Borgf. hlýtur að skilja, að það er meginmunur á þeirri yfirstjórn bændanna, sem fengist á þann hátt, sem ætlaðt er til með breyt. þessari, að allir bændur landsins ættu beinan þátt í því að kjósa stjórn Búnaðarfél., og hinsvegar því fyrirkomulagi, sem nú er, þar sem aðeins nokkur hl. þeirra hefir íhlutunarrétt gegnum landbn. Alp. Ef búnaðarþingið kys stjórnina, þá eru yfirráðin beint í höndum allra bænda landsins. Og við það átti ég, þegar ég talaði um að færa valdið yfir í hendur þeirra sjálfra.

Hv. þm. kom með gömlu mótbárana gegn þessu, að þar sem Alp. legði Búnaðarfél. allt starfsfé, þá væri ekki nema rétt, að það hefði íhlutun um meðferð fjárins. En ég vil benda hv. þm. á, að Búnaðarfél. var um margra ára skeið búíð að hafa þetta fé til ráðstöfunar áður en nokkrum datt í hug að setja þetta skilyrði fyrir fénu. Og það eru fjölmargar aðrar stofnanir, sem veitt er fé af Alp., sem ráða algerlega yfir því sjálfar. Ég veit ekki um neinar aðrar stofnanir en Búnaðarfél. Ísl., sem sett eru slík skilyrði sem þetta. Að visu er því fengið meira fé en öðrum stofnunum, en ég sé ekki, að það út af fyrir sig geri nauð-

synlegar slíkar ráðstafanir, nema það sé sýnt og sannað, að bændunum sé ekki trúandi til að fara með féð.

Þegar það ákvæði var samþ., að stj. Búnaðarfél. skyldi skipuð af Alp., stóð svo á, að verið var að samþ. jarðræktarlögin, og þá voru þau rök færð fyrir þessu, að Búnaðarfél. fengi gegnum jarðræktarlögin svo mikið fé í hendur, að ekki væri nema sjálfsagt, að Alp. réði einhverju um meðferð þess. En lögin voru útbúin þannig, að Búnaðarfél. Ísl. fékk engan ihlutunarrétt um meðferð þessa fjár. Í lögnum sjálfum var ákveðið, hvernig því skyldi ráðstafað. Búnaðarfél. átti aðeins að annast skrifstofustörf fyrir hið opinbera. Vegna jarðræktarstyrksins var því engin ástæða til að taka af fél. það vald, að skipa sína eigin stjórn.

Hv. þm. virtist hálfgramur við síðasta búnaðarþing, vegna þess að það hefði ekki ráðgæzt við Alp. um þessa breyt. En búnaðarþingið hefir með þessari ákvörðun aðeins látið uppi skoðun sína og beiðni til Alp. En þar sem allt vald í þessum málum er í höndum Alp., var ekki ástæða til þess að ræða málið á annan hátt en þann, að bera fram frv. um það hér á þingi, eins og nú hefir verið gert.

Það er ekki rétt, að nokkuð af löggjafarvaldi Alp. hafi verið lagt í hendur Búnaðarfél. Því hefir aðeins verið fenginn mjög takmarkaður ráðstöfunarréttur. En aðalkjarni þessa máls, sem nú er um deilt, er þessi: Annaðhvort er bændunum trúandi til þess að fara með þetta vald eða ekki. Sé þeim ekki trúandi til þess, er best að stíga sporið alveg og leggja Búnaðarfél. undir eina deild í atvinnu, enda er það skoðun ýmissa, bæði bænda og annara. Sé þeim hinsvegar trúandi fyrir þessu, þá eiga þeir að ráða Búnaðarfél. og bera á því ábyrgð. Hér er ekkert millispor til. Ef þeir hafa sýnt sig ófæra til þess að fara með valdið, þá á að taka það allt af þeim. En þetta millispor, þar sem verið er að rugla saman valdi búnaðarþingsins og valdi Alp., er mjög svo óeðlilegt. Það er enginn vafi á því, að málum landbúnaðarins er best komið, þegar bændurnir sjálfir taka lifandi þátt í að ræða og ráða til lykta

þeim vandamálum, sem hverju sinni liggja fyrir.

Pétur Ottesen: Ég verð nú að segja það, að ég sé ekki, að þetta samband, sem nú er á milli Búnaðarfél og Alp., standi neitt í vegi fyrir því, að bændurnir geti tekið lifandi þátt í búnaðarstarfsemi og framkvæmdum búnaðarmála. Og út af því, þegar hv. þm. er að tala um þetta fyrirkomulag, sem nú er, sem óhafandi og óeðlilegt, vil ég benda honum á það, að vöxtur og viðgangur Búnaðarfél. og allrar búnaðarstarfsemi í þessu landi hefir tekið miklu meiri framförum og þroska einmitt undir þessu fyrirkomulagi en dæmi eru til í sögu þessa lands. Og það sýnir bezt, hver fjarstæða það er að vera að tala um þetta fyrirkomulag sem óhafandi og þar fram eftir götunum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Mýr. að vera með neina dóma um það, að þetta sé svona og svona gallað, þegar hann hefir reynsluna alveg á móti sér. Og það er ekki fyrir ihlutun Alp., að ýmsu í stjórn Búnaðarfél. er ábótavant, t. d. að hafa tvo búnaðarmálastjóra, sem ekki semur betur en það, að stj. fél. getur ekki haft sameiginlegan fund með þeim, heldur verður hún alltaf, að því er sagt er, að tala við þá hvorn í sínu lagi. Og nú er enn haldið í þetta fyrirkomulag, þetta ástand í trássi við lög Búnaðarfél. og vilja búnaðarþings. Alþingi hefir ekki skipað fyrir um þetta. Ég held, að aðalorsakanna til þess, sem áfátt er og ábótavant í stj. Búnaðarfél. og málefna þess, sé ekki að leita í sambandinu milli Alp. og Búnaðarfél. Ég tel því, að það, sem hv. þm. Mýr. kallar hér millistig, sé heppilegt, og þar styðst ég við reynsluna, en máltækið segir, að reynslan sé ólygnusi.

Hv. þm. sagði, að það starf, sem Búnaðarfél. hefir með höndum fyrir ríkið, væri ekki annað en skrifstofustarf. Þetta nær vitanlega engri átt, þar sem t. d. allur undirbúningur jarðræktarmála og framkvæmd þeirra er lagður í hendur fél. Þegar ég sagði, að Alþingi hefði lagt svo og svo mikið af sínu löggjafarvaldi í hendur Búnaðarfél., þá er það rétt, því að ef svo væri ekki ákveðið í lögum, að Búnaðarfél. legði á ráðin um þetta og hitt og réði tilhögun á framkvæmdum þess,

þá yrði að ákveða í lögum, hvernig því skyldi hagað. Og á það vil ég benda enn, að þegar þessu sambandi Búnaðarfél. og Alp. væri slitið, og ihlutun Alp. um meðferð starfsfjár félagsins, sem allt er frá ríkinu, í burtu kippt, þá gæti svo farið, að eigi yrði jafngreitt um fjárframlög til þess og nú er og verið hefir.

Ég hefi ekki fellt neinn þungan dóm yfir því, að þetta frv. kom fram. En þar sem slíkt mál var áður húið að mæta mótsþyrnu hér, þá hefði mér þótt eðlilegra, að búnaðarþingið hefði átt tal við landbn. þingsins áður en það tók upp í lög sín slíkar breyt. Það var a. m. k. miklu líklegri leið til samkomulags en að fara svona að.

Hv. þm. Mýr. bar þetta saman við annan félagsskap í landinu, sem nyti styrks af opinberu fé, en sem Alþingi hefði ekki ihlutun um. Mun hann í þessu sambandi hafa haft í huga Fiskifél. Íslands, en ég vil benda honum á, að það er svo ákveðið, að atvmrh. eigi að samþ. fjárhagsáætlun þess, þ. e. tilhögun félagsins á því, hvernig fénu skuli varið. Að því leyti er það háð afskiptum þess opinbera. En það er vitanlega enginn félagsskapur, sem er sambærilegur við Búnaðarfél. Ísl. að því leyti, hvað Alp. felur því mikið fé til umráða og hvað það leggur því mikil völd í hendur. Og af þessum ástæðum er eðlilegt og sjálfsagt, að Alp. hafi ríkari ihlutunarrétt um ráðstafanir þessa félagsskapar en annara stofnana, sem styrks njóta frá Alþingi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hafði hugsað mér að hreyfa nokkrum aths. við þetta frv. nú þegar, en hv. þm. Borgf. hefir svo að segja þrætt mína punkta og auðvitað bætt fleiru við, þar sem hann er þessum málum miklu kunnugri en ég. En ég vil láta það uppi þegar við þessa umr., að það er hreinasta fjarstæða að ætla að fara fram á, að Búnaðarfél. sé gert enn þá sjálfstæðara um ráðstöfun á því fé, sem það fær til umráða, en verið hefir.

Það hafa komið fram raddir um, að nauðsynlegt væri að breyta til í þessum efnum, bæði viðvikjandi Búnaðarfél. og Fiskifél. Menn hafa talið óeðlilegt að fá nokkurskonar einkafél. í hendur það

fé, sem Alp. veitir til framdráttar tveim aðalatvinnuvegum landsmanna. Mönnum hefir virzt eðlilegra, að í stjórnarráðinu væru trúnaðarmenn hvors atvinnuvegar, t. d. búnaðarmálastjóri og fiskiveiðastjóri, sambærilegir við fræðslumálastjóra, biskup, landlækni, vegamálastjóra, landssímastjóra o. s. frv. Það er aðeins hinn sögulegi uppruni, sem gerir það að verkum, að þessu er nú öðruvísi fyrir komið, en það er næstum því óhugsandi annað en að smám saman þokist frekar í þá átt, að ríkisvaldið taki þetta gersamlega í sínar hendur eins og aðra starfsemi.

Hv. þm. Borgf. hefir tekið skýrt fram, hve geysileg fjárráðstöfun og annað vald er fengið Búnaðarfél. í hendur. Það er fjarstæða að ætla sér að benda á aðrar stofnanir, sem komast þar í námunda við. Þó að t. d. Bókmenntafélagið fái nokkur þús. kr. við hliðina á eigin fé, þá er það vitaskuld ekki sambærilegt. En hvenær sem Alp. leggur fram fé sem nokkru verulegu nemur til einhverrar starfsemi, þá er hún algerlega lögð undir starfsemi ríkisvaldsins. Sem hliðstæðar stofnanir mætti frekar tala um t. d. kirkjumálin. Um það hefir verið talað, að halda kirkjuþing með fulltrúum presta og safnaða, sem fengi þá alveg ráðstöfunarrétt um kirkjumálin og það fé, sem til þeirra væri lagt. En ekki hefir mér virzt þetta mál hafa byr, enda finnst mér eðlilegra, að þetta sé í höndum Alp. Heilbrigðismálin mætti fela Læknafélagi Íslands, og Kennarafélaginu ráðstöfun á fé til kennslumála. En þessi straumur liggur burtu frá því, sem eðlilegt er; þetta er dreifingarstefna, og Alp. ætti ekki að leggja lið sitt til þess að fara inn á þessa braut.

Ég er fyrir mitt leyti þó á því að láta hinn sögulega uppruna valda því, að þetta ástand haldist um Búnaðarfél. Ísl. og Fiskifél. Þetta er af dálitilli ihaldssemi. Og væri Búnaðarfél. Ísl. fengin slík yfirráð sem þetta frv. fer fram á, þá er hætt við, að ekki yrði langt þangað til leiddi til árekstrar milli þess og Alp. Raddir kæmu fram á Alp. um, að þessu mikla fé væri ekki ráðstafað á sem heppilegastan hátt. Það er auðvitað Alp., sem leggur féð fram og hefir valdið til

þess að gera það, sem það vill í þessu efni.

Ég hygg því, að með þessu frv. sé stigið spor í öfuga átt, og fyrir þá, sem vilja halda í sama horfinu, sé heppilegt að eigna ekki viljandi upp þá mótstöðu, sem er gegn því að fela Búnaðarfél. það vald, sem Alp. hefir nú, án þess það geti komið fram íhlutun sinni. Því þótt þingið eigi að skipa einn endurskoðanda, er það ekki einhlítt. Því endurskoðandi gerir ekki annað en að fá skýrslur um, hvernig fénu hefir verið varið, og skýra frá því eftir á.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri engin íhlutun, sem þingið hefði á fjármálastj. Búnaðarfél., þótt það skipaði annan endurskoðanda fél. Ég vil benda hv. þm. á, að það er sama íhlutunin og það hefir nú. Hv. þm. sagði, að þingið gæti ekkert fengið að vita fyrr en eftir á. Það er sama og nú. Alþingi hefir ekkert vald til þess að ákveða í einstökum atriðum, hvernig því fé, sem fer til Búnaðarfél., er varið. Atvmrh. getur aftur á móti fylgt með því, hvernig fénu er varið, ef endurskoðandinn gerir skyldu sína.

Það hefir verið og er venja, að Búnaðarfél. leggi fjárhagsáætlun sína fyrir fjvn. Alp. Alp. getur því vitað, hvernig á að verja fénu í stórum dráttum og leggur því fyrirfram samþykki sitt á það með samþykkt fjári. Þetta er nú alveldi Búnaðarfél., og það er ekki eins ægilegt eins og af er látið.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Búnaðarfél. hefði tekið mestum þroska á undanfórnum árum. Þetta er rétt, en það er miskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að það stafi af því óeðlilega fyrirkomulagi, sem varð á fél. við samþ. jarðræktarlaganna. Það er þrátt fyrir, en ekki vegna þessa óeðlis á félagsskapnum, því hann á að ráða yfir því fé, sem hann hefir með höndum, en ræður ekkert yfir þeirri stj., sem hefir framkvæmdirnar í hendi sér. Og ef stj. neitar að verða við vilja búnaðarþingsins, er það máttlaust. Þess vegna er ekki nema um tvennt að ræða: annaðhvort að Búnaðarfél. ráði meðferð mála sinna í hlutunarlaust af Alp., eða að ráðin séu

tekin af því og lögð undir atvinnumálaráðuneytið. En þá tel ég málinu betur borgið í höndum lifandi, starfandi stofnunar heldur en í myglaðri skrifstofu í stjórnarráðinu.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta mál er ekki nýr gestur í þessari hv. d. Tvisvar hefir það verið lagt hér fram, og um hrið var það þannig flutt utan Alþingis, að ég áleit að ekki bæri að sinna því eins og það þá var borið fram. Þá var það borið fram á þeim grundvelli, að breyta átti skipulagi fél., hvað sem Alþingi segði, og þannig stofna til ófriðar milli Búnaðarfél. og Alp.

Nú er þetta mál flutt á öðrum grundvelli. Síðasta búnaðarþing ákvað, að Búnaðarfél. skyldi ekki setja slíkt ákvæði í sín lög og þannig gera það að deilumáli við Alp., heldur kæmi þetta því aðeins til framkvæmda, að Alp. féllist á það. Málið er því hér sótt á þeim grundvelli, að fullt samkomulag fáið milli Búnaðarfél. og Alp. Á þeim grundvelli get ég verið því fylgjandi, en ef svo fer, að á mjög litlu veltur, hvort Alp. vill samþ. það eða ekki, tel ég vafasamt, hvort það er heppilegt fyrir Búnaðarfél. að fylgja þessu máli fast fram, því að með því væri stofnað til ófriðar milli Búnaðarfél. og þingsins.

Það hefir komið fram hjá hv. þm. Borgf. og hv. 4. þm. Reykv., að Búnaðarfél. hafi allt aðra aðstöðu en nokkurt annað félag í landinu, þar sem það fær allra félaga mest fé frá Alp. í hendur sínar. Það er því rétt hjá hv. þm., að Alp. verði að hafa ríkt eftirlit með því, að þeim peningum sé vel varið.

Ég verð að segja það, að ég er hv. þm. Borgf. sammála um það, að það er engin trygging í því, þótt atvmrn. tilnefni annan endurskoðanda fél. En ég vil undirstrika það, að Alp. hefir gert allþýðingarmiklar ráðstafanir á Búnaðarfél., sem eru mikil trygging fyrir því, að það fari vel með það fé, sem því er trúað fyrir. Alp. hefir gert þá ráðstöfun, og búnaðarþingið líka, að Búnaðarfél. er öðruvísi skipað en nokkurt annað fél. á landinu.

Það er skilyrði fyrir því að fá styrk skv. jarðræktarl., að sá sé í einhverju

Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfél. Íslands).

búnaðarfél., sem styrkinn fær. Fulltrúar búnaðarfélaganna sækja síðan aðalfundi búnaðarsambandanna, og þeir fulltrúar einir kjósa fulltrúa á búnaðarþing, sem hefir hið æðsta vald í málum Búnaðarfélagsins. Svo vel er búið um þá hnúta.

Í sambandi við þetta vil ég segja það, að þó að Búnaðarfél. sé á pappírnum sjálfstætt fél., þá er það vafalaust, að allt, sem Búnaðarfél. á, er jafnmikið ríkiseign sem þau gögn, sem eru hjá Hagstofu Íslands, vegamálastjóra eða vitamálastjóra.

Í sambandi við þetta vil ég enn fremur minnst á eitt atriði. Ég álit, að þetta frv. sé einn þáttur í miklu stærra máli, sem Alþ. þarf að leysa nú á næstunni. Ég álit, að það þurfi að efna til endurskoðunar á löggjöf um æðstu stjórn búnaðarmála. Með þeim breyt., sem orðið hafa á undanförmum áratugum á málum landbúnaðarins, á Búnaðarfél. og hversu verk efni þess hafa vaxið, er sá gamli rammi, sem hefir verið um stjórn búnaðarmála, orðinn of þröngur. Það er full þörf á nýrri löggjöf, sem er í samræmi við nútímann.

Eftir ósk minni var á síðasta búnaðarþingi kosinn maður af Búnaðarfél. hálfu til slíkrar endurskoðunar. Ég álit, að slík endurskoðun eigi að fara fram að afloknu þessu þingi. Mun ég tala um þetta við landbn. þingsins, að þær taki þetta mál til athugunar. Ég álit nauðsynlegt, að við fáum stofnun, sem er hliðstæð stofnunum annara landa, landbúnaðarráð, sem skipað sé fulltrúum búnaðarfélaga og samvinnufélaga.

Vona ég svo, að mál þetta fari til n. og fái þar góða afgreiðslu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir það dálítið einkennilegt af hv. þm. Mýr., að hann skuli halda því fram, að Alþ. hafi nú enga íhlutun um stjórn Búnaðarfél., þar sem það nú er tryggt, að meiri hl. stj. þess er skipaður eftir till. landbn. Alþ. Mér skilst, að þetta sé sú mesta íhlutun, sem hægt er að hafa á fél. án þess að leggja það undir sig. Hinsvegar játaði hv. þm., að alveldi Búnaðarfél. yrði ekki nema á pappírnum, enda þótt frv. hans næði fram að ganga. En það er það sama sem ég sagði áðan, að vald-

id yrði áfram hjá Alþ., því að það getur lokað fyrir peningastrauminn hvenær sem það vill. En hvaða gullöld er það þá, sem á að renna upp fyrir Búnaðarfél., ef vald Alþ. verður óskert eftir sem áður?

Hvort fjárhagsáætlun búnaðarþingsins er lögð fyrir Alþ., fer eftir því, á hvaða tíma búnaðarþingið er háð. Í vetur var fjárhagsáætlun fél. samþ. áður en Alþ. kom saman, og var þá fjvn. skýrt frá því, hvernig sú áætlun væri.

Það, sem menn greinir því á um, er það, hvernig Alþ. eigi að ráða, hvort það eigi að ráða því frá byrjun, þ. e. hvort ríkisstj. eigi að skipa meiri hl. stj. Búnaðarfél. eftir till. frá Alþ., eða hvort íhlutunin á ekki að koma fyrir en eftir á. Menn getur ekki greint á um það, að siðari aðferðin er til þess fallin að skapa árekstur, sem myndi verða til þess, að Búnaðarfél. yrði að láta í minni pokann fyrir Alþ. Ég álit því, að með þessu frv. sé verið að stofna til þess, að íhlutunin með Búnaðarfél. liði undir lok. En það er nú einu sinni svo, að það eru mjög sterkir straumar móti því að skapa ríki í ríkinu, og það getur verið heppilegt að gera það ekki.

Hv. þm. sagði í enda ræðu sinnar, að hann áliti málið betur komið í lifandi og starfandi fél. en lokað inni í myglaðri skrifstofu. Ég tel þetta víst, en það gæti verið lifandi fyrir því. Ekkert hefir t. d. borið á því, að vegamálin væru lokað inni í skrifstofu, þótt þau séu rekin af því opinbera. Ég held öllu frekar, að hv. þm. Mýr. þyki þar kannske of mikið um framkvæmdir.

Það er ekki tilgangur minn með þessum andmælum, að ég vilji neitt hrófla við því fyrirkomulagi, sem nú er, en ég tel heldur ekki rétt að færa það í það horf, að fél. fái algerlega stjórnina í sínar hendur.

Pétur Ottesen: Af því að ég fæ ekki að gera nema örstutta aths., get ég ekki nú rakið þau gögn, sem til eru fyrir því, að Alþ. hefir falið Búnaðarfél. margvíslegar framkvæmdir í þeirri löggjöf, sem snertir landbúnaðinn, og þegar hv. þm. Mýr. talar um það í sambandi við íhlutun um stjórn fél., að það sé sama, hvort Alþ. skipi 2 menn í stjórnina eða ekki, nær

Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfél. Íslands). — Berklavarnir.

Það ekki nokkurri átt, þegar litið er á framkvæmdir Búnaðarfél. að öðru leyti. Það er því sjálfsgagt, að Alp. tryggji með íhlutun sinni heppilega framkvæmd þessara mála. Þetta er svo augljóst mál, að ekki þarf um það að deila.

Hv. þm. Mýr. sagði, að hann vildi heldur, að málefni Búnaðarfél. væru í höndum lifandi, starfandi stofnunar en að þau væru lokuð inni í myglaðri skrifstofu í stjórnarráðinu. Ég get verið hv. þm. sammála um þetta, og vil einmitt með aðstöðu minni stuðla að því, að þessi starfsemi sé og verði í höndum lifandi félagskapar, nefnilega Búnaðarfél. En hitt er mér ekki eins kunnugt um og honum, að allt sé fullt af myglu og fúa í stjórnarráðinu. Annars skal ég ekki deila um þetta við hv. þm. Hann veit þetta miklu betur en ég. Hann kemur oftari í stjórnarráðið en ég, enda er hann tryggur og fylgispakur þeirri stjórn, sem ríkir þar í myglunni og dauðanum að hans dómi.

Þegar þetta mál var borið fram hér á þinginu 1929, var hæstv. forsrh. eins og ég á móti því, og er enn að því er mér virtist á móti því. Hæstv. forsrh. var að tala um skipun nefndar til undirbúnings löggjafar um yfirstjórn búnaðarmála, og því meiri ástæða er til að gera nú ekkert í þessu máli, þar sem það mundi þá heyra undir starfsemi þessarar nefndar. Það eitt nægir til þess að fara ekki að gera neina breyt. á þessu máli nú á þessu þingi, því vel gæti svo farið, að það kæmi í bága við endanlega rannsókn og tillögur í þessu máli.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er mis-skilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., að ég hafi haldið því fram, að Alp. hefði enga íhlutun um meðferð fjár Búnaðarfél. Ég tók það skýrt fram, að Búnaðarfél. legði fjárhagsáætlun sína fyrir Alp., og hefir það þá íhlutun, að það samþ. fjárhagsáætlunina.

Ég hélt því fram, að þessi íhlutun yrði sú sama, þótt Búnaðarfél. skipaði sjálft alla stj. Og ekki þarf að deila um það, að Búnaðarfél. ræður meiru um framkvæmdir sínar, ef það skipar alla mennina í stjórn, heldur en ef það skipar aðeins einn þeirra. Það er þetta vald, sem ég er að sækjast eftir. En þeir, sem eru á móti

þessu frv., trúa Búnaðarfél. ekki fyrir því valdi.

Það er rétt, að Búnaðarfél. hefir haft ýms löggjafarstörf með höndum fyrir Alp. Búnaðarfél. hefir framkvæmdir með höndum í ýmsum málum, sem búnað varða, og er í ráðum með atvrmh.

Hv. þm. spurði mig, hvort það væri mikil mygla í stjórnarráðinu nú. Ég skal segja honum, að í búnaðarmálunum er þar engin mygla. En þó að þetta fyrirkomulag geti gengið, þegar svo stendur á, að sami maður er atvrmh. og í stjórn Búnaðarfél., er það ekki þar með sagt, að svo verði um hvaða atvrmh. sem er. Þá getur svo farið, að þar verði áður en nokkur veit af komið íhald. fúi og mygla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

27. Berklavarnir.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um breyt. á 1. um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929 (þmfrv., A. 77).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta mál hefir legið fyrir hv. d. áður, þó að það hafi ekki náð afgreiðslu. En það er ekki af því, að nein veruleg mótstaða hafi verið gegn því. Sá eini, sem gekk á móti því á þinginu 1930, var þáv. hæstv. dómsmrh. En mótstaða hans hafði ekki meiri áhrif en svo, að honum tókst ekki að fá eitt einasta atkv. á móti málinu hér í d. Það var látið falla með þeim einkennilegu athurðum, að þátttakan í atkvgr. var úrskurðuð ónóg því til samþykktar.

Málið er ekki þannig vaxið, að um efnisbreyt. sé að ræða á berklavarnarlögunum, heldur er hér farið fram á að breyta

orðalagi málsgr., sem er svo óheppilega orðuð, að það hefir gefið stj. átyllu til þess að telja sig einræða um daggjöld berklasjúklinga í sjúkrahúsum einstakra manna og bæjarfélaga. Sjúkrahúsin taka við berklasjúklingunum, úrskurðuðum fyllilega styrkhæfum úr ríkissjóði, í góðri trú um vissa greiðslu samkv. töxtum sínum, en svo dragast greiðslurnar á langinn og ári síðar kemur ef til vill úrskurður um allt önnur daggjöld eða neitun um nokkra greiðslu.

Nú er það að visu svo, að slíkt háttalag ríkisstj. er fullkomlega ólöglegt og sjúkrahúsunum því unnt að ná rétti sínum með málsókn. En til þess að fyrirbyggja rekistefnu og óþægindi, sem af slíkum endalausum málsóknum mundi leiða, er hér farið fram á að taka af öll tvímæli um það, að fyrst skuli með nægilegum fyrirvara reynt að ná samningum við sjúkrahúsin, og síðan, ef það tekst ekki, að stj. skuli úrskurða hámark gjaldanna á sanngjörnum grundvelli. Með þessu er ekkert vald tekið af stj., sem hún hefir nú til þess að gæta réttar ríkissjóðs gagnvart sjúkrahúsunum.

Ég legg til, að málið verði afgr. án þess að vísa því til nefndar.

Forsrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil eindregið leggja það til, að málinu verði vísað til nefndar. Það er engin ástæða til þess að afgreiða málið án þess. En það er full ástæða til þess, að þau stjórnarvöld, sem um málið eiga að fjalla, fái tækifæri til þess að ræða um það við nefnd og segja m. a. frá því, hvernig þetta hefir verið framkvæmt undanfarið.

Magnús Guðmundsson: Ég vil taka í sama streng og hæstv. forsrh. um það, að sjálfsagt sé að vísa málinu til nefndar. Ég vil einnig aðeins benda á það, sem virðist hafa farið framhjá hv. flm., að frv. um þetta var flutt hér á vetrarþinginu síðasta. Það frv. er á þskj. 392. Málið var þá í allshn., og finnst mér rétt að vísa því til sömu n. nú.

ATKVG.

Fr. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 14 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

28. Prestakallasjóður.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:
Fr. til 1. um prestakallasjóð (þmfrv., A. 82).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég get ekki, eins og margir aðrir hv. þdm., fylgt þessu frv. úr hlaði með þeim orðum, að það hafi legið fyrir d. áður. Hér bregður nefnilega svo merkilega við, að hér er frv., sem ekki hefir legið fyrir d. áður. En hér var samt fyrir nokkrum dögum frv., sem mjög er skylt þessu. Það var frv. um læknishéradasjóði. Það gaf mér hugmyndina um að flytja þetta frv.

Það er laukrétt hugsun, sem liggur til grundvallar þessum frv. báðum, nefnilega sú, að ef embætti einhverrar stéttar eða starfsemi eru ekki öll skipuð á einhverjum tíma, þá á sú starfsemi rétt á að njóta þess fjár, sem þannig sparast. Þetta er alveg hliðstætt um lækna- og prestsembættin. Og hér er ekki verið að leggja neinn bagga á herðar þess opinbera, því það er einmitt gert ráð fyrir því, að það sé fært um að launa öll embættin. En fyrirkomulag þessa sjóðs er dálítið annað en læknishéradasjóðsins. Það hefir nú í seinni tíð verið gert mikið að því að byggja læknisbústaði og ætlanin að styrkja þá viðleitni með sjóðnum. Það er ekki víst, að menn kærðu sig um hliðstæða meðferð á fé prestakallasjóðsins. En annars er fyrirkomulagið í smærri atriðum algerlega undir meðferð Alþingis komið. Þó að ég hafi samið frv. í þessu formi, er ég fús til þess að taka öllum skynsamlegum brtt., en grundvallaratriðin eru svo mikilvæg, að ég þykist vita, að hið háa Alþingi vilji sinna málinu.

Nú sem stendur eru nokkur prestaköll óveitt af því einu, að laun presta eru svo lítil, að menn fást varla til þess að tak-

ast starfið á hendur. Þess vegna er sízt ástæða til þess að vera að draga frá kirkjulegri starfsemi það fé, sem til hennar er ætlað. Vil ég svo óska þess, að frv. verði vísað til sömu nefndar og hinu frv., sem ég gat um áður.

Jónas Þorbergsson: Ég get lýst yfir því, að ég er sammála hv. flm. (MJ) um meginhugsun þessa frv., þ. e., að fé, sem lög ákveða, að verja skuli til kirkjulegrar starfsemi, en sparast við það, að prestaköll standa að um lengri eða skemmri tíma, verði varið á einn eða annan hátt til kirkjulegrar starfsemi. Þó langar mig til þess að minnst á nokkur atriði til athugunar fyrir hv. n. og hv. flm. Ég gæti jafnvel búið við að flytja brtt. við frv., og vænti þá þess, að hv. flm. athugi hana með sanngirni og góðvild.

Það, sem mér virðist eiga að koma hér nokkuð til greina, eru messurnar, sem fluttar eru í útvarpið. Það er nú orðið svo útbreitt, að á þær messur hlustar fleira fólk en í öllum kirkjum landsins til samans. Þetta atriði á að koma til greina, þegar talað er um að verja fé til kirkjulegrar starfsemi í landinu.

Útvarpið bætir til muna úr prestleysinu í þeim prestaköllum, sem að standa. Jafnvel þykir reynsla henda til þess nú þegar, að vel geti svo farið, að útvarpið dragi allmjög úr kirkjusókn, þegar stundir liða fram. Þetta gæti leitt til þess, að prestum fækkaði enn, af því þeim leiddist að stunda starfið, ef kirkjusókn hrakast. Ef svo vildi til, þá losnaði enn nokkurt fé, sem lögum samkv. á að fara til kirkjulegrar starfsemi. Það væri því fyllilega sanngjarnt, að það rynni að einhverjum hluta til útvarpsmessnanna.

Útvarpið hefir til þessa eingöngu varpað út messum úr kirkjunum í Reykjavík, án þess að gjalda þeim nokkuð fyrir. En það er mjög óvist, hvort útvarpið getur til langframa verið slík bónhjargastofnun, án þess að greiða eitthvað til presta eða safnaða, t. d. fyrir söng. Auk þess ber nauðsyn til þess að fá fleiri presta til að gera útvarpsmessurnar sem fjölbreyttastar. Þar með er ekki sagt, að messurnar hafi ekki verið góðar, eftir því sem við eigum vól á. En útvarpið verður

að gera ráð fyrir að verja fé til þessa í framtíðinni. Og þar sem kirkjan er opinber stofnun, er það óviðfelldið, að hún lifi á bónhjörgum. Virðist mér því rétt að verja spöruðu fé að einhverju leyti til útvarpsins. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en hefi drepíð á þetta til athugunar fyrir hv. n., og tala, ef til vill, við hv. flm. um brtt.

Héðinn Valdimarsson: Hv. flm. líkti þessu frv. saman við frv. um læknishéradasjóði. En þar er ólíku saman að jafna. Það er almenn reynsla, að það þykja hin mestu vandræði, ef lækni vantar eða að hann er fjarverandi, en þó að prestslaust sé á einhverjum stað, ber ekki á öðru en að menn séu hinir ánægðustu með það. Ég verð að álita, að því fé, sem sparast við prestahald, sé betur varið til ýmskonar menningarauka í landinu heldur en að geyma það handa öðrum prestum.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég ætla ekki að svara hv. samþm. mínum. Frv. miðar ekki að því að hafa fleiri presta, en aðeins því, að því fé, sem á að verja til presta, sé varið samkv. tilgangi sínum. Hitt er alkunna, sem hv. þm. virðist ekki vita, að hvenær sem á að leggja niður prestakall eða kirkju, þá hefir orðið úr því óánægja. Í Eyjafirði eru t. d. á einum stað 6—7 kirkjur að mig minnir nálega í einni kássu. Þetta mætti nú kannske virðast óþarflega mikið. En þegar til hefir komið, hefir enginn viljað leggja niður sína kirkju, en bent á kirkju nágrenns. Þetta, sem hv. þm. sagði, kemur því þessu frv. ekki við.

En mér þótti vænt um það, sem hv. þm. Dal. sagði. Hann hefir setið í n., sem fjallaði um kirkjumál, og er þessum málum kunnugur. Ég ált sjálfsagt að taka til athugunar, hvort útvarpið geti ekki komið hér til greina. Annars þarf ekki brtt. til þess, því í frv. stendur ekki tæmandi upptalning, heldur „o. s. frv.“. Annars er ráðstöfun fjáris alveg opin og getur því vel átt við útvarpið.

Ég hefi jafnan hlustað á það með stökustu undrun, þegar menn hafa verið að amast við útvarpinu í þágu kirkjunnar. Það er engu líkara en að mörgum finnist svo mikið nýjabragð að þessari stofnun.

Prestakallasjóður. — Skipulag kaptúna og sjávarþorpa.

að þeir eigi erfitt með að skilja, að hana megi nota í uppbyggilegum tilgangi. Það er engu líkara en ef menn á fyrstu dögum prentlistarinnar hefðu forttekið fyrir það, að svo heiðin list mætti verða kristinni að gagni.

Um hitt, hvort útvarpið muni draga úr kirkjusókn, álit ég allt óráðið enn, eins og flest viðvikjandi þessari starfsemi. Fjöldi presta hefir skýrt frá sinni reynslu, og dómarnir eru mjög sitt á hvað. Og engan nema einn minnst ég að hafa heyrt, sem beinlínis taldi það hafa dregið úr kirkjusókn. Viða hefir það aftur á móti orðið til örvunar og vakningar. Söfnuðirnir hafa fyllt áhuga fyrir því t. d. að efla söng og gera þessa ungerð guðsþjónustunnar eins fagra og í útvarpinu. Hitt er alveg rétt, að það getur verið ástæða til þess að hafa fé fyrir hendi til þess að fá afburða kennimenn til að prédika í útvarpið. Annars tek ég með þökkum hverjum nýtsömum breyt. á frv.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

29. Skipulag kaptúna og sjávarþorpa.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:

Fr. til l. um breyt. á l. nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kaptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 83).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til. 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl]: Þetta mál hefir legið fyrir ýmsum þingum áður, en stundum komið svo seint, að það náði ekki afgreiðslu, og á síðasta þingi lenti það í hinum mikla svartadauða, sem önnur frv. Er hér farið fram á tvær breyt. á lögum um skipulag kaptúna frá 1921, til þess að koma í veg fyrir veru-

lega ósanngirni í garð lóðareigenda, sem í þessum lögum felst. Það er viðbót við 13. gr., þar sem segir, að eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram má ekki gera neinar breyt. eða mannvirki á lóðinni, nema með samþykki sveitarstjórnar. En það er ekkert tekið fram um það, hve langur tími á að líða frá því að uppdrátturinn er lagður fram, og er þess vegna unnt að halda lóðunum án skaðabóta. Hér er því farið fram á, að bætt sé við, að ef skipulagsuppdráttur hefir ekki hlotið staðfestingu áður en tvö ár eru liðin frá framlagningu hans, skuli hann ekki vera framar bindandi. Þetta er yfirsjón í lögnum frá 1921, að ekki skuli vera sett ákvæði um vissan tíma. Reynslan í Reykjavík hefir staðfest þetta. Eins og lögin eru nú er hægt að halda skaðabótum fyrir mönnum von úr viti, hversu lengi sem dregst, að hin fyrirhugaða breyting kemst í framkvæmd. Lóð, sem er búið að ákveða undir mannvirki eða götu samkv. skipulagsuppdrætti, kemur vitanlega eiganda ekki að fullum notum. Hann getur ekki selt hana eða ráðstafað henni á annan hátt. En eins og lögin eru nú getur vel dregið, að nokkrar bætur komi fyrir áratugum saman, svo að það verða kannske niðjar hins upphaflega eiganda í 3. eða 4. lið, sem fá þær, þegar mannvirkið er byggt eða gatan lögð. Eins og bent er á í grg., koma þessi ákvæði sennilega í bága við stjórnarskrána, sem kveður svo á, að menn skuli fá fullt verð fyrir lögnumda eign. Sú breyt., er við förum fram á, breytir engu um tilgang laganna, heldur er hér einungis um sanngirnismál að ræða.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 83, n. 172).

Frsm. (Einar Arnórsson): Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með 1.

Skipulag kauptúna og sjávarþorpa. — Myntlög.

gr. frv. óbreyttri til samþykktar. En hún leggur til, að lítilsháttar breyt. verði gerð á 2. gr. Þegar gert er ráð fyrir í skipulagningu kauptúna. að eignir einstakra manna skerðist að einhverju leyti sökum skipulagsbreyt., er það hæði saunngjarnt og eðlilegt, að þeim verði bætt það tjón að fullu. En hinsvegar finnst n. eigi ástæða til þess að lögfesta, að viðkomanda verði greiddar bætur fyrr en hann sannar eða gerir sennilegt, að fyrirhuguð skipulagsbreyting valdi honum tjóni, og leggur n. því til, að 2. gr. verði breytt á þá leið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 172 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 235).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 235).

Á 27. fundi í Ed., 12. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

30. Myntlög.

Á 7. fundi í Nd., 22. júlí, var útbýtt:
Frv. til myntlaga (þmfrv., A. 84).

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn. Það er shlj. því frv., er flutt hefir verið hér á þrem þingum áður, og þar sem nú ber ekki annað á milli skoðana tveggja stærstu flokka þingsins en á hvaða hátt skuli verðfest það gildi peninga. sem nú er. ætti málið að geta fengið lausn á þessu þingi. Hefir verið borið fram frv. um aðra leið í Ed., en þar sem Framsóknarflokkurinn telur þá leið, sem hér er stungið upp á, auðveldari í framkvæmd, einfaldari og eðlilegri, vænti ég þess, að þeir, sem eru sammála um efni málsins, geti fallizt á þá leið, sem hér er lagt til að fara. Vænti ég þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Ólafur Thors: Við sjálfstæðismenn í fjhn. höfum ekki viljað gerast meðflm. að þessu frv. Við viljum hinsvegar samþykkja annað frv. um sama efni, sem bendir á aðra leið og borið hefir verið fram í Ed. Það frv. hefir áður verið lagt fyrir þessa hv. d., svo að ég sé ekki ástæðu til að gera það að umræðuefni nú, en geri ráð fyrir, að þessar tvær leiðir verði á sínum tíma bornar saman hér í deildinni.

Magnús Jónsson: Ég vil benda á, að samkv. 3. gr. frv. er ákveðið, að Alþingi afsali sér því valdi, er það hefir samkv. landsbankalögunum 1926 til að ákveða um, hvenær seðlar eru innlestir, í hendur fjmrh. Þetta kemur að vísu ekki aðalkjarna þessa máls við. en ég er ekki viss um, að rétt sé að fela fjmrh. þetta vald. Er þá fleira, sem til greina kemur, eins og það, hvernig gullforðinn eigi að vera. Eftir innlausnina verður að vera meiri gullforði hér heima. Ég tel rétt, að Alþ. hafi þetta vald áfram í sínum höndum og mun bera fram brtt. um það síðar.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég tel sjálfsagt, að tekið sé til athugunar, hvort ástæða sé til að breyta þessu ákvæði, ef brtt. um það kemur fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvBH, TrD, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, GÍ, HStef, IngB, JAJ, JÓL, JónasD, LH, JörB.

nei: HV, MG.

MJ, ÓTh, PO greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (SvÓ, BÁ, BKr, EA, HJ, HG, JJós) fjarstaddir.

Á 14. og 18. fundi í Nd., 28. júlí og 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 8. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 2 atkv.

2.–7. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 84).

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til. fjhn. í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

31. Húsnæði í Reykjavík.

Á 10. fundi í Nd., 23. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um húsnæði í Reykjavík (þmfrv., A. 97).

Á 12. og 14. fundi í Nd., 25. og 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 30. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég leyfi mér að bera fram frv. þetta, sökum þess sérstaka ástands, sem nú ríkir í þessum bæ og landinu yfirleitt. Sérstök þörf er á því að bera slíkt frv. fram nú, vegna hinnar miklu dýrtíðar. Öllum er kunnug þessi hræðilega dýrtíð, og nú sem stendur lítur út fyrir, að fjöldi manna eigi erfitt með að framfleyta sér og sínum, ef slíku fer fram til lengdar. Það er ekki auðfundin leið til þess að ráða bót á þessu ástandi, en þó verður að leita einhverra ráða til þess að létta undir með þeim, sem harðast verða úti. Og þótt þetta mál komist í framkvæmd, er langt frá því, að þar með sé ráðin bót á því meini, er dýrtíðin veldur allri þjóðinni, en samt ætti það að gefa öllum þorra þeirra manna, sem erfiðast eiga, hægara með að koma fótum undir fjárhagslega afkomu. Eins og kunnugt er, er húsnæði hér í bæ afardýrt. En eins og ástandið hefir verið hér síðustu árin, verður svo að vera. Bæði er það vegna hins háa kaups, sem er þó ekki of hátt, ef miðað er við þarfir verkamanna, dýr lán, dýrt efni, óhentugt verzlunarástand o. s. frv. Allt leggst þetta á þá sveif að gera byggingarnar dýrar. Samt hygg ég, að þrátt fyrir dýrleika húsaanna sé víða gengið skör lengra en þarf og réttmætt er með húsaleigu. Þetta er aðalastaðan til þess, að þetta frv. kemur fram nú. Ef það nær fram að ganga, þá er að nokkru leyti ráðin bót á því meini, sem ósanngjörn og há húsaleiga veldur. En ég viðurkenni fúslega, að þetta er aðeins einn þáttur af þeim ráðstöfunum, sem gera þarf til þess að vinna bug á dýrtíðinni; ef ætti að gera það til fulls, þyrfti afar víðtækar ráðstafanir. T. d. er það svo, að hér í Reykjavík eru ótal neyzluvörur óhæfilega dýrar, t. d. er verð á nýjum fiski hér alls ekki samþæfilegt við það verð, sem fest fyrir hann fullverkaðan erlendis. Nýr fiskur mun vera seldur hér á um 300 kr. skpd., en samsvarandi 1. fl. fullverkaður fiskur hefir þessi síðari ár aðeins selzt á 130

kr. hæst, oftast þó í kringum 100 kr. Í þessu dæmi verður að taka tillit til þess, að nýr fiskur verður alltaf hlutfallslega dýrari en fullverkaður fiskur, en samt nær þessi mismunur engri átt. Einstaklingum er ofvaxið að ráða bót á þessu. Það eru bæjarfélögin, eða bæjarfélög í samráði við ríkisvald, sem þarna verða að taka í taumana.

Auk þessa, sem áður er getið, er verð á ýmsum sveitaafurðum allt of hátt; t. d. er mjólkurverð í Rvík allt of hátt. Þó er ekki svo að skilja, að bændur fái of mikið fyrir hana. Þeir fá minnstan hluta af því verði, sem mjólkir er seld fyrir í Reykjavík. Kostnaður við flutning, og þó einkum afhendingu til neytendanna í Rvík er geysimikill. Úr þessum kostnaði mætti draga mikið, án þess að framleiðendur fengju minna fyrir vörur sínar en nú. En svo framarlega, sem afstaða framleiðslunnar á eftir að breytast til hins betra, verða framleiðendur að setta sig við að missa dálítið af þessum tekjulið, sem gæti þá að öllum líkindum unnizt upp á öðrum sviðum.

Þá má benda á, hve verzlun í þessum bæ er óhagstæð. Verð á nauðsynjavörum er allt of hátt, borið saman við verðlag úti um land. Bæði stafar það af afardýru húsnæði verzlunarstéttarinnar, og svo kaupmannafjöldanum. Þeir eru allt of margir orðnir, sem hafa lífsviðurværi sitt af þessum atvinnuvegi. En á þessu sviði á hið opinbera erfitt með að skakka leikinn. Þarna gæti almenningur sjálfur skapað sér góða kosti, með því að mynda félagsskap, t. d. kaupfélög, til þess að draga úr þessum ógurlega verzlunarkostnaði. (HV: Það er þegar komið fram frv. um það). Vafalaust mætti benda á margt fleira, sem gæti orðið til þess að draga úr dýrtíðinni. Að ég þó skuli flytja frv., er aðeins snertir húsnæði í Rvík, kemur til af því, að það á ekki minnstan þátt í því að halda henni uppi. Allir vita, að atvinnuvegir okkar til lands og sjávar eru að sligast, ástandið er orðið svo vont, að hið opinbera verður að taka í taumana. Ég býst við, að þessu verði svarað á þá leið, að eina ráðið sé að byggja nógu mikið, þá minnki eftirspurnin og húsnæðið verði ódýrara. Það má vera, að svo yrði að einhverju leyti. En ég er

hræddur um, að ef dýrtíðin minnkar ekki, þá haldi húsnæðið áfram að vera dýrt eftir sem áður. Ég held, að það sé hæpin leið að byggja mjög mikið; þá mundi húsaleigan lækka, því að framboðið yrði meira en eftirspurnin. Og ég hefi heyrt, að menn mættu ekki fá minna fyrir húsnæði sitt en þeir fengju nú, svo að vel sé. Ég er að visu ósamþykkur þessu, því að um leið segja menn: Aukist húsnæði, fellur húsaleigan. En ég svara því, að geti þeir ekki tekið lægri húsaleigu nú, þá geta þeir heldur ekki látið aukið framboð lækka hana. Í báðum tilfellum hljóta tekjur húseigenda að rýrna.

Ég get fúslega viðurkennt, að heiting ákvæða eins og þeirra, sem koma fram í þessu frv., er vandasamt mál, og er hinn mesti vandi að setja slíka löggjöf svo, að ákvæði hennar komi ekki óþægilega og óréttmælt við einstaka menn. En það er sama að segja um þessi lög sem öll önnur, að ekki er hægt að gera þau þannig úr garði, að þau eigi alstaðar við. Slík lög sem þessi þyrftu því að vera svo rúm-góð, að sá, sem framkvæmdi þau, gæti hagað sér nokkuð eftir kringumstæðum. Það má vel vera, að frv. þetta sé ekki sem fullkomnast hvað þessi atriði snertir, og er ég fús til þess að taka hverri bendingu, sem vera mætti frv. til bóta. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. nú. Ég vona, að hv. þdm. hafi kynnt sér efni þess og grg. þá, er því fylgir. Í grg. er m. a. mjög nákvæm skýrsla um húsnæði hér í bæ á síðasta hausti, og geri ég ekki ráð fyrir, að það hafi tekið verulegum breytingum síðan. Hvað viðvikur skipun nefndarinnar, held ég að þessi leið, sem bent er á í frv., sé heppileg. Þó mun ég að sjálfsögðu taka brtt. vel, ef þær miða til bóta. Viðvíkjandi þeirri procenttölu, sem nefnd er í frv., um það hve hátt gjald megi taka af húsi, miðað við fasteignaverð þess, þá held ég, að henni sé mjög vel stillt í hóf. Auðvitað getur hún í einstökum tilfellum ýmist verið of há eða lág. — T. d. er hún líklegast of lág af húsum, sem byggð hafa verið á mestu dýrtíðarárunum, og sem eigendurnir hafa orðið að taka óhentug lán út á og eiga mikið af þeim óborgað. Það má vel vera, að það væri í alla staði gott að hafa hana nokkuð

Húsnæði í Reykjavík.

rýmri. En þetta atriði álit ég, að verði að miklu leyti að vera á valdi þeirra manna, er framkvæma þessi lagaákvæði. (EA: Þeir voru nú ekki sem best vinsælir hér áður fyrr). Ég býst við, að þessi aths. hv. 2. þm. Reykv. sé rétt, að þetta muni ekki vera vinsælt verk. En nauðsynin til þess að ráða bót á þessu er svo brýn, að ég held, að góðir menn muni ekki telja eftir sér nokkur óþægindi til þess að draga úr erfiðleikunum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál og geri að till. minni, að frv. sé vísað til allshn. að umr. lokinni.

Héðinn Valdimarsson: Þeir, sem hafa átt kost á því að hlusta á ræður framhjóðendanna í Árnassýslu við kosningarnar í vor, og heyrðu framsóknarmennina tala um skrilinn í Reykjavík, munu undra sig á því, að Framsóknarflokkurinn lætur nú einmitt annan þessara manna sinna flytja frv. um húsnæði í Reykjavík. Ég held, að þessum hv. þm. væri nær að athuga atvinnu síns eigin héraðs, sem hann að visu virðist ekki bera mikið fyrir brjósti, þar sem hann hikar ekki við að greiða atkv. gegn till. um atvinnubætur í hans eigin héraði. er hér koma fram. En það litur út fyrir, að þeir telji sig réttkjörna sendiboða drottins til þess að lagfæra neyð Reykjavíkurbúa, fremur en kjósenda sinna.

Mér finnst þetta bera því vott, að þeir meti Reykjavíkurskrilinn meira nú en fyrir kosningarnar í vor; ef til vill eru þeir með viðtækar og stórkostlegar ráðagerðir um að breyta skrilnum í ærlegt fólk, eins og t. d. kjósendur þeirra.

Þetta frv. er mjög svipað gömlu húsaleigulögunum; þær fáu breyt., sem gerðar hafa verið, eru ekki til batnaðar. Það er alls ekki nægilegt að ákveða vissa procenttölu af fasteignaverði húsanna; úr þessu verður ekki bætt, nema hið opinbera leggi fram styrk til bygginga handa þeim, sem hágast eiga. Ennfremur eru það margir, sem hafa neyðt til þess að taka dýr lán út á hús sín, og verða nú að liggja undir okurvöxtum. Slíkir menn verða líka að fá lausn sinna mála. Það verður að gera þeim mögulegt að halda þessum húsum, sem þeir oft hafa ráðizt í að byggja af litlum efnun, vegna hús-

næðisvandráða. Úr þessu verður ekki bætt nema með því móti, að almenningur eigi aðgang að ódýrum lánunum.

Stjórn Framsóknarflokksins og ríkisstjórnin hafa hingað til farið sér hægt með það að bæta húsnæðisvandráði í Reykjavík. Hún hefir meir að segja hjálpað til þess að halda við hárrí húsaleigu, með því að stöðva veðdeildina og stöðva með því að mestu leyti allar byggingar hér í Reykjavík. Ég og sá flokkur, sem ég tilheyri, álitum, að þetta frv. verði að taka miklum breyt., ef það á að koma að nokkru gagni. Samt ber ekki að taka þessi orð mín svo, að við munum ekki vilja vísa frv. til 2. umr. En við munum bera fram sérstakt frv. um lausn húsnæðismálsins í Rvík og kaupstöðum landsins yfirleitt.

Það er t. d. eitt atriði í þessu frv., sem hljóðar svo: „Það er bannað að leigja utanbæjarmönnum húsnæði í Reykjavík, nema um leigu sé að ræða á einstökum herbergjum til einhleypra námsmanna við opinbera skóla í bænum“. — Ég vildi þó vona, að þm., sem heima eiga úti á landi, fái húsnæði hér án þess að þurfa að leggja fram stórar fjárupphæðir eða standa í miklu málavafstri.

Það hefir oft borið á góma bæði meðal verkamanna og í bæjarstjórn, hvort varna ætti innflutningi utanbæjarmanna með því að banna þeim húsnæði, en þær tillögur hafa ávallt orðið í minni hl., enda er óhætt að fullyrða, að verkamenn muni yfirleitt vera andvígir slíkum ráðstöfunum. Hinsvegar er þessi stefna í samræmi við afturhaldstilhneigingar ýmsra þm. í Framsóknarflokknum, enda er hér hreint og beint um vistarband að ræða, þar sem á að binda menn við þann stað, sem þeir eru á. Ef verkalýðsfélögin vilja bægja mönnum frá atvinnu hér, hafa þau mátt til þess að gera það án stuðnings þingsins. Má vel vera, að til þess úrræðis verði gripið í haust, ef vandræðin haldast, a. m. k. að bægja þeim frá vinnu, sem ekki eru í verkalýðsfélögunum.

Þá talaði hv. flm. um hátt verðlag hér í Rvík. Þetta er rétt, en skraf um kaupfélag kemur ekki þessu máli við, nema Framsóknarflokkurinn vilji styðja það með opinberum fjárframlögum. Innlendirar vörur eru ekki síður í háu verði en út-

lendar, t. d. mjólkinn. Etti hv. flm. að reyna að kippa því verðlagi í lag í sinu kjördæmi.

Ég vil bæta því við, að hér er til félag húseigenda, en enginn félagsskapur er hinsvegar til á meðal leigutaka. Álit ég því, að ef sú nefnd, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði sett á laggir, ætti að velja í hana mann úr hópi verkalýðsfélaganna, en ekki úr flokki leigutaka yfirleitt. Annars er framkvæmd þessara mála að mestu komin undir Reykvíkingum sjálfum, enda mun verða farið inn á þá braut í till. okkar jafnaðarmanna.

Magnús Jónsson: Þó að nokkuð sé frá liðið, mun flestum minnisstætt, að farið var út í ýmskonar fum og fálma á stríðstímunum, vegna neyðarástands, sem ríkti á ýmsum sviðum. Ráðstafanir þessar voru flestar gerðar eftir erlendum fyrirmyndum og reyndust misjafnlega, og þó flestar illa, en allar áttu þær sammerkt í því, að örðuglega gekk að koma þeim fyrir kattarnef aftur. England varð t. d. að setja sína harðsvíruðustu menn í n. til þess að skera niður ráðstafanir stríðsáranna. Hér voru settar innflutningshömlur til að laga gengið, sem þó fór silækkandi. Hér var sett verðlagsnefnd, sem reyndist alveg gagnslaus. Sá draugurinn, sem lengst lifði, en var þó að lokum kveðinn niður, var hin svokölluðu húsaleigulög. Hélt ég, að menn hefðu nú fengið nóg af þeim skóla, sem þau lög reyndust, og langaði ekki í hann aftur. En nú kemur þó á daginn, að þeir menn eru til, sem ekkert hafa lært af reynslunni af lögum þessum, þótt hún sé svo löng og óglæsileg sem raun ber vitni um.

Ég vil aðeins taka litillega undir það, sem hv. samþm. minn (HV) sagði, og frábiðja afskipti Framsóknarflokksins af hagsmunamálum Rvíkur. Flokkur, sem árum saman hefir elt Rvík með rögi og niði, ætti að hafa þá sómatilfinningu að láta málefni bæjarins afskiptalaus. Blíðulæti flokksins við Reykvíkinga koma ekki fram nema á fundum í Rvík og í þeim blöðum Tímans, sem ekki eiga að berast út á land. Í sveitunum er fluttur boðskapurinn um „skrílinn“, „skattþjófana“ og „óknyttafólkið“ í Rvík.

Tilgangur þessa frv. mun eiga að vera

sá, að lækka húsaleiguna. Flm. hóf ræðu sína á því að tala um dýrtíðina hér í Rvík. En þar hefði hann átt að láta staðar numið, því að allar niðurstöður hans voru á þá leið, að hér væri dýrtíð, en við henni væri ekkert að gera. Kaupið væri of hátt, en verkafólki veitti ekki af því. Sama væri að segja um verð á mjólk og fiski. Hann hefði aðeins átt að bæta því við, að húsaleigan væri of há, en húseigendum veitti þó ekki af henni, og jarðsyngja frv. sitt þar með.

Ef dýrtíðin í Rvík er athuguð, sést, að hún stafar að langmestu leyti af innlendum vörum. Útlendar vörur eru 54% hærri en fyrir stríð, en innlendar 106% hærri. Mjög mikill hluti dýrtíðarinnar stafar því af því, hve ríflega Rvík borgar fyrir innlendar vörur.

Þetta stafar m. a. af beinum ráðstöfunum hins opinbera, sem leggur verndartolla á ýmsar erlendar vörur, sem Reykvíkingar gætu ella fengið fyrir mun lægra verð en innlendu vörurnar kosta. Annars er það sannleikurinn um dýrtíðina hér, sem einna mest hefir verið notuð í rögsherferðunum gegn Rvík, að sama hefir orðið uppi á teningunum hér sem annarsstaðar, að vísitalan hækkar eftir því sem bæirnir verða stærri, hvernig sem á því stendur.

Hvað er það nú, sem getur lækkað verð á húsaleigunni hér í bænum? Það er í sjálfu sér ósköp einfalt mál. Hv. flm. heldur, að n. geti ráðið verðlaginu. En vitanlega gilda framboð og eftirspurn á þessu sviði sem öðrum, og því er eina ráðið til að lækka húsaleiguna, að stuðla að auknu framboði með því að gera mönnum kleift að byggja með góðu móti. Verður þá þetta frv. til þess að lækka húsnæðið? Vitanlega þvert á móti. Eins og gömlu húsaleigulögin hlýtur það að verða þrándur í götu nýrra bygginga, sem er það eina, sem lækkað getur leiguna. Eftir að þetta frv. er orðið að lögum, dettur engum í hug að leggja fé sitt í húsabyggingar. Menn leggja auðvitað fé í hús með það sama fyrir augum og er þeir leggja í önnur fyrirtæki, að græða á því. En þó því atriði sé sleppt, eru nægilega margar hömlur settar á umráðarétt húseigenda í frv. til að girða alveg fyrir nýbyggingar. Menn eru sviptir ráðstöfunarrétti

Húsnæði í Reykjavík.

sinum með öllu. Íbúðarherbergi má t. d. ekki taka til annars og ekki rífa hús. Það þarf ekki annað en þekkja ofurlítið mannlegt eðli til að sjá, hvaða afleiðingar slíkt lögboð hefði. ekki sízt þar sem gróðahvötin er að engu gerð. Hámarks leiguákvæði frv. eru svo lág, að þau geta með engu móti staðizt. Fasteignamatsverð húsa er oft ekki nema helmingur af kostnaðarverði. Svo er t. d. um það hús, sem ég hefi byggt, svo ég taki dæmi, sem mér er kunnugt. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, hvílikur hégómi slíkar ráðstafanir eru, að því leyti hve auðvelt er að fara í kringum þær, og hvílikur skóli í lögbrotum þær myndu reynast. Ef leigjandi og húseigandi koma sér saman um hærri leigu en lögin ákveða og treysta hvor öðrum, — hvað er þá hægt að gera? Auðvitað ekki neitt, nema tekið verði upp á því að svipta menn fjárforræði. En ég býst þó við, að þorri manna vilji ekki fara þannig að, og því hafa lögin þær afleiðingar, að tekur fyrir nýjar byggingar. Ef það er ósk flm. að halda húsaleigunni sem allra hæstri, ætti hann að láta samþykkja þetta frv. Enginn mannlegur máttur getur staðið á móti hárri húsaleigu, meðan framboðið er minna en eftirspurnin.

Reynslan hefir þegar sýnt, hvernig lög sem þessi gefast. Þegar húsaleigulögin gömlu voru afnumin, sögðu fylgismenn þeirra, að það yrði til að fleygja þúsundum út á klakann. En þess varð ekki vart, að neinn lenti „á klakanum“, þó að sjálf-sagt séu þess dæmi, að einhverjir hafi orðið húsnæðislausir um tíma, eins og alltaf verður, því að jafnan eru til menn, sem gengur illa að fá leigt.

En síðan þessi lög voru numin úr gildi hafa þotið upp ný hverfi í bænum, af því að menn höfðu fengið frjálsar hendur. Ef nóg er til af vörunni, er ekki hægt að okra á húsnæði fremur en öðru. Sé verulega mikið til af henni, getur hún orðið næstum verðlaus, eins og t. d. loft og kalt vatn, sem þó er hvorttveggja hin mestu lifsgæði.

Mér finnst það varhugavert, ef til þessarar nefndarstofnunar kemur, að eigi skuli vera ákveðið, að neinn lögfræðingur skuli eiga sæti í henni, þar sem hún á að hafa hæstaréttarvald í ýmsum tilfellum.

Ég fer ekki út í ákvæði 10. gr., sem bannar mönnum innflutning í bæinn. Vel getur verið, að hærinn verði að gripa til þessara ráða, en ég sé ekki, að það komi þessu máli við. En hér er óneitanlega allharkalega þrengt að frelsi manna og gengið á þau réttindi, er jafnan hafa verið talin einna dýrmætust, að geta ráðið sinum dvalarstað, hvort sem hann er í sveitum eða bæjum. Og ekki get ég séð, að þeir menn, sem geta fengið hér atvinnu hjá einkafyrirtækjum, eigi að vera neitt réttlægri en þeir, sem fá bein og bitlinga hjá stjórninni og flytja í höfuðstaðinn.

Flm. kvaðst fúslega taka við brtt. við þetta fóstur sitt, og mun ég því ekki greiða atkv. gegn því, að það fari til n., heldur láta það afskiptalaust.

Einar Arnórsson: Kvartanir yfir húsnæðinu í bænum eru þrennskonar og hafa allar við nokkur rök að styðjast. Í fyrsta lagi, að skortur sé á húsnæði, í öðru lagi, að húsnæði sé lélegt, og í þriðja lagi, að húsnæðið sé of dýrt.

Það er auðsætt, að frv. það, sem hér liggur fyrir, lýtur einkum eða eingöngu að þriðja atriðinu, en hin tvö atriðin snertir frv. ekki beinlínis. Höfuðákvæði frv. eru ýmiskonar hömlur, sem lagðar eru á ráðstöfunarrétt húseigenda, og aðalákvæðið um það, að leigan fari ekki fram úr vissu marki, og er þá miðað við fasteignamat. Ég tel, að 15% af fasteignamati sé allt of lágt leiguhámark. Fasteignamatið er oftlega 40—50% lægra en brunabótavirðingin, sem miðast við byggingarkostnað. Fyrir húseigendur, sem byggt hafa eftir að efni og vinna hækkaði í verði, er þetta allt of lágt. Um þá, sem byggðu fyrir stríð, er öðru máli að gegna, enda mætti e. t. v. gera þar einhvern mun á.

Í Reykjavík ganga lóðir kaupum og sölum hærra verði en fasteignamatið er. Ákvæði frv. er hnitmiðað við fasteignamatsverð, en ekki við raunverð lóðanna, og eru 5% því of lágt reiknað, því að þeir, sem kaupa lóðir, verða að greiða af verði þeirra hærri vexti en 5%, t. d. 5½%, ef kaupandi hefir fengið veðdeildarlán til kaupanna. Samkv. frv. fá eigendur lóða því ekki þá vexti, sem þeir

raunverulega þurfa að borga af lóðarverðinu. Þar að auki bætast við skattar til bæjarfélags og ríkis, sem eigandi þarf að greiða af verði lóðarinnar. Girði eigandi lóð sína, þá eykur það enn kostnað hans af henni. Mér skilst því, að þetta sé mjög hart ákvæði, og ætti væntanleg n. að taka þetta atriði til ihugunar.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um húsaleiguna sjálfa. Þó að þessi ákvæði frv. séu allt annað en heppileg, þá eru þó ýms ákvæði í frv., sem munu verða öllu fráleitari í framkvæmdinni. og skal ég fara um þau nokkrum orðum.

Upp í þetta frv. eru tekin ýms fyrirmæli úr gömlu húsaleigul. frá 1917. Þaðan eru t. d. tekin þau ákvæði, að ekki megj segja leigutaka upp húsnæði hans, ekki aðeins eftir að l. eru gengin í gildi, heldur skulu jafnvel uppsagnir á húsnæði, sem farið hafa fram áður en l. gengu í gildi, vera ógildar, nema leigusali hafi þurft að nota húsnæðið fyrir sjálfan sig eða leigt húsnæðislausum manni, áður en lögin voru sett. Ég tel, að hér sé allt of langt gengið, er lögin eiga þannig að verka aftur fyrir sig.

Það er látið í veðri vaka, að þessi ákvæði eigi að vernda leigutaka. En það verður alls ekki til þess í veruleikanum. Þessi ákvæði í húsaleigulögunum gömlu öllu því oft og einatt, að leigutakar urðu að dúsa í húsnæði, sem ekki var við þeirra hæfi, af því að hvergi var hægt að losa húsnæði, sem þeir gætu fengið. Ég er þessu vel kunnugur, því að ég átti sæti í húsaleigunefnd um tíma. Ég vissi þess dæmi, að bæði leigutaki og leigusali voru harðóánægðir með sambúðina og vildu fegnir losna, en gátu það ekki vegna þessara hörðu laga. Sömuleiðis urðu menn að dúsa í vondum húsakynnum, þótt þeir hefðu efni og löngun til að fá sér betra húsnæði. Þessi ákvæði voru líka efni til haturs og úlfúðar milli leigusala og leigutaka.

Þá er bannað í frv. þessu að rífa eða breyta íbúðarhúsum nema því aðeins, að heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Þetta ákvæði er líka úr gömlu lögunum. Það reyndist mjög erfitt í framkvæmd. Það varð til þess, að menn létu gömlu húsin hanga uppi viðhaldslaus að mestu. Eigendurnir hjuggust við, að

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

hömlunum yrði létt af þá og þegar, og vildu því engu kosta til viðhalds þeirra húsa, sem þeir ætluðu til niðurrífs, þegar lögin væru gengin úr gildi.

Þá er ein hamla enn, er ég vildi minnst á. Það er ákveðið í frv., að húseigendur skuli leggja alla leigusamninga, innan 8 daga eftir samningsgerð, fyrir húsnæðisnefnd. Þetta ákvæði var ekki í gömlu húsaleigulögunum. Þar var aðeins ákveðið, að bæði leigusali og leigutaki hefðu rétt til þess að leita úrskurðar húsaleigunefndar um hámark húsaleigu. Eftir þessu frv. eru allir leigusamningar háðir því að vera skriflegir, því að það er tekið fram, að nefndin skuli rita samþykki sitt á þá samninga, sem hún fellst á. Þó að oft séu gerðir skriflegir leigusamningar, þá er hitt þó tíðara, að engu slíku sé til að dreifa. Samningar t. d. við einhleyp fólk eru yfirleitt aðeins munnlegir. Ekki veit ég, hvort þetta ákvæði verkar aftur fyrir sig, en setjum svo, að ég leigi fólk á skriflegs leigusamnings og sambúðin gangi ágætlega. Eftir þessu verð ég að fara til þess og biðja það um að gera skriflegan samning, og fái ég afsvar, - hvað á ég þá að gera? Það væri æskilegt, að hv. flm. vildi svara því í næstu ræðu.

Hér er stofnað til fullkominnar skriffinnsku. Ég geri ráð fyrir, að það þyrfti margar húsaleigunefndir aðeins til þess eins að athuga húsaleigusamningana, sem hljóta að skipta þúsundum hér í bænum. Þó að ég hafi að visu ekki tölu yfir þá. Ein nefnd gæti ekki komið yfir að athuga þá alla, nema þá á mjög löngum tíma.

Þá eru nokkur fleiri fyrirmæli úr gömlu lögunum tekin upp í þetta frv. En við þessa umr. er ekki rétt samkv. þingsköpum að koma mikið inn á einstök atriði. Þó verð ég að gera það nokkuð, til skýringar málinu, og vona ég, að mér fyrirgefist það, þó við l. umr. sé.

Er ég þá kominn að hömlum þeim gegn innflutningi í bæinn, sem settar eru í þessu frv. Þær voru ekki í gamla frv. Ég geri nú ráð fyrir, að það fari eins um þetta og önnur haftalög, að menn muni finna ýms ráð til þess að fara í kringum þau. Það er eins og lítt gáfaðir menn verði blátt áfram „genialir“, þeg-

ar um það er að ræða að fara í kringum slík þvingunarlög. Þannig var það á stríðstimunum. Hversu ströng höft sem voru sett, þá reyndust menn ótrúlega slyngir í því að komast í kringum þau. Það var mjög erfitt fyrir yfirvöldin að ná í lögbrjótana og refsa þeim. Hafa erlendir dómara skýrt frá mörgum dæmum þar að lútandi. Afleiðingin var svo sú, að alltaf þurfti að vera að skóbæta lögin, en þegar því var lokið, þá voru bæturnar vanalega rifnar eða slitnar og nýjar holur fundnar.

Þá vil ég vekja athygli á einu atriði enn í þessu frv. Tökum t. d., að utanbæjarmaður, sem vill flytja í bæinn, komi til húseiganda og bjóðist til þess að kaupa hús hans, ef hann fái í því lausa íbúð. Hefir eigandi hússins þá leyfi til þess að selja utanbæjarmanninum hús-ið? Maðurinn flytur í bæinn, en þó að hann kaupi sér hús, þá leggur hann samt ekki fé í aukið húsnæði í bænum. Ég býst við, að samkv. frv. mætti eigandinn ekki selja þessum manni hús sitt, nema þá að það væri einn af hinum „privilegeruðu“, sem fá stöðu hjá ríkinu eða bæjarfélaginu. Þannig leggja þessi lög hömlur á sölu húsanna.

Eins og áður hefir verið tekið fram, er það mjög varhugavert að leggja hömlur á dvalarfrelsi manna. Við þekkjum dæmin úr sögunni. „Stavnsbaandet“ svenefnda í Danmörku var af þessum toga spunnið. Það bannaði mönnum að flytja af þeim bletti, sem feður þeirra höfðu búið á. Við Íslendingar þekktum svipað fyrirkomulag á dögum Bessastaðavaldsins.

Fyrst setja á slíkar hömlur á Reykjavíkurbæ, þá er bezt samræmis vegna að láta samskonar reglur gilda alstaðar á landinu, svo að hver sá maður, sem vill flytja úr einum hreppi í annan, verði að fá byggðaleyfi, eða koma því svo fyrir, að hver maður verði neyddur til þess að sitja á sinni hundapúfu meðan hann lifir. Ef þyrfti í raun og veru að setja einhver slík þvingunarlög, þá ættu þau ekki að koma ofan að, heldur neðan að, frá bæjarstjórnun og í samráði við verkafélögsfélög.

Eins og ég tók fram áðan, þá er það aðeins þriðji liður húsaleigumálsins,

sem hv. flm. hyggst að ráða bóta á með frv. En þess ber að gæta, að ákvæði þessa frv. munu auka á galla hinna hliða málsins. Þau munu draga mjög úr húsa-byggingum. Menn myndu hætta að byggja yfir aðra en sjálfa sig, og væri það þó hættulegt líka, því að enginn veit, hve lengi hann þarf á húsnæðinu að halda sjálfur. Jafnskjótt og menn þyrftu að leigja út hús sitt, væru þeir ofurseldir ákvæðum þessara laga.

Hvað ákvæðum frv. um hámarksleigu viðvíkur, þá myndu þau líka hafa þau áhrif, að viðhald húsanna myndi versna til mikilla muna. Slík ákvæði hafa gilt hér áður, og höfðu þá einmitt þessar afleiðingar í för með sér. Leigusala fannst, og það oft með réttu, að kosti sínum væri þröngvað, og afleiðingin varð svo lélegra viðhald á húsunum. Hið algenga svar leigusalans var þetta: „Ég hefi ekkert fé til, ég fæ svo lága leigu, að hún hrekkur varla fyrir vöxtum af lánum mínum til byggingar hússins“. Þessi varð afleiðingin í þá daga, og ég býst ekki við, að niðurstaðan yrði öðruvísi nú heldur en þá. Það er því auðsætt, að þetta verður ekki til þess að bæta úr vandræðunum, heldur til þess að gera þau enn meiri en þau eru nú.

Þá vil ég minna á eitt áberandi atriði í sambandi við þetta frv. Ákvæði þess gera það að verkum, að ekki er hægt fyrir leigusala að losna við mann úr íbúð, sem hann vildi verða laus við vegna illrar umgengni eða ills samkomulags. Þessi ákvæði verða til þess, að menn mega ekki skilja, þó að fullur fjandskapur sé á milli. Auðvitað má segja, að þetta komi ekki löggjafanum við. En hann ætti þó ekki að setja þau fyrirmæli, sem beinlínis geta stuðlað að fjandskap milli borgaranna.

Verði frv. þetta að lögum og þeim lögum framfylgt, þá mun það verða til þess að setja marga þá menn á höfuðið, sem byggt hafa yfir sig og aðra síðan byggingarkostnaðurinn varð svo mikill sem hann er nú. Það eitt, hve lánskjör hafa verið erfið undanfarið, hefir valdið því, að ýmsir húseigendur hafa ekki getað staðið í skilum nema með því að leigja dýrt. Auðvitað má segja, að það sé að kenna óforsjálni þeirra sjálfra um bygg-

Húsnæði í Reykjavík.

ingar húsanna. En á hitt ber þó að líta, að menn hafa oft byrjað í trausti þess, að þeir gætu fengið veðdeildarlán, sem svo hefir brugðizt, eða þá að kostnaðurinn hefir verið áætlaður lægri, er teikningin var gerð, heldur en hann reyndist, eða þá að gerðar hafa verið dýrar breytingar á húsunum o. s. frv. Allt hefir þetta valdið því, að menn hafa komizt í klípu, hafa orðið að sæta verri lánskjörum en þeir höfðu búizt við. Eins og ákvæði frv. eru löguð, þá myndi húsaleigunefnd ekki vera gefið neitt svigrúm til þess að taka þetta til greina.

Þó að það kynni að fara svo, að ákvæði þessa frv. yrðu í mörgum tilfellum til þess að húsaleigan lækkaði, þá vegur það ekki á móti öllum þeim göllum, sem slíkri lagasmíð fylgja. Það mundi girða fyrir byggingar húsa að mestu leyti, og yrði því beinlínis til að auka húsnæðisskort hér í bæ, auk annars ógagns, er af henni leiddi og minnzt hefir verið á. Leiðin til þess að auka húsnæðið er aðeins: **Betri lánskjör** en undanfarið, og meiri húsabyggingar mundu leiða af hagkvæmari og ódýrari lánunum. En enginn þarf að halda, að menn séu svo skyni skroppnir, að þeir leggi fé til aukins húsnæðis yfir aðra, ef þeir eiga það vist, að hömlur verði settar á leiguna og umráðarétturinn af þeim tekinn. Þetta atriði vegur þyngst upp á móti þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í þessu frv.

Hv. flm. sagði, að því meira sem væri byggt, því meir mundi húsaleigan lækka, og yrði því hlutur húseigenda með því móti hinn sami og eftir frv. En þetta er ekki rétt hjá hv. flm. Það er allt annað, að leigan lækki hægt og hægt með aukningu húsnæðis, eða að snögg breyting verði í þessu efni. Ef byggð væru hús svo hundruðum skipti á einu ári, þá yrði á þessu snögg breyting, en við því er ekki að búast, heldur mun það taka þó nokkur úr þangað til húsaleigan lækkar til muna, og er þá hægt að sætta sig við breytinguna, er hún fer eftir rólegu viðskiptalögmáli, en kemur ekki svo snögg sem verða mundi eftir þessu frv.

Á síðasta ári voru byggð hér á annað hundrað íbúðarhús, og hafði það engar stórbreytingar í för með sér á húsaleig-

unni. En ef áframhald yrði svo, þá mundi leiga smálækka af sjálfu sér, og væri það rétt eftir venjulegum viðskiptalögmálum.

Loks finnst mér vera ástæða til þess að leita umsagnar þeirra, sem eru í fyrirsvari þeirra manna, sem eiga að búa við fyrirkomulag þessara laga, áður en slík löggjöf sem þessi er sett í Reykjavík. Það er bæjarstjórn Rvíkur, sem þar er í fyrirsvari, en ég veit ekki til þess, að þetta mál hafi verið undir hana borið, þótt eðlilegt væri, að það væri gert. Ég vænti þess því, að sú nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar, beiðist umsagnar bæjarstj. Rvíkur um það.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí. var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég geri ekki ráð fyrir, að ég tali mjög langt mál út af þeim aths., sem fram hafa komið við þetta mál. Frv. er nú til 1. umr. og ég vænti þess, að það gangi til 2. umr. og n., og þegar það kemur úr n., mun gefast tækifæri til þess að rannsaka nánar og ræða hvert einstakt atriði. Ég kemst þó ekki hjá því að gera nokkrar aths. viðvíkjandi aðfinnslum, sem komið hafa fram við frv. Hv. 3. þm. Reykv. virtist furða sig mjög á því, að ég skyldi flytja þetta mál, og færði það sem ástæðu, að eftir þeim ummælum, sem fram hefðu komið af hálfu frambjóðendanna í Árnessýslu á nýafstöðnum kosningafundum, hefði hann ekki getað vænt þess, að þeir létu sig velferð Reykvíkinga miklu skipta. Ég hygg nú, að hv. þm. muni hafa verið fluttar rangar fregnir um þessi ummæli okkar, mín a. m. k. Ég minnst þess ekki, að ég hafi viðhaft nokkur ósæmileg orð í garð Reykvíkinga, og skírskota ég í því máli til vitnisburðar flokksbræðra hv. þm., sem með mér voru á fundum þessum. En e. t. v. telur hv. þm. mig hafa verið nokkuð harðorðan, þegar við áttum tal saman, en það er nú mál, sem snertir okkur tvo, en nær ekki til annara manna. Ég vil því mótmæla því algerlega, að hjá mér hafi fallið nokkur óvirðingarorð um Reyk-

Húsnæði í Reykjavík.

víkinga yfirleitt. Annars get ég getið þess, að ég mun hafa sagt á kosningafundum, bæði austur í Árnessýslu og víðar, að ef kjördæmaskiptingin yrði þannig, að mjög fá og stór kjördæmi yrðu höfð, þá yrði það vald, sem hin einstöku héruð hafa nú í því að ráða vali á fulltrúum sínum á Alþingi, af þeim tekið og myndi að sjálf-sögðu lenda í höndum hinna pólitísku flokksstjórna. Ég mun líka hafa játað það á þessum fundum, að ég bæri ekki trú til neinna slíkra manna til þess að velja frambjóðendur fyrir héruðin, og að þessu myndi vera miklu betur fyrir komið, ef menn, sem sjálfir eiga heima í héruðunum og kunnugir eru málefnum þeirra og öllum ástæðum, veldu fulltrúa sína sjálfir. Þótt ég hafi sagt þetta, kalla ég það ekki að fara óvirðingarorðum um menn, ekki einu sinni þá menn, sem sæti eiga í hinum pólitísku flokksstjórnunum. hvað þá um Reykvíkinga almennt.

Ég skal svo ekki gera þetta að frekara umtalsefni, en hinsvegar vildi ég aðeins leiðrétta þetta hjá hv. 3. þm. Reykv. og ég veit, að þessi misskilningur hans stafar af því, að honum hafa borizt rangar fregnir af fundunum.

Ég hefi margt gott um Reykvíkinga að segja, og það sæti sízt á mér að kasta að þeim nokkrum óvirðingarorðum. En að því er mér virtist, þá tók hv. þm. sjálfur málefni því, sem til umr. er, fremur vel, og á ræðu hans gat ég ekki annað skilið en að hann hefði vilja til þess, að eitt-hvað yrði gert í þessu máli, og það er auðvitað höfuðatriðið og fyrir þessar fremur góðu undirtektir er ég hv. þm. mjög þakklátur.

Mér finnst það nú satt að segja eðlilegt, að þeir menn, sem sérstaka aðstöðu hafa til þess að kynna sér mál eins og húsnæðismálið, og hafa þegar aflað sér talsverðrar þekkingar á því, að þeir ættu að hafa vilja á því að bæta úr því máli, og taka með gleði við umbótatill. í því efni, eins og mér virtist hv. þm. raunar gera. Hv. 3. þm. Reykv. vakti máls á því, að honum fyndist, að á annan hátt mætti betur tryggja það, að þessi húsnæðisn. væri vel skipuð, og kvað það vera eðlilegra, að t. d. Alþýðusamband Íslands tilnefndi einn mann í hana. Ég hefi ekkert á móti þessu. Höfuðatriðið er, að nefnd-

in verði þannig skipuð, að hún sé fullkomlega fær um það að fella sem réttlátasta úrskurði í hverju máli.

Þá minntist hv. þm. á það, að stj. hefði stöðvað byggingar hér í Reykjavík. Þetta er ekki alveg rétt hjá hv. þm. Hann getur e. t. v. sakað stj. um það að hafa ekki brotízt nógu mikið í því að útvega lán til þess að halda mætti byggingunum áfram, en hann getur á engan hátt sakað stj. um, að hún hafi beinlínis stöðvað þær. Og sá litli visir til verkamannabústaða, sem nú er verið eða á að fara að smíða, er þó til þess að auka byggingarnar.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér nokkur orð, en af því að ræða hans var nokkuð með sérstöku sniði og eiginlega fremur lítið um málefnið, en í þeim anda, sem ég hefi svo oft heyrt hann tala hér áður, þá ætla ég alveg að ganga framhjá hans ræðu.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að þessu máli og gerði nokkrar aths. um það. Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Reykv. vill taka eftir því, sem ég segi. (EA: Mér er mikil ánægja að gera það). Ég verð að játa það, að hv. þm. hélt sér þrýðilega við efnið í sinni ræðu, og mér þótti vænt um þær aths., sem hann kom fram með við frv. mitt. Þar sem maðurinn er afarkunnugur þessu máli, hefir verið í húsnæðisn. bæjarins og hefir sérstaka þekkingu í þessum efnum. (EA: Ég var formaður húsnæðisn. í 2 ár). Ég gat ekki dregið af ræðu hv. þm., hvort hann var á móti málinu eða með því. Hann gerði sér far um að benda á agnúana, eins og rétt var, og eins á þau atriði, sem örðug kynnu að reynast í framkvæmdinni, en ég býst við, að hann hafi bent á þetta af heilum huga og til þess að því yrði kippt í lag; en hinsvegar stóð í blaði einu, sem stendur nærri hv. þm., að hann eins og hinir þm. Reykv. hefði talað á móti málinu. Vera má nú. að blaðið hafi sagt þetta af ókunnugleikum, eða að því er e. t. v. svo vel kunnugt um innstu hugsanir hv. 2. þm. Reykv., að það hafi talið sér óhætt að segja þetta. Annars er það nú ekki rétt hjá blaðinu, að hv. 2. og 3. þm. Reykv. hafi beinlínis talað á móti þessu frv. En það er afar-gott að fá þessar aths. frá hv. 2. þm. Reykv., sérstaklega fyrir n. þá, sem fær málið til meðferðar.

Hv. þm. þótti leigugjald það, eða prósentutalan, sem frv. gerir ráð fyrir, að tekið sé fyrir húsnæði, 15% af fasteignamatsverði húsanna, heldur lág. Einnig fannst hv. þm. verð það, sem frv. heimilar að taka fyrir lóð hússins, heldur lágt, en það eru 5% af matsverði lóðarinnar. Ég get fallt á, að hið síðara kunni e. t. v. að vera rétt hjá hv. þm. Menn munu all oft þurfa að skulda fyrir lóðirnar, en hin ódýrustu lán líklega ekki fánleg fyrir svo litla afborgana- og vaxtagreiðslu sem 5%. Um hitt atriðið er það að segja, að um það hefi ég átt tal við fróða menn í þeim efnun, og fullyrða þeir, að 15% af fasteignamatsverði húsanna sé áreiðanlega í flestum tilfellum nógu hátt. Það getur auðvitað verið, að þeir, sem hafa verið svo óheppnir að reisa hús sín á dýrasta tíma, þykist ekki nema tæplega fullsæmdir af slíkri leigu. Ég myndi nú sætta mig við, að þessum prósentutölum yrði þokað eitthvað litilsháttar upp á við. Okkur, sem að samningu þessa frv. stóðum, þótti réttara að hafa rammann svo víðan, að n. sú, sem kæmi til með að annast þessi mál, hefði dálítið frjálsari hendur og gæti tekið nokkurt tillit til hinna sérstöku ástæðna, sem kynnu að koma í ljós við framkvæmd málsins.

Hv. 2. þm. Reykv. drap á það, hve illt væri og leitt hversu erfitt væri að losna við leigjendur. Ég var þess fullviss, að þetta ákvæði kynni að valda nokkrum erfiðleikum. (EA: Það er vont að geta ekki losnað við leigusala líka).

Viðvíkjandi því, að lagðar eru hömlur á að taka húsnæði til annarar notkunar en íbúðar, og að rífa hús, þá held ég, að það komi ekki að sök, þar sem það er heimilað í frv., að með samþykki húsnæðisn. megi rífa hús.

Hv. þm. minntist á það, að heimtað er, að leigusamningar séu gerðir skriflega, og spurðist fyrir um það, hvernig færi, ef menn vildu ekki gera slíka samninga. (EA: Eða ef menn gætu það ekki. Leigutakar, sem koma í nýtt hús, neita stundum að gera skriflega samninga). Ef menn vilja, þá geta menn gert skriflega samninga, en kæmi það fyrir, að annarhvor aðila neitaði að skrifa undir, þá er hægt að hafa vottfast, hverjir samningarnir eru. En vafalaust er hægt að setja var-

úðarákvæði fyrir slíkum tilfellum. Þess vil ég geta, að það var óaðgætni hjá mér þegar frv. var prentað að nýju, að dagsetningunni, sem segir til um hvenær lögin skuli öðlast gildi, var ekki breytt. Vona ég, að n., sem fær frv. til meðferðar, geri brtt. við þetta. Viðvíkjandi skriflegu samningunum þá er það ekki meira en víðar er í okkar lögum. Í ábúðarlögum eru fyrirmæli um, að skriflegir samningar skuli vera gerðir um ábúð á jörðum. (EA: Nei, það er ekki fyrirskipað). Það er beinlínis sagt, að um það skuli gerðir skriflegir samningar. (EA: Það er skilyrði fyrir gildi samningsins). Það er ekki rétt, því að ef maður getur leitt votta að samningnum, þá er hann gildur. (BJ: Það snertir sönnunarbyrðina. -- MJ: Ruglið þið hann nú ekki alveg!).

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á það, að þetta yrðu hömlur á innflutning manna til bæjarins. Hv. 3. þm. Reykv. minntist líka á þetta og sagði, að hefta mætti fólksflutning til bæjarins með öðru móti. Ég játa það, að það eru að því leyti hömlur, sem frv. leggur á þetta, ef menn leggja sér ekki til húsnæði, en ef mönnum þykir þetta ekki gott fyrirkomulag, þá skiptir það auðvitað engu máli, bara ef hægt er að fá annað betra. Hv. 2. þm. Reykv. var að minnast á það, að þessar hömlur, sem væru í frv. á fólksflutning, minntu helst á kúgun gamla Bessastaðavaldsins. Þessi röksemd hv. þm. fannst mér satt að segja heldur hæpin. Nær væri, að fjárkúgun sú og viðskiptaósvifni, sem á sér stað í sambandi við húsaleiguna hér í bænum, minnti eitthvað á þetta gamla kúgunarvald. Það eru dæmi til þess, að húsverð er tekið nálægt á einu ári í leigu; og húsa eigendur hafa sagt mér, að á 5 árum séu þeir búnir að taka verð hússins þrisvar. Um hömlurnar á innflutningi í bæinn er það að segja, að ég veit ekki betur en að til séu lög um það, að hver, sem til bæjarins flytur, þurfi að tilkynna það lögreglustjóra, og ég held, að menn þurfi að eiga einhverja vissa fjárupphæð til þess að fá leyfi til þess að setjast hér að. Það mun nú ekki vera farið mikið eftir þessum lögum nú, en ég hygg þó, að þau séu í gildi. Hv. þm. véc í þessu sambandi að því, hve mönnum væri gert ófrjálst að setjast að og fá

byggðarleyfi þar, sem menn vildu. Ég vil nú geta þess, að ég hefi aldrei verið talsmaður neins slíks ófrelsis. (PO: Hefir samið frv. um það). Þvert á móti.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ef frv. yrði samþ., þá yrði minna byggt og viðhald húsa verra. Að viðhald húsanna yrði verra, nær engri átt, en vera má, að þeir, sem nú byggja hús til þess að okra á þeim, myndu hætta við að byggja, en nauðsynlegar byggingar myndu halda áfram engu að síður.

Seinast í ræðu sinni sagði hv. þm., að þetta hámark á húsaleigunni yrði til þess að setja menn á höfuðið. Hinsvegar var hann að gera ráð fyrir, að ef framboð á húsnæði ykist, þá myndi leigan að sjálfsgöðu lækka. En þessi hv. þm. sagði, að það gengi svo seint, að það myndi taka mörg ár, og eftir hans meiningu áttu menn að vera búnir að borga niður hús og lóðir. En á hv. þm. víst, að almenn-ingur þoli að greiða þessa húsaleigu, sem nú er, í mörg ár? Ég veit það með vissu, að atvinnugreinin landsmanna bæði til sjávar og sveita eru nú reknar með stórkostlegum rekstrarhalla. Og frá þessum atvinnugreinum verður þó það að koma. Ég hygg, að hvorki þessi hv. þm. eða neinn annara hv. dm. geti borið um það, hve lengi atvinnuvegirnir bera þann mikla tilkostnað, sem nú er til þeirra. Og þegar þeir eru komnir í þrot, af hvaða ástæðu sem það nú er, þá verður ekki spurt um það, hve dýra húsaleigu menn þurfi að fá, heldur verður að fara eftir því, hvort nokkrir peningar eru til þess að greiða hana með. Það er hreinasta óhæfa að bíða eftir því, að húsaleigan lækki blátt áfram fyrir stórkostlegt brun; og ég vona, að hv. 2. þm. Reykv. vilji stuðla að því að koma í veg fyrir slíkt ástand, sem það myndi skapa.

Þá véc hv. þm. að því, að með þessu væri umráðarétturinn skertur, og ég skal viðurkenna það, en það er ekkert nýtt með þessari löggjöf. Það er svo um mörg atriði í löggjöfinni, að með henni er eignarréttur manna skertur, og þesskonar hafa menn ekki sett fyrir sig, þegar það hefir þótt nauðsyn vegna almennra hagsmuna. En sé aftur hægt að samræma það þannig, að lögin nái tilgangi sínum og verði þó eitthvað rýmri, þá er ekkert á

móti því. Annars ber ég traust til hv. 2. þm. Reykv., að hann hafi vilja á að gera þetta allt sem best úr garði, þó að hann hafi enga trú á lögum í þessu efni.

Ég get vel fallist á þá till. hv. 2. þm. Reykv., að leita álits bæjarstj. Ég tel það rétt að leita álits hennar og vænti, að það geti komið fljótlega og vona, að n. sú, sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, fái álit bæjarstj. um málið, áður en það verður afgr.

Ég vil mega vænta góðs af hv. 2. þm. Reykv., sem hefir sérstaka kunnugleika til þess að geta komið með ýms atriði til bóta, jafnvel þó að hann kunni að vera andvígur því, að lög séu sett í þessu efni. En ég held það ekkert vafamál, að það sé mesta þörf á að setja hér lög, og held, að það sé í alla staði varlegra af Alþingi að gera það.

Þá vil ég snúa máli mínu til hv. 4. þm. Reykv., þó að ég gæti náttúrulega að mörgu leyti sparað mér mörg orð um hans ræðu, því að það, sem hann sagði, snerti harla lítið málið sjálft, og ég hefi enga löngun til að skattyrðast við hann. Mér þykir ekkert skemmtilegt að heyra hann hafa slík ummæli og því síður að taka þátt í þeim. Hann vann það til að vikja mínum orðum þægilega til hliðar til þess að geta komið sér betur fyrir með það, sem hann vildi segja. Staðhæfingar hans voru svo fjarri því að vera réttar, að ég verð að segja það, að þegar um alvarlegt málefni er að ræða, sem snertir hagsmuni mjög margra manna, þá finnst mér, að ekki sé unnt að vænta annars af hverjum þjóðarfulltrúa en að hann leggi til málefnnanna það bezta, sem hann kemur auga á í hvert sinn, eftir því sem vitsmunir hans leyfa. Jafnvel þó að það kunni að koma eitthvað í bága við hneigð mannsins og skaplyndi, þá verður hann að hafa það taumhald á því, að þær tilfinningar taki ekki af honum ráðin. En það hafa flestir ástæðu til að ætla, að sitt af hverju, sem hv. 4. þm. Reykv. hefir sagt nú, væri alls ekki eftir viti hans, og því síður, að það hafi snert það mál, sem hér er til umr. nú.

Hv. þm. frábað sér alla ihlutun mína og minna flokksmanna viðvíkjandi málefnum Reykjavíkur. Ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér þetta í framkvæmd-

inni. Hvernig hugsar hann sér að koma fram sínum málum án þess að ég eða einhverjir mínir flokksmenn styðji þau? Hann veit það vel, að án okkar stuðnings gæti ekki eitt einasta atriði náð fram að ganga, hvorki í þessari deild né Ed. Kannske honum standi alveg á sama, þó að þau mál séu felld, sem nauðsynleg eru fyrir þennan bæ. Þetta er nokkuð mikil afbrýðisemi hjá þessum hv. þm., og ég held, að engin ástæða sé til hennar.

Hv. þm. varpaði því fram til okkar fulltrúa þessa flokks, af hvaða ást við hefðum unnið fyrir Reykjavík, og nefndi okkur þeim nöfnum, sem ég hefi heyrt hann segja og séð áður á prenti eftir honum. Skora ég nú á hv. þm. að tilfæra eftir mér einhver þau ummæli frá síðustu kosningum, sem geta fallið undir það orðbragð, sem hann vildi telja, að ég hefði viðhaft. Hann tók engan undan, svo að ég hefi fyllstu ástæðu til að taka það til mín.

Annars get ég sagt þessum hv. þm. það, að þessi ummæli hans verka á engan hátt á mig. Ég skoða mig ekki fyrst og fremst þm. Árnesinga. Ég tel það skyldu mína að leggja það, sem ég álit gagnlegt, til málefna þjóðarinnar, hvort sem það snertir mitt byggðarlag eða eitthvert annað, hvort sem það snertir allan almenn-ing eða einstaklinga hér á landi, og því meiri skyldu, sem málefnið er mikilvægara.

Ég hygg það efa mikinn, að hv. 4. þm. Reykv. tali fyrir munn allra sinna kjósenda, þegar hann frábiður sér ihlutun allra okkar framsóknarmanna af málum Reykjavíkur, og ég veit það með vissu, að því síður talar hann þar fyrir munn annara kjósenda í þessum bæ.

Hann vék að því, af hverju höfuðdýrtiðin í þessum bæ stafaði og las upp úr Hagtiðindunum 2—3 tölur, en svo ekki lengra, því að það hentaði ekki. En það vill svo til, að í Hagtiðindunum er ekki nema lítið eitt af því, sem beinlínis snertir lífsframbæri manna. Það voru nefnilega framleiðsluvörurnar, sem áttu að valda allri dýrtíð. Hann tilnefndi prósentutölu þeirra, hvað hún væri mikið fyrir ofan það, sem var fyrir stríð, og tilnefndi svo útlendar vörur jafnframt. Það er alveg rétt, innlendar vörur hafa fallið

minna. En ef hann vill líta á þetta nánar, líta á orsakirnar til þess, að innlendar vörur eru dýrar, þá sér hann, að tilkostnaður framleiðslunnar er mörgum sinnum dýrari, mörg hundruð % fyrir ofan það, sem var fyrir stríð. En innlendu framleiðsluvörurnar eru nú sumar fyrir neðan það, sem þær voru fyrir stríð. Húsaleigan var svo sem ekki það, er olli dýrtíðinni í Reykjavík, fannst hv. þm. Hún var ekki þess verð, að minnzt væri á hana!

Ég ætla ekki að fara að bera saman hinar einstöku vörulegundir, sem hv. þm. minntist á; ég vil ekki lengja tímann með því. Hv. þm. gat með engu móti komið því í sitt höfuð, að það væri hægt að ráða nokkra bót á því t. d., hvað mjólkurverð í Reykjavík er hátt, nema framleiðendurnir fengju minna fyrir hana en nú. Mér er talið, að framleiðendurnir fái ekki meira nú fyrir hvern lítra mjólkur en 20—28 aura. Hér er hún seld á 44—54 aura, eftir því, hvort hún er gerilsneydd eða ekki. Mismunurinn á því, sem framleiðendurnir fá og Reykvíkingar verða að kaupa hana, fer í kostnað við að koma henni á markaðinn og í hendur neytenda. Eins og heyra má af þessum tölum, er þessi kostnaður svo óbærilegur, að það er undarlegt, að ekki skuli hafa verið gerð gangskör að því frá beggja hálfu að draga úr honum. Sama er að segja um fiskinn. Þeir, sem afla hans, fá ekki nema lítið brot af því, sem þeir borga, sem fiskinn kaupar. Ég get ómögulega séð, að þetta dæmalausa sleifarlag þurfi alltaf að ganga svona, en hv. 4. þm. Reykv. finnst það endilega þurfa að vera svona áfram.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að brauðverð hér í bænum er okur. Það lækkaði að vísu ofurlítið síðasta haust, en það er samt allt of hátt enn. Ætli það sé nauðsynlegt, að það sé svona? Ég neita því alveg. En hv. 4. þm. Reykv. virðist vilja láta þetta allt saman ganga sinn gang, þangað til það lagast allt af sjálfu sér, en þó að þetta fyrirkomulag hafi í för með sér hörmungar, sem væri hægt að draga úr á einhvern hátt, þá virðist hann ekkert vilja um það fást.

Hv. þm. segir, að það sé ekkert annað en að byggja nógu mikið, þá lækki húsa-

Húsnæði í Reykjavík.

leigan. Við höfum að vísu ekki mikla reynslu í þessu efni, þó dálitla. Ég vil minna hv. þm. á það, sem honum ætti að vera skylt að muna vegna síns starfs fyrir þennan bæ, minna hann á, hvernig hér var ástatt 1907 og 1908 hvað húsaleigu snertir fyrir Reykjavíkurbæ.

Það var ofmælt hjá hv. þm., þegar hann var að tala um, að fasteignaveð væri ekki nema helmingur af kostnaðinum. Ég hefi góðar heimildir fyrir því frá þeim mönnum, sem þekkja best, að það er $\frac{2}{3}$, en þann varnagla sló ég í framsöguræðunni. En ef menn teldu þetta of lágt, þá hefi ég ekki á móti því, að það væri talið eitthvað fyllra.

Ég er hissa á hv. 4. þm. Reykv., vegna þess hvað tilfinnanlega það tekur til margra þúsunda í þessum bæ, að það væri óviðfelldið og hart að setja hömlur við því, hve mikla leigu menn taka af fjármunum sínum. Af hverju heldur hv. þm., að hann sé til við okri? Ætli það sé ekki af því, að það eru því miður til þeir menn, sem vilja nota aðstöðu sína til að auðgast á annara neyð. Þess vegna hefir fyrir löngu verið sett bann við slíku framferði og refsing lögð við, ef út af væri brugðið.

Hv. þm. sagði svo, að þetta yrði til þess að koma húsaleigunni upp úr öllu valdi, og dró það af því, að menn hættu að byggja og fara í baksamninga þeim mun meira. M. ö. o., að þeir mundu halda húsaleigunni ennþá dýrari en hún er jafnvel nú. Ekki er nú vitnishurðurinn fagur, sem hann gefur bæjarbúum. Þetta er víst ekki að tala illa um Reykjavík. En ég er alveg óhræddur um, að þetta komi húsaleigunni upp, en hvort samningar fara fram á bak við, get ég auðvitað ekkert sagt um. En ef við værum hræddir við að setja hver þau lög, sem undir vissum kringumstæðum væri hægt að fara á bak við, þá væri vænst fyrir okkur að leggja árar í bát og hætta allri lagasetningu. Það má sjá af okkar lagasetningu, að löggjafinn er sér þessa meðvitandi, því að refsingar eru lagðar við, ef brugðið er út af ákvæðum laganna. Auðvitað verður það að verða uppvíst, og er þá refsað eftir ákvæðum laganna.

Hv. þm. sagði svo, að besta ráðið yrði að gera mönnum kleift að fá ódýr lán til

að byggja húsin. Það mundi auðvitað hjálpa mikið, en það verkar ekki aftur fyrir sig fyrir en smátt og smátt eftir langan tíma. Og þó að við hefðum fjárhagslega getu til þess, þá veit ég ekki, hvort það væri nokkuð heppilegt, að væri meira framboð en eftirspurn á húsnæði. Þó að þeir hv. þm. vilji það, sem eru forsvarsmenn þeirra, sem húsin eiga, þá álit ég efamál, hvort greiða eigi fyrir því, að hrunið af húsaleigunni yrði tilfinnanlegra en það yrði, ef lög yrðu sett um þetta. Af því hruni gæti leitt mikil vandræði.

Þá vék hv. þm. að því, að ekki ætti að gera þeim herra undir höfði, sem störfuðu hjá bænum og ríkinu, en þeim, sem væru við einstaklingsfyrirtæki. Þetta er ósköp smávægilegt atriði, og má vel setja það ákvæði í frv., að þeir, sem starfa við einstaklingsfyrirtæki, þurfi að sýna, að heimilt sé að veita þeim húsnæði.

Hv. þm. sagði, að þeir, sem byggðu hús, væru búnir að setja fé sitt í það að byggja annara hús. Það er vitaskuld ekki, en þeim eru sett takmörk með þessu. Ég minnst þess frá síðasta þingi, að þá gerði þessi hv. þm. að umtalsefni mál, sem snerti ekki lítið hagsmuni bæjarbúa og þjóðarinnar úti um land. Mér virtist eftir röksemdum hans í því máli, að honum væri ekki einkar sárt um það, þó að hagsmunu þeirra manna á þessu sviði væri ekki fullkomlega gætt. Það þýtur í þessum skjá svona sitt á hvað.

Ég ætla þá ekki að þessu sinni að fjölýrða frekar um málið. Ég tók það fram í byrjun, að mér væri fullkomlega ljóst, að framkvæmd slíkra laga sem þessara myndi ýmsum erfiðleikum háð. En nauðsyn þessara laga fyrir þennan bæ er aftur það mikil, að ég held, að að öllu athuguðu væri fyrir báða málsparta, leigusala og leigutaka, gott og nauðsynlegt, að löggjöf væri sett um þetta. Það er vitaskuld hálfgerð neyðarráðstöfun, en hún er samt nauðsynleg vegna þess ástands, sem nú er í bænum og enginn veit, hvað varir lengi. En það er meira gáleysi en rétt er að komi fram hjá þjóðarfulltrúa, að tala um svo alvarlegt mál sem þetta í hálfgerðu skensi og alvöruleysi, eins og það væri eitthvert hégómamál. Menn verða að taka máli eins og þessu eins og

þeir álíta beztt og leggja það til, sem þeir álíta réttast og heppilegast.

Magnús Jónsson: Ég verð að játa það, að ég er ekki alveg viss um, hvar ég eigi að vaða út í þennan elg, sem hv. þm. kom með hér. Ég er líkt staddur og maður, sem kemur að á, sem ekkert vað er á, og veit ekkert, hvar hann á helst að leggja út í. (JörB: Þessu trúi ég vel). Ég verð þá víst að leggja út í ána þar, sem ég kem að henni. Ég lít á blaðið hjá mér og sé, að hv. þm. hefir verið að tala um, að ræða mín hafi verið með því sérstaka sniði, að hann þyrfti ekki að koma neitt að henni. Hann efndi þetta loforð sitt svo vel, að hann kom tvisvar að mér, en ekki nema einu sinni að hinum ræðumönnum, og varði $\frac{2}{3}$ hlutum af ræðutíma sínum til að svara mér. Ég get vel unað við þetta, ég býst við, að þetta komi af því, að hv. þm. hafi fundið einna sárast til þess, sem ég sagði, og þess vegna helst reynt að andmæla því eitthvað.

Það má segja, að þessi hv. þm. þreytist ekki gott að gera, þar sem hann vill reka þetta mál áfram þrátt fyrir það, að allir þeir þm. Reykjavíkur, sem hér eiga sæti, víti svo illa um þarfir síns kjördæmis, að þeir standi upp hver af öðrum og láti það í ljós, að á þessu bjargráði hafi þeir enga trú, og ég efast ekki um, að eins sé með þann þm. Reykv., sem sæti á í Ed. Það getur verið, að ég hafi orðið einna skarpastur í að ámæla frv., en það má segja, að litlu verður Vöggur feginn, ef hv. þm. hefir fundið nokkur meðmæli með frv. í ummælum hinna hv. þm. Reykv. Það er þetta, sem ég á við, þegar ég er að frábiðja mér, að hann og hans flokksmenn aðstoði okkur hér. Hann reyndi að snúa út úr því þannig, að ég vildi helst, að framsóknarmenn tækju engan átt í neinu máli, sem Reykjavík snerti, en ég held næstum, að menn geti frábeðið sér svona greiða, sem allir þm. þessa kjördæmis eru á móti. Annars býst ég við, að Reykvíkingar mundu ekki harma það mikið, þó að engin löggjöf væri sett fyrir Reykjavík af þessum þingfulltrúum. Mér virðist, að afskipti löggjafarinnar af Reykjavík hafi mest gengið út á það hingað til að hafa peninga út úr Reykvíkingum. Ég hugsa, að Reykjavík hefði eins gott af

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

því í tímanlegum efnum, ef hún fengi að sitja að sínu og nota sjálf þær tekjur, sem þeir afla, sem hér húa. Þá yrðu engin vandræði með húsnæðismálið, ef hún væri laus við alla löggjöf utan af landsbyggðinni. Hvernig stendur eiginlega á því, að Reykjavík skuli ekki segja skilið við landið? Það yrði ekki svo illt fyrir Reykjavík að hafa aðskilinn fjárhag frá öðrum landshlutum. Nei, velvildin til Reykjavíkur hefir komið fram í því, að standa á móti því, að Reykvíkingar fengju sinn kosningarrétt til að kjósa sína fulltrúa til að ráðstafa fénu, sem þeir hafa fengið að greiða í ríkissjóð.

Hv. þm. skoraði á mig að sanna upp á sig ill ummæli í garð Reykvíkinga nú við síðustu kosningar. Ég hlustaði ekki á hv. þm., en ef hann kannast við blað, sem heitir „Tíminn“, þá er hægt að finna þar slík ummæli, og hv. þm. veit, að þm. verða að bera ábyrgð á blaði síns flokks. (BSt: Verður þá hv. 4. þm. Reykv. ekki að bera ábyrgð á því, sem stendur í „Morgunblaðinu“?). Hér situr hv. þm. Seyðf. Hann hefir sagt mér, að hann hafi hlustað á það á fundi á Egilsstöðum, að framsóknarframbjóðendur lýstu Reykvíkingum sem ógurlegum ófreskjum. Og þótt hv. flm. þykist ekki hafa látið sér slíkt um munn fara, þá verður hann að gæta þess, að það fylgir því töluverð ábyrgð að vera í stjórnmálaflokki, og með því að vera í þessum flokki hefir hann tekið á sig að nokkru ábyrgð þessara og þvilikra ummæla, og gerir það áfram meðan hann unir því að vera í þeim flokki, sem lætur sér sama svona málaflutning. Ég skal ekki neita því, að þessir hv. þm. tala nógu bliðlega þegar þeir eru komnir til Reykjavíkur. Það er líka miklu þægilegra að tala ljót orð og svivirðingar um Reykvíkinga upp um byggðir og afdali en að endurtaka það hér.

Hv. þm. sagði um ræðu mína, að hún hefði ekki verið neitt um málið. Ég veit þá ekki, um hvað málið er, ef meginhluti hennar snerist ekki um það. Ég kann að hafa sagt eitthvað fleira, af því mér rann í skap að heyra hv. þm. vera að bera hér fram margendurteknar vitleysur.

Ég hefi skilið frv. svo, að með því ætti

að lækka húsaleiguna í Reykjavík. Ég benti á það, að það hlyti að fæla menn frá því að byggja. Og ef það fæli menn frá að byggja, þá verður meiri húsnæðis-skortur. Þá hlýtur eftirspurnin að vaxa og menn taka að bjóða meira í íbúðirnar. Og þegar neyðin herðir að, þá duga ekki nein pappírsgögn, og leigan hækkar óhjákvæmilega, á ófrjálsan hátt, ef ekki er hægt á frjálsan. Þannig leiddi ég rök að því, að þetta frv., sem á að verða til þess að lækka húsaleiguna, hlýtur að verða til þess að hækka hana. Ef þetta kemur ekki málinu við, þá er frv. tóm vitleysa. Hér er verið að leggja til að taka upp að nýju fyrirkomulag, sem búið er að reyna í mörg ár og allir voru fyrir löngu orðnir þreyttir á. Þegar gömlu húsaleigulögin voru numin úr gildi, þá var aftur farið að byggja. Þótt aðstreymi í bæinn yxi svo, að enn sé hörgull á húsnæði. Það er auðvitað ekkert hægt að fullyrða um það, hvernig ástandið væri hér í bænum, ef þessi lög hefðu gilt til þessa tíma, en það er víst, að leigan væri þá miklu hærri.

Hv. þm. benti á, að þess væru dæmi, að húsverð hefði verið tekið með eins árs leigu og einnig að á 5 árum hefði verið tekið í leigu eftir hús þrefalt húsverðið. Ég veit ekki, hvað hæft er í þessu, en sé þetta satt, þá sýnir það ekki annað en það, hve mikill skortur er á húsnæði, hve mikið vantar á, að fullnægt sé eftirspurn. Ég veit ekki, hverskonar fífl þm. heldur íbúa Reykjavíkur, ef hann heldur, að þeir gangi frá tómum íbúðum, en leigja fyrir þetta verð. Svona okur getur ekki átt sér stað, nema skortur sé mikill og eftirspurn. Eitt sinn voru seld hér í bæ ein spil fyrir 20 krónur. Það kom til af því, að það var aðeins ein verzlun í bænum, sem hafði spil, og þau fá. Ég ætla ekki að fara að smjæðra fyrir Reykvíkingum, en þeir eru menn eins og menn gerast, og þeir vilja eins og aðrir ota sínum tola. Hvernig stendur á því, að menn gefa jafnvel mörg hús. krónur fyrir fágætar bækur? Það er af því, að margir vilja eignast þær, en framboðið er lítið. Verðlag fer alltaf eftir framboði og eftirspurn. Þetta er lögnál, sem alls ekki verður numið úr gildi með pappírsgögnum. En

ef hægt er að taka húsverð í leigu á einu ári og 3 húsverð á 5 árum, þá kemur það til af því, að það ástand er ríkjandi, sem þetta frv., ef að lögum verður, mun hjálpa til að skapa.

Hv. þm. talaði um ósamræmi í því, að einn hv. þm. hélt því fram, að afleiðingar þessa frv. myndu verða bæði það, að margir færu á höfuðið og einnig að húsaleigan hækki. En þetta getur vel samrýmzt. Við verðum að gæta að því, að hér er ekki um að ræða dauða hluti, heldur lifandi menn. Og mennirnir eru misjafnir. Heill hópur manna er þannig gerður, að hann myndi ekki fara framhjá ákvæðum laganna. Þeir myndu ekki leigja dýrara en lögin ákveða, en afleiðingin yrði sú, að þeir færu á höfuðið. Og hverjir eignast þá húsin? Lánsstofnanir fá þau og selja þeim, sem hirða um það eitt að græða á húsunum, og víla það ekki fyrir sér að ganga á snið við lögin. Þetta er mórall í lagi, sem lögin á þennan hátt myndu skapa. Heiðarlegu mennirnir fara á höfuðið, hinir kaupa, sem ekkert hirða um að halda lögin. Lögin myndu þannig verða alveg dæmalaus skóli til að kenna mönnum að brjóta lög. -- Hreinasta snara til að veiða menn í, til að gera menn að lögbrjótum. Þau biðja, laða, leiða menn til að fremja lögbrót. Þar sem ekki þarf annað en að tveir menn komi sér saman, þar sem gjaldþrot ýtir á frá annari hliðinni og húsnæðisvandráði frá hinnari, þá er ekki takandi hart á því, þótt menn freistist til að fara í kringum lögin. En það er ekki rétt að leiða menn þannig í freistni. Ef það sannast við glæpi, að um sérstaka freistingu hefir verið að ræða, þá er það látið milda dóminn. -- Svo þegar braskararnir eru búnir að sölsa undir sig húsin, þá situr hin forgylta nefnd og skrifar í protokolla og tilkynnir húsaleigu, sem enginn tekur mark á.

Svona löguðu tek ég ekki með þakklæti. Og ég er á móti þessum lögum, vegna þess að ég veit, að með þeim verður húsaleigan hærri. Ég er ekki á móti þeim vegna húseigendanna. Þvert á móti. Ég mótmæli þeim fyrir hönd þeirra, sem þurfa að leigja. Því að hömlurnar myndu gera hvorttveggja, að draga úr því að byggt yrði og gera húsaleiguna hærri. Mér þykir húsaleigan há. Ég vil, að húsa-

leigan sé lág, alveg eins og ég vil fá fisk og mjólk fyrir lágt verð.

Þá fór hv. þm. út í mjólkurverðið hér í bænum. Ég er ekki fyrirsvarsmaður Mjólkurfélagsins. En þegar talað er um, að félagið okri á mjólkinni og það eigi að selja hana í bænum með framleiðsluverði, þá kemur þar oft fram mjög algengur misskilningur. Menn segja, að þeir vilji fá hlutinn nfeð framleiðsluverði. En framleiðslukostnaður er allt það, sem til vörunnar þarf að kosta, unz hún er komin til neytendanna. Það er mikill kostnaður við mjólkina frá því að hún kemur úr kýrspenunum og þar til hún er komin að húsdýrum kaupanda. Sama er að segja um fiskinn. Það er langt á milli þess, að búið er að draga hann upp í bát úti á Faxaflóa og þar til hann er kominn til neytanda hér í Reykjavík. Við verðum að gæta að því, að tilfærsla vörunnar er oft stærsti liðurinn í framleiðslukostnaðinum. Ég skal ekki um það deila, hvort mjólkín hér í bænum er seld of hátt. En sé svo, þá kemur það til af því einu, að samkeppnina vantar. Á framleiðslusviði mjólkur hefir nú komið stór keppinautur. Það hlyti að hafa þau áhrif, að verðið færðist niður, ef það væri óeðlilega hátt. Okkur hefir oft ofboðið fiskverðið, og ýmsar tilraunir hafa fyrr og síðar verið gerðar til að fá það niður, en þær hafa allar mistekizt.

Sama máli gegnir um kostnaðarverð húsa. Ég hefi ekki gengið í gegnum skýrslur og veit því ekki, hvort húsaleiga er hér óeðlilega há eða ekki. En hitt er vitanlegt, að húsin eru ákaflega dýr. Reynsla allra þeirra, sem byggt hafa til þess að komast hjá húsaleiguokrinu, er sú, að þeir verða að reikna sér dýrari húsaleigu en áður. Húsaleigan verður ekki fengin niður með öðru en því, að hægt sé að byggja hús með minni kostnaði.

Það eina, sem hægt er að gera til að gera auðveldara að byggja, er að útvega hagstæðari lán. Það hefir ekkert verið gert að því að lækka dýrtiðina á þann hátt. Og það er sök stjórnarinnar og þess flokks, sem hana styður. — Nú loks er komið frv., sem ætlað er að veita hjálp í þessum efnum. en hamingjan má vita,

hvort nokkuð verður gert til þess að koma því fram.

Ýmsum gamanyrðum hv. þm. ætla ég ekki að eltast við að svara. Hann talaði um, að ég hefði ekki tekið málið alvarlega. Hafi ég verið með gamanyrði í sambandi við þetta mál, þá hefir það komið til af því, að ég hefi átt erfitt með að taka hv. þm. alvarlega. Ég veit, að hann er mjög reikningsglöggur maður og því mjög erfitt að átta sig á því, að hann geti borið þessa vitleysu fram í alvöru, heldur sé hann bara að gera þetta í gamni. En verði þetta samþ., þá fer málið að verða alvarlegra.

Einar Arnórsson: Það er í raun og veru ekki margt, sem ég þarf að svara hv. 1. þm. Árn., því að yfirleitt virtist hann viðurkenna réttmæti athugasemda minna. Hann játar erfiðleikana á því að framfylgja slíkri löggjöf. Hann játar líka, að þessi lög muni hefta byggingar. Honum dettur heldur ekki í hug að neita því, að það er ekki fýsilegt að leggja hömlur á umráð manna yfir eignum sínum. En það, sem okkur skilur, er það, að hann trúir því, að þetta frv. muni bæta úr annmörkunum, en ég trúi því ekki. Um það er ekkert að segja, því að hvor okkar hefir leyfi til að trúa því, sem honum þykir líklegast.

Hann minntist á skriflegu samningana. Það var gott að fá frá honum yfirlýsingu um það, að lögunum sé ekki ætlað að ná til samninga, sem gerðir eru þegar lögin koma til framkvæmda.

Á eitt atriði vil ég minnst, er ég gleymdi að mestu í gær. Eftir frv. eiga kröfur um skriflega samninga ekki aðeins að ná til fjölskylduíbúða, heldur einnig til herbergja, sem einhleyppir taka. Ef skólanemandi kemur og þarf eitt herbergi, þá þarf að gera skriflegan samning við hann eða forráðamann hans. Samkv. 9. gr. frv. er það skilyrði fyrir, að íbúðin fái, þótt fyrir einhleyppan sé. Eða er það ekki rétt? (JörB: Jú). Það sjá allir, að ef það þarf að gera skriflega samninga fyrir 10-15-20 króna herbergi, þá er slíkt fjarstæða.

Það er ekki rétt hjá hv. flm., er hann hélt því fram, að í ábúðarlögunum væri það lögskipað, að byggingarbréf skuli

gefin. Leigumálinn er gildur, þótt hann sé ekki skriflegur. Að byggingarbréf sé gert, skiptir aðeins máli um **sönnunar- byrðina**.

Hér er líka alveg ólíku saman að jafna. Því að húsaleigusamningar í Reykjavík yrðu miklu fleiri en byggingarbréf í sveitunum. Því að enn er ekki komið svo mikið los á í sveitunum, að mikill hluti jarða sé byggður árlega, eins og er um íbúðir hér í Reykjavík.

Um hömlur á innflutning manna í bæ- inn má segja, að slíkt er í raun og veru algerð nýmæli. Eins og nú stendur eru að visu lög til um það, að þeir, sem flytja inn í hérað, skýri viðkomandi hrepps- stjóra, eða í kaupstöðum lögreglustjóra, frá komu sinni. En húsetuleyfis þurfa þeir ekki að leita. En þessu er ekki fram- fylgt.

Ég tel rétt að minna hv. flm. á það, að ákvæðin um innflutningshöftin hafa fleiri annmarka en bent var á í gær. Ætlað er til, að einhleypir námsmenn við **opin- bera** skóla megi fá húsnæði hér í bænum. Ég vildi nú mega spyrja, hvort rétt væri, að maður, sem ætlaði að fara í stýri- mannaskólann og væri **kvæntur** maður, yrði að hætta við námsferðina eða skilja konuna eftir. (JörB: En d-liður). Já, samkv. d-lið gæti hann snúið sér til húsa- leigunefndarinnar og spurt, hvort hann mætti koma með konu sína hingað til bæjarins. Nú, ef nefndin væri aðeins ein, þá mundi hún hafa eftir mörgu að líta, og ekki gott að vita, hve fljótt yrði um afgreiðslu, svo að það gæti dregið um alllangan tíma, að svarið kæmi. Það finnst mér óþarfa skriffinnska, að þurfa að fá allranáðarsamlegast leyfi nefndar- innar til að hafa konu sína með sér hér í bænum aðeins nokkra mánuði.

Heimildin nær aðeins til opinberra skóla. Nú eru það ýmsir hér í bænum, sem hafa lífsupveldi sitt af því að kenna, þótt ekki hafi þeir opinbera skóla. Þess- ar hömlur yrðu þess valdandi, að allir þeir nemendur, sem vilja stunda nám hjá þessum mönnum, yrðu að sækja um undanþágu samkv. d-lið. Ég geri ráð fyr- ir því, að hv. flm. sé ekki svo einstreng- ingslegur, að hann taki ekki vel í að breyta þessum atriðum, þegar honum hefir verið á þau bent, eftir því hve lið-

lega hann hefir tekið í aðrar aths., sem fram hafa komið.

Það er rétt hjá hv. flm., að þetta er al- vörumál. En ég ætla að leyfa mér að svara spurningu hv. flm. — um það, hver ráð ætti að hafa til þess að bæta úr húsnæðisvandráðunum, ef engar hömlur eru settar á leiguna, — með annari spurn- ingu. Hvernig á að ráða bót á því, ef verkanir þessara *laga verða líkar því, sem við andmælendur frv. höldum fram? Það er álit okkar, að nái frv. fram að ganga, þá muni, vegna þess, hversu kosti húseigenda yrði þröngvað, taka fyrir byggingar.

Síðastl. haust var hér litil húsnæðisekla. Það munu aðeins hafa verið örfáar fjöl- skyldur, sem vantaði húsnæði, og sá bæj- arstj. fyrir þeim. Um flestar þessar fjöl- skyldur mun því hafa verið svo varið, að á þeim voru einhverjir vankantar, sem orsökuðu það, að fáir vildu hafa þær í húsum sínum.

Það er ekki heldur sérstaklega ánægju- legt fyrir húseiganda að geta átt von á samkv. frv., að troðið væri inn í her- bergi við hliðina á íbúð hans einhverju vandræðafólki, sem hann veit engin deili á og hann vill ekkert hafa saman við að sælda. Eða hvað ætli hv. flm. segði, ef það væru lög í Árnessýslu, að senda mætti þjófa og hverskonar glæpamenn til vistar í Skálholti, að honum nauðug- um. Ég er hræddur um, að honum þættu það þungar búsið, og skal ég ekki lá honum það. En þetta má gera húseigend- um í Reykjavík samkv. ákvæðum þessa frv. Flm. taldi það óheppilegt, að mjög mikið yrði byggt, og er ég honum sam- mála um það atriði. En eftirspurn eftir húsnæðum ákvarðar það mál, þegar til lengdar leikur.

Ég ætla að taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég tel mig ekki tals- mann neinnar sérstakrar stéttar, hvorki í þessu máli né öðrum. — Hv. flm. virð- ist annað veifið bera brögður á það, að frv. hans, ef það yrði að lögum, myndi hefta byggingar húsa hér í bænum. Og er því vert að athuga það nánar. Menn byggja aðallega af tvennum ástæðum, annaðhvort af því, að þá vantar sjálfa húsnæði, eða þá eingöngu eða meðfram til þess að ávaxta fé, er þeir eiga eða

hafa með höndum. Ég held, að þeir menn verði fáir, sem byggja eingöngu af mann-kærleika. —

Ef frv. verður að lögum, þá er loku skotið fyrir það, að menn byggi hér til að ávaxta fé sitt, því að þeir eiga þar á hættu, að þeir fái eigi einu sinni spari-sjóðsvexti af því, auk heldur meira. Og yfir sjálfa sig eingöngu munu menn trauðla heldur byggja að nokkru ráði. Með þeim hætti mundu þeir búa dýrar en í leiguhúsnæði með hámarksleigu húsaleigunefndar. Ég man ýms dæmi frá dögum húsaleigulaganna hér áður um það, að efnaðir menn frestuðu húsbýggingu yfir sjálfa sig af því að þeir sáu, að þeim yrði dýrara að byggja sér hús en að búa í leigubúð með hámarksleigu húsaleigunefndar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er fremur fátt í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég þarf að svara. Mér fannst hann tina fátt til í viðbót við það, sem hann hefir áður sagt í þessu máli. Viðvikjandi skilyrðum um það, að utanbæjarmenn fái húsnæði í bænum, má auðvitað deila fram og aftur, en ég hygg, að því sé best komið fyrir eins og gert er ráð fyrir í frv. — Það væri heldur ekki tæmandi, ef ætti að fara að tina til í lögunum, hvernig farið skyldi að í hverju einstöku tilfelli; þau verða bara að vera rúmgóð, og slík einstök tilfelli og hv. þm. minntist á, verða að heyra undir þá, sem framkvæma lögin, í þessu tilfelli húsnæðisnefndina. Það verður að gera ráð fyrir, að hún verði skipuð svo sanngjörnum mönnum, að þeir misbeiti ekki rétti sínum. — Ég held, að það sé fátítt, að kvæntir utanbæjarmenn setjist hér að fyrir skamman tíma, og væri ekki mik-ið erfiði fyrir þá að skrifa nefndinni bréf, og ólíklegt þætti mér, að hún þyrfti öll að setjast á rökstóla yfir hverju slíku bréfi. (EA: Fundir nefndarinnar væru ekki lögmætir, nema meiri hluti nefndarmanna sæti þá). Ég held, að oft yrði hægt að fá atkv. meiri hl. nefndarmanna t. d. símleiðis; annars geri ég ráð fyrir, að til að byrja með þurfi nefndin að halda marga fundi og starfa mikið.

Ég játaði það áðan, að vel mætti vera, að minna yrði byggt hér í gróðaskyni, ef

þetta frv. yrði að lögum. Þar með er ekki sagt, að byggingar í bænum mundu minnka yfirleitt. Þeir menn mundu byggja eftir sem áður, sem vantar sjálfa húsnæði, og varðar þá mestu, að þeir gætu fengið peninga til þess með góð-um kjörum. Hv. þm. minntist á, að hér hefði verið lítil sem engin húsnæðisekla á síðasta hausti. Hann er sammála mér um það, að ekki sé gott, að byggt sé meira en þörf er á. — Ég er sannfærður um, að húsaleigan í þessum bæ lækkar ekki fyrr en eftirspurnin minnkar, eða þá að löggjafarvaldið tekur í taun-ana. — Það kemur ekki til mála að mönnum verði troðið upp á húseiganda án vilja hans, nema húseigandi neiti að láta af hendi íbúðir, sem hann er skyld-ugur til samkv. þessum lögum. Um glæpamannatal hv. þm. er það að segja, að slíkir menn hafa venjulegast húsnæði út af fyrir sig, eftir að dómur er fallinn. Og þegar þeir hafa afplánað sína refs-ingu, er ekki rétt að kalla þá glæpamenn. (EA: Ekki hætta allir þjófar að stela, þó að þeir hafi einu sinni tekið út hegningu). Nei, en það varðar við lög að kalla mann þjóf, sem hefir tekið út refsingu sína. (EA: Ónei, ekki er það nú). Annars þykir mér þessi röksemdafærsla hv. þm. fremur langsótt; hann er ekki svo skyni skroppinn, að hann viti ekki, hve örlítill hluti Reykjavíkurbúa tilheyrir þessum flokki manna, sem hann þarna tók til dæmis. (EA: Er Reykjavíkurskrillinn nú orðinn svona heiðarlegur?). Getur hv. 2. þm. Reykv. hermt það upp á mig að hafa farið niðrandi orðum um Reykjavíkurbúa yfirleitt? Það er hv. þm. sjálfur, sem hefir komið með þetta glæpamannatal inn í umr. (EA: Við höf-um notað það báðir. — PO: Afarskemmti-legar umræður). Ég ætla ekki að tefja tímann lengur við þessa útúrdúra.

Ég ætla þá að snúa mér dálítið að hv. 4. þm. Reykv. Hann byrjaði ræðu sína með því að segja, að hann vissi ekki, hvar byrja skyldi, og sagðist fara út í þar, sem hann kæmi að. Þetta er einkennandi fyrir þennan hv. þm., slíkom lausa-tökum tekur hann flest mál, sem hann snertir á. Annars talaði hann með meiri alvöru en í gær, og viðurkenndi núna t. d., að mál þetta væri mikilsvarðandi.

Það er leiðinlegt með eins greindan mann og fólk álitur þennan hv. þm. vera, hvað hann fer flauturslega að því að athuga svona vandasöm mál.

Hann talar um dýrtíðina í Reykjavík eins og hún væri fyrirbrigði, sem aðeins kæmi Reykjavík við. En þetta er mesti misskilningur, því að dýrtíðin í Reykjavík snertir alla þjóðina í heild. Það væri mjög æskilegt, að hv. þm. vildi athuga þetta mál betur, svo að hægt sé að gera ráð fyrir því, þegar rætt er við hann, að hann þekki einföldustu forsendur þess. — Hann fór að réttlæta stóryrði sín í garð okkar framsóknarmanna með einhverju, sem einhverntíma á að hafa staðið í Tímanum. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þar standi ekkert niðrandi um Reykjavíkurbúa í heild. — En fyrst hv. þm. álitur alla framsóknarmenn ábyrga fyrir því, sem stendur í Tímanum, þá ætla ég að biðja hann að líta í höfuðmálgagn þess flokks, sem hann tilheyrir, Morgunblaðið, þar sem þrásinnis er farið niðrandi orðum um stóran hluta landsmanna. Það er þó ekki ætlun mín að ætlast til þess, að hv. þm. taki á sig ábyrgð fyrir allt það, sem stendur í Morgunblaðinu, af því að ég geri ráð fyrir, að honum muni veitast fullerfitt að bera ábyrgð á sínum eigin orðum. — En nýlega hefir hann sjálfur látið sér sæma að fara niðrandi orðum um mikinn hluta þjóðarinnar í þessu blaði, og það ætti þó að mega krefja hann til ábyrgðar fyrir.

Í þessu máli, sem um er rætt, eru aðallega tveir aðilar: leigutakar og leigusalar. Og þótt hv. þm. þykist bera báða þessa aðila fyrir brjósti, er samt auðfundið, að hjarta hans slær í takt við hjörtu leigusalanna. Það eru hagsmunir þeirra, sem hv. þm. er að reyna að vernda.

Hv. þm. vék svo að því, að það vildi hver sínum tota fram ota hér sem annarsstaðar. Ég efast ekki um, að svo sé, og húsnæðið hér bendir nokkuð á það. En það getur gengið of langt, og þegar svo er komið, verður að grípa í taumana vegna hagsmuna almennings og líta á þetta mál með fullkomnu réttlæti, því að lausn þessa máls veldur miklu um það, hvernig tekst að ráða fram úr vandamálum Reykjavíkur. En að ég hefi

minnt á fleiri atriði í þessu dýrtíðarmáli, stafar af því, að það er mesta nauðsyn, og þá ekki síður vegna þeirra manna, sem hefðu minni tekjur af þessum eignum sínum, ef þessi löggjöf yrði sett, að gera þeim á annan hátt auðveldara að bera hana.

Hugmyndir hv. þm. um kostnað við framleiðsluna, allt þar til neytendur fengju hana, voru blátt áfram hlægilegar. Hann vildi halda því fram, að það væri svo sem ekki nærri allur tilkostnaðurinn við fiskinn að koma honum í bátinn og jafnvel upp á bryggjuna, og svipað væri það með framleiðslu mjólkurinnar. Það eru undarlegar hugmyndir, sem þessi hv. þm. gerir sér um þessa hluti, því að það er vitaskuld höfuðkostnaðurinn að framleiða vöruna og koma henni til bæjarins. En það hefir verið þannig í reyndinni, að mikið af verði vörunnar hefir farið til þeirra, sem minnstu hafa til kostað. Þannig er það með fiskinn, og það lítur út fyrir, að hv. þm. vilji biðja eftir því, að þetta lagist allt af sjálfu sér.

Ég held, að ég láti svo úttalað um þetta. Ég hefi drepit á fáein atriði, og það, sem eftir er, skiptir engu máli. Hv. þm. er líka búinn að tala sig dauðan, svo að það er ekki rétt að vikja að honum nánar.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

32. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 11. fundi í Nd., 24. júlí, var útbýtt: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 109).

Á 14. og 16. fundi í Nd., 28. og 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv. er flutt vegna þess að hrepps- og sýslufélög, sem ráðast í að gera lendingarþætur, eiga þess nú hvergi kost að fá lán. En ég sé ekki, að það standi öðrum nær en Fiskveiðasjóði að hjálpa, er svo stendur á. Ég get nefnt sem dæmi Hnífsdal. Þar hefir hreppurinn sjálfur lagt fram 15 þús. kr., en þeir þurfa að fá 10 þús. kr. í viðbót. Þeir fá það ekki, af því að enginn vill veita lán til langs tíma. Bankarnir eru orðnir svo „specialiseraðir“, ef svo mætti að orði kveða. **Þeir veita lán**, einn til viðskipta, annar til útvegs og þriðji til landbúnaðar, en ekki lán til hreppfélaga, eins og hér þarf á að halda.

Áður en breytt var lögum Fiskveiðasjóðs, gátu menn fengið slík lán í honum, en nú, eftir að lögnum hefir verið breytt, vilja forstöðumenn sjóðsins ekki veita þau. Það er að visu rétt, að Fiskveiðasjóður hefir allt of lítið fé til umráða, en ég sé þó ekki betur en að því fé væri vel varið, sem veitt væri í þessu skyni, en vel mætti ákveða hámark þessara lána 10 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vísa þessu máli til nefndar. Hefði ég að visu ekkert á móti því, en vildi óska þess, að það mætti ganga nefndarlaust í gegnum deildina.

Sveinn Ólafsson: Um frv. þetta er það að segja, að Fiskveiðasjóður hefir áður haft þetta hlutverk á hendi, að lána til lendingarbóta. En fyrir þeim lánveitingum er fengin ill reynsla. Það voru þær lánveitingar, sem gerðu sjóðinn lítt eða ekki hæfan til að gegna aðalhlutverki sinu, sem sé að lána fé til skipakaupa. Það var þess vegna með ráðnum hug, að þetta var útilokað og undantekið, þegar lögnum um Fiskveiðasjóð var breytt 1930. Fé gamla sjóðsins hafði verið fest í hafnarbótum og bryggjum, svo mjög, að árum saman gát hann ekki sinnt meginætlunarverki sinu.

Ég verð að taka það fram, að ég sé

mér ekki fært að styðja þetta frv., vegna þess að ég tel, að það miði að því, að í sama horf reki og áður. Þessi lendingarbótafyrirtæki eru fjárfrek, og fjárfrekari en svo, að Fiskveiðasjóður geti annað þeim. Þess má og minnst, að lendingarþætur njóta allríflegs styrks úr rikissjóði, og sé ég ekki annað en að við þann stuðning og getu héraðanna verði að hlíta fyrsta sprettinn. Hitt nær engri átt, að gera Fiskveiðasjóð óstarfhæfan á ný með kvöðum, sem eru honum um megn.

Af því að engin till. hefir komið fram um að vísa málinu til n., fann ég því fremur ástæðu til að taka þetta fram, ef málið skyldi halda áfram án nefndarálits.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það er rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að Fiskveiðasjóður ráðstafaði fé sínu mjög á annan veg en ég og aðrir hefðu kosið, þegar hann lánaði stórfé til hafnargerða, t. d. á 2. hundrað þús. kr. til hafnargerðarinnar í Reykjavík. En ég get ekki séð, að það sé nein hætta af þessu frv., þótt heimilað sé að veita smálán aðeins til lendingarbóta og bryggjugerða fyrir smábátaútleig. Nú er það eitt af aðalverksviðum Fiskveiðasjóðs að veita lán til þess að kaupa skip, en eins og menn víta er það gagnslítið að hafa skip, ef ekki er hægt að gera þær lendingarþætur, að skipin geti athafnað sig við land. Það hefir líka nýlega orðið sú breyt. á, að sú eina lánsstofnun, sem bæjar-, sýslu- og sveitarfélög gátu flúið til í þessu efni, viðlagasjóður, er nú lokað fyrir þeim.

Ég ætlast til þess, að til hvers mannvirkis verði aldrei lánaðar meira en 10 þús. kr., og þótt lánað verði til 20 staða á landinu, verða það þó ekki meira en 200 þús. kr., og álit ég, að því fé væri vel varið. Stærri hafnarþætur eru útilokaðar samkv. frv.

Jón Ólafsson: Ég er á sama máli og hv. 1. þm. S.-M. um það, að verksvið Fiskveiðasjóðs er mikið of stórt fyrir þau peningar, sem hann hefir. Það er nú svo mikil eftirspurn eftir fé til ýmsra fyrirtækja, er sjávarútleig varða, að erfitt er að fullnægja henni. Ef nú verður

opnuð ný leið að sjóðnum, þ. e. „lendingarþætur og bryggjugerðir“, mun eftirspurnin aukast, og gæti það orðið til þess eins að gera sjóðinn aðgerðalausán við aðaltilgang sinn, sem sé þann, að styðja landsmenn í því að halda í horfinu með bátaútgerð. Auk þess er nú á þessum tímum vafasamt, hvort sum af þeim þorpum, sem nú biðja um bryggjugerðir og lendingarþætur, muni í framtíðinni geta staðið straum af lánum til þeirra.

Ennfremur má leiða athygli að því, að bátaútgerð frá hinum ýmsu smærri sjávarþorpum, oft í námunda við góðar hafnir, virðist nú á hverfanda hveli.

Í frv. er talað um lendingarþætur og bryggjugerðir fyrir smábátaútgerðina. Þetta eru ekki mikil mannvirki, en þótt útgerð sé byrjuð, verða þessi mannvirki sáralitils virði eða jafnvel óþörf, ef útgerð verður lögð niður.

Þegar lánið til Reykjavíkurhafnarinnar var veitt hér um árið, var lítil eftirspurn eftir fiskveiðasjóðslánum, því þá var sá annmarki á, að það fékkst ekki nema fasteignaveð væri sett fyrir því, en það skilyrði settu aðrar lánsstofnanir ekki fyrir láni til skipakaupa. En þar sem svo lítil eftirspurn var eftir fé Fiskveiðasjóðs, gat hann lánað svo mikið fé til hafnargerðarinnar. En nú er það svo, að þeir, sem vilja halda smábátaútgerðinni við, verða að leita hjálpar Fiskveiðasjóðs. Hann er nú eina leiðin, því aðrar lánsstofnanir eru að mestu hættar að lána til bátakaupa.

Ég verð að segja það, að það er í raun og veru fyrsta skilyrðið fyrir því, að menn geti gert út skip og báta, að einhver lánsstofnun sé til, sem veiti lán til viðhalds útgerðinni í framtíðinni. En það getur Fiskveiðasjóður því aðeins gert, að hann hafi ekki of vitt starfsvið. Nú er svo komið, að fé Fiskveiðasjóðs hrekkur ekki langt fyrir þeirri eftirspurn, sem er eftir fénu. Hvað þá ef verksemi hans væri aukið.

Tel ég svo sjálfsagt að visa málinu til 2. umr. og sjútn. að lokinni þessari umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég vil aðeins benda hv. 1. þm. Rang. á það, að hér er aðeins um heimild að ræða. Sjóð-

stjórnin raður því hverju sinni, hvort lán skuli veitt í þessu skyni eða ekki. Og um slíka lánveitingu getur ekki verið að tala nema óhjákvæmileg nauðsyn sé til þess. Ég get því ekki séð, að nein hættu sé við að veita þessa heimild, en hinsvegar séu þessar framkvæmdir svo nauðsynlegar, að það sé skylda sjóðsins að annast þessar lánveitingar.

ATKVR.

Fr. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútn. með 15 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

33. Sóknaskipun í Reykjavík.

Á 12. fundi í Nd., 25. júlí, var útbýtt:

Fr. til 1. um sóknaskipun í Reykjavík (þmfrv., A. 114).

Á 14., 16. og 17. fundi í Nd., 28., 30. og 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Mál þetta hefir verið hér áður fyrir þinginu og var þá flutt að tilhlutun sóknarnefndar Reykjavíkur. Var þá farið fram á, að ríkið léti dómkirkjuna af hendi til safnaðar sins og léti hæfilegt álag fylgja. Dómkirkjan er nú orðin langsamlega of lítil söfnuði sínum, svo að það mun hvergi á landinu vera eins.

Þetta mál hefir fengið daufar undirtektir hjá þinginu, því það var ófúst að snara út mikilli upphæð, þar sem auðsýnilegt var, að ríkið varð bráðlega að leggja fram fé til þess að bæta úr kirkju-skortinum í Reykjavík. Var þá stungið upp á annari leið og farið af stað með fjársöfnun til nýrrar kirkju í Reykjavík. En menn voru almennt á móti því að leggja fram fé til kirkjunnar, því að ríkið væri kirkjueigandi og ætti því að

bera kostnaðinn af nýrri kirkjubýggingu.

Hér er því farið fram á, að ef komið verði upp einni eða fleiri nýjum kirkjum, skuli skipta Reykjavíkursókn þannig, að ákveðinn hluti hennar fylgi hverri kirkju. Þessir söfnuðir myndu þá koma sér upp kirkju, ríkinu að kostnaðarlausu, og þyrfti það þá ekki að svara mikilli upphæð til dómkirkjusafnaðarins.

Þá er annað atriði, sem ég vildi minnst á. Eins og menn vita, er hið eina, sem ríkið hefir gert til þess að bæta úr kirkjuskortinum, það, að ráða annan prest til dómkirkjunnar, svo að fleiri menn gætu hlýtt messum en áður, með því að nú eru tvær guðspjónustur á hverjum sunnudegi. En þessir tveir prestar hafa báðir sama svæði, en eðlilegast væri, að hver prestur hefði sín sóknarhörn, svo að hann geti húsvitjað og talað við fólkið. Ég held því, að það væri hentugt að skipta Reykjavík í tvær sóknir.

Svo óska ég, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 12 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MJ, TrÞ, ÞorJJ, BSt, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, JörB.

nei: SvBH, VJ, BJ, JAJ, JÓl.

HG greiddi ekki atkv.

Tíu þm. (ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, ÁÁ, BÁ, HV, IngB, JJós, JónasÞ) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Sundhöll í Reykjavík.

Á 15. fundi í Nd., 29. júlí, var útbýtt:

Frv. til I. um breyt. á l. nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík (þmfrv., A. 138).

Á 18. fundi í Nd., 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

Magnús Jónsson: Þetta litla frv. er hv. þdm. vel skiljanlegt. Það er svo til komið, að þegar lögin um sundhöll í Reykjavík voru sett árið 1928, lá fyrir Alþingi áætlun húsameistara ríkisins um, að kostnaðurinn við byggingu sundhallarinnar myndi verða um 200 þús. kr. Reynslan hefir sýnt, að þessi áætlun er alröng og út í bláinn og byggingin muni verða meira en helmingi dýrari en áætlað var.

Árið 1928 voru einnig sett lög þess efnis, að ríkið greiddi helming kostnaðar við yfirbyggðar sundlaugar. Ákvæði þessara laga og laganna um að ríkissjóður leggi fram allt að 100 þús. kr. til sundhallar í Reykjavík, stangast því algerlega, en sanngjarnt er að álita, að ríkið eigi að styrkja þessa sundhöll sem aðrar yfirbyggðar sundlaugar landsins og skoða upphæðina í lögunum sem áætlunarupphæð, sem breytist í hlutfalli við það, sem er um sundlaugar annarsstaðar, enda er farið fram á það í þessu frv.

Ég vil svo mæla með því, að þetta frv. fari til 2. umr. og allshn. (Forsrh.: Ég legg til, að því verði vísað til fjvn.). Ég sé ekki ástæðu til þess að vísa þessu máli til fjvn., en vitanlega fær hún að segja álit sitt um málið. Ég get upplýst hæstv. forsrh. um það, að allshn. heldur sjaldan fundi, en fjvn. hefir stundum haldið fundi þrisvar á dag. Annars finnst mér þetta vera svo nauðaeinfalt mál óg ekki sé mikil þörf að vísa því til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv. og til allshn. með 14 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Raforkuvirki.

Á 17. fundi í Nd., 31. júlí, var útbýtt:

Frv. til I. um viðauka við og breyt. á l. nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (þmfrv., A. 154).

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Frv. þetta er að mestu samhljóða frv., sem hv. þm. Seyðf. flutti hér í fyrra að tilhlutun verkfræðings útvarpsins, en með dálitlum viðauka þó. Tilgangur frv. er einkum sá, að varna því, að einstakir menn og félög, sem fá leyfi til að setja upp raforkuvirki, geti selt raforku með óhæfilega háu verði. Því er svo ákveðið í frv., að sveitar- og bæjarstjórnir skuli hafa ihlutunarrétt um verð raforkunnar.

Annað aðalatriði frv. er í því fölgð, að ráðherra skuli setja reglur til varnar gegn hættu af raforkuvirkjum og óleyfilegum notum þeirra og truflunum á útvarpi og loftskæptum.

Í þriðja lagi er ætlað til, að skipaðir verði eftirlitsmenn með raforkuvirkjum. Slíkt tíðkast alstaðar erlendis, enda er orðin full þörf hér á skipulagsbundnu eftirliti. Þess má líka geta, að þegar hefir verið skipaður eftirlitsmaður til bráðabirgða eftir till. raforkumálanefndar. Vænti ég, að hv. deild taki vel í þetta mál og vísi því til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

36. Ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar.

Á 19. fundi í Nd., 3. ágúst, var útbýtt:

Frv. til 1. um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar (þmfrv., A. 170).

Á 23. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hér hefir verið á nokkrum fundum í deild-

inni drepíð á, að framundan væru nú alveg sérstaklega alvarlegir tímar. Hæst-
v. forsrh. tók svo til orða við 2. umr. fjárl., að nú væri að byrja alvarlegasta fjárkreppan, sem komið hefði á þessari öld. Tveir flokksmenn hans hafa líka bent á svokallaðar ráðstafanir til þess að mæta kreppunni á komandi hausti. Í-
haldsfl. hefir borið fram till. um ½ millj. kr. veitingu í sama skyni. Annað
veit ég ekki til, að komið hafi fram á hinu háa Alþingi viðvíkjandi því sér-
staka ástandi, sem ýmist er byrjað eða framundan, nema ef það skal telja, að ekki verður unnið að opinberum fram-
kvæmdum nema svo sem 25% miðað við tvö til þrjú næstu ár á undan. Ég veit ekki, hvort þetta á að skilja sem sér-
stakar ráðstafanir gegn kreppunni.

Við Alþýðufllmenn höfum haldið því fram, að til þess að mæta kreppunni þyrfti að gera margvíslegar ráðstafanir. Framlag til atvinnubóta eitt saman hrekkur skammt, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að það væri margfalt á við það lit-
ilræði, sem Íhalds- og Framsóknarfl. hafa gert ráð fyrir.

Ein ráðstöfun gegn kreppunni hlýtur að verða sú, að sjá um, að þeir, sem vinna fyrir sér með sínum eigin starfs-
tækjum, geti haldið áfram að bjarga sér á þann hátt. Ef það er ekki gert, flosna þeir upp og verða til þess að auka at-
vinnuleysið og baslið í bæjunum; þá bætast þeir við hinn stóra hóp atvinnu-
leysingjanna þar.

Þeir menn, sem sjá í þessu tækifæri til þess að kúga niður kaupíð, kunna þessu vel. Þeir líta á það með velþókn-
un, að smábændur og bátamenn flosni upp og bjóði niður kaup fyrir þeim, sem í bæjunum eru. Mér er ekki grunlaust um, að hin innilega samvinna milli Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins um afgreiðslu fjárl. stafi einmitt af þessu. Báðir flokkar vilja nota kreppuna til þess að knýja fram kauplækkun. Atvinnu-
leysið á að koma henni fram. Einn kafli-
inn í frv. okkar á þskj. 170 fjallar um það, að hjálpa þeim, sem sjálfir eiga starfstæki sín, til þess að standast kreppuna, með því að veita þessum mönnum aðgang að ódýrum rekstrarlánum og með því að styrkja samvinnufélagsskap

þeirra um framleiðslu, innkaup, verkun og sölu. Í öðru lagi með því, að sildareinkasölunni verði séð fyrir auknu rekstrarfé. Mönnum er nú kunnugt um, að hún greiðir ekki nema 3 kr. út á tunnu, og er það vitanlega allt of lítið.

Þá er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast greiðslu á vixlum vegna viðskipta við Rússland. Ennfremur að koma rekspöl á útflutning á ísvörðum fiski. Það mál liggur nú einnig fyrir hv. þingi í annari mynd sem sérstakt frv., og yrði þá tekið út úr þessu frv., ef það gengi í gegn.

Þá er það augljóst, að útflutningsgjöld verða að lækka af sild og sildarafurðum og færast til samræmis við það, sem tekið er af öðrum afurðum, sem út eru fluttar. Tollur, innflutningsgjöld, útflutningsgjöld af hverri tunnu sildar munu nú vera um 2 kr. Það mun láta nærri, að þessir tollar nemi samtals 25% af verðmæti vörunnar. Það þýðir, að ef sjómaður fengi 400 kr. í hlut á sildveiðum, þá eru 100 kr. teknar af hlutnum hans í ríkissjóðinn. Það ætti að vera bersýnilegt, að slík gjöld eru ekki réttlát. Það er sama sem að ríkissjóður geri sitt til þess að fæla menn frá að stunda þessa atvinnu, einmitt nú, þegar erfiðleikar steðja að þessum atvinnuvegi.

Þessar eru helztu ráðstafanirnar, sem bent er á til þess að létta undir með mönnum, sem sjálfir eiga starfstæki sín, ekki selja vinnu sína fyrir ákveðið kaup.

En þó að enginn þessara manna flosnaði upp, þá verður þó hópur hinna, sem ekki fá vinnu á næstunni, gífurlega stór. Og það jafnvel þótt hið opinbera léti vinna svipað og verið hefir. En því stopulli sem vinnan er, því meira ríður á, að sem mest not verði þess, er almenningur vinnur sér inn. Einn kafli frv. fjallar því um lækun dýrtíðarinnar í landinu. Hún stafar af þrennum orsökum aðallega: Geysihárri húsaleigu, gífurlegri álagningu á útlendar vörur, og óskiljanlega háu verðlagi á innlendri vöru. Ef unnt væri að lækka þessa liði, þá væri um leið aukið kaupgildi hvernar krónu. sem fólkið fær milli handa.

Ég vík þá aftur að húsaleigunni. Hún er hjá lágtekjumönnum oft yfir 30% og

jafnvel allt að 50% af árstekjum þeirra. Í skýrslu um húsaleigu frá í fyrra segir, að 983 hús séu leigð í Reykjavík. 3907 leigjendur galda þar rösklega sjö millj. króna í húsaleigu á ári. Húsaleigan er lægst 6% og hæst 43% af brunabóta-verði. Húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar, er og leigt mjög úr hófi hátt oft og einatt. Í þessari sömu skýrslu segir og, að meiri hl. húseigenda hafi hagnast mjög á þeirri verðhækkun, sem orðið hefir. 660 húseigendur hafa keypt undir brunabótaverði og leigja nú út fyrir mjög háa leigu, ef miðað er við kaupverð eða kostnaðarverð húsanna, sumir meira að segja fyrir h. u. b. jafnháa ársleigu og þeir guldu fyrir húsin í upphafi. Ef unnt væri að lækka húsaleiguna, þó ekki væri um nema 5%—10%, þá sparaði það mörg hundruð þús. kr. hjá þeim, sem kreppan mæðir harðast á; 10% af 7 millj. er 700 þús. kr. á einu ári.

Tökum þá t. d. verðlag á mjólk, fiski, kjöti, brauði. Mjólk er hér í tvöfalt til þrefalt hærri verði en bændur fá fyrir hana. Óhreinsuð mjólk er seld hér fyrir 44 aura. Sumpart er þetta af því, að verzlunin með þessa vöru er allt of kostnaðarfrek, sumpart af álagningu milliliða og allskonar ólagi á verzlunarrekstrinum. Er það skoðun okkar, að á þessu verði ekki veruleg bót ráðin fyrr en bæjarfélagið tekur í sínar hendur alla mjólkursölu og leyfir engum óviðkomandi. Það yrði einnig bezt að haldandi frá heilbrigðisfræðilegu sjónarmiði. Sama máli gegnir um brauð og fisk og kjöt. Það er alveg sjálfsagt að koma hér upp rúgbrauðaverksmiðju. Lægi næst, að hærinn kæmi upp rúgbrauðagerð, nýtizku verksmiðju til þess að framleiða þessa vöru. Hér eru um 30 þús. manns. Það er nægilegt verkefni fyrir eina meðalstóra verksmiðju að sjá þessu fólki fyrir brauðum.

Ég athugaði í fyrrasumar, hvernig smásöluverð fylgdist með — eða öllu heldur fylgdist ekki með — heildsöluverðinu. Verzlunarstéttin hefir á síðastl. ári stungið í vasa sinn alveg óhæfilegum gróða, og þó óviða eins gegndarlaust eins og í Reykjavík. Ég veit ekki, hvernig álagningin er á þessu ári. Það er

kannske nokkuð breytilegt. En hún er áreiðanlega óhóflega mikil, sérstaklega þegar þess er gætt, hve kaupmannagruinn er mikill. Við leggjum því til að ákveða álagninguna með hámarksverði, til þess að halda í skefjum kostnaði við verzlunina og draga úr dýrtíðinni. En jafnvel þó að enginn flosnaði upp af þeim, sem reka sjálfstæða atvinnu, og unnt yrði að drýgja hverja krónu, sem almenningur fær milli handa, þá er samt almenn neyð fyrir dyrum meðal þeirra, sem eiga afkomu sína undir því að geta selt vinnu sína. Einstakir atvinnurekendur vísa frá sér fólki og færa saman. Og ef ekki er séð fyrir vinnu handa þessum mönnum, þá er bjargarleysi fyrirsjáanlegt. Það er á valdi þessarar samkomu, hverja leið fara skuli til þess að greiða úr þessum vandkvæðum.

Í 66. gr. stjórnarskrárinnar er svo fyrir mælt, að sá eigi heimtingu á styrk úr almannasjóði, sem ekki er fær um að sjá fyrir sér og sínum. Við erum kominn á það stig, að við viðurkennum, að hver maður eigi rétt á framfæri, ef ekki af eigin rammleik, þá af almannafé. En við erum ekki kominn á það stig að segja í okkar stjórnarskrá, að hver, sem er atvinnulaus, eigi rétt á að fá atvinnu. En ef ekkert verður nú að gert til þess að forða þessu fólki frá atvinnuleysi, þá verða almannasjóðir að leggja út millj. til þess að halda fólkinu lifandi, forða því frá sulti. Er þá ekki betra að leggja féð fram til nauðsynlegra fyrirtækja, er fólkið fær vinnu við?

Við flm. höfum gert ákveðnar till. í frv. þessu um það, á hvern hátt bezt verði stýrt hjá vandræðum vegna kreppunnar og hvernig fé til þeirra ráðstafana skuli fengið.

Frá fjárflyflun til atvinnubóta er skýrt í 1. kafla frv., og hirði ég ekki um að skýra það nánar að sinni. Viðvíkjandi tekjuáætluninni vil ég þó taka það fram, að álagið á tekjuskattinn og eignarskattinn á þessu ári á að vera alveg óyggjandi, ef samilega er gengið að innheimtunni. Gjaldddagi hefir verið settur 1. okt. með það fyrir augum, að hægt yrði að fara að veita styrk strax í haust. Um stóribúðaskatt af íbúðum, sem metnar eru meira en á 20 þús. kr. miðað við 5

manna fjölskyldu, get ég ekki sagt, hvað hann myndi gefa af sér. Ég hefi dálítið rannsakað fasteignamatið gamla, og geta menn gert sér grein fyrir þessu eftir dæmum þeim, sem tilgreind eru á bls. 13. Sumir kynnu að vilja miða heldur við brunabótaverð en fasteignamat.

Þá er gert ráð fyrir háleiguskatti, ef húseigandi fær meira en 15% af kaupverði í leigu. Það mætti kannske gera sér hugmynd um, hvað þessi skattur gæfi, þar sem til er skýrsla, sem sýnir, að 3900 leigjendur borga 7 millj. kr. í húsaleigu.

Við skulum hugsa okkur, að þessi upphæð verði nærfellt 420 þús. kr. þá 22 mánuði, sem gert er ráð fyrir, að þessi l. séu í gildi. Eftir okkar athugun á þessu, þá finnst mér varlega áætlað, að það sé 1% af heildarleigunni. Ég hygg, að stóribúðaskatturinn sé ekki hátt áætlaður 400 þús. kr. Ég skal taka fram, að þessar yfirlitsgreinargerðir gilda fyrir landið allt, enda þótt mestra tekna sé vitanlega að vænta úr Reykjavík.

Þá er gert ráð fyrir, að skemmtanaskatturinn renni í tvö ár til þessara framkvæmda, og er ekki ástæða til að fjölyrða um það.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur og fasteignaskattur, sem er fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. stj., gangi til þessara framkvæmda. Með því að frv. okkar Alþýðuflokksmanna um tekju- og eignarskatt verði samþ., mun mega gera ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur verði 1 millj. kr. hærri en nú er áætlað, og fasteignaskatturinn samkv. okkar frv. 600 þús. kr. hærri en fjárlagafrv. telur.

Loks er gert ráð fyrir, að áfengistollurinn verði látinn ganga til þessara framkvæmda. Þrátt fyrir það, þótt innflutningur minnkaði um helming frá því á síðastl. ári, þá verður tollaukinn um 60 þús. kr. á mánuði, eða um 1320 þús. kr. í 22 mánuði, sem l. er áætlað að gilda.

Þá er gert ráð fyrir happdrættisláni, og verði miðar til sölu allan tímann, sem l. gilda. Svíar hafa brugðið á þetta ráð og tekizt ágætlega að selja þessi ríkisskuldabréf. Stokkhólmsbær hefir þau, og ríkið líka.

Það er þá gert ráð fyrir, að þessir sérstöku skattar lendi eingöngu á þeim mönnum, sem hafa þær tekjur, að kreppan mæði ekki á þeim persónulega, — eingöngu mönnum, sem hafa yfir 7500 kr. tekjur í Reykjavík.

Sumum finnst, að það muni verða næsta erfitt að fá þetta fé. En ég þykist hafa bent á og fært rök að því, að það sé tiltölulega auðvelt, ef hnigið er að því ráði að afla fjárens á þennan hátt.

Þá kem ég að því, hvernig á að verja þessu fé, svo það komi að sem mestu haldi. Ég álit, að í raun rétttri sé sveitar- og bæjarfélögum jafnskytt og ríkinu í heild að gera sitt ýtrasta til að bæta úr. Því ber að drýgja þetta fé með framlögum frá sveitar- og bæjarfélögum. Þess vegna er lagt til, að um 4 millj. af þessum 8 gangi um hendur sveitar- og bæjarstjórna, gegn því, að á móti séu lagðar vissar upphæðir frá þeim. Er gert ráð fyrir þeirri skiptingu, að $\frac{1}{3}$ verði lagður fram sem atvinnubótastyrkur frá ríkinu. Annar $\frac{1}{3}$ stendur héraðinu til boða sem lán, hinn síðasta $\frac{1}{3}$ verða héruðin að geta lagt fram á annan hátt. Ætlazt er til, að verklyðsfélögin á hverjum stað geri till. um það, hvaða verk skuli unnin, og sveitar- og bæjarstjórnir geri þar um sínar ályktanir, en ríkisstjórn staðfesti. En þess vegna skulu verklyðsfélögin eiga uppástunguna, að þau þekkja best atvinnuþörfina og á hvern hátt líklegast sé að bæta úr henni.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að hugsazt geti, að sveitar- eða bæjarfélög séu á móti því að halda uppi atvinnubótum, eins og maður heyrir ekki óviða, en kjósi heldur að leggja fólki styrk. Því er hér í 20. gr. ákveðið, að bæjar- eða sveitarstjórnir skuli ráða, hvort þetta fé sé lát-ið ganga til framkvæmda eða til að greiða atvinnuleysisstyrki. Gert er þá ráð fyrir 5 kr. á dag, eins og slysatrygging ríkisins greiðir, að viðbætti 1 kr. á dag fyrir hvern skylduómaga. En ég býst við, að viðast verði sú leið valin, að sjá mönnum fyrir einhverri vinnu. En vilji ekki viðkomandi héraðsstjórn leggja til atvinnu, sé hún skyld að greiða atvinnuleysisstyrk.

Þá er gert ráð fyrir, að 2 millj. af þessum 8 renni til byggingarsjóðs verka-

manna í kaupstöðum og kauptúnum landsins; 500 þús. kr. komi sem sérstakur styrkur umfram lögboðinn styrk. Er það hugsað þannig, að byggingarfélögin vinni fyrir þetta fé á þeim tíma, sem vinna gefur minna af sér. En 1500000 kr. gangi til sjóðsins sem lán, gegn því að sjóðurinn geti fengið jafnháa upphæð á móti. Verði þetta frv. samþ., er hægt að útvega í allt nokkuð á 5. millj. til byggingarframkvæmda á þessum tveimur árum. Á öðrum stað er veðdeildinni útveg-að á 2. millj. kr. lán til handa mönnum, sem byggja smáhús. Með þessum framkvæmdum mætti slá tvær flugur í einu höggi, bæta stórkostlega úr húsnæðis-leysinu og illu húsnæði, sem verkalýð-urinn á við að búa, og auka atvinnu geysilega mikið. Þetta er nóg til að byggja 600–700 góðar íbúðir.

Loks er gert ráð fyrir, að þeim 2 millj. króna, sem eftir eru og ekki er varið til sérstakra lána, sé varið til ýmissa ríkisframkvæmda, sérstaklega þeirra, sem ekki þarf að kaupa mikið efni til, en mest fer í vinnulaun. Upphæðin er þá komin alls, með framlagi byggingar-sjóðs og héraðanna á móti, kringum 11 millj., sem hægt er að verja til framkvæmda umfram venju, til að bæta úr atvinnuleysinu á þessum 22 mánuðum, sem lögin eiga að gilda.

Einmitt í því sambandi, að lagt er til, að 1. gildi til 30. júní 1933, vil ég segja það, að það er sjálfsagt ekki á minu valdi eða annara að spá, hvað kreppan verður löng eða erfið. En á vetrarþingi 1933 ætti að mega sjá það nokkurn veginn með vissu, hvort farið er að létta svo, að þorandi sé að fella niður þær ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir. Ef kreppunni verður ekki lokið, þá geri ég ráð fyrir, að einhverjar þessar ráðstafanir verði framlengdar. Sýni það sig aftur á móti, að allt sé að færast í himnalag og ekki þörf á sérstökum ráðstöfunum, verða þær niður felldar. Þó munu sumar e. t. v. þykja svo gagnlegar í hvi-vetna, að full ástæða sé til að halda þeim á venjulegum tímum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að sinni. Það er tvi-mælalaust játað af öllum, sem hafa minnst á atvinnuástandið í landinu, að

Ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar. — Lokunartími sölubúða.

Það eru voðatímar framundan, ef ekki er eitthvað hafzt að. Till. þær, sem fram hafa komið um þetta efni frá stjórnar-flokknum og Sjálfstæðisflokknum, eru vægast sagt svo smávægilegar, að ómögulegt er að hugsa sér, að þeir ætlist til varanlegrar lausnar á málinu.

Nú vildi ég mega segja það að lokum, að það verður prófsteinn á þá menn hér í hv. deild, sem talað hafa um þörf á ráðstöfunum vegna kreppunnar, og tal-að um vilja sinn til að bæta úr, — próf-steinn á heilindi þeirra í þessu máli, hvornig þeir taka þessu frv.

Ég vil þá gera að till. minni, að kosin verði sérstök nefnd til að athuga þetta frv. og aðrar till., sem fram kynnu að koma í sambandi við það vandræða-ástand, sem sumpart er byrjað og sum-part færist yfir því nær sem dregur hausti og vetri.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það hefir sýnt sig, að mál hafa ekki verið afgr. svo greiðlega úr fjhn., að það sé ráðlegt að vísa þessu máli í þá n. Ég vænti þess, ef menn vilja gera nokkuð í þessu efni, að þeir hafi ekki á móti að kjósa sérstaka nefnd.

Lárus Helgason: Ég sé ekki, að það sé nein víska, þótt kosin sé ný nefnd, að hún vinni betur en fjhn. Ég geri ráð fyrir, að það sé meiningin að kjósa menn í hv. deild; og það eru þá menn, sem eru hlaðnir störfum, og ég sé ekki, að það komi fram neinir nýir kraftar með sér-stakri nefndarskipun.

ATKVGR.

Till. um að kjósa sérstaka nefnd í mál-ið felld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, HStef, HG, HV, StgrS, SvBH, VJ, BJ, BSt.

nei: BKr, GÍ, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓI, LH, MJ, PO,¹⁾ SvÓ, ÞorlJ, BÁ, JörB.

1) Með svofelldri grg.: Það er komið fram annað atvinnubótafrv., og því var vísað til fjhn. Þess vegna finnst mér sjálfsagt, að þetta mál fari líka þangað, og því segi ég nei.

MG greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (JónasÞ, ÓTh, TrÞ, ÁÁ) fjarstaddir.

Fr. vísað til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

37. Lokunartími sölubúða.

Á 3. fundi í Ed., 17. júlí, var úthýtt:

Fr. til l. um viðauka við l. nr. 79. 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunar-tíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 17).

Á 5. fundi í Ed., 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég sé, að það hefir ekki nein áhrif á hv. dm., þótt menn séu stuttorðir. Þeir taka það ekki vel upp. Ég tel því rétt að skýra frv. nánar, þó að það hafi verið hér á ferð-inni á þinginu í vetur. Með lögum frá 1917 var sett heimild fyrir bæjarstjórn-ir til að ákveða lokunartíma sölubúða, til þess að tryggja verzlunarmönnum styttri vinnutíma en áður hafði verið. Það var algengt að hafa búðir opnar frá því kl. 6 að morgni og til 12 að kvöldi. Þetta var þrældómur fyrir verzlunar-fólk, en hér vantaði nauðsynlega lög-gjöf til þess að taka í taumana, því að verzlunarfólk hefir hingað til verið dauft og framtakslítið með að koma sínum málum í sæmilegt horf, og hefir því oft sætt ranglatri meðferð af hálfu kaupmanna. Síðar var borið fram frv. til l. á þingi 1924 og 1925, að láta þessi ákvæði einnig ná til vinnustofa, sérstak-lega rakarastofa. Þetta frv., „rakarafrv.“, var samþ. á þingi 1928. En nú er enn þörf á viðbót við lögin frá 1917, til þess að tryggja sendisveinum styttri vinnu-tíma en nú er. Þeim er ætlað að vinna frá því að búðir eru opnaðar, þangað til búð er að senda vörur heim að kvöldi, og algengt er, að vinnutíma sendisveina er ekki lokið fyrr en kl. 1–2 að nóttu.

Hinn eiginlegi sendingatími vara byrjar ekki fyrr en eftir að búðum er lokað. Þetta er óhæfilega langur vinnutími. Og þessir piltar eru algerlega á valdi húsbænda sinna, svo að lítið þýðir fyrir þá að gera samtök sín á milli, því hætt er við, að erfitt yrði að framfylgja þessum kröfum. Það er því lagt hér fyrir, að bæjarstjórnnum sé heimilt að setja samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, og einnig að gera samþykktir um það, að útsending vara skuli hætta, þegar 1 stund vantar til þess að búðum verði lokað. Það er rætt um þetta í 1. gr. frv. nokkuð ýtarlega. En það mun verða erfitt að selja sérstök lög um þetta frá þinginu, öðruvísi en að bæjarstjórnir geti hver á sínum stað gert samþ. um þetta, eftir því sem bezt þykir henta á hverjum stað. — Ég vildi svo mælask til, að frv. yrði veitt fylgi til þess að ná gegnum þingið og sent til allshn. nú að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

38. Rafveitulánasjóður Íslands.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var úthýtt:

Frv. til I. um Rafveitulánasjóð Íslands (þmfrv., A. 19).

Á 6. fundi í Ed., 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Undanfarin ár hefir mikið verið rætt á Alþingi um nauðsyn þess að virkja þau vatnsföll landsins, sem til þess væru hentugust, og leiða rafmagnið til kaupstaða og einnig til sveita, þó að það sé ennþá lítt undirhúð. Menn vita það, að kaupstaðir og kaupsýn geta staðið undir rafmagnsvirkjun, vegna þess að þar er mikið rafmagn notað á tiltölulega litlu svæði og því

hægt að fá þar mikið afgang. Þess vegna geta rafveitur fyrir kaupstaði horið sig. Nú hafa flestir kaupstaðir komið sér upp rafveitu, sumstaðar með vélum, en það er ákaflega óhentugt og hefir farið illa. Það er dýrt að koma þeim upp og dýr rekstur, og væri því mikils um vert, ef hægt væri að taka vatnsafl í staðinn til þess að framleiða ljós og hita. En til þess að koma þessu í framkvæmd í kaupstöðum og kaupsýnum, og að svo miklu leyti sem hægt er í sveitum, þarf fé. Ríkissjóður þarf því að styðja þetta. Kaupstaðir munu geta staðið undir þessu sjálfir, en geta ekki hafið verkið, þó að þeir geti svo framvegis staðið undir því. Þess vegna verður að leita laga að finna möguleika til þess að leggja fram fé í þessu skyni. Þetta frv. um rafveitulánasjóð Íslands er tengt við frv. um tóbakseinkasöluna, og er ætlað til, að 250—300 þús. af tekjum tóbakseinkasölnunnar verði lagðar í þennan sjóð.

Í grg. frv. er gert ráð fyrir, hvornig þetta mundi verða í framkvæmdinni. Á bls. 4 eru taldir upp nokkrir kaupstaðir, sem hægt væri að styrkja úr sjóðnum. Auðvitað yrðu þessir kaupstaðir að leggja fram fé líka, en þeim mundi verða það kleift, svo framarlega sem ríkissjóður legði til stærsta hlutann, þó að það væri að láni.

Frv. lá fyrir Nd. í vetur. Ég man ekki, hvort það var komið þar úr nefnd, þegar þinginu lauk. En það er ákvæði a. m. k. í 2. gr., sem vafi er, hvort getur staðizt nú, en frv. er nú eins og það lá fyrir á síðasta þingi. Þar er sem sé gert ráð fyrir, að lögð verði fram árið 1931 ákveðin fjárhæð úr ríkissjóði sem stofnfé. Það er spursmál, hvort ekki þarf að laga þetta og flytja það yfir á árið 1932, en það væri hægt að laga í þeirri nefnd, sem ég legg til, að frv. verði vísað til, sem eftir eðli frv. ætti að vera fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

39. Framfærslulög.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:
Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Ed., 21. júlí, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta er al-
gerð umbreyting á núv. fátækralögum.
Þetta frv. kom hér í vetur og var þar
nokkuð rætt við framsögu, svo að það
má sjálfsagt draga úr umr. nú um þetta
mál. Aðalbreyt., sem frv. fer fram á frá
ákvæðum núv. fátækralaga, er sú, að
landið sé allt eitt framfærsluhérað og að
hver maður eigi framfærslu hjá dvalar-
sveit sinni. Með þessu er þá komið í veg
fyrir sveitarflutninga og allt það stagl og
deilur, sem verið hefir á milli sveitar-
stjórna út af framfærsluskyldunni.

Í þessu frv. eru ýtarleg ákvæði um
það, hvernig jafna skuli niður kostnaði
og hvernig skuli endurgreiða sveitarfé-
lögum, sem of mikið hafa greitt. Stjórn-
arráðið hefir á hendi alla niðurfjöfnun
og innheimtu. Þetta er miklu einfaldara
en það fyrirkomulag, sem nú er á þessu,
og um það er ekki að villast, að þetta er
réttlátara gagnvart þeim, sem þurfa að
þiggja styrkinn. Það sárir þá minna að
fá styrkinn á þennan hátt, sem frv. ger-
ir ráð fyrir, en eftir núv. lögum. Hitt er
annað mál, hvort frv. tekur nægilegt til-
lit til þeirra útgjalda, sem hvert sveitar-
félag leggur á sig til að firra menn því
að þurfa að þiggja af almannafé, og ég
gæti verið fús til að ganga inn á breyt.
í því efni, t. d. viðvikjandi framlagi bæj-
arfélags við dýrtíðarvinnu, sem gerð er
í atvinnubótaskyni, og mætti sjálfsagt
taka einnig tillit til þess, sem bæjar- og
sveitarfélög hafa gert vegna íbúa sinna.
Eftir því sem bæjar- og sveitarfélög
leggja meira fram til að tryggja atvinnu
íbúa sinna, eftir því ættu þau þá að
hafa minni kostnað sem sveitarstyrk, en
til þess væri, álit ég, rétt að taka tillit,
þegar stjórnin jafnar niður. Þetta er ekki
ennþá í frv., en ég álit, að það ætti þar
að vera og auðvelt að koma því þar inn,
sem talað er um niðurfjöfnun framfærslu-
kostnaðar.

Vil ég svo mælast til þess, að frv. verði
vísað til allshn., þegar þessari umr. er
lokið.

Guðrún Lárusdóttir: Þetta frv. er
gamall kunningi. Það var borið fram á
síðasta þingi. Um sama leyti bar ég fram
frv., sem fór í svipaða átt, en var þó ekki
jafnviðtækt. Það miðaði að því að koma
í veg fyrir fátækraflutning á gamalmenn-
um, og að mestu leyti að stemma stigu fyr-
ir fátækraflutningi ekkna, að þær yrðu
fluttar gegn vilja þeirra á sveit sína.
Mér var þá gefið í skyn af hv. flm. þessa
frv., að mitt frv. kæmi eins og fleygur
inn í frv. hans, og gæti orðið töf fyrir
málið eða komið í veg fyrir afnám fát-
ækraflutnings, en hann vofir sem tví-
eggjað sverð yfir höfðum fátæklinganna
meðan heimild um hann er í lögum.
Sít af öllu vildi ég verða þessu máli til
farartálma eða koma í veg fyrir það, að
fátækraflutningur verði með lögum af-
numinn. Ég vil því gefa skýringu á
því, hvers vegna ég ber nú ekki fram
frv. það, sem ég á síðasta þingi bar
fram um þetta mál. Það er eingöngu
vegna þess, að ég vil ekki undir nein-
um kringumstæðum, að það gæti komið
til mála, að mitt frv. gæti á nokk-
urn hátt skaðað frv. það, sem hér
er um að ræða og gengur óneitanlega
miklu lengra. Þess vegna ætla ég að biða
og sjá, hvernig þessu frv. reiðir af, því
að ég er fús til allrar samvinnu til að
létta sveitarflutningi af. Ég vil því sjá,
hvernig viðtökur þetta mál fær í nefnd
þeirri, sem það fær til meðferðar, og ég
vil óska og vona, að hún sjái sér fært að
vinna með alúð og skilningi að þessu af-
arviðkvæma vandamáli þjóðarinnar í
þarfir lítilmagnanna, sem eiga eftir að
lifa undir þeim endurbættu lögum. Og
ég treysti því, að þeir tímar komi, að Ís-
lendingar afnemi allt, sem heitir nauð-
ungarflutningur á fátæku fólki.

Aðalgrundvallaratriði þessa fram-
færslulagafrv. er það, að allt landið verði
eitt framfærsluhérað, og tel ég það rétt.
En þó að ef til vill verði ekki komið
alla leið nú með þetta mál, þar eð málið
er afarviðtækt og vandasamt, þá vona
ég, að hv. flm. sé mér samdóma um það,
að betra er að komast eitthvað áleiðis

heldur en að komast hvergi. M. ö. o., þó að ekki verði nú hægt að afgreiða frv. á þann hátt, sem við æskjum þess, þá vona ég, að hv. flm. verði fús á að styðja það, að litla frv. mitt, sem vitanlega er miklu umfangsminna, en hlýtur þó að teljast réttarbót og hjálp fyrir gamalmenni og ekkjur, nái fram að ganga. Ég vona, að gömlu vinirnir mínir fái að sjá og heyra, að ég hefi ekki haft skoðanskipti í málinu, þó ég beri frv. ekki fram aftur að þessu sinni. Ég hugsa mér aðeins að sjá, hvað setur, og hversu fer um frv., sem hér liggur fyrir, því að reiði því vel af, hefir og verið ráðin bót á því, sem ég ætlaði að lagfæra með frv. mínu.

Jón Jónsson: Þar sem mál þetta fer til n., sé ég ekki ástæðu til þess að það fari hér fram langar umr. Ég læt þess aðeins getið, að ég hefi ekki tekið sinnaskiptum í þessu máli eins og hv. 6. landsk. Ég finn enga ástæðu til þess að leiða þetta frv. í lög og ég vænti þess, að n. athugi það gaumgæfilega áður en hún samþ. það óbreytt.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. 6. landsk. talaði vinsamlegt eitt um þetta mál, og þykir mér gott, að hún skuli styðja það. Hún talaði nú ekki kuldalega um það, eins og mér virtist hún gera á þinginu í vetur. — Hv. 3. landsk. sagðist ekki hafa tekið sinnaskiptum eins og hv. 6. landsk. hefði gert. En ef hv. 6. landsk. hefir tekið sinnaskiptum í þessu máli, vænti ég þess, að hún leitist við að fá flokk sinn til þess að styðja það. Mér er kunnugt um, að ýmsir úr Framsóknarfl. eru því hlyntir, svo það litur út fyrir, að það komist áfram.

Hv. þm. gat þess, að hún bæri nú ekki fram frv. það, sem hún bar hér fram í vetur um það, að gamalmenni væru ekki flutt sveitaflutningi. Ég sagði þá, að það væri dálítill fleygur í mitt frv. að fara fram á þetta, því það væru margir með þjóð vorri, sem væru þeirrar skoðunar, að rétt væri að breyta til í þessu efni.

Hv. þm. var þeirrar skoðunar, að það væri betra að komast lítið eitt áfram heldur en ekki neitt. Það er rétt hjá hv. þm., að það getur stundum verið gott að vera litilþægur, en oft er það svo, ef

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

maður hefir von um að geta komið stóru fram, að þá eiga kröfurnar ekki að vera litlar.

Þar sem hv. 6. landsk. tekur svo vel í þetta mál, vona ég, að hún hafi áhrif á flokk sinn, þótt hann áður fyrr, þegar hann gat ráðið, væri því ekki sérstaklega hlyntur. Verið getur, að mótlætið hafi mýkt hjörtu flokksmanna hennar.

Guðrún Lárusdóttir: Það, sem ég sagði hér áðan, sagði ég aðeins í mínu nafni, en ekki í nafni flokks míns. Mér þykir vænt um, að þetta mál er komið hér fram. Þó vildi ég hafa ýmislegt öðruvísi en er í frv. þessu, en þar sem mál þetta fer til n., vona ég, að hún lagi það.

Ég er ekki á þeirri skoðun, að ég hafi haft sinnaskipti í þessu máli. Ég hefi aldrei haft annað sinni en það, að vera á móti sveitaflutningi. Ég hefi oft orðið að tilkynna hlutaðeigendum þessar sorgarfréttir, og stundum hefi ég jafnvel orðið að leggja hönd að því verki. Ég þekki því allar þær hörmungar, sem það fyrirkomulag, sem nú er, hefir í för með sér.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég skal segja hv. 6. landsk., að ég er fús á að ræða um allar þær breyt. á þessu frv., er betur mega fara, enda þótt ég áliti, að það megi samþ. óbreytt.

Ég efa það ekki, að hv. þm. hefir séð mikið af því böli, sem fátækralögin hafa skapað, og hugarstriði þeirra, sem á þeim hafa fengið að kenna. Og það gleður mig að heyra, að hún hefir enn sama hugarfar og þegar hún byrjaði á störfum sínum sem fátækrafulltrúi, en hefir ekki forherzt sem sumir aðrir.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

40. Vegalagabreyting.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:
Fr. til l. um breyt. á vegalögum, nr.
41, 4. júní 1924 (þmfrv., A. 38).

Á 7. fundi í Ed., 22. júlí, var frv. tek-
ið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Ég get ver-
ið fáorður um þetta frv. nú við þessa
umr. Eins og tekið er fram í grg., hefir
frv. þetta legið fyrir áður: Till. um Snæ-
fellsnesbraut fyrir tveimur undanförm-
um þingum, og till. um Eyrarsveitarveg
fyrir síðasta þingi. Hefi ég því áður gert
glögga grein fyrir nauðsyn þess, að veg-
ir þessir séu teknir í þjóðvegatölu, og
tel því enga þörf á að gera það nú. Vil
ég svo aðeins óska þess, að frv. gangi til
2. umr. og hv. samgm.

ATKVGR.

Fr. visað til 2. umr. með 13 shlj. at-
kv. og til samgm. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var frv. tek-
ið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 11. ágúst, var frv.
aftur tekið til 2. umr. (A. 38, 72, 95, 106,
n. 224, 240, 248).

Frsm. (Jónas Jonsson): N. hefir kom-
ið að þeirri niðurstöðu, að allmargar af
brtt. þeim, sem fyrir lágu, séu þess eðl-
is, að rétt sé að mæla með þeim. Aftur
voru nokkrar, sem hún sá sér ekki fært
að mæla með, en einstakir nm. hafa ó-
bundnar hendur um atkvgr.

Í frv. eins og það er upphaflega bor-
ið fram af hv. þm. Snæf. var farið fram
á, að áframhald Stykkishólmsvegarins,
eða Snæfellsnesbraut frá vegamótum
austan Straumfjarðarár um Staðarsveit,
Breiðuvík og Hellissand til Ólafsvíkur,
og ennfremur Eyrarsveitarvegur frá
Kerlingarskarði um Eyrarsveit til Ól-
afsvíkur, verði teknir í tölu þjóðvega.
N. hefir komið sér saman um að mæla
með fyrri till., en við þá síðari ætlar
hún að gera brtt. þess efnis, að Eyrar-

sveitarvegur verði tekinn í þjóðvega-
tölu að Búlandshöfða, og svo bæta við
nýjum lið, það er Skógarstrandarveg-
ur frá Skildi í Helgafellssveit á Vestur-
landsveg í Miðdölum.

Þá eru það brtt. hv. 4. landsk. um vegi
í Borgarfirði. N. hefir orðið sammála
um að mæla með þeim. Það er vegur frá
Hvítárbrú vestan Hafnarfjalls að Akra-
nesi, og vegur frá Kljáfossbrú að Húsa-
felli. N. hefir lagt til, að við þennan síð-
asttalda veg yrði bætt dálitlum spotta,
svo að hann næði að Kaldadalsbraut-
inni, og leggur því til, að niðurlagi till.
verði breytt þannig, að þar standi:
Hálsasveit um Húsafell að Kaldadal.

Þá flytjum við hv. 2. þm. Árn. brtt.
um að tengja saman vegina til Þingvalla
og Geysis og Gullfoss, með því að taka
í þjóðvegatölu 13 km. vegarspotta um
Laugardalinn. Þetta er í raun og veru
þegar orðinn þjóðvegur, enda hefir orð-
ið samkomulag í n. um að mæla með
þessari brtt.

Þá eru nokkrar brtt. frá hv. þm. A.-
Húnv. Um þær hafa einstakir nm. ó-
bundnar hendur við atkvgr.

Þá hefir komið fram till. frá hv. 2.
þm. N.-M. um að taka Jökuldalsveg í
þjóðvegatölu. N. var hætt störfum þegar
þessi till. kom fram, en ég geri ráð fyrir,
að mönnum finnist þetta sanngirniskrafa. — Ég held ég þurfi ekki að fara
fleiri orðum um þetta nál., ef til vill gefa
hv. flm. þessara brtt. viðbótarskýringar,
ef þeim þurfa þykir.

Pétur Magnússon: Ég hefi leyft mér að
flytja nokkrar brtt. við frv. það, sem hér
liggur fyrir. Þær eru á þskj. 72 og 248.
Um brtt. mínar á þskj. 72 þarf ég ekki
mikið að segja. Hv. samgm. hefir orðið
sammála um að leggja til, að þær yrðu
samþ., og jafnvel gengið heldur lengra,
með því að bæta við veginn frá Kljá-
fossbrú. Ég kann hv. n. beztu þakkir
fyrir þessar undirtektir. Það var í raun
og veru vangá, að ég orðaði brtt. um veg
frá Kljáfossbrú eins og ég gerði. Ég er
ekki svo kunnugur þarna, að ég hélt, satt
að segja, að fjallvegurinn um Kaldadal
næði að Húsafelli. En ég ætla aftur á
móti að fara nokkrum orðum um brtt.
mína á þskj. 248, af því að hv. frsm.

minnstist ekki á hana í framsöguræðu sinni.

Gnúpverjahreppur er sem kunnugt er einn norðaustasti hreppurinn í Árnessýslu, og er þar mjög erfitt með samgöngur. Þar eru varla aðrir vegir en troðnar moldargötur. Þar eru ekki biflærar nema um hásumarið, og undir eins ófærar, ef blotnar. Það gefur að skilja, að það er algerlega ófullnægjandi fyrir hreppinn að hafa aðeins akveg um hásumarið; þarna munu vera um 30 býli, og ræktun hefir farið þar mjög í vöxt, og eru hreppsþúar mjög illa settir, að geta ekki komið vörum sínum á markað nema lítinn hluta árs. — Líka má líta á það, að nú hefir verið byggt gistihús í Þjórsárdal, og er vegaviðhald allt erfiðara vegna þeirrar miklu umferðar, sem þar er nú á hverju sumri. Þetta virðist því fullkomin sanngirniskrafa. Þess má geta, að á árinu 1930 var vegurinn upp Hrunamannahrepp, alla leið upp að Brúarhlöðum, tekinn í þjóðvegatölu. En ekki verður séð, að neitt réttlæti sé í því að setja þennan hrepp hjá, sem á þó enn örðugra um samgöngur, og enginn þjóðvegur er í námunda við hann.

Ég vona, að hv. þdm. sjái af því, sem ég hefi sagt, að það er ekki ófyrirsýnju, að þessi vegur sé tekinn í þjóðvegatölu.

Þetta er um þörfina; en ég vil líka minnst nokkuð á vegarstæðið. Þarna er um tvær leiðir að ræða. Önnur er syðri leiðin, eins og sýsluvegurinn liggur, af Skeiðavegi um Þrándarholt, hjá Þjórsárholti og áfram, — en hin leiðin, sem hér er lagt til að farin verði, er frá Laxárholti, norðan við Skarðsfjall, um Geldingaholt og að fyrirhuguðu brúarstæði á Þjórsá hjá Þjórsárholti. Ég hefi náttúrulega ekki nægilegan kunnugleika til þess að geta dæmt um, hvor leiðin sé heppilegri. Fyrir hreppsþúa er þó miklu heppilegra að fá nyrðri leiðina, því að þá yrðu það fleiri bæir, sem kæmu til að liggja að veginum. Ég hyggi till. mína á áliti vegamálastjóra og vil geta þess, að hann hefir í bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 6. maí 1930, lagt eindregið til, að þessi leið yrði valin.

Ég skal ekki fara út í kostnaðarhlöðina, en vil þó geta þess, að leiðin frá Laxárbrú að Kálfá er talin um 7 km., og

á meginhluta leiðarinnar þarf að gera upphleyptan veg. Vegamálastjóri áætlar, að þessi vegagerð myndi kosta um 60 þús. kr., og vegarstæði á nyrðri leiðinni telur hann bæði betra og heppilegra að öllu samanlögðu. Þess er einnig að gæta, að hinn sameiginlegi þjóðvegur verður með þessum hætti miklu lengri, eða alla leið upp að Laxárbrú, en annars, ef syðri leiðin væri valin, yrði að fara út af núverandi þjóðvegi miklu sunnar.

Ég hefi þá gert grein fyrir þessari till. Ég vil geta þess, að ég flutti þessa till. svo seint m. a. af því, að ég bjóst við, að hv. 2. þm. Árn. myndi flytja hana, og ég vildi ekki taka fram fyrir hendur hans sem þm. kjördæmisins, en taldi þó ekki rétt að biða lengur en til 2. umr., þegar hún kom ekki fram.

Ég vænti þess, að hv. þdm. taki vel undir þetta mál, sem vissulega er mikið nauðsynjamál fyrir þá sveit, sem hér á hlut að máli.

Guðmundur Ólafsson: Ég vil aðeins segja örfá orð um þar brtt. við vegalögin, sem ég hefi borið fram. Það eru tveir stúfar í Austur-Húnavatnssýslu.

Annar kaflinn er frá Skagastrandarvegi út að Blönduósbruggju. Sá vegur var í þjóðvegatölu til 1924, þegar breyt. var gerð á vegalögunum. Þá féll hann út úr, eins og fleiri vegir, sem nú eru flestir komnir í þjóðvegatölu aftur, t. d. brautir í Borgarfirði og Eyjafirði og ef til vill víðar. Það þætti mér því hlutdrægt, ef þessi stutti kafli er eini vegurinn, sem fæst ekki tekinn inn í lögin aftur.

Það, sem sérstaklega gerir sýslunni erfitt að halda við þessum „bryggjuvegi“, sem kallaður er, er það, að vegarstæðið er ákaflega slæmt, framan í snarbröttum mel og rennur hann alltaf fram, enda segir vegamálastjóri nú, að réttara hefði verið að leggja veginn niðri í fjöru heldur en uppi í þessum bratta mel.

Ég tel vist, að hv. d. sýni þessu máli fulla sanngirni og fallist á að undanskilja ekki þennan stutta vegarspotta, þegar samsvarandi vegir hafa verið aftur teknir í tölu þjóðvega.

Hinn vegurinn er sýsluvegur, en eins og ég gat um, þegar brúarlögin voru til umr., er sjálfsagt, að hann verði innan

stundar tekinn í Þjóðvegatölu, þegar brú er komin á Blöndu í norðanverðum Blöndudal. Hann er allmiklu lengri en fyrri vegurinn, sem er um 700 m. á lengd, en hinsvegar liggur hann á miklu betra vegarstæði og því ekki erfitt að leggja hann og að halda honum við. Nokkur hluti vegarins er sémilega góður yfirferðar. Sá kafli, sem er fyrir austan Blöndu, er nýlega byggður, svo að hann mun ekki hvíla þungt á rikissjóði í nálægri framtíð, en á nokkrum parti þarf að leggja nýjan veg. Allur vegurinn, sem hér er farið fram á að tekinn sé í tölu þjóðvega, er um 8–9 km.

Strax þegar brúin kemur á Blöndu, eykst auðvitað mikið umferð um þennan veg. Og jafnvel þótt brúin sé ekki komin, er þar mikil umferð af langferðamönnum, þar sem svifferja er þar á ánni. Ef brúin kemst upp í náinni framtíð, munu allir þeir langferðamenn, sem ekki eiga beint erindi á Blönduós, fara þessa leið, því að hún er miklu styttri.

Ég vona, að hv. d. sjái ekki ástæðu til þess að fella þessar brtt., því að þessir vegir eiga við jafnmikla sanngirni að styðjast sem hinir vegirnir, sem hér eru fluttar till. um.

Páll Hermannsson: Á síðasta þingi flutti rikisstj. frv. til l. um breyt. á vegalögnum. Það er þskj. 15 frá því þingi. Þess er getið þar í aths., að frv. sé samíð af vegamálastjóra, að tilhlutun stj.

Nú á ég hér brtt. við frv. til l. um breyt. á vegalögum á þskj. 240, og það er stytzt af að segja, að þessi brtt. er ekkert annað en stjfrv. frá síðasta þingi. Í grg. fyrir því frv. var lýst nokkuð greinilega ástæðunni fyrir því, að frv. var þá flutt, og veit ég, að hv. þdm. eru því flestir kunnugir.

Þessi vegur frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum og Gilsárbrú er nálægt 33 km. á lengd, og gerir vegamálastjóri ráð fyrir því í grg., að það muni kosta allt að 100 þús. kr. að leggja þennan veg. Höfuðástæðan til þess, að þarna er farið fram á að taka inn í vegalögin nýjan veg, er sú, að það þykir sýnt, að vegakerfið á Austurlandi komist ekki í samband við vegakerfi landsins í heild öðruvísi en gegnum þessa leið. Þannig stendur á, að þeg-

ar Gilsárbrúnni sleppir, þá tekur við þjóðvegur — að vísu fjallvegur —, sem er þess eðlis, að tiltölulega er mjög ódýrt að gera hann bílfæran.

Þessi vegur, sem hér ræðir um, liggur eftir Jökuldalnum og kemur því mjög að haldi íbúum þeirrar sveitar, auk þess sem hann verður langferðamannavegur, sem tengir Austurland og hafnirnar þar við þjóðvegakerfið í heild.

Ég tel mig hafa fulla ástæðu til að búast við því, að hv. d. taki vel þessari brtt.; og með því góða samkomulagi, sem hefir verið í d. nú að undanfögnu í sambandi við samgöngubætur á landi, og sem ég býst við, að verði einnig nú, þá efa ég ekki, að d. fallist á þessa brtt.

Magnús Torfason: Ég stend upp út af þeirri till., sem hv. 4. landsk. flytur hér um veg í Gnúpverjahreppi. Ég get skýrt frá því, að nokkur ár eru síðan fyrirhugað að var að leggja þennan veg. En það varð nokkur ágreiningur um, hvar hann ætti að liggja. Í fyrra sumar var hann at-hugaður talsvert og vegarstæðið, sérstaklega frá því sjónarmiði, að gerður yrði betri vetrarvegur heldur en þar, sem sýsluvegarstæðið er nú, sunnan undir fjöllum, og þar liggur hann í lægð á nokkrum hluta.

Ég átti tal við vegaverkstjóra í Árnessýslu í vor, og ætlaði hann þá að at-huga málið betur. Fyrir nokkru reyndi ég að ná í vegamálastjóra, en hann var þá ekki heima. Þess vegna var það, að okkur þm. Árn. kom saman um, að ég skyldi ekki bera málið fram í þessari d., heldur skyldi samþm. minn flytja það í Nd., þegar þetta frv. kæmi þangað.

Það er enginn vafi á því, að það er mikil þörf á þessum vegi, og þá sérstaklega vegna þess, að hreppsþúar þarna eru komnir í samband við mjólkurbú og farnir að vinna afurðir úr mjólk sinni. Því þurfa þeir eins og hinir, sem neðar byggja, að geta komizt leiðar sinnar, jafnt að vetrarlagi sem að sumarlagi.

Ég er þess vegna þakklátur hv. 4. landsk. fyrir það, að hann hefir borið þetta mál fram og óska þess eins, að hv. d. megi fallast á þessa brtt. hans við vegalögin.

ATKVGR.

- Brtt. 95 samþ. með 10 shlj. atkv.
 — 248 samþ. með 9 shlj. atkv.
 — 72,a samþ. með 10 shlj. atkv.
 — 224,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
 — 72,b, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
 — 224,2,a samþ. með 10 shlj. atkv.
 — 224,2,b samþ. með 10 shlj. atkv.
 — 106,1,a samþ. með 12 shlj. atkv.
 — 106,1,b samþ. með 12 shlj. atkv.
 — 240 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 106,2 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til 1. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á l. nr. 57, 19. maí 1930.

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 282).

Á 29. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Samgmn. vill fá frv. til athugunar og fer því fram á við hæstv. forseta, að hann fresti umr., þangað til n. hefir athugað málið.

Pétur Ottesen: Mér þykir bregða undarlega við, að nú við 2. umr. kemur ósk frá samgmn. um að fá málið til athugunar. Deildinni þótti ekki við 1. umr. ástæða til að vísa málinu til samgmn., og kom þá engin ósk frá nefndinni um það. Ef n. ætlar nú á þessu stigi að fara að sölsa þetta mál undir sig, getur það vel leitt til þess, að málið yrði ekki útkljáð á þessu þingi. Vil ég mælast til þess, að þetta mál fái að ganga sinn gang, án þess að því verði vísað til samgmn., sem ekki yrði til annars en að hefta framgang þess.

Ég vil um leið minna á, að brtt. verða að vera komnar í tæka tíð fyrir 3. umr. málsins.

Jón Auðunn Jónsson: Form. samgmn. var ekki viðstaddur við 1. umr. þessa máls, að því er ég held; en það er venja að vísa svona málum til samgmn.

Að n. hefir ekki skilað álitum um mál það, sem vísað var til hennar á síðasta þingi, er eðlilegt. Ef málinu er ekki vísað til hennar á þessu þingi, getur hún ekki tekið afstöðu til þess.

Annars er erfitt að taka ákvörðun um það mál, sem fyrir liggur, fyrr en búið er að fá till. allra hlutaðeigandi héraða um það. Mér finnst allar þessar till. á þskj. 282 vera þannig, að þeim liggi ekki mjög á. Flestir þeir vegir, sem Ed. hefir lagt til, að teknir verði inn á vegalög, eru skemmtiferðafólksvegir, en flutningavegir eru færri. Annars vil ég að svo stöddu engan dóm leggja á málið.

Pétur Ottesen: Menn hafa nú heyrt tóninn í samgmn.manni þessum, og er það auðheyrt, að n. vill aðeins fá málið til að svæfa það og koma því þannig fyrir kattarnef. Hv. þm. talaði um, að vegir þeir, sem um ræðir, væru einungis skemmtiferðavegir. En þetta er mesti misskilningur. Þetta eru einmitt vegir, sem liggja um stór og þéttbýl héruð og eru á hinum lengri samgönguleiðum. Er hitt tilbúningur einn hjá hv. þm. N.-Ísf. Þetta eru fyrst og fremst innanhéraðsvegir. Vænti ég þess, að síðari ræða hv. þm. sé næg áherzla til deildarinnar um það, að hún sjái, hvað gera ber við svona till.

Bergur Jónsson: Ég skil ekki, hvernig hv. þm. Borgf. getur lagzt á móti því, að málið fari í n. Frv. hefir legið fyrir Ed. mestan hluta þingtimans og kemur hing-að, þar sem þó eru $\frac{2}{3}$ hlutar þingmanna, rétt í þinglokin. Nd.-þm. hafa því ekk-ert tækifæri haft til þess að athuga mál-ið og bera fram brtt. vegna þeirra lands-hluta, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Á-stæða hv. þm. Borgf. fyrir þessari bar-áttu er sennilega sú, að tveir veginir eru í kjördæmi hans. En ekki er tekinn upp í frv. nema einn vegarspotti á Vestur-landi, þar sem þörfin er þó vissulega hvað mest.

Pétur Ottesen: Ég skil ekki, að hv. þm. Barð. skuli fyrir hvern mun vilja fá þetta mál inn í samgm. til þess að koma fram einhverjum breyt. á vegamálum í Barða-strandarsýslu, því að það myndi ein-ungis verða hindrandi fyrir framgang slíkrar breytingar. Nefndin hefir t. d. fengið frv. um breyt. á brúarl. til með-ferðar, og bólar ekki á því ennþá, sér ekki einu sinni á klaufirnar. Er það víst tilætluð nefndarinnar að sálga því alveg.

Bergur Jónsson: Ég er ekki viss um. að ég muni bera fram brtt. um vega-gerðir í Barðastrandarsýslu, og er ástæða mín ekki sú, heldur hin, að ég tel sjálf-sagt, að n. fái að bera fram brtt. við mál-ið.

Magnús Guðmundsson: Ég vil spyrja hv. samgm., hve lengi hún þurfi að hafa málið til meðferðar. Undanfarið hefir sú verið reynslan, að n. hefir legið á vegamálum, og hefir það sett illt blóð í marga.

Sveinbjörn Högnason: Ræða hv. þm. Borgf. finnst mér nægileg ástæða til að vísa málinu til samgm. Finnst mér einkennilegt, ef n. á ekki að fá tækifæri til að athuga svo stórfelldar breyt. á vegakerfi landsins og þær, sem hér er um að ræða. Er það nauðsynlegt, að mál-ið komi fyrir samgm. beggja deilda. Það er víst ofsagt hjá hv. þm. Borgf., að samgm. þessarar deildar hafi legið svo mjög á málum, og á það þá víst ekki sið-ur við um samgm. Ed. um þetta mál.

Pétur Ottesen: Það er eins og hv. 2. þm. Rang. haldi, að deildin fái ekki að athuga málið, þótt það sé ekki fengið samgm. í hendur. Er það sýnilegt, að eins og nú er komið þingtímanum, væri það sama og að setja málið í drekkingar-hyl, að vísa því til samgm. Er alveg eins hægt að koma fram með brtt. án þess. N. ætti fyrst að sýna lit á því að afgreiða brúarlagafrv., áður en hún ger-ir kröfur til að fá þetta mál til með-ferðar.

Af því að alltaf er verið að minnast á í þessu sambandi vegi í mínu kjördæmi, sem teknir hafa verið upp í frv., vil ég geta þess, að það hefir verið gert í sam-ráði við vegamálastjóra.

Afgreiðsla málsins getur orðið full-sæmleg, þótt því sé ekki vísað til sam-gmn. Held ég, að deildin sé einfær um afgreiðslu máls eins og þessa. Hefir ver-ið treg afgreiðsla á ýmsum málum, sem vísað hefir verið í n. upp á siðkastið, og býst ég við, að nógu mörg mál dagi uppi, þó að þetta mál verði ekki líka svæft í nefnd.

Forseti (JörB): Fyrst svona eru skiptar skoðanir um þetta mál, vil ég leyfa mér að bera það undir hv. deild.

Bergur Jónsson: Ég er ekki form. sam-gmn., og get ekki sagt um það, hve lengi hún muni þurfa að hafa málið til með-ferðar. En ég vil aðeins geta þess, út af orðum hv. 2. þm. Skagf., að það væri ó-vanalegt að setja n. einhver skilyrði um það, hve lengi hún mætti hafa málið til afgreiðslu. (MG: Þetta var aðeins spurn-ing). En þeirri spurningu getum við ekki svarað fyrr en við höfum athugað mál-ið.

Jónas Þorbergsson: Út af andmælum hv. þm. Borgf. gegn því, að málið fái að fara til n., vil ég láta þá ósk í ljós, að málinu verði vísað til n. nú á þessu stigi. Það er með réttu talið mikils virði fyrir framgang mála yfirleitt, að þau hljóti meðmæli n., og ég geri ráð fyrir því, að þeir ýmsu hv. þm., sem óska að koma með brtt. við frv., kjósi að eiga þess kost að ræða málið við n. og fá meðmæli hennar, ef þess yrði kostur. Ég leyfi mér

því að æskja þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til nefndar.

Sveinn Ólafsson: Ég minnst þess ekki, að það hafi mætt slíkri mótspyrnu áður hér í þinginu, að þýðingarmiklum málum væri vísað til n., eins og raun hefir á orðið í dag um þetta mál. Hér er um að ræða róttækar breytingar á vegalögum, sem snerta svo að segja eingöngu þrjú kjördæmi. Öll önnur héruð landsins hafa þar orðið útundan, og fæ ég þó ekki séð, að meiri ástæða sé til að auka við þjóðvegina í þessum þrem kjördæmum en annarsstaðar, nema siður sé, enda er víst, að tvö af þessum héruðum hafa miklu fullkomnara veganet nú þegar en nokkurt annað hérað á landi hér. — Ég skal engu um það spá, hvort málið kunni að daga uppi í n. eða ekki, en ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er fullkomin ástæða til þess, að málið komi til álita fleiri þm. en þeirra eingöngu, sem sæti eiga í hv. Ed. Skv. þingsköpum er og heimilt að vísa máli til n. engu siður við 2. en 1. umr., svo að þetta ætti að geta fram farið nú, enda þótt það færist fyrir við 1. umr., af því að þeir voru ekki viðstaddir, sem einkum höfðu ástæðu til að minna á þetta.

Hinsvegar lit ég fyrir mitt leyti svo á, að ekki sé stór skaði skeður, þótt svo færi, að málið dagaði uppi á þessu þingi, enda getur hæglega fyrir komið, að það verði fellt við þessa umr., ef það verður knúð undir atkv. eins og nú horfir, og væri málinu ekki meiri greiði með því gerður en þó að til þess kæmi, að það væri látið daga uppi.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. og hæstv. forsrh., svo hljóðandi:

„Við III. Við C.a.

Nýr stafliður, sem verður a-liður:

Reykjatangavegur: Frá þjóðveginum hjá Reykjum í Hrútafirði að skólanum á Reykjatanga“.

Til þess að brtt. þessi megi koma til umr. á þessum fundi þarf tvennra afbrigða frá þingsköpum, þar sem till. er skrifleg og auk þess of seint fram komin, og mun ég nú leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 338) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Það var ekki hægt að skilja hv. 1. þm. S.-M. á annan veg en að hann liti svo á, að þetta mál kæmi alls ekki til álita hér í d., nema því yrði vísað til hinnar starfsömu samgm. Sýnir þetta, hvernig þessi hv. þm. litur á alla aðra þm. en þá, sem sæti eiga með honum í þessari hv. n. En ég hafði nú haldið, að málið kæmi engu siður til álita d. fyrir það, þó að því yrði ekki vísað til n. Reyndar gætti þessa sama hjá þeim öðrum samgm., sem hér hafa látið ljós sitt skína, enda er það augljóst af því, sem sagt hefir verið, að tilgangur n. með því að heimta málið nú er ekki annar en sá, að fá tækifæri til að svæfa það á þessu þingi. — Hv. 1. þm. S.-M. sagði og eitthvað á þá leið, að frv. kæmi ekki nema 3 kjördæmum að góðu. Fæ ég ekki séð, að það skipti nokkru máli í þessu sambandi, hvort svo er eða ekki, enda stendur öllum þm. opin leið til að bera fram þær brtt. við frv., sem þeir kunna að óska.

Forseti (JörB): Ég vil benda þingheimi á það, að hægt er að vísa málinu til n., enda þótt þessari umr. verði lokið nú, ef það mætti verða til þess að stytta þessar umr., sem hér hafa orðið utan við sjálft efni málsins.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að stinga upp í hv. þm. Borgf. svona á næstunni, því að hann hefir nú þegar haldið 5 ræður um lítið efni. (PO: Ætli ekki væri meiri ástæða til að stinga upp í hv. 3. þm. Reykv.?).

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að segja það, að mér þykir það nokkuð hart, ef samgm. fær ekki tækifæri til að bera sig saman við vegamálastjóra um þessar till.; hefi ég ástæðu til að álita, að vegamálastjóri sé alls ekki samþykkur mörgum þeim till., sem hér liggja nú fyrir, Annars er það engu líkara en að menn haldi, að byggja eigi þessa vegi á næstu mánuðum, því að það er talað um það

eins og goðgá væri, ef svo færi, að frv. dagaði uppi á þessu þingi. Ætti það þó að vera öllum vitanlegt, að ekkert verður framkvæmt í þessu efni strax, og að af þeim ástæðum er óhætt að láta afgreiðslu þessa máls biða þingsins í vetur, auk þess sem þegar hafa svo margir vegir verið teknir í tölu þjóðvega, að það tekur mörg ár að koma þeim upp. Var það og álit vegamálastjóra 1924, að þó að fleiri vegum yrði bætt inn í vegalögin, mundi það engum breyt. valda að því er framkvæmdirnar snertir, því að þegar væru svo margir þjóðvegir ákveðnir, að meira yrði ekki gert á næstu árum. — Það er ekki rétt, sem komið hefir fram, einkum hjá hv. þm. Borgf., að n. vilji fá málið til að svæfa það, en þó get ég sagt það frá eigin brjósti, að ég álit, að eins og stendur sé þýðingarlaust að vera að samþykkja nýjar viðbætur við vegalögin.

Sveinbjörn Högnason: Hæstv. forseti lét svo um mælt, að eins mætti vísa þessu máli til n., þó að þessari umr. væri nú lokið fyrst. Út af þessu vil ég láta þá ósk í ljós, að málinu verði þegar vísað til n., því að ég hygg, að það mundi hafa áhrif á atkv. þeirra þm., sem ekki vilja styðja að flautsafgreiðslu á þessu máli eða öðrum, ef n. fær ekki að fjalla um svo þýðingarmikið mál áður. Mun ég fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti frv., ef það fær ekki að ganga til nefndar.

Hannes Jónsson: Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa orðið út af því, hvort vísa skyldi þessu máli til n. eða ekki, en ég hefi leyft mér að bera fram ásamt hæstv. forsrh. skriflega brtt. við frv., III C. a, þess efnis, að nýr vegur verði lagður frá þjóðveginum hjá Reykjum í Hrútafirði að héraðsskólanum á Reykjavanga. Þessi vegarspotti verður ekki nema um 1 km. að lengd, og stendur svipað á um hann og Laugardalsveginn, sem tekinn hefir verið upp í frv. Vona ég því, að hv. d. taki vel í þessa till. (HV: Á ekki að leggja þjóðvegi heim á hvern bæ í Vestur-Húnavatnssýslu?). Það á að leggja þar vegi engu síður en í öðrum héruðum landsins, og þm. eru hingað á þing komnir til

þess að sjá fyrir þessum þörfum landsbúa sem öðrum, þó að hv. 3. þm. Reykv. sé starblindur á allt nema það, sem gerist hér á götunum í Reykjavík. — Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þessa till. mína. Allir þeir, sem þarna hafa farið um, vita, hve mikil nauðsyn er á því, að þessi vegur verði lagður heim að skólanum, því að þangað er ekki um aðrar samgöngur að gera nema á sjó, fyrr en þessi vegur er kominn, en hann ætti ekki að verða mjög dýr, því að hann verður ekki nema um 1 km., eins og ég áður sagði, enda geri ég ekki ráð fyrir, að horft verði í þennan lítilfjörlega útgjaldaauka.

Forseti (JörB): Ég sé mér ekki fært að taka málið af dagskrá og fresta umr., þar sem menn greinir svo mjög á um það, hvort svo skuli gert eða ekki, enda fæ ég ekki séð, að n. geti ekki eins athugað málið fyrir 3. umr., og kæmi því ekki að sök, þó að þessari umr. væri lokið nú. Stendur og öllum opið að koma þá með þær brtt., sem þeir kynnu að vilja bera fram við frv. (EA: Er ekki hægt að vísa máli til n. á hvaða stigi sem er?). Jú, svo er hægt, og get ég að visu borið það undir d., hvort svo skuli gera eða ekki, fyrst þm. sækja þetta svo fast, en ég vænti þess, að það verði ekki til þess, að n. svæfi málið. Skal ég og lofa því að taka málið á dagskrá fljótlega aftur, ef nál. kemur ekki bráðlega, og þess er að vænta, að þm. telji ekki eftir sér að ýta á eftir málinu hjá n. (PO: Hæstv. forseti getur verið viss um það, að það skal verða gert).

ATKVGR.

Fr. vísað til samgm. með 17 : 7 atkv. og umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 20. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 282, 331, 338, 343, 370, 373, 394).

Sveinn Ólafsson: Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá. Því var vísað til samgm. fyrir 2 dögum. Á þessum stutta tíma hefir n. aðeins getað lokið við álitserð sína um það, en nál. er

ekki útbýtt ennþá. Mér finnst tæplega eiga við að ræða frv. áður en nál. er komið í ljós, þar sem slíkt ágreiningsmál er á ferð sem þetta.

Pétur Ottesen: Þetta er nú e. t. v. úrslitatilraun samgmn. til að koma þessu máli fyrir kattarnef, því að það er kunnugt, að ef þingi verður slitið á laugar-dag, eins og heyrzt hefir, þá er vitanlega síðasti möguleikinn að koma málinu í gegn á þessu þingi, að það sé afgr. frá 2. umr. í dag, nú á þessum fundi. Fyrst ekki er annað eftir en að undirskrifa nál. — n. er þá nefnil. búin að taka ákvörðun um málið —, þá ætti ekkert að vera til fyrirstöðu af n. hálfu, því að það hefir engan mun í för með sér við afgreiðslu málsins, hvort niðurstaða n. kemur fram í nál. eða fyrir munn einhverra af þessum spámönnum, sem þarna eiga sæti í n. Ég býst við, að n. geti látið það duga að koma með niðurstöðu sína í orðum frsm. í staðinn fyrir að tilreiða það í prentuðu nál. Og þar sem nú er mjög stuttur tími eftir af þinginu, þá skora ég nú mjög eindregið á hæstv. forseta að láta slag standa, svo að málið fái þá afgreiðslu, sem hv. þd. álitur, að það eigi að fá, en verða ekki við tilmælum n., sem ekkert felst á bak við, ekki nokkur skapaður hlutur, nema að taka fram fyrir hendur deildarinnar og hindra framgang málsins. En ef hæstv. forseti vill ekki taka þetta upp á sitt eindæmi, þá vil ég þó a. m. k. mælast til þess, að hann skjóti því undir úrskurð þingdeildarinnar, hvort málið skuli tekið af dagskrá eða ekki.

Jóhann Jósefsson: Ég vil lýsa því yfir, af því ég á sæti í samgmn., að ég var ekki fylgjandi þeirri till., sem hv. samnm. mínir voru sammála um, að málinu yrði vísað til stj. Það var í fyrsta lagi vegna þess, að ég veit ekkert, hver sú stjórn er, sem til er að vísa. Það væri þá helzt að gera það með það fyrir augum, að vilja ekkert sinna því, en ég treysti mér ekki til að halda því fram, að þessar till., sem fram hafa verið bornar af ýmsum hv. þm., eigi sér svo lítinn stað, að yfirleitt beri að vísa þeim á bug á þennan hátt.

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

Sveinn Ólafsson: Ég tek mér ekki nærri þær aðdróttanir, sem hv. þm. Borgf. beindi til samgmn. um afgreiðslu þessa máls. Mér finnst þær samt harðla ómaklegar, þar sem n. hefir alls ekki gengið á móti málinu. En málið er þannig flutt og undirbúið, að með öllu er óumflýjanlegt að bæta um búning þess. Það segir sig sjálft, að þegar gerbreyta á vegalögunum, eins og gert er með þessu frv., þá verður að taka tillit til landsheildarinnar. Engri átt getur náð að taka 3—4 sýslur út úr og miða allar umbætur við þær, eins og frv. gerir, og því ósanngjarnlegra er það, sem frv. þetta, eins og það kom frá Ed., ætlar því nær alla vegaukninguna þeim sýslum, sem langmestar vegabætur hafa áður hlotið.

Alveg er það órannsakað mál, hve miklu nema þeir vegakafllar, sem frv. ætlar Árnes-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessýslu; þó hefir vegamálastjóri áætlað veginn frá Ólafsvík fyrir Snæfellsnes 400 þús. kr. virði. Má með hliðsjón af þeirri áætlun gera ráð fyrir 2—3 millj. kr. til þeirrar vegagerðar, sem frv. ætlar þessum þrem sýslum landsins aukalega og án þess að aðrir landshlutar komi til greina eða þáfir þeirra til vega.

Nú eru samstundis komnar fram allviðtækar brtt. við frv., sem að líkindum eiga engu minni rétt á sér en frv. sjálft. Um þær brtt. hefir ekkert álit fengizt, en að sjálfsgöðu þurfa þær að fá fyllri athugun áður en frv. verður afgr., en afgreiðsla þess í óbreyttum búningi væri hrein óhæfa. Málið hefir að þessu sinni verið tekið úr höndum nefndarinnar og sett á dagskrá áður en n. hafði fengið tveggja nátta frest til athugunar á því og framkomnum brtt. Þrátt fyrir mikið annríki hefir meiri hl. n. þó lokið við álit sitt og afhent það til prentunar, og sætir það mikilli furðu, ef nú á að knýja málið fram í trássi við n. og án þess að álit hennar sé tekið til umr. Einn nm. hefir að visu skorizt úr leik, en þó hefir nál. frá hans hendi ekki komið ennþá. Ég verð því að halda fast við þá ósk, sem nú þegar er fram kominn, að málið yrði tekið af dagskrá. Málið getur fengið þinglega meðferð, þegar nál. liggur fyrir, og það ætti hæglega að geta orðið á morgun.

Vegalagabreyting.

Forseti (JörB): Það má vera, að hv. samgmn. sé það vorkunnarmál, þó að henni hafi ekki unnizt tími til að afgr. svo stórt mál sem þetta, sökum þess, að margvíslegar brtt. frá ýmsum hv. þdm. hafa komið við frv. frá því það kom hing-að í þd. Hinsvegar kom það berlega í ljós nú fyrir skömmu, að nokkur hluti hv. þd. vildi ekki vísa málinu til n. Ég viðurkenni það fullkomlega, að það eru allmikil vandkvæði á því fyrir hv. þdm. að greiða atkv. um jafnmargvíslegar till. og lítt athugaðar og hér liggja nú fyrir, sem menn víta ekki um, hve viðtækar eru og hvaða áhrif mundu hafa á framkvæmd þessara mála. Hv. samgmn. hefir því mikið til sins máls, þegar hún vill fá þetta mál aftur til frekari ihugunar. En þar sem hv. þd. hefir falið hv. samgmn. málið, þá þykir mér hlýða, að deildin fái einnig að skera úr því nú, hvort umr. skuli fara fram um málið eða það skuli nú tekið út af dagskrá.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem deildin hefir vísað málinu til samgmn., þá hefir hún í raun og veru þar með fallizt á það, að málið yrði ekki tekið fyrir fyrr en n. hefði skilað álit, en eftir því yrði nú ekki langt að biða, þar sem n. hefir unnið að málinu, en aðeins er eftir að prenta álit hennar. Mér virðist því óþarfi að bera þetta mál undir atkv. Það er ómögulegt að álasa n. fyrir það, að hún hafi tafið málið; hún hefir þvert á móti því sem næst afgr. það á þessum stutta tíma. Það er því ekkert nema broslægur ákafi hjá hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. að fá málið undir atkv. áður en nokkrum hv. þdm. gefst tækifæri til að kynna sér álit samgmn. og vegamálastjóra á málinu. Það er eins og hv. þm. Borgf. sagði, að hann vill láta slag standa, þ. e. a. s. atkv-gr. Mér þykir einkennilegt, þegar svona viðtækar breyt. er um að ræða, að þær skuli enga afgreiðslu eiga að fá öðruvísi en að láta slag standa. Hv. þm. Vestm. mun vera sá, sem minnstra hagsmuna hefir að gæta í vegamálum vegna síns kjördæmis. Hann tekur þó fram, af hvaða ástæðum hann vill láta málið koma fram nú og hann geti ekki fylgt hinum að mál-um. Hann viðurkennir þar með, að mál-ið þurfi betur að athugast. En ég býst við,

að það sé af því, að hann er ekki ánægður með stj., að hann vill heldur afgr. málið án athugunar en að vísa því til stj. Hann vill ekki taka þá ábyrgð á sig, að málið sé nú tekið af dagskrá, en hann vill taka þá ábyrgð á sig, að stórkostlegt fjárhagslegt atriði og mikið hagsmunaaatriði fyrir mörg héruð landsins verði afgr. hugsunarlaust, án þess að hv. þdm. viti, hvað hefir verið reynt að undirbúa það í n. Ábyrgðartilfinning hv. þm. er því harla einkennileg í þessu efni.

Ég mun því eindregið styðja þá till.. að taka málið út af dagskrá, þangað til nál. er komið, því að þar er ekki heldur nema um einn einasta dag að ræða.

Forseti (JörB): Hv. þdm. hljóta að sjá, að það er ómögulegt að verða við tilmæl-um beggja aðilja, og er því rétt, að deild-in felli úrskurðinn.

Ólafur Thors: Ég vil undirstrika og biðja menn að athuga það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði. Hann sagðist líta svo á, að þegar deildin vísaði máli til n., þá hefði hún afsalað sér rétti til að fjalla um málið þar til n. hefði skilað álit. Með þess-um rökum vildi hv. þm. knýja það fram, að málið yrði tekið af dagskrá og n. fengi að ljúka við afgreiðslu þess. Ég vil nú í þessu sambandi minna á mál, sem hér var í gær til umr. Þá lét þessi hv. þm. skoðun sína í ljós á svona málefni. Þá var um það að ræða, hvort taka skyldi á dagskrá frv. um einkasölu á tóbaki. Frv. hafði verið vísað til n. fyrir örfáum dög-um og n. lét í ljós, að hún óskaði eftir, að málið yrði ekki til umr., þar sem hún væri ekki búin að athuga það. Þá beitti þessi sami hv. þm. sér gegn því, að það næði fram að ganga, sem hann reynir nú af fremsta mætti að berjast fyrir. Þó liggur þetta mál að því leyti öðruvísi fyrir, að samgmn. hefir þó fjall-að um þetta mál, sem nú liggur fyrir, en fjhn. hafði ekkert tækifæri haft til að fjalla um frv. um tóbakseinkasöluna.

Ég vildi aðeins benda hv. þdm. á það ó-samræmi, sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Rang. í dag og í gær, og vil heyra, hvernig hann skýrir þær breytingar, sem verða á mannlegu eðli á svo skömmum tíma.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það út af orðum hv. 2. þm. Rang., að ef nokkuð er broslégt í þessu máli, þá er það áhugi sá, sem kemur fram hjá honum. Mér virðist þessi áhugi vera mjög í samræmi við þá litlu þekkingu, sem ég hefi af honum haft þessa stund, sem hann hefir verið á þingi, þessi brennandi áhugi hans að þvælast fyrir og reyna að hefta framgang þeirra mála, sem ekki snerta hann persónulega eða hans kjörðæmi.

Þetta, hvort málið verður tekið fyrir í dag eða ekki, á því veltur, hvort nokkrar líkur eru fyrir því, að málið nái að komast fram á þessu þingi. Takist hv. 2. þm. Rang., sem nú hefir hlaupið fram fyrir skjöldu hjá n., að fresta 2. umr. í dag, þá er það útilokað, að frv. komist fram á þessu þingi, þar sem nú er komið að þingslitum. Hv. 1. þm. S.-M., sem orðinn er frægur að endemum fyrir að vilja sporna á móti öllum framförum, hefir nú fengið góðan liðsmann, þar sem hv. 2. þm. Rang. er, og hann sparar sig ekki heldur þegar um það er að ræða. Það eru framsóknarmenn í lagi þetta!.

Það, sem hv. þdm. verða að taka til athugunar við atkvgr. um það, hvort málið skuli tekið út af dagskrá, er það, að sú atkvgr. sker úr því, hvort málið kemst í gegn á þessu þingi eða ekki. Þó að nál. sé ekki komið enn, þá er það ekkert nema yfirsíksinsástæða, úr því þeir á annað borð viðurkenna, að þeir séu búnir að taka sína endanlegu ákvörðun um málið. Það getur ekki gert neinn mun, hvorki til né frá, hvort þeir skýra frá álitinu sínu í ræðuformi eða nál., svo að það þarf hér ekki eftir neinu að bíða. En samgmn. álitur, að það sé sér hreint og beint sálhjálpatriði að fá vilja sínum framgengt í þessu efni. Það er því ekki nema eðlilegt, að þessi sálusorgari, hv. 2. þm. Rang., vilji hér vaka yfir heill og velferð sinna kærnu samnm.

Ég vil því enn á ný benda hv. þd. á það, að atkvgr. um það, hvort taka eigi málið af dagskrá í dag, er aðeins atkvgr. um það, hvort málið nái fram að ganga á þessu þingi eða eigi að steypa því í þann drekkingarhyl, sem það er að vísa málunum til nefndarinnar, svo hv. 2. þm. Rang. geti kastað þar á það rekunum.

Hv. 2. þm. Rang. var eitthvað að fleipra með það, að ef menn fengju ekki að sjá framan í þetta nál., þá muni málið verða afgr. í flautri og hugsunarlaust. Þessi hv. þm. virðist líta svo á, að öll sú hugsun, sem hreyfist í heilum þessara 28 hv. þdm., sé innifalin í hans eigin heila og meðnm. hans í samgmn.; ef þeim standi ekki opin leið til þess að koma sínu álitu á framfæri, þá verði málið afgr. hugsunarlaust. Það er nú ekki smáræðis sjálfsálit, að ég ekki segi hreint og beint mont, sem stjórnar orðum þessa hv. þm.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki segja nema örfá orð. Mér heyrðist hv. 2. þm. Rang. vera að tala um það, að menn hefðu ekki ennþá kynnt sér, hvað n. legði til í þessu efni. En hv. þm. Vestm., sem er í minni hl. n., hefir látið það uppi, að meiri hl. n. vilji vísa málinu til stj. Ef svo er, þá veit maður, hvaða tromp hv. meiri hl. hefir á hendi. Það skiptir því engu máli, hvort menn fá þetta nál. skriflegt fyrir framan sig eða ekki.

Ég vil minna hv. 2. þm. Rang. á það, að hann vill ekki fara eins að nú eins og í gær í tóbakseinkasölumálinu. Það, sem máli skiptir í þessu efni, er það, hvort stj.flokkurinn hefir það á tilfinningunni, að hér sé um mál að ræða, sem andstöðuflokkarnir séu meðmæltir. Það er það, sem skilur. En ég á nú von á því, að það séu margir hv. þdm., sem hafi hug á því að koma þessu máli fram, og það jafnvel menn úr flokki sjálfrar stj. Og þótt n. vilji gjarnan fá máli þessu vísað til stj., þá getur þó farið svo, að nokkuð kvarnist út úr stj.flokkinum, þegar honum er ætlað að drepa þetta mál við atkvgr., því að það er rétt, sem hv. þm. Borgf. segir, að annaðhvort verður að taka mál þetta til meðferðar nú þegar í dag eða það er dauðadæmt á þessu þingi.

Jóhann Jósefsson: Hv. 2. þm. Rang. var að vikja að mér fyrir þá sérstöðu, sem ég hefði í n. Hann hefir misskilið aðstöðu mína að því leyti, að ég var með mínum orðum alls ekki að leggja það til, að málið væri endilega tekið fyrir í dag. Það komu engar till. frá mér í þá átt, heldur vildi ég aðeins gripa tækifærið til þess að lýsa afstöðu minni til málsins og n.,

af því að ég hafði ekki gert það skriflega. Ég lét mig það engu skipta, hvort hv. þm. finnst það brosllegt eða ekki, en mér finnst það satt að segja fullkomlega eins brosllegt hjá honum, þegar hann álitur það svo afarnauðsynlegt, hvernig meiri hl. samgmn. kemur orðum að því, að málinu skuli vísað til stj., hvort honum t. d. þóknast að segja „með því að“ eða „af því að“. Það er ekkert leyndarmál, að meiri hl. n. hefir þegar ákveðið að vísa málinu til stj. (BJ: Skiptir engu máli um rökin?). Ennþá hafa engin rök verið færð fyrir þessu hér í d., og ef satt skal segja, þá hefir heldur ekki bólað á þeim í nefndinni.

Ég ætla ekki að fara að metast við hv. 2. þm. Rang. út af ábyrgðartilfinningu í störfum hér á Alþingi. Hann hefir enn ekki sýnt með afskiptum sínum af þingmálum, að hann sé öðrum ríkari í þeim efnum, og held ég því, að hann geti vel beðið með að fella þunga dóma yfir öðrum, unz hann hefir sjálfur unnið lárviðarsveiginn á því sviði.

Sveinbjörn Högnason: Það virðist svo, sem ýmsum hv. þdm. hafi orðið hálfónotalegt af orðum þeim, sem ég lét falla hér áðan, og fundizt ástæða til þess að bera af sér sakir. Ég tel ekki ástæðu til þess að svara þeim miklu, enda skal það ekki gert.

Hv. þm. G.-K. var að biðja mig að sýna samræmið milli þess, að ég hafi í gær verið á móti því, að tóbakseinkasalan væri tekin af dagskrá, og þess, að ég nú er með því að þetta mál sé tekið af dagskrá. Þótt ég í gær hefði verið á móti því að tóbakseinkasalan væri tekin af dagskrá, sem raunar kom aldrei til atkvgr., þá er þar allt öðru máli að gegna. Því máli var við 1. umr. vísað til fjhn. og hefir dvalið allengí hjá þeirri hv. n., og lengur en hv. þm. vildi vera láta. Ennfremur hefir það mál legið fyrir mörgum undanförunum þingum og mun vera flestum, a. m. k. hinum eldri hv. þdm., þaulkunnugt. Þeir hlutu því þegar áður en málið kom úr n. að vera búnir að taka afstöðu til þess. Þessu máli, sem hér er um að ræða, var á hinn bóginn ekki vísað til n. við 1., heldur 2. umr. Með því lét d. ótvírátt í ljós, að hún æskti dóms sam-

gmn. um það áður en atkvgr. færi fram. En þessum breyt. á vegal. er hrundið hér inn í d. af fáum þm. og einungis miðaðar við fáein kjörðæmi á landinu. Síðan hefir rignt niður hinum mesta fjölda brtt., sem óhjákvæmilegt er að taka einhverja afstöðu til. Þetta finnst mér nægja til þess að sýna, að hér er um algerðan mismun á málefnum að ræða. Auk þess er álit samgmn. á leiðinni, en á hinn bóginn var það ekki vitanlegt, að von væri á nokkru slíku bráðlega frá fjhn. um tóbakseinkasöluna.

Hv. þm. G.-K. vildi fá frá mér nokkra skýringu á mannlegu eðli. Ég get sagt hv. þm. það, að það gæti bæði verið mjög fróðlegt og skemmtilegt að rannsaka slíkt, bæði hvað hann og aðra snertir, en satt að segja hafði ég hugsað mér, að margir aðrir staðir væru betur fallnir til slíkra rannsókna og lýsinga en hið háa Alþingi.

Hv. þm. Borgf. talaði um það, að ég væri með þessu atferli mínu að reyna að vaka yfir sálarheill minni og meðnm. minna. En sú mun vera raunin á, að ég er öllu fræmur að vaka yfir sálarheill hv. þm. Borgf. og flokksmanna hans með því að reyna að koma í veg fyrir, að hann geri tilraun til þess að flaustra jafnþýðingarmiklu máli af og slá hendinni á móti þeim upplýsingum í málinu, sem kostur er á.

Hv. þm. vildi segja, að þegar tekin væri ákvörðun um, hvort þetta mál skyldi nú tekið út af dagskrá eða ekki, þá væri um leið teftt um framgang þess á yfirstandandi þingi. En mér finnst miklu sennilegra, að sé málið tekið á dagskrá í dag, þá verði það til þess að tefja fyrir því, þar sem allar þessar till. koma þá órannsakaðar og óflokkaðar til umr. Mér þykir það einnig mjög sennilegt, að oss dm. endist það, sem eftir er þingtímans, til þess að ræða hverja einstaka brtt., sérstaklega ef við á að hafa sama ákafann og hv. þm. Borgf. hefir sýnt í þessu máli, og ef það verður nokkuð. sem þessu frv. verður að fjórtjóni, þá er það einmitt hinn barnalegi ákafi þessa hv. þm. Annars er þetta kapp og þessi ákafi hv. þm. Borgf. í ýmsum þeim málum, sem hann beitir sér fyrir, svo alkunnugt, að menn munu telja það brosllegri áhuga en þann,

sem ég að hans dómi sýni í því að koma þessu máli fyrir kattarnef.

Ég skal svo ekki fara mörgum fleiri orðum um þetta, en vil aðeins geta þess, að hv. þm. Vestm. virtist það engu máli skipta, hvernig færi um afgreiðslu þessa máls, né heldur þótt hvorki væri komið nál. frá honum eða meiri hl. n.; honum virtist einnig liggja í léttu rúmi, hver rök lægju til grundvallar fyrir þeirri afstöðu, sem meiri hl. hefði tekið í þessu máli og væntanlega mundu hafa komið fram í nál. hans.

Forseti (JörB): Ég vil enn æskja þess. að menn stytti mál sitt.

Bergur Jónsson: Ég vildi benda hv. þm. G.-K. á það, að engin ástæða er til þess að vera að ásaka dm. um ósamræmi viðvíkjandi afgreiðslu tóbakseinkasölnunnar og svo aftur þessa máls. Tóbakseinkasölumálið kom alls ekki til atkv. hér í d., því að forsetaúrskurður féll um það, að málið skyldi tekið fyrir. Þetta er einhver misskilningur hjá hv. þm. G.-K.; ég veit ekki til þess, að neinn hv. þdm. hafi greitt atkv. um það, hvort þetta mál skyldi tekið á dagskrá eða ekki. Hinsvegar lét þessi hv. þm. og flokksbræður hans álit sitt á málinu á ýmsan hátt í ljós og skýrði frá því, hvaða afstöðu ýmsir hv. þm. hefðu tekið til þessa máls í gær. Að öllu leyti er hér ólíku saman að jafna. Tóbakseinkasölumálið var búið að liggja fyrir mörgum undanfórnum þingum, og kemur nú hingað frá Ed. og úr n. þaðan, og engin brtt. kom fram við það hér í d. Aftur á móti kom hinn mesti fjöldi brtt. við vegalögin, og virðist þegar af þeim sökum full ástæða til þess að athuga málið til hlitar.

Ég legg ekkert sérstakt kapp á það, að þetta mál verði ekki rætt hér í dag. Það, sem mér finnst vera aðalatriðið, er það, að þingið afgr. ekki málið eins flausturslega og við er að búast, þegar fjöldi þdm. kemur hér með brtt. við lögin um hina og þessa vegi í kjördæmum þeirra, og dm. hafa alls enga aðstöðu til þess að greiða atkv. um jafnórannsakað mál. Sjálfsagða lausnin á málinu á þessu þingi er sú, að visa því til stj., eða láta það þá biða nánari rannsóknar.

Ólafur Thors: Það fór þá svo, að meðhjálpurinn reyndist betri en presturinn, því að hann mundi þó eftir því, að ekki hafði verið gengið til atkv. um það, hvort tóbakseinkasalan skyldi tekin á dagskrá í gær eða ekki, og þetta mun vera rétt. En eitthvað hefir þó ónáðað samvizku prestsins, því að mestöll ræða hans hneig í þá átt að leiða rök að því, að það væri allt annað, þótt tóbakseinkasalan hefði verið tekin frá fjhn., en að vegalögin séu tekin úr þeirri n., sem hann á sæti í. Ef hv. þm. sýndi ekki í gær afstöðu sína til málsins, þá hefir nann þó ljóslega gert það með ræðu sinni áðan. Það er því óþarfi fyrir hv. þm. Barð. að vera að amast við því, sem ég sagði við hv. 2. þm. Rang., því að nann hefir játað, að hann vildi í gær láta taka málið úr höndum n.

Í tilefni af því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að fjhn. hefði haft tóbakseinkasöluna skamma stund til meðferðar, þá vil ég upplýsa það, að málinu var á föstudaginn var vísað til n. Þann dag stóð fundur fram á nótt, og allan næsta dag var þingfundur. Síðan hefir n. haldið tvo fundi til afgreiðslu margra mála, er fyrir lágu, en enn eigi unnizt tími til að afgr. tóbakseinkasöluna. Það stendur því að öllu leyti eins á um þetta mál og hitt, nema hvað samgmn. má vera vandaminna að skapa sér hugmynd um þetta mál.

Ef það er rétt, sem hv. þm. Vestm. segir, að n. sé raunverulega búin að taka afstöðu til málsins, þá er þetta einungis gert til þess að drepa það.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það er mjög að vonum, að Íhaldið og Framsókn deili skarpt um þetta mál, því að eins og sakir standa, þá er það þýðingarlaust atriði. Það er ekkert annað en láta-læti að vera að bata svo og svo mörgum vegum í vegalögin. Þegar skornar eru niður, eins og nú er gert, allar fjárveitingar til vegalagninga. (BJ: Það getur haft þýðingu í framtíðinni). Rétt, en mér er þó nær að halda, að mörg, mörg þing verði búið að heyja áður en það fer að hafa gildi. Ég get ímyndað mér, að eftir þeim vegafjölda, sem þegar biður í vegalögum, þá muni þó nokkrir áratugir líða, unz þetta kemur til framkvæmda, og það

þótt meira fé væri lagt til vegagerða en nú er í fjárlagafrv. Það eru því ekki annað en látalæti að flytja þetta frv. á þessu stigi málsins, og fer vel á því, að þessir flokkar gripi tækifærið og búi sér þar til ágreiningsefni og látist rifast. En fyrst farið er að rekja þessa krákustigu út um land, þá vildi ég vikja dálítið að krákustigunum um myndun þeirrar stj., sem nú er í fæðingu. (Forseti: Ég vil minna hv. þm. á það, að málið sjálft er enn eigi komið til umr., og auk þess er þetta ekkert þingskapaatriði, og ég vil vona, að hv. þm. láti nú vera að ræða slík mál). Ég hliti þá auðvitað úrskurði hæstv. forseta.

Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. G.-K er orðinn kunnur að því að hafa allmikið álit á sjálfum sér. (ÓTh: Já, miklu meira en á þessum hv. þm., sem nú er að tala). Og hann sýnir það enn, er hann þykist geta lesið allan hug manna án þess að hafa annað fyrir sér en orð þeirra um önnur efni en um er deilt. Hann vildi færa rök fyrir því, hve mikið ósamræmi væri hjá mér í atkvgr. Ég hygg, að til margra hv. þm. mætti með réttu beina slíkum orðum, en það situr áreiðanlega ekki á hv. þm. G.-K. að gera það. Ég ætlaði í raun og veru að hlífa honum við því að benda á það ósamræmi, sem komið hefir fram hjá honum við atkvgr. hér í d., ef hann væri ekki endilega að fiska eftir því hvað eftir annað. (Forseti: Ég vil biðja hv. þm. að blanda ekki allt of óskýldum málum inn í umr.). Það má geta þess, að hv. þm. G.-K. hefir í sömu atkvgr. fyrst sagt já og síðan nei við sama málinu, t. d. við LR. Hann skrifaði undir nál. um fjárlagalögin og lagði þar með til, að þau væru samþ., en við atkvgr. greiddi hann atkv. á móti frv. (MG: Það er óþarfi að vera að lesa upp Tímann herna). Margt mundi nú hv. þm. geta tekið sér óþarfara fyrir.

Sveinn Ólafsson: Það er vorkunnarmál, þótt hv. þm. Borgf. leggi slíkt ofurkapp á framgang þessa máls í dag, sökum þess, að þær umbætur, sem frv. á að gera á vegalögunum, lúta meira að hans eigin kjördæmi en nokkurs annars þm. En að sama skapi, sem breyt. þessar eru honum áhugaefni, af því að þær snerta svo mjög

hans eigið hérað, þá lýsir sér hjá hv. þm. lítil umhyggja fyrir öðrum sveitum landsins, sem þó hafa eigi síður þörf og réttmæta heimtingu á því, að þeim sé rétt hjálparhönd í þessu efni. En nú er ekki annað sýnilegt en að einu möguleikarnir til þess, að þetta mál geti fengið fulla afgreiðslu á þessu þingi sé að skera niður allar brtt., sem fram eru komnar, og samþ. frv. óbreytt. Um þennan eina möguleika er hv. þm. vel kunnugt. enda virðist hann berjast ötullega fyrir því, að sú leið verði farin og frv. lögfest eins og það nú liggur fyrir. En ég verð að minna hv. þm. á það, að vegamálastjóri, sem hefir áður gert till. til samgmn. Ed. í þessu efni, hefir ákveðið lagt á móti ýmsum þeim vegum, sem í frv. eru teknir upp, og bent á það, að ýmsir þeirra séu með öllu óþarfir. Svo er t. d. um dýrasta veginn, þann sem ætlað er að girði Snæfellsnes. Má heita, að hann liggi um óbyggðir og verstu torfærur. Um aðra vegi í frv. má þó segja, að þeir liggi um mannabyggðir, þótt reyndar séu þeir í héraðum, sem best eru áður búin vegum. Það, sem hér kemur til álita, er það, hvort daufheyrast eigi við óskum allra landsmanna um vegabætur, nema þeirra fáu, sem koma til greina í þessu efni skv. frv. Þykir mér það næsta undarlegt, að hv. þm. Borgf., og þeir, sem honum fylgja að málum, skuli taka það svo óstinnt upp, þótt óskir komi fram um það að visa málinu til stj. Af hvaða ástæðum munu slíkar óskir fram komnar? Það liggur í augum uppi, að þær byggjast á því, að með þeim hætti verði hægt að gera þá heildarrannsókn og undirbúning á málinu, sem nauðsynlegur er til þess að skera réttlátlega úr því, en sem ekki mundi verða gert, ef frv. yrði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Forseti (JörB): Ég vænti þess, að hv. dm. séu nú búnir að gera upp við sig, hvernig þeir ætla að greiða atkv.

Ólafur Thors: Það var ráðizt mjög harðlega á mig áðan, hæstv. forseti, þar sem mér var brugðið um hið sama af hv. 2. þm. Rang. og stungið hefir verið að honum, nefnilega hringlandahátt og kjánaskap. Hv. þm. sagði, að ósamræmi

hefði verið í atkygr. minni um fjárauaklögin og LR. Hv. þm. man það vel, að ég sagðist mundu vinna til að samþ. LR með öllum hans göllum, ef brtt. hv. 2. þm. Skagf. við hann fengjust knúðar fram. (SvbH: Kom það fram í nefndarálitinu?). Ég held nú, að þessi bókstafs-prestur ætti að taka það trúanlegt, sem liggur í hlutarins eðli, eins og það, að ég væri meðmæltur till. hv. 2. þm. Skagf. um að gera leiðréttingu á reikningnum, þannig að ekki væri í honum nema 1 millj. kr. raunveruleg skekkja. Hv. þm. veit það, að ég hefði verið til með að samþ. reikninginn, ef þessi leiðrétting hefði fengist.

Þá sagði hv. þm., að ég þættist geta lesið allan hug manna án þess að hafa annað fyrir mér en orð þeirra. Ég var nú satt að segja svo vitlaus, að ég hélt, að það, sem hann gefur í skyn með orðum sínum, myndi vera einhver spegilmynd af því, sem hann er að bögglast við að hugsa. Það getur vel verið, að þegar menn kynnast honum, taki þeir ekkert mark á því, sem hann segir, en ég hefi ennþá ekki haft tækifæri til þess að kynnast honum svo, að ég geti reiknað það út, hvort hann meinar það, sem hann segir, eða þveröfugt.

Pétur Ottesen: Það kom í ljós hjá hv. 1. þm. S.-M., að þar skín í úlfinn undir sauðargærunni (Forseti hringir), þegar hann heldur því fram, að ég hafi viljað koma fram þessu frv. eins og það nú er, en fella allar till. deildarmanna, því hann segir, að á annan hátt verði ekki hægt að afgreiða málið.

Ég skal segja, hvað ég meinti með því, að það skín í úlfinn undir sauðargærunni. Með því að afgreiða þetta mál hér í dag er hægt að afgreiða það á morgun til Ed. með afbrigðum frá þingsköpum, og þar gæti það orðið að lögum á laugardaginn. Það væri því hægt að koma þessu máli fram nú í þinglokin og samþ. það af brtt. einstakra þm., er þingið getur fallið á. Það er heldur engin undantekning frá þeirri reglu, sem gilt hefir um afgreiðslu mála almennt nú á síðustu dögum þingsins, þó þetta mál yrði afgr. með afbrigðum frá þingsköpum. Svo hefir það verið um flest þau mál, sem nú er verið að ljúka við að afgreiða. En í stað

þessa vill þessi hv. þm. taka málið af dagskrá og vísa því til stj., þangað sem fátt kemur lifandi aftur.

Ég óska nafnakalls, til þess að geta séð, hverjir verða til þess að drepa sitt eigið fóstur.

ATKVGR.

Samþ. með 12 : 10 atkv. að taka málið af dagskrá, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvH, SvÓ, ÞorLJ, BJ, BSt, BKr, Gl,²⁾ HStef, IngB, JAJ, JÓI nei: ÓTh,¹⁾ PO, BÅ, EA, HJ, JJós, LH, MG, MJ, JörB.

HG,³⁾ HV greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (TrÞ, VJ, ÁÁ, JónasÞ) fjarstaddir.

Á 35. fundi í Nd., næsta dag, var útbýtt nál. frá meiri hl. samgmn., á þskj. 398, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

41. Stjórnarskrárbreyting.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:

Fr. til stjórnarskipunarlags um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (þmfrv., A. 39).

Á 7. fundi í Ed., 22. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég vil fyrst leyfa mér að fara nokkrum orðum um aðdraganda þess, að þetta frv. er nú flutt. Ég vil þá fyrst minna á það, að í stjórnarskránni frá 1874 er svo fyrir mælt, að á Alþingi skuli eiga sæti 30 þjóðkjörnir þm. og 6 konungkjörnir. Þessi skipun Alþingis hélzt nokkurnveg-

1) Með svofelldri grg.: Af þeim úrskurði, sem hæstv. forseti felldi hér í deildinni í dag, álit ég ekki rétt að taka málið af dagskrá og segi því nei.

2) Með svofelldri grg.: Ég álit ekki rétt að taka fram fyrir hendur n. og segi því já.

3) Með svofelldri grg.: Ég tel, að þetta skipti engu máli og greiði því ekki atkv.

Stjórnarskrárbreyting.

inn óbreytt til ársins 1915. Þá var sú breyt. gerð, að í stað hinna 6 konungkjörnu þm. komu 6 þm., kosnir með hlutfallskosningu um land allt. Þessi breyt. var bein afleiðing af því, að sú hugsun hafði þroskatz meðal landsmanna, að það væru borgararnir einir, sem ættu að hafa æðstu völd þjóðmálanna. Í stjórnarskránni frá 1915 er kjörtímabil kjördæmakjörinna þm. ákveðið 6 ár, og landskjörinna 12 ár. Árið 1920 var kjörtímabilið stýtt niður í 4 ár og 8 ár.

Samtímis þessum breyt. á stjórnarháttum landsins hafði orðið sú breyt. á högum þjóðarinnar, að þeir menn, sem ekki höfðu rúm eða skilyrði til þess að búa í sveitunum og fram undir aldamót höfðu leitað til annara landa, tóku nú að flytjast til kaupstaða og kauptúna innanlands. Árið 1874 bjuggu flestallir landsmenn í sveitum, en nú er svo komið, að fullur helmingur landsmanna býr í kaupstöðum og kauptúnum, án þess að sveitafólki hafi þó fækkað neitt til muna.

Við þessar breyt. kom það skýrt í ljós, að hæði landskjörið og kjördæmakosningarnar voru allmiklum annmörkum bundnar, sérstaklega eftir að kjörtímabilið var stýtt. Voru mjög mikil vandræði að því, hve oft þurfti að kjósa. Þurfti venjulega að kjósa tvisvar á hverjum fjórum árum, og það kom fyrir, að landskjör varð að fara fram tvisvar sama árið. Úr þessu var reynt að bæta á þinginu 1927. Þá bar þáv. stj. fram frv. til stjórnskipunarlaganna þess efnis, að allir þm., bæði landskjörnir og kjördæmakjörnir, skyldu kosnir í einu fjórða hvert ár. Hefðu þessar breytingar gert fyrirkomulagið hagkvæmara og einfaldara. Frv. var samþ. á þinginu 1927, en féll á þinginu 1928, og situr því við hið sama enn.

Flutningurinn til kaupstaðanna og fólksfjölgunin við sjóinn hefir gert það að verkum, að stórfelldir gallar hafa komið í ljós á kjördæmaskipuninni, gallar, sem ekki þekktust 1874. Hefir verið reynt að bæta úr þessum göllum með sérstökum þingsætum fyrir kaupstaðina. Hefir þm. verið fjölgað alls um 6 á þennan hátt. En það hefir sýnt sig greinilega, að þessar umbætur hrökkva hvergi nærri til að vega upp á móti þeim breyt., sem

orðið hafa á högum þjóðarinnar á þessum tíma.

Gallar kjördæmaskipunarinnar komu talsvert greinilega í ljós við kosningarnar árið 1927. Það sýndi sig, að það munandi miklu, hvaða atkvæðamagn stóð að baki hverjum þm., eftir því hvaða flokki hann fylgdi. Og mönnum var það ljóst, að þetta myndi koma enn berar í ljós síðar. Fóru menn því að hugsa til breytinga á þessu, en ekki af verulegum áhuga, að því undanteknu, að Alþýðuflokkurinn hafði það á stefnuskrá sinni að gerbreyta fyrirkomulaginu: Gera landið allt eitt kjördæmi og viðhafa hlutfallskosningar. En öllum var það ljóst, að ef breyta skyldi stj. skr., þá yrði að ráða bót á göllum þeim á kjördæmaskipuninni, sem smátt og smátt höfðu færzt í vöxt vegna fólksfjölgunarinnar í bæjunum.

Það kom því flestum á óvart, þegar hæstv. stj. lagði fram frv. til breytinga á stjórnarskránni á síðasta þingi, þar sem engin breyt. var gerð á þessu önnur en afnám landskjörsins. Því þrátt fyrir þá galla, sem á landskjörinu eru, þá verður því ekki neitað, að við landskjörið kemur fram réttlátari aðstaða þjóðarinnar til þess að velja sér þingfulltrúa heldur en við kjördæmakosningarnar. Það var því undarlegt, að hæstv. stj. skyldi einungis ætla sér að breyta fyrirkomulaginu með því að nema burt landskjörið, en ekkert láta koma í staðinn, sem bætt gæti úr óréttlætinu.

Ég geri því ekki ráð fyrir, að neinum hafi komið það á óvart, þó að frv. þessu væri svarað á þann hátt, sem gert var hér í hv. d. í vetur, að bera fram brtt. við það um að heimila viðtækari breytingar á skipun þingsins. Þessar brtt. voru, sem eðlilegt var, bundnar við form þess frv., sem fyrir lá frá hæstv. stj.

Aðalbreyt. var í því fólgin, að ákvæðinu um, að kjósa megi þm. Reykjavíkur með hlutfallskosningum, mætti einnig beita í öllum öðrum kjördæmum á landinu. Var till. þessi samþ. og felld inn í stjfrv. með tilliti til þess, að sú heimild, sem í brtt. felst, yrði notuð til þess að koma á breytttri skipun þingsins. Í sjálfu sér voru brtt. þessar ófullkomnar, þar sem þær voru bundnar við stjfrv. og gáfu því ekki fullkomna mynd af óskum

flm. í þessum efnun. Má því ekki álíta, að stjfrv., eins og það var samp. við 2. umr. í þessari hv. d., birti nærri fullkomlega vilja þeirra þm., sem báru fram brtt.

Þessari meinlausu uppástungu svaraði hæstv. stj. með því að gripa til hins mesta óyndisúrræðis. Hún rauf ekki aðeins þingið, heldur hleypti hún því upp og rak þm. heim þvert ofan í skýlaus fyriræli sjálfrar stjórnarskrárinnar.

Nú hefir hæstv. stj. samt tekið aðra afstöðu til þessa máls, þar sem hún hefir borið fram till. um skipun mþn. til þess að rannsaka málið.

Við umr. um þessa till. sagði hæstv. forsrh. — sem reyndar er ekki staddur hér í d. nú, enda þó að vænta mætti, að hann teldi það embættisskyldu sína —, að hann geri það að höfuðatriði í þessu máli, að núv. kjördæmi haldi réttinum til þess að kjósa sérstaka þm.

Hæstv. forsrh. hafði enga ástæðu til þess að hlaupa upp með lögleysur og stjórnarskrárbrot af þeim sökum, þó að bornar væru fram brtt. um hlutfallskosningar í kjördæmum, því að það er kunnugt, að í ríki, sem við stöndum í mestu sambandi við, Danmörku, er einmitt sú tilhögun í kosningum til þjóðþingsins, að þar er hlutfallskosning í stórum kjördæmum, en þar kys samt hvert hérað sinn fulltrúa á þing, þannig að þetta tvennt er engan veginn ósamræmanlegt. Þessir athurðir, sem gerzt hafa síðan stjkrfrv. var hér til meðferðar í vetur, fyrst og fremst að gripið var til þess að rjúfa þing og reka þm. heim, og svo þar kosningar, sem síðar hafa fram farið, hafa fært mönnum tilfinnanlega heim sanninn um það, að ekki er mögulegt að una lengur við þá tilhögun á kosningu kjördæmakosinna þm., sem nú er. Og þá er það fyrst og fremst í því skyni að greiða götu fyrir nauðsynlegum umbótum í þessu efni, sem frv. þetta er fram borið. Það eru 3 höfuðbreytingar á núv. stjórnarskrá, sem farið er fram á hér í frv. Fyrsta breyt. er, að ákveðið sé í sjálfri stjkr., að þing skuli svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu, sem greidd var framþjóðendum flokkanna samtals við almennar kosn-
Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

ingar. En þetta er það sama og að ákveða í stjkr. sjálfri, að þing skuli svo skipað, að það gefi rétta mynd af skoðunum og vilja kjósenda á landinu í þeim höfuðstefnumálum, sem á hverjum tíma er lögð svo mikil áherzla á, að þau eru látin skipta flokkum. Þetta, að þing sé rétt mynd af vilja kjósenda í landinu, er í raun og veru undirstöðuatriðið, sem þessi tilhögun, að láta kjörna fulltrúa fara með vald þjóðarinnar, byggist á. Eins og kunnugt er, var lýðræði, þar sem það komst á, upphaflega framkvæmt á þann hátt, að atkvæðisbærir borgarar komu sjálfir fram á þjóðarsamkomum og greiddu sjálfir atkv. En þegar lýðrikin uxu, varð þessi tilhögun of erfið í framkvæmdinni, og þá var gripið til þess, í staðinn fyrir að menn kæmu sjálfir og greiddu atkv., að velja sér fulltrúa til þess að koma fram fyrir sína hönd og neyta atkvæðisréttarins.

En það er auðkenni í grundvallarhugsun lýðræðisins, að hún heimtar, að fulltrúarnir séu í samræmi við vilja umþjóðenda, þó að visu sé hægt að fara lengra eða skemmra í því að fullnægja þessum kröfum. Eins og menn vita, þá verða undir lýðræðistilhöguninni þau endalök hverrar deilu, og deilur geta þar alltaf komið upp, að meiri hluti sker úr. Þess munu líka dæmi, að fulltrúar hafi verið kosnir þannig, að meiri hl. ræði þar einn öllu vali. Og þó að það megi þykja undarlegt fyrir sjónum nútímamanna, að meiri hl. kjósenda, máské lítill meiri hl. kjósenda, eigi að hafa rétt til að hafa einn alla fulltrúa, þá má þó mæla þeirri tilhögun þá bót, að það er meiri hl., sem fær ráðin gegnum sína fulltrúa. Þó að hægt sé að mæla þessari tilhögun bót, þá er langt frá að hún fullnægi réttlætishugsjónum nútímamanna. En hinu er aldrei hægt að mæla bót, að minni hl. atkvæðisbærri manna eigi að ráða kosningu meiri hluta fulltrúa, sem svo eiga að taka ákvörðun fyrir hönd kjósendanna. Það er ekki hægt að verja, því þá er komið út fyrir hugsun lýðræðisins. Þá eru það ekki kjósendur í landinu, sem í raun og veru hafa æðstu völd yfir málum þjóðarinnar. En svona er einmitt komið nú hjá okkur, og það vildi einmitt svo til, að um leið og stjórnin,

Stjórnarskrárbreyting.

að því er hún sjálf segir, setur þetta mál allt á oddinn, þá gerðust þeir viðburðir í kosningunum, sem færðu fram sannanir, sem ekki verður á móti mælt, um það, að sú tilhögun, sem nú er, er alger afneitun á lýðræðisgrundvöllinum. Það fór svo við þessar kosningar, að flokkur, sem hefir fengið 15 af hverjum 42 greiddum atkv., hann fær 23 af 42 þingfulltrúum. Þegar svo er komið, má öllum vera ljóst, að lengur verður ekki við unað, enda má skoða till. stj. sem viðurkenningu af hennar hálfu um, að við svo bú-ið megi ekki standa. Þetta frv. fer nú aðeins fram á að slá fastri þeirri sjálfsögðu grundvallarreglu, að þingflokkar fái þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er framþjóðendum þeirra í almennum kosningum. En hitt lætur frv. algerlega óbundið, á hvern hátt þessum grundvallaratriðum verði fullnægt með kosningalögum. Með öðrum orðum, sjálf tilhögun kosninganna er með öllu látin óbundin. Það þarf ekki að þykja neitt nýstárlegt, þó að upp á þessu sé stungið, því við slíka stjórnarskipun höfum við átt að búa frá 1874—1915. — Þá var ekkert ákvæði í stj.skr. um tilhögun á kosningu kjördæmakosinna þm., annað en það, að sjálf kjördæmaskiptingin var tekin upp sem bráðabirgðaákvæði aftan við stjórnarskrána 1874, og þá með því fororði, að því mætti breyta með lögum. Þess vegna var það, að hægt var að herabí fram á Alþingi 1905—07 frv. um hlutfallskosningu í stórum kjördæmum. Þá var ekkert í stjórnskipunarlögum landsins, sem batt hendur löggjafarvaldsins um það, hvernig tilhögun á vali alþm. ætti að vera. Þær hömlur, sem nú eru í stj. skr. um skipun þm., komu inn í hana 1915 í sambandi við ákvæði um landskjör, því það var bundið með lögum, að við landskjör skyldi hafa hlutfallskosningar. Í sambandi við þetta er líka stungið upp á að sleppa ákvæðinu um tölu þm. Hingað til hefir það verið svo í stj. skr., að tala þm. hefir verið ákveðin, en jafnframt kveðið svo á, að þessari tölu mætti breyta með lögum. Þess vegna er það engin grundvallarbreyting, þó að farið sé fram á að sleppa þessu úr stj. skr. En að hafa ákvæði í stj. skr. um tölu þm., það gæti bundið hendur löggjafarvalds-

ins, þegar á að kveða á um tilhögun alþingiskosninga. Þess eru dæmi í nútíma-stjórnarskipun, að tala þm. eða tala þjóðarfulltrúa er ekki ákveðin, heldur sett í beint hlutfall við það, hvað mörg atkv. hafa komið fram við kosningar frá kjósendum. Tilgangur frv. með orðun þessarar 1. gr. er þá sá annarsvegari, að afmarka sjálfan grundvöllinn, sem skipun þessi á að byggjast á, og er þar í raun og veru ekki um neina efnisbreyt. að ræða frá því, sem hingað til hefir verið, því núgildandi stj. skr. gengur sjálf út frá því, að kosningarréttur einstaklinga sé jafn, þar sem í henni eru ekki nein ákvæði um mismunandi rétt manna í þessu efni. Í öðru lagi að nema burt úr stj. skr. öll ákvæði, sem geta orðið hindrun þeirri tilhögun alþingiskosninga, sem fullnægir réttlætiskröfunum.

Þá er 3. höfuðákvæðið í þessu frv. rýmkun kosningarréttarins. Það eru að miklu leyti sömu ákvæðin, sem samþ. voru við 2. umr. stjórnarskrárfrv. hér í deildinni í vetur, en þó á að auka einu rýmkunarákvæði við, sem sé að nema burt sem skilyrði fyrir kosningarrétti, að kjósendi hafi verið búsettur í sínu kjördæmi eitt ár.

Ég hefi þá gert grein fyrir aðalatriðum þessa frv., eftir því sem mér þykir nauðsynlegt að svo stöddu, og vil leyfa mér að leggja til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til þeirrar 5 manna stjórnarskrárnefndar, sem kosin var hér á þingfundi til þess að taka til meðferðar þáttill. um endurskoðun á kjördæmaskipuninni og skipun Alþingis.

ATKVGR.

Frvi. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til stj. skrn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 21. ágúst, var úthýtt nál. frá minni hl. stj. skrn., á þskj. 417, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

42. Verðfesting pappírsgjaldeyrís.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um verðfesting pappírsgjaldeyrís (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Frv. þetta flutti ég ásamt hv. fyrrv. 1. þm. G.-K. á síðasta þingi, og var þá fyrst til umr. hér í þessari hv. þd. Ég gerði þá grein fyrir þeim meginatriðum, sem eru þess valdandi, að ég eftir atvikum öllum aðhyllist þessa úrlausn gengismálsins eins og nú er komið. Mér þykir ekki þörf á að endurtaka það, sem ég þá sagði, en skal aðeins taka það fram, að allar þær ástæður, sem ég bar þá fram fyrir þessu máli, eru ennþá óbreyttar, og þeir viðburðir, sem í þessu efni hafa gerzt, hafa haldið áfram að staðfesta það, að nauðsyn er að binda enda á þetta mál um gildi íslenzks gjaldeyrís, og svo líka það, að það er sérstök ástæða til þess að varast sérstaklega þá úrlausn málsins, sem mundi veikja traustið á gjaldeyri landsins í framtíðinni nokkuð fram yfir það, sem ytrasta nauðsyn krefur.

Við höfum séð það nú upp á síðkastið, að jafnvel eitt af stórveldum álfunnar hefir komizt í bráða hættu með gjaldeyri sinn, jafnvel þó að hann væri tryggður með gullinnlausn og löggjöf á allan þann hátt, sem fullnægir nútímakröfum, og ekki séð fyrir endann á því ennþá, hvort þessi hættu endi með hruni þessa gjaldeyrís eða ekki. Ég á hér auðvitað við gjaldeyri þýzka ríkisins.

En þetta, sem þar hefir gerzt, á að vera öðrum aðvörun, að láta aldrei ímyndaða stundarhagsmuni leiða sig út á þá braut, sem getur spillt til langframa trausti á, að sú þjóð hafi getu og vilja til þess að halda föstum sínum myntlögum og gjaldryriseiningu.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

43. Virkjun Efra-Sogsins.

Á 4. fundi í Ed., 18. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um virkjun Efra-Sogsins (þmfrv., A. 44).

Á 8. fundi í Ed., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er að miklu leyti shlj. frv. um sama efni, sem flutt var í Nd. á síðasta þingi, en varð ekki útrætt fremur en önnur stórmál. Eins og tekið er fram í grg., þá er það utanþingsnefnd, sem stj. hefir skipað í raforkumálinu, sem hefir undirbúið þetta frv. Mér þykir hlýða að lýsa aðeins í höfuðdráttunum tilgangi frv. nú þegar við þessa umr., en skal reyna að forðast að fara inn á einstök atriði. Það tel ég, að geti beðið til seinni umr. málsins.

Eins og kunnugt er, þá var flutt í þessari hv. d. fyrir tveimur árum frv. um raforkuveitur til almenningsþarfa. Þar var borin fram sú hugsun, að óhjákvæmilegur liður í þeirri viðreisn landbúnaðarins, sem allir þingflokkar eru sammála um að setja einna efst meðal þeirra verklegu málefna, sem nú liggja fyrir þjóðinni, er það, að koma raforku út um sveitir landsins til heimilisnotkunar. Þegar litið er á framkvæmd þessa máls, verður það fljótt ljóst, að framkvæmdir skiptist í þrjá liði.

Fyrsta atriðið er það, að koma upp orkuverunum, nægilega stórum og nægilega mörgum, sem menn geti síðan átt kost á raforku frá. Annað atriðið er að koma veitulaugunum frá þessum raforkuverum út um byggðir landsins. Þriðja atriðið eru svo þær framkvæmdir heima fyrir innan húss og utan, sem verður að gera á hverju heimili, sem ætlar að nota sér raforkuna.

Nú er það fyrirfram ljóst, að afstaða manna til þess að leysa fyrsta atriðið, að koma upp orkuverunum, hún er í sjálfu

sér ekki svo sérlega misjöfn, náttúrulega nokkuð misjöfn, eftir því hve hentugt það fallvatn er, sem menn eiga kost á, en yfirleitt er það fyrir vissan fólksfjölda jafnkostnaðarsamt, hvort sem þessi fólksfjöldi býr í þéttbýli eða dreifbýli.

Sama er að segja um þriðja atriðið. Aðgerðir allar heima fyrir eru svipaðar að kostnaði, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. En með annað atriðið, **veitutaugarnar**, þá er það ljóst, að þar skapar dreifbýlið sérstaka örðugleika. Og í þessu upphaflega frv. er þegar horin fram sú hugsun, að til þess að yfirvinna þessa sérstöku örðugleika dreifbýlisins muni ekki verða komizt hjá framlagi af opinberu fé.

Nú þótt þetta fyrsta frv. þannig gerði ráð fyrir framlagi af opinberu fé til þessa hluta af framkvæmdinni, þar sem þess er sérstaklega þörf vegna dreifbýlis, þá liggur það í hlutarins eðli, að ekkert getur komizt í framkvæmd í þessu efni, nema leyst séu öll þessi þrjú viðfangsefni, að koma upp orkuverinu, í öðru lagi veitutaugarnar og í síðasta lagi að koma í verk heimaframkvæmdum hjá hverjum einstaklingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, snýr sér að því, að hagkvæm úrlausn fáið á fyrsta liðnum, þ. e. að koma upp orkuveri fyrir allan suðvesturhluta landsins, og það hefir að tilhlutun raforkumálanefndar farið fram sérstök rannsókn á því, hve stór landshluti það væri, sem eðlilegt mætti þykja, að notaði raforku frá Söginu. Það má að visu segja, að þeirri rannsókn sé ekki alveg lokið að því er snertir útjaðra þessa svæðis, sem hér um ræðir. Það getur ennþá leikið á nokkur vafi um nokkrar sveitir, hvort þær lendi í útjöðrum svæðisins eða utan við svæðið. En svo mikið má fullyrða, að allir landshlutar frá Vestmannaeyjum til vesturtakmarka Mýrasýslu munu njóta hagnaðarins af því að ná til þessa orkuvers, ef annars verður kleift að leysa hina tvo þætti málsins fyrir þessa landshluta.

Það eru viss grundvallaratriði viðvikjandi kostnaði við orkuver, sem nauðsynlegt er að vita og hafa í huga, til þess að geta gert sér ljóst frá upphafi, að hér er um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir íbúa þessa lands, ef annars reynist til-

tækilegt að útvega þeim afnot af raforku, og það er þá fyrst það, að hvert hestafl úr orkuveri kostar yfirleitt þeim mun minna sem orkuverið er stærra. Þetta er höfuðregla, sem getur þó náttúrulega átt sér undantekningar á þann hátt, að sérstaklega góð skilyrði séu með litið fallvatn, en sérstaklega óhagkvæm fyrir stórt fallvatn. Þá getur verið, að hvert hestafl úr því litla verði ódýrara en úr því stóra, en það er undantekning, sem kemur aðeins fyrir í einstöku atriðum, en alls ekki regla.

Annað atriðið í þessu efni, sem líka verður að hafa hugfast, er það, að þegar ráðast á í virkjun, sem á að fullnægja þörf einhvers landshluta um nokkuð langan tíma, þá er afarmikill vinningur að því, ef hægt er að taka virkjunina í fleiri skrefum en einu, ef hægt er að taka hana í hæfilega mörgum skrefum, því að það er svo með raforkunotkun eins og raunar margt annað af því, sem notað er til að gera lífið auðveldara, að reynslan hefir sýnt, að notkun þess byrjar í fremur smáum stíl, en fer stöðugt vaxandi og tekur langan tíma, víða 20–30 ár, að koma notkuninni upp það mikið, að þess sjáist merki, að farið sé að draga úr vexti notkunarinnar. Það er ákaflega erfitt að leggja fram til byggingar orkuvers mikið fé, sem ekki verður að notum fyrr en eftir 20–30 ár. Þess vegna er afaróhentugt að þurfa þegar í upphafi að byggja orkuver, sem nægir sínu héraði um mjög langt árabíll. Reynslan hefir alstaðar sýnt, að rétta leiðin er að taka fallvatn, sem í sjálfu sér er nógu stórt til að láta í té það afl, sem er álitid nóg næstu áratugi, en framkvæma verkið í byrjun ekki nema að nokkrum hluta, en þó ávallt svo, að nokkurn hluta verksins megi framkvæma síðar, eftir því sem þörf manna á auknu rafmagni eykst á hverjum stað.

Sú niðurstaða af þessu, sem ég vil sérstaklega biðja alla hv. þdm. að hugfesta, er það, að þar sem hægt er að taka virkjunina svona stig af stigi, þar verður fyrsta stigið tiltölulega þunghærast, en framkvæmdin á síðari stigunum ódýrari, og einatt er það svo, að hver viðbót er ódýrari og ódýrari, eftir því sem meir nálgast fullvirkjun.

Nú er það auðvitað, að þar sem fjár-

hagsörðugleikar aðallega standa í vegi fyrir því, að menn í dreifbýli geti orðið orkunnar aðnjótandi, þá er hvert það atriði, sem getur gert fjárhagsörðugleikana minni, þýðingarmikið, og her að gefa því fyllsta gaum. Nú hagar svo til með Sogið, að það liggur sem næst miðsvæðis í þessum landshluta, frá Vestmannaeyjum og a. m. k. að vesturtakmörkum Mýrasýslu, og ef til vill lengra vestur eftir. Það stendur enn fremur svo á með þetta fallvatn, sem á hér að virkja, að Reykjavíkurbær hefir eignast hálf vatnsréttindin og ríkið hinn helminginn. Reykjavík hugsar til að virkja sitt fallvatn fyrir sjálfa sig. Þetta þýðir það, að Reykjavík verður hvort sem er að standa undir erfiðasta hlutanum, þ. e. a. s. framkvæmd fyrsta virkjunarstigsins, og héra kostnaðinn af ávöxtun þess fjár, sem þar til þarf.

Tilgangur þessa frv. er að tryggja það, að þessi héruð geti orðið þeirra fjárhagslegu hlunninda aðnjótandi, sem það hefir í för með sér, að geta fengið raforku úr stóru fallvatni, fallvatni, sem er hagkvæmt til virkjunar, án þess að þurfa að taka á sig þá sérstöku byrði, sem fylgir því að framkvæma fyrsta virkjunarstigið. Frv. fer í sjálfu sér ekki lengra en þetta, en það er ennþá eitt atriði, sem rétt er að hafa hugfast, að það er sérstakur hagnaður að því fyrir sérhvern mannfjölda, sem þarf að nota raforku, að geta sjálfur verið eigandi að orkuverinu, ef kostur er á hentugu fallvatni til virkjunar. Þetta stafar af því, að mannvirki slík sem orkuver endast töluvert lengur en það tekur að borga niður til fulls þau lán, sem upphaflega voru tekin til slíkrar virkjunar. Það er ekki siður hér á landi að taka slík lán til lengri tíma en 25—30 ára, og þegar afborgunum er lokið, hefir rekstur fyrirtækisins á þessu tímabili orðið að sjá fyrir þeim afborgunum, sem þurft hefir að greiða. En þá eru mannvirkin ekki orðin útslitin og eru þá eiganda sínum verðmæt eign, sem hann getur notað til þess að lækka, frekar en áður hefir verið, verð þeirrar raforku, sem þarf eftir það að nota.

Mér þótti rétt að leggja grundvöll þessa frv. þannig, að héruðin utan Reykjavíkur gætu notið þeirra hlunninda að

verða eigendur að helmingi þessarar virkjunar. Þetta frv. leggur aftur þá kvöð á Reykvíkinga, að þeir láti þessum landshlutum raforku í té við kostnaðarverði, að viðbættum 10%, eða við sama verði og Reykjavík borgar fyrir það meðan Reykjavík er ein eigandi þessa fyrirtækis og hefir ein alla fjárhagslega áhættu af því. Eftir frv. er Reykjavík skylt að auka virkjunina hvenær sem er, ef þess þarf með, og það jafnt þótt aukningin stafi frá héruðum utan Reykjavíkur sem frá Reykjavík sjálfri, þangað til fullvirkjaður er sá hluti, sem Reykjavík á.

Þegar fyrsti hluti virkjunarinnar hefir verið gerður, þarf litlu við að bæta, þótt virkjunin verði síðar aukin. Það er gert ráð fyrir, að virkjanastigin verði 4, og er það fyrsta erfiðast. Ef fyrsta stigið kostar 4 millj. kr., svo sem sumir gera ráð fyrir, þá kostar næsta stig, sem gefur jafnmikla raforku, innan við 1 millj. kr. Það er því mikill munur fyrir landshluta utan Reykjavíkur, hvort þeir fá rafmagn við fyrsta stigið án þess að hafa fjárhagslega áhættu af því eða ekki.

Mér er kunnugt um, að það hefir verið fundið að þessu frv., að það fer ekki lengra en það gerir til þess að tryggja rétt héraðanna utan Reykjavíkur að því er snertir sjálft orkuverðið. Menn hafa spurt sem svo, hvi ekki sé um leið farið fram á nauðsynl. löggjöf um orkuveitur. Því er frá mínu sjónarmiði ekki öðru að svara en því, að slíka löggjöf þarf að setja áður en byrjað er að framkvæma orkuveituna.

En þessar framkvæmdir við orkuveituna taka alltaf 4—5 ár, og á þeim tíma er auðvelt að taka fyrir næsta sporið, þ. e. að taka fyrir löggjöf um orkuveitur út frá Soginu, en það verður ekki fyrr en fyrsta orkustiginu er lokið. Það verður að snúa sér fyrst að því, en láta hitt bíða, þó ekki lengur en svo, að nauðsynlegri löggjöf sé lokið þegar unnt er að taka til starfa við orkuveitur.

Til endurgjalds fyrir þetta stórkostlega hagræði, sem nærliggjandi héruðum er tryggt með því að komast í samlag við Reykjavík um sjálfa virkjunina, er hér farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist lán til orkuvirkjunarinnar. Til þessa liggja

ennfremur tvær ástæður. Önnur er sú, að lánið verður ódýrara, ef ríkisábyrgð stendur að baki heldur en ef Reykjavíkurbær er þar einn í fyrirsvari. Hitt er þó þýðingarmeira, að það hefir komið í ljós, að erlendir fjármálamenn eru ekki alveg ugglausir við að lána fé í slíkt fyrirtæki sem þetta, ef Reykjavík er þar ein í fyrirsvari, því þá sé ekki útilokað, að löggjafarvaldið af einhverjum ástæðum, t. d. af pólitískum ástæðum til hagsmuna fyrir kjósendur úr öðrum byggðarlögum, þrengi kosti þessa fyrirtækis. Þeir vilja því fá tryggingu fyrir því, að það opinbera þrengi ekki svo kosti þess, að hætta sé á, að fyrirtækið standi ekki straum af rekstri sínum.

Ég býst við, að þessi uggur útlendinga sé ekki á miklum rökum byggður. En eins og ríkisvaldið nú er skipað, er hugsanlegt, að það fari inn á slíka braut. Því þykir mér þörf ríkisábyrgðar.

Þá er að athuga, hvort slík ábyrgð sé hættuleg fyrir ríkissjóð eða ekki. Er hægt að gefa nokkrar upplýsingar um það.

Það er auðvitað ætlað til þess, að rafmagnsveita Reykjavíkur, en ekki bæjar-sjóður beinlínis, standi straum af þessu fyrirtæki. Rafmagnsveitan hefir nú starfað síðan 1921 við Elliðaárnar, og hefir fjárhagsafkoma þessa fyrirtækis verið mjög glæsileg -- þrátt fyrir það, þótt stöðin sé byggð á þeim dýrustu tímum, sem komið hafa. Síðustu reikningar rafmagnsveitu Reykjavíkur sýndu hreinan tekjuhagnað umfram alla vaxtagreiðslu 470 þús. kr. á ári. Þetta fé hefir verið lagt í að stækka stöðina og auka kerfið um bæinn. Þetta fyrirtæki er nú, þótt verðlækkun sé orðin síðan 1921, verðmeira en það var þá.

Þetta er því meira en vextirnir af því fé, sem fer í fyrsta stig Sogsvirkjunarinnar. Þetta fyrirtæki getur því staðið straum af þessu láni án þess tekjur þess þurfi að aukast. En þegar virkjunin er aukin og innanbæjarkerfið er aukið, hljóta tekjurnar að fara langt fram úr því, sem nú er. Það er því ekki um það að ræða, að hér sé um hina minnstu áhættu fyrir ríkissjóð að gera. Aftur er það gagnlegt fyrir fyrirtækið, að ríkisábyrgð sé veitt, og nauðsynlegt fyrir héraðið utan Reykjavíkur. Þeim er með því

tryggð raforka til sinna nota í sambandi við Reykjavík.

Þá skal ég að endingu víkja að þeim lið málsins, sem snertir atvinnu- og framkvæmdalífið í landinu.

Undanfarin ár hafa verið hrein velti-ár hér á landi. Ríkissjóður hefir fengið mikið fé milli handa og atvinnna við opinberar framkvæmdir hefir verið með mesta móti vegna mikilla tekna og að erlendu lánsfé var veitt inn í landið. Nú eru erfiðari tímar fyrir hendi. Það opinbera verður að færa saman verklegar framkvæmdir, og sama er um atvinnuvegina að segja. Það vofir því yfir atvinnuleysi, sem er hið mesta þjóðarböl fyrir þá, sem fyrir því verða, og þjóðfélaginu stendur einnig hætta af því frá öðru sjónarmiði. Hér á landi er svo margt ógert, að við megum ekki við því, að fjöldi manna verði að ganga atvinnulaus í sumum árum.

Á þeirri framfarabraut, sem við nú erum, þurfa allar hendur að starfa. Fram til þessa hefir verið hægt að fá lán erlendis til virkjunar sem Sogsvirkjunarinnar. Vona ég, að öldur þær, sem nú ganga yfir, spilli því ekki til langframa. En þegar ríkið og atvinnuvegirnir draga saman seglin, er eðlilegt, að unnið sé að þeim framkvæmdum, sem verður að gera fyrir lánsfé hvenær sem það er gert. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er því ekki vafi á, að heppilegt er að byrja á þessu stórvirki, og það sem fyrst.

Ég vil æskja þess, að deilur þær, sem um þetta mál hafa staðið í kosningabaráttunni, megi niður falla og menn geti snúið sér að því með framfarahug. Þótt þetta sé ekki beint hagsmunamál nema nokkurs hluta landsins, þá opna rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið um veitutaugar út frá Sogi, útsýn um úrlausn sama máls fyrir aðra landshluta. Þær benda til, að með sömu tilhögun megi koma raftaugum um land allt frá 4—5 orkuverum, og eru þar undanskildar nokkrar sveitir, sem líklega verða að búa að sínu eigin vatnsafl.

Annað, sem sýnist hentugt, er það, að margt fjölmennra kaupstaða verður innan hvers veitusvæðis, og setja þeir þá orkutaugar frá orkuverinu og til sín. Það er t. d. talið, að frá Soginu sé hægt að

leggja orkutaugar allt að 300 km. langar án þess að styrkur komi frá ríkinu. Ná þær þá frá Landeyjasandi móts við Vestmannaeyjar og a. m. k. til Borgarfjarðarsýslu. Það er því hægt að koma á sambandi við öll þessi héruð án ríkisstyrks. Ríkissjóður styrkir þá þær greinar einar, sem liggja út frá þeim aðallinum, sem liggja frá orkuverinu til fjölmennra kaptúna. Þetta er því ekki einungis áhættulaust fyrir ríkissjóð, heldur einnig stuðlar að því, að almenningur geti orðið rafveitunnar aðnjótandi.

Einar Árnason: Eins og hv. 1. flm. tók fram, er þetta frv. næstum því shl. frv. um sama efni, sem lá fyrir síðasta þingi.

Höfuðatriði þessa frv. er það hvað ríkissjóð snertir, að farið er fram á ábyrgð ríkissjóðs á allt að 7 millj. kr. láni til að virkja Sogið. Nú er það sjálfsagt, þegar ríkissjóður á að ganga í ábyrgð fyrir fyrirtæki, að þá sé athugað, hvort nokkur áhætta fylgi þeirri ábyrgð, og í öðru lagi, hvort ábyrgðin sé óhjákvæmileg.

Hv. 1. flm. tók fram tvær ástæður fyrir því, að ríkisábyrgð þyrfti að fá. Hin fyrri var sú, að með því fengjust betri lánskjör. Hin síðari var sú, að nokkur ugður væri nú með fjármálamönnum erlendis um það, að þrengt yrði svo kosti Reykjavíkurbæjar af pólitískum ástæðum, að áhætta væri fyrir erlenda menn að leggja peninga í þetta fyrirtæki, ef ríkissjóður væri ekki bundinn í málið.

Fyrri atriðið hefi ég ekkert um að segja. Það kemur hvorki fram í grg. frv. eða í ræðu hv. flm., hvað gert hefir verið að því að útvega lánsfé í þessu skyni, eða hvort nokkur tilboð liggi fyrir, og þá hver þau séu. Ég minnst þess að hafa heyrt um það talað, að á síðastl. ári færu menn utan af hendi bæjarstjórnar til þess að útvega lán til þessa fyrirtækis. og að þeir hafi ef til vill fengið tilboð um lán með ríkisábyrgð.

Eftir því, sem ég hefi heyrt, virðast þessi lánstilboð ekki vera sérstakl. hagstæð. Væri gott að fá að vita, hvernig þau kjör hefðu verið og hvort þau stæðu enn til boða.

Þá kem ég að þeirri ástæðu hv. flm., að þrengt yrði svo kosti Reykjavíkur af pólitískum ástæðum, að fyrirtækinu gæti

staðið hættu af því. Mér kom þessi ástæða nokkuð á óvart; hafði ekki heyrt hennar getið á þinginu í vetur. Mér þykir hún æðiótrúleg. Ég veit ekki, hvort nokkuð hefir verið gert í þessu máli af hálfu bæjarstj. Reykjavíkur, en býst við, að það komi fram í þessu máli, ef svo væri. Vil ég þá biðja hv. flm. að skýra frá því og þá um leið, hvernig nú er útlit um fjárúttegun til þessa fyrirtækis.

Um þetta liggja engar upplýsingar fyrir, og því gefur að skilja, að örðugt muni vera fyrir þingið að taka ákvörðun um mál, þar sem aðalatriðið er óupplýst. Ég viðurkenni, að hér er mikilsvert mál á ferðinni, en þeim mun meiri ástæða er til að krefjast þess, að allar upplýsingar liggi fyrir, áður en ákvörðun er tekin um það.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta mál var flutt í vetur að tilhlutun allshn. Nd., bjuggust fylgjendur málsins við því, að það væri komið í trygga höfn. Þá var loksins lokið þeim undirbúningi, sem andstæðingar málsins höfðu staðið í vegi fyrir, og möguleikar voru fyrir hendi að fá fé. Ég segi þetta því fremur, þar sem aðalforustumenn Framsóknar hafa látið svo alla tíð frá 1918, að þeir hefðu áhuga á virkjun Sogsins. Má sjá ummæli og tillögur í Alþt. frá þeim tíma, sem staðfestá þetta, enda veit ég af viðtali við suma þeirra, að þeir létust jafnvel ekki vera fjarri því, að ríkið virkjaði þessi fallvötn fyrir Reykjavík. Þessi ár var í-haldið í bæjarstj. Reykjavíkur algerlega andstætt Sogsvirkjuninni og sú andstaða var fyrst brotin á bak aftur með bæjarstjórnarkosningum 1930. Meiri hl. bæjarstjórnar var þá orðinn málinu fylgjandi og þar með var þeim þrándi velt úr götu, sem til þessa virtist einkum hafa tafið fyrir framgangi málsins. Þannig leit þetta út frá minni sjónarmiði. En einmitt þegar ástæða er til að ætla, að allir flokkar séu orðnir sammála um málið, ráðast ráðherrar Framsóknarflokksins harðlega á móti frv. og berjast á móti því sem grimmilegast, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir Reykjavík. Aldrei hafa þó verið færð nein rök fyrir því, að hættu fylgdi þessari ábyrgð. Andstæðingar málsins hafa sagt, að Reykjavík væri svo vel stæð,

að hún ætti að geta fengið þetta lán upp á eigin ábyrgð. Þetta er einmitt sönnun fyrir því, að áhættan er alls engin fyrir ríkissjóð. En það er til önnur ástæða fyrir því, að bænum er ríkisábyrgð nauðsynleg, og hv. flm. hefir þegar drepíð á hana. Hún er sú, að með ríkisábyrgð er erlendum lánardrottnum tryggt, að ekki verði lagðar neinar þær kvaðir á fyrirtækið af löggjafarvaldinu, sem gætu orsakað tap á því. Þetta getur alltaf komið fyrir, ef ríkissjóður hefir þar engra hagsmuna að gæta.

Úr því nú að engin áhætta fylgir ábyrgðinni og allir eru sammála um þörf virkjunarinnar, þarf ekki að eyða að því mörgum orðum, að stjórninni ætti að vera það hið mesta kappsmál, að þetta mál næði fram að ganga, einmitt á þessum tímum, þegar öll vopn standa á stj. og Alþingi um að halda uppi framkvæmdum og atvinnu. Ekkert væri eðlilegra en að stj. og flokkur hennar tæki slíku frv. tveim höndum. Þótt hér sé að vísu engin ríkisstjórn skipuð enn, sem lýst geti yfir vilja sínum í þessu máli, þykir mér þó leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur hér, þar sem hæstv. forseti Sp. hefir lýst því yfir, að skoða bæri þá stj. er nú fer með völdin, sem pólitíska stj. Væri fróðlegt að heyra, hvernig hæstv. fjmrh. færi að því, að fódra andstöðu sína gegn frv. sem þessu, sem enga áhættu hefir í för með sér, hrindir af stað nauðsynlegu fyrirtæki fyrir sveitir og kaupstaði og eykur atvinnu í landinu.

Spurt hefir verið af hálfu Framsóknar, hvað gert hafi verið í þessu máli, hvort Reykjavík hafi ekki getað fengið lán sjálf, og verið talað um aðrar leiðir. En ég á bág með að trúa því, að þingið telji það æskilegri leið að selja útlendingum þessar orkulindir á leigu eða veita þeim sérleyfi til að selja landsmönnum rafmagn. Vitanlega yrði stjórnin og löggjafarvaldið að binda sig á ýmsan hátt um að vernda rétt þeirra útlendinga, sem virkjunina hefðu með höndum, og veita þeim hlunnindi, ef sú leið yrði farin. Ég hefði satt að segja vænt þess, að stj. léti eitthvað til sín heyra um þetta mikilsverða mál, sem er eins mikilsvert fyrir framsóknarmenn og aðra. Þó að Framsókn hafi notað það sem agn í

kosningunum, að Reykjavík hafi ætlað að véla landið út í hættulega milljónaábyrgð, þá eru slíkar blekkingar ekki góð og gild vara í þingsalnum, enda þótt þær kunni að hata hjálpað einhverjum framsóknarþingmanninum þangað.

Pétur Magnússon: Ég ætla ekki að tala um efni þessa máls. Um það veit ég, að hv. 1. flm. er einfær. En ég vildi mótmæla ummælum hv. 2. landsk. um afstöðu bæjarstj. Reykjavíkur til Sogsvirkjunarinnar. Það er ekki svo að skilja, að það sé ný bóla að heyra jafnaðarmenn hamra á því, að svokallaður „íhaldsmeirihluti“ í bæjarstj. hafi jafnan verið þessu máli fjandsamlegur. Á þessu hefir verið hamrað í Nd. og í blöðum Alþýðuflokksins ár eftir ár, og ósannindin hafa svo oft verið endurtekin, að mér þykir mjög sennilegt, að hv. 2. landsk. sé nú farinn að trúa þeim sjálfur.

Þetta mál hefir nú verið á dagskrá í 7 ár. Sjálfstæðismenn beittu sér þegar fyrir undirbúningi þess í rafmagnsnefnd, en hinsvegar sýndi jafnaðarmaður sá, er þar átti sæti, engan áhuga á málinu. Mér er kunnugt um þetta, þar sem ég átti sjálfur sæti í rafmagnsnefnd til 1928. Þrír af fjórum sjálfstæðismönnum í rafmagnsstjórn töldu þetta mál brýna nauðsyn, en einn vildi láta stöðina við Elliðaárna borga sig betur niður áður en hafizt væri handa. Þegar Sigurður Jónasson var kosinn í bæjarstj. 1928, var búið að gera virkunaráætlun og fallvatnið athugað. Þessi maður hefir, sem kunnugt er, beitt sér fyrir málinu af talsverðum hávaða og vafalaust af miklum dugnaði, en ekki er ég viss um, að hann hafi flýtt fyrir framgangi þess að sama skapi. En það liggur í hlutarins eðli, að málið gæti ekki verið komið svo langt áleiðis sem það er, ef Sjálfstæðisflokkurinn í bæjarstjórn hefði verið því andvígur, þar sem hann hefir ávallt haft, og hefir enn, hreinan meiri hl. í bæjarstj. Sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismenn eiga frumkvæðið að þessu máli og hafa jafnan stutt að framgangi þess. Jafnaðarmenn mega gjarnan eigna sér heiðurinn af því, ef þeim er ánægja í því, en þeir ættu helzt að venja sig af því að segja visvitandi ósatt um afstöðu andstæðinganna.

Jónas Jónsson: Ég vildi koma með nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. landsk. Hann sagði, að Framsókn hefði verið fylgjandi þessu máli þangað til í vetur. Þetta þarf leiðréttingar við. Sannleikurinn er sá, að Framsókn hefir ávallt verið og er enn fylgjandi því, að þessi virkjun sé framkvæmd á skynsamlegum grundvelli. Á þeim árum, sem Íhaldið drap þetta mál 16 sinnum í bæjarstj. Rvíkur, lögðum við framsóknarmenn þessu máli hvað eftir annað liðsyrði á þingi. Við höfum ávallt verið því fylgjandi að tryggja vatnsaflíð til skynsamlegrar notkunar fyrir landið eða bæinn. M. a. hefir verið talað um járnbraut austur, er fengi kraft frá Soginu. Sú braut hefði komið ríkinu við. En um það hefir aldrei verið rætt í sambandi við þetta mál áður, að ríkið ætti að ganga í ábyrgð fyrir sveitar- eða bæjarfélag. Framsóknarmenn eru allir með því sem borgarar í Reykjavík að ganga í þessa ábyrgð, að því er snertir bæjarfélagið. En þingflokkurinn hefir ekki séð enn, að ástæða sé fyrir ríkið að ganga í ábyrgð fyrir bæinn. Þetta er allveg ný hlið á málinu. Og í þessu máli kemur fleira til greina en hv. 2. landsk. læzt vita af. Hann sagði eins og rétt er, að íhaldsmeirihl. í bæjarstj. hefði jafnan beitt sér gegn málinu, og þýðir ekki fyrir hv. 4. landsk. að ætla sér að hrekja þá staðreynd. Hin fullyrðing hv. 2. landsk., að Íhaldið í bæjarstj. sé nú snúið til fylgis við málið, orkar aftur á móti meira tvímælis. Nú er meiri hl. búinn að ákveða að bæta stórum við Elliðaárstöðina og hefir verið að reyna að fá fé til þess að láni. Hvað meinar meiri hl. með því að vera að bæta við Elliðaárstöðina og koma þar fyrir rafvélum af ýmsu tegi með ærnum kostnaði, ef á svo að fara að byggja stöð við Sogið, svo stóra, að Reykjavík getur ekki hagnýtt sér allt það afl, sem hún framleiðir? Þetta sýnir, að meiri hl. dettur ekki í hug, að virkjun Sogsins sé nálæg. Eftir því sem ég hefi heyrt, var Sigurður Jónasson hvað eftir annað keyrður aftur á bak af íhaldsmeirihl., er hann vildi láta halda undirbúningi málsins áfram, enda mun hann hafa álitíð, að bæjarstj. vildi ekkert um málið hugsa. Það er líka alkunnugt, að Íhaldið og málgögn þess hafa sér-

staklega svivirt Sigurð Jónasson út af afskiptum hans í þessu máli, einmitt af því hann hefir ótrauðlegast barizt fyrir þessu máli.

Þessi sami maður hefir lagt fram tilboð frá erlendu félagi um rafmagn með föstu verði handa Reykjavík og Hafnarfirði. Þessar áætlanir hafa e. t. v. ekki verið fyllilega ábyggilegar, en þeir, sem þekkja mismuninn á rafmagnsverðinu eins og það er og eins og hv. 1. landsk. reiknaði út að það yrði, ættu ekki að láta sér slíkt í augum vaxa. Eftir reynslu af útreikningum þessa hv. þm. er ekki gott að gera sér í hugarlund, hvað hin nýja stöð við Sogið myndi kosta. Hér er beðið um sjö millj. kr. ábyrgð, en eins sennilegt er, að stöðin kosti 14 millj., ef miðað er við útreikninga hv. 1. landsk. Borgarar í Reykjavík eru farnir að kannast við, hversu ábyggilegar áætlanir verkfræðinganna eru. Það virðist því ekki vera nein goðgá. Þótt þeirri spurningu sé varpað fram, hvort ekki gæti komið til mála, að hagkvæmur samningur við erlent félag gæti verið jafngóður. Það þarf ekki að ganga að neinu verði blindandi. Eðlilegast að miða verðið á rafmagni við kostnaðarverð á nokkrum sambærilegum stöðum.

En maður getur betur skilið en áður, hvers vegna Íhaldið hefir ekki kært sig um að hraða málinu meira en þetta. Það er sem sagt vegna þess, að það sér, að Rvík muni ekki njóta allra þeirra friðinda af virkjuninni, sem lofað hefir verið á kjósendafundum. Hv. 1. landsk. lét svo um mælt á kosningafundum í Ólafsvík og Sandi, að þegar virkjunin væri komin í kring, gætu Sandarar og Ólsarar haft nóg rafmagn til ljósa, hita og suðu. Menn þar vestra efuðust um þetta, og ég líka. Nú er komið fram í skjölum verkfræðinganna, að rafmagn frá Soginu muni vera helmingi dýrara í sjálfri Rvík til hitunar en má vera.

En þetta brá einkennilegu ljósi yfir það, hvernig ástatt er um þetta mál, þannig, að forgöngumennirnir sjálfir tala svo, að það sé ekkert nema suðurafmagn og eitthvað til iðnaðar, sem Reykjavík á að geta fengið upp úr þessu. Það sé ekki hægt að spara kol til upphitunar með rafmagninu, sem er náttúr-

lega stór liður í hitaorkupörfinni í Rvík, nefndin hafi komið að þeirri niðurstöðu, að rafmagnnið gæti ekki keppt þar við kolin. Reykjavík þarf ekki ljós frá þessari fyrirhuguðu stöð, bærinn hefir nóg ljós frá gömlu stöðinni, sem er nú verið að stækka, svo að það er aðallega suður-rafmagn fyrir einhvern hluta Reykjavíkur, sem hér er farið fram á, og eitt-hvað til iðnaðar.

Það er í mesta máta ólíklegt, að þetta spursmál um það, hvort konur í Reykjavík geti soðið við rafmagn, en ekki við kol, sé svo stórt, að það þurfi að taka 7 millj. að láni með ríkisábyrgð. Þetta mál kemur, ef bærinn stækkar mikið ennþá og hefir það lánstraust, sem hann að réttu lagi á að hafa. En það er skiljanlegt, að íhaldsmenn vilji ekki sjálfir hætta sér í það fyrirtæki, svo mikill kostnaður og ábyrgð sem hlýtur að fylgja því, en tiltölulega lítills hagnaðar af því að vænta, eftir því sem forgöngumennirnir sjálfir segja.

Það er náttúrlega fjarstæða, að Reykjavíkurbær geti ekki fengið lán til þessa fyrirtækis á eigin ábyrgð, af því að útlendir fjármálamenn húist við, að Reykjavík verði íþyngt af landinu. Það hefir aldrei komið raunverulegur vitnisburður um þetta frá útlendum fjármálamönnum, enda hefir lélega verið unnið að því að útvega fjármagn í fyrirtækið. Og auk þess er þetta sama og að halda því fram, að okkar þjóðfélag sé á lægra stigi en önnur þjóðfélög skyldra þjóða, ef fjármagninu er ekki óhætt á Íslandi fyrir því, að þjóðfélagið ráðist á það með rangindum. Raunar veit ég, að vissar blaðagreinar, visst umtal, t. d. hér í höfuðstaðnum, gæti komið þeim til að halda, að sumum leiðtogum hér á landi væri ekki trúandi fyrir fjármagni, — en það er hlutur, sem bæjarbúar verða að venja sína menn af. En það hefir hvergi komið fram, svo að sannað verði, nokkur tortryggni gagnvart Alþingi um að svona fyrirtæki stæði hætta af ranglæti þess, enda vita þeir, sem eru nokkuð kunnugir okkar sögu, að ekkert dæmi er til slíks. Það má nefna sænska ishúsið hér eða hinar útlendu síldarbræðslustöðvar. Þau fyrirtæki lifa undir sömu vernd og fyrirtæki landsmanna sjálfra.

Þessi ummæli vildi ég láta fylgja frv. um leið og það fer í nefnd.

Jakob Möller: Ég held að okkur flm. megi á sama standi, þótt þessi ummæli hv. 5. landsk. fylgi frv. Ég sá ekki betur en að jafnvel flokksmenn þm. nenntu ekki að hlusta á hann, enda er sannleikurinn sá, að það var ekki þess vert.

Hv. 5. landsk. var ekki viðstaddur framsöguræðu málsins, ekki ræðu hv. 2. þm. Eyf., heldur ekki ræðu hv. 4. landsk., og heyrði yfirleitt ákaflega lítið af því, sem búin var að segja um þetta mál. Hann er hér á flókti fram og aftur, heyrir eitt hjá einum og annað hjá öðrum. Hann hlustaði eitthvað á ræðu hv. 2. landsk., en vissi ekki, að þau atriði, sem hann talaði um, var búin að hrekja, t. d. það, að sjálfstæðismenn í bæjarstj. Rvíkur hefðu verið á móti Sogsvirkjuninni, og að mótsaða þeirra hefði ekki verið brotin á bak aftur fyrr en við bæjarstjórnarkosningarnar 1930. Enda má sanna það skjállega, að þetta er algerlega rangt. Árið 1929 var Sogsvirkjunin boðin út, og bæjarstj. var því búin að samh. virkjunina áður en kosningin fór fram. Og meiri hl. í rafmagnsstjórn, sem er sjálfstæðismenn, var búinn að hafa þetta mál til undirbúnings um langt skeið. Hv. 5. landsk. hefði því átt að geta komið hjá því að taka upp þessa vitleysu eftir hv. 2. landsk.

Hinsvegir þykir mér leitt, að hv. 2. þm. Eyf. er hér ekki viðstaddur, því að honum vildi ég þakka fyrir undirtektir hans undir þetta mál. Mér skildist, að hann vildi athuga þetta mál með fullum skilningi. Hins óskaði hann, að fá vitneskju um, hvað gerzt hefði í málinu síðan þingi sleit í vor. Þar til er því að svara, að ákaflega lítið hefir gerzt í málinu, en til þess liggja ofureðlilegar ástæður. Bæjarstj. var búin að taka málið í sínar hendur og gera ráðstafanir til þess að koma því í framkvæmd. Þá er skipuð raforkumálanefnd ríkisins, sem tekur málið upp á nokkuð öðrum grundvelli; og þá var ekkert annað fyrir en að biðja og sjá, hvað þingið gerði í málinu. Það er því eðlilegt, að ekkert verulegt hafi gerzt í því, síðan það komst inn á þennan rekspöl. Ég get bæt þvi við, að

bæjarstj. unir því vel, að svona er nú komið málum.

Hv. 1. landsk. taldi tvær ástæður fyrir því, að slík samvinna, sem frv. fer fram á milli bæjar og ríkisins, sé æskileg, og þá líka ríkisábyrgð fyrir fé til virkjunarinnar. Ég hefi heyrt hv. ræðumenn véfengja, að það sé rétt, að ábyrgð ríkisins á láni til virkjunarinnar hefði nokkra þýðingu í sambandi við afstöðu þess gagnvart erlendum lánardrottnum. Ég get þó upplýst, að þegar talað er við útlanda fjármálamenn um lánveitingar til svona fyrirtækja, þá er hið fyrsta, sem þeir spyrja um, hvort þetta sé pólitískt mál og skipti flokkum. Og ef þeir fá að vita, að ákveðinn flokkur sé mótfallinn því, þá horfir málið þannig við, að þeir vilja ekkert eiga við það. Það er mesti misskilningur, ef menn halda, að það hafi engin áhrif á möguleika fyrir láni, hvernig afstaða þingsins er til framkvæmdanna. Enda er sannleikurinn sá, að eini lánveitandinn, sem verulega hefir verið talað um, setti sem ákveðið skilyrði, að ríkisábyrgð yrði fyrir láninu. Ekki af því, að hann áliti ekki bæinn fulltryggan lántakanda eða fyrirtækið gott; því var yfir lýst, að hann áliti fyrirtækið fullkomlega fært um að bera sig sjálft. En samt var ríkisábyrgð ófrávikjanlegt skilyrði, og hvaða ástæður geta verið til þess, nema að hann óftaðist, að ríkið gæti haft áhrif á afstöðu fyrirtækisins?

Hv. 2. þm. Eyf. drap á það, að lánskjörin, sem bæjarstj. hefðu boðizt, væru ekki góð. Það er satt. En það verður að athuga, hvernig á stóð. Verkið var boðið út þannig, að framkvæmd verksins og lánveitingin voru boðin út saman. Þegar tilboðin komu, voru aðeins tvö fullkomin, en þó fylgdi aðeins öðru fyrirheit um lánsfé. Þessi lánveitandi stendur því þannig að vígi, að hann hefir engan keppinaut og var ekkert áður búinn að láta uppi um lánskjörin í tilboðinu. En þó get ég upplýst, að þessi sami lánveitandi, sem er í Stokkhólmi, bauð ríkisstj. lán, og það með nákvæmlega sömu kjörum og bænum. En þess ber líka að gæta, að þessi tilboð bæði komu rúnum mánuði áður en ríkislánið var tekið. Eftir að það hafði verið tekið, símaði þessi áðurnefndi lánveitandi til bæjarstj. og bauð betri

kjör. En út af umtali um tilraunir bæjarfélagsins til að fá lán vil ég geta þess, að menn þeir, sem sendir voru utan, fóru til þess að semja við þennan eina lánveitanda, en ekki til þess að gera almennar tilraunir til lántöku, enda hafa slíkar tilraunir ekki verið gerðar af þeim ástæðum, að þegar á þingið kom, komst málið inn á annan grundvöll. Síðan hefir bæjarstj. beðið eftir úrslitum í þinginu. Í vor fór svo, að þingið var rofið. En ef sú verður niðurstaðan, að þingið leggst alveg á móti þessu máli, þá býst ég við, að bæjarstj. leggi ekki árar í bát, heldur reyni á eigin ábyrgð að útvega lán. En þá vil ég benda á það, sem hv. 1. landsk. einnig minntist á, að með því móti verður varla komizt hjá hærri vöxtum. Þetta er fjárhagsstjórnarleg vitleysa, því að með þessu er ríkið ekkert að gera annað en skaða sig. Því betri lánskjör sem Reykjavíkurbær fær, því öflugri þáttur verður hann til þess að standa undir þeim byrðum, sem ríkið þarf að bera. Og þótt ríkið gangi í slíka ábyrgð, fer því fjarri, að það verði því til lánstraustshnekkis. Það er þvert á móti. Því meira sem gert er af slíkum framkvæmdum, því meira verður lánstraust ríkisins.

Út af lestri hv. 5. landsk. hefi ég ekki fleira að segja en ég þegar hefi gert. En þar sem hann talaði um, að „ihaldið“ í bæjarstj. Rvíkur hafi drepið tillögur Sigurðar Jónassonar, þá má geta þess, að það voru flokksbræður hv. 5. landsk., sem voru á móti þeim, ekki síður en aðrir bæjarfulltrúar, því að Sig. Jónasson stóð einn uppi með sínar tillögur, og það fór jafnvel svo, að hann stóð ekki uppi sjálfur.

Jónas Jónsson: Mig furðar, hvað hv. 1. þm. Reykv. er lítið trúður nú á frumkvæði einstaklinganna, ef það er rétt, að hans flokksbræður hafi tekið með miklum kulda þessum tillögum Sig. Jónassonar um samningsbundið verð á rafmagni. Þar sem hv. þm. jatar nú, að flokksbræður hans hafa lagzt á móti þessari uppástungu, þá held ég, að ekki sé mikil alvara þeirra í málinu, enda er það vitanlegt, að sá flokkur, sem hann er nú í, hefir staðið fast á móti virkjun Sogsins um mörg ár, og aðalforögöngu-

maður þessa máls hefir orðið fyrir árásum fyrir að heita sér fyrir því. Þetta vita allir, að er rétt.

Ég býst við að geta sparað þangað til við 2. umr. að knýja meðmælendur málsins til þess að gera nánari grein fyrir ýmsu því, sem síðasti ræðumaður gat ekki svarað. En eitt atriði reyndi hann þó að verja í aðstöðu síns flokks, að erfiðleikar bæjarins kæmu aðeins af því, að þessi eini lánveitandi væri hræddur við pólitík í málinu. En hefir honum ekki dottið í hug, að hægt sé að láta hæinn fá concession á þessu fyrirtæki? Eðlilegast væri, að gerð væru um þetta lög, og mætti þá fá fulla tryggingu fyrir því, að fyrirtækið yrði ekki fyrir misvindi af pólitískum deilum. Þetta er hlutur, sem mjög auðvelt er að taka til athunar, og mætti t. d. breyta þessu frv. í heimild fyrir ríkisstj. til að tryggja málið á þennan hátt eða annan.

En það, sem ég ætlaði þó einkum að minnst á nú, og sem hvorki hv. 1. né 2. landsk. vilja taka trúanlegt, er það, að ef landið tekur á sig þessa ábyrgð, getur vel farið svo, að hér við þurfi að bæta nokkrum millj., ef þessi fjárhæð nægir ekki. Og ef svo Vestmannaeyingar koma á eftir og vilja fá rafmagn til sín, hvernig ætti þá að neita þeim um þetta? Leiðslan ein þangað kostar fram undir 2 millj. Síðan kæmu Rangæingar og Árnesingar og öll önnur sveitar- og bæjarfélög, sem oft og tíðum myndu hafa mikla þörf fyrir slíka ábyrgð. En það er á vitund allra, að þessar ábyrgðir, sem Alþingi hefir takmarkað hingað til, eru hættulegar fyrir landið. Hver slík ábyrgð er talin á skuldalista; þessi ábyrgð þýðir 7 millj. kr. minna lánstraust. Ef í einu er skapað fordæmi, þannig að ekki sé hægt fyrir þingið að neita síðari ábyrgðum, þá er komin tvöföld hættu, bæði lánstrausts spjöll og fordæmi fyrir því, sem þingið vildi í raun og veru ekki á sig taka. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að við framsóknarmenn viljum, að hægt sé að finna skipulag, sem hjálpi sveitarfélögum til þess að fá lán til slíkra framkvæmda, því að þær eru utan við verksvið ríkisvaldsins, og það er hættulegt fyrir ríkið að bæta við sig verkefnum, sem önnur ríki ekki hafa. Þetta er ekk-

ert einkennilegt hjá hv. 2. landsk., þar sem hans flokksmenn vilja blanda ríkinu í allt. En það er óeðlilegt frá sjónarmiði hinna fylgismanna málsins, sem vilja halda ríkinu frá öllu, a. m. k. því, sem hægt er að græða á.

Ég vil skjóta því til hv. 1. þm. Reykv., sem er bankaeftirlitsmaður og ætti því að vera kunnugur fjármálum, að hann hjálpaði til þess að reyna að finna og byggja upp skipulag, t. d. lánsfélög fyrir kaupstaðina, þannig að ábyrgð þeirra sameiginlega yrði tekin gild fyrir lán. Um þetta er ég samdóma hv. 1. landsk., sem beitti sér á móti ábyrgðum, þótt minni væru en þessi, meðan hann var fjmrh., og með svipuðum röksemdum og ég hefi fært fram.

Jón Baldvinsson: Hv. 5. landsk. hefir nú haldið hér tvær ræður. Í fyrri ræðunni flöktaði hann á við og dreif, og varð eiginlega hvergi vart við, að honum væri ljóst, hvernig málið stæði. Hann talaði um, að það væri einhver ný aðstaða í málinu, að ríkið þyrfti að taka ábyrgð á láni til virkjunarinnar. En ég geri ráð fyrir, að þeim mönnum, sem hafa hugsað sér virkilega framkvæmd málsins, hafi aldrei dottið annað í hug en að bæjarfélagið þyrfti aðstoð við slíkt stórfyrirtæki.

Það hefir tíðkapt á undanförnum árum, að ríkissjóður hefir styrkt allar meiri háttar framkvæmdir, sem gerðar hafa verið, og má í því sambandi minna á allar hafnarbæturnar, sem ríkissjóður hefir ýmist veitt lán til eða ábyrgðarheimildir fyrir lánunum. Það, sem hv. 5. landsk. sagði, að hann sem borgari í Rvík hefði ekkert á móti því að ganga í ábyrgð þessa, þá fannst mér það hálfspaugilegt, því bæjarstj. er búin að samþykkja þetta og vitanlega þar með búið að binda alla borgara bæjarins í þessu máli.

Í fyrri ræðu sinni minntist hv. 5. landsk. á þessa nýju virkjun, sem verið væri að gera inni við Elliðaár. Virkjun þessi er aðeins viðbót við stöðina, sem fyrir er. Það er verið að leggja nýja leiðslu niður að stöðinni, og á þann hátt er mögulegt að framleiða meira rafmagn en áður hefir verið gert.

Hv. 5. landsk. var að spyrja um, hvernig þingið stæði sig við, eftir að hafa samþ. þessa ábyrgðarheimild, að neita svo Vestmannaeyingum, Rangæingum og Árnesingum um ábyrgðarheimild til þess að leiða rafmagn til sín, ef þeir kynnu að fara fram á slíkt. Til þess er því að svara, að ég álit, að Alþingi skuldbindi sig ekki á neinn hátt til þess að veita Vestmannaeyingum, Rangæingum og Árnesingum lán eða ábyrgðarheimildir, þótt það veiti þessa ábyrgðarheimild. Það er nú einu sinni svo, að Alþingi á að styrkja þau fyrirtæki, sem það álitur heppilegast, og það hefir fullkomið vald til þess að velja og hafna í þeim málum. Við höfum t. d. veitt $\frac{3}{4}$ millj. kr. til þess að byggja skóla á Laugarvatni, og nú koma Rangæingar og vilja líka fá skóla, þá er ekki þar með sagt, að við séum skyldir að veita einnig lán til þeirrar stofnunar. Þó að Rangæingar álitu sig hafa fullkomna þörf fyrir það. (JónasJ: En Vestmannaeyinga vantar rafmagn). Já, þá vantar rafmagn, og fyrsta sporið til þess að veita þeim það er að veita nú þessa ábyrgðarheimild til Sogsvirkjunarinnar, og er virkjunin er lokið, þá er, ef hv. 5. landsk. endilega vill, að veita Vestmannaeyingum lán til þess að leiða rafmagnið til sín. Það er hvort sem er ekki hægt að veita þeim ljósið fyrr en búið er að koma upp stöðinni. En ég vil ítreka það, að það er fjarstæða hjá hv. 5. landsk., þar sem hann heldur því fram, að við þurfum að veita slíkar heimildir fyrir alla aðra, þó að samþ. verði ábyrgðarheimild fyrir Reykjavík til Sogsvirkjunarinnar. Ég hefi sjálfur oft séð hv. þm. greiða atkv. á móti ýmsum till. til framkvæmda í þessu eða hinu héraði, þótt þeir hafi greitt atkv. með samskonar till. fyrir önnur hérað, og í þessum málum verðum við allveg eins að velja úr, veita lán og ábyrgðarheimildir til þess, sem vér teljum best til þess fallið, og hafna hinu. Og þó þessi heimild til Sogsins verði veitt, þá fer fjarri, að með því sé skapað neitt algilt fordæmi.

Það á nú ef til vill ekki við að fara að rifja upp gamlar væringar; en þó að við jafnaðar- og íhaldsmenn séum nú á þessum degi sammála um þetta mál, þá get ég ekki stillt mig um að rifja upp hina

fornu og fjandsamlegu baráttu Íhaldsins gegn Sogsmálinu. Það má segja, að Íhaldið í bæjarstj. Rvíkur hafi frá því þetta mál kom fyrst fram verið eindregið á móti því fram til ársins 1930, er nýir menn komu í bæjarstj., þ. á. m. hv. 1. þm. Reykv., og þessir nýju menn tóku ráðin í sínar hendur, en borgarstjóri, sem ávallt hafði verið á móti málinu og neytt áhrifa sinni í bæjarstj. til þess að hindra framgang þess, varð að láta undan. Meiri hl. bæjarstj. hafði að visu druslazi til þess að samþ. útboð í virkjunina árið 1929, en það vissu allir, að ekki var ætlað til, að sú samþ. væri tekin alvarlega, og útboðin, sem þá voru gerð, voru einungis til málamynda. En nú er meiri hl. bæjarstj. orðinn málinu fylgjandi. En það má segja, að það sé Íhaldinu í bæjarstj. að kenna, að við þurfum nú að kasta fé til viðbótar Elliðaárstöðinni. Sogsmálið átti að vera komið í kring fyrir löngu, þó að hinsvegar geti verið, að Tímaflokkurinn hefði snúið á móti því, þegar hann hefði verið farinn að óttast, að það næði fram að ganga, en hefði málinu verið hraðað og unnið að því eins og hv. 4. landsk. vildi vera láta, að sjálfstæðis- eða íhaldsmennirnir í bæjarstj. hefðu viljað, þá hefði málið ekki legið fyrir þinginu 1931, heldur þinginu 1927 eða '28. á sama hátt og það lá fyrir síðast. Það er nú söguleg vitleysa hjá hv. 4. landsk., að það hafi verið á dagskrá í bæjarstj. í 7 ár. Hann miðar líklega við þann tíma, er hann kom í bæjarstj., en þegar 1920 var farið að ræða málið þar, og það hefir verið miklu lengur á dagskrá.

Það hefir alltaf verið ljóst mörgum mönnum hér í bænum, að það þyrfti að virkja Sogið, og það hefði óneitanlega verið gott, ef hægt hefði verið að komast hjá því að leggja meira fé í Elliðaárstöðina, sem hvort sem er aldrei nægir bænum.

Ég vil svara hv. 5. landsk. því, að það liggur mikið á, að þessu máli sé hraðað, því að það tekur alltaf 4—5 ár unz búið er að virkja Sogið, svo að hægt sé að fá þaðan rafmagn, og þó að peningar fengjust til þess í haust, þá er nú, úr því sem komið er, nauðsynlegt að gera þessa viðbót við Elliðaárstöðina.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. hafi nokkurnveginn verið búinn að svara fyrirspurnum hv. 2. þm. Eyf. viðvikjandi því, hvernig lánskjör myndu fást, og skoðun lánveitenda á því, hvort þeim þætti það nauðsynlegt, að ríkisstj. væri í ábyrgð til þess að tryggja, að fyrirtækið yrði ekki fyrir áreitni af hálfu löggjafarvaldsins. Ég vil nú taka það fram, að það, sem hann hafði eftir mér, með réttu, að ég hefði sagt, að komið gæti fyrir, að kosti fyrirtækisins yrði þrengt af pólitískum ástæðum. Þá átti ég ekki svo mjög við það, að slíkt yrði gert af andúð til Rvíkur, heldur af því, að aðrir vildu e. t. v. fá hlunnindi af þessu fyrirtæki, og tillátssemi gæti orðið við slíkum kröfum á þingi.

Það er yfirleitt svo, að löggjöf um vatnsvirkjanir er um heim allan komin í það horf, að ríkin hafa mikil afskipti af þeim málum. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að engir peningamenn telji nú á tímum tryggt að leggja fé í vatnsvirkjun á neinu landi, nema þeir hafi tryggt sér vinsamlegt hlutleysi viðkomandi landsstjórnar. Þetta liggur í því, að vatnsréttindi hafa í öllum löndum smám saman þokast yfir á það svið, sem það var á í suðurhluta norðurálfunnar allt frá tímum Rómverja, þ. e. a. s., að stór vötn eru að miklu leyti undir yfirráðum hins opinbera, svo að ég er ekki í neinum vafa um hina stórvægi legu þýðingu, sem það hefir fyrir lánveitendur, að ríkið sé ábyrgt fyrir láninu.

Hv. 2. þm. Eyf. var í sinni ræðu að spyrjast fyrir um það, hvernig útlitið væri um fjárútvæg, og þeirri spurningu hans mun ekki hafa verið svarað. En hvað þýðir að vera að grennslast eftir horfum um það á meðan ekki er vitað, hvernig Alþingi myndi snúast í málinu og hvort það fengist til þess að samþ. þá löggjöf, sem nú er verið að reyna að byggja upp sem grundvöll fyrir fjárútveginna? Það er ekki hægt að koma til fjármálamanna og spyrja þá, hvort þeir vildu ekki lána féð, ef Alþingi samþ. þetta, sem í rauninni hefði nú ekki verið tekið vel í. Hv. þdm. verða að gera sér ljóst, og ég veit, að hv. 2. þm.

Eyf., sem sjálfur hefir verið fjmrh., gerir sér það ljóst, hvaða almennar ástæður eru fyrir því, hvort hægt verði að fá gott lán eða ekki. Frv. sjálft gerir þann fyrirvara í þessu efni, sem ég held, að sé réttmætur og nauðsynlegur, að ríkið bindist því aðeins ábyrgð fyrir láninu, ef fjmrh. samþ. lánskjörin. Með þessu er það tryggt, að ríkisstj. verði ekki teymd út í neitt það, sem henni þykir óráðlegt, af því að henni þyki lánskjörin óheppileg. Ég held, að ekki sé hægt að fá upplýsingar um það, hvaða lánskjör séu fyrir hendi, fyrr en svona löggjöf er afgr. Það hefði alveg eins mátt spyrja hæstv. stj. þegar hún tók síðasta lánið, hvaða lánskjör væru fyrir hendi, áður en hún fékk heimild þingsins til þess að taka lánið. Nei, góð lánskjör fást ekki með því að athuga fyrst, hvaða lánskjör eru fyrir hendi, og fara svo að þinga um, hvort að þeim skuli ganga, heldur með því að hafa fulla heimild í höndunum og geta samið þegar bezt hentar. Annars vil ég taka undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að mér þótti hv. þm. taka þolanlega í málið, og vona ég, að það verði fyrirboði þess, að því verði ekki vísað á bug.

Hv. 2. landsk. var dálítið að endurtaka þessa gömlu fjarstæðu um andstöðu i-haldsins, sem hann svo nefndi, í bæjarstj. Rvíkur gegn þessu máli. Það er nú svo, að þeir, sem eru nógu iðnir við að bera fram ósannindi, ávinna oft töluvert í bili við það að fá menn til þess að trúa sér. Nú á ég ekki við það, að hv. 2. landsk. hafi gert þetta svo mjög, heldur hafa ýmsir aðrir gert það miklu fremur.

Það er nú að vísu rétt, sem sagt var hér áðan, að málið er eldra en 7 ára, og undirbúningsráðstafanir enn eldri; ég held, að 10 ár séu síðan það kom til umr. að virkja annað fallvatnið í Soginu, en það var gert án þess að bæjarstj. væri kvödd þar til. Bæjarstj. hafði þá svo mikinn áhuga á því að ná raforku úr Soginu til bæjarins þarfa, að hún vann það til, að hún keypti vatnsréttindi á þessum stað í Soginu fyrir 20–30 þús. kr., til þess að tryggja sér, að þetta vatnsfall yrði ekki virkjað án hennar samþykkis. Þetta var áður en hv. 4. landsk. kom í bæjarstj., svo gamalt er þetta, þegar talað er um elzlu drög til þessa máls. Fyrsta sporið

til framkvæmda í þessu máli var, að 1921 var flutt og samþ. á Alþingi frv. til laga um rannsóknir til undirbúnings virkjun Sogsins frá mþn. í vatnamálum, sem starfað hafði hér 1918—1919. Frv. þetta var flutt inn í þingið af stj. Jóns heitins Magnússonar. Það er þessi rannsókn, sem útbúið á virkjun Sogsins var byggt á. Hitt er satt, að sjálfstæðismenn hafa á engum tíma viljað láta bæjarstj. hlaupa til og ráðast í framkvæmdir að órannsókuðu og óundirbúnu máli. Sjálfstæðismenn hafa alltaf krafizt góðs undirbúnings og fylgt málinu fram þegar hann var fenginn.

Hv. 5. landsk. kom hér inn í umr. án þess að hafa heyrð nokkuð af því, sem búið var að segja áður, og skaut auðvitað nokkuð skökku við hjá honum. Ég veit ekki, hvort ég á að þreyta hv. dm. á að tina upp það, sem hann sagði um málið af þekkingarskorti, svo að ég noti þau vægustu orð, sem unnt er, um hans ræðu. Hann talaði yfirleitt alltaf um þetta frv. eins og það væri borið fram vegna Rvíkur og Reykvikinga, en þetta er auðvitað misskilningur. Eins og hv. 1. þm. Reykv. hefir bent á, þá hafði bæjarstj. þetta mál með höndum að því leyti sem það snerti Reykjavíkurbæ, en það var mþn. í fossamálum, sem átti að gæta þess, að sveitirnar, sem nær liggja, fengju þarna rafmagn með beztu kjörum, og þegar talað er um ástæður fyrir því að ganga í þessa ábyrgð, þá er höfuðástæðan sú, að Rvík lætur nærliggjandi héruðum þarna stórmikil hlunnindi í té.

Það hefir verið dregið dálítið inn í þetta virkjunin við Elliðaárnar, og vil ég gera grein fyrir þeirri hlið málsins. Það er nú verið að framkvæma 3. virkjunarstigið inni við Elliðaár, og með þeirri viðbót má vænta, að ekki verði sérlega mikill rafmagnsskortur í Rvík þau 4—5 ár, sem væntanlega líða til þess er Sogsstöðin getur tekið til starfa. Það er fyrst og fremst til þess að rafmagn þrjóti ekki í Rvík, að þessi viðbót er gerð, og líka í öðrum tilgangi, sem ég held, að ég verði að gera grein fyrir.

Það er hugsað til þess, að þessi 30 þús. hestöfl, sem virkjanleg eru í Soginu, verði virkjuð í 4 stigum, þannig að fyrst verði tekinn $\frac{1}{4}$ hluti með einni vélasam-

stæðu, 7000—7500 hestöfl. Nú er þess yfirleitt krafizt til öryggis, að til séu varavélar, sem megi setja í gang þegar vél bilar og meðan á viðgerðum stendur, en hugsað er, að það muni vera hægt að spara þann kostnað að hafa varavél við Sogið, með því að gera Elliðaárstöðina svo stóra, að hennar vélar samanlagðar nægi sem varavélar á móts við eina vélasamstæðu í Soginu. Og það er ódýrara að stækka Elliðaárstöðina, svo að hún geti sparað þessa vél við Sogið, heldur en hyrja með 2 vélasamstæður þar og hafa alltaf einni vélasamstæðu fleira en annars þyrfti. Þetta hefir mætt mótstöðu jafnaðarmanna í bæjarstj., en ég hygg, að það stafi af þekkingarskorti, því að frá hvaða hlið sem á það er litið, þá er þetta rétt framkvæmd. Auk þess er tryggara fyrir Rvík og héruðin hér í kring að eiga sínar varavélar hér heldur en austur við Sog, því hér eru þær um leið varavélar við háspennuleiðsluna frá Soginu til Reykjavíkur.

Þá minntist hv. 5. landsk. bæði í fyrri og seinni ræðu sinni á tilboð, sem einn bæjarfulltrúinn, hr. Sigurður Jónasson, hefði flutt fram frá þýzku raforkufélagi um að taka við sérleyfi til virkjunarinnar á þessu fallvatni, og þar með fá rétt til þess að selja Reykjavíkurbúum rafmagn til almennra nota. Hann talaði svo ólíkindalega, að honum þótti það undarlegt, að sjálfstæðismenn, sem vildu hlynna að framtaki einstaklingsins, vildu nú ekki fara þessa leið. En hann þarf nú ekki að láta svo ólíkindalega; það eru ýmsir okkar, og þ. á. m. ég, sem ekki hefðu verið hræddir við að leyfa útlendingum að nota einhver fallvötn til rafmagnsframleiðslu til iðnaðarnota í eigin þafir. Mér hefir alltaf fundizt, að atvinnuvegirnir í landinu væru ekki ennþá orðnir svo fjölbreyttir, að ástæða sé til þess að neita þeim mönnum um vatnsafl, sem geta komið af stað einhverjum iðnaði, en málið snýr öðruvisi við, þegar um rafmagn til almenningsnota er að ræða. Það er ekkert eðlilegra en að bæjarfélag, eða samlag fleiri héraða, sem þarf á rafmagni að halda til smáiðnaðar og annarar hliðstæðrar notkunar, fái að eiga þá orkuveitu, sem lætur úti rafmagn í smásölu til almennings. Það er hliðstætt

því, þegar hið opinbera, ríki og bæjarfélög, hafa yfirleitt undir okkar þjóðskipulagi í sínum höndum fyrirtæki, sem miða að því að láta almenningi eitthvað í té, og eru þess eðlis, að þau verða að vera á einni hendi, eins og póstsamgöngur, sími og annað slíkt, sem eru undir stjórn hins opinbera, af því að þau hafa þau einkenni á sér, að almenningur þarf að nota þau, og eru þannig vaxin, að bezt er, að þau séu á hendi eins aðila. Alveg eins er það með raforkuveituna, og þess vegna álit ég, að það verði að halda því nokkuð föstu, að slík fyrirtæki séu í almennings höndum. En það verða menn að gera sér ljóst, að ef það verður niðurstaðan að slá alveg frá sér þeirri hugsun, að sveitirnar verði aðnjótandi þessara gæða, og þess vegna beri að líta svo á, að hér sé aðeins um að ræða fyrirtæki fyrir Rvík, þá má náttúrulega neita um alla aðstoð ríkisins til slíkra framkvæmda og láta þá reka á reiðanum með, hvort Rvík getur fengið fjármagn til að koma þessu upp sem bæjarfyrirtæki og án ríkisins ihlutunar og ábyrgðar. En ef það tekst ekki, þá er hitt framundan, að þetta verður að láta í hendur einstakra manna, og þá er líka þar með alveg fyrirgert, að seinna meir sé hægt að koma þeirra breyt, á, að sveitir geti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem hér er farið fram á í fry. Hv. 5. landsk. lýsti yfir því, að hann álti ekki verra að fá hentuga samninga við einkafyrirtæki. Hann er allt í einu orðinn því fylgjandi að veita einstökum félögum sérleyfi til virkjunar þessarar, og það þótt útlend séu. Ég geri mér von um, að þessi afstaða sé ekki grunduð, heldur fram borin til þess að slá þessu máli á dreif. Það er varla eyðandi orðum að mótbárum eins og þeirri, að það sé ekki ætlað til, að Rvík fái rafmagn til húsa-hitunar, og þess vegna geti sveitir ekki fengið það heldur. Þessi röksemdafærsla er algerlega röng. Húsa-hitun hér í Rvík er svo ódýr, en hinsvegar kröfurnar um hitamagn svo miklar, að það er óvist, hvort framþróunin fer í þá átt, að upphitun með rafmagni verði sérlega algeng í bænum. Ef framþróunin fer ekki í þá átt, þá er það af því, að Rvík á kost á ódýrari úrlausn á annan hátt. En ekki er sjáan-

leg framundan nein úrlausn á þessu spursmáli á sveitaheimilum, sem verður eins ódýr og hitun með raforku frá stöðvum með ódýru afli, ef annars tekst að leysa þá þraut að koma taugunum frá raforkuverinu til sveitaheimilanna. Ég veit ekki, hvort ég get gert næga grein fyrir þessu, en skýringuna um þetta er að finna að miklu leyti í þeim undirbúningi, sem utanþingsnefnd í raforkumálum hefir gert, og skýringin liggur í því, að taugar þær, sem leggja verður til heimilanna út um sveitir, verða að vera, til þess að þola átök veðráttunnar, svo gildar, að þær nægi til þess að veita raforku einnig til hitunar heim á hin einstöku býli. Þessu fylgir því enginn teljandi aukning á veitukostnaði, þó að býlunum sé ætluð svo rifleg raforka, að hún nægi einnig til hitunar. Þá er það um raforkuna sjálfa að segja, að sá, sem er búinn að kaupa eitthvert visst magn til heimilisins, sem nægir til ljósa og matreiðslu og annarar heimilisnotkunar, sem hægt er að borga tiltölulega háu verði, hann getur átt kost á að fá svo rafmagn til viðbótar, ef hann vill nota það til hitunar, fyrir mjög lítið verð. Það réttlætist af því, að þegar virkjað er stórt fallvatn, þá er hægt að framkvæma sérhverja aukningu fyrir örlítið verð. Það er þess vegna allt á sandi byggt, sem hv. 5. landsk. hefir verið að segja, bæði hér og á fundum úti um sveitir, að þeir þurfi ekki að láta sér detta í hug, að þeir fái raforku til hitunar, því það sé ekki einu sinni ætlað til, að Rvík sjálf fái það.

Þá talaði hv. 5. landsk. mjög mikið um ábyrgðir og mælti fast á móti þeim, og sagt að segja hefir hann nú í þessu máli, síðan það kom fyrir þingi á vetur, tekið svo gerólíka afstöðu hvað þetta atriði snertir, móts við það, sem hann áður hefir gert í þessu máli, að ég get ekki varizt þeirri hugsun, að eitthvert nýtt atriði sé komið fyrir, sem sé þessari breyttu afstöðu hans valdandi. Það gengu sögusagnir um það á þingi á vetur, að það hafi komið aðvörum frá London um það, að íslenska ríkið mætti ekki takast þessa ábyrgð á hendur. Ég veit ekki, hvort þær sögusagnir hafa við nokkurn hlut að styðjast, en ég vil af því tilefni og af þessu, sem hv. 5. landsk.

segir nú um ábyrgðir, bera fram þá fyrirspurn til hv. 2. þm. Eyf., sem var fjmrh. þegar lánið var tekið í London í nóv. 1930, hvort islenska stjórnin út af þeim lántökum sé bundin nokkrum bakmálum um það, að hún megi ekki ganga í ábyrgð, ef hún fær til þess löglega heimild. Ég vona, að hv. 2. þm. Eyf. sjái sér fært að gefa skýr svör við þessari spurningu við framhald umr., sem verður væntanlega frestað bráðlega.

Hv. 5. landsk. spurði, hvernig við ættum að neita Vestmannaeyingum og Rangæingum og öðrum um ábyrgðir, ef þessi ábyrgð yrði samþ. Mér er það ljóst, að ef við eigum að leysa þessi verkefni, lyfta því Grettistaki að koma raforkunni út um dreifbýlið, þá verður það ekki á annan hátt gert en þann, að þjóðfélagið taki á sig að töluverðu miklu leyti áhættu við það og að nokkru leyti, eins og gefur að skilja, kostnað, en þó ekki nema að tiltölulega litlu leyti. En það, sem ég tel á hverju stigi þessa máls eiga að vera afgerandi fyrir því, hvort þjóðfélagið eigi að ganga í einhverja tiltekna ábyrgð til þess að greiða fyrir framkvæmdum í þessu efni, er það, hvort fyrir hendi sé sá fjárhagsgrundvöllur fyrir þeirri framkvæmd, að hún geti borgað sig, annaðhvort sjálf eða þá með því framlagi af opinberu fé, sem ríkið er viðbúið og vill láta í té. Ég álit, að það verði á hverjum tíma að vera afgerandi fyrir ábyrgð, að það sé fjárhagslega forsvaranlegt fyrirtæki, sem lagt er út í. Ef Vestmannaeyingar koma og biðja um ábyrgð, og ef það er fjárhagslega skynsamlegt, þá er sjálfsgagt að taka hana. Og eins væri það með Rangæinga. Hv. 5. landsk. talaði eins og þessi ábyrgð væri sérstaklega lamandi fyrir lánstraust landsins, en það er ekki rétt. Aðrar hliðstæðar framkvæmdir til almennra þarfa, sem komizt hafa á hér á landi, hafa verið gerðar fyrir ríkisfé eingöngu, eða sama sem eingöngu, þannig að lagt hefir verið fram til þeirra af sköttum. Það verður aldrei meira lamandi fyrir lánsstraust landsins, þó að gengið sé í skynsamlega ábyrgð fyrir framkvæmdum á þessum sviðum heldur en þó að ríkið tæki sjálft lánið og framkvæmdi það. Í mínum augum er hér um það að gera,

Alþt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

hvort sú viðreisn landbúnaðarins, sem allir óska eftir, eigi að heppnast eða misheppnast. Í mínum augum er það barnaskapur að imynda sér, að mögulegt sé að fá fólkið til að vera í dreifbýlinu í sveitunum með því að neita því um þann bagnað og þau lífsþægindi, sem raforkan hefir í för með sér og kaupstaðir og sjávarþorp eru fær um að veita sínum íbúum. Það heimskulegasta, sem unnt er að gera að minu viti, er það, að vera með stórfelldar og kostnaðarsamar framkvæmdir landbúnaði til viðreisnar, en sleppa jafnframt einhverju því meginatriði, sem þá er óhjákvæmilegt til þess að framkvæmdin heppnist og beri arð. Þá væri betra að leggja ekki út í neitt. Ég álit, að um tvennt sé að gera fyrir ríkið: annaðhvort að greiða fyrir því með ábyrgðum og fjárframlögum, að þetta verkefni lánist, eða að gera það allt á ríkisins kostnað. Og ég er sannfærður um, að fyrri leiðin, að ríkið veiti þá hjálp í ábyrgðum, sem annars er hægt að veita áhættulaust, og með fjárframlögum, sem ríkið treystir sér til að leggja fram á hverjum tíma, verður miklu farsælli. Ég geri ekkert úr því, sem hv. 5. landsk. skaut fram, að það mætti búa til samábyrgð kaupstaða og mætti láta hana vera í ábyrgð fyrir opinberri lántöku. Ef það væri alveg af-ráðið að gera sveitir afskiptar og hugsa ekkert um að veita raforku út til þeirra, þá mætti tala um þetta. Þá væri þetta mál kaupstaðanna einna og þeir gætu passað sig sjálfir. En ég fyrir mitt leyti er ekki fánlegur til þess, vegna þeirrar mótstöðu, sem þetta má hefir sætt hingað til, að gefa upp alla von um það, að þetta geti orðið sveitum að gagni líka, og ef þetta á að ná til sveitanna einnig, þá er engin sanngirni í því að heimta, að kaupstaðir fari að búa til nýja og erfiða skipulagstegund til þess aðeins að komast hjá því, að sveitamenn taki þátt í ábyrgðum við fyrirtæki, þar sem fjárhagsþunginn og erfiðleikarnir stafa þó fyrst og fremst af þátttöku sveitanna. Ég sé engan aðila réttari annan en ríkissjóð til þess að taka þær ábyrgðir á sig. Ekki sé ég heldur, að sú úrlausn geti verið rétt, sem hv. 5. landsk. sló fram, af því að hann fann, að það var óheppilegur grundvöllur, sem hann var kominn yfir á, þegar hann var

að tala um að veita útlendum félögum sérleyfi til þessarar framkvæmdar, að það megi veita Reykjavíkurbæjar sérleyfi til framkvæmdarinnar. Það gæti skapað Rvík heppilega aðstöðu að fá sérleyfi til virkjunar. En við í raforkumálan. berum ekki fram þetta frv. til þess að halda fram hluta Rvíkur, heldur til að tryggja sveitunum sem bezta úrlausn í þessu máli, - að eiga kost á ódýru rafmagni. Og það er ekki hægt að ná beztum árangri fyrir héruðin hvað þetta snertir með öðru en því að tryggja þeim eins og gert er í frv., að þeir geti á sínum tíma staðið sem eigendur að sínum hluta orkuversins.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Umr. í gær um þetta mál fóru nokkuð svipað og umr. í dag um Hafnarfjarðarvegin. Mér kom þá sama spurningin í hug, sú, hvort það gæti verið þjóðnytjamáli nokkur bót, að flokkarnir, sem að því standa, fari að rifast um það, hver þeirra ætti heiðurinn af að hafa komið málinu fram. Sá eini hv. þm., hv. 5. landsk., sem talaði á móti málinu, tók einmitt upp ummæli og bardagaaðferð hv. 2. landsk. til þess að sýna fram á, að málið ætti engan rétt á sér. Annars ætla ég ekki að fjölýrða um þetta atriði.

Það er alrangt hjá hv. andstaðingum þessa máls, að frv. þetta sé sérstaklega borið fram með hagsmuni Rvíkurbæjar fyrir augum. Fullur þriðjungur landsmanna mundi hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Soginu, ef það yrði virkjað. Langmestur hluti þessa fólks utan Rvíkur er í Hafnarfirði og á Reykjanesskaganum, og vildi ég segja nokkur orð um viðhorf þessara manna til málsins.

Allt frá því að ég sat fyrst í bæjarstj. Hafnarfjarðar, eða frá árinu 1923, hefir það verið einróma ósk okkar Hafnfirðinga, að virkjun Sogsins kæmist í framkvæmd. Við höfum þess vegna verið að lappa upp á hitt og þetta hjá okkur, því að við höfum alltaf vonast eftir, að málinu yrði hrint í framkvæmd, og það sem allra fyrst.

Þetta er líka stórkostlegt hagsmunamál fyrir allar hinar mörgu og fjölmennu verstöðvar á Reykjanesi. Vetrarvertíðin byrjar þar í mesta skammdeginu, 1. jan., og er þá um að gera að hafa nóga birtu, til þess að geta komið aflanum frá sér á kvöldin. Hafa því verstöðvarnar reynt að raflýsa hjá sér, en það hefir orðið sumum þorpunum ofvaxið, t. d. Grindavík, og hefir orðið að hætta við raflýsingu þar. Fiskverkunarhúsin þurfa sérstaklega á rafmagni að halda, en það er ekki hægt að fá nema þessu máli verði hrint í framkvæmd. Þetta er því alls ekki eingöngu hagsmunamál Rvíkur, heldur fulls þriðjungs landsmanna, og það er líka hagsmunamál landsins í heild og ríkissjóðsins, því að því betri sem lífskilyrði manna verða á þessum stöðum, því meira fé kemur í ríkissjóðinn.

Mér fundust rök hv. 5. landsk. dálítið einkennileg, þegar hann var að tala um, hvílikt áhættuspil það væri fyrir ríkissjóð að ganga í ábyrgð þá, sem farið er fram á í frv. Og ég held, að þessi sama skoðun hafi líka legið í orðum hv. 2. þm. Eyf., þó að þar væri öðruvísi tekið á málinu og aðeins beðið um upplýsingar viðvikjandi því. Ég held, að öllum hljóti að vera ljóst, að þetta er ekkert áhættuspil, þar sem virkjuninni er ætlað að bera sig. Og ég get ekki skilið, að það yrði talið ríkinu til skuldar, þó að það gengi í þessa ábyrgð. Ég þekki reyndar ekki mikið til fjármálaviðskipta milli ríkja, en ég veit, að þó að maður skrifi upp á víxil og setji tryggingu, þá er það ekki reiknað mannum til skuldar í bönkunum. Ég býst við því, að ríkið hliti nokkurnvegin sömu lögum í þessu efni. Það var þetta atriði, ásamt því, að íhaldsflokkurinn hefði verið 16 sinnum á móti málinu, sem var þungamiðjan í röksemdum hv. 5. landsk. á móti þessu máli.

Ég get ekki séð, að þessar mótbáru séu á neinum rökum reistar, heldur séu þær sprotnar af einhverri hreppa- eða flokkspólitik, sem ekki á heima hér á hv. Alþingi, þegar um er að ræða slíkt þjóðnytjamál sem þetta er.

Einar Árnason: Þegar ég tók til máls um þetta frv. í gær, var það eingöngu gert til þess að fá upplýsingar frá hv. flm. um

það, hvort nokkuð nýtt um fjáröflun í þessu skyni hefði komið fram frá því á síðasta þingi. Ég hefi nú helzt fengið þau svör, að ekkert hafi gerzt í málinu frá því á síðasta þingi og engin breyt. á orðið. Ég spurði um þetta meðfram vegna þess, að í vor heyrðist talað um nýtt tilboð. En enginn hefir talað um það hér í hv. d. Á þeim fáu orðum, sem hér komu fram um þetta, var ekkert hægt að byggja í þessum efnum. En mér hefir skilzist, að það væri vist, að eitthvert tilboð hafi komið fram, og finnst mér, að þingið ætti að fá um það fulla vitneskju.

Hv. 1. flm. sagði, að ég hefði misskil- ið þau ummæli, að pólitískt vald myndi þröngva kosti Rvíkur. Það má vel vera, að ég hafi misskilið hv. þm. Hann hélt því fram, að flestir myndu lita svo á, að vissara væri að tryggja sér ábyrgð ríkis- ins, því þá væri síður hætt á því, að kosti fyrirtækisins yrði þröngvað. Nú hygg ég, að litið sé töluvert öðrum augum á það í útlöndum, hvort lán á að ganga til al- mennings- eða einstaklingsþarfa. Veit ég ekki til, að slíkar tryggingar sem þessar séu heimtaðar, þótt lán sé veitt til al- menningsþarfa.

Það er mitt álit, að jafnvel þó að engin hætt sé á því, að fyrirtækið geti ekki staðið í skilum með vexti og afborganir, þá sé það samt til þess að rýra lánstraust ríkisins, ef ríkissjóður gengur í mjög miklar ábyrgðir. Það vita allir, að það rýrir mjög lánstraust einstaklingsins, ef hann gengur í miklar ábyrgðir fyrir aðra. Því hlýtur einnig að vera svo farið um okkar litla og fátæka ríki.

Ég tel það mjög hæpna fullyrðingu hjá hv. 1. flm., að lánstraustið muni vaxa, því meira sem sé framkvæmt í landinu. Þessi skoðun getur alls ekki verið óbyggjandi.

Þá minntist hv. 1. landsk. á aðvaranir frá útlöndum viðvikjandi ábyrgðum rík- issjóðs. Þykir mér gott, að hv. flm. gefur mér tilefni til að minnst á orðróm, sem hefir gengið um það, að ríkisstj. hafi fengið aðvörun um, að hún mætti ekki takast á hendur þessa ábyrgð eða aðrar vegna lánstrausts ríkisins. En einmitt þetta, sem hann kallar orðróm, það hefir komið skýrt og allákveðið fram í blöð- um Sjálfstæðisflokksins. Og einnig kom þetta mjög ákveðið fram í kosningabar-

áttunni, og var þá tekið svo djúpt í ár- inni að segja, að stj. hafi verið bannað að taka á sig þessa ábyrgð fyrir hönd ríkis- sjóðs, með fleiri fullyrðingum. Nú vildi ég taka það fram, út af ummælum hv. þm. og út af því, sem almennt hefir kom- ið fram og verið gefið í skyn, að ríkisstj. hafi gengið inn á ákveðin loforð viðvikj- andi ábyrgðum, þegar hún tók lánið í London, að mér finnst ástæða til að mó- mæla þessu. Eins og ég hefi áður sagt, þá hafði stj. engin bréf fengið um þetta efni. Engir samningar hafa verið gerðir um þetta og engin orð fallið um það við stjórnina frá útlendum fjármálamönn- um. Þetta mál bar alls ekki neitt á góma, þegar stj. var að leita fyrir sér um lán í útlöndum. En ástæðan til þess, að þessi orðrómur hefir komizt á loft, er sú, að í bréfi til eins af bankastjórum Lands- bankans er minnst sérstaklega á ábyrgð- ir ríkissjóðs, þar sem talað er um óheppi- legt fyrirkomulag á framkvæmdum á þeim ábyrgðarheimildum, sem Alþingi veitir héruðum og stofnunum. Þetta bréf hefi ég nú reyndar ekki séð, en viðkom- andi bankastjóri skýrði mér frá þessu at- riði úr því, af því að hann taldi rétt, að ríkisstj. fengi að vita um þetta, því sú maður, sem bréfið er frá, er mjög merkur fjármálafræðingur, og fannst bæði bankastjóranum og landsstj. það vera rétt að taka tillit til þess, sem hann legði til málanna. Bankastjórinn skýrði frá því, eða ég skildi það svo, að maðurinn hefði skrifað þetta sem velviljaða bend- ing um, að þetta fyrirkomulag okkar sé ekki heppilegt. Það er líka skiljanlegt, að það sé ekki heppilegt að hafa það fyrir- komulag, að ríkisstj. ákveði að ganga í þessa eða hina ábyrgðina, án þess að vita, hvaða tilboð væri um lán eða hvaða tilboði ætti að taka.

Reynslan hefir líka verið sú, að þegar Alp. hefir verið búíð að samþ. heimild fyrir stj. til að ganga í einhverja ábyrgð, hafa hinir og aðrir menn, sem hafa verið að hugsa um að fá sér tekjur af því, verið að ganga á milli banka í útlöndum til að vita, hvort þeir vildu lána féð, og hampað því, að það væri ríkisábyrgð. Og dæmin eru deginum ljósari, að þegar rík- issstj. hafði fengið heimild til að taka lán fyrir ríkissjóð, þá fóru ýmsir menn á

stúfana til að leitast fyrir um það, og þóttust hafa umboð, sem þeir vitanlega höfðu ekki. Þetta hlýtur auðvitað að spilla fyrir þeim lánútvegnum, sem á að framkvæma. (JónP: Þvert á móti). Ja, það var nú samt svo, að það var verið að skrifa ríkisstj. gegnum utanríkisráð Danmerkur vegna manns, sem hafði verið að reyna að útvega lán hjá banka í Ameríku, og hv. 1. landsk. þarf ekki að ætla, að þetta sé til bóta á fjármálum Íslands. (JakM: Hvaða lán var það?). Það var ríkislánið.

Þetta eitt hefir komið fram við ríkisstj. í þessu máli, og að mínu áliti er ekki úr vegi að taka bendingum frá kunnugum mönnum, sem þekkja þessa hluti. Eins og ég hefi tekið fram, hefi ég ekki séð bréfið sjálfur, en þetta mun vera aðalatriðið í því. Nú er á það að líta, að þegar lítið er á þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá er hér aðeins um það að ræða að koma á virkjun fyrir Reykjavík. En fyrir þá upphæð, sem hér er farið fram á ábyrgð fyrir, verður ekki hægt að koma leiðslum um sveitir landsins. Ef þær sveitir á Suðurlandsundirlendinu og hér í umhverfinu eða jafnvel lengra í burtu, sem hv. flm. minnst á, eiga að fá rafmagn til ljósa og hita frá þessari virkjun, þá þarf að taka nýtt stórlán til þess. Og ég get ekki hugsað mér, að ríkisstj. geti undan því skorast að taka það lán eða ganga í ábyrgð fyrir því, ef þessi ábyrgðarheimild verður veitt. Menn verða að gera sér það ljóst, að þetta er aðeins byrjun á miklu meiri ábyrgðum, ef sveitir landsins eiga að njóta góðs af þessari virkjun.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um þetta mál nú, þar sem þetta er 1. umr. Ég geri ráð fyrir, að málið verði látið fara í nefnd, og þá er alltaf hægt að taka nánari afstöðu til þess við síðari umr.

Jakob Möller: Þegar hv. 2. þm. Eyf. var að spyrja að því í gær, hvort nokkuð nýtt væri fram komið viðvikjandi fjárhagshlið þessa máls, skildi ég það svo, að hann ætti við það, hvort nokkrar frekari ráðstafanir hefðu verið gerðar af hendi bæjarstj. Rvíkur um tilraunir til að útvega fé til virkjunarinnar. Og ég svaraði því svo, að bæjarstj. hefði engar slíkar

ráðstafanir gert, þar sem málið væri nú komið inn á aðra braut. Þar sem málið er nú komið inn á þá braut, að búast má við, að samvinna takist milli bæjarstj. og ríkisstj. um framkvæmdirnar, sá bæjarstj. ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu að svo stöddu. En mér skildist nú, að það, sem hv. þm. hefði átt við, þegar hann í gær var að spyrja um það, hvort nokkuð nýtt hefði gerzt í málinu, væri, hvort tilboð hafi komið fram um virkjun Sogsins. En sem kunnugt er hefir komið fram tilboð um það, að eitt útlent félag tæki að sér virkjunina á sína ábyrgð og ræki fyrirtækið fyrir eiginn reikning. Ég skildi það ekki svo í gær, að hv. þm. ætti við þessa lausn málsins, þegar hann var að spyrja, hvort nokkuð nýtt hefði komið fram í því, því þetta er ekkert nýtt. Þetta er ekkert nýtt, því bæjarstj. Rvíkur hafði áður haft til meðferðar tilboð frá fossafélaginu Titan, sem hafði ráð á vatnsaflí úr Þjórsá, þar sem það bauð henni að selja Rvíkurbæ það rafmagn, sem hann þyrfti að nota, frá stöð við Þjórsá. En því tilboði var hafnað, því bæjarstj. vildi ekki fara þá leið að fá útlendu stórgróðafélagi í hendur sölu á öllu rafmagni til bæjarins og láta þannig alla bæjarmenn gjalda háan skatt til útlendra fjáraflamanna, heldur vildi hún láta bæinn eða ríkið starfrækja fyrirtækið. Í sambandi við tilboð í Sogs-virkjunina er því þetta ekkert nýtt. Þrjú erlend félög höfðu í fyrra gert tilboð í virkjunina, og ég veit ekki betur, samkv. þeim úthöðum, en að þau hafi öll tjáð sig fús að taka að sér verkið fyrir eiginu reikning og reka það á eigin ábyrgð eða í concession. Og þeir menn, sem ég talaði við í Svipjóð, er ég fór utan í fyrra sumar, voru ekki aðeins fúsir, heldur fúsastir að taka að sér verkið á þennan hátt. En bæjarstj. Rvíkur hefir verið og er því mótfallin að veita útlendum stórgróðafélögum aðstöðu til að taka skatt af bæjarbúum. En hinsvegar er það, að ef öll önnur sund yrðu lokuð, þá kæmi málið fyrir bæjarstj. af nýju, og myndi hún þá taka til athugunar, hvað fært væri að gera. En ég geri ekki ráð fyrir, að hún mundi hverfa að því ráði að selja Sogið til virkjunar í sérleyfi. Það gæti þá frekar komið til mála að leita samninga um

rafmagn annarsstaðar frá og reyna að fara að semja við Titan aftur um að láta bæinn fá rafmagn til bráðabirgða, þar til innlendir menn væru færir um að koma á fót slíku fyrirtæki. En að selja þetta vatnsfall burt, sem er hið hentugasta vatnsfall á landinu til virkjunar, og fá útlendingum það í hendur til virkjunar og starfrækslu væri gersamlega ófor-svaranlegt.

Þar sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri hæpin fullyrðing, að lánstraust landsins mundi vaxa, ef slíkt fyrirtæki sem þetta kæmist á, þá er því til að svara, að þetta er ekki aðeins fullyrðing frá mér. Frá eigin brjósti hefi ég ekkert um þetta sagt, heldur farið hér með orð eftir merkur fjármálamanni, sem ég hefi talað við og leit svona á málið. Og ég veit nú satt að segja ekki, hvort þetta er svo hæpin fullyrðing. Það er a. m. k. skiljanlegt, að því fleiri mikilsverðar þjóðþrifa-framkvæmdir, sem gerðar eru, því bygglegra verður landið, og því meiri líkur eru fyrir því, að landsfólkið geti staðið undir þeim byrðum, sem á það verða lagðar. Svo það virðist nú vera alveg rök-rétt ályktun þetta, að lánstraust landsins vaxi við virkjun Sogsins, — auðvitað gangandi út frá því, að fyrirtækið beri sig. En það álit ég hafið yfir allan efa, þar sem það er álit allra, sem málið hafa rannsakað.

Viðvikjandi þeim orðrómi, sem gengið hefir um það, að ríkissjóður mætti ekki taka á sig ábyrgðir — ég er nú hér að fara inn á verksemi hv. 1. landsk., en ég get búist við, að sá flokkur, sem ég tilheyri, verði sakaður um að hafa bætt við þennan orðrómi út af því, sem hann hefir borið fram um ríkisstjórnina —, þá verð ég að segja það, að það gleður mig, að hv. 2. þm. Eyf. bar á móti þessum orðrómi. En ég vil vekja athygli hans á því, að það er að kenna fyrrv. samverkamönnum hans í ríkisstj., að orðrómur þessi er kominn upp, og sömuleiðis er það þeim að kenna, að hann hefir breiðt út. Í umr. um þetta mál á þingi í vetur vék þáv. hæstv. dómsmrh. að því í ræðu, lauslega að visu, að einhverjar aðvaranir hefðu komið um það frá erlendum fjármálamönnum, að takast ekki á hendur þessa ábyrgð. En svo var það eftir þingrofið,

að hæstv. forsrh. kvað fast að orði um einhverja aðvörun frá erlendum fjármálamönnum um að ganga ekki í ábyrgðir. En nú segir hv. 2. þm. Eyf., að hæstv. stjórn hafi engin bréf fengið um þetta mál. Þá verð ég að segja það, að þessir tveir hæstv. ráðh., fyrrv. samverkamenn hans, hafa mjög misbrúkað þetta bréf, sem kom til eins bankastjóra Landsbankans viðvikjandi þessu máli. Því eftir því, sem hann segir frá innihaldi þess bréfs eftir bankastjóranum, þá gefur það ekkert tilefni til þeirra ummæla, sem hæstv. forsrh. og fyrrv. hæstv. dómsmrh. hafa um þessar ábyrgðir haft.

Flm. (Jón Þorláksson): Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú tekið fram ýmislegt af því, sem ég þurfti að segja viðvikjandi því, sem kom fram um þennan orðrómi í síðari ræðu hv. 2. þm. Eyf., og ég skal reyna að endurtaka sem fæst.

Hv. 2. þm. Eyf. lét í ljós, að það væri ekki venjulegt í öðrum löndum, að heimiluð væri ríkisábyrgð til vatnavirkjunar slíkrar sem þessarar. Hann sagði, að í öðrum löndum yrðu þeir sjálfir að sjá sér fyrir fénu, sem vildu virkja, og vildi bera bríðður á ummæli mín hér í gar um það, hverjar kröfur væru gerðar til þeirra, sem þar virkja vatnsföll, af þeim. Sem leggja fyrirtækjunum fé. Ég staðhæfði ekki, að það væri venjulegt að heimta ríkisábyrgð af þeim, sem fást við vatnavirkjun í öðrum löndum. Ég mun hafa orðað það svo, að þeir, sem við vatnavirkjun fengjust, myndu leggja áherzlu á að tryggja sér vingjarnlegt hlutleysi ríkisstj. í sínu landi gagnvart fyrirtækinu. Hér stendur nú svo á, að það er bæjarfélag, sem fer fram á að fá féð og virkjar þetta vatnsfall. Og nú er það öllum vitanlegt, að þar sem sveitarfélag á í hlut. þá er það háð afskiptum ríkisvaldsins, og að löggjafarvaldið gerir sér nokkru dælla við sveitarfélög en við einstaka menn. Það er því ekki nema eðlilegt, að lánveitendur vilji í þessu tilfelli sérstaklega leggja áherzlu á að tryggja sér vingjarnlegt hlutleysi ríkisvaldsins gagnvart fyrirtækinu. Og sú leið, sem hér er farin til að tryggja þetta vingjarnlega hlutleysi, er að fá ríkisábyrgð fyrir láni til fyrirtækisins. Hitt efast ég ekki um,

að sú leið, sem hæstv. forsrh. benti á, að setja sérleyfislög og láta Reykjavík hafa sérleyfi til að virkja Sogið, myndi tryggja þetta nokkuð, þó þau myndu sjálfsagt ekki tryggja fyrirtækið til fulls móti ríkisvaldinu. En afstaða bæjarfélags til ríkisins er sú, að það verður ekki litið svo á, að bæjarfélagið hafi sjálfstæðan rétt. Það mun verða að lita svo á, að ríkið hafi meiri íhlutunarrétt um fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga en um fyrirtæki einstaklinganna. Og útlendingar munu vilja tryggja sig fyrst og fremst og það fyrirtæki, sem þeir leggja fé í, gagnvart því, að það vald verði misnotað.

Ég get ekki annað en verið ánægður með svar hv. 2. þm. Eyf. við þeirri fyrirspurn minni, hvort nokkur bakmál hefðu verið við samningana um ríkislánið, sem tekið var í London í nóvember 1930, sem hindruðu ríkisstj. í því að ganga í ábyrgðir fyrir hönd ríkissjóðs. Ég hefði nú helzt kosið, að hv. þm. hefði getað sagt hreint nei við þessu; en þótt hann gerði það nú ekki, þá útlistaði hann þetta þó svo rækilega, að ég verð að trúa því, að þar hafi engin bakmál verið. Hann rakti tildrögin til þess orðróms, sem verið hefir á sveimi um þetta, til þess, að einn af bankastjórum Landsbankans hafði fengið bréf frá einum mikilsmetnum enskum fjármálamanni, bréf, sem hv. 2. þm. Eyf. hafði nú reyndar ekki séð, en viðkomandi bankastjóri skýrði honum frá efni þess. Það er nú svo sem auðvitað, í hvaða tilgangi það bréf er ritað. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að fjármálamaðurinn varaði við, að ríkið væri látið ganga í ábyrgðir, ef ekki væri vitað, hvar ætti að taka lánið. Ég skil, að hér muni tala maður, sem hefir gert það að atvinnu sinni að veita fé að láni til ríkisstjórna og bæjarstjórna, og þá líklega helzt á Norðurlöndum sérstaklega. Hann er náttúrlega að rækja sína atvinnu með því að setja svona ummæli í kunningjabréf til eins af bankastjórunum við aðalbanka landsins. Hann vill náttúrlega komast að að veita lánið, og þá er bæði þægilegt og æskilegt að vita, hvar á að taka lánið.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ef ríkið gengi í ábyrgð, þá hlyti hún að rýra lánstraust landsins sem því svaraði. Ég get nú falllzt á, að það mundi rýra láns-

traust hvers einstaklings, ef hann gengi í miklar ábyrgðir. En þessi regla er nú samt ekki algild. Hér er með skyldum að skipta, og meira gert að forminu til, þegar ríkið gengur í ábyrgð að láni fyrir Reykjavíkurbæ, láni, sem á að verða til nota ekki aðeins fyrir bæinn, heldur einnig umhverfi hans og ýms önnur mannflestu héruð þessa lands. Hér kemur auk þess tvennt annað til greina. Annað er það, að þessi ábyrgð er gersamlega áhættulaus, þar sem féð á að leggja í álitlegt fyrirtæki, sem byrjar með mjög álitlegum stofni, þar sem er rafmagnsveita Rvíkur, sem leggur til stöðina við Elliðaárnar. Það þarf ekki nema rétta út litlafingur til að fá menn, sem vilja taka málið að sér, ef þeir mega hirða arðinn af því. Þeir sjá allir, að þetta verður mjög arðvænlegt fyrirtæki. Það er ekki hægt að kalla það lánstraustsspjöll, þó maður gangi í ábyrgð fyrir fyrirtæki, sem er svo vel stætt og svo arðvænlegt sem hér er um að ræða, og þegar þess er gætt, að það er landið, sem nýtur arðsins af því.

Ég hefi oft gengið í ábyrgð, og ég segi það aðeins, að ég hefi bæði efnast á því og aukið lánstraust mitt á því að ganga í ábyrgð fyrir fyrirtæki, sem ég sjálfur hefi verið meðeigandi í og voru arðvænleg, þannig að mér féll nokkur hluti arðsins. Ég var eignalaus maður, þegar ég fór úr landsins þjónustu og byrjaði upp á mínar eigin spýtur. Ég get ekki annað fundið en að lánstraust aukist fyrir hvern mann, sem gengur í ábyrgð fyrir arðvænleg fyrirtæki, sem þannig er skipað, að arðurinn fellur honum sjálfum að einhverju leyti. Arðurinn af þessu fyrirtæki tilfellur landinu sjálfu, eykur gjaldþol og hætir efnahag þess. Ég er þess vegna algerlega ósammála hv. 2. þm. Eyf. um það, að ábyrgð eins og þessi rýri lánstraust eða efnahag landsins. Ég álit alveg þvert á móti. Hitt er náttúrlega rétt, sem hv. þm. segir, að þau mannvirki, sem hér er farið fram á að verða að stuðningi með ríkisábyrgð, þau taka eingöngu til Rvíkur, eftir því sem það er orðað í frv. Fyrir þessar allt að 7 millj. kr. verður raforku ekki veitt til annara umdæma en Rvíkur. En við það er þó það að athuga, að þó ekki sé veitt alla leið til ann-

ara umdæma, þá er þó með þessu mannvirki nægilega mikil raforka komin í þann námunda við mörg mannflestu hér-
uðin, að ekki er nema tiltölulega litill hluti eftir af þeim heildarkostnaði, sem þarf til að fullnægja raforkuþörfum þeirra. Ég er ekki hræddur við að stíga þetta spor. Ég treysti því, að löggjafarvaldið hafi á hverjum tíma vitsmuni til þess að setja takmarkanir fyrir ábyrgð-
um, að það gangi í ábyrgð fyrir það eitt, sem er fjárhagslega heilbriggt. Ef þess er aðeins gætt, þá verða aldrei nein láns-
traustsspjöll af þessari ábyrgð. Þá verður niðurstaðan aðeins sú, þegar þessi gæði eru komin í notkun hjá landsmönnum og farin að gefa þann arð, sem þau munu gefa, þegar landsmenn eiga þess kost að nota sér þau, að þetta yrði bætt fjárhagsskilyrði í landinu, bæði fyrir landbúnaðinn, sjávarútveginn og iðnaðinn og alla atvinnuvegi landsins, og landið yrði betur stætt en áður.

Einar Arnason: Það var rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er ákaflega erfitt að koma í veg fyrir það, að einhverjir menn hlaupi fram fyrir skjöldu um lánsútveganir, ef þeim sýnist einhver fjárvon í aðra hönd, en það er eigi að siður staðreynd, að slíkt er mjög óheppilegt og getur haft mjög slæmar afleiðingar og þess vegna nauðsynlegt að reyna að koma í veg fyrir það, eftir því sem föng eru á. En það er einmitt það atriði, að menn ganga á milli fjármálagóðbúanna erlendis með ríkisábyrgð upp á vasann. Þetta hlýtur alltaf að vekja lánsstraustspjöll. Nú er það um þetta raforkumál Rvíkur að segja, að það eru fleiri kaupstaðir en Rvík, sem þurfa að koma upp hjá sér rafveitu og vantar peninga til þess. Hvað á þá að gera við þá kaupstaði? Það er Ísafjörður og Siglufjörður og ef til vill fleiri, sem svo stendur á fyrir. Nú finnst mér ofureðlilegt, að allir þessir kaupstaðir sameini sig í þessu máli og fái eitt sameiginlegt lán. Og mér fyndist ekki ólíklegt, að þegar húið væri að koma öllum þessum rafveitum í fast form og allar áætlanir fyrir hendi, að þeir geti vel fengið lán upp á eigin spýtur. Það er ekki nokkur efi á því, að það eru til erlend firmu, sem væru til með

að leggja rækt við það, þegar um fjárvon væri að ræða, og þau myndu vafalaust fús útvega peninga til slíkra fyrirtækja, ef þau gætu um leið umsett eitthvað af sínum vörum, eins og mér skilst, að hugsað hafi verið til hér í Rvík.

Hv. 1. landsk. hefir misskilið mig dálítið, og ef til vill hefi ég sjálfur gefið til-
efni til þess. Það var út af þessu bréfi til landsbankastjórans. Af því að ég hefi ekki séð bréfið, gat ég ekki sagt, hvert orðalag þess var. Það var aðeins aðal-
atriðið, sem ég talaði um, og það var þetta, eins og ég minntist á, að óheppi-
legt væri, að menn gætu tekið upp á sig að ganga milli banka erlendis og spyrja, hvort þeir vildu veita lán gegn ábyrgð íslenskra ríkissjóðsins. Hitt var meira mín skoðun og aðallega minn skilningur á þessu, að þegar ákveðið væri fyrirfram, hvar lán skyldi taka og með hvaða kjörum, þá væri útilokað, að menn væru að ganga á milli og bjóða sig fram til að vera milligöngumenn fyrir slíkar lánsútveganir. Hv. þm. má ekki taka orð mín þannig, að ég hafi haft þau orðrétt úr bréfi, sem ég hefi ekki séð; það get ég ekki. Ég hefi aðeins skýrt frá því, hvert tilefni var til þess, að þessi orðrómur komst á loft, sem menn þekkja. Og ég hefi reynt að segja frá því, eftir því sem ég hefi skilið þennan mann, sem bréfið fékk, og sem hann tók upp á sig að skýra mér frá, af því að hann áleit, að rétt væri, að ríkisstj. fengi að vita álit þessa manns á þessum málum.

Halldór Steinsson: Það er aðeins ör-
stutt aths., sem ég ætla að koma með. Hv. 2. þm. Eyf. segir, að menn verði að gera sér ljóst, að ef þessi ábyrgð væri tekin, þá myndu aðrir koma á eftir og heimta nýja ábyrgð. Ég þykist vita, að þeir, sem eru hlynntir þessu máli, geri sér fyllilega ljóst, að ekki sé húið þó ábyrgð þessi sé veitt fyrir Rvík. Það ganga allir út frá því sem sjálfsögðu, að um leið og suð-
vesturhluta landsins er gefinn kostur á að verða aðnjótandi raforku frá Rvík, þá liggi í hlutarins eðli, að þau héruð búast við að eiga von á styrk til slíkra framkvæmda síðar meir. Þess vegna finnst mér einkennilegt, þegar það kemur fram sem aðalástæða bæði frá hv. 2. þm. Eyf.

Virkjun Efra-Sogsins. — Hafnarfjarðarvegur.

og hv. 5. landsk. gegn þessari ábyrgð, að það muni koma aðrar beiðnir á eftir um svipaðar ábyrgðir. Mér finnst þeir með því sýna, að þeir hafi mjög litla trú á þessu máli. Það má eins segja, að þegar fyrst var farið að leggja síma hér á landi, þá hafi flestir gert ráð fyrir, að menn létu sér ekki nægja eina símalagningu, t. d. frá Seyðisfirði til Rvíkur, og þegar fyrst var ráðizt í að leggja þjóðvegi, þá hafa menn gert ráð fyrir, að ekki yrði látið við sitja að leggja einn þjóðveg, heldur mundu fleiri koma á eftir. Eins er um þetta mál. Og þar sem það verður að teljast heilbriggt og nauðsynlegt fyrir sveitir að fá ljós og hita, þá verður að ganga út frá því sem visu, að ekki verði hægt að komast hjá fyrir ríkissjóð að leggja fram stuðning til þessa máls. Þess vegna finnst mér, að það ætti betur við, að þeir hv. þm., sem eru að mæla á móti þessu frv., lýstu hreint og beint yfir því, að þeir hefðu ótrú á því, að sveitir fengju ljós og hita, heldur en að koma með slíkar mótbárur, að ríkið hafi ekki efni á að koma þessu í framkvæmd.

Flm. (Jón Þorláksson): Það var húið að svara því áður, sem hv. 2. þm. Eyf. kom með áðan um samábyrgð kaupstaðanna. Það getur náttúrlega komið til mála, svo framarlega sem menn vilja slá því föstu, að þessi gæði falli ekki til annara en kaupstaða. Ég er ekki á því að ganga inn á það, að sveitirnar verði afskiptar og því beri ríkinu ekki að hafa neina íhlutun um þetta mál, eða það skilst mér vera afstaða hv. 2. þm. Eyf. til málsins. Ég get skilið uppástungu hans frá því sjónarmiði. Ég vil bæta því við, að Sogsrannsóknirnar, sem utanþingsn. í raforkumálum hefir gert, þær hafa gefið skýra bendingu um það, að svo framarlega sem menn hugsa til að leysa þetta spursmál fyrir iandið í heild, eða a. m. k. fyrir alla aðalhluti landsins, þá er varhugavert að hlaupa til og koma upp í kaupstöðum og sjávarþorpum sjálfstæðri rafmagnstöð fyrir kaupstaðina eina, áður en rannsókn er um það gerð, hvort ekki sé betra að taka fyrir stóra landshluta í einu og veita raforku þangað frá einni stöð með raforkutaugum frá miðstöðinni til þeirra kaupstaða, sem um er

að ræða. Sú niðurstaða hefir orðið hér við rannsóknir á Sogssvæðinu, að einmitt það, að sameina marga kaupstaði og sveitir um eitt orkuver, greiði afarmikið fyrir því, að allir geti orðið raforkunnar aðnjótandi og sveitirnar með. Þess vegna teldi ég það mesta óráð eins og nú stendur að slá því föstu, að um þetta mál sam einst kaupstaðir eins og Reykjavík, Ísafjörður og Siglufjörður og aðrir, sem vilja einangra sig og leysa málið út af fyrir sig.

Ég legg nú ekki eins mikið og hv. 2. þm. Eyf. upp úr því. Þótt einhverjir lánveitendur íslenska ríkisins kvarti yfir því, að verið sé að leita fyrir sér með lán frá öðrum en þeim og að umboðslausir menn séu á ferðinni og reyni að útvega lán. Ég veit, að einstakir menn geta gengið svo langt í þessu, að ekki sé sæmilegt. En engum banka eða fjármálamanni ætti að verða skotaskuld úr því að spyrja, hvort hlutaðeigandi maður hefði umboð, og láta hann sýna umboð sitt. Enginn lætur blekkjast, þó að svona menn séu á ferð. Hinsvegar er nauðsynlegt, að umleitanir séu gerðar, til þess að lánveitendur viti, að hér er um samkeppni að ræða, að þeir verða að bjóða lán með samkeppniskjörum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum (14) atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. ágúst, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 382, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Hafnarfjarðarvegur.

Á 5. fundi í Ed., 20. júlí, var útbýtt:

Frv. til 1. um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar (þmfrv., A. 67).

Á 9. fundi í Ed., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson) [óyfirl.]: Ég vildi fara nokkrum orðum um þetta

Hafnarfjarðarvegur.

frv., því að mér vitanlega hefir ekki fyrir verið borið fram á Alþingi frv. um að breyta vegarstæði milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Vegur sá, sem við höfum nú við að búa milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. var lagður fyrir aldamót. Þótt hann væri góður á þeim tíma, þá hefir svo margt breytzt síðan, sem gerir það að verkum, að hann getur nú orðið vart talizt viðunandi. Bæði hefir fólki fjölgað mjög í Hafnarfirði og á Reykjanesi og umferð því miklu meiri. einkum síðan bílar urðu aðalflutnings-tækin. Þar að auki er svo komið, að allir aðdrættir til Hafnarfjarðar og Reykjanes fara nú fram á bílum, í stað þess að sjóleiðin var áður farin. Auk þess bætist við nýr liður, þar sem Vífilstaðahælið er komið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, með mikla flutninga að og frá. — Þegar hælið var reist. var sérstakur vegur lagður frá veginum upp að hælinu. En það veldur fólki, sem notar áætlunarbíla til Hafnarfjarðar til Vífilstaða, mikils erfiðleika að þurfa að ganga 2—3 km. frá veginum, því að fastar ferðir til Vífilstaða eru sjaldan.

Þegar gamli vegurinn var lagður, þá óraði menn ekki fyrir þeirri flutningsþörf, sem nú er. En þegar hin aukna flutningsþörf er aðgætt, þá er það augljóst, að vegurinn hefir orðið illa úti. Enda hefir viðhaldskostnaður orðið ógurlegur, oft 10—12 þús. kr. á ári.

Það hefir verið einróma ósk Hafnfirðinga um mörg ár. að heppilegastar samgöngur fáið við austursveitir með því að fá heinan veg frá Elliðaánum. Það sparar helming tíma á þeirri vegalengd, ef bein leið fæst. — Þess vegna voru menn 1917 sammála um, að sameina bæri ósk Hafnfirðinga um betra samband við austursveitir þeirri nauðsyn að fá góðan veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Einkum lagði vegamálastjóri mikla áherzlu á það mál. Vegurinn var stikaður á þeim stað, sem frv. gerir ráð fyrir, og á honum byrjað sem dýrtíðarvinnu. 40—50 þús. kr. voru veittar í þennan veg, og fengu Hafnfirðingar þar af 10 þús. Lögðu þeir spottann yfir hraunrimann frá Setbergi til Vífilstaða, og er sá kaflí fullgerður að öðru en því, að eftir er að hera ofan í.

Alpt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

Vegamálastjóri hefir ekki viljað leggja neitt, sem um munar í það að bæta veginn, sem nú er milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, því að það muni ekki svara kostnaði, heldur bæri að keppa að því að leggja nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, eins og frv. fer fram á.

Það leiðir af sjálfu sér, ef hérna fengist vegur þráðheinn og hæðalaus — því að þegar stikað var fyrir, þá var hvergi gert ráð fyrir meiri halla en 1 : 40 —, hvílikur hagnaður það er fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga — auk þess fyrir alla þá, sem þurfa að fara til Vífilstaða — að geta notfært sér hinar föstu ferðir, sem farnar eru á hverjum tíma milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ég vona, að þetta mál fái góðar undirtektir í hv. d., því að um leið og það er mikilsvert fyrir þessi tvö bæjarfélög, þá myndi það einnig reynast sparnaður fyrir ríkissjóð. Því að rentur af þeirri upphæð, sem til þessa vegar færi, og viðhald á honum yrði ekki meira en viðhald á gamla veginum, sem auk þess er alltaf svo slæmur, að bílstjóri hefir sagt mér, að á öllum veginum austur í Fljótshlíð sé hvergi svona slæmur vegarkafli.

Um leið og ég óska, að frv. þetta fái góðar undirtektir í þessari hv. d., þá óska ég einnig, að því sé flýtt, svo sem hægt er. Vona ég, að um leið og menn sjá þörfina á vegabótinni, sjái menn og atvinnubótina, sem af þessu frv. leiddi, og sem kæmi sér vel nú í atvinnuleysinu. Telur vegamálastjóri hér um að ræða mjög heppilega atvinnubót fyrir þessi tvö bæjarfélög.

Legg ég svo til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og samgmn. til skjótrar afgreiðslu.

Jón Baldvinsson: Á laugardaginn var sú uppástunga í Alþýðublaðinu, að lagður yrði nýr vegur milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Á mánudaginn lagði síðan hv. þm. Hafnf. frv. þetta fram í d. Gott væri, ef íhaldsmenn væru alltaf svona fljótir að tileinka sér skoðanir og tillögur jafnaðarmanna. Síst er það að lasta, að hv. þm. og flokkur hans ætla að styðja þetta mál. En ýmislegt vantar í þetta frv., svo að vel sé, t. d. ákvæði um það, að byrja skuli á vinnunni nú þegar.

Það væri í alla staði æskilegt, að samkomulag gæti orðið um það að veita svo rækilega fjárupphæð í þessu skyni, að hægt væri að byrja á þessum vegi strax, því að jafnframt því, sem hér er um nauðsynlega samgöngubót að ræða, mundi þetta verða nokkur hjálp í því atvinnuleysi, sem nú steðjar að. Þessi vegarlagning er og einn liðurinn í þeim till. um atvinnubætur, sem við Alþýðufll.menn munum bera fram á þinginu bráðlega.

Það er auðvitað ágætt að fá þennan veg, en ég er ekki viss um, að útreikningarnir frá 1917 séu nú góðir og gildir. Umferðin milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er orðin það mikil, að nauðsynlegt er, að vegurinn verði gerður svo breiður, að stærri bílar komist eftir honum en nú eru í förum á þessari leið. Ef vegurinn verður lagður, þarf því að hafa það hugfast, að hann verður að vera svo úr garði gerður, að stærri mannflutningabílar komist eftir honum, svo að allir flutningar þessa leið verði ódýrari en þeir eru nú. Eins og stendur kostar farið til Hafnarfjarðar eina krónu, en gæti lækkað að miklum mun, ef vegurinn yrði gerður það breiður, að hægt væri að koma við stærri bílum. Myndu þá strax takast fastar ferðir með stórum mannflutningabílum á milli bæjanna, þar sem fargjaldið yrði ef til vill ekki nema 30—40 au. í stað krónu nú.

Ég vil mæla með því, að frv. verði vísað til n. og fái sem fljótasta afgreiðslu af n., en óska þess jafnframt, að aðrar till., sem frv. snerta, verði teknar til athugunar í sambandi við það. Á ég þar við till. okkar Alþýðuflokksmanna, sem ég áðan nefndi. Þær fara í sömu átt og frv., um leið og þær taka til fleiri framkvæmda, sem nauðsynlegt er að gera, vegna atvinnuleysisins fyrst og fremst, og kemur því til athugunar, hvort hægt er að samlaga frv. og þessar till. eða ekki. Frv. gerir ekki ráð fyrir því, að byrjað verði á þessum vegi strax, þó að hv. flm. virðist ganga út frá, að svo verði gert, og þarf því að setja ákvæði um það í frv., ef ekki verður svo um búið á annan hátt.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson) [óyfirl.]: Ég get ekki neitað því, að mér finnst það

hálfóviðfelldið, að svo skuli alltaf vilja til, þegar um góð mál er að ræða, sem jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn eru sammála um, að einhver úr flokki jafnaðarmanna verður til þess að standa upp og segja: „Þetta mál er nú eitt þeirra mála, sem við jafnaðarmenn alltaf höfum barizt fyrir, en sjálfstæðismenn alltaf verið á móti“. — Ef um gott mál er að ræða, stendur á sama, hvernig flokkarnir kunna að hafa lítið á það einhvern tíma í fyrndinni, ef þeir eru orðnir sammála um það á annað borð. — Hvað það mál snertir, sem hér er um að ræða, þá fer því fjarri, að ég hafi tekið það eftir Alþýðublaðinu. Miklu fremur mætti segja, að Alþýðublaðið hefði tekið málið upp eftir mér. Á kosningafundum þeim, sem ég var á með Stefáni Jóh. Stefánsyni, frambjóðanda Alþýðuflokksins í Hafnarfirði, lýsti ég þessu máli einmitt sem einu af mínum málum, en hann minntist alls ekki á það. Og frv. skrifaði ég hér í d. á laugardaginn var, og býst ég við, að annar sessunautur minn a. m. k. hafi séð það hjá mér. Og víst er um það, að hv. 1. þm. Reykv. sá það. Klukkan var um eitt, þegar ég skrifaði frv., og hefir Alþýðublaðið því haft málið frá mér, en ég ekki frá því, því að það kom fyrst út um eftirmiðdaginn. Annars er það náttúrlega eins og hver annar barnaskapur að vera að togast á um annað eins og þetta hér á Alþingi, eins og hv. 2. landsk. hlýtur að sjá, og því fer fjarri, að ég hefði álitid mig neitt minni mann, þó að jafnaðarmenn hefðu orðið til að hreyfa þessu máli fyrst. En það hefir bara ekki við nein rök að styðjast, eins og ég hefi sýnt fram á.

Það var með vilja gert, að ég setti það ekki í frv., að byrjað skyldi á þessum vegi strax. Sá ég fram á, að það mundi enga þýðingu hafa, ef hv. d. liti svo á, að slíks væri enginn kostur. Hinsvegar er hægurinn á með að bæta ákvæði inn í frv., ef hv. d. sér sér það fært, eins og ég vona, að verði, og fáum við hv. 2. landsk. þá framgengt þessu sameiginlega áhugamáli okkar.

Vegurinn, sem stikaður var 1917, var gerður með það fyrir augum að vera þrennt í senn: járnbrautarvegur, bílvegur og gangvegur. Var og áætlað, að veg-

Hafnarfjarðarvegur.

urinn yrði 8 m. á breidd. Er að sjálf-söguðu ætlat til þess að þessi vegur, sem frv. gerir ráð fyrir, verði í samræmi við kröfur þær, sem nú eru gerðar í þessum efnum, og kemur ekki annað til mála en að vegurinn verði a. m. k. 6½ m. á breidd og malbikaður, enda mun vegamálastjóri líta svo á. Annars býst ég við, að n. muni fá um þetta frekari upplýsingar hjá vegamálastjóra, og hans er það að gefa þær en ekki mitt, þó að ég hinsvegar hafi tekið þetta fram, til þess að koma í veg fyrir, að sagt yrði, að ég hefði ekkert um þetta vitað, eins og mér er ekki ósjaldan horið á brýn í blöðum andstæðinganna í hinu og öðru efni.

Ég vænti þess, að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga, því að það er atvinnubót um leið og það er samgöngubót, en atvinnuleysi er nú fram undan í báðum þessum bæjum, Reykjavík og Hafnarfirði, meira en nokkru sinni áður.

Jón Baldvinsson: Við hv. þm. Hafnf. þurfum ekki að deila um efni þessa frv., því að þar erum við sammála, heldur kemur okkur ekki saman um forsoðu þess. Það er að vísu gott og blessað að segja sem svo, að það hafi enga þýðingu, hvernig flokkarnir hafa staðið áður í málunum, ef þeir eru komnir á rétta braut á annað borð. Þó að afturhvarfið sé að sjálf-söguðu gott, er hinsvegar ekkert á móti því, að upplýst sé, hvernig fyrri afstaða flokkanna hefir verið. Ég fæ því ekki séð, að það sé nema gott, að við Alþýðuflokksmenn bendum á, hver hefir verið afstaða Íhaldsflokksins og Framsóknarafturhaldsins í hinum ýmsu málum. Íhaldsflokkurinn var á móti Sogsmálinu, þangað til málið var knúið fram af borgurum þessa bæjar, og Framsóknarflokkurinn var málinu hlynntur þangað til átti að fara að framkvæma það. Þá snerist hann öndverður gegn málinu, með þeim ósköpum, sem kunn eru. Íhaldsflokkurinn fyrrv. og núv. Sjálfstæðisflokkur, Borgaraflokkurinn, Sparnaðarbandalagið og Kosningabandalagið svokallaða — (**JakM:** Hv. 2. landsk. var sjálfur í kosningabandalaginu). Rétt er það, að ég var í kosningabandalagi við hv. núv. 1. þm. Reykv. 1921, en ég var aldrei í þeim pólitíska flokki, sem nefndist Kosninga-

bandalagið. Allir þessir flokkar, sem ég nefndi, hafa verið á móti 21 árs kosningar-rétti, afnámi réttindamissisákvæðanna og breytingu kjördæmaskipunarinnar. Það gekk meira að segja svo langt, að íhaldið rak Kristján Albertson frá Verði, af því að hann hafði verið svo djارفur að skrifa um það í þetta málagn flokksins, að kjördæmaskipunin væri svo ranglát, að henni yrði skilyrðislaust að breyta. Það þýðir ekkert fyrir þessa flokka að ætla sér nú að stinga höfðinu í sandinn og neita þessu. Hér er um ómótmælanlegar staðreyndir að ræða. Að vísu er það svo, að hatnandi manni er bezt að lifa, og ég vildi feginn, að íhaldsmenn yfirleitt tileinkuðu sér sem flestar umbótatill. okkar jafnaðarmanna, en það er þá bara, að þeir snúist ekki frá þeim á síðustu stundu, eins og tilfellið var með Framsóknarflokkinn í Sogsmálinu. (**BSn:** Þetta mál er þó fyrst komið frá mér). Alþýðusambandið varð fyrst til að taka þetta mál upp, eins og ég hefi skýrt frá áður, og það var að þess tilstuðlun, að málið var reifað í Alþýðublaðinu, og mun síðar koma fram í frv. því, sem þm. Alþýðuflokksins í Nd munu innan skamms bera þar fram vegna yfirstandandi kreppu. Það er náttúrulega gott að geta síðar afsakað sig með því, eins og hv. þm. Hafnf., að flokksbræður hans hafi séð hann skrifa frv. kl. 1 á laugardaginn var, áður en Alþýðublaðið kom út, og ég efast ekki um, að allir 5 flokksbræður þessa hv. þm. hér í d. eru reiðubúnir til að leggja æru sína við, að þetta sé rétt, en það haggar í engu því, sem ég hefi hér sagt um forsoðu þessa máls.

Við erum sammála um það, ég og hv. þm. Hafnf., að þetta sé nauðsynjamál, sem þurfi fram að ganga, og það sem fyrst, og vænti ég því þess, að hv. þm. taki vel í hverja þá till., sem styður að fljótum framkvæmdum.

Jón Þorláksson: Það er óneitanlega fremur skemmtilegt, að formaður Alþýðuflokksins skuli standa hér upp í hverju máli og bera fram staðhæfingar, sem ekki eru fátíðar, en þess eðlis, að maður er vanur að heyra þær frá mönnum, sem sérstaklega stendur á fyrir og sagt er, að komin séu ellimörk á. Man ég sérstak-

lega eftir einum mætum sagnfræðingi í þessu sambandi, sem hafði mikinn áhuga fyrir öllum landsmálum. Ég kom oft heim til þessa manns, eins og reyndar margir aðrir, og allir höfðu sömu söguna að segja, að þegar eitthvert nytjamálið bar á góma, stóð hann upp, gamli maðurinn, og sagði: „Fyrsta uppástungan um þetta kom frá mér. Ég á hana ennþá í skúffunni minni“. Þetta var góður og mætur maður, en hann eltist fyrir tímann, sem kallað er, og þjúkdómseinkenni ellimarkanna komu fram í þessu, að honum var farið að finnast sem hann hefði átt upptökin að hverju nýtu máli sjálfur.

Nú væni ég ekki hv. 2. landsk. um það, að komin séu á hann ellimörk, þetta er mætur maður og ég óska honum langra lífdaga, en mér finnst það lýsa ellimörkum á flokki hv. þm., að hann skuli rísa hér upp í hverju máli og segja: „Þetta mál komum við fyrstir með. Við áttum fyrstu uppástunguna að þessu“. Því að þetta er einmitt það síðasta, sem öldungarnir segja, áður en þeir hverfa ofan í gröfina. Það þýðir auðvitað ekki annað en taka þessu vel, því að enginn getur afneitað sínu eðli, og þetta er nú einu sinni einkenni þeirra manna, sem búnir eru að lifa lífinu og hætta að koma auga á nein lífvænleg verkefni. En að svona sé komið fyrir Alþýðuflokknum, fáum við nú að heyra daglega af vörum sjálfs formanns flokksins.

Mér þykir það annars leitt, hve hv. 2. landsk. er ónákvæmur í meðferð sögulegra heimilda, þegar andstæðingar hans eiga hlut að máli. Ég benti á það í gær, að hann hefði sagt rangt frá afstöðu fyrrv. Íhaldsflokks og núv. Sjálfstæðisflokks til Sogsmálsins, en hv. þm. hefir engu að síður endurtekið sömu rangfærslurnar í dag og tekizt að blanda þeim inn í þetta mál. (PM: Hann er farinn að trúá þessu sjálfur). Það mun vera svo. Þó að ekki sjái nein ellimörk á þessum hv. þm., er komin sú kyrrstaða og tregða í hugsunina, að rangar hugmyndir, sem einu sinni hafa komizt inn hjá honum, sitja þar fastar, eins og í ryðgaðri vél, og verður ekki um þokað.

Annað var það einnig, sem hv. 2. landsk. gat ekki farið rétt með. Hann sagði, að Kristján Albertson hefði á sin-

um tíma verið rekin frá Verði vegna skrifa sinna um kjördæmaskipunina. Þetta er staðleysa ein, eins og líka það, að hann hafi fengið ofanigjöf frá miðstjórn Íhaldsflokksins fyrir þessi skrif, en því hefir nú ósjaldan verið brugðið fram af sumum andstæðingum okkar sjálfstæðismanna. Sá eini ágreiningur, sem varð milli þessa ritstjóra flokksins og miðstjórnarinnar, var að visu í þessu máli, og ritstjórinn skrifaði grein um málið í Vörð út frá sínu sjónarmiði. Að síðar kom yfirlýsing um það, að það, sem ritstjórinn hafði sagt í þessari grein, væri frá honum sjálfum, en ekki skrifað í umboði flokksstjórnarinnar, var auðvitað ekki nema sjálfsögð ábending staðreyndar.

Það var spaugilegt, þegar hv. 2. landsk. var að eigna Alþýðuflokknum vegarlagningaruppástunguna milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, en eins og kom fram hjá hv. flm. málsins, var sú vegarlagning fyrst ákveðin 1917. Getur verið, að Alþýðuflokkurinn hafi verið fæddur þá, en víst er, að flokkurinn átti þá engan fulltrúa á þingi og var yfirleitt engu ráðandi. Voru það og allt aðrir en þeir, sem síðar urðu ráðandi í Alþýðuflokknum, er tóku fyrstu ákvörðunina um framkvæmd þessarar vegarlagningar, þó að verkið hinsvegar stöðvaðist, eftir að það var skammt á leið komið. Svo kemur flokkur, sem hefir orðið til síðar, og segir við eldri flokkana: „Við áttum upptökin að þessu. Þið eruð að stela þessari till. frá okkur“. Ég veit ekki, hvað á að kalla þetta fyrirbrigði, en mér finnst það vera það, sem kallað er að ganga í barndómi. Og ég veit, að hv. 2. landsk. sér það, þegar hann íhugar þetta í stillingu heima hjá sér, að hann vinnur ekki flokki sínum greiða með slíkum málflutningi. Það eina, sem hann hefir upp úr þessu, er að gera flokk sinn hlægilegan.

Jón Baldvinsson: Það er ekki furða, þó að hv. 1. landsk. sé státtinn af velgengi flokks síns. Hv. þm. hefir staðið sig það vel síðustu árin, að hann getur verið hreykinn af. — Ef rakin er saga þessa hv. þm., sést hvernig hið pólitíska líf hans hefir gengið í bylgjum. 1908 er hann eldheitur framfaramaður og

Hafnarfjarðarvegur.

skammar íhaldið blóðugum skömmum. en forlögin eru svo hláleg, að það liggur einmitt fyrir honum að stofna hér íhaldsflokk og berjast fyrir þeim „hugsjónum“, sem slíkur flokkur hefir fram að færa og hv. þm. hefir sjálfur lýst eftirminnilegast í hinni nafnkunnu Lögréttugrein sinni frá 1908. Það er því ekki furða, þó að þessi hv. þm. sé upp með sér. Slíkur lífsferill liggur ekki fyrir hverjum dauðlegum manni.

Hv. 1. landsk. var nú með sögulegar upplýsingar, sem hann rétti að mér, en skeikaði þar, sem oft áður, því að þótt þessi hv. þm. sé ljós í máli og setji skipulega fram það, sem fyrir honum vakir, hrynur það oftast um sjálft sig, af því að grundvöllurinn er venjulegast í ótraustara lagi. Hv. þm. var að fræða mig um það, að hugmyndin að þessari vegarlagningu milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur væri eldri en Alþýðuflokkurinn. Ef hv. 1. landsk. heldur, að Alþýðuflokkurinn hafi ekki verið til orðinn 1917, þá mætti fá mig til að trúá, að ellimörk væru komin á skynfæri hv. þm. En látum það nú vera. Þó að þessi hugmynd sé eldri en frá 1917, en það kemur þá bara í bága við það, sem flokksbróðir þm., hv. þm. Hafnf., heldur fram, því að hann eignar sér þessa hugmynd og heldur fast á þeim eignarrétti. Af því hinsvegar að Alþýðublaðið kom fram með þessa till. á laugardaginn var, en frv. var ekki útbýtt fyrr en mánudaginn, lét ég það eftir mér að segja nokkur spaugsræði við hv. þm. Hafnf. í þá átt, að hann hefði nú fengið þessa hugmynd sína úr Alþýðublaðinu. En hv. þm. Hafnf. vill alls ekki við þetta kannast og vitnar til flokksbræðra sinna máli sínu til sönnunar. Hinsvegar er ekki örgrannt um það, að hv. þm. Hafnf. hafi haft óljóst hugboð um það, að höfundarréttur hans yrði ekki tekinn gildur, því að hann virðist hafa húið flokksbræður sína undir væntanlega vitnaleiðslu í málinu. Má það af likum ráða, að hann hafi kallað þá fyrir sig og sagt eitthvað á þessa leið: „Lítið þið á klukkuna, piltar. Ég er að skrifa frv., ef einhver skyldi koma og rengja það“.

Þá hélt hv. 1. landsk. því fram, að ég hefði sagt rangt frá afstöðu Íhaldsflokksins til Sogsmálsins. Það vita þó allir,

enda hægt að skjalfesta það, að Íhaldið var á móti málinu, þangað til það snerist í því eftir bæjarstjórnarkosningarnar 1930. Þó að virkjunin væri boðin út 1929, var vitanlegt, að meiri hl. bæjarstj. vildi málið feigt. Hv. 1. þm. Reykv. hefir og játað hér, að borgarstjórinn hafi alltaf verið á móti málinu, en það er á hvers manns vitorði, að borgarstjórinn réði einn öllu í bæjarstj., þangað til núv. 1. og 2. þm. Reykv. tóku þar sæti og hófu andstöðu gegn honum innan íhaldsins. Hv. 1. landsk. er vel kunnugt um það, þó að hann láti öðruvísi, að flokkur hans í bæjarstj. tafði fyrir Sogsmálinu eins og hann gat, og þetta hefir orðið til þess, að nú verður að byggja viðbót við Elliðaárstöðina vegna fjandskapar Framsóknarflokksins við málið á þinginu í vetur og drátt á málinu í bæjarstj. Reykjavíkur, sem íhaldinu er að kenna.

Ég get glatt hv. 1. landsk. með því, að Alþýðuflokkurinn á fleiri mál í skúffunni, sem við vonum, að flokkur hans sjái sér fært að taka upp smátt og smátt, eins og hann hefir gert undanfarið. Ég sé líka, að félag hinna ungu íhaldsmanna hefir séð sér vænlegast að taka upp í stefnuskrá sína ekki svo fá stefnuskrárákvæði Alþýðuflokksins frá 1916. Dreg ég þá ályktun af þessu, að flokkur okkar hafi skapað þessum málum svo mikið fylgi með þjóðinni, að íhaldsmenn muni ekki sjá sér fært að standa á móti þeim lengur — áliti það ekki hentugt lengur. Ekkert þeirra mála, sem íhaldsmenn eru þannig smátt og smátt að ganga inn á hjá okkur jafnaðarmönnum, snertir að visu aðalboðskap okkar, socialismann sjálfan, heldur eru þetta mál, sem hver frjálslyndur flokkur getur fallist á. Og íhaldsmenn hafa látið kúgast svona í hverju málinu á fætur öðru, af því að þeir hafa ekki þorað að standa lengur móti, vegna fylgis þjóðarinnar við þeirra gömlu fjandskaparmál. Þannig snerust íhaldsmenn ekki með 21 árs kosningarrétti, fyrr en ungu mennirnir í flokknum heimtuðu það af þeim gömlu — þessum með ellimörkin. Og það er vitanlegt, að Kristján Albertson var látinn fara frá Verði vegna þess misræmis, sem var á milli stjórnar Íhaldsflokksins þá og þessa manns, sem vann sér það til óhelgi að

Hafnarfjarðarvegur.

skrifa öðruvísi í kjördæmaskipunarmálinu en flokksnum gott þótti. Hv. 1. landsk. vildi að visu í fyrstu mótmæla því, að þessi ritstjóri íhaldsflokksins hefði fengið ofanigjöf fyrir skrif sín í kjördæmaskipunarmálinu, en játaði í sömu andrænni, að miðstjórn flokksins hefði birt yfirlýsingu þess efnis, að þessi grein eftir ritstjóra flokksins, sem birt var sem broddgrein í höfuðmálagninu hans, væri ekki skrifuð eftir umboði flokksstjórnarinnar. Ef þetta er ekki ofanigjöf, veit ég ekki, hvað á að kalla því nafni. En nú verður hv. 1. landsk. að játa, að hann sé kominn á skoðun Kristjáns Albertsonar í þessu máli. Þegar íhaldsflokkurinn sá, að það var orðið hagsmunamál fyrir hann að taka upp þessa skoðun ritstjórans, þá var hann ekki lengi að snúa við og ganga frá sínum fyrri skoðunum.

Jakob Möller: Þó að umr. þær, sem nú hafa farið fram um hrið, séu máli því algerlega óviðkomandi, sem hér er á dagskrá, þá verð ég samt að segja örfá orð til þess að leiðrétta frásögn hv. 2. landsk. um aðstöðu sjálfstæðismanna til Sogsmálsins. Sogið var boðið út til virkjunar árið 1929, en til þess þurfti auðvitað undanfarandi samþykkt bæjarstj. Rvíkur. Má af þessu sjá, að það er alrangt hjá hv. 2. landsk., að meiri hl. bæjarstj. hafi verið andvígur virkjun Sogsins fram til kosninganna 1930. Og ég vil líka benda á það, að við þær kosningar voru nokkrir menn í kjöri af hálfu Sjálfstæðisflokksins, sem ekki höfðu átt sæti áður í bæjarstjórn, og meðal þeirra menn, sem einmitt voru kunnir af baráttu sinni fyrir virkjun Sogsins og voru þess vegna settir á listann. Þetta sýnir það líka, að meiri hl. bæjarstj. var með virkjun fyrir kosningar alveg eins og eftir þær.

Annars er óþarfi að vera að ræða um þessi mál, en ég skal aðeins geta þess, að ég skil aðstöðu hv. 2. landsk. ósköp vel. Alþýðuflokkurinn er búinn að hlaupa frá öllum sínum aðalstefnumálum, og reynir svo að halda sér uppi með því að berjast fyrir ýmsum málum, sem ekkert koma socialismanum við, en flokkurinn telur líkleg til þess að afla sér vinsælda. Síðan gæfir hann þessara mála eins og

varðhundur og ætlar alveg af göflunum að ganga, ef einhverjir aðrir verða til þess að ljá málum þessum fylgi.

Annars hefi ég aldrei heyrt það fyrr en nú hjá hv. 2. landsk., að Hafnarfjarðarvegur hefði verið pólitískt mál. Það var byrjað á honum árið 1917. (**JónasJ:** Framsókn byrjaði á honum!). Þá var hér ópólitísk stj., mynduð af öllum stærstu flokkunum, og voru því þarna allir flokkar að verki. Síðan hefir málið legið niðri. Man ég alls ekki eftir því, að Alþýðuflokkurinn hafi rætt málið síðan eða barizt fyrir því, heldur er það nú tekið upp að nýju af hv. þm. Hafnf. sem hagsmunamál kjördæmisins. Og svo kemur hv. 2. landsk. og upplýsir, að málið sé geymt meðal leyndarskjala Alþýðuflokksins og sé þess vegna rænt frá honum!

Jón Baldvinsson: Ég þarf ekki að svara hv. 1. þm. Reykv. að öðru leyti en því að bera sakir af mér og mínum flokki. Þau ummæli, sem hv. þm. hafði um Alþýðuflokkinn, voru auðvitað markleysa ein og rakalaus með öllu, enda reyndi hv. þm. ekkert til þess að skýra mál sitt nánar eða rökstyðja það. Hv. þm. sagði, að við hefðum hlaupið frá stefnumálum okkar. Við höfum á hverju þingi borið fram ýms þjóðnýtingarmál, eins og hv. þm. hlýtur að vita, og því munum við halda áfram framvegis. Þessi ummæli hv. 1. þm. Reykv. eru því algerlega staðlausir stafir.

Hvað Sogsmálinu viðvíkur, þá er það öllum vitanlegt, að fram til kosninganna 1930 hafði Knútur Zimsen öll völdin í bæjarstj. og drap jafnan málið, þangað til hinir nýju bæjarfulltrúar komu og tóku af honum ráðin. Það er einmitt hrós fyrir hv. 1. þm. Reykv., að hann skyldi þora að rísa upp á móti borgarstjórnunum og berjast fyrir framgangi málsins með jafnaðarmönnum.

Ég skil það vel, að hv. 1. þm. Reykv. tali um, að menn hlaupi frá stefnumálum sínum. Enginn hefir geypilegar gengið frá stefnumálum sínum heldur en hann, þar sem hann ofurseldi sig sínum versta fjandmanni, íhaldinu, með húð og hári, er hann var orðinn úrkula vonar um að komast inn á þing með öðru móti.

Hafnarfjarðarvegur. — Bæjarstjóri í Neskaupstað.

Jakob Möller: Það vita allir, að Alþýðuflokksmenn hafa hlaupið frá stefnu sinni, enda er því sífellt núð þeim um nasir af fyrrv. flokksbræðrum sínum. kommunistum, en þeir halda sér ennþá við stefnu sína, eins og kunnugt er, en hinir hafa yfirgefið hana. Í stað þess að byggja á öfbeldiskenningum Marx-stefnunar eru þeir nú lýðræðismenn, sem tina saman ýms mál annara flokka, sem þeir halda, að geti aflað þeim vinsælda meðal almennings. Maður er alveg hættur að sjá upphrópanir eins og: „Yfirráðin til alþýðunnar!“ o. s. frv. í Alþýðublaðinu.

Hvað viðvíkur þeim ásökunum hv. 2. landsk., að ég hafi skipt um skoðun, þá vil ég aðeins svara honum því, að ég var sjálfstæðismaður, þegar ég fyrst fór að skipta mér af stjórnmálum, og ég er það enn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

45. Bæjarstjóri í Neskaupstað.

Á 16. fundi í Ed., 30. júlí, var útbýtt:

Frv. til. I. um bæjarstjóra í Neskaupstað (þmfrv., A 143).

Á 18. fundi í Ed., 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég get að mestu látið sitja við þá ýtarlegu grg., sem fylgir frv., en vil þó árétta hana nokkuð.

Fyrir flutningi þessa frv. eru tvær ástæður, og báðar skyldar. Í fyrsta lagi hefir reynslan sýnt, að störf þess manns, sem nú er bæjarfógeti og bæjarstjóri í Nesi, eru svo mikil, að hann getur ekki annað þeim sem skyldi. Hann telur, sem eðlilegt er, að störf hans sem embættismanns ríkisins verði að ganga fyrir stjórn bæjarmálanna. Bæjarstjórn varð þegar á

fyrsta ári að setja bæjargjaldkera, til að létta af honum þeim bæjarmálunum, sem eru tímafrekust. En samkv. lögum á maður þessi að vera formaður bæjarstjórnar og flestra nefnda og hafa jafnframt með höndum aðalframkvæmdir bæjarins og eftirlit í kaupstaðnum. Slikt er heldur ekki hægt að ætlast til, að ólaunaður bæjarfulltrúi taki að sér. Þess má og geta, að innheimtur til ríkissjóðs taka mikinn tíma í Neskaupstað. Skipakomur eru miklar, svo miklar, að óhætt er að fullyrða, að þangað hafi komið 200—300 skip á ári síðustu tvö árin. Þessum skipakomum fylgir mikill starfi, sem hvílir á bæjarfógeta sem embættismanni ríkisins. Meðan bærinn hafði lögregluþjón, létti hann nokkuð undir með bæjarfógeta, þar sem hann annaðist innheimtu tolla og gjalda. En á fyrsta ári sá bæjarstjórnin sér ekki annað fært en leggja lögregluþjónsembættið niður vegna kostnaðar við bæjarmálin, þótt illt þætti. Síðustu tvö ár hefir bæjarfógetinn haft 80—90 réttarhöld árlega. Auk þess eru ýms smærri störf, upphöð, skýrslugerð o. s. frv. Það liggur því ljóslega fyrir, að bæjarfógetastarfið er orðið það umfangsmikið, að ekki veitir af óskiptum manni við það.

Nú eru þessum manni greiddar af ríkinu 1500 kr. á ári + dýrtíðarupphót og skrifstofukostnaði, en frá bænum 3000 kr. að viðbættum skrifstofukostnaði. Auk þess hefir bærinn orðið að greiða gjaldk. 3000 kr. Allir sjá, að launagreiðslur til þessa manns eru í engu samræmi við það starf, sem honum er ætlað. Hann telur sjálfur, að störf hans fyrir ríkið séu meira en nóg fyrir sig, og ef lítið er á hliðstæð embætti, sést, hve launakjör hans eru fráleitt. Eins og tekið er fram í forsendum frv., eru 9 lögsagnarumdæmi, sem greiða lægri gjöld til ríkissjóðs en Neskaupstaður. En eins og gefur að skilja, verður ávallt mikill hluti af starfi sliks embættismanns fölginn í innheimtu.

Suður-Múlasýsla er ein af tekjudrýgstu sýslum landsins, og eru þó tekjur þaðan eigi nema rúmlega tvöfaldar við það, sem er úr Neskaupstað. Embættiskostnaður sýslumannsins þar nemur 12—13 þús. kr. á ári. Að vísu skal ég viðurkenna, að starfið er allt að helmingi meira, en samt

Bæjarstjóri í Neskaupstað. — Bæjarstjórn á Eskifirði. — Bifreiðaskattur.

ætti embættiskostnaður bæjarfógetans í Neskaupstað að vera 7000 kr. Skipakomur í allri Suður-Múlasýslu eru færri en í Neskaupstað og af fiskiskipum kemur ekki nema $\frac{1}{4}$ á aðrar hafnir. Ríkið hefir og fleiri tekjustofna í Neskaupstað en hér er getið. Þannig eru 20 þús. kr. tekjur af síma, og þó er Neskaupstaður eini kaupstaðurinn, sem pindur er til að taka þátt í starfrækslu símans. Bærinn tekur auðvitað eigi með ljúfu geði þátt í símakostnaðinum, en hót að hefir verið að loka símanum, nema bærinn greiddi sinn hluta. Pósttekjur í Neskaupstað eru einnig stórmiklar.

Það eru því ekki strangar kröfur gerðar, þótt farið sé fram á, að ríkið launi fógeta hér sem annarsstaðar. Ákvæðin um þetta í lögum um bæjarréttindi í Neskaupstað voru neyðarúr ráði, sem búizt var við, að þingið lagaði síðar meir. Ég þykist því vita, að hv. deild taki þessu máli vel og hv. nefnd, sem fær það til athugunar, veiti því ýtarlega meðferð.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta að sinni. Ég er fús til þess að gefa hv. n. allar þær upplýsingar um málið, sem hún kynni að óska.

Vil ég svo að endingu óska þess, að frv. gangi til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

46. Bæjarstjórn á Eskifirði.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var úthýtt: Frv. til 1. um bæjarstjórn á Eskifirði (þmfrv., A. 144).

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt samkv. beiðni sérstakrar n. innan

hrepps. í Eskifjarðarhreppi. Ástæðurnar fyrir frv. eru hinar sömu sem fyrir öðrum svipuðum frv., sem legið hafa fyrir þinginu fyrr og síðar, að hrepps. í hinum stærri kaupþúnum eiga við ýmsa erfiðleika að stríða um framkvæmdir hinna fjölbættu og umfangsmiklu verkefna kaupþúnanna, eins og fyrirkomulaginu nú er háttað samkv. sveitarstjórnarl. Þykist ég ekki þurfa að fara frekar út í þetta að svo stöddu, því að þessar ástæður hafa verið raktar fram þing eftir þing, bæði af mér og öðrum. Ég vil þó leyfa mér að benda á það, að sérstaklega stendur á um þessa beiðni, þar sem fyrir liggja meðmæli hlutaðeigandi sýslun. um það, að beiðnin nái fram að ganga. Minnst ég þess ekki, að svo hafi áður verið, þegar slík frv. hafa verið borin fram í fyrsta sinn. Er þetta bending til Alþingis um það, hversu hér er um réttmæta kröfu að ræða, frá þeim aðilja, sem dómbærastur er í þessu efni. — Ég get látið þessu fáu orð nægja, því að málið liggur ljóst fyrir, eins og ég áður sagði, og auk þess hefir annað mál samskonar verið afgr. af þessari hv. d. nú fyrir skömmu til n., sem væntanlega fær einnig þetta mál til meðferðar. Ég vænti þess, að hv. d. taki þessu frv. vel, og vildi mælast til, að frv. yrði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

47. Bifreiðaskattur.

Á 17. fundi í Ed., 31. júlí, var úthýtt: Frv. til 1. um bifreiðaskatt o. fl. (þmfrv., A. 150).

Á 19. fundi í Ed., 3. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Það hefir oft komið til orða áður hér á Alþingi að

hækka bifreiðaskattinn, til þess að láta hann mæta meira en hann nú gerir því aukna viðhaldi akveganna, sem bílarnir hafa haft í för með sér. Fyrir síðasta þingi lá þannig frv. um þetta efni, sem mþn. í skattamálum hafði samið, en frv. náði ekki fram að ganga. Höfum við hv. 2. þm. Eýf. nú tekið þetta frv. upp og leyfum okkur að flytja það hér í þessari hv. d., en nokkrar breyt. höfum við gert á frv., og skal ég síðar vikja að þeim nánar. Vil ég áður leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir þeim ástæðum, sem við flm. þessa frv. teljum, að einkum liggi til þess, að nauðsynlegt sé að setja slík lög sem þessi.

Eins og kunnugt er, hefir miklu fé verið varið undanfarið til lagningar akvega um landið. Árangurinn hefir orðið sá, að bilfærir þjóðvegir munu nú alls ná 1500 km. og bilfærir sýsluvegir nokkur hundruð km. Hafa þessar framkvæmdir, svo sem sjálfgefið er, veitt stórum bættu aðstöðu þeim sveitum, sem þessara bættu samgangna njóta, en jafnframt orðið til þess að auka útgjöld ríkisins að miklum mun. Sést þetta best á því, að árleg útgjöld ríkissjóðs til vegaviðhalds hafa á síðustu 10 árum hækkað úr 100 þús. kr. upp í 500 þús. kr. Er þetta mikil aukning, enda tel ég, að vel megi draga í vafa, að ríkissjóði sé ekki ofraun að þessu fyrirkomulagi, sem nú ríkir í þessum efnunum, þar sem ríkið fyrst er látið gefa héruðunum vegina og síðan skuldbundið til að halda þeim við með ærnum tilkostnaði. Auk þess er á það að lita, að framlögum ríkissjóðs til vegamálanna er mjög misskipt á milli landsins barna með þessu móti. Sumsstaðar er mikið um akvegi, annarsstaðar lítið og jafnvel ekkert. Á Vestfjarðakjálkanum er t. d. lítið af vegum; mun svo, að ekki sé að finna bilfæran vegarspotta þar í tveim sýslum. Á Austfjörðum er einnig lítið um bilfæra vegi, þegar frá er talin Fagradalsbraut. Hinsvegar er í ýmsum öðrum héruðum landsins fjöldi akfærra vega, og sýnir það misræmið, sem í þessum efnunum er. Fyndist mér nær sanni, að þeir, sem aðallega nota og njóta veganna, væru skyldaðir til að kosta viðhald þeirra að meira leyti en nú, og gæti þá ríkið verið mismuninum til vegalagningar í þeim héruðum.

Alpt. 1931. C. (44. löggjafarþing).

sem enga vegi hafa, svo að talizt geti. Liggur í augum uppi, að þessar vegalagningar, sem gerðar hafa verið undanfarið, hafa ekki verið heilbrigðar, ef notendur þessara vega hafa þeirra ekki það gagn, að þeim sé gróði að vegunum, þó að þeir þurfi að láta eitthvað í aðra hönd fyrir að fá að nota þá. Nú held ég, að flestir séu sammála um, að vegalagningar séu heilbrigð fyrirtæki, og fyndist mér því sanngjarnt, að veganotendunum væri gert að greiða viðhaldskostnað veganna að sínu leyti, og sá kostnaður ekki lagður að jöfnu á þá landsbúa, sem við vegleysi þurfa að stríða, sem hina, er nóga og góða hafa vegina. Þetta fyrirkomulag tefur og um ófyrirsjáanlegan tíma, að við náum þangað, sem á að vera takmark okkar í vegamálunum — akvegir um allar byggðir landsins og helst heim á hvern bæ.

Eins og ég áður sagði, virðist öll sanngirni mæla með því, að veganotendunum sé gert að greiða eitthvað fyrir þessi friðindi, sem ríkið lætur þeim í té, og að lagður sé á það riflegur bílskattur, að hann mæti viðhaldskostnaði veganna að meira eða minna leyti. Þetta er og viðurkennt með öðrum þjóðum, og nágrannaþjóðir okkar hafa lögfest allrifan bifreiðaskatt, til þess að ná þessu marki. Að visu var hér stigið spor í þessa átt með bifreiðaskattslögunum frá 1921, en þar var sporið allt of skammt stigið, þó að betur væri en óstigið. Mér er það vel ljóst, að mjög getur orkað tvímælis, hvort sú leið til álagningar þessa skatts, sem við flm. þessa frv. höfum varðað, er sú réttasta. Það getur auðvitað verið deiluefni, hvort skatturinn á að vera þungaskattur, hestorkuskattur eða benzínskattur. En eðlilegast virðist að miða við það slit, sem ætla má, að vegirnir verði fyrir af völdum bílanna, og hygg ég, að þar sé benzín- og gúmminotkunin hinn rétti mælikvarði. Hinsvegar mælir óneitanlega margt með því, að tekið sé tillit til þess, hversu þörf eða óþörf umferðin er, og að þannig sé tekinn hærri skattur af mannflutningabifreiðum en vörubílum, sem flytja meiri eða minni nauðsynjar á milli manna. Höfum við flm. frv. reynt að samríma þessar tvær skoðanir, svo sem við best gátum, en

auðvitað má um það deila, hversu vel hefir tekizt. En ég held, að mér sé óhætt að segja, að við erum báðir tveir fúsir til samkomulags um breyt. á hlutföllum þessara skatta innbyrðis, allt hvað þær breyt. miða ekki að því að lækka skattinn til ríkisins í heild sinni.

Ég hefi þá í höfuðdráttunum gert grein fyrir þeim ástæðum, sem fyrir þessu frv. eru, og skal nú með nokkrum orðum vikja að þeim breyt., sem við flm. gerðum á frv., frá því sem það var í vetur. Aðalbreytingin er á 8. gr. frv. Við sáum ekki ástæðu til að taka það fram í frv., hversu mörg % af skattinum skyldu fara til malbikunar á vegum annarsvegar, og hinsvegar til annars viðhalds, eins og gert var í upphaflega frv. Er eðlilegast, að vegamálastjórnin ákveði í hverju einstöku tilfelli, hvernig þessu skuli haga. Þá leggjum við og til, að meiru af skattinum sé varið til viðhalds á sýsluvegum en frv. í vetur gerði ráð fyrir, og að fjárveitingar í því skyni séu ekki eins ströngum skilyrðum bundnar og þar var. Lagningum sýsluvega miðar mjög ört áfram, eins og kunnugt er, og eykst bifreiðaumferðin að sama skapi. Afleiðingin er auðvitað sú, að viðhaldskostnaðurinn vex hröðum fetum, og mun þegar orðinn ofvaxinn ýmsum sýslufélögum. Í einu héraði, þar sem ég er kunnugur og þar sem vegaskatturinn nemur 6% af fasteignamat, er skatturinn alls um 8000 kr., en til vegaviðhalds eingöngu hefir þetta hérað orðið að verja 10—12 þús. kr. á ári, og sjá þá allir, að ekki verður mikið eftir til nýlagninga hjá þessu sýslufélagi, svo illt sem það er að láta svo heilbrigðar framkvæmdir niður falla. Og sömu sögu mun að segja úr fleirum héraðum. Það virðist því réttmætt að láta sýslufélögin fá sinn hluta af þessum skatti og að honum yrði ekki síður varið til viðhalds sýsluvegum en þjóðveg-unum. Höfum við flm. hugsað okkur, að skatturinn kæmi hlutfallslega niður á sýslurnar, þannig að þær sýslur, sem legðu meira í kostnað vegna vegaviðhalds, fengju meira af skattinum en aðrar sýslur, sem litil útgjöld hafa af þessum ástæðum. Höfum við og ekki gert ráð fyrir, að framlagið sé bundið því skilyrði, að sýslurnar leggi fram fé á

móti, eins og gert var í upphaflega frumvarpinu.

Að endingu vildi ég óska, að hv. d. vildi lofa frv. þessu að ganga í gegnum deildina, og að því verði vísað til fjhn.

Jón Þorláksson: Þetta er mjög merki-legt mál og því er sjálfsagt að veita því fulla athygli. Hv. flm. gat um það, að útgjöld til vegaviðhalds hafi farið hraðvaxandi á síðari árum, og er þar ekki ofsögum sagt, því að þau hafa hækkað úr 100 þús. kr. upp í 500 þús. kr.

Það eru aðallega tvær ástæður, sem þessari aukningu valda. Annarsvegar er sú, að með smálagfæringum er verið að reyna að gera ólagða vegi bílfæra á sumrum, en slíkar lagfæringar eru svo litilfjörlegar, að þar er ekki að tala um nýjar vegalagningar, heldur verða þær að teljast til viðhaldsins og hækka því þann lið allmikið. Annað atriðið, sem hér kemur til greina, er það, að þar. sem umferðin er mest, slitna vegirnir svo mikið, að viðhaldskostnaður þeirra fer langt fram úr því, sem áður var. En það sorglega við þetta er, og það getur engum dulizt, sem komið hefir til útlanda, að okkar vegagerð er komin langt aftur úr, og munurinn er miklu meiri nú en var fyrir nokkrum árum, þótt vegir væru litilfjörlegir þá. Það má með sanni segja, að varla hefir á nokkru öðru sviði önnur eins bylting orðið síðari árin og á sviði vegamálanna. Það sýndi sig erlendis, þegar bílaumferð jókst, að vegirnir þar voru allsendis ófullnægjandi, fóru illa með bílana, og þar sem þéttbýli var, var rykið alveg óþolandi. Nú er almennt búið að leggja vegi fyrir bifreiðarnar annarsstaðar, sem svo að segja eru óslitaandi, og þannig hefir tekizt að losna bæði við viðhald og ryk. Með slíkum gagngerðum umbótum, þar sem viðhaldskostnaður hverfur að mestu, er þetta kleift með því að leggja nokkurn skatt á bifreiðarnar til þessa, svipaðan því og hér er farið fram á. Því verð ég að telja það mjög varhuga-vert að fara inn á þessa braut með það fyrir augum að ætla sér að létta á ríkissjóðnum viðhaldskostnaði með þessum skatti, — því að hvaðan á þá fé að koma til gagngerðra umbóta? Það eru nú 10 ár síðan fyrstu lög um bifreiðaskatt voru

sett, en þá var sett það ákvæði í þau, að honum skyldi varið til að gera varanlegt slitlag á vegina, en nú á síðari árum hygg ég, að lög þessi hafi verið brotin og fénu varið til viðhalds vega. Í þessu frv. er svo farið fram á þetta, að fénu verði varið til viðhaldsins, til að létta á ríkissjóðnum, en það hygg ég, að þurfi frekari athugunar við.

Mér virðist sjálfsagt, að þessu frumv. sé fullur gaumur gefinn, en hitt álit ég jafnsjálfsagt, að fénu verði varið til að gera haldgott slitlag á vegina í kaupstöðum og á þeim vegum, sem umferðin er mest á. Ég hygg, að sérstök ástæða sé til, er lögunum frá árinu 1921 verður breytt, þannig að skattarnir verði hækkaðir, að taka mál þetta föstum tókum, því að þetta er það eina fé, sem við höfum til umráða til að koma vegunum í það ástand, sem hæfir nútímanum.

Jón Baldvinsson: Á þinginu 1927 bar hv. þm. G.-K. fram frv. um benzinskatt. og þá notaði flokkur hv. 3. landsk. öll tækifæri til að niða þetta frv., og ég minnst þess, að þá gaf Tíminn því nafn og kallaði það „litla, ljóta frumvarpið“. Nú hefir farið svo, eins og oft vill verða hjá þessum flokki, að hann hefir skipt um skoðun, og ber nú fram frv. þetta, aukið og endurbætt, þannig að nú mætti kalla það á Timamáli: stóra og ljóta frv. — Hv. flm. hefir gert grein fyrir því, til hvers ætti að verja þessu fé og sagt, að það skyldi renna til viðhalds vega. Hann hefir enn fremur sagt, að svipaður skattur og þessi sé hjá öðrum þjóðum. en þá er því til að svara, að þar er ólíku saman jafnað, því að nágrannaþjóðir vorar hafa fyrir löngu komið upp hjá sér járnbrautakerfi, og því er ekki eins rík þörf hjá þeim eins og okkur að vernda bifreiðanotendur gegn of háum gjöldum, enda ætti hið opinbera að gera hér allt, sem hægt er að gera, til þess að létta undir flutninginn, en gera mönnum ekki erfiðara fyrir með hann en nú er.

Hv. 1. landsk. benti á, að þessu fé ætti ekki að verja til að leggja nýja vegi, og það er nú ágalli út af fyrir sig, en við það bætist, að flutningskostnaður á vörum og fólki eykst til muna, og það kemur ekki hvað sízt niður á bændum í landinu. Ég

hefi átt tal við ýmsa bændur úr nágranna-héruðum Reykjavíkur. og þeir kvarla mjög undan því, hvað allur flutningur sé dýr, þó að það, að fá t. d. heim til sín eitt bilhlass, sé nú ódýrara en áður var, þegar gamla lagið var notað.

Ég hygg, að hv. flm. hafi ekki gert grein fyrir því, hve hár þessi skattur er á gúmmiinu og benzini fyrir hverja flutningabifreið, en ég hygg, að hann muni nema 600 kr., og mun það þykja alltilfinnanlegur skattur fyrir slíkar bifreiðir, enda hygg ég, að svo myndi fara innan skamms, að eigendur bíla mundu ganga frá þeim. Að vísu er það tilætlunin, að skattur þessi sé tekinn af innflytjendum, en auðvitað kemur þetta niður á bifreiðaeigendum, sem þykir slíkur rekstur ekki arðvænlegur nú, hvað þá heldur þegar þetta bætist nú við, og hygg ég þá, að frv. geri þeim erfiðast fyrir, sem mest þurfa á flutningum að halda. Fyrir utan allar þessar ástæður, er það þó meginhugsun frv., sem fær mig til að risa gegn því, en hún er sú, að hér er verið að leggja nefskatt á, sem kemur jafnt niður á fátækum sem ríkum. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu frv. þegar við þessa umr., til að sýna andúð mína gegn því.

Hv. 3. landsk. minnstist á, að þau héruð, sem enga vegi hefðu, yrðu að leggja nokkuð af mörkum til vegamálanna, og átti þar við Austfirði og Vestfirði, að því er mér skildist. Um það er nú raunar það að segja, að á Austfjörðum er þegar allgott vegakerfi að myndast. og á Vestfjörðum hlýtur að reka að því, að vegir verði lagðir, og þá fá þessi héruð hlutdeild í framlagi ríkissjóðs til slíkra framkvæmda.

Ég hygg, að frv. þetta sé að öllu leyti afturför frá því, sem nú er. Það hefir í för með sér hækkuð flutningsgjöld. i-þyngir fátækum bifreiðaeigendum, og hefir í för með sér hækkun á flutningi fyrir bændurnar, svo maður tali nú ekki um kaupstaðabúana, sem þurfa að ferðast mikið, en sem hv. flm. mun ekki vorkenna, þótt þeir fái að blæða fyrir slíkt.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um frv. þetta að sinni, en vil leggja sérstaka áherzlu á það, að ég hygg, að það muni draga mikið úr samgöngunum og vörur

flutningunum, sem eiga nú við svo mikla erfiðleika að stríða, að þar er 'engu á bætandi.

Jakob Möller: Ég sé nú ekki ástæðu til að fara eins geyst út í mál þetta og hv. 2. landsk., að vilja ekki leyfa því að ganga til nefndar, því að þótt margt megi að því finna eins og það er nú, þá hygg ég, að það standi til bóta og megi laga það í nefnd. Ég hefi verið andstæður þessum skatti af ýmsum ástæðum. Mér virðist það enganveginn nægja að vísa til annara landa og segja, að þar séu slíkir skattar sem þessi, því að þar er ólíku saman að jafna. Þar eru önnur flutningstæki, járnbrautirnar, sem takmarka hvað flutningsgjöld geta orðið hæst, en hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Þar er skatturinn því tekinn af þeim ágóða, sem bifreiðaeigendur fá, en hér er verið að leggja skatt á umferð og flutningsþörf landsmanna. Hinsvegar er á það að líta, að nauðsynlegt er að koma vegagerðum sem mest í framkvæmd og gera vegina fullkomnari en þeir eru nú, því að eftir því sem vegirnir eru betri, eftir því er bifreiðaslit og vegaslit minna, og yrði þetta því stundarskattur, sem myndi borga sig er frá liði.

En í þessu frv. er annað atriði, sem mér virðist alveg óviðunandi. Í því er ákveðið, að skatturinn skuli eingöngu ganga til viðhalds vega, sem rikissjóður og sýslusjóðir bera kostnað af. Nú er það vitanlegt, að t. d. hér í Reykjavík er mikill fjöldi bifreiða, sem koma aldrei út fyrir land bæjarins, og hvaða vit er í því, að láta slíkar bifreiðar greiða háan skatt til sýsluvega? Þannig er um fleiri kaupstaði. Kringum Ísafjarðarbæ er svo að segja enginn bilfær vegarspotti, og virðist þá hæpið að greiða skatt af kaupstaðabifreiðum til þeirra vega, en láta bæinn enga hlutdeild fá í því. Svo er og um ýmsa fleiri bæi. Ef eitthvert slíkt ákvæði væri sett inn í þetta frv. af hv. n., þá gæti ég veitt því samþykki mitt. — Fleiru hygg ég ekki, að ég hafi ástæðu til að vikja að.

Flm. (Jón Jónsson): Ég get þakkað þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, fyrir það, að þeir hafa stillt ummælum sínum mjög í hóf og veitt frv.

þessu frekar góðar undirtektir, en sérstaklega get ég þakkað hv. 1. landsk. fyrir hans ummæli. Hann virtist samþykkur þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar þessu frv., en vildi verja fé því, sem fengist við þetta, til gagngerðra umbóta á vegunum og koma þeim í nútímahorf. Það má vel vera, að við ættum að taka upp þá stefnu, en í frv. eru engar takmarkanir settar gegn því, heldur er það lagt á vald vegamálastjórnarinnar. Ég tel það mjög æskilegt, að vegunum yrði breytt í nútímahorf, en þegar við miðum við önnur lönd og hvað þau hafi gert, þá er það alls ekki sambærilegt, því að hér býr mjög fámenn þjóð, í lítt ræktuðu og strjálhýlu landi, svo að við verðum að leggja geysilanga vegi, sem lítil umferð er um, og þess vegna er það ósköp skiljanlegt, að við verðum að láta okkur nægja með ófullkomnari vegi en aðrar þjóðir. Ég er sammála hv. þm. í því, að að þessu beri að stefna, og treysti engum betur í því efni en vegamálastjóra. En að nokkru leyti verðum við að haga okkur eftir okkar fátækt og verja þessu fé til viðhalds, því að það er svo þungur baggi, að nauðsyn ber til, að honum verði af létt að nokkru. Þetta mál er þó mjög athugandi, og geri ég ráð fyrir, að n. láti í ljós álit sitt um það.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. sagði, að þetta frv. hefði fyrst komið fram árið 1927, þá er það að segja, að það er ekki rétt. Hv. þm. G.-K. bar þá fram frv. í Nd., sem gekk ekki í þá átt að auka tekjurnar af benzinskattinum, heldur breyta honum þannig að láta aðalskattinn lenda á vörubifreiðunum, en létta aftur á hinum, sem notaðar eru til fólksflutninga. Þar var allt önnur hugsun á bak við, án þess að ég vilji hallmæla því frv. nokkuð.

Mér skildist á hv. þm., að hann áliti, að ég teldi aðalástæðuna fyrir þessu þá, að nágrannaþjóðirnar hefðu tekið þetta upp. En það er í raun og veru aukaástæða. Ég henti aðeins á, að þær hefðu gert þetta. En aðalástæðan fyrir frv. er auðvitað vegabörfin og sú staðreynd, að ríkið hefir orðið að leggja stórfé í vegabætur. En það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem nota vegina, leggi eitthvað fram til viðhalds þeim.

Annars fannst mér ruglast um ástæðurnar hjá hv. þm., þar sem hann í öðru orðinu taldi, að þetta yrðu drápsklyfjar fyrir bændur landsins, en að hinu leytinu. að það myndi eyðileggja bifreiðastöðvarnar. Ég held, að það geri hvorugt. Bifreiðastöðvarnar myndu hækka bifreiðagjaldið, ef þær þyrftu þess með. En ég hefi þá trú, að því meira fé, sem við höfum til að leggja í veginna, því ódýrari verði bifreiðaaðsturinn. Ég held, að það þurfi ekkert að óttast, að bifreiðunum verði hent í ríkissjóð. Ég held, að það myndi verða eins góður atvinnuvegur eftir sem áður, og að margir mundu sækjast eftir því að verða bílstjórar, eins og nú er, þar sem næstum því má segja, að hver strákur vilji verða bílstjóri.

En þó svo færi, að bifreiðagjaldið hækkaði í bili, þá teldi ég það ekki eftir bændum né öðrum. Ég teldi það ekki eftir þeim, sem hefðu bifreiðavegi heim til sín, þótt þeir yrðu að borga eitthvað til þeirra, og greiða þannig fyrir því, að hinir fái veginna sem fyrst. Fyrir mér er það sama um kaupstaðabúa sem aðra, að þeir, sem nota veginna, eigi að borga viðhaldið. Því hefir verið haldið fram, að þetta myndi draga úr samgöngum, en ég sé engar líkur til þess. Ef bílstjórar kæmust að þeirri niðurstöðu, að akstur yrði þeim dýrari, þá myndu þeir leggja meira gjald á notendurna.

Þá er það hv. 1. þm. Reykv., sem talið er mildilega um frv. Hann hélt því fram, að kaupstaðabúar yrðu hart úti. Það væru sumir bifreiðastjórar, sem færu ekki út fyrir takmörk kaupstaðanna, og þeir yrðu þá hart úti. En það mun nú vera mikill fjöldi kaupstaðabúa, sem ekur meira og minna eftir þjóðvegum. Svo að það munu óbeinlínis lækka gjöld á kaupstaðabúum, ef minna fé þarf að verja til viðhalds vegunum. Hv. þm. minntist á það, að Ísafjörður hefði engan veg utan kaupstaðarins. En frv. stefnir einmitt að því, að leggja veginna, þar sem þeir eru minnstir. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta áður en frv. gengur til 2. umr. og fjhn.

Jón Þorláksson: Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í þetta mál út af ummælum hv. flm. En eins og frv. er nú

orðað, þá felur það ekki í sér neina tryggingu um, að meira fé verði varið til vega en nú er gert. Það léttir að vísu af ríkissjóði nokkrum hluta af fé því, sem veitt hefir verið til vega. Og það er auðvitað, að fé losnar til umráða, annaðhvort fyrir Alp. eða stjórnina. En þessa annmarka á frv. má auðvitað laga í n. og gera það t. d. í samræmi við það, sem ég hefi sagt um þörfina á að gera fullkomnari vegi. Ef það verður gert, þá kemur þar raunverulegur sparnaður, en viðhaldskostnaður hefir verið lítt viðunanlegur. En það er hægt að losna við hann að mestu leyti með því að koma vegunum í nútímahorf.

Það er ekki nægilegt, að vegamálastjóri ráðstafi þessu fé, því meðferð þess fer þá alveg eftir því, hvað ríkisstjórnin lætur hann fá mikið af öðru fé.

Ég skal geta þess í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Reykv., að í Rvík eru vegarkafar, sem eru mun lakari en þjóðvegir í nágrenni Rvíkur. Og þetta er af þeirri ástæðu, að Rvík hefir ekki haft efni á að koma sínum vegum í nútímahorf, svo að umferðin sliti þeim ekki árlega. Það mun því ekki vera nema réttmætt, að kaupstaðir og kaupsýnir fái sinn hluta af skattinum, ef á að framkvæma nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu.

Flm. (Jón Jónsson): Ég ætla að geta þess, að þar sem hv. 1. landsk. sagði, að engin trygging væri fyrir því, að meiru fé yrði varið til vegabóta, að fjárveitinga-valdinu er gert að skyldu að sjá um, að svo verði. Það getur auðvitað varið meiru fé til nýlagninga, þar sem það losnar við að verja miklu fé til viðhalds vegunum, en það færi náttúrulega alltaf eftir getu ríkissjóðs. Hv. 1. landsk. sagði, að það væri ekki nóg trygging að fela vegamálastjóra þetta. En ég held satt að segja, að öðrum sé ekki betur trúandi til þessa. En við verðum að líkindum að fara hæg- ar í umbæturnar en æskilegt væri.

Halldór Steinsson: Ég skal játa, að þessi leið er sanngjörn, að þeir, sem hafa mest not veganna, borgi viðhald þeirra. En ég get nú samt ekki verið með frv., af þeirri ástæðu, að hér er verið að leggja á nýjan skatt, án þess að tiltekið sé, hvernig honum skuli varið.

Bifreiðaskattur. — Sveitarstjórnarlög. — Skipun barnakennara og laun.

Eins og fjárlagafrv. stj. er úr garði gert, er sama og ekkert áætlað til vegagerða. Og ef það væri rétt, að ekkert fé væri fyrir hendi, sem ég álit nú að ekki sé. Þá finnst mér, að stj. hefði átt að eiga frumkvæðið að því að koma fram með slíkt frv. til tekjuauka. Þess vegna furðar mig á því, að þm. en ekki stjórnin skuli bera þetta frv. fram. En þess er ekki látið getið, að frv. fari fram á auknar fjárveitingar til vegagerðar. Þetta er því aukaskattur, sem á að leggja á þjóðina. Stj. hefir í fjárlagafrv. áætlað tekjurnar lægri en þær hljóta að verða raunverulega, og hefði því vel getað tekið upp í frv. meira af verklegum framkvæmdum. En þar sem flutningsmenn þessa frv. ætlast ekki til, að þessum aukaskatti verði varið til vegagerðar, sem þó væri sjálfsagt að gera ráð fyrir, þá get ég fyrir mitt leyti ekki greitt því atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

48. Sveitarstjórnarlög.

Á 23. fundi í Ed., 7. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927 (þmfrv., A. 221).

Á 25. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv þetta var flutt á þinginu í vetur og fer fram á að rýmka rétt kaupsins til þess að verða sérstök sveitarfél. Í sveitarstjórnarl. frá 1927 er ákveðið, að kaupsin, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að verða hreppur fyrir sig. Í þessu frv. er lagt til, að kaupsin með 200 íbúa geti krafizt þessa. Þetta er eina breytingin á sveitarstjórnarl., sem frv. fer fram á. Að öðru leyti er frvgr. shlj. 4. gr. þessara laga.

Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði látið ganga til 2. umr. og hv. allshn. Ætti n. að geta látið málið fá skjóta afgreiðslu, því hún mun orðin málinu kunnug, þar sem það lá ærið lengi hjá henni á vetrarþinginu.

Ég vil svo nota tækifærið til þess að spyrja hv. nefndir, hvernig ýmsum þeim málum líði, sem vísað hefir verið til þeirra fyrir löngu og ekki hafa sézt síðan. Meðal þeirra er t. d. frv. til framfærslulaga, sem vísað var til hv. allshn. í þingbyrjun, en ekkert nál. hefir ennþá birzt um, og ýms fleiri mál mætti nefna. Vildi ég mælast til þess, að hv. nefndir afgreiði þessi mál hið fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framár.

49. Skipun barnakennara og laun.

Á 24. fundi í Ed., 8. ágúst, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 225).

Á 26. fundi í Ed., 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. var flutt á þinginu í vetur í Nd. Sá, sem þá beitti sér fyrir því, var fræðslumálastjórinn, núv. þm. V.-Ísf. Það var eðlilegt, að málið kæmi frá honum, því að hann er því kunnugastur, við hvaða kjör barnakennarar hér á landi eiga að búa.

Lög um þetta efni eru frá 1919, og eins og ýmisleg löggjöf, sem þá var sett, koma þau ekki heim við það, sem nú er. M. a. hefir raskast svo sá launagrundvöllur, sem byggt var á 1919, að þeim mönnum, sem þá gátu eftir lögunum haft sæmlegar tekjur, er næstum ókleift að komast af nú, vegna röskunar á verðlagi.

Skipun barnakennara og laun. — Umboðslaun opinberra starfsmanna.

Það, sem farið er fram á með þessu frv., er litilsháttar hækkun á launum þeirra. Barnakennarar í Reykjavík hafa um 200 kr. alls á mánuði, og það eru ekki há laun, þegar tekið er tillit til þess, að þetta starf er mjög þýðingarmikið og í þessa stétt þurfa að veljast góðir menn. Hættan, sem liggur fyrir, þegar launakjörin eru svona lág, er, að beztu mennirnir hverfi úr stéttinni og leiti sér atvinnu annarsstaðar, en þeir lélegri sitji eftir með lágu launin. En þá er ekki tilganginum með barnafræðslunni náð. Allar þjóðir keppa að því sama marki, að gera hana sem fullkomnasta, enda eru kennarar betur launaðir í nágrannalöndunum en hér, og þó er dýrtíð þar minni en hjá okkur. Það var t. d. bent á það í grg. fyrir þessu frv., sem flutt var hér á þinginu í vetur, að full laun barnakennara í Stokkhólmi og í Osló væru 7—8 þús. kr., en hérna eru þau um 4 þús. kr., eða 4600 kr. allra hæst. Þetta er geysimunur, og hlýtur að enda með, að islenzkir barnaskólar fái lélegri kennarakrafta en barnaskólar annarsstaðar. Borgun fyrir þessi störf er heldur ekkert í samræmi við borgun fyrir önnur störf, t. d. trúnaðarstörf í skrifstofu. En það virðist þó ekki vera minna trúnaðarstarf, sem kennurum er falið á hendur, að sjá um börnin í skólunum og veita þeim holla og góða fræðslu.

Ég er nú ekki mjög fróður í löggjöfinni um skipun barnakennara og laun þeirra frá 1919, en við þann samanburð, sem ég hefi séð og fengið út úr þeim l. og þessu frv., sé ég, að það er ákaflega stillt í hóf kröfum þeirra um laun. Mér þykir því tilhlýðilegt af þinginu og sennilegt, að það muni taka þær til greina, enda voru á vetrarþinginu allar líkur til, að það hefði verið gert, ef það hefði ekki verið rofið, eins og kunnugt er.

Ég vil mæla með því, að þetta frv. gangi fram til athugunar í n. Það gæti sennilega átt heima í tveimur n., en það er líklegt, að það eigi fremur heima í fjhn.; það gæti líka átt heima í menntm., en ég geri það að till. minni, að því verði vísað til fjhn. Ég vil mæla með því, að því verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og til fjhn.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. ágúst, var útbýtt nál. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 442, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

50. Umboðslaun opinberra starfsmanna.

Á 26. fundi í Ed., 11. ágúst, var útbýtt: Frv. til l. um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun (þmfrv., A. 265).

Á 28. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það má vera stutt umr. um þetta frv. af minni hálfu nú, því það var talsvert um það rætt í gær, í sambandi við till., sem hv. 1. landsk. bar fram við frv. um tóbakseinkasölu. Var þar gerð talsverð grein fyrir því, hvernig stæði á því, að þetta frv. væri fram komið, og að til þess lægju margar ástæður, svo sem sá efi sumra manna, að þau lög, sem nú gilda, banni eigi starfsmönnum ríkisins að taka við þóknun eða umboðslaunum frá þeim, sem fyrirtækin skipta við. Ég lýsti því þá yfir, að ég áliti, að þetta ætti ekki að eiga sér stað, og ef svo væri, þá ætti að fyrirbyggja það með löggjöf, en svo viðtækri, að hún næði til allra starfsmanna ríkisins, en auk þess til allra annara opinberra starfsmanna, svo sem sveitar- og bæjarfélaga. Þetta frv. tekur einnig til forstöðumanna og starfsmanna fyrirtækja ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga, og til fyrirtækis, sem ekki er nú ríkisfyrirtæki, en nátengt ríkinu, svo sem Sildareinkasölu Íslands, og svo til forstöðumanna og starfsmanna samvinnufélaganna. Ég álit, að þeir eigi svo mikið skylt við opinbera starfsmenn, af því sumpart, að samvinnufélögin eru sett á stofn með fé almennings og studd af löggjöfinni, og sumpart af því, að eins

og allir vita, eru samvinnufélögin fyrir-
tæki, sem allir eiga aðgang að, og al-
menningur á því mikið undir, að vel sé
farið með það, sem þessir menn hafa til
umráða. Það er ætlað til að leggja sömu
refsingu við því, ef opinberir starfsmenn
taka við þóknun utan hjá starfi sínu, eftir
þeim ákvæðum, sem þetta frv. felur í
sér, eins og ef starfsmenn hinna almennu
félaga gera það.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, án
þess ég ætli nú að fara að tala um ein-
stakar gr. frv. —, að jafnhung refsing-
liggi við, ef brotið er á móti þessum lög-
um, eins og lögð er í núgildandi heg-
ningarlögum við brotum á móti embættis-
skyldu, að því er snertir þá starfsmenn
rikisins, er þau lög taka til.

Ég held, að þetta frv. sé ekki svo við-
tækt, að hv. þm. ætti að vera það ofvaxið
að kynna sér efni þess í fljótu bragði. Ég
vil því mælast til, að hv. þm. kynni sér
það án þess að það fari til n., þó ég geti
hinsvegar ekki móti því mælt, ef tilmæli
koma fram um það. En ég álit, að rétt
sé að láta það ganga fram nefndarlaust.
en ef hv. dm. álita réttara, að það fari til
n., þá vildi ég mælast til, að hún skilaði
nál. svo fljótt, að frv. kæmist á skömm-
um tíma gegnum þingið.

Ég hefi ástæðu til að vænta, að frv.
þessu verði tekið með velvilja hér í hv.
d., ekki sízt af hv. 1. landsk. og fleiri af
hans flokki, af því að hann hefir komið
hér fram með till., sem fór í svipaða átt,
þó hún væri svo ákaflega takmörkuð,
að ég gat ekki fylgt henni. Einnig hafa
ýmsir menn úr Framsóknarflokknum
tekið vel undir þetta mál, svo sem ann-
ar aðalforingi flokksins, hv. 5. landsk.,
svo ég hefi ástæðu til að vænta, að frv.
muni sigla hraðbyri gegnum þingið. Ég
sé svo ekki ástæðu til að ræða fleira um
þetta að sinni og vænti, að n. skili fljótt
áliti, ef málinu verður vísað til n. Þetta
er 1. umr. málsins hér í hv. d., og svo á það
eftir að fara í gegnum hv. Nd., svo mál-
inu þarf að hraða, ef það á að ganga fram
á þessu þingi, ef það er rétt, sem heyrzt
hefir, að þinginu eigi að slita innan mjög
skamms tíma, jafnvel að því verði slitið
innan 10 daga.

Ég vil svo fela mál þetta velvilja hv.
d., sem ég hefi ástæðu til að ætla, að sé

til staðar, en áréttu það, að málið fái
hraða afgreiðslu hjá deildinni.

Jónas Jónsson: Ég álit, að hv. 1. lands-
k. hafi gert d. gagn, og landinu náttúr-
lega líka, með því að setja hreyfingu á
þetta mál, því út af till. þeirri, sem hann
bar hér fram í sambandi við tóbaks-
einkasöluna, hefir komizt skriður á þetta
mál, þó að hún gengi svo miklu skemmra
en þetta frv.

Ég vil einnig láta ánægju mína í ljós
við hv. 2. landsk., sem hefir stækkað hug-
mynd hv. 1. landsk. og tekið hana til
flutnings í frv.formi.

En ég er ekki sammála hv. 2. landsk.
um það, að frv. geti farið nefndarlaust í
gegnum þingið, m. a. af því, að það er
ein vöntun í frv., sem er ástæða til að
bæta úr, sem sé sú, að frv. nái einnig til
trúnaðarmanna hlutafélaga. Það er svo
mikil ástæða til að tryggja þá mörgu
menn, sem eiga afkomu sína undir hluta-
félögum, gegn þessu þjóðfélagsmeini, að
ég álit, að þeim megi ekki sleppa.

Ég álit, að þessu máli eigi að vísa til
allshn., og vil skjóta því til hennar, að
hún athugi, hvort ekki sé rétt að taka
hlutafélög og innheimtumenn inn í frv.

Ég legg til, að málinu verði vísað til
allshn., og vil eins og hv. 2. landsk., að
því verði hraðað svo, að það geti komizt
í gegn á þessu þingi.

Jón Þorláksson: Ég vil taka undir það
með hv. 5. landsk., að það sé óhjákvæmi-
legt, að frv. fari í n. Það eru sérstaklega
tvö atriði, sem ég vil leiða athygli að og
sem ég álit, að þurfi að athuga í n., og ef
til vill að breyta orðalagi frv.

Hið fyrra er það, að ég álit, að það
þurfi að samræma 2. gr. þessa frv. við
tilsvarandi ákvæði í 13. kap. hegningar-
laganna. Ég álit það varla rétt að hafa
mismunandi refsíákvæði samkv. þessum
lögum og hegningarlögnum, þegar teknir
eru upp í þetta frv. embættis- og sýsl-
unarmannaflokkar. sem tvímælalaust
falla undir 13. kap. hegningarlaganna.

Hitt atriðið, sem ég sérstaklega vil
leiða athygli að og athuga þarf í n., er
ef svo má segja, takmörkunin á útjöðrun-
um á þeim flokkum manna, sem ætlað
er að falla undir þessi lög. Því það er

Umboðslaun opinberra starfsmanna.

nú komið svo, að í starfsemi ríkisins eru orðnar til þær starfsgreinar, þar sem á-líta verður, að slík lög sem þessi ættu að ná til, en þar sem ekki einu sinni mun vera hægt að segja, hvað þá heldur svo ótvírætt sé, að hlutaðeigendur séu starfsmenn ríkisins.

Ég vil taka til dæmis, að Áfengisverzlun ríkisins hefir útsölu, sem hún ekki rekur sjálf, en hefir falið hana manni, sem sjálfur rekur útsölu og fær fyrir það tiltekinn hundraðshluta af því, sem hann selur. Er þessi maður starfsmaður ríkisins? Nú hefir þessi maður í þjónustu sinni menn, sem afgreiða skiptavinina. Þeir eru ekki starfsmenn ríkisins, heldur starfsmenn forstjórans. En það er álitamál, hvort forstjórinn getur talizt vera starfsmaður ríkisins. Sama fyrirkomulag mun vera við annað ríkisfyrirtæki, sem sé einkasölu ríkisins á útvarpstækjum. Þar er salan, a. m. k. hér í Reykjavík, falin firma, sem fær fyrir hana tiltekinn hundraðshluta af andvirði seldra útvarpstækja. Ég tel efamál, að forstjóri þess firma verði talinn starfsmaður ríkisins, án þess að það sé nánar tiltekið en gert er í þessu frv. En ég vil leiða athygli að því, að það er óheppi-legt, ef slíkir forstjórar fyrirtækja, sem hafa útsölu fyrir ríkið, mega taka umboðslaun af þeim viðskiptum, t. d. ef þeir eru umboðsmenn fyrir tiltekið firma, er selur mikið af þeim vörutegundum, sem einkasalan lætur þá hafa til útsölu. Ef þeir fá umboðslaun af þessum vörum, þá hafa þeir fjárhagslegan hagnað af því að selja þær vörutegundir öðrum fremur,

sem þeir eru umboðsmenn fyrir, og mundu því fremur halda þeim að skiptavinum sínum en öðrum tegundum. Mér finnst það varla rétt gagnvart þessum einkasölum ríkisins, að skiptavinum þeirra sé gert misjafnt undir höfði, eða að slík stofnun sem einkasala leyfi, að útsölnar dragi taum sumra viðskiptavinnanna á kostnað annara.

Ég vildi leiða athygli hv. n. að þessu, því þarna er svið, sem þarf sérstaklega að athuga um, hvort eigi að láta löggjöfina ná yfir. Og sömuleiðis þarf að athuga orðalag frv., hvort það nái yfir þetta.

Að öðru leyti óska ég frv. sem beztrar framgöngu, og ekki sízt, að það verði að öllu leyti vel úr garði gert.

Flm. (Jón Baldvinsson): Ég get ekki annað en þakkað þær undirtektir, sem þetta frv. hefir fengið, eins og reyndar við var að búast, eftir þeim umr., sem hér fóru fram í gær, svo að ég sé ekki rétt að standa á móti, að málið fari til n., enda get ég engu um það ráðið. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég vona, að frv. verði afgr. þaðan svo fljótt sem auðið er til afgreiðslu í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allshn. í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.